# Frumvarp til fjárlaga

fyrir

**árin 1914 og 1915.**

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

## I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1914 og 1915 er ætlast til, að tekjur landsins verði 3,706,470 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,139,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 2. Húsaskattur | 13,500 | 13,500 | 27,000 |
| 3. Tekjuskattur | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 4. Aukatekjur | 65,000 | 65,000 | 130,000 |
| 5. Erfðafjárskattur | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 6. Vitagjald | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 8. Útflutningsgjald | 150,000 | 150,000 | 300,000 |
| 9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade) | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 10. Tóbakstollur | 200,000 | 200,000 | 400,000 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 410,000 | 410,000 | 820,000 |
| 12. Vörutollur | 250,000 | 250,000 | 500,000 |
| 13. Annað aðflutningsgjald | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 14. Árgjöld af verslun og veiting áfengis | 8,000 | ..... | 8,000 |
| 15. Pósttekjur | 100,000 | 100,000 | 200,000 |
| 16. Símatekjur | 155,000 | 160,000 | 315,000 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 12,000<br>— — Landsbankanum á ári kr. 7,500 | 19,500 | 19,500 | 39,000 |
| 18. Óvissar tekjur | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| Samtals | 1,571,000 | 1,568,000 | 3,139,000 |

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 58,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og öðrum útgjöldum ... ... ... ... ... ... | 16,000 | 16,000 | 32,000 |
| 2. Tekjur af kirkjum ... ... ... ... ... | 100 | 100 | 200 |
| 3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| 4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands ... ... | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| Samtals... | 29,100 | 29,100 | 58,200 |

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar kr. 380,070.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... | 49,000 | 47,000 | 96,000 |
| 2. Afborganir af útlánum viðlagasjóðs. ... | 59,000 | 57,000 | 116,000 |
| 3. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs... | 10,675 | 10,675 | 21,350 |
| 4. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar, kr. 108,000 .... ... ... ... ... ... ... | 4,860 | 4,860 | 9,720 |
| 5. Leigur af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909 (árin 1909 og 1912)... ... ... ... ... ... ... | 46,000 | 45,000 | 91,000 |
| 6. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| 7. Vextir af innstæðum í bönkum ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| Samtals... | 192,535 | 187,535 | 380,070 |

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ... ... ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna | 600 | 600 | 1,200 |
| 3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| Samtals... | 4,600 | 4,600 | 9,200 |

6. gr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | 120,000 |

## II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1914 og 1915 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,630,883 kr. 85 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 450,284,05.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| I. Vextir: | | | |
| 1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur tekið 1908 til 15 ára ... ... ... ... ... ... | 14,333,33 | 13,000,00 | |
| 2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum til 30 ára ... ... ... ... ... | 56,945,02 | 54,693,20 | |
| 3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannah. til 30 ára (tekið 1912) ... | 10,968,75 | 10,593,75 | |
| 4. 4½% lán hjá dönskum bönkum (tekið 1912) til 15 ára... ... ... ... ... ... | 20,625,00 | 19,125,00 | |
| | 102,872,10 | 97,411,95 | |
| | | | 200,284,05 |
| II. Afborganir: | | | |
| 1. Af láninu frá 1908 ... ... ... ... ... | 33,333,33 | 33,333,34 | |
| 2. — — — 1909. ... ... ... ... | 50,000,00 | 50,000,00 | |
| 3. — — — 1912 (bankavaxtabrjefak.) | 8,333,33 | 8,333,33 | |
| 4. — — — 1912 (Rvíkurhöfn o. fl.) ... | 33,333,34 | 33,333,33 | |
| | 125,000,00 | 125,000,00 | |
| | | | 250,000,00 |
| Samtals... | ..... | ..... | 450,284,05 |

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 106,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Til ráðherra: kr. | | | |
| a. Laun. ... ... ... ... ... ... 8,000 | | | |
| b. Til risnu ... ... ... .. ... 2,000 | | | |
| | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 2. Til utanferða ráðherra ... ... ... ... .. | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 3. Laun landritara ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 4. Laun þriggja skrifstofustjóra .. ... ... ... | 10,500 | 10,500 | 21,000 |
| Flyt... | 28,500 | 28,500 | 57,000 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 28,500 | 28,500 | 57,000 |
| 5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar.. ... | 18,000 | 18,000 | 36,000 |
| 6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að . ... ... | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| 7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| Samtals... | 53,000 | 53,000 | 106,000 |

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 65,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 67,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 246,130 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| A. Dómgæzla og lögreglustjórn: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Til dómara og sýslumanna ... ... ... | 67,300 | 67,300 | |
| b. Til hreppstjóra ... ... ... ... ... | 8,000 | 8,000 | |
| 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ... | 1,400 | 1,400 | |
| 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður ... ... ... ... ... | 4,715 | 4,715 | |
| 4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. .. ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,100 | 5,100 | |
| | 86,515 | 86,515 | 173,030 |
| B. Ýmisleg útgjöld: | | | |
| 1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur: | | | |
| a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... ... ... .. ... kr. 450 | | | |
| b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna .. ... ... ... ... 5,000 | | | |
| c. Til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að 3,600 | | | |
| d. Til kostnaðar við sending með póstum ... ... ... ... ... ... 1,000 | | | |
| | 10,050 | 10,050 | |
| Flyt... | 10,050 | 10,050 | 173,030 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 10,050 | 10,050 | 173,030 |
| 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef svo og embættissímskeyti og samtöl ... ... ... ... | 10,000 | 10,000 | |
| 3. Brunaábyrgðargjald, sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 4. Til embættiseftirlitsferða .. ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum ... ... ... | 300 | 300 | |
| 6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... ... .. ... ... gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæzlu og njóta hennar. | 1,500 | 1,500 | |
| 7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ... | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar... ... ... ... ... ... ... | 200 | 200 | |
| 9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... ... ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi. | 8,000 | 8,000 | |
| | 36,550 | 36,550 | 73,100 |
| Samtals... | ..... | ..... | 246,130 |

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 356,129,80 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Laun ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 81,200 | 81,200 | 162,400 |
| 2. Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis. ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Árneshreppi og fellur niður þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjerað. | 300 | 300 | 600 |
| Flyt... | 81,500 | 81,500 | 163,000 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| Flutt... | 81,500 | 81,500 | 163,000 |
| 3. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | 600 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi. | | | |
| 4. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsteds í Reykjavík ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að... | 300 | 300 | 600 |
| 5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 6. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði. | | | |
| 7. Holdsveikisspítalinn.. ... ... ... ... ... | 32,147,40 | 33,147,40 | 65,294,80 |
| Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | 1914 | 1915 | |
| | kr. a. | kr. a. | |
| 1. Laun... ... ... ... | 5,400 | 5,400 | |
| 2. Viðurværi 76 m. ... | 14,147,40 | 14,147,40 | |
| 3. Klæðnaður.. ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 4. Meðul og sáraumbúðir | 1,500 | 1,500 | |
| 5. Eldsneyti... .. ... | 3,500 | 3,500 | |
| 6. Ljósmeti ... ... ... | 700 | 700 | |
| 7. Húsbúnaður og áhöld | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Viðhald á húsum ... | 1,500 | 2,500 | |
| 9. Þvottur og ræsting | 800 | 800 | |
| 10. Greftrunarkostnaður | 200 | 200 | |
| 11. Skemtanir... ... ... | 300 | 300 | |
| Flyt... | 30,047,40 | 31,047,40 | 117,747,40 | 118,747,40 | 236,494,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| Flutt... | 30,047,40 | 31,047,40 | 117,747,40 | 118,747,40 | 236,494,80 |
| 12. Skattar o. fl. ... ... | 1,300 | 1,300 | | | |
| 13. Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... | 800 | 800 | | | |
| | 32,147,40 | 33,147,40 | | | |
| 8. Geðveikishælið á Kleppi .. ... ... ... ... | | | 21,017,50 | 21,017,50 | 42,035 |
| Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | kr. a. | | | |
| A. Laun læknis ... ... ... ... | | 2,700 | | | |
| B. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Kaup starfsmanna ... ... | | 3,950 | | | |
| 2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag ... ... ... ... ... | | 14,782,50 | | | |
| 2. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.). ... ... ... ... | | 1,800 | | | |
| 4. Meðul og umbúðir ... ... | | 500 | | | |
| 5. Ljós og hiti .. ... ... ... | | 4,000 | | | |
| 6. Viðhald og áhöld .. .. | | 2,800 | | | |
| 7. Þvottur og ræsting ... ... | | 800 | | | |
| 8. Skemtanir ... ... ... ... | | 200 | | | |
| 9. Skattar m. m. ... ... ... | | 1,000 | | | |
| 10. Óviss útgjöld ... ... ... | | 800 | | | |
| | | 33,332,50 | | | |
| Þar frá dragast tekjur: | | | | | |
| Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag... ... | kr. 10,585 | | | | |
| Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag.. ... ... | 730 | | | | |
| Tekjur af búinu ... ... | 1,000 | 12,315 | | | |
| Mismunur .. | | 21,017,50 | | | |
| 9. Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag.. ... ... | | | 25,000 | 25,000 | 50,000 |
| 10. Önnur útgjöld: | | | | | |
| a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.. ... ... ... ... ... ... ... | | kr. 4,000 | | | |
| Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 a. fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur. | | | | | |
| Flyt... | | 4,000 | 163,764,90 | 164,764,90 | 328,529,80 |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| Flutt... | 4,000 | 163,764,90 | 164,764,90 | 328,529,80 |
| b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs ... ... ... | 3,000 | | | |
| c. Bólusetningarkostnaður ... ... | 1,000 | | | |
| d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... | 4,000 | | | |
| e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | | |
| f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar ... ... | 600 | | | |
| Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis. | | | | |
| g. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... | 200 | | | |
| | | 13,800 | 13,800 | 27,600 |
| Samtals... | | 177,564,90 | 178,564,90 | 356,129,80 |

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,065,150 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| A. | | | |
| Póstmál. | | | |
| 1. Laun: kr. | | | |
| a. Póstmeistara .. ... ... ... ... 4,000 | | | |
| b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík. ... ... ... ... 7,200 | | | |
| 2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur ... ... ... ... ... 23,700 | | | |
| c. Brjefhirðingarmanna ... ... ... 8,100 | | | |
| | 43,000 | 43,000 | |
| 2. Póstflutningur ... ... ... ... ... ... ... | 64,000 | 64,000 | |
| Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun. | | | |
| 3. Annar kostnaður: kr. | | | |
| a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... ... 6,500 | | | |
| b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að ... 3,000 | | | |
| c. Húsaleiga í Reykjavík... ... ... 3,000 | | | |
| d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur .. ... ... ... 3,000 | | | |
| e. Önnur gjöld ... ... ... ... ... 7,500 | | | |
| | 23,000 | 23,000 | |
| Pósthúsið í Reykjavík sje opið 10 stundir samfleytt hvern virkan dag og 4 stundir hvern helgan dag. | | | |
| | 130,000 | 130,000 | |
| | | | 260,000 |
| B. | | | |
| Vegabætur. | | | |
| I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða: | | | |
| 1914 1915 | | | |
| 1. Verkfræðingur landsins: kr. kr. | | | |
| a. Laun ... ... ... ... 4,000 4,000 | | | |
| Flyt .. 4,000 4,000 | ..... | .. ..... | 260,000 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 4,000 | 4,000 | ..... | ..... | 260,000 |
| b. Ferðakostnaður og fæðispeningar ... ... | 500 | 500 | | | |
| 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og vegamælinga alt að.. ... ... ... ... ... | 4,000 | 4,000 | | | |
| 3. Skrifstofukostnaður... ... | 700 | 700 | | | |
| 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi... ... ... ... ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 9,400 | 9,400 | |
| II. Flutningabrautir: | kr. | kr. | | | |
| 1. Borgarfjarðarbraut... ... | 15,000 | 5,000 | | | |
| 2. Reykjadalsbraut. ... ... | 15,000 | | | | |
| 3. Húnvetningabraut ... ... | 15,000 | 15,000 | | | |
| 4. Skagfirðingabraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 5. Viðhald flutningabrauta.. | 11,000 | 11,000 | | | |
| | | | 66,000 | 41,000 | |
| III. Þjóðvegir: | kr. | kr. | | | |
| 1. Stykkishólmsvegur... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| 2. Brú á Ljá í Dalasýslu ... | | 3,000 | | | |
| 3. Brú á Hamarsá ... ... | | 11,000 | | | |
| 4. Brú á Síká í Hrútafirði.. | | 4,000 | | | |
| 5. Brú á Eyjafjarðará .. ... | 70,000 | | | | |
| 6. Aðrar vegabætur og viðhald ... ... ... ... ... | 16,000 | 16,000 | | | |
| 7. Til þess að setja dragferju á Blöndu hjá Löngumýri | 1,300 | | | | |
| | | | 95,300 | 42,000 | |
| IV. Fjallvegir... ... ... ... ... ... ... .. | | | 5,000 | 5,000 | |
| V. Til áhalda ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| VI. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum... ... | | | 300 | 300 | |
| VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti ... ... | | | 300 | 300 | |
| VIII. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fje því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| | | | 180,300 | 102,000 | |
| | | | | | 282,300 |
| Flyt... | | | ..... | ..... | 542,300 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... ..... | ..... | 542,300 |
| C. | | | |
| 1. Til gufuskipaferða ... ... ... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | |
| 2. Gufubátaferðir og mótorbáta ... ... ... | 35,150 | 35,150 | |
| Þetta sundurliðast þannig hvort árið: | | | |
| kr. | | | |
| 1. Til Faxaflóabáts... ... ... ... 12,000 | | | |
| 2. Til Breiðafjarðarbáts... ... ... 4,000 | | | |
| 3. Til Ísafjarðarbáts.. ... ... .. 5,000 | | | |
| 4. Til Eyjafjarðarbáts ... ... ... 10,000 | | | |
| 5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði 1,000 | | | |
| 6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands ... ... ... 1,500 | | | |
| 7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá ... ... ... ... ... ... 600 | | | |
| 8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð ... ... ... ... ... ... 400 | | | |
| 9. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti 250 | | | |
| 10. Til mótorbátsferða í Austur-Skaptafellssýslu ... ... ... ... 400 | | | |
| Styrkirnir til gufubátaferða og mótorbáta veitast með því skilyrði, að bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi stjórnarráðsins góð skip og hentug til þessara ferða og að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlanirnar. | | | |
| | 95,150 | 95,150 | |
| | | | 190,300 |
| D. | | | |
| Hraðskeyta- og talsímasamband. | | | |
| I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925) ... ... ... ... ... ... | 35,000 | 35,000 | |
| II. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landsíminn á innanbæjarkerfi: Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Eskifirði, til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl. ... ... ... ... ... ... .. | 7,500 | 7,500 | |
| Flyt... | 42,500 | 42,500 | 732,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 42,500 | 42,500 | 732,600 |
| III. Til starfrækslu landsímanna m. m.: | | | | | |
| | kr. 1914 | kr. 1915 | | | |
| 1. a. Laun landsímastjóra ... | 3,500 | 3,500 | | | |
| b. Persónuleg launaviðbót | 1,500 | 1,500 | | | |
| 2. a. Ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna... ... ... | 14,760 | 14,760 | | | |
| b. Bæjarsíminn... ... ... | 7,800 | 7,800 | | | |
| 3. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu .. | 6,840 | 6,840 | | | |
| 4. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu... | 8,790 | 8,790 | | | |
| 5. Ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu ... | 5,260 | 5,260 | | | |
| 6. Símastöð á Borðeyri. ... | 3,240 | 3,240 | | | |
| 7. Símastöð í Hafnarfirði ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 8. Símastöð í Vestmannaeyjum... ... ... ... ... | 1,600 | 1,600 | | | |
| 9. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... | 3,000 | 3,000 | | | |
| Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði | | | 57,690 | 57,690 | |
| IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.... | | | 4,000 | 4,000 | |
| V. Viðbót og viðhald stöðvanna ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| VI. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna | | | 2,000 | 2,000 | |
| VII. Viðhald landsímanna ... ... ... ... ... | | | 10,000 | 10,000 | |
| VIII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern... | | | 510 | 510 | |
| | | | 117,700 | 117,700 | 235,400 |
| E. Vitamál: | | | | | |
| I. Stjórn og undirbúningur vitamála. | kr. | kr. | | | |
| a. Laun umsjónarmanns ... Hann sje einnig til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum eftir ákvæðum landsstjórnar. | 3,700 | 3,700 | | | |
| Flyt... | 3,700 | 3,700 | ..... | ..... | 968,000 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 3,700 | 3,700 | ..... | ..... | 968,000 |
| b. Til aðstoðarmanns ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| c. Skrifstofuhald eftir reikningi ... ... ... ... ... | 1,500 | 500 | | | |
| d. Ferðakostnaður eftir reikningi ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| | | | 8,200 | 7,200 | |
| II. Laun vitavarða .. ... ... ... ... .. ... | | | 7,450 | 7,450 | |
| III. Reksturskostnaður vitanna ... ... ... ... | | | 8,675 | 8,675 | |
| IV. Bygging nýrra vita m. m. | 1914 | 1915 | | | |
| a. Svörtuloftaviti og breyting á Öndverðarnesvita ... ... | kr. 18,000 | kr. | | | |
| b. Nýtt hús um Langanesvita | 2,500 | | | | |
| c. Ingólfshöfðaviti... ... ... | | 16,000 | | | |
| d. Bygging húss um Reykjanesvita og rauð horn á Reykjanes-aðalvita og Garðskagavita ... ... ... ... | 3,000 | | | | |
| | | | 23,500 | 16,000 | |
| V. Sjómerki ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| VI. Ýmislegt... ... ... ... ... ... ... ... | | | 3,000 | 3,000 | |
| | | | 52,825 | 44,325 | 97,150 |
| | | Samtals... | ..... | ..... | 1,065,150 |

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 665,780 kr.

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| A. | | | | |
| Andlega stjettin: | kr. | | | |
| a. 1. Laun biskups ... ... ... ... ... | 5,000 | | | |
| 2. Skrifstofukostnaður... ... ... ... | 1,000 | | | |
| | | 6,000 | 6,000 | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | |
| 1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. ... ... ... ... ... ... ... | | 2,500 | 2,500 | |
| Flyt... | | 8,500 | 8,500 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 8,500 | 8,500 | |
| 2. Til bráðabirgðauppbótar brauðum.. ... | 4,000 | 3,500 | |
| 3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ... ... ... ... ... ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 4. Framlag til prestlaunasjóðs ... ... ... | 50,000 | 50,000 | |
| 5. Til þess að mála að utan og pappaleggja Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkju | 1,000 | ..... | |
| | 67,500 | 66,000 | 133,500 |
| B. Kenslumál: | | | |
| I. Til háskólans: | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | 35,900 | 36,800 | |
| b. Aukakensla | 1914 kr. | 1915 kr. | |
| 1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... ... ... | 800 | 800 | |
| 2. Til kennarans í efnafræði ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 3. Til kennarans í lagal. læknisfræði .. ... ... | 300 | 300 | |
| 4. Þóknun til frakknesks kennara í frönsku ... | 720 | 720 | |
| | | 2,420 | 2,420 |
| c. Styrktarfje: | | | |
| 1. Námsstyrkur ... ... | 8,500 | 8,500 | |
| 2. Húsaleigustyrkur.. ... | 4,000 | 4,000 | |
| 3. Utanfararstyrkur læknaefna ... ... ... | 300 | 300 | |
| | | 12,800 | 12,800 |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 100 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 320 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sje venjulega | | | |
| Flyt... | 51,120 | 52,020 | 133,500 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | | 51,120 | 52,020 | 133,500 |
| að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum. | | | | | |
| d. Til bókakaupa m. m. | | | | | |
| 1. Bókakaup ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| 2. Til kaupa á tímaritum og öðrum bókum handa læknadeild ... ... ... | 5,000 | | | | |
| 3. Til bókakaupa handa heimspekisdeild ... ... | 2,000 | | | | |
| 4. Til kensluáhalda handa læknadeild ... ... ... | 500 | 500 | | | |
| 5. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik ... ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 9,500 | 2,500 | |
| e. Til útgáfu kenslubóka ... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| f. Eldiviður, ljós og ræsting ... ... ... | | | 1,300 | 1,300 | |
| g. Önnur gjöld: | | kr. | | | |
| 1. Laun ritara ... ... ... ... | | 800 | | | |
| 2. Laun dyravarðar, gæsla hitunarvjelar m. m. ... ... ... | | 1,600 | | | |
| 3. Ýmisleg útgjöld ... ... ... | | 1,500 | | | |
| | | | 3,900 | 3,900 | |
| | | | 68,320 | 62,220 | 130,540 |
| II. Mentaskólinn almenni: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 19,200 | 19,200 | |
| b. Aðstoðarfje: | | kr. | | | |
| Handa fimleikakennaranum. ... | | 700 | | | |
| Til dyravarðar ... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| Fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans.. ... ... ... | | 200 | | | |
| | | | 1,900 | 1,900 | |
| c. Önnur útgjöld: | kr. | kr. | | | |
| 1. Til bókasafns skólans. | 400 | 400 | | | |
| 2. Til eldiviðar, ljósa og vatns ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Til skólahússins utan og innan ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| Flyt... | 3,200 | 3,200 | 21,100 | 21,100 | 264,040 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 3,200 | 3,200 | 21,100 | 21,100 | 264,040 |
| 4. Til fasts aukakennara. | 1,600 | 1,600 | | | |
| 5. Til tímakenslu og til prófdómenda ... ... | 6,000 | 6,000 | | | |
| 6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum | 720 | 720 | | | |
| 7. Námsstyrkur.. ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 8. Læknisþóknun ... ... | 100 | 100 | | | |
| 9. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,200 | 1,200 | | | |
| 10. Til vísindalegra áhalda við kensluna. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 12. Til áhalda við fimleikakenslu .. ... ... | 100 | 100 | | | |
| 13. Til verðlaunabóka .. | 100 | 100 | 16,320 | 16,320 | |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarnemendum og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum. | | | 37,420 | 37,420 | 74,840 |
| III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 9,000 | 9,000 | |
| Af þessari upphæð eru 400 kr. hvort árið persónuleg launaviðbót til 3. kennara skólans præp. hon. Jónasar Jónassonar. | | | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | kr. | | | |
| 1. Til aukakennara þriggja. ... | | 2,000 | | | |
| 2. Tímakensla ... ... ... ... | | 1,500 | | | |
| 3. Til bóka- og kensluáhalda ... | | 600 | | | |
| 4. Til eldiviðar og ljósa ... ... | | 1,200 | | | |
| 5. Námsstyrkur ... ... ... ... | | 800 | | | |
| Flyt .. | | 6,100 | 9,000 | 9,000 | 338,880 |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 6,100 | 9,000 | 9,000 | 338,880 |
| Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | | | | |
| 6. Til dyravörslu... ... ... ... | 500 | | | |
| 7. Til skólahússins utan og innan | 1,000 | | | |
| 8. Til ýmislegra útgjalda ... ... | 700 | | | |
| | | 8,300 | 8,300 | |
| | | 17,300 | 17,300 | 34,600 |
| IV. Kennaraskólinn: | kr. kr. | | | |
| a. Laun... ... ... ... ... | 6,600 6,600 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | |
| 1. Tímakensla .. ... ... | 1,200 1,200 | | | |
| 2. Til aukakennara. ... | 1,000 1,000 | | | |
| 3. Eldiviður og ljós ... | 1,000 1,000 | | | |
| 4. Bókakaup og áhöld... | 300 300 | | | |
| 5. Námsstyrkur ... ... | 1,500 1,500 | | | |
| Styrkurinn sje veittur að eins utanbæjarmönnum. | | | | |
| 6. Til viðhalds.. ... ... | 300 300 | | | |
| 7. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,300 1,300 | | | |
| | | 13,200 | 13,200 | 26,400 |
| V. Stýrimannaskólinn: | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | 4,400 | 4,400 | |
| | 1914 1915 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | kr. kr. | | | |
| 1. Til tímakenslu ... ... | 1,900 1,900 | | | |
| 2. Til áhaldakaupa o. fl. | 600 400 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa.. | 500 500 | | | |
| 4. Ýmisleg útgjöld... ... | 800 800 | | | |
| | | 3,800 | 3,600 | |
| | | 8,200 | 8,000 | 16,200 |
| VI. Yfirsetukvennaskólinn: | 1914 1915 | | | |
| | kr. kr. | | | |
| 1. Laun forstöðumanns ... | 1,000 1,000 | | | |
| 2. — 3 yfirsetukvenna í Reykjavik... ... ... ... | 300 300 | | | |
| 3. Til verklegrar kenslu ... | 400 400 | | | |
| Flyt... | 1,700 1,700 | | | 416,080 |

| | | | 1914 | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 1,700 | 1,700 | | | 416,080 |
| 4. Styrkur til námskvenna... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 5. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting ... ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| | | | 4,000 | 4,000 | |
| | | | | | 8,000 |
| VII. Til annarar kenslu: | | | | | |
| A. Til kvennaskóla: | | | | | |
| 1. Til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði | 6,000 | 6,000 | | | |
| 2. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 2,000 | 2,000 | | | |
| 3. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla | 600 | 600 | | | |
| 4. Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 750 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði .. .. ... ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| 5. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey sem er alt árið, alt að | 1,400 | 1,400 | | | |
| | | | 13,000 | 13,000 | |
| B. Til almennrar barnafræðslu: | | | | | |
| 1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum, 10,000 kr. hvort árið. Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks annarstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld. | | | 28,000 | 28,000 | |
| 2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers og til eftirlits með heimafræðslu alt að 100 kr. til hrepps... ... ... ... | | | 18,000 | 18,000 | |
| Flyt... | | | 59,000 | 59,000 | 424,080 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 59,000 | 59,000 | 424,080 |
| Farskólatyrkur veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld. | | | |
| 3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þríðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu... ... | 18,000 | 18,000 | |
| 4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum .. ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 5. Til prófdómara við barnapróf ... | 4,000 | 4,000 | |
| 6. Til framhaldskenslu handa kennurum | 2,500 | 2,500 | |
| 7. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna... ... ... ... ... .. ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 1000 kr. | | | |
| b. Til eftirlitsferða eftir reikningi ... | 600 | 600 | |
| c. Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi ... ... ... ... | 200 | 200 | |
| C. Til unglingaskóla: | | | |
| 1. Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1,000 kr. til hvers, alt að... | 8,000 | 8,000 | |
| Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. | | | |
| 2. Til unglingaskólahalds á Ísafirði, alt að | 1,500 | 1,500 | |
| 3. Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði, alt að ... ... ... ... ... .. ... | 1,200 | 1,200 | |
| Styrkurinn til beggja þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða. | | | |
| Flyt... | 100,000 | 100,000 | 424,080 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 100,000 | 100,000 | 424,080 |
| 4. Til lýðskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði: | | | |
| a. Styrkur, bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið hafi eftirlit með starfsemi skólans, og að hann njóti styrks annarstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins ... ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| b. Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að ... | 600 | 600 | |
| 5. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ... ... ... ... ... ... | 7,000 | 7,000 | |
| D. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... ... ... ... | 800 | 800 | |
| E. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. .. ... ... ... ... ... ... ... ... | 7,000 | 7,000 | |
| F. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| | 117,900 | 117,900 | |
| VIII. Til sundkenslu og leikfimi: | | | 235,800 |
| a. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... ... | 300 | 300 | |
| Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis. | | | |
| b. Til sundkenslu o. fl. annarstaðar ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur. | | | |
| Flyt... | 1,500 | 1,500 | 659,880 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 1,500 | 1,500 | 659,880 |
| c. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara, til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| | 1,950 | 1,950 | 3,900 |
| IX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Samtals... | ..... | ..... | 665,780 |

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista veitast 159,240 kr.

| | 1914. kr. | 1915. kr. | 1914. kr. | 1915. kr. | Alls kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Landsbókasafnið: | | | | | |
| a. Laun landsbókavarðar .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| b. — 1. bókavarðar ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| c. — 2. bókavarðar ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. — aðstoðar á lestrarsal | 800 | 800 | | | |
| e. Til að kaupa bækur og handrit ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | | | |
| f. Til bókbands .. ... .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| g. Til kostnaðar við spjaldskrár (eftir reikningi) ... .. .. | 1,500 | 1,500 | | | |
| h. Fyrir afskriftir (eftir reikningi) .. ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| i. Til að prenta ritaukaskrár... | 200 | 200 | | | |
| k. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... ... ... ... ... | 360 | 360 | | | |
| l. Ýmisleg gjöld .. ... ... ... | 250 | 250 | | | |
| | | | 18,610 | 18,610 | |
| 2. Landsskjalasafnið: | | | | | |
| a. Laun skjalavarðar . ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Laun aðstoðarskjalavarðar .. | 960 | 960 | | | |
| c. Til að binda inn og búa um skjöl o. fl. .. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ... ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| Flyt... | 4,360 | 4,360 | 18,610 | 18,610 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 4,360 4,360 | 18,610 | 18,610 | |
| | e. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið .. ... ... ... | 250 250 | | | |
| | | | 4,610 | 4,610 | |
| 3. | Þjóðmenjasafnið: | | | | |
| | a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar) .. ... ... ... | 1,800 1,800 | | | |
| | b. Til aðstoðar eftir reikningi, alt að ... ... ... ... ... | 800 800 | | | |
| | c. Til að útvega forngripi og til áhalda alt að . ... ... ... | 1,500 1,500 | | | |
| | d. Til að gefa út skýrslur um safnið frá 1876 ... ... ... | 300 300 | | | |
| | e. Til að raða myntasafninu... | 500 | | | |
| | f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að ... ... ... ... ... | 1,000 1,000 | | | |
| | g. Til verndunar hins forna alþingisstaðar á Þingvöllum... | 2,000 | | | |
| | | | 7,900 | 5,400 | |
| | Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. | | | | |
| 4. | Náttúrufræðisfjelagið. ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| | Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári. | | | | |
| | Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku. | | | | |
| 5. | Landsbókasafnshúsið: | 1914. kr. 1915. kr. | | | |
| | a. Til eldiviðar, ljósa o. fl... | 3,200 3,200 | | | |
| | b. Til dyravarðar... ... ... | 1,400 1,400 | | | |
| | c. Til viðhalds og áhalda ... | 1,000 1,000 | | | |
| | | | 5,600 | 5,600 | |
| 6. | Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði ... ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| 7. | Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði.. ... ... ... ... ... ... | | 1,500 | 1,500 | |
| 8. | Til hins íslenzka bókmentafjelags ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| 9. | Til Þjóðvinafjelagsins... ... ... ... ... | | 750 | 750 | |
| 10. | Til Fornleifafjelagsins ... ... ... ... ... | | 400 | 400 | |
| | Flyt... | | 44,370 | 41,870 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 44,370 | 41,870 | |
| Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið. | | | |
| 11. Til sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 750 | 750 | |
| 12. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni... ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu. | 800 | 800 | |
| 13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 14. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk ... ... ... | 150 | 150 | |
| 15. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvikur, alt að ... | 2,000 | 2,000 | |
| 16. Til Einars skálds Hjörleifssonar ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 17. Til Þorsteins Erlingssonar skálds. ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 18. Til síra Valdimars Briem's. ... ... ... | 800 | 800 | |
| 19. Til Guðm. skálds Magnússonar ... ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 20. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ... | 600 | 600 | |
| 21. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds .. ... | 400 | 400 | |
| 22. Til Einars Jónssonar myndasmiðs .. .. | 1,200 | 1,200 | |
| 23. Styrkur til Jóh. S. Kjarval málara ... ... | 800 | ..... | |
| 24. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hér á landi ... ... ... ... | 1,100 | 1,100 | |
| 25. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri ... ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| 26. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að ... | 1,500 | 1,500 | |
| 27. Til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands ... ... ... | 500 | 500 | |
| Flyt... | 59,870 | 56,570 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 59,870 | 56,570 | |
| 28. Til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum... ... ... ... ... ... ... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 29. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár ... ... ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 30. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsókna ... ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 31. Til dr. phil. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 32. Til dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar, til ritstarfa um heimspekileg efni. 50 kr. fyrir örkina, alt að ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 33. Til dr. phil. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna... ... ... ... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| 34. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands ... ... | 600 | 600 | |
| 35. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ... | 600 | 600 | |
| 36. Til landmælinga á Íslandi . ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 37. Til jarðskjálftarannsókna .. ... ... ... | 550 | 550 | |
| 38. Til veðursímskeyta innanlands ... ... ... | 4,800 | 4,800 | |
| 39. Til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins ... | 500 | 500 | |
| 40. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur ... ... | 600 | 600 | |
| 41. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi ... ... ... ... ... ... | 2,000 | ..... | |
| 42. Til bindindissameiningar Norðurlands ... | 300 | ..... | |
| Þessi 2 síðastnefndu fjelög gefi stjórnarráðinu reikning fyrir, hvernig fjenu er varið. | | | |
| | 82,420 | 76,820 | |
| Samtals... | ..... | ..... | 159,240 |

16. gr.

Til verklegrar kenslu og fyrirtækja veitast kr. 343,570.

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| 1. | Til bændaskólans á Hólum: | | | | |
| | a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | 2,700 | 2,700 | |
| | b. Til aðstoðarkennara. ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| | c. Til smíðakennara.. ... ... ... ... ... | | 600 | 600 | |
| | d. Önnur útgjöld: | 1914 kr. 1915 kr. | | | |
| | 1. Til verklegrar kenslu... | 700 700 | | | |
| | 2. Til kensluáhalda... ... | 500 500 | | | |
| | 3. Til eldiviðar og ljósa... | 900 900 | | | |
| | 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... ... ... | 400 400 | | | |
| | 5. Til járnsmíðaáhalda og smiðjubyggingar ... .. | 1,000 | | | |
| | 6. Ýmisleg útgjöld ... ... | 1,000 1,000 | | | |
| | | | 4,500 | 3,500 | |
| 2. | Til bændaskólans á Hvanneyri: | | | | |
| | a. Laun .. ... ... ... ... ... ... ... | | 2,700 | 2,700 | |
| | b. Til aðstoðarkennara. ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| | c. Önnur útgjöld: | kr. kr. | | | |
| | 1. Til verklegrar kenslu... | 1,000 1,000 | | | |
| | 2. Til kensluáhalda... ... | 500 500 | | | |
| | 3. Til eldiviðar og ljósa... | 900 900 | | | |
| | 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... ... ... | 400 400 | | | |
| | 5. Ýmisleg útgjöld ... ... | 800 800 | | | |
| | 6. Til símalagningar.. ... | 1,200 | | | |
| | 7. Til þess að byggja anddyri við íbúðarhúsið ... | 850 | | | |
| | | | 5,650 | 3,600 | |
| 3. | Til Torfa Bjarnasonar ... ... ... ... ... | | 1,500 | 1,500 | |
| 4. | Til skólahalds á Eiðum ... ... .. ... | | 2,500 | 2,500 | |
| 5. | Til iðnskólafræðslu: | | | | |
| | a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík. ... | | 5,000 | 5,000 | |
| | b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| | c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds ... ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| | Flyt... | | 29,150 | 26,100 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 29,150 | 26,100 | |
| d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekturskostnaðar. | | | |
| e. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis.. ... ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | |
| 6. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 7. Til matreiðsluskóla: | | | |
| a. Til Jónínu Sigurðardóttur, til matreiðsluskólahalds á Akureyri. ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| b. Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Til »Sambands íslenskra samvinnufjelaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfjelagsskap og öðrum samvinnufjelagsskap... ... | 500 | 500 | |
| Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að. | | | |
| 9. a. Til Búnaðarfjelags Íslands ... ... ... | 54,000 | 54,000 | |
| b. Til nýrra ransókna til undirbúnings áveitu á Skeið og Flóa ... ... ... ... ... | 6,000 | ..... | |
| 10. Til búnaðarfjelaga ... ... ... ... ... ... | 20,000 | 20,000 | |
| 11. Til skógræktar: | | | |
| a. Laun skógræktarstjóra... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | |
| b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu ... | 10,000 | 10,000 | |
| 12. Til sandgræðslu.... ... ... ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 13. Til dýralækninga: | | | |
| a. Laun handa 2 dýralæknum ... ... ... | 2,400 | 2,400 | |
| b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík ... ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| c. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| d. Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis... ... ... ... ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun. | | | |
| Flyt... | 142,550 | 133,500 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 142,550 | 133,500 | |
| 14. Til eftirlits með útflutningi á hrossum. ... | 600 | 600 | |
| 15. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík: | | | |
| a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| b. Til húsaleigu ... ... ... ... ... ... | 700 | 700 | |
| c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar.. ... | 500 | 500 | |
| 16. Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við opinberar byggingar..... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 17. Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum alt að... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| | 1914 kr. | 1915 kr. | |
| 18. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum ... ... ... | 8,000 | 8,000 | |
| b. Til ferðakostnaðar ... ... | 400 | 400 | |
| | 8,400 | 8,400 | |
| 19. a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði | 2,000 | 2,000 | |
| b. Ferðakostnaður m. m. ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 20. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands ... ... ... | 6,000 | 6,000 | |
| 21. Til Fiskifjelagsins..... ... ... ... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 22. Styrkur til Samábyrgðarinnar ... ... ... | 5,000 | ... | |
| 23. Til leiðbeiningar í ullarverkun ... ... .. | 1,200 | 1,200 | |
| 24. Þóknun til vörumerkjaskráritara ... ... | 360 | 360 | |
| 25. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu .. ... | 1,000 | 1,000 | |
| 26. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd... ... ... ... ... ... ... .. | 300 | 300 | |
| 27. Eftirlit með áfengiskaupum: kr. | | | |
| a. Laun umsjónarmanns ... ... ... 600 | | | |
| b. Önnur útgjöld ... ... ... ... ... 800 | | | |
| | 1,400 | 1,400 | |
| 28. Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að... ... | 1,000 | 1,000 | |
| | 178,810 | 164,760 | |
| Samtals... | ..... | ..... ... . | 343,570 |

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna, styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 158,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimanna-skólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Kráksonar pósts 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 8,000 kr. Af þessum gjaldlið má endurgreiða vörutoll af þeim kolum, sem Hið sameinaða gufuskipafjelag sannar að það hafi tekið í skip hjer á landi á fjárhagstímabilinu, til notkunar þeim skipum þess, sem samkvæmt samningi dags. 7. ágúst 1909 halda uppi millilandaferðum milli Íslands og Kaupmannahafnar um Leith og Færeyjar.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

20. gr.

Tekjuafgangur, til útlána af viðlagasjóði, telst vera kr. 75,586,15. Þar af:

1. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum landbúnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar,

gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Alt að 5,000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita eða sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1913 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, sbr. 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

# Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

## I. kafli.

### Tekjur.

Við 2. gr.

Við 1. *Ábúðar- og lausafjárskattur.* Þessir skattar hafa síðustu 5 árin 1907—1911 numið að meðaltali 53,050 kr. 84 aur. Virðist því mega telja þá eins og nú 50,000 krónur.

Við 2. *Húsaskattur* fer lítið eitt vaxandi eins og nú skal sýnt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árið | 1907 | var hann | kr. 12,301,50 |
| — | 1908 | — — | — 13,326,25 |
| — | 1909 | — — | — 13,746,25 |
| — | 1910 | — — | — 13,501,30 |
| — | 1911 | — — | — 13,621,10 |

Hann virðist því mega áætla 13,500 krónur.

Við 3. *Tekjuskattur.* Hann hefir verið ærið misjafn undanfarin ár:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árið | 1907 | var hann | kr. 26,069,10 |
| — | 1908 | — — | — 26,344,88 |
| — | 1909 | — — | — 43,754,75 |
| — | 1910 | — — | — 29,844,25 |
| — | 1911 | — — | — 31,654,67 |

eða að meðaltali kr. 31,533,53, lætur því nærri að telja hann kr. 30,000,00 eins og nú er.

Við 4. *Aukatekjur* hafa numið að meðaltali 5 síðustu árin kr. 62,419,72 Með lögum nr. 16, 11. júlí 1911 hafa tekjur þessar verið hækkaðar mjög, einkum gjald fyrir þinglýsingar. En þar sem lög þessi öðluðust gildi 1. jan. 1912, er enn engin reynsla fengin fyrir því, hverju tekjuaukinn nemur. Það virðist þó óhætt að telja þessar tekjur 65 þús. kr. árlega.

Við 5. *Erfðafjárskattur* hefir 5 síðustu árin numið að meðaltali kr. 4,622,11. En árið 1911 var gjald þetta 7,839 kr. 66 aur., eða alt að því helmingi hærra en undanfarin ár. Hækkunin þetta ár stafar af því, að venju fremur mörgum búum, einkum þeim sem erfingjar höfðu til meðferðar, hefir verið skift

það ár af hræðslu við hærra gjald samkvæmt lögum nr. 15, 11. júlí 1911, og er því undantekning. Með þeim lögum er erfðafjárgjaldið hækkað mjög mikið, en þó þykir varhugavert að áætla þessar tekjur hærri en 4000 kr. árlega.

Við 6. *Vitagjald.* Lög nr. 51, 16. nóvbr. 1907, um vitagjald af skipum gengu í gildi 1. janúar 1909. Síðan hefir vitagjaldið verið

| | | |
|---|---|---|
| 1909 | kr. | 31,732,30 |
| 1910 | — | 36,849,10 |
| 1911 | — | 36,594,40 |

eða að meðaltali kr. 35,058,60. Með lögum nr. 17, 11. júlí 1911, er vitagjaldið bæði hækkað og látið ná yfir land alt. Það nam árið 1912 fullum 55 þús. kr., og virðist því óhætt að telja það 50 þús. krónur árlega.

Við 7. *Leyfisbrjefagjöld* hafa 5 síðustu árin numið að meðaltali 6,747kr. en hafa 3 síðustu árin farið lækkandi. Þau verða því með engu móti talin hærri en 6000 kr. árlega.

Við 8. *Útflutningsgjald* hefir verið að frádregnum innheimtulaunum:

| | | |
|---|---|---|
| 1907 | kr. | 211,135,93 |
| 1908 | — | 182,141,00 |
| 1909 | — | 201,972,08 |
| 1910 | — | 169,980,32 |
| 1911 | — | 150,398,60 |

eða kr. 183,125,58 að meðaltali; og sjeu 3 árin síðustu tekin, kr. 174,117,00, en það er því að þakka, hve miklar tekjur árið 1909 hefir gefið. Árið 1912 urðu tekjurnar enn rúmar 152,000 kr. Þar sem búast má við nokkrum tekjum af hinum nýju lögum um útflutningsgjald af ýmsum fiskiafurðum frá 1911, virðist mega áætla tekjulið þenna 150 þús. krónur árlega.

Við 9. *Áfengistollur.* Skattgjald þetta telst, auk tolls af vínanda og víni, sem pantað er til lyfja eða sakramentis, af óáfengum vínsafa, óáfengu öli, saft, limonaði og sódavatni. Á árinu 1912 fluttist eftir skýrslu eftirlitsmanns áfengiskaupa, vínandi og vín, sem svarar tolli . . . . . kr. 4200,00
Um innflutt óáfengt öl, limonaði, ávaxtavín og sódavatn á árinu 1912 eru, þegar þetta er ritað, ekki komnar skýrslur nema úr Reykjavík, Snæfellsnessýslu, Barðastrandarsýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Suður-Múlasýslu, og nemur tollurinn af því, sem flutst hefir af þessum tegundum til nefndra lögsagnarumdæma alls um . . — 5600,00
Samtals kr. 9800,00

Þótt ætla megi að innflutningur á útlendu öli óáfengu rýrni mjög við það, að nú er komin upp ölgerð í Reykjavík, og líklega bráðum víðar á landinu, þá þykir það sennilegt, að tollurinn úr þeim umdæmum, sem enn vantar skýrslu úr, en þar á meðal eru kaupstaðirnir 4, nemi svo miklu, að ekki sje óvarlegt að áætla tekjur þessar frá öllu landinu 10,000 kr. á ári.

Við 10. *Tóbakstollur* hefir 5 síðustu árin verið þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1908 | kr. | 156,581,00 |
| 1909 | — | 161,559,00 |

| | | |
|---|---|---|
| 1910 | kr. | 202,641,00 |
| 1911 | — | 207,442,00 |
| 1912 | — | 209,558,00 |

eða að meðaltali kr. 187,556,00, en sjeu 3 síðustu árin talin sjer, eins og vera ber, því þau ár er sami tollur á tóbaki og vindlum, verður meðaltalið kr. 206,614,00 það virðist því mega ætla hann 200 þús. krónur árlega.

Við 10. *Kaffi- og sykurtollur*, hann hefir verið:

| | | |
|---|---|---|
| 1907 | kr. | 415,187,46 |
| 1908 | — | 377,312,26 |
| 1909 | — | 380,522,60 |
| 1910 | — | 417,700,04 |
| 1911 | — | 432,053,73 |

eða að meðaltali kr. 404,555,22. Tollur þessi var hækkaður um 15% með nýjustu tolllögunum 1911. Þrátt fyrir það urðu tekjurnar 1912 að eins 421,000 kr. þykir því eigi fullvarlegt að telja tekjulið þennan meira en 410,000 kr. árlega.

Við 12. Eftir áætlunum, sem gerðar voru um þingtímann 1912, var gert ráð fyrir, að þetta nýja gjald mundi nema um 230—250 þús. kr. á ári. Til þess að geta gert sjer sem ábyggilegasta hugmynd um hverra tekna vænta mætti af þessum lið, fjekk stjórnarráðið cand. polit. Georg Ólafsson til þess að gera nýja útreikninga um þetta efni. Lagði hann verslunarskýrslurnar fyrir árið 1910 til grundvallar, og komst að þeirri niðurstöðu, sem auðvitað er víða á ágiskunum bygð, að með þeim innflutningi mundi gjaldið af vörunum umbúðalausum nema kr. 223,400
Þar við bætist fyrir umbúðum um 8% . . . . . — 17,800

kr. 241,200

Vöruinnflutningur það ár, sem við er miðað, var fremur lítill tiltölulega; eftir skýrslu skrifstofustjóra fjármálaskrifstofunnar var hann 24% meiri árið 1911. Enn fór aðflutningur hækkandi 1912. Jafnvel þótt tillit sje tekið til þess, að líklegt er að tölurvert af vefnaðarvörum verði eftirleiðis flutt í póstsendingum, og tollurinn af því þessvegna dragist hjer frá, en bætist við pósttekjurnar, þá virðist þó eftir núverandi aðflutningsmagni og með sjerstöku tilliti til þess, að reynslan viðvíkjandi vörum þeim, sem hingað til hafa verið tollskyldar, sýnir, að jafnan kemur fram til tollgreiðslu talsvert meira en verslunarskýrslurnar greina, ekki fráleitt að áætla þennan tekjulið 250 þús. kr. á ári, þótt auðvitað verði að hafa hugfast, að engin vissa er fyrir því að þessi upphæð náist. Úr því getur reynslan ein skorið, þar sem upplýsingar þær, sem fáanlegar eru, eru svo ófullkomnar.

Við 13. *Annað aðflutningsgjald* hefir 3 síðustu árin verið eins og hjer greinir:

| | | |
|---|---|---|
| 1909 | kr. | 22,253,25 |
| 1910 | — | 25,622,81 |
| 1911 | — | 32,876,07 |

eða að meðaltali kr. 26,917,38. Tollur á þeim tegundum, sem hjer falla undir, hefir verið nokkuð hækkaður og nýjum tollvörum verið við bætt með nýjum lögum, og nam tollurinn 1912 34,830 kr. Það þykir því mega telja hann 30 þús. krónur á ári.

Við 14. *Argjöld af verslun og veiting áfengra drykkja.* Um gjald þetta er að eins að ræða fyrra árið, 1914. Það hefir árin 1910 og 1911 verið 11,600 kr. Með tilliti til þess, að ekki er ólíklegt að sumir vínkaupmenn verði búnir að selja birgðir sínar fyrir árslok 1913, þykir eigi ráðlegt að ætla þennan tekjulið hærri en 8000 kr.

Við 15. *Pósttekjur* hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin kr. 103,557,56 og 3 síðustu árin kr. 100,224,65. Þar sem nú bætist við pósttekjur vörutollurinn, fyrir póstpakka, 15 aurar í frímerkjum fyrir hvern, þá þykir mega áætla þær eins og síðarnefnt meðaltal, eða 100 þús. kr. á ári.

Við 16. *Símatekjur;* þær hafa farið vaxandi ár frá ári, eftir því, sem samböndum hefir fjölgað og menn hafa vanist notkun símanna:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Árið | 1907 | voru þær | kr. | 46,371,40 |
| — | 1908 | — — | — | 64,065,83 |
| — | 1906 | — — | — | 87,463,31 |
| — | 1910 | — — | — | 101,768,31 |
| — | 1911 | — — | — | 117,560,01 |
| — | 1912 | — — um | — | 140,000,00 |

Að bæjarsímanum meðtöldum nema tekjurnar 1912 fullum 150 þús. kr. og þykir landsímastjóra því óhætt að áætla tekjur þessar samtals árið 1914 155 þús. og árið 1915 160 þús. kr., er eigi mun óvarlegt.

Við 17. *Tekjur af Íslandsbanka* hafa verið tvö síðustu árin um 12,000 krónur og þykir mega halda þeirri upphæð. Samkvæmt ósk endurskoðenda alþingis er hjer og talið landssjóðsgjald frá landsbankanum, sem áður hefir verið talið í 4. gr.

Við 18. *Óvissar tekjur* (að frátöldum sektum fyrir ólöglegar fiskiveiðar) hafa verið:

| | | |
|---|---|---|
| 1907 | kr. | 2,927,50 |
| 1908 | — | 6,586,32 |
| 1909 | — | 9,821,11 |
| 1910 | — | 5,267,66 |
| 1911 | — | 10,461,87 |

Að tekjurnar urðu svo háar árin 1908 og 1909 stafar af því, að í þessum tekjulið var talin endurgreiðsla af kostnaði við konungskomuna (1907) árið 1908 kr. 3,468,20 og árið 1909 kr. 7,043,35. Árið 1911 var endurborgaður kostnaður við Flateyrareignina (vextir lagðir fram úr landssjóði). Eiginlegar tekjur hafa því í rauninni ekki numið að meðaltali meiru en 2—3 þús. kr. á ári. Hinsvegar má eins eftirleiðis búast við ýmsum óvissum innborgunum, er falla undir þennan lið. Þannig kom 1912 kr. 3,515 kr. í tekjur fyrir innlenda bittergerð, sem þegar er feld úr tekjuáætlun sem sjerstakur liður. Og sjeu meðtaldar fiskiveiðasektirnar, sem árið 1910 námu 27,000 kr., 1911 31,271 kr. og 1912 28,000, þykir eigi ofhátt að setja þennan tekjulið á ári samtals 20,000 krónur.

Við 3. gr.

Við 1. *Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs* hefir numið að meðaltali
5 árin síðustu 1907—1911 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 35,273,46
að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og húsabótarstyrk ... — 11,964,82

kr. 23,308,64
og 3 árin 1909—1911 ... .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 32,632,90
að frádregnum umboðslaunum o. s. frv. ... ... .. ... ... ... — 12,139,20

kr. 20,493,80

Með því altaf er verið að selja jarðir má eigi áætla þessa tekjugrein hærri en 16,000 kr. árlega, enda námu *nettó*tekjurnar 1911 eigi nema 15,538 kr. 24 au., (útgjöldin kr. 15,336,21, þar af umboðslaun kr. 4,300,35, prestsmata kr. 2461,65, önnur útgjöld kr. 8,574,17).

Við 2. *Tekjur af kirkjum,* Þær voru árið 1911 kr. 119,60 og má því telja þær 100 krónur eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 3. *Tekjur af silfurbergsnámum* má væntanlega áætla 3000 kr. árlega; þær námu af sjerstökum ástæðum árið 1910 22,237 kr. en árið 1911 ekki nema 3884 krónur, sem ekki guldust fyr en seint á ári 1912 og eru því ekki færðar til tekna á landsreikningum 1911.

Við 4. *Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands.* Vextir frá Ræktunarsjóðnum af andvirði seldra þjóðjarða samkvæmt lögum nr. 31, 20. okt. 1905 sbr. lög nr. 34, 20. okt. 1905 voru árið 1911 8366 kr. 72 a. og árið 1912 9537 kr. 02 a.; þykir því hæfilegt að áætla þessar tekjur 10,000 kr. hvort árið 1914 og 1915.

Við 4. gr.

Við 1. Venjulegt yfirlit um væntanlegar tekjur af viðlagasjóði 1914 og 1915 og skrá yfir útlánin verður lagt fyrir alþingi.

Við 2. Þar sem fjáreign »viðlagasjóðs« er eigi haldið aðgreindri frá öðru veltufje landssjóðs, og vextir af viðlagasjóðsfje eru og hafa stöðugt verið taldir í tekjuáætlun fjárlaganna jafnt öðrum tekjum, virðist sjálfsagt að telja einnig til tekna afborganir af lánum þeim sem viðlagasjóði eru talin, því að það fje rennur saman við hinn almenna sjóð landsins á sama hátt og vextirnir, enda virðist það ljósara og hægra til yfirlits, að þetta fje sje hjer tilfært eins og það er, því að þá er auðgert að átta sig á því, hversu miklum tekjuhalla og lánveitingum má ávísa á viðlagasjóðinn, og hve mikil skuldabrjefakaup þurfa að vera, til þess að sjóðurinn ekki skerðist.

Leigur af seðlaláni landssjóðs til Landsbankans eru nú taldar í 2. gr. 17, eins og fyr segir. Leiga af innstæðufje í bönkum og bankavaxtabrjefum er nú sundurliðuð í tvo liði, 4. og 7. lið. Í 4. lið eru taldir vextir af 108 þúsund krónum í bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar, sem eru til tryggingar veðdeildarbrjefum, og er keypt í skarðið, jafnóðum og út er dregið af þeim.

Í 3. lið eru vextir af innritunarskírteinum landssjóðs (kgl. ríkisskuldabrjefum að upphæð samtals 277 þúsund krónur), sem eru sett til tryggingar veðdeildum. Af brjefum þessum eru 225,000 kr. með $3^1/_2$% vöxtum og 52,000 kr. með 4% vöxtum.

Í 5. og 6. lið eru vextir og afborganir af bankavaxtabrjefum 3. deildar, sem eftir eru af því, er keypt hefir verið samkvæmt lögunum frá 1909. Af láni því, að upphæð 1,500,000 kr., sem tekið var árið 1909, hefir alls gengið til bankavaxtabrjefakaupa ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 1,425,000,00

[Að eigi var keypt fyrir upphæðina alla stafar af því, að landssjóður var búinn að greiða í afborganir af láninu 75,000 kr. áður en nokkur greiðsla kom frá bankanum].

Láninu sem tekið var 1912 er öllu varið til bankavaxtabrjefa ... — 250,000,00

| | Keypt samtals | kr. 1,675,000,00 |
|---|---|---|
| Árið 1911 voru útdregin bankavaxtabrjef ... ... | kr. 47,200,00 | |
| — 1912 — — —»— ... ... | — 19,000,00 | |
| Til viðlagasjóðs hefir verið lagt og lánað út þaðan í bankavaxtabrjefum... ... ... ... ... | — 60,000,00 | |
| Árið 1911 var selt til greiðslu skuldar við ríkissjóð | — 500,000,00 | — 626,800,00 |
| | Eftir í mars 1913 | kr. 1,048,200,00 |

Þar af eru 250,000 hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn. Vextir og afborganir af þeim 60 þús. kr. sem gengið hafa til útlána, eru innifaldir í 1. og 2. lið.

Við 5. gr.

1.—3. Þessum liðum er haldið óbreyttum. Athugasemdinni við 1. lið er slept, með því að svo er litið á, að það hafi ekki verið tilætlunin, að hún stæði til langframa.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871.

## JJ. kafli.

### Útgjöld.

Við 8. gr.

Vextir og afborganir af skuldum landssjóðs 1914 og 1915 sundurliðast þannig:

A. Af lánum sem hafa verið tekin til þess að auka eignir landssjóðs:

1. Lánið úr ríkissjóði 1908 500,000 kr. tekið til 15 ára upp í símalagningar. Árlegar afborganir eru kr. 33,333,33 vextir eru 4%.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Af láninu sem verður 1. janúar 1914 ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 366,666,67 |
| greiðast 1914 vextir kr. 14,333,33 og afb. kr. 33,333,33 | | | | |
| — 1915 — | — 13,000,00 — | — 33,333,34 | — | 66,666.67 |
| 1914—1915 vextir | kr. 27,333,33 — | kr. 66,666,67 Eftirst. | kr. | 300,000,00 |

2. Lánið 1909 1,500,000 kr. til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef landsbankans, vextir 4½%. Lánið verður 1. janúar 1914 kr. 1,275,000,00

Af láninu greiðast:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1914 vextir | kr. 56,812,50 | og afborgun kr. 50,000,00 | | |
| próvision— | 133,52 | | | |
| 1915 vextir | — 54,562,50 — | — — 50,000,00 | | |
| próvision— | 130,70 | | — | 100,000,00 |
| | kr. 111,639,22 | kr. 100,000,00 Eftirst. | kr. | 1,175,000,00 |

3. Lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni 1912 250,000 kr. sem afborgast á 30 árum, vextir 4½%; lánið tekið til að kaupa bankavaxtabrjef landsbankans III. flokks.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Lánið verður 1. jan. 1914 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 245,833,33 |
| 1914 | vextir kr. 10,968,75 | afborgun kr. 8,333.33 | | |
| 1915 | — — 19,593,75 | — — 8.333,33 | — | 16,666,66 |
| 1914—1915 alls | kr. 21,562,50 | — kr. 16,666,66 Eftirst. | kr. | 229,166,67 |

Af þessum 3 lánum eru vextir og afborganir samtals.

| | | |
|---|---|---|
| 1914 | kr. 82,248,10 | kr. 91,666,66 |
| 1915 | — 78,286,95 | — 91,666,67 |

Í fjárlögunum fyrir 1912 og 1913, 8. gr. 2 var gert ráð fyrir því, að lánið, sem tekið var árið 1909 til bankavaxtabrjefakaupa bæri sig, þannig að bæði vextir og afborgun greiddist af vöxtunum af bankavaxtabrjefum þeim, sem keypt höfðu verið fyrir lánsfjeð, og af brjefum þeim, sem út yrðu dregin og innleyst. Var því ekkert fje ætlað til gjalda í þessu skyni. Hve fjarri sanni þetta er, sjest af því að bera saman 8. gr. I. 2. og 3. lið við 4. gr., 4. og 5. lið.

| | |
|---|---|
| Útgjöldin við lánið frá 1909 verða á fjárhagstímabilinu... ... ... ... ... | kr. 211,638,22 |
| og væntanlegar tekjur af bankavaxtabrjefum þeim, sem til eru af því er keypt var fyrir það lán, nema, jafnvel þótt með sje talið það, er lagt hefir verið af því til viðlagasjóðs, ekki nema í hæsta lagi ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 110,000,00 |
| Mismunur | kr. 101,638,22 |

er greiða verður af tekjum landssjóðs, og stafar þetta bæði af þeim 566,800 kr.

er til hefir orðið að taka upp i tekjuhalla, og af því, hve útdráttur og innlausn brjefanna gengur seint framan af.

B. Lán, sem hefir verið tekið vegna sjerstakra aukaútgjalda er:

Lánið 1912, tekið hjá dönskum bönkum til 15 ára með 4½% vöxtum, kr. 500,000,00.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lánið verður 1. janúar 1914 . ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | | | | — 466,666,67 |
| 1914 | vextir kr. 20,625,00 | | afborgun kr. 33,333,34 | | | |
| 1915 | — — 19,125,00 | | — — 33,333,33 | | | — 66,666,67 |
| 1914—1915 | alls kr. 39,750,00 | — | kr. 66,666,67 | Eftirst. | kr. | 400,000,00 |

Við 9. gr.

1.—4. liður eru óbreyttir.

Við 5. lið. *Aðstoðar- og skrifstofukostnaður* hefir numið kr. 18,030,15 árið 1910 og kr. 17,400,20 árið 1911. Lögbirtingarblaðið hefir hvorugt þessara ára borið sig til fulls; árið 1910 var tekjuhalli þess kr. 200,88 og árið 1911 kr. 268,80. Með því að störfin fara vaxandi árlega i stjórnarráðinu og það einnig virðist sanngjarnt að láta laun starfsmannanna fara heldur hækkandi, bæði eftir embættisaldri þeirra og vegna vaxandi hækkunar á öllum lífsnauðsynjum, virðist óhjákvæmilegt að hækka þennan gjaldlið upp í 18,000 kr. árlega.

Við 6. lið. Liður þessi var hækkaður um helming á síðasta reglulegu alþingi, og því látinn halda sjer með þeirri hækkuðu upphæð.

Við 7. lið. Liður þessi er látinn óhreyfður enn einu sinni að því er Stjórnarráðshúsið snertir, fyrir þá sök eina, að hagur landssjóðs þolir ekki aukin gjöld að mun, en nauðsynin til gjörbreytinga á húsinu er hin sama sem fyr, og verður auðvitað æ brýnni með hverju ári; um þetta skal skírskotað til athugasemda um þennan lið við tvö næst undanfarandi fjárlagafrumvörp. Viðhald á ráðherrabústaðnum er sett inn á þennan lið, og ætlað til þess 500 kr. er mun nægja, vegna þess, að það hús hefir nýlega fengið allgóða viðgerð.

Við 10. gr.

Kostnaður við síðasta reglulega alþingi 1911 var fullar 67 þús. krónur. Með því að vetrarþing eru talsvert dýrari en sumarþing, þykir mega gera ráð fyrir, að 65 þús. kr. hrökkvi, þrátt fyrir hækkun á dagpeningum þingmanna. Ferðakostnaður lækkar talsvert, og telst svo til, að dagpeningar og þingfararkaup eftir hinum nýju lögum muni verða litlu meira en 3000 kr. hærri en dagpeningar og ferðakostnaður 1911.

Við 11. gr.

Við A. 1. a. *Til dómara og sýslumanna.* Laun þessi eru talin eins og nú. Þau ber að sundurliða eins og áður, sjá athugasemdir við fjárlagafrumvarpið 1906 og 1907 (Alþ tíð. 1905 A. bls. 35—36) og eru talin samkvæmt þeim lögum, sem þar er vitnað til.

Við A. 1. b. *Laun hreppstjóra* eru óbreytt.

Við A. 2. Sama fjárhæð og áður.

Við A. 3. *Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhald fangelsanna.* — Útgjöld þessi sundurliðast þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Laun fangavarðar... ... ... | kr. 1,430,00 | |
| b. | Þóknun dómkirkjuprests ... | — 100,00 | |
| c. | Þóknun læknis ... ... ... | — 60,00 | |
| d. | Viðurværi fanganna ... ... | — 1,225,00 | |
| e. | Eldviður og ljós ... ... ... | — 520,00 | |
| f. | Verkfæri... ... ... ... ... | — 500,00 | |
| g. | Ýmisleg útgjöld ... ... ... | — 580,00 | |
| h. | Viðhald fangelsanna ... ... | — 300,00 | kr. 4715,00 |

Við A. 4. *Sakamála- og lögreglumálakostnaður.* Þessi liður sundurliðast þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Þóknun tveggja málaflutningsmanna við yfirrjettinn | kr. 1,600,00 | |
| b. | Kostnaður við saka- og lögreglumál . ... ... ... | — 3,000,00 | |
| c. | Kostnaður við gjafsóknarmál ... ... ... ... ... | — 300,00 | |
| d. | Laun sendiboðans við yfirrjettinn ... ... ... ... | — 50,00 | |
| e. | Eldiviður og viðhald í yfirrjettarstofunni . ... ... | — 100,00 | |
| f. | Útgjöld við sáttamál ... ... . ... ... ... ... | — 50,00 | kr. 5,100,00 |

Við B. 1. *Til útgáfu Stjórnartíðinda og Landshagsskýrslna.* Liðurinn b. til pappírs og prentunar Stjórnartíðinda hefir hvergi nærri hrokkið til hin síðustu ár, þannig var hann 1909 tæpar 6,000 kr., árið 1910 nm 5,500 kr. og 1911 5,900 kr. Það verður því óhjákvæmilegt að hækka þennan lið upp í 5,000 kr., en hinir liðirnir eru óbreyttir. Sjerstakt lagafrumvarp kemur fyrir þingið um gagngjörða breyting á fyrirkomulaginu á landhagsskýrslum.

Við B. 2. Endurgjald fyrir burðareyri, símtöl og símskeyti embættismanna hefir árið 1910 numið kr. 9,295,69 og árið 1911 fullum 13,000 kr., en sú háa upphæð stafar meðfram af manntalinu 1910, því skýrslurnar voru allar eða flestar endursendar eftir nýjár 1911. Kostnaðurinn árið 1911 verður því að teljast óvenjulega hár; en með nýjum símasamböndum fer símtalskostnaður vaxandi, og má því eigi áætla gjaldlið þenna lægri en 10,000 kr., en það kemur aftur í landssjóðinn.

Við B. 3. Þessi gjöld hafa líka farið nokkuð fram úr áætlun, voru árið 1910 tæpar 4,000 krónur og árið 1911 tæp 3,000 kr.; þar sem hjer er um lögboðin gjöld að ræða, verður eigi komist hjá að áætla þau með fullri upphæð, og eru þau því sett 4,000 kr. árlega.

Við B. 4. *Til embættiseftirlitsferða.* Upphæð sú, sem veitt hefir verið í þessum lið, hefir heldur ekki hrokkið hin síðustu ár, og þar sem gera má ráð fyrir, að haft verði meira eftirlit en áður með embættismönnum, verður eigi hjá því komist, að hækka þennan lið upp í 1,500 krónur árlega.

Við 5.—8. Þessir liðir eru látnir halda sjer óbreyttir.

Við 9. lið. *Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaganna.* Þessi gjöld námu árið 1910 nálega hálfri níundu þúsund króna og árið 1911 7,300 krónur; liður þessi má því með engu móti vera lægri en 8 þúsund kr. Að öðru leyti gildir hið sama um hann, sem sagt er í athugasemdum við fjárlagafrumv. 1912 og 1913 (Alþ.tíð. 1911 A. bls. 27).

Við 12. gr.

Við 1. *Laun lækna.* Þau eru nú talin í fjárlögunum 79,700 kr., og má um sundurliðun þeirra vísa til athugasemda við fjárlagafrumv. 1910 og 1911. Síðan hefir einu læknishjeraði verið bætt við, Norðfjarðarhjeraði sbr. lög nr. 40, 11. júlí 1911 og verður því upphæðin 81,200 kr. Athugasemdinni við þennan lið hefir verið slept, með því að engin líkindi eru til, að ákvæði hennar geti komist á, að minsta kosti hafa stjórninni engin skeyti borist í þá átt.

Við 2.—6. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 7. lið. *Holdsveikraspítalinn.* Alþingi 1911 hefir lækkað flestalla gjaldliði spítalans í núgildandi fjárlögum, af því að sjúklingar voru þá með lang-fæsta móti (48 alls), en þess ber að gæta, að gjöldin, að öðru leyti en fæði, verða mjög lítið minni, þó sjúklingar sjeu lítið eitt færri í einn tíma en annan. Það hefir alt af verið reglan að miða áætlunina við 60 manns, þá tölu sjúklinga, sem spítalinn tekur, og við hana verður að miða, því alt af má búast við þeirri tölu.

Um einstaka liði skal tekið fram:

Við 1. Launin eru hin sömu (að eins látin standa á hundraði) og eru fyrir yfirstandandi ár (1913).

Við 2. Útgjöldin eru miðuð við 60 sjúklinga auk vinnufólks, og þar sem fæði fyrir hvern mann varð um $50^1/_2$ eyrir daglega árið 1911, þá virðist eigi of hátt að reikna það á 51 eyri, því bæði hefir matvara farið fremur hækkandi og svo hefir vörutollur bæst við.

Við 3. Þennan lið má með engu móti áætla lægri en 1,000 kr. árlega, þegar tekið er tillit til, að nýjir sjúklingar þurfa *nú* ekki að hafa *neinn* klæðnað með sjer, en þurftu áður að hafa tvennan fatnað. Enn fremur verður nú að leggja öllu kven-starfsfólki til vinnukjóla.

Við 4. Með því að sáraumbúðir og önnur meðöl, þar á meðal aðalmeðalið, sem spítalinn notar, hafa hækkað mjög í verði, alt að 50%, veitir eigi af að áætla þennan lið 1,500 kr.

Við 5. og 6. lið. Báða þessa liði verður að hækka að mun vegna þess hvað kol og steinolía hafa hækkað í verði, án þess að fyrirsjáanlegt sje, að þær vörur verði bráðlega aftur ódýrari.

Við 8. lið. Þessi liður er settur eins og að undanförnu, með því það er auðsætt, að því eldra sem húsið verður, því frekari viðhalds og aðgerða þarfnast það. Síðara árið er ætlast til að mála húsið að utan.

Við 9. lið. Þær 600 kr. sem veittar eru í núgildandi fjárlögum hafa reynst ónógar til þvotta og ræstingar. Það er því farið fram á, að hækka upphæðina upp í 800 kr., eins og síðast var áætlað.

7. og 10.—13. liðir eru alveg óbreyttir.

Við 8. lið. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Liðirnir 5, 6 og 10 eru hækkaðir alls um 1,100 krónur. Hækkunin undir 5. lið stafar af því, að verð á kolum og ljósmeti hefir hækkað mjög, án þess nein líkindi sjeu til, að verðið fari lækkandi. Til viðhalds og áhaldakaupa er ætlað 500 krónum meira en áður, með því að undanfarandi ára reynsla hefir sýnt það, að upphæðin, sem veitt hefir verið, hefir hvergi nærri hrokkið til. Loks er 10. liður, óviss útgjöld, hækkaður um 200 krónur, með tilliti til þess, að gera má ráð fyrir, að hinn nýji vörutollur hafi talsverð aukin útgjöld í för með sjer fyrir hælið. Að öðru leyti eru liðirnir óbreyttir.

Við 9. lið. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Spítalalæknirinn hefir samið áætlun um reksturskostnað heilsuhælisins, sem yfirstjórn hælisins hefir tjáð sig sammála, og sent stjórnaráðinu. Eftir þessari áætlun vantar 29,321 kr. 25 au. upp á að tekjurnar hrökkvi, og er því farið fram á 30,000 kr. tillag úr landssjóði. Jafnvel þó landsstjórnin vilji ekki vefengja útgjaldaliðina, þá verður hún þó að ætla, að með sparnaði mætti takmarka nokkuð suma útgjaldaliðina svo sem til eldiviðar og ljósa, sem áætlað er til 10,500 kr., og að aðrir verði að falla burt, meðan fjárhagur hælisins er svo þröngur. Með tilliti til þessa og með því að þetta er privat stofnun, sem landsstjórnin að öðru leyti hefir engin afskifti af, og engin áhrif á fjárhagsstjórn hennar, telur hún sjer ekki fært að leggja til, að veita heilsuhælinu meira en 25 þús. krónur árlega þessi árin, og er það 7,000 kr. hækkun á ári.

Við 10. lið. *Önnur útgjöld.* Liðirnir a b og c eru óbreyttir, en liðirnir d og e í núgildandi fjárlögum eru fluttir aptur í 14. gr. þar sem þeir nú eiga betur heima.

Liðirnir d, e og f eru líka óbreyttir; þess skal getið um hina tvo fyrnefndu, að árin 1910 og 1911 hafa þeir ríflega hrokkið fyrir útgjöldunum, vegna þess að ekki hefur þurft að beita verulegum sóttvörnum, hvorki innanlands eða gagnvart útlöndum; en þar eð slíkt getur alt af að borið, þykir ekki rjett að lækka þá.

Við h. *Styrkur til sjúkrasamlaga.* Lögskráð sjúkrasamlög eiga heimting á styrk úr landssjóði, í kaupstöðum og kauptúnum, sem læknir er búsettur í, 1 krónu, en annarsstaðar 1 krónu 50 aur. árlega fyrir hvern fjelagsmeðlim, sem árlangt hefur greitt iðgjald í samlagssjóð, sbr. 2. gr. laga nr. 39, 11. júlí 1911. Enn þá er að eins eitt lögskráð samlag til, í Reykjavík, og fjekk það styrk að upphæð kr. 157,00 árið 1912. Með því búast má við, að samlögum fari fjölgandi, þykir ekki mega áætla þennan gjaldlið lægra en 200 kr. árlega.

Við 13. gr.

A.

Póstmál.

Við 1. a. *Laun póstmeistara* eru talin eins og í síðustu fjárlögum.

Við 1. b. 1. *Póstafgreiðslumenn í Reykjavík.* Póstmeistari leggur til, að

laun 2. 3. og 4. póstafgreiðslumanns, sjeu hækkuð um 200 kr. hjá hverjum um sig, þannig, að 2. og 3. póstafgreiðslumaður fái 1800 kr. í árslaun og hinn 4. 1200 krónur.

Með því tveir hinir fyrnefndu hafa lengi verið í póstþjónustu, þykir stjórnarráðinu ástæða til að ætla þeim 1800 króna laun, eins og það líka ætlað-ist til við undirbúning gildandi fjárlaga (sbr. Alþ.tíð. 1911 A. bls. 31). Þó 4. póstafgreiðslumaður sje nýlega skipaður í þá stöðu, þá hefur hann þó lengi verið aðstoðarmaður á pósthúsinu, og þar sem launin eru lág, en talsverð ábyrgð hins vegar, þykir rjett að hækka líka laun hans um 200 krónur.

Við 1. b. 2. *Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur.* Póstmeistari hefur farið fram á ýmsar breytingar á þessum lið. Fyrst hefur hann lagt til, að nokkr-ar nýjar póstafgreiðslur yrðu stofnaðar, og er stjórnarráðið honum samdóma um, að nauðsynlegt sje að stofna póstafgreiðslur á eftirnefndum stöðum með þeim launum, sem tilfærð eru.

| | | |
|---|---|---|
| á Arngerðareyri .. ... ... | laun | 250 kr. |
| - Bíldudal ... ... ... ... | — | 300 — |
| í Flatey .. ... ... ... ... | — | 250 — |
| - Hólmavík ... ... .. ... | — | 300 — |
| á Hvammstanga ... ... ... | — | 300 — |
| - Mjóafirði ... ... ... ... | — | 400 — |
| - Norðfirði ... ... ... ... | — | 600 — |
| - Önundarfirði ... ... ... | — | 300 — |
| | | 2700 kr. |

Þá hefur hann og skýrt frá, að störf póstafgreiðslumanna færu stöðugt mjög vaxandi, einkum í kaupstöðum landsins, svo að þeir yrðu að gefa sig alla við póststörfunum, þeir þurfi að hafa stórt og dýrt húsnæði og aðstoð til þess að geta afgreitt störf sín á viðunandi hátt. Margir póstafgreiðslumenn hafa líka lát-ið það í ljósi, að þeir mundu leggja niður sýslan sína, nema þeir fengju tals-verða launahækkun, en það telur póstmeistari mjög óheppilegt, að æfðir og vel vanir menn fari frá, og óvanir taki svo við. Póstmeistari hefur því farið fram á nokkra launahækkun yfirleitt til þessara sýslanamanna, og um leið að sumir þeirra fengju að auki húsaleigustyrk og í kaupstöðunum skrifstofukostnað.

Stjórnarráðið verður að viðurkenna, að störf póstafgreiðslumanna hafi vaxið mjög hin síðustu ár, einkum eptir að póstkröfur fóru að tíðkast, og með því það einnig verður að vera póstmeistara samdóma um, að tíð mannaskifti sjeu mjög óheppileg, þá hefur því ekki þótt hjá því verða komist, að taka erindi póstmeistara til greina. Laun póstafgreiðslumanna þeirra, sem nú eru, nema eftir tillögum póstmeistara alls 21,000 kr. og verða þær tillögur lagðar fyrir alþingi á-samt umsóknum póstafgreiðslumanna; alls verður því þessi liður, að meðtöldum launum hinna nýju póstafgreiðslumanna 23,700 kr.

Við 1. c. Þessi liður er lækkaður um 400 krónur, með því að margar brjefhirðingar eru eftir þessu frumvarpi gerðar að póstafgreiðslum, en hins vegar þarf þó einnig að fjölga brjefhirðingum og bæta kjör eldri brjefhirðingarmanna. Póstmeistari telur þessa upphæð nægja.

Við 2. *Póstflutningur*. Póstmeistari telur ógerlegt að komast af með minni upphæð til póstflutninga innanlands en nú er í gildandi fjárlögum, 56000 kr., er sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Aðalpóstar ... ... ... ... | kr. 24,500 |
| Aukapóstar ... ... ... ... | — 25,000 |
| Bæjarpóstar ... ... ... ... | — 3,800 |
| Póstvagnferðir ... ... ... | — 700 |
| Aðrir flutningar ... ... ... | — 1,000 |
| Vátrygging á póstflutningi ... | — 1,000 |
| | Kr. 56,000 |

En hjer við verður að bæta 8000 kr., eins og nú er gert, til póstflutninga með skipum landa í milli og hafna í milli innan lands, þeim, er eigi hafa fast tillag. Hækkar því þessi liður um 8000 krónur.

Við 3. a. Póstmeistari telur nauðsynlegt að bæta einum föstum aðstoðarmanni við á pósthúsinu í Reykjavík með 1000 kr. launum. Stjórnarráðið hefur fallist á það og að auki hækkað liðinn um 500 kr., en um leið gjört þá breytingu á athugasemdinni, að pósthúsið sje opið *samfleytt* 10 stundir hvern virkan dag. Pósthúsið er nú svo liðað að því er vorkunnarlaust, að hafa opið allan daginn, eins og landssíminn gerir, og hins vegar er stjórnarráðinu kunnugt um, að mikil óánægja hefur verið yfir því meðal bæjarbúa, að pósthúsið skuli vera lokað, einmitt þann tíma dagsins, þegar búðarfólk og annað starfsfólk hefur matarhlje, og eins kemur aðkomumönnum það mjög illa, að pósthúsið sje lokað miðkaflann úr deginum.

Við 3. b. Þessi liður er nýr og settur inn eptir tillögum póstmeistara eins og fyr um getur. Þinginu mun skýrt frá því, hvernig póstmeistari hugsar sjer sundurliðun upphæðarinnar. Með tilliti til þess, að póstafgreiðslumanninum á Seyðisfirði er ætluð tiltölulega há upphæð í samanburði við starfshlutföllin í þessum 3 kaupstöðum, þá hefur póstmeistari upplýst, að hann ætli að nota þennan sýslunarmann meira en að undanförnu í beinum viðskiptum við útlönd, meðal annars láta hann afgreiða póstávísanir beint til útlanda bæði frá sínu umdæmi og frá næstu póstafgreiðslum, því það taki opt mikinn tíma að koma þeim til Reykjavíkur, eins og nú sje, og útlendingar geti ekki skilið þann langa drátt, sem eðlilega hlýtur að stafa af þessu fyrirkomulagi.

Við 3. c. Þessi liður er sömuleiðis nýr og settur samkvæmt tillögum póstmeistara. Það hefur eigi orðið hjá því komist að leigja hús undir böglapóst í Reykjavík, úti í bæ, því hann hefur vaxið fádæma mikið hin síðustu ár, eins og nú skal sýnt.

| | |
|---|---|
| Árið 1905 komu bögglar frá útlöndum til Reykjavíkur | 8,600 |
| — 1908 — — — — — — | 14,000 |
| — 1911 — — — — — — | 21,000 |
| — 1912 — — — — — — | 28,600 |

Í vetur hefur póstmeistari haft gamla prestaskólann, en telur hann eigi fullnægjandi.

Við 3. d. *Húsaleiga* á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur.

Eins og fyr um getur telur póstmeistari nauðsynlegt að bæta kjör póstafgreiðslumanna með því að veita þeim húsaleigustyrk, er mesta afgreiðslu hafa á hendi utan Reykjavíkur, þó eigi þeim þeirra, sem eru kaupmenn, af því að þeir nota verslunarhúsin fyrir póstafgreiðsluna og játa sjálfir að þeir geti ekki metið hana sjerstaklega, en það er þá aptur tekið tillit til þess við upphæð launanna. Tillögur póstmeistara um það, hvernig upphæð þessi skiptist milli ýmsra heldri póstafgreiðslustaða, verða lagðar fyrir þingið.

Liðurinn 3. e. *Önnur útgjöld* eru lækkuð um 500 krónur. Stafar það af því, að bæjarpóstarnir hafa verið fluttir úr þessum lið, en hins vegar þarf meira til áhalda, eptir því, sem póstsendingar aukast og póstafgreiðslum fjölgar, þær þurfa meðal annars peningaskápa. Virðist því eigi hægt að lækka þennan lið meira.

Við B.

Vegabætur.

Við I. 1. *Verkfræðingur landsins*, Jón Þorláksson, hefur sótt til stjórnarráðsins um að launakjör sín yrðu bætt frá 1. janúar 1914. Hann hefur gegnt verkfræðingsstöðunni frá 1. febrúar 1905, en áður hafði hann verið 2 ár undanfarin í þjónustu landsins við byggingaefnarannsóknir. Hann hefur haft 3000 kr. í árslaun, þau sömu, sem greidd voru fyrst er landsverkfræðingsstaðan var stofnsett árið 1893. Til 1. júlí 1911 hafði hann samhliða sýslan sinni á hendi forstöðu Iðnskólans í Reykjavík fyrir 500 kr. ársþóknun. En eptir því sem verkfræðingsstörfin uxu fann hann til þess, að skólaforstaðan samrýmdist ekki aðalstöðu hans og tók af mikinn tíma frá henni, sótti hann því árið 1908 um launaviðbót til stjórnarráðsins til þess að hann gæti slept skólaforstöðunni, og lagði stjórnin það til á fjárlagafrumvarpinu fyrir 1910 og 1911, að laun hans væru hækkuð í þessu skyni, en fjárlaganefnd neðri deildar 1909 feldi þá fjárveiting niður með þeim ummælum, að hún fengi ekki sjeð að honum væri ókleyft að halda skólaforstöðunni áfram, enda vildi ekki missa hanu frá henni. Hann hjelt þá iðnskólaforstöðunni áfram, því hann sá sjer efnalega ekki fært að sleppa henni, enda hafði fjárlaganefndin með samþykki þingsins gefið honum undir fótinn með það; en haustið 1910 er hann var hjer staddur í bænum í iðnskólaerindum vildi slys til við brúargjörð, er hann hafði þá með höndum, og færði honum heim sanninn um það, að verkfræðingsstaðan útheimti það, að hann gæfi sig allan við henni, og sagði hann þá skólaforstöðunni af sjer frá lokum þess skólaárs, og hefur síðan ekki haft nema 3000 kr. árslaun. Hann telur þau laun með öllu óviðunandi, bæði er tekið er tillit til hinnar miklu undirbúningsmentunar, ábyrgðar og erfiðleika, er þessi staða útheimtir og hefur í för með sjer, og svo í samanburði við aðrar stöður hjer, er ekki verði taldar meira áríðandi en landsverkfræðingsstaðan, svo sem póstmeistara og símastjórastaðan, enda myndi hann bæði innanlands og utan geta fengið sjer miklu arðmeiri atvinnu en hana, og ekki veiti hún á hinn bóginn einu sinni eftirlaunarjett. Hann hefur því farið fram á, að staðan yrði gerð að föstu embætti með ekki lægri byrjunarlaunum en 4000 kr., og hefur stjórnin eptir málavöxtum, getað fallist fyllilega á það og flytur um það sjerstakt lagafrumvarp. En hvernig sem um það fer, telur stjórnin óhjákvæmilegt, að laun hans verði ákveðin 1000 kr. um fjárhagstímabilið 1914—1915, þó ekki sje nema til

þess að halda þessum manni, sem reynst hefur mjög nýtur og hefur nú fengið mjög mikla reynslu í verkfræðilegum efnum hjer á landi, enda hafa 3000 kr. launin, sem voru lág er staðan var stofnuð 1893 og um leið miklu umfangsminni, mikið lækkað við hina gífurlegu lækkun peningaverðsins á síðari árum.

Við I. 2—4. Liðirnir eru óbreyttir nema 3. liður skrifstofukostnaður; hann er hækkaður um 200 kr., árlega með því 500 kr. hafa reynst ónógar. Þessi kostnaður var nákvæmlega uppgerður kr. 629,98 árið 1910, og kr. 647,48 árið 1911.

Við II. *Flutningabrautir.* Landsverkfræðingurinn leggur sem fyrri aðalálhersluna á, að hinum lögboðnu flutningabrautum verði hraðað sem mest, svo að þær sem fyrst geti komið að fullum notum og er stjórnarráðið honum sammála í því efni, sbr. Alþ.tíð. 1911 A. bls. 33—34.

Árið 1910 var áætlað, að til vantaði 640 þús. krónur til þess að fullgera lögákveðnar flutningabrautir; síðan hefur verið veitt til þeirra samtals 179 þús. króna, og vantar þannig í lok yfirstandandi fjárhagstímabils 461 þús. kr. er skiptist þannig á einstakar brautir:

| | |
|---|---|
| Borgarfjarðarbraut ... ... ... ... .. | 23,000 kr. |
| Húnvetningabraut .. ... ... ... ... | 180,000 — |
| Skagafjarðarbraut.. ... ... ... ... ... | 55,000 — |
| Eyjafjarðarbraut... ... ... ... ... ... | 20,000 — |
| Reykjadalsbraut ... ... .. ... ... ... | 35,000 — |
| Grímsnesbraut ... ... ... ... ... ... | 130,000 — |
| Endurbót á flutningabrautum í Ölvesi... | 18,000 — |
| | 461,000 kr. |

Þó það væri eðlilegast að láta þær 3 brautir, sem minst er ógjört af, sitja í fyrirrúmi, því þá kæmust þær í fult gagn strax, og þá mætti, þegar þeim væri lokið, snúa sjer með meira krapti að hinum, sem eru ófullgerðar, þá hefur þó þótt rjett að þessu sinni að sleppa Eyjafjarðarbrautinni, sumpart með tilliti til þess, að ætlast er til að Eyjafjarðará verði brúuð næsta ár, þó að það að eins óbeinlínis komi þessari braut við, sumpart vegna brúargerða þeirra, sem framkvæmdar verða 1913 á því svæði, sem eptir er af brautarlagningúnni, er væntanlega gjöra það forsvaranlegt að fresta síðasta vegarkaflanum til næsta fjárhagstímabils.

Um einstöku liðina skal þetta tekið fram.

Við 1. *Borgarfjarðarbraut.* Það er gert ráð fyrir að brautin verði fullgerð með 15000 kr. tillagi árið 1914. Tillagið 1915, 5 þús. krónur, á að ganga til þess að búa undir afhendingu sumarið 1915, brautarkaflann frá Svignaskarðslæk upp fyrir Þverá.

Við 2. *Reykjadalsbraut.* Af ástæðum sem teknar eru fram við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 þykir æskilegt, að braut þessi verði fullgerð árið 1914, og því farið fram á aukafjárveitingu fyrir yfirstandandi ár. Með þessu tillagi sem hjer er farið fram á, 15000 kr. f. á. er ætlast til, að hún verði alveg fullgerð og afhent hlutaðeigandi sýslufjelagi.

Við 3. *Húnvetningabraut.* Ástæðan til þess, að lagt er til, að meira fje verði veitt til þessarar brautar, en til hinna yfirleitt, er sú, að hún verður ekki fullgerð fyr en á eftir öllum öðrum brautum, nema meira fje sje lagt til hennar; ef þessar tillögur ná fram að ganga, verður brautin í árslok 1915 komin fram að Vatnsdalsá.

Við 4. *Skagfirðingabraut.* Ekkert sjerstakt að athuga.

Við 5. *Viðhald flutningabrauta.* Þær flutningabrautir, sem hjer er um að ræða eru:

Fagradalsbraut að $^1/_3$ hluta.

Þingvallabraut 36,5 km.

Suðurlandsbraut 57 km. ásamt sæluhúsinu á Kolviðarhóli. Upphæðin, sem farið er fram á er nokkru hærri en í núgildandi fjárlögum, en með því Suðurlandsbrautin sem langfjölfarnasti vegur landsins þarfnast afarmikils viðhalds, og Þingvallabrautin þarfnast meira viðhalds en að undanförnu, mun ekki veita af 11000 kr. árlega í þessu skyni.

Við III. *Þjóðvegir.* Um þá alment vísast til þess, sem sagt er í Alþ.tíð. 1911 A. bls. 34.

Við IV. 1. *Stykkishólmsvegur.* Hann er nú kominn vestur að Haffjarðará með brú á þeirri á, alls 45,5 km. að lengd. Þar sem vegurinn endar taka við illfærar mýrar og er óhjákvæmilegt að halda veginum áfram að minsta kosti vestur að Laxá í Miklaholtshreppi, en þangað eru 12—13 km. og ein á, Núpá, sem þarf að brúa. Kostnaður er áætlaður 30 þús. krónur og skiptist því á tvö fjárhagstímabil. Vegur þessi er akfær, og taka sýslufjelögin við honum til viðhalds, jafnóðum og honum miðar áfram.

Við 2. Áin Ljá sem er á þjóðveginum í Dalasýslu, er óbrúuð og er þó mikil þörf á brú þar, eigi síður en annarsstaðar. Brúin á að vera úr járnbendri steinsteypu.

Við 3. *Brú á Hamarsá.* Á þessi fellur í Hamarsfjörð í Geithellahreppi, og er versta vatnsfallið þar um slóðir, að fráskilinni Jökulsá á Lóni, mjög opt ófær, en stundum má þó komast yfir á fjörum. Brúin á að vera hjer um bil 33 m. bogabrú og kostar um 11,000 kr.

Við 4. Hin síðustu ár hafa verið brúuð öll vatnsföll, sem teljandi eru, frá Hvassá í Norðurárdal að Stað í Hrútafirði, nema Sýká sem rennur í Hrútafjarðará fyrir neðan Stað. Þessi á verður opt ófær, og virðist því nauðsynlegt að brúa hana í sambandi við fyrnefnd vatnsföll. Brúarstæði er gott, og er því lagt til, að á hana verði sett 13 m. steinsteypubrú.

Við 5. *Brú á Eyjafjarðará.* Það hefur nú í nokkur ár verið venja að taka eina stóra fyrir á fjárhagstímabili hverju og brúa hana. Eftir skoðun landsverkfræðingsins, sem stjórnarráðið er alveg sammála, stendur Eyjafjarðará næst í röðinni. Brú á þessa á má setja á tveimur stöðum, hjá Gili og yfir hólmana, rjett áður en áin rennur út í Pollinn. Brú hjá Gili gæti verið í einu lagi, og því

ódýrari en á hólmunum, þar sem hún verður að vera í mörgum pörtum, en brú hjá Gili mundi ekki koma að hálfum notum á við brú utar, því Gil liggur 6,2 km. frá Akureyri, og mundi brú þar því ekki verða notuð af öllum þeim, sem fara norður yfir Vöðluheiði, nema í leysingum á vorin, þegar Eyjafjarðará flæðir yfir alla hólmana; brú hjá Gili yrði því aðallega notuð af Eyfirðingum einum, en þeir mundu alveg eins geta notað brúna á hólmunum. Stjórnarráðinu finnst því ekki áhorfsmál, að velja heldur það brúarstæði, sem getur orðið að notum fyrir alla, og það því fremur, sem kostnaðarmunurinn er einungis 10 þús. kr. Í hólmunum þarf 2 brýr 50 m., 1 brú 60 m., 1 brú 10 m., 1 6 m. og eina 4 m. og svo allháan veg, um 2,4 km. yfir hólmana og beggja megin árinnar.

Landsverkfræðingurinn býst við að geta lagt fyrir þingið fullkomna uppdrætti af brúm þeim, sem hjer er farið fram á að byggja.

Við 6. Hjer er farið fram á að hækka fjárveitinguna til viðhalds vega um 4000 kr. árlega, sjerstaklega með tilliti til þess, að byrja megi að steypa smábrýr og ræsi á hinum helstu lögðu þjóðvegarköflum, jafnóðum og trjebrýrnar og trjeræsin ganga úr sjer.

Við 7. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur talið mjög æskilegt að fá straumferju á Blöndu hjá Syðri-Löngumýri, þar sem lögferja er nú. Verkfræðingur Jón Þorláksson, sem haft hefur málið til umsagnar, álítur að staðurinn sje ver fallinn til straumferju en dragferju, og auk þess sje straumferja nokkru dýrari í fyrstu og engu ódýrari í rekstri en dragferja. Kostnað við að koma upp dragferju á ferjustaðnum telur hann 1300 krónur. Með því hjer er um stóra að ræða, sem opt gerir mönnum farartálma, leggur stjórnarráðið til, að þessi upphæð verði veitt, þannig, að um gegningu og viðhald ferjunnar fari síðan eptir ákvæðum 40. gr. vegalaganna.

Liðirnir IV—VII eru óbreyttir.

Við VIII. Svarfdælingar hafa nokkur ár notið nokkurs styrks til akvegar fram dalinn. Með því þeir hafa lagt mikið á sig, til þess að koma þessum vegi á, sem liggur fram einhverja þjettbygðustu sveit landsins, og því verður að teljast afarnauðsynlegur, þykir ástæða til að halda áfram að styrkja þá til vegagjörðarinnar, eins og þeir hafa farið fram á. Þetta ætti að vera því hægra landssjóði, sem vegurinn frá Hafnarfirði til Keflavíkur er nú fullger. Það er því farið fram á 2 þús. kr. hvort árið með venjulegu skilyrði, að $^2/_3$ kostnaðar sje greiddur af sveitinni.

Við C.

Við 1. *Gufuskipaferðir.* Sama fjárhæð sem nú er í fjárlögunum. Þegar þetta er ritað (seint í mars 1913) er enn ekki hægt að skýra frá neinu endanlegu tilboði um gufuskipaferðir næsta fjárhagstímabil og ekki unt að segja með vissu, hvort aðgengilegir samningar um strandferðir hjer við land muni geta fengist fyrir þá upphæð, sem uppá er stungið. Stjórnin vonar þó að geta lagt fyrir þingið ákveðin boð.

Með því að engin líkindi eru til, að það takist að koma á reglubundnum ferðum við Svíþjóð með svo lágum styrk, 4000 kr. árlega, en fjárhagur landsins þolir hins vegar engin há aukin útgjöld, þá er þeim lið slept í frumvarpinu.

Við 2. *Gufubátaferðir og mótorbáta.* Með tilliti til þess gagns er bátar þessir gera og þess flutningsmagns og þeirrar flutningaþarfar sem er á hinum ýmsu stöðum, þykir hæfilegt að ætla Faxaflóabátnum 12 þús. kr., eins og hann hafði áður nokkur ár, Breiðaflóabátnum 4000 kr., Ísafjarðarbátnum 5000 kr. og Eyjafjarðarbátnum 10,000 krónur. Aðrir liðir eru óbreyttir nema 6. og 7. liður. Að því er 6. lið snertir, þá er ætlast til, að einstöku ferðir verði milli Eyja og Víkur, og er því styrkurinn hækkaður upp í 1500 krónur, og 7. liður hækkaður um 200 krónur vegna hins mikla gagns sem hann gerir.

D.

Við I. Árgreiðslur til ritsímafjelagsins mikla norræna eru taldar eins og í núgildandi fjárlögum.

Við II. Frá því símasamband komst hjer á 1906, og til ársloka 1911 var sjerstök fjárveiting til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til þess að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landssjóður á innanbæjar talsímakerfi, til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl. á fjárlögunum, en í gildandi fjárlögum hefur þessi fjárveiting verið feld burt, en í stað þess sett í 13. gr. D. III. 10 »til rannsóknar símaleiða« 2000 kr. hvort árið. Þessi upphæð er óþarflega há til þessa starfs eingöngu, en of lítil til að bæta upp hina fyrri fjárveitingu. Það er því farið fram á 7,500 kr. fjárveitingu hvort árið og mun meiri hluta hennar varið til aukningar og umbóta á bæjarkerfunum og stofnunar nýrra stöðva.

Samkv. lögum nr. 25, 22. oktbr. 1912 verða nýjar 1. og 2. flokks línur bygðar fyrir lánsfje, og 3. flokks línur með væntanlegum tekjuafgangi símans. Kostnaður við nýjar símalínur er því ekki tekinn upp í frumvarpið.

Starfræksla landssímanna.

Við III. 1. Laun landsímastjóra ásamt viðbót fyrir sjálfan hann eru talin samkv. lögum nr. 31, 10. nóv. 1907.

Við 2 a. *Ritsímastöðin í Reykjavík.* Vegna sífelt vaxandi starfa við stöðina hefur verið nauðsynlegt að setja hjer stöðvarstjóra með 2,400 kr. launum, en búast má við, að hækka þurfi þau laun bráðlega. Að öðru leyti sundurliðast þessi kostnaður þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun aðstoðarmanna og annar kostnaður við aðalskrifstofuna ... | Kr. 3,000 |
| 2. | Laun stöðvarstjóra ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 2,400 |
| 3. | Laun stúlku á aðalskrifstofu ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 720 |
| 4. | Laun tveggja símritara ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 2,400 |
| 5. | Laun fjögra talsímameyja... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 2,840 |
| 6. | Laun sendla... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 1,400 |
| 7. | Aukaþjónusta ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 500 |
| 8. | Viðhald, eldiviður, ljós og ræsting... .. ... ... ... ... ... ... | — 1,000 |
| 9. | Ýmisleg gjöld ... ... ... .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 500 |
| | | Kr. 14,760 |

Um einstaka liði skal tekið fram í viðbót við það, sem sagt er hjer að ofan um 2. lið, að af sömu ástæðum, er nauðsynlegt að hafa fasta stúlku á aðalskrifstofunni til aðstoðar stöðvarstjóra og til hjálpar við endurskoðunina. Laun

símritara (4.) eru lækkuð um 400 kr. vegna þess, að stöðvarstjórinn nýji leysir nokkuð af þeim störfum af hendi sem þeir höfðu áður. Sakir aukinnar notkunar símanna verður nauðsynlegt að hafa 2 talsímameyjar á hvorum varðtíma, er því 5. liður hækkaður, einni er bætt við. Af sömu ástæðum er 6. liður, til sendla, einnig hækkaður.

Við 2. b. *Bæjarsími Reykjavíkur.* Þessi liður sundurliðast svo:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun 8 talsímameyja ... ... ... | 4000 kr. |
| 2. | Aukaþjónusta alt að ... ... ... | 400 — |
| 3. | Viðhald og vinna ... ... .. ... | 2000 — |
| 4. | Stjórnarkostnaður ... ... .. ... | 1400 — |
| | | 7800 kr. |

Við þessa liði er ekkert sjerstakt að athuga, en þess skal getið, að lagningarkostnaðurinn við þennan síma verður á næsta fjárhagstímabili orðinn fast að 100 þús. kr. og mun síminn gefa af sjer brutto 23 þús. kr., netto yfir 16%.

Við III. 3. *Ritsímastöðin á Akureyri.* Þau gjöld sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun stöðvarstjóra ... ... ... ... | kr. 2,000 |
| 2. | Laun símritara ... ... ... ... ... | — 1,200 |
| 3. | Laun tveggja talsímameyja ... ... | — 1,440 |
| 4. | Aukaþjónusta alt að ... ... ... ... | — 400 |
| 5. | Sendill... ... ... ... ... ... ... | — 400 |
| 6. | Húsaleiga, eldiviður, ljós m. m. ... | — 1,000 |
| 7. | Ýmislegt ... ... ... ... ... ... | — 400 |
| | | Kr. 6,840 |

Nálega sama upphæð, sem í núgildandi fjárlögum.

Við III. 4. *Ritsímastöðin á Seyðisfirði.* Gjöldin sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun stöðvarstjóra og húsnæði ... | Kr. 2,770 |
| 2. | Laun tveggja símritara ... .. ... | — 2,800 |
| 3. | Laun tveggja talsímameyja ... ... | — 1,440 |
| 4. | Aukaþjónusta alt að... ... ... ... | — 400 |
| 5. | Sendill... ... ... ... .. ... ... | — 600 |
| 6. | Húsaleiga, eldiviður, ljós m. m. ... | — 380 |
| 7. | Ýmisleg gjöld ... ... ... ... ... | — 400 |
| | | Kr. 8,790 |

Um 1. lið skal það tekið fram, að stöðvarstjóri hefur fengið 400 króna launahækkun, af þeim borgar landssíminn helminginn. Hinir liðirnir nálega óbreyttir.

Við III, 5. *Ritsímastöðin á Ísafirði.* Sá kostnaður er á þessa leið:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun stöðvarstjóra ... .. ... ... | Kr. 2,000 |
| 2. | Laun tveggja talsímameyja ... ... | — 1,440 |
| 3. | Aukaþjónusta ... ... ... ... ... | — 300 |
| 4. | Sendill... ... ... ... ... ... ... | — 400 |
| 5. | Húsaleiga, eldiviður, ljós m. m. ... | — 720 |
| 6. | Ýmisleg útgjöld... ... .. ... ... | — 400 |
| | | Kr. 5,260 |

Þessi upphæð er lægri en í gildandi fjárlögum, með því að það hefur sýnt sig, að komast má af með 2 talsímameyjar, en hins vegar er aukaþjónusta hækkuð um 50 kr. árlega. Húsaleiga hefur líka lækkað.

Við III, 6. *Ritsímastöð á Borðeyri.* Sá kostnaður er þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun stöðvarstjóra ... ... ... ... | Kr. 1,800 |
| 2. | Laun talsímameyjar... ... ... ... | — 600 |
| 3. | Húsaleiga, eldiviður, ljós m. m. ... | — 540 |
| 4. | Ýmisleg útgjöld... ... ... ... ... | — 300 |
| | | Kr. 3,240 |

Um einstaka liði skal tekið fram: Það er lagt til að hækka 1. lið um 200 kr. árlega, meðfram af því, að störf stöðvarstjóra vaxa mikið við það, að Stykkishólmslínan, og síðar Ólafsvíkurlínan verða lagðar undir hann.

Við 3. lið. Þegar stöðin var stofnuð fjekk síminn ókeypis húsnæði fyrir stöðina, en frá maí 1912 hefur orðið að borga húsaleigu og er því liðurinn hækkaður.

Við 4. lið. Þessi liður er hækkaður um 200 kr.

Við III, 7. og 8. Landssíminn borgar starfrækslu þessara símastöðva eftir samningi, í Hafnarfirði 1000 kr. og í Vestmannaeyjum 1400 kr. En með vaxandi viðskiftum og auknum línum, má búast við hærri borgun og er því farið fram á 400 króna hækkun á 7. lið og 200 króna hækkun á 8. lið.

Við III, 9. Vegna ritsímaþjónustu á Siglufirði á sumrin, sem gefur mikið í aðra hönd, verður ekki hjá komist að hækka þennan lið upp í 3000 kr. árlega.

Við IV, VI., VII. og VIII. lið ekkert að athuga.

Við V. lið. Með því að ýmisleg af elstu áhöldum stöðvanna, húsgögnum o. fl. eru nú farin að ganga úr sjer, þarf að endurnýja þau og bæta, og er hjer farið fram á fjárveitingu í þessu skyni.

## Við E.

## Vitamál.

Á þessum lið er gerð gagngerð breyting að því er niðurröðun snertir; er hún gerð með ráði verkfræðings Th. Krabbe og miðar til þess að kom stafliðunum í samræmi við aðra aðal-útgjaldaliði í þessari grein t. a. m. liðinn B. Væntir stjórnarráðið, að alþingi verði því samdóma um, að þetta form sje heppilegra en hið gamla, einkum eftir að farið er að teygjast svo mjög úr vitamálunum, og með tilliti til, að í undirliðunum er víðast um mjög smáar upphæðir að ræða.

Við I. *Stjórn og undirbúningur vitamála.* Við a. Þessi upphæð er hin sama og í núgildandi fjárlögum en hún er færð saman í einn lið úr tveimur, 16. gr. 17. a. og 13. gr. E. I. a. Þetta hefir þótt eðlilegt fyrir þá sök, að verkfræðingur Krabbe getur, nú orðið, varla sint öðrum störfum en vitamálum; bygging vita, tveggja eða fleiri, árlega, eins og verið hefir undanfarið, eftirlit með þeim árlega og uppsetning sjómerkja, leyfa litla aðra vinnu. Þar sem því starf þessa manns fer að mestu í þjónustu vitanna,

virðist líka rjett, að laun hans sjeu sett meðal útgjalda til þeirra. Þó hefir verið sett sú athugasemd inn, að hann að öðru leyti sje landsstjórninni til verkfræðilegrar aðstoðar, og sömuleiðis hjeraðsstjórnum eftir því, sem landsstjórnin skipar fyrir, eins og reyndar hefir tíðkast hingað til.

Við I. b. *Til aðstoðarmanns.* Vitaverkfræðingurinn hefir tekið það fram í ítarlegu erindi, sem lagt verður fyrir þingið, að honum sje afarnauðsynlegt að fá aðstoðarmann. Eptir því sem vitum fjölgi, og nú sjeu þeir komnir um alt land, verði æ nauðsynlegra að skoða þá alla árlega, en þar sem þær ferðir verði að mestu að fara landveg, sje sjer ómögulegt að samrýma þær við önnur störf sín. Það verði líka að teljast óforsvaranlegt að enginn maður sje til taks, ef hann falli frá eða fatlist, sem þekking hafi á vitunum og rekstri þeirra, og af því geti hlotist hið mesta tjón. Auk þess fari alt reikningshald vaxandi; nauðsynlegt sje að semja nýja almenna reglugerð um gæslu vitanna, því gildandi reglugerð frá 1897, sje úrelt, af því að síðan hafi alveg nýjar vitategundir komið upp; ennfremur þurfi að semja og gefa út vitaskrá handa sjófarendum. Loks muni hægt verða ef þessi fjárveiting verði samþykt, að smíða vitana að nokkru leyti í brúarverkstæði landsins í stað þess að kaupa þá erlendis að öllu leyti og muni það verða talsvert ódýrara.

Af þessum ástæðum fer hann eindregið fram á, að fá fastan aðstoðarmann með 2,500 kr. árslaunum.

Stjórnarráðið verður að viðurkenna, að þessi ummæli verkfræðingsins sjeu á talsverðum rökum bygð; og þar sem tekjur af vitum landsins (vitagjaldið) hrekkur fullkomlega fyrir öllum kostnaði til vitamálanna þó að sjeð sje fyrir nægilegum starfskröftum til að rækja þau mál, þá er lagt til, að skipaður sje aðstoðarmaður; en stjórnin verður að álíta, að 2000 kr. verði að telja nægileg byrjunarlaun, þar sem ætla megi, að aðstoðarmaðurinn geti haft önnur störf jafnframt fyrst um sinn, meðan störfin aukast ekki frekar.

Við c. Í sambandi við þetta verður nauðsynlegt að stofna skrifstofu, sem eigi má ætla minna til en 500 kr. árlega, auk 1000 króna í eitt skifti fyrir öll til húsgagna og áhaldakaupa.

Við d. *Ferðakostnaður.* Hann hefir hingað til verið áætlaður 500 kr. af vitafje og 500 kr. í 16. gr. 17 b. Upphæðinni er haldið óbreyttri, þó hæpið sje að hún hrökkvi.

Jafnframt þessum tillögum er lagt til að 16. gr. 17. liður falli burt.

Við II. *Laun vitavarða.* Farið er fram á hækkun á launum vitavarðanna við Rifstangavita um 500 kr. árlega og við Langanesvita um sömu upphæð. Launin til vitavarðanna við Svörtuloftavitann og Öndverðarnesvitann eru sett í einu lagi, og eru bygð á ágiskun. Verða þá laun vitavarðanna þessi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Við Svörtulofta og Öndverðarnesvita ... | Kr. | 400 |
| 2. | — Elliðaeyjavita ... ... ... ... ... | — | 400 |
| 3. | — Bjargtangavita ... ... ... ... ... | — | 200 |
| 4. | — Arnarnesvita .. ... ... ... ... ... | — | 500 |
| 5. | — Kálfshamarsvita ... ... ... ... ... | — | 100 |
| 6. | — Skagatáarvita ... ... ... ... ... | — | 150 |
| | | Flyt: kr. | 1750 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Flutt: | kr. 1750 |
| 7. | — Siglunesvita ... ... ... ... ... ... | — | 900 |
| 8. | — Flateyjarvita ... ... ... ... ... ... | — | 150 |
| 9. | — Rifstangavita .. ... ... ... ... ... | — | 200 |
| 10. | — Langanesvita ... ... ... ... ... ... | — | 250 |
| 11. | — Dalatangavita ... ... ... ... ... ... | — | 600 |
| 12. | — Vattarnesvita ... ... ... ... ... ... | — | 100 |
| 13. | — Dyrhólavita ... ... ... ... ... .. ... | — | 200 |
| 14. | — Vestmannaeyjavita ... ... ... ... ... | — | 700 |
| 15. | — Reykjanesvita ... ... .. ... ... ... | — | 1,500 |
| 16. | — Garðskagavita ... ... ... ... ... ... | — | 600 |
| 17. | — Gróttuvita ... .. ... ... ... ... ... | — | 500 |
| | | Alls kr. | 7,450 |

Við III. Reksturskostnaður vitanna verður í sömu röð þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | ... ... ... Kr. | 600 |
| 2. | ... ... ... — | 450 |
| 3. | ... ... ... — | 250 |
| 4. | ... ... ... — | 500 |
| 5. | ... ... ... — | 200 |
| 6. | ... ... ... — | 400 |
| 7. | .. ... ... — | 600 |
| 8. | ... ... ... — | 400 |
| 9. | ... ... ... — | 400 |
| 10. | ... .. ... — | 200 |
| 11. | ... ... ... — | 600 |
| 12. | ... ... ... — | 200 |
| 13. | ... ... .. — | 400 |
| 14. | ... ... ... — | 500 |
| 15. | ... ... ... — | 1,600 |
| 16. | ... ... ... — | 750 |
| 17. | ... ... ... — | 450 |
| | Kr. | 8,500 |
| Hjer við bætist styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir ferðamenn, | | |
| á Skipaskaga 75 kr. | | |
| á Gerðatanga 100 — | 175 | 8,675 |

Reksturskostnaður nýju vitanna er settur eptir ágiskun; annars er reksturskostnaður óbreyttur.

Við IV. *Bygging nýrra vita.* Við a. Árið 1909 var settur upp bráðabirgðaviti á Öndverðarnesi, en hann hefir reynst ófullnægjandi; er því lagt til að byggja annan vita með meira ljósmagni um 2 km. sunnar, efst í Svörtuloftum, en um leið breyta hinum með því að byggja hús með ljóskeri utan um hann. Hyggur verkfræðingur Krabbe, að þetta muni kosta um 18 þús. kr. Fjöldamargir skip-

stjórar á innlendum og útlendum skipum hafa farið fram á, að fá vita settan á þessum stað, og þar sem leiðin fyrir Jökulinn er afar fjölfarin, hefir stjórnarráðið talið sjer skylt að taka þessa beiðni til greina.

Við IV. b. Verkfræðingurinn telur nauðsynlegt til að tryggja vitann á Langanesi, sem sloknað hefir á tvívegis eða oftar í haust sem leið, að byggja hús með ljóskeri í utan um vitann; í húsinu á einnig að vera herbergi handa vitaverði. Það er afarlangt til vitans frá næsta bæ, svo að það er viðbúið, að vitavörður þurfi stundum að vera þar nætursakir, til þess að komast hjá beinum lífsháska. Þessi umbúnaður kostar eftir áætlun Krabbe 2500 kr.

Við IV. c. *Ingólfshöfðaviti.* Til þess að koma þessum vita upp, er farið fram á 16,000 kr. síðara árið. Það þykir eigi þurfa að lýsa því, hve bráðnauðsynlegur viti er á þessum stað, og skal látið nægja að taka fram, að sendiherrar þeirra ríkja, er helst gera út skip til fiskiveiða hjer við land, hafa hvað eftir annað kvartað yfir því, að enginn viti væri á þessum stað.

Við IV. d. Loks er farið fram á 3000 kr. til byggingar húss og ljóskers um aukavitann á Reykjanesi, og til að setja rauð horn á aðalvitann, sem áður hefir verið veitt lítil en allsendis ónóg upphæð til, svo og á Garðskagavita.

Tillögur verkfræðings Krabbe ásamt teikningum og áætlunum, munu verða lagðar fyrir þingið.

Við V. *Sjómerki.* Upphæðin er hin sama og á síðara ári fjárhagstímabils þess, er nú stendur yfir.

Við VI. *Ýmisleg gjöld.* Þessi upphæð er hækkuð allmikið fyrir þær sakir, að það hefur sýnt sig, að æskilegt er að hafa nokkra fjárhæð undir höndum til lagfæringa og smábreytinga á vitum, meðan engin ábyggileg reynsla er komin fyrir því, hvaða fyrirkomulag er haganlegast, en auðvitað verður þessi upphæð því að eins notuð, að það þyki nauðsynlegt.

## Við 14. gr.

### A. Andlega stjettin.

Við a. 1. og 2. Laun biskups eru talin samkvæmt lögum 9. desbr. 1889, 1. gr. og skrifstofukostnaður eins og áður.

Við b. 1. Fasta uppbótin til prestakalla fellur smám saman niður, hún var 1911 kr. 3350, og 1912 rúml. 2700 kr. Hún er því áætluð 2500 krónur hvort árið.

Við b. 2. Þessi uppbót færist líka smámsaman niður, en þó hvergi nærri eins ört, eins og búist hefir verið við. Hún er áætluð 4000 kr. fyrra árið og 3500 kr. síðara árið. Með því heimildin í athugasemdinni hefir alls eigi verið notuð, og lítil líkindi til að hún verði notuð, er hún með ráði biskups feld niður.

Við b. 3. Þessi upphæð er óbreytt.

Við b. 4. *Framlag til prestlaunasjóðs.* Það hefir fardagaárið 1911—12 numið fullum 57 þús. krónum, en það má líka telja víst, að þá hafi það komist á hæsta stig. Það virðist þó ekki gjörlegt að áætla það minna en 50 þús. kr. hvort árið.

Við 5. Árið 1909 hreyfði umboðsmaður Langholts- og Þykkvabæjarkl.-kirkna, sem eru eign landssjóðs, því, að bráðlega þyrfti að gera talsvert við þessar kirkjur, en með því engin kostnaðaráætlun fylgdi þá yfir nauðsynlega aðgerð, var þessu máli lítið sint í það sinn. Í prófasts visitasíu 22. júní 1911 er Langholtskirkju svo lýst, að það sje skaði fyrir eiganda að láta það dragast að mála kirkjuna að utan; umboðsmaður tekur það sama fram og telur nauðsynlegt að pappaklæða undir járnið. Eftir áætlun, sem fengin hefir verið, nemur kostnaður í þessu skyni við Langholtskirkju 586 kr. 02 au. og við Þykkvabæjarklausturskirkju 294 kr. 06 au. eða samtals 960 kr. 08 au. og er því farið fram á 1000 króna fjárveitingu, með því það verður að telja óforsvaranlegt, að láta þessar kirkjur eyðileggjast vegna skorts á nauðsynlegri aðgerð.

Öll skjöl hjeraðlútandi verða lögð fyrir alþingi.

## Við B.

## Kenslumál.

I. *Háskólinn:*

a. *Laun.* Þau eru ákveðin samkv. lögum nr. 36, 30. júlí 1909, og sundurliðast þannig:

| Prófessórar: | 1914. | 1915. |
|---|---|---|
| Jón Helgason .. ... ... ... | 4,000 | 4,000 |
| Haraldur Níelsson .. ... ... | 3,050 | 3,200 |
| L. H. Bjarnason ... ... ... | 4,000 | 4,000 |
| Einar Arnórsson ... .. ... | 3,050 | 3,200 |
| Jón Kristjánsson ... ... ... | 3,050 | 3,200 |
| Guðm. Magnússon .. ... ... | 3,050 | 3,200 |
| Guðm. Hannesson .. ... ... | 3,050 | 3,200 |
| Björn M. Ólsen ... ... ... | 4,000 | 4,000 |
| Ágúst H. Bjarnason ... ... | 3,050 | 3,200 |
| Dósentar: | | |
| Sigurður P. Sívertsen ... ... | 2,800 | 2,800 |
| Jón Jónsson ... ... ... ... | 2,800 | 2,800 |
| Kr. | 35,900 | 36,800 |

Við I. b. *Aukakensla.* Samkvæmt tillögum háskólaráðsins er 2. liður til kennarans í efnafræði hækkaður um 200 kr. Það er í ráði, að þessi kensla verði aukin með því, að veita kenslu í lífrænni efnaransókn, sjerstaklega ransókn á þeim lífrænum efnum, sem snerta lífeðlisfræðina, en slík kensla hefir ekki fyr fram farið nema síðastliðið misseri, þá kendi efnafræðiskennarinn ókeypis. Í sjálfu sjer er líka sú borgun sem nú er farið fram á langt frá því að vera há í hlutfalli við starfann, því kennarinn veitir bóklega kenslu 4 stundir

á viku og verklega 3×3, eða samtals 13 stundir, enda hafði læknaskólinn á sínum tíma farið fram á hækkun á borgun fyrir þessa kenslu. Hinir liðir óbreyttir.

Við I. b. 4. Eins og kunnugt er hefir frakkneska stjórnin undanfarin 2 ár styrkt ungan, frakkneskan vísindamann til þess, að kenna hjer við háskólann frakkneska tungu og veita fræðslu um frakkneskar bókmentir, og er það tekið fram í athugasemdunum við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913, að sá maður, sem gegnt hefir þessu starfi hingað til, hr. A. Courmont, verði nú að fara frá starfinu. Konsúll Frakka hjer á landi hefur nú spurst fyrir um það, hvort stjórninni sje nokkur þökk á því, að annar fræðimaður sje sendur í hans stað til þess að halda starfi hans áfram hjer við háskólann, og hvort fjárveitingarvaldið vilji sýna nokkurn lit á því í verki, að svo sje. Með því að stjórnarráðið verður að telja það gagn og sóma háskóla vorum, að kensla sú, sem þannig er byrjuð, geti haldist áfram við hann, er lagt til, að veitt sje svo sem til viðurkenningar þess 1000 franka = 720 kr. á ári í viðbót við styrk þann, er kennarinn nýtur af frakknesku fje.

Við c. 1. *Námsstyrkur.* Þrátt fyrir stofnun háskólans hefir það sýnt sig, að fjöldi stúdenta sækir árlega til háskólans í Kaupmannahöfn, til þess að leggja þar stund á þær fræðigreinar sem hjer eru kendar; síðasta haust sigldu 2 þriðjungar þeirra, sem þá höfðu útskrifast um sumarið. Þetta hlýtur með fram að stafa af því, að stúdentar fá ytra talsvert hærri styrk en hjer, og nýlega hefir Garðstyrkur verið mikið hækkaður. Það virðist því vera brýn nauðsyn til að hækka styrkinn hjer, og er því samkvæmt ósk háskólaráðsins lagt til að færa hann upp í 8500 kr. árlega, en jafnframt er lagt til að hámark styrksins til hvers nemanda sje fært úr 280 kr. upp í 320 krónur.

Við c. 2. *Húsaleigustyrkur.* Um þessa upphæð má sama segja. Það er farið fram á að hækka hann upp í 4000 kr. á ári af sömu ástæðum, sem fyr eru til greindar, en auk þess má geta þess, að húsaleiga hefir hækkað að mun í Reykjavík síðustu árin. Þess vegna er líka lagt til, að hámarkið sje hækkað úr 80 kr. upp í 100 krónur.

Liðurinn c. 3 er óbreyttur.

Við d. 1. *Bókakaup.* Sá liður er óbreyttur.

Við d. 2. Nýr liður. Þegar háskólinn var settur á stofn, var ekki veitt nein fjárhæð til bókakaupa sjerstaklega, heldur haldið sjer við fjárveitinguna til embættaskólanna. En hún var, að áliti háskólaráðsins, af svo skornum skamti til læknaskólans, að ekki hefir verið unt að útvega nema hinar allra nauðsynlegustu handbækur við kensluna og það þó ófullnægjandi, því bæði eru læknisfræðibækur dýrar og úreldast fljótt með þeim framförum, sem eru í þeirri grein. Læknadeildin álítur því nauðsynlegt að kaupa helstu útlendu læknatímarit árlega, og þau hin sömu tímarit frá byrjun. Til þessa og til nauðsynlegustu viðbóta til handbókakaupa telur deildin og háskólaráðið ómögulegt að komast af með minna en 5000 kr. í eitt skifti fyrir öll, og leggur stjórnarráðið til, að sú upphæð sje veitt.

Við d. 3. Líka nýr liður. Heimspekisdeildin er eðlilega ekki auðug að bókum. Hún má t. a. m. heita gersnauð að öllum íslenskum orðabókum, en þarf að eiga þær allar, bæði yfir gamla og nýja málið, og auk þess orðabækur yfir önnur norræn mál, gotnesku og helstu germönsk mál. Sama er að segja um útgáfur af íslenskum fornritum, málfræðisbækur, kenslubækur í bókmentasögu; öll slík rit þarf deildin að eiga. Sömuleiðis sögurit, einkum þau er snerta Ísland og Norðurlönd. Loks vantar að mestu öll nauðsynleg nýrri heimspekileg rit. Til þess að bæta úr þessari þörf, er lagt til samkvæmt beiðni háskólaráðsins, að veita í eitt skifti fyrir öll 2000 kr. til heimspekisdeildarinnar til þessara bókakaupa.

Við d. 4. Á gildandi fjárlögum hefir sennilega af vangá láðst að setja nokkra upphæð til áhaldakaupa handa læknadeildinni. Það er því farið fram á 500 kr. hvort árið í þessu skyni.

Við d. 5. Sami liður óbreyttur sem áður var d. 2.

Þess er getið til athugunar, að ef Röntgensáhöld verða keypt handa háskólanum, eins og stjórnin leggur til í fjáraukalagafrumvarpi fyrir 1912 og 1913, þarf sjerstakan mann til þess að nota þau, þann er það hefur lært; laun handa þessum manni má eigi áætla lægri en 1000 kr. á ári, sem þá verður að bæta hjer við sem 6. lið. Rekstur áhaldanna kostar og nokkuð, en upp í hann kemur svo aftur nokkuð gjald frá sjúklingum. Hve mikill reksturskostnaður verði, er enn þá ekki hægt að segja með neinni vissu og hefir háskólaráðið ekki getað gert ákveðna tillögu um það að svo stöddu. Nánari upplýsingar um þetta verða gefnar fjárlaganefndinni.

Við e. Það er farið fram á að hækka þennan styrk um 500 kr. árlega, sjerstaklega af því, að kennarar í lagadeildinni hafa látið í ljósi, að þeir bæði þurfi og geti gefið út meira af kenslubókum, ef styrkur væri fyrir hendi.

Við f. Þessi liður er settur 1300 kr. árlega, og verður þó að telja vafasamt að sú upphæð hrökkvi.

Við g. 1. og 2. Laun ritara eru sett 800 kr. og laun dyravarðar 1600 kr. Um hinn fyrnefnda skal það tekið fram, að hann hefir 3 stunda skrifstofuvinnu daglega auk ýmislegra starfa í þarfir háskólans, og þykir þá ekki hægt að ætla honum minni laun en 800 kr.

Um hinn síðara skal þess getið, að hann hefir að nafninu til haft 1000 kr. í laun, en af þeirri upphæð hefir hann orðið að borga manni fyrir umsjón og ílagningu í hitavjelina, 45 krónur á mánuði 9 mánuði ársins og fyrir ræstingu 120 kr. árlega, sem hlýtur að vaxa, þá er læknadeildin flytur í háskólahúsið. Hann hefir því haft sárlítil laun sjálfur, og þar sem hann, samkvæmt erindisbrjefi sínu, er svo bundinn við gæslustörfin, að hann getur lítið eða ekki gegnt öðrum störfum, þá er auðsætt, að hann kemst ekki af með þessa þóknun. Af þessum ástæðum og með tilliti til, að dyravörður Safnahússins hefir 1400 kr. laun og minni störf en háskólavörðurinn, þá virðist sanngjarnt að hækka upphæðina upp í 1600 kr. eins og hann hefir farið fram á.

Við g. 3. *Ýms gjöld, svo sem prófkostnaður, prentunarkostnaður á fyrirlestraskrá, árbók, talsímagjald, brunabótagjald o. fl.* verða ekki áætluð lægra en 1500 krónur árlega.

Við II. *Mentaskólinn almenni.*

Hjer er einungis farið fram á þá breytingu, eftir tillögum rektors, að hækka liðinn c. 5 til tímakenslu og prófdómenda upp í 6000 kr. árlega. Vegna hinnar miklu aðsóknar, einkum í lærdómsdeildina, hefir orðið að skifta tveim bekkjum síðustu tvö árin, og líkindi eru til, að skifta verði þrem bekkjum næsta skólaár. Af þessu leiðir hækkun til aukakenslu og prófdómenda að miklum mun. Ennfremur hefir orðið að hækka tímakensluborgun að mun með byrjun skólaársins 1912—13, vegna hinnar almennu hækkunar á öllu kaupgjaldi, og nemur hækkunin um 1100 kr. á ári. Loks má gera ráð fyrir því, að söngkennarastaðan losni á þessu ári og þykir þá rjett, að söngkensla verði eftirleiðis borguð sem önnur tímakensla. Þess vegna er fjárhæðin til söngkennara undir II. b. í núgildandi fjárlögum feld niður. Það verður því eigi komist af með minni upphæð en 6000 kr. árlega til tímakenslu og prófdómenda, eins og sýnt er fram á í erindi umsjónarmanns skólans, sem lagt verður fyrir þingið.

Við III. *Gagnfræðaskólinn á Akureyri.*

a. Laun eru hin sömu og áður, sjá Alþ.tíð. 1911, A. bls. 41 og athugasemdina við þennan lið í gildandi fjárlögum.

Við b. Hjer er farið fram á aðra sundurliðun, sem er í fullu samræmi við liðinn II næst á undan.

1. og 2. liður eru sömu og 3. liður áður, og er farið fram á að hækka þá um 300 kr. árlega. Þessir liðir, eða tímakenslan aðallega, hafa að undanförnu verið miklu hærri en svo, að fjárveitingin hafi hrokkið, orðið alls um 4000 kr.; samt hyggur skólastjóri að komast megi af með 3500 kr. og koma þar af 2000 kr. á 1. lið og 1500 kr. á annan lið, 3. liður er óbreyttur 1. liður í gildandi fjárlögum.

4. liður. *Til eldiviðar og ljósa,* sbr. 2. lið nú, hafa gengið að meðaltali 3 síðustu árin 1200 kr. og með því verði, sem nú er á kolum og steinolíu, tjáir ekki að gera ráð fyrir lægri upphæð.

Við 5. lið. *Námsstyrkur.* Upphæðin er óbreytt. Athugasemdin er breytt eftir tilmælum skólastjóra í þá átt, að ekki er útilokað að styrkja frábærilega efnilega námsmenn þótt innanbæjarmenn sjeu.

6.—8. liður eru núverandi 5. liður, og eru þeir hækkaðir alls um 600 kr. Til dyravörslu má ekki ætla minna en 500 kr. og til viðhalds skólahúsinu utan og innan ekki minna en 1000 kr. árlega, og er það fremur lítið sje það borið saman við t. a. m. Mentaskólann, sem bæði er minna hús og bygt úr margfalt betra efni; ætti því að þurfa minna viðhald, en fær þó meira fje árlega til viðhalds, en hjer er farið fram á. Loks er til ýmislegra útgjalda áætlaðar 700 kr. árlega. Hækkunin kemur því aðallega á viðhaldið.

Við IV. *Kennaraskólinn.*

a. Laun eru hin sömu og áður og sundurliðun sú sama.

Við b. 1., 2., 4. og 5. liðir eru óbreyttir, 3. liður eldiviður og ljós er hækkaður um 200 kr. árlega af sömu ástæðum og við aðra skóla og 6. nú 7. liður er hækkaður um 100 kr. árlega eftir tillögum skólastjóra með því fjárveitingin hefir ekki hrokkið. Loks er bætt við nýjum lið (6. lið) til viðhalds húsinu, 300 kr. árlega, og er auðsætt, að það getur eigi lægra verið á svo stóru húsi.

Við V. *Stýrimannaskólinn.*

a. Laun. Samkvæmt lögum nr. 22, 11. júlí 1911, 1. gr. eru kennarar við þennan skóla: forstöðumaður með 2000 króna launum og 2 aukakennarar með 1200 króna launum hvor, launin eru því alls 4400 krónur.

b. 1. *Tímakensla.* Hjer er farið fram á 900 króna hækkun, og er það sú borgun, sem nú er greidd, og mun óhætt að fullyrða, að gjöld þessi fara ekki lækkandi næstu ár.

b. 2. Liðurinn er hækkaður um 200 kr. fyrra árið, vegna þess að skólinn þarf nauðsynlega að eignast gufuafls-mæli (Indicator), sem kostar 400 kr.

Við b. 3. Gjöldin til eldiviðar og ljósa eru hækkuð um 100 kr. árlega, af sömu ástæðum, sem fyr eru tilgreindar við aðra skóla.

Við b. 4. *Ýmisleg útgjöld* eru hækkuð um 200 kr. árlega; þau hafa að 5 síðustu ára meðaltali verið 780 kr. og má því eigi áætla þau lægri en 800 kr.

Við VI. *Yfirsetukvennaskóli.*

Útgjöldin til þessa skóla sundurliðast þannig sbr. lög nr. 15, 22. október 1912.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Laun landlæknis... ... ... ... ... ... ... | kr. | 1,000 |
| 2. | — 3 yfirsetukvenna í Reykjavík ... ... ... | — | 300 |
| 3. | Styrkur til námskvenna ... ... ... ... ... | — | 2,000 |
| 4. | Til verklegrar kenslu... ... ... ... ... ... | — | 400 |
| 5. | Húsnæði, ljós, hiti og ræsting... ... ... ... | — | 300 |
| | | kr. | 4,000 |

Töluliðir 1. og 2. eru lögboðnir, en hinir eru áætlaðir, en munu láta nærri eftir fyrri ára reynslu. 5. liður er bygður á ágiskun, en landlæknir telur sennilegt, að upphæðin muni nægja.

Við VII. *Til annarar kenslu.*

Við A. Til kvennaskóla. Þessir liðir eru óbreyttir. Reikningar Reykjavíkurskólans verða lagðir fyrir alþingi, en engir reikningar eða skýrslur um Blönduósskólann fyrir síðasta ár hafa enn komið til stjórnarráðsins.

Við B. 1. *Til barnaskóla.* Fræðslumálastjórinn hefir bent á, að kostnaður við barnafræðslu hafi aukist svo mjög hin síðustu árin, að landssjóðsstyrkurinn sje eigi nema um $^1/_4$ af öllum kostnaði til hennar. Hann leggur því til, að þessi liður sje hækkaður upp í 30,000 kr., og þar af gangi til barnaskóla í kaup-

stöðum 10,000 kr., með því kostnaðurinn þar sje miklu meiri tiltölulega en í sveitum. Þessu síðara er stjórnarráðið samþykt, en sakir margvíslegra annara þarfa landsins sjer það ekki fært, að hækka tillagið til þessa kostnaðar, sem að lögum hvílir á sveitasjóðunum, meira en upp í 28,000 kr. að þessu sinni.

Af sömu ástæðu er liðurinn B. 2. látinn halda sjer þrátt fyrir það, þó fræðslumálastjóri leggi til, að hann sje hækkaður upp í 20,000 kr., en hins vegar er eftir tillögu hans bætt við liðinn því ákvæði, að upphæðinni skuli einnig varið til eftirlits með heimafræðslu, alt að 100 kr. til hrepps.

Við B. 3. Með tilliti til þess, að búið er að reisa barnaskóla æði víða utan kaupstaða, þó mikið sje ógert enn, er þessi liður færður niður um 2000 kr.

B. 4. liðurinn er óbreyttur, sjá lög nr. 18, 9. júlí 1909, 3. gr.

Við B. 5. lið. *Til prófdómara við barnakenslu.* Þessi liður, sem ekki hefir staðið í fjárlögunum áður, er settur samkv. lögum nr. 59, 22. nóvbr. 1907, 16. gr. Þessi útgjöld hafa verið full 4000 krónur árið 1912, og tjáir eigi að ætla þau lægri framvegis.

B. 6. liður er óbreyttur.

Við B. 7. Umsjónarmaður fræðslumálanna hefir í erindi, sem lagt mun verða fyrir þingið ásamt öðrum samkynja skjölum, farið fram á það, að bætt verði launakjör umsjónarmannsstarfsins, þannig að því starfi verði gert jafnhátt undir höfði eins og hinum heldri kennaraembættum, sjerstaklega forstöðumannsstarfinu við kennaraskólann. Stjórnarráðið hefir tekið þessa beiðni til greina í sjerstöku frumvarpi um breyting á 33. gr. barnafræðslulaganna frá 22. nóv. 1907, og er þar gerð grein fyrir ástæðunum fyrir því.

En jafnframt hefir umsjónarmaðurinn til vara farið þess á leit, að ef frv. nái ekki fram að ganga, þá verði honum veitt persónuleg launaviðbót, að upphæð 1000 kr. Ástæðurnar eru sumpart hinar sömu, sem aðrir embættismenn og embættismannaflokkar hafa fært fyrir þörfinni á auknum launum, sem sje hin almenna hækkun á verði allra lífsnauðsynja. En auk þess hefir hann tekið fram, að þegar hann fyrir 5 árum síðan tók við umsjónarmannsstarfinu með 3000 kr. árslaunum, þá hafi hann gert það í því trausti, að hann gæti, auk þessa starfs, haft á hendi einhver aukastörf til tekjubóta, með því að honum hafi þá þegar verið auðsætt, að launin ein nægðu ekki til að ala önn fyrir honum og fjölskyldu hans í Reykjavík. En reynslan hafi orðið sú, að vinnan við eftirlitsstarfið tekur allan tíma hans, svo að hann getur ekki tekið að sjer neina verulega aukavinnu, og vinnan er jöfn árið um kring, þar sem allir þeir, sem í kennarastöðu eru, hafa starfshlje á sumrum, sumir marga mánuði, enda hafi tekjurnar ekki reynst nándarnærri nógar með vaxandi fjölskyldu hans.

Með því að hjer á í hlut sá maður, sem einna mest núlifandi manna hefir að því starfað, að vekja áhuga fyrir alþýðufræðslunni hjer á landi og koma henni í viðunanlegt horf, og hefir að baki sjer 31 árs starfstíma í þjónustu hins opinbera, fyrst í 26 ár sem forstöðumaður gagnfræðaskóla og nú í síðustu 5 ár sem eftirlitsmaður fræðslumálanna, þá þykir stjórnarráðinu eigi hæfa, að ganga

fram hjá þessari málaleitan, og er því hjer tekin upp 1000 kr. persónuleg launaviðbót, sem auðvitað fellur burt, ef áðurnefnt lagafrumvarp nær samþykki alþingis.

Við C. 1. Stjórnin hefir eigi sjeð fært að hækka þennan lið, en í athugasemdinni er skilyrðinu eftir tillögum fræðslumálastjóra breytt á þá leið, að stjórnarráðinu standi opið að gefa nýjar reglur um unglingaskólana, sem fræðslumálastjóra þyki æskilegt.

Liðirnir C. 2., 3., 4. og 5. eru óbreyttir að upphæð eins og liðirnir d. e. f. og h. í núgildandi fjárlögum.

Liðirnir i. og j. í núgildandi fjárlögum eru feldir úr hjer, en þeim er slegið saman við 24. liðinn í 15. gr., þar sem þeir virðast eiga betur við, eftir að Sigfús Einarsson er orðinn organisti við dómkirkjuna.

Liðirnir D., E. og F. svara til liðanna k., l. og m. í núgildandi fjárlögum.

Við VIII. (áður VII.). *Sundkensla.* Liðirnir a. og b. eru óbreyttir. Liðurinn c. sömuleiðis, en þess skal getið, að engin skýrsla hefir borist stjórnarráðinu um það, hver árangur hafi orðið af þessari kenslu, eða hvernig hún hafi verið sótt.

Við IX. (áður VIII.). Liðurinn er óbreyttur.

## Við 15. gr.
## Vísindi og bókmentir.

Við 1. a.—c. *Landsbókasafnið.* Launin eru ákveðin í lögum nr. 56, 22. nóv. 1907 2. og 3. gr.

Við d. Nýr liður. Það hefir reynst alveg nauðsynlegt að fá lestrarsalsverði aðstoð upp á væntanlega fjárveitingu. Nú er farið fram á 800 kr. fasta fjárveitingu á ári í þessu skyni.

Við f. Til *bókbands.* Þó þessi liður hafi nýlega verið hækkaður, hefir fjárveitingin samt reynst allsendis ónóg, með því safnið hefir aukist mjög að árlegum gjöfum (t. a. m. gjöf bóksalafjelagsins danska, Aschehougsgjöfin), auk þess sem árleg bókakaup hafa farið vaxandi. Ennfremur er handritasafn Bókmentafjelagsins nálega alt óinnbundið. Það verður því ekki hjá komist að hækka þennan lið talsvert. Landsbókavörður hefur farið fram á 3240 kr. f. á. og 3300 kr. s. á., en stjórnarráðið telur, að 3000 kr. verði að nægja.

Aðrir liðir eru látnir halda sjer nema h.-liðurinn er hækkaður um 200 kr. eftir ósk bókavarðar, og hefur þó bókavörðurinn farið fram á nokkra hækkun t. a. m. við l.-liðinn, en stjórnarráðið telur, að það verði að bíða í þetta sinn.

Við 2. *Landsskjalasafnið.* Við c. Þessi liður er eftir tillögum landsskjalavarðar hækkaður um 100 kr. árlega. Auk þess hefir skjalavörðurinn farið fram á, að d.-liðurinn yrði færður upp um helming, en þar sem slík hækkun

var feld í báðum deildum á síðasta alþingi, finnur landsstjórnin ekki ástæðu til að taka þá fjárveitingu upp. Hinir liðirnir eru óbreyttir.

Við 3. *Þjóðmenjasafnið.* Þjóðmenjasafnsvörðurinn hefir farið fram á miklar breytingar til hækkunar á þessum liðum, svo sem að launin (a) hækki upp í 3000 kr., liður b. upp í 1000 kr., liður c. upp í 2000 kr. o. s. frv. eins og erindi hans, sem lagt verður fyrir alþingi ber með sjer. Stjórnin telur eigi fært að sinna öðrum breytingum, en þeim er nú skal greina.

Sigurður sál. Guðmundsson málari og Sigurður Vigfússon höfðu samið skrá yfir safnið, sem prentuð er og nær til ársins 1876. Það virðist æskilegt, að þeirri skrá verði haldið áfram, og er því undir lið d. lagt til að veita 300 kr. í því skyni.

Myntasafnið er hátt á 4. þús. myntir, en því er að mestu leyti óraðað, og verður það ekki sýnt, meðan svo er. Það er vandasamt verk og seinlegt. Myntasafnið er að mestu leyti gjöf frá tveimur mönnum, og því óviðeigandi að láta það liggja óraðað. Þess vegna er farið fram á 500 kr. fjárveitingu í því skyni fyrra árið.

Við g. Fornmenjavörðurinn hefir bent á, að hinn forni alþingisstaður við Öxará hafi, einkum á síðari árum, orðið fyrir stórskemdum bæði af manna völdum og náttúrunnar. Telur hann nauðsynlegt að gera við þetta bæði vegna staðarins sjálfs, og innlendra og útlendra manna, sem þangað streyma að á sumrin, svo þurfi og að ákveða og dýpka farveg Öxarár um Vellina, græða þá upp og laga vegina um þá, og gera griphelda girðingu um þá, meðan þeir eru að komast í lag. Til þessara umbóta telur hann eigi muni þurfa minna en 2000 kr. Stjórnin er honum sammála um, að það sje skylda að hlynna að þessum fornhelga stað þjóðarinnar og hefir því tekið upp 2000 kr. fjárveiting f. á. Mun hún leggja fyrir þingið nánari áætlanir um umbæturnar og kostnaðinn við þær.

Við 4. *Náttúrufræðisfjelagið.* Þessi liður er óbreyttur.

Við 5. *Landsbókasafnshúsið.* Liðirnir a. og b. óbreyttir. Sökum þeirrar aðgerðar, sem húsið hefir fengið að innan nú alveg nýlega, virðist 1000 kr. framlag til viðhalds og áhalda ætti að nægja, og er liðurinn c. því settur eins og fyrir árið 1913.

Liðirnir 6—13 eru með óbreyttum upphæðum.

Liðirnir 14—22 eru teknir með óbreyttri upphæð og svara til liðanna 16—21, 30—31 og 45 í núgildandi fjárlögum.

Við 23. lið. Stjórnarráðinu hefir borist erindi um að styrkja málarann Jóh. S. Kjarval, sem síðasta ár hefir stundað málaralist erlendis, til þess að leita sjer frekari fræðslu í list sinni. Með því að maður þessi þykir hafa góða hæfileika, en er algerlega efnalaus, hefir þótt ástæða til að fara fram á styrk handa honum, 800 kr. f. á.

Við 24. lið. Með því að Sigfús Einarsson hefir tekið að sjer fasta stöðu

sem organleikari þjóðkirkjunnar í Reykjavík, þykir ekki ráð fyrir því gerandi, að hann geti annað mjög miklu um fram það starf við kenslu í organslætti og söng-list í Reykjavík, sem að undanförnu hefir verið veitt fje til í 14. gr. (14. gr. B. VI. j.) og sem nú er ætlast til að hann taki við. Einnig tekur hann nú við upp-hæð þeirri, sem veitt er í núgildandi fjárlögum 14. gr. B. VI. i. Þessum upp-hæðum er því hjer slegið saman þannig, að hann fyrir organistakensluna og út-breiðslu söngþekkingar hjer á landi fái samtals 1000 kr. styrk á ári, og auk þess 100 kr. aukaþóknunina sem *dómkirkju*organisti, samtals 1100 kr. á ári.

Liðirnir 25—26 eru óbreyttir, og svara til 26. og 37. liðar í núgildandi fjárlögum.

Við 27. lið. Jón dósent Jónsson hefir sótt um að mega halda styrk þeim áfram, sem hann hefir haft um undanfarin ár, til að rannsaka og rita um sögu landsins. Tekur hann það fram, að óhjákvæmilegt verði fyrir sig, þegar fram í sæki, að nota erlend söfn, einkum við rannsókn á verslunarsögu Íslands, sem hann lengi hafi haft í hyggju að framkvæma, en þetta yrði sjer ókleyft, nema hann fái að halda styrknum. Með því að ráða má á þessu, að ekki sje enn að því komið, að umsækjandinn ætli að nota útlend söfn, en hann hefir fast embætti við háskólann, telur stjórnarráðið hæfilegt að veita honum 500 kr. árlega, svo að hann þó geti haldið áfram sögurannsóknum sínum, sjerstaklega um verslunarsöguna.

Liðirnir 28.—39 eru óbreyttir, og svara til liðanna 33., 17., 38., 36., 35., 41., 47., 41., 34., 43., 44. og 29 í núgildandi fjárlögum. Að eins hefir 35. liður (styrkur til frk. Laufeyjar Valdimarsdóttur) verið hækkaður um 200 krónur, sam-kvæmt umsókn. Styrkur til nemenda við Hafnarháskóla hefir yfirleitt verið hækkaður talsvert hin síðari ár sakir vaxandi þarfa, en hann er að eins veittur karlmönnum. Hinsvegar hefir borgunin, sem námsmey sú, sem hjer er um að ræða, verður að greiða fyrir sig á Hagemanns-stofnuninni, einnig verið hækkuð síðasta ár, og kemst hún því enn síður en fyr af með þá litlu upphæð, sem henni hefir verið veitt hjeðan til styrktar. Úr því alþingi hefur sýnt, að það vill hlaupa hjer undir bagga, sem stjórnin og telur maklegt, virðist einsætt, að hafa upphæð-ina svo, að hún geti komið að tilætluðum notum.

Við 40. lið. Guðmundur Hjaltason hefir sótt um, að fá styrk sinn til að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur, hækkaðan upp í 600 kr. árlega; telur hann sig geta mjög lítið annað unnið og því eiga mjög erfitt með að draga fram lífið. Með því að stjórnarráðið lítur svo á, sem hann geri mikið gagn með fyr-irlestrum sínum, telur það mjög æskilegt, að þessi viðbót verði veitt. Skýrsla um starfsemi Guðmundar verður lögð fyrir alþingi.

Við 41.—42. lið. Með því að fullkomið áfengisbann verður komið á hjer á landi í ársbyrjun 1915, verður ekki sjeð í hverju skyni landssjóðurinn ætti að leggja fje fram til þessa fjelags lengur en þangað til. Styrknum er haldið ó-breyttum fyrra árið.

## Við 16. gr.

### Verkleg fyrirtæki.

Við 1 a. *Bændaskólinn á Hólum.* Föstu launin eru hin sömu sem áður, og sett samkvæmt lögum nr. 48, 10. nóvbr. 1905. Launin til aukakennarans (b) eru eins og í gildandi fjárlögum.

Við 1 c. Með því að smíðaáhöld hafa verið keypt handa skólanum, þykir sjálfsagt að halda uppi smíðakenslu við hann. Skólastjóri hefir farið fram á 800 kr. árleg laun til smíðakennara, en stjórnin verður að líta svo á, að 600 kr. sjeu nægileg laun til að byrja með, þar sem maður sá, sem kensluna hefir, hlýtur að geta stundað atvinnu sína mikið að auki, meðan kenslutími stendur yfir, og alveg þar fyrir utan.

Við 1 d. 3. liður til eldiviðar og ljósa er hækkaður upp í 900 krónur, og er það meðaltal af 5 ára brúkun.

Við 1. d. 5. Skólastjóri hefir vakið máls á því, að nauðsynlegt sje að skólinn eigi járnsmíðaáhöld, og það því fremur, sem smíðakennarinn sem nú er, hefir lært járnsmíði, og getur því veitt kenslu í þessari grein. Hefur hann því farið fram á 1000 kr. fjárveitingu í þessu skyni og til smíðjubyggingar. Þessa fjárveiting hefir stjórnarráðinu þótt ástæða til að taka upp, og er svo tilætlast, að þessi fjárupphæð verði veitt fyrra árið.

Skólastjóri hefir meðal annars farið fram á, að fá 8000 kr. til þess að byggja upp peningshúsin á Hólum. Það er að vísu svo, að bæði fjós og fjárhús eru í mjög ljelegu ástandi á Hólum, og öll þörf á því, að byggja þau upp, en meðan búskapnum hagar svo til þar sem nú, að búið er leigt öðrum en skólastjóra, og engin trygging er fyrir, að sama búskaparlag geti haldist til langframa, virðist tæplega ástæða til, að leggja út í mikinn kostnað í þessu skyni, en alt öðru máli væri að gegna, ef skólastjóri sæi sjer fært að takast skólabúskapinn á hendur. Fjárveiting í þessu skyni hefir því ekki verið tekin upp.

Við 2. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Laun (a) og til aðstoðarkennara (b) eru óbreytt.

Við c. 1. Til verklegrar kenslu. Þessi liður er eftir tillögum skólastjóra hækkaður upp í 1000 kr. vegna hinnar miklu aðsóknar, sem er að skólanum.

Við c. 3. Til *eldiviðar og ljósa.* Sá liður er líka hækkaður um 200 kr. árlega með því skólastjóri hefir ljóslega sýnt fram á, að ekki er hægt að komast af með minni upphæð en 900 kr. á ári.

Aðrir liðir eru óbreyttir.

Skólastjóri hefir bent á það, að það væri mjög æskilegt, að skólinn kæmist í símasambandið. Frá Hvítárvöllum til Hvanneyrar eru 4,5 km. og telur landssímastjórinn, að sími þessa leið muni kosta 1200 krónur. Landsstjórnin verður að vera skólastjóra sammála um, að það sje mjög nauðsynlegt fyrir þennan skóla eigi síður en Hólaskóla að fá talsímasamband, sem auk þess er allliklegt, að mundi borga sig vel, og leggur því til, að þessi fjárhæð sje veitt f. á.

Við 2. c. 7. Forstofudyrnar á íbúðarhúsinu á Hvanneyri vita á móti suðri, eða verstu rigningaráttinni, eru því rið og pallur fyrir framan þær orðin fúin og ónýt að kalla. Verður því að byggja þetta upp að nýju nú þegar. Rögnvaldur Ólafsson telur nauðsynlegt í sambandi við nýjan pall og rið úr steinsteypu að byggja anddyri, og telur hann kostnað við þetta alt verða 850 kr. Þar sem svo stendur á virðist sjálfsagt að flýta viðgerðinni og er því farið fram á þessa fjárveitingu fyrra árið.

Liðirnir 3.—8. eru óbreyttir að upphæðunum, en röð og flokkun hefir verið breytt. Þeir svara til 3., 6., 7., 21., 22., 23.—27. og 31. liðs í 16. gr. í núgildandi fjárlögum. Þó er liðurinn 5. c. (utanfararstyrkur iðnaðarmanna) hækkaður um 500 kr., því eftirsókn eftir því fje er mjög mikil, svo að árlega verður að synja mörgum umsóknum.

Um 9. lið a. Búnaðarfjelag Íslands hefir sótt um nokkuð aukinn styrk til búnaðarframkvæmda. Jafnvel þótt stjórnarráðið kannist við, að tillögur fjelagsstjórnarinnar eigi góð rök við að styðjast, og að fjelagið eigi þakkir skyldar fyrir góða meðferð á fje því, er því hefir verið fengið til umráða í þarfir landbúnaðarins, þá þykir því samt varhugavert að hækka upphæðina, sem þegar er orðin hærri en allur ábúðar- og lausafjárskatturinn af landinu í heild sinni, fram úr því sem nú er, og er upphæð núgildandi fjárlaga því haldið óbreyttri.

9. b. Í sambandi við framlagið til Búnaðarfjelagsins er sett ný fjárveiting, 6000 kr. f. á. til nýrra rannsókna til undirbúnings hinni fyrirhuguðu áveitu á Skeið og Flóa, sem ráðanautur fjelagsins, hr. alþm. Sigurður Sigurðsson telur að muni mega framkvæma fyrir miklu minna fje, en álitið hefir verið eftir fyrri rannsóknum og áætlunum. Nánari skýrslur um þetta atriði verða lagðar fyrir þingið.

Við 10. Af sömu ástæðu, sem er þess valdandi að stjórnarráðið sjer sjer eigi fært að fara fram á meira fjárframlag til landbúnaðarframkvæmda Búnaðarfjelagsins, en að framan greinir, leggur það til, að styrkurinn *til búnaðarfjelaga* sje lækkaður um 2000 kr., úr 22,000 niður í 20,000, með því að það verður að álíta, að miklu minni vissa sje fyrir því, að það fje skiftist maklega niður og komi að tilætluðum notum, heldur en sú upphæð, sem Búnaðarfjelagi Íslands er falin til ráðstöfunar.

Við 11. Frá skógræktarstjóranum hafa komið tillögur um mjög aukin fjárframlög til ákveðinna framkvæmda í skógrækt og skógakaupa. Jafnvel þótt stjórnarráðið verði að viðurkenna, að ekki sje við því að búast, að neitt verulegt skrið geti komist á skógarfriðunina og skóggræðsluna hjer á landi með svo litlum efnum, sem til þess hafa verið lögð til þessa, og að mjög ánægjulegt væri, að geta lagt meiri rækt við þetta framtíðarmál, þá sjer það sjer þó, fjárhagsins vegna, ekki fært að fara fram á meira en 2000 kr. hækkun á staflið b, þannig að hann verði 10,000 kr. á ári. Af þeirri upphæð ganga til launa 4 skógarvarða 4000 kr., og er þá eptir 6000 kr. til græðslu, girðinga og ferðakostnaðar.

Liðurinn a., laun skógræktarstjóra, er samkvæmt lögum nr. 54., 22. nóv. 1907, 2. gr.

Við 12. lið. *Sandgræðsla.* Upphæðin er sett 1000 kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Af þessari upphæð ganga 1000 kr. til launa handa sandgræðslumanni, 400 kr. til ferða; þeim 3,600 krónum á ári, sem þá er eptir, er f. á. ætlað þannig: til sandheftingar á Skeiðum 1000 kr., til að fullgera sandheftingu á Meðallandi 1500 kr. og til frekari vinnu á þeim svæðum, sem þegar eru afgirt 1100 kr. en síðara árið til að girða melana við Háls í Fnjóskadal 2400 kr., til sandheftingar á Skeiðum 600 kr. og 600 kr. til vinnu á umgirtum svæðum.

Liðirnir 13., 14., og 15. eru óbreyttir að upphæð, og svara til 18., 19., 20., 45. og 40. liðs í 16. gr. núgildandi fjárlaga.

Við 16. lið. Byggingarmeistari Rögnvaldur Ólafsson hefir síðan árið 1906 haft þann starfa á hendi að gera uppdrætti og áætlanir um kirkjubyggingar fyrir landsstjórnina og haft fyrir það 800 kr. að launum. Árið 1909 tókst hann á hendur sama starf við barnaskólabyggingar fyrir aðrar 800 kr. á ári. Í ítarlegu erindi til stjórnarinnar, sem lagt verður fyrir þingið, hefir hann skýrt svo frá, að starf þetta sje orðið svo umfangsmikið, að það sje einum manni alveg ofvaxið. Hafi hann því stöðugt fastan aðstoðarmann. Auk þess að borga honum laun, gangi í teiknun og skrifstofukostnað árlega 300 krónur. Hann hefir því farið fram á, að þóknunin til sín verði hækkuð upp í 3000 kr. Jafnvel þó stjórnin verði að viðurkenna, að það væri sanngjarnt að taka beiðni þessa að öllu leyti til greina, þá hefir hún þó eigi farið fram á meiri hækkun að þessu sinni en upp í 2500 króuur.

17. liður er óbreyttur eins og í núgildandi fjárlögum.

18 liður er hækkaður um 200 kr. sem ætlaðar eru til launaviðbótar fyrir fiskimatsmann í Vestmannaeyjum. Laun hans eru að eins 800 kr., og þar sem hann stöðu sinnar vegna ekki má leita sjer atvinnu hjá kaupmönnum þar á staðnum, hefir honum reynst ókleyft, að komast af með þá upphæð.

Við 19. lið. Eftir lögum nr. 26, 11. júlí 1911, 8. gr. eru laun síldarmatsmannanna 2000 kr. Auk þess eiga þeir að fá ferðakostnað og fæðispeninga í vissum tilfellum, og eru áætlaðar 400 kr. í því skyni í staflið b.

20.—21. liðir eru óbreyttir að upphæð og svara til 38. og 41. liðs í 16. gr. núgildandi fjárlaga.

Við 22. lið. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 54, 30. júlí 1909 á landssjóður að leggja til Samábyrgðarinnar 5000 kr. árlega í 5 ár. Þar sem Samábyrgðin tók til starfa 1910, er síðasta greiðsla árið 1914.

Við 23. lið. Með því að alþingi hefur veitt styrk manni til utanfarar til þess að kynna sjer verkun og flokkun á íslenskri ull, og því næst ferðast um landið til þess að kynna bændum meðferð á ull til útflutnings á erlendan markað, telur stjórnin rjett að taka upphæð nokkra til framhalds leiðbeining í ullarverkun. Tillögur um alment mat á útfluttri ull sjer stjórnarráðið sjer ekki fært að koma fram með að svo stöddu.

Liðirnir 24., 25., 26. og 28. eru að upphæð óbreyttir eins og í núgildandi fjárlögum, og svara til 39., 12., 43. og 53. liðs í núgildandi fjárlögum.

Við 27. lið. Samkvæmt 3. gr. bannlaga 30. júlí 1909 á umsjónarmaður áfengiskaupa að hafa 600 kr. í árslaun, og borgun fyrir húsrúm o. fl. Þessa síðastnefndu borgun má eftir þeirri reynslu, sem þegar er fengin, ekki ætla minna en 800 kr. ári.

Við 17. gr.

Eins og að undanförnu sbr 5. gr. 2. og 3. lið.

Við 18 gr.

Gjöld þessi teljast nú 79,000 kr. á ári, þar af tillag til ellistyrktarsjóðanna 19 þúsund krónur á ári. Að öðru leyti sundurliðast upphæðin þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eftirlaun embættismanna ... ... ... ... ... ... | kr. | 26,775,11 |
| —»— embættismannaekkna og barna ... | — | 15,131,39 |
| —»— uppgjafapresta ... ... ... ... ... ... | — | 1,903,29 |
| —»— prestsekkna ... ... ... ... ... ... | — | 6,013,65 |
| —»— annara, sem eftirlaunastyrkur er veittur með fjárlögum ... ... ... | — | 10,124,78 |
| | kr. | 59,948,22 |

Skrár yfir hinar einstöku greiðslur innan þessara flokka eru prentaðar hjer á eftir.

Ekkjufrú Guðrún Björnsdóttir (ekkja síra Lárusar sál. Jóhannessonar, Sauðanesi), hefir farið fram á að fá styrktarfje sitt hækkað upp í 300 kr. árlega og hefir biskup mælt með því eindregið. Með því að þessi merkiskona bæði hefir átt og á við mjög örðugar kringumstæður að búa, og hefir eigi, fyr en alveg nýlega fengið lítinn styrk úr landssjóði (100 kr.) en engra eftirlauna notið, er nú farin að heilsu og komin hátt á sextugs aldur, vill stjórnarráðið mæla sem best með því, að styrkurinn verði hækkaður eins og fram á er farið upp í 300 kr. árlega.

Hallgrímur Kráksson hefir um 30 ár verið póstur milli Akureyrar og Siglufjarðar á einhverri hinni langerfiðustu póstleið landsins. Hann hefir nú sótt um lausn og 200 kr. í eftirlaun. Hann hefir að dómi yfirboðara sinna reynst hinn duglegasti og áreiðanlegasti póstur og þykir stjórnarráðinu því ástæða til, að honum sje veittur dálítill ellistyrkur, eins og farið er að tíðkast til útslitinna pósta, og leggur því til að beiðni hans sje tekin til greina.

Við 19. gr.

Að því er snertir endurgreiðslu á vörutolli af þeim kolum, sem samningsbundin póstskip taka hjer á landi, vísast til athugasemdar við 8. gr. frumvarps til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 sem lagt er fyrir þingið.

Við 20. gr.

Ef fylgt væri hinni gömlu reglu, að telja að eins vextina en ekki afborganirnar af viðlagasjóðslánunum til tekna í tekjuáætlun fjárlaganna, mundi hjer vera áætlaður tekjuhalli, að upphæð kr. 40,213,85, og hefði þá að vanda verið tilgreint, að sú upphæð skyldi greiðast af viðlagasjóði. En einasta handbært fje viðlagasjóðs, sem ekki hefir áður verið talið með í tekjuáætluninni, og sem því gæti gengið til greiðslu tekjuhallanum, eru afborganirnar, sem árin 1914—15 má telja 116000 kr. Eftir verða þá kr. 75,786,15, sem hjer er talinn tekjuafgangur, er út megi lána. Að ávísa á »viðlagasjóð« nýjum auknum gjöldum eða lánum, umfram þessa upphæð, væri að eins tómt form. Fje til slíks þarf að fást á annan hátt landssjóði til handa.

# Skrá

yfir

**eftirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíldu á landssjóði um miðjan apríl 1913.**

| | | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| | A. Embættismenn: | | |
| 1. | Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði ... ... ... ... ... ... ... kon. úrsk. 31/5 1895. | 1,500 54 | |
| 2. | Þorgrímur Johnsen, hjeraðslæknir í 11. læknishjeraði kon. úrsk. 14/4 1896. | 1,586 20 | |
| 3. | Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði... ... ... ... ... ... ... kon. úrsk. 29/5 1896. | 1,593 78 | |
| 4. | Frans Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kon. úrsk. 12/6 1899. | 1,601 40 | |
| 5. | Þorvaldur Jónsson, hjeraðslæknir í Ísatjarðarhjeraði kon. úrsk. 15/11 1900, | 1,626 66 | |
| 6. | Magnús Stephensen, landshöfðingi ... ... ... ... kon. úrsk. 8/1 1904. | 6,000 00 | |
| 7. | Júlíus Havsteen, amtmaður í Suður- og Vesturamtinu.. ... ... ... ... ... ... ... ... .. ... ... kon. úrsk. 1/8 1904. Fjárlög 1908—09 18. gr. | 3,900 00 | |
| 8. | Júlíus Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjeraði kon. úrsk. 19/4 1906. | 1,133 33 | |
| 9. | Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu kon. úrsk. 9/4 1907. | 641 91 | |
| 10. | Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kon. úrsk. 13/7 1908. | 1,440 00 | |
| 11. | Marinó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu ... ... kon. úrsk. 30/11 1908. | 1,008 00 | |
| 12. | Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kon. úrsk. 1/11 1910. | 1,000,00 | |
| 13. | Axel Valdemar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kon. úrsk. 1/7 1911. | 1,876 62 | |
| 14. | Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann. Biðlaun. kon. úrsk. 20/10 1911. | 1,866,67 | 26,775 11 |
| | | Flyt... | 26,775 11 |

| | | | kr. a. |
|---|---|---|---|
| | Flutt... | | 26,775 11 |

B. Embættismanna ekkjur og börn.

| | | kr. a. | |
|---|---|---|---|
| 1. | Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensen í Strandasýslu, frá 1. ágúst 1854 ... ... ... | 100 97 | |
| 2. | Clara Margrethe Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu, frá 1. sept. 1860... ... ... ... ... kr. 212,87<br>Enn fremur styrkur til húsaleigu ... — 40, » | 252 87 | |
| 3. | Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar, frá 1. desbr. 1873 ... ... ... ... ... | 197 » | |
| 4. | Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Pjeturs Havstein, frá 1. júlí 1875 ... ... ... ... ... ... ... | 529 16 | |
| 5. | Hildur Solveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. E. Magnússonar, frá 1. júní 1876 ... ... ... ... | 538 27 | |
| 6. | Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadt, frá 1. nóv. 1881 ... ... ... ... ... | 81 25 | |
| 7. | Sigríður Blöndal, ekkja Gunnlaugs Blöndal sýslumanns í Barðastrandarsýslu, frá 1. júní 1884 ... ... | 300 45 | |
| 8. | Elinborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorberg, frá 1. febr. 1886 .. ... ... ... ... ... | 919 17 | |
| 9. | Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar, frá 1. jan. 1890 ... ... ... ... ... ... | 187 50 | |
| 10. | Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassen, frá 1. oktbr. 1891 ... ... ... ... ... ... | 750 00 | |
| 11. | Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsen hjeraðslæknis í 13. læknishjeraði, frá 1. ágúst 1891 | 187 50 | |
| 12. | Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1. jan. 1894 ... ... ... ... | 350 00 | |
| 13. | Þórhildur Tómasdóttir, ekkja Helga Hálfdanarsonar forstöðumanns prestaskólans, frá 1. febr. 1894 . ... | 575 » | |
| 14. | Ingunn Halldórsdóttir, ekkja H. E. Johnson sýslumanns í Rangárvallasýslu, frá 1. maí 1894 ... ... | 412 59 | |
| 15. | Kristín Blöndal, ekkja Lárusar Blöndals sýslumanns í Húnavatnssýslu, frá 1. maí 1894 ... ... ... .. | 582 45 | |
| 16. | Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1. maí 1894 ... ... | 305 » | |
| 17. | Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1. nóv. 1895 ... ... . ... | 430 80 | |
| 18. | Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar hjeraðslæknis, frá 1. júní 1896.. ... ... | 187 50 | |
| 19. | María Kristín Finsen, ekkja Ó. Finsen póstmeistara, frá 1. apríl 1897.. ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 00 | |
| 20. | Margrjet Guðmundsdóttir, ekkja Jóhannesar Ólafs- | | |
| | Flyt... | 7,187 48 | 26,775 11 |

| | | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| | Flutt... | 7,187,48 | 26,775 11 |
| | sonar sýslumanns í Skagafjarðarsýslu, frá 1. apríl 1897.. ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 300,37 | | |
| | Samkv. kon. úrsk. 11/1 1898 handa syni hennar til fullra 18 ára: | | |
| | Valdemar Davíð f. 18. sept. 1896... ... — 100, » | 498 37 | |
| 22. | Ragnhildur Sverrisson, ekkja Sigurðar Sverrisson sýslumanns í Strandasýslu, frá 1. febr. 1899... ... | 328 58 | |
| 23. | Elín Guðrún Blöndal, ekkja Páls Blöndal hjeraðslæknis í 3. læknishjeraði, frá 1. febr. 1903 ... ... | 187 50 | |
| 24. | Henriette Louise Jensson, ekkja Björns Jenssonar kennara við lærða skólann í Reykjavík, frá 1. mars 1903 ... ... ... ... ... ... ... kr. 350, » | | |
| | Samkv. kon. úrsk. 21/4 1904 handa börnum hennar til fullra 18 ára: | | |
| | 1. Arndísi, f. 17. mars 1895 ... ... ... — 80, » | | |
| | 2. Soffíu, f. 25. apríl 1899 ... ... ... — 80, » | 510 » | |
| 25. | Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns frá 1. jan. 1905 ... ... ... ... ... ... kr. 625, » | | |
| | Samkv. kon. úrsk. 21/8 1905 handa börnum hennar til fullra 18 ára: | | |
| | 1. Þórhildi, f. 7. des. 1896 ... ... ... — 100, » | | |
| | 2. Eggert, f. 6 jan. 1888... ... ... ... — 100, » | | |
| | 3. Friede, f. 7. okt. 1900... ... ... ... — 100, » | | |
| | 5. Helgu, f. 18. júní 1902.. .. ... ... — 100, » | | |
| | 5. Þórdísi, f. 1. apríl 1904 ... ... ... — 100, » | 1,125 » | |
| 26. | Margrjet Egilsdóttir, ekkja Halldórs Bjarnasonar sýslumanns í Barðastrandarsýslu, frá 1. febr. 1905 | 351 50 | |
| 27. | Margrjet Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Guðmundssonar hjeraðslæknis, frá 1. apríl 1906 ... ... ... ... | 187 50 | |
| 28. | Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 189 37 | |
| 29. | Soffía Thorsteinsson, ekkja Árna Thorsteinsson landfógeta, frá 1. desbr. 1907 ... ... ... ... ... | 683 59 | |
| 30. | Laura Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1. febr. 1909... ... ... ... | 187 50 | |
| 31. | Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Haltgríms Sveinssonar biskups, frá 1. jan. 1910.. ... ... ... | 875 00 | |
| 32. | Jörgína Margrjet Sigríður Sveinbjörnsson, ekkja L. E. Sveinbjörnssonar dómstjóra, frá 1. febr. 1910... | 725 00 | |
| 33. | Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði, frá 1. sept. 1910 ... ... ... ... ... ... ... kr. 150, » | | |
| | Flyt... kr. 150, » | 13,036,39 | 26,775 11 |

| | | | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|---|
| | Flutt... kr. 150, » | | 13,036 39 | 26,775 11 |
| | Enn fremur samkv. kon. úrsk. 4/4 1911 handa börnum hennar þar til þau er fullra 16 ára: | | | |
| | 1. Ragnhildur, f. 14. júlí 1907. ... ... | — 80, » | | |
| | 2. Jón Baldur, f. 15. júní 1909 ... ... | — 80, » | 310 » | |
| 34. | Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1. nóv. 1910. ... ... ... ... ... ... .. ... | kr. 212,50 | | |
| | Enn fremur samkv. kon. úrsk. 21/3 1911 handa börnum hennar þar til þau eru fullra 18 ára: | | | |
| | 1. Lára Michaelina, f. 11. júní 1899 ... | — 30,e» | | |
| | 2. Páll, f. 25. ágúst 1905... ... ... ... | — 80, » | 372 50 | |
| 35. | Þórunn Jónassen, ekkja dr. J. Jónassen landlæknis, frá 1. des. 1910... ... ... ... ... ... | | 539 17 | |
| 36. | Elísabet Sveinsdóttir, ekkja Björns Jónsonar ráðherra, frá 1. des. 1912 ... ... ... ... ... ... ... | | 600 00 | |
| | | | | 14,858 06 |

C. Uppgjafaprestar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Halldór Þorsteinsson, prestur í Landeyjaþingum, frá fardögum 1898... ... ... ... ... ... ... ... ... | 250 00 | |
| 2. | Stefán Stephensen, prestur í Landeyjaþingum, frá fardögum 1900... ... ... ... ... ... ... ... ... | 208 65 | |
| 3. | Lárus Benediktsson, prestur að Selárdal, frá fardögum 1902 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 54 28 | |
| 4. | Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 405 28 | |
| 5. | Ólafur Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1903 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 145 56 | |
| 6. | Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904 | 230 00 | |
| 7. | Gísli Kjartansson, prestur í Mýrdalsþingum, frá fardögum 1904... ... ... ... ... ... ... ... ... | 131 78 | |
| 8. | Páll Sivertsen, prestur uð Stað í Aðalvík, frá fardögum 1906 .. ... ... ... ... ... ... ... ... | 477 73 | |
| | | | 1,903 28 |
| | Flyt... | | 43,536 45 |

| | | kr. a. |
|---|---|---|
| | Flutt... | 43,536 46 |

D. Prestsekkjur:

| | | kr. a. | |
|---|---|---|---|
| Eftir landsreikningnum fyrir 1911 námu eftirlaun prests-ekkna úr landssjóði við árslok ... ... ... | kr. 6,852,52 | | |
| Þar af samkv. 18. gr. fjárlaganna .. ... ... | — 1,155,40 | | |
| Föst eftirlaun ... ... ... ... ... ... .. ... ... ... | | 5,697 12 | |
| Síðan hefir fallið burtu ... ... ... ... ... ... ... ... | | 80 02 | |
| | | 5,617 10 | |
| en við hefir bætst ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. | | 396 65 | |
| | | | 6,013 65 |

| E. Samkvæmt 18. gr. fjárlaganna: | kr. a. | |
|---|---|---|
| Til próf. dr. phil. Þorvaldar Thoroddsen... ... ... ... | 2,000 » | |
| Til sjera Matthíasar Jochumssonar ... ... .. ... ... | 2,400 » | |
| Viðbót við eftirl. prestsekkju Ragnh. Jónsdóttur ... ... | 105 40 | |
| — — — — Jakobínu Soffíu Magnúsd. | 59 38 | |
| Til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen ... .. ... ... .. | 300 » | |
| — — Önnu Johnsen.. ... ... ... ... .. ... | 150 » | |
| — — Torfhildar Holm ... ... ... ... ... ... | 360 » | |
| — — Marie Kathrine Jónsson ... ... ... ... | 300 » | |
| — — Bjargar Jónsdóttur.. ... ... ... ... ... | 300 » | |
| — — Valgerðar Þorsteinsdóttur ... ... ... ... | 250 » | |
| — — Magneu Ásgeirsson.. ... ... ... ... ... | 200 » | |
| — — Elinborgar Friðriksdóttur ... ... ... ... | 800 » | |
| — — Ragnhildar Björnsdóttur ... ... ... ... | 300 » | |
| — — Þóru Melsteð... ... ... ... ... ... ... | 600 » | |
| — — Ingunnar Loftsdóttur ... ... ... ... ... | 300 » | |
| — — Bjargar Einarsdóttur ... ... ... .. ... | 300 » | |
| — — Guðrúnar Björnsdóttur ... ... ... ... | 100 » | |
| — Sumarliða pósts .. ... ... ... ... ... ... ... ... | 200 » | |
| — Gísla Eiríkssonar pósts ... ... ... ... ... ... ... | 200 » | |
| — Jóhanns Jónssonar pósts .. ... ... ... ... ... ... | 200 » | |
| — Egils Gunnlaugssonar pósts ... ... ... ... ... ... | 100 » | |
| — Böðvars Jónssonar pósts... ... ... ... ... ... ... | 100 » | |
| — Hjartar Snorrasonar fyrrum skólastjóra og kennara | 500 » | |
| | | 10,124 78 |
| | | 59,674 89 |

# Frumvarp til laga

um

## breyting á 33. gr. í lögum nr. 59, 22. nóvbr. 1907 um fræðslu barna.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

Umsjónarmaður fræðslumála hefur að byrjunarlaunum 3000 kr., en launin hækka um 200 kr. á hverjum 4 ára fresti upp í 4000 kr.

Núverandi umsjónarmaður fær strax hæstu laun.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 59, 22. nóvbr. 1907 um fræðslu barna eru laun umsjónarmanns fræðslumálanna ákveðin 3000 kr. Það er afar mikils um vert fyrir alþýðufræðslumál landsins, að í þessa stöðu veljist verulega fær maður, en til þess að vissa sje fyrir því að stjórnin eigi völ á slíkum manni, virðist nauðsynlegt, að þetta starf sje ekki miður launað en heldri kennaraembætti landsins. Laun forstöðumanns kennaraskólans er eftir lagafrumvarpi, sem lagt verður fyrir næsta alþingi, sett 2400 kr. hækkandi upp í 3000 kr. auk leigulauss bústaðar, ljóss og hita. Eftir því sem húsaleiga er nú orðin hjer í bænum verða þessi hlunnindi ekki metin minna en 1000 kr. virði. Í öðru frumvarpi sem lagt verður fyrir þingið eru laun kennaranna við menntaskólann sett 2400 kr. hækkandi upp í 3600 kr. Með tilliti til þessara launa virðist hæfilegt að laun umsjónarmannsins geti hækkað upp í 4000 kr.

Sá maður, sem nú hefur starf þetta á hendi, er sem kunnugt er, nú búinn að vinna að fræðslumálum þessa lands um 30 ár, 26 ár sem forstöðumaður gagnfræðaskólans í Flensborg og 5 ár í núverandi stöðu sinni. Hann hefir allan þennan tíma látið sjer mjög annt um alþýðufræðsluna, ritað greinar um það mál í blöð og tímarit, fyrstur manna vakið eftirtekt á kennslu í skólaiðnaði, og barist fyrir kennaramenntun. Síðan hann tók við umsjónarmannsstarfinu hefir hann verið ritstjóri Skólablaðsins og lagt í það mikla vinnu endurgjaldslaust.

Vegna þessa langa starfa umsjónarmannsins finnst stjórnarráðinu ástæða til þess, ekki síst þar sem hann hefir fyrir mikilli fjölskyldu að sjá og efnahagur hans er þröngur, að leggja það til að hann frá 1. jan. 1914 fái hæstu laun, sem þessum starfa eru lögð.

# Frumvarp til laga

um

## samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

| I. Tekjur: | Áætlun. kr. a. | Reikningur. kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 100,000 00 | 106,029 98 |
| 2. Húsaskattur | 24,000 00 | 27,120 95 |
| 3. Tekjuskattur | 46,000 00 | 61,718 42 |
| 4. Aukatekjur | 100,000 00 | 125,550 83 |
| 5. Erfðafjárskattur | 6,000 00 | 10,538 56 |
| 6. Vitagjald | 40,000 00 | 72,357 25 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 10,000 00 | 12,205 35 |
| 8. Útflutningsgjald | 240,000 00 | 321,656 09 |
| 9. Áfengistollur | 560,000 00 | 505,148 28 |
| 10. Tóbakstollur | 360,000 00 | 415,857 43 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 700,000 00 | 860,538 25 |
| 12. Annað aðflutningsgjald | 50,000 00 | 60,158 74 |
| 13. Gjöld af innlendri vindlagerð og bittergerð | » » | 5,777 20 |
| 14. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veitingu áfengra drykkja | 25,000 00 | 23,200 00 |
| 15. Pósttekjur | 160,000 00 | 207,069 08 |
| 16. Símatekjur | 155,000 00 | 219,328 32 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka | 26,000 00 | 24,126 98 |
| 18. Óvissar tekjur | 36,000 00 | 72,108 29 |
| 19. Tekjur af jarðeignum landssjóðs | 42,000 00 | 45,338 57 |
| 20. Tekjur af kirkjum | 130 00 | 207 38 |
| 21. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli | 3,200 00 | 22,237 20 |
| 22. Tekjur af ræktunarsjóði Íslands | » » | 14,277 05 |
| 23. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs | 87,000 00 | 102,167 97 |
| 24. Tekjur af láni landssjóðs til Landsbankans | 15,000 00 | 15,000 00 |
| 25. Leigur af innstæðufje í bönkum og af bankavaxtabrjefum | 16,000 00 | 31,921 83 |
| 26. Það sem greitt er frá prestaköllum | 4,000 00 | 6,171 23 |
| Flyt . . | 2,805,330 00 | 3,367,811 23 |

| | Áætlun. | Reikningur. |
|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. |
| Flutt . . | 2,805,330 00 | 3,367,811 23 |
| 27. Endurgjald skyndilána til embættismanna . . . . . | 1,200 00 | 1,874 76 |
| 28. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . . . . | » » | 30.418 61 |
| 29. Greitt úr ríkissjóði Danmerkur . . . . . | 120,000 00 | 120,000 00 |
| 30. Innkomið fyrir seld bankavaxtabrjef 1911 . . . . . | » » | 501,864 87 |
| Samtals . . | 2,926,530 00 | 4,021,969 47 |

| II. Útgjöld: | Fjárveiting. | Reikningar. |
|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. |
| 1. Til greiðslu vaxta og afborgana af láni landssjóðs úr ríkissjóði Danmerkur . . . . . | 105,333 33 | 104,666 68 |
| 2. Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins. . . . . | 100,000 00 | 99,034 11 |
| 3. Til alþingis og til yfirskoðunar landsreikninganna . . . . . | 61,600 00 | 85,302 03 |
| 4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn o. fl. | | |
| A. Dómgæzla og lögreglustjórn . . . . . | 172,630 00 | 171,166 07 |
| B. Ýmisleg útgjöld . . . . . | 45,300 00 | 74,317 04 |
| 5. Til útgjalda við læknaskipunina . . . . . | 298,050 00 | 288,607 25 |
| 6. Til samgöngumála: | | |
| A. Til útgjalda við póststjórnina . . . . . | 204,400 00 | 225,631 57 |
| B. Til vegabóta . . . . . | 246,300 00 | 241,905 74 |
| C. Til gufuskipaferða . . . . . | 198,000 00 | 198,900 00 |
| D. Til ritsíma og talsíma. . . . . | 256,300 00 | 317,009 16 |
| E. Til vita . . . . . | 82,227 00 | 73,866 69 |
| 7. Til kirkju- og kenslumála: | | |
| A. Í þarfir andlegu stjettarinnar . . . . . | 92,200 00 | 136,163 82 |
| B. Til kenslumála . . . . . | 409,840 00 | 482,237 89 |
| 8. Til vísinda og bókmenta . . . . . | 145,320 00 | 144,675 35 |
| 9. Til verklegra fyrirtækja . . . . . | 439,520 00 | 458,727 34 |
| 10. Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna . . . . . | 5,200 00 | 34,262 98 |
| 11. Til eftirlauna og styrktarfjár . . . . . | 126,220 00 | 128,392 45 |
| 12. Sektir fyrir ólöglegár fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld . . | 6,000 00 | 39,500 43 |
| 13. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum . . . . . | » » | 295,700 91 |
| 14. Tekjuafgangur. . . . . | » » | 421,901 96 |
| Samtals . . | 2,994,440 33 | 4,021,969 47 |

| | | |
|---|---|---|
| Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1911 . . . . . | kr. | 1,661,679 84 |
| Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. . . . . | — | 39,962 09 |
| Peningaforði landssjóðs s. d. . . . . | — | 664,693 24 |

Athugsemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út. Landsreikningarnir fyrir árin 1910 og 1911, er lið fyrir lið þræða fjárlögin, verða jafnframt lagðir prentaðir fyrir þingið og vísast til þeirra að því er snertir nánari sundurliðun á tekjum og útgjöldum. Annars er vísað til eftirfarandi yfirlits.

---

## Yfirlit yfir tekjur og útgjöld á árunum 1910 og 1911.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Ábúðar- og lausafjárskattur | 1910 | kr. | 52,007 32 | | |
| | | 1911 | — | 54,022 66 | kr. | 106,029 98 |
| 2. | Húsaskattur | 1910 | kr. | 13,501 30 | | |
| | | 1911 | — | 13,619 65 | — | 27,120 95 |
| 3. | Tekjuskattur | 1910 | kr. | 30,067 75 | | |
| | | 1911 | — | 31,650 67 | — | 61,718 42 |
| 4. | Aukatekjur | 1910 | kr. | 61,964 19 | | |
| | | 1911 | — | 63,586 64 | — | 125,550 83 |
| 5. | Erfðafjárskattur | 1910 | kr. | 3,606 26 | | |
| | | 1911 | — | 6,932 30 | — | 10,538 56 |
| 6. | Vitagjald | 1910 | kr. | 36,849 10 | | |
| | | 1911 | — | 35,508 15 | — | 72,357 25 |
| 7. | Leyfisbrjefagjöld | 1910 | kr. | 6,337 17 | | |
| | | 1911 | — | 5,868 18 | — | 12,205 35 |
| 8. | Útflutningsgjald | 1910 | kr. | 169,980 50 | | |
| | | 1911 | — | 151,675 59 | — | 321,656 09 |
| 9. | Áfengislollur | 1910 | kr. | 190,080 18 | | |
| | | 1911 | — | 315,068 10 | — | 505,148 28 |
| 10. | Tóbakstollur | 1910 | kr. | 209,484 52 | | |
| | | 1911 | — | 206,372 91 | — | 415,857 43 |
| 11. | Kaffi- og sykurtollur | 1910 | kr. | 428,456 74 | | |
| | | 1911 | — | 432,081 51 | — | 860,538 25 |
| 12. | Annað aðflutningsgjald | 1910 | kr. | 27,412 74 | | |
| | | 1911 | — | 32,746 00 | — | 60,158 74 |
| 13. | Gjald af innlendri vindla- og bittergerð | 1910 | kr. | 3,044 52 | | |
| | | 1911 | — | 2,732 68 | — | 5,777 20 |
| 14. | Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veitingu áfengra drykkja | 1910 | kr. | 11,600 00 | | |
| | | 1911 | — | 11,600 00 | — | 23,200 00 |
| 15. | Pósttekjur | 1910 | kr. | 93,369 40 | | |
| | | 1911 | — | 113,699 68 | — | 207,069 08 |
| 16. | Símatekjur | 1910 | kr. | 101,768 31 | | |
| | | 1911 | — | 117,560 01 | — | 219,328 32 |
| 17. | Tekjur af Íslandsbanka | 1910 | kr. | 12,063 49 | | |
| | | 1911 | — | 12,063 49 | — | 24,126 98 |
| | | | | Flyt | kr. | 3,058,381 71 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Fluttar | kr. | 3,058,381 71 |
| 18. | Óvissar tekjur . . . . . | 1910 | kr. | 32,490 56 | | |
| | | 1911 | — | 39,617 73 | — | 72,108 29 |
| 19. | Tekjur af jarðeignum landssjóðs . . . . . | 1910 | kr. | 24,464 14 | | |
| | | 1911 | — | 20,874 43 | — | 45,338 57 |
| 20. | Tekjur af kirkjum . . . . . | 1910 | kr. | 87 78 | | |
| | | 1911 | — | 119 60 | — | 207 38 |
| 21. | Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli | 1910 | kr. | 22,237 20 | | |
| | | 1911 | — | » » | — | 22,237 20 |
| 22. | Tekjur af ræktunarsjóði Íslands. . . . . | 1910 | kr. | 5,910 33 | | |
| | | 1911 | — | 8,366 72 | — | 14,277 05 |
| 23. | Leigur af innstæðufje viðlagasj. 1910 kr. 49,981 76 | | | | | |
| | Þar með vextir af byggingarsjóði sjer- | | | | | |
| | taldir í LR. . . . . — 7,000 00 | | kr. | 56,981 76 | | |
| | og dragast frá vextir af bankavaxtabrjefum viðlaga- | | | | | |
| | sjóðs . . . . . | | — | 4,860 00 | | |
| | | 1910 | kr. | 52,121 76 | | |
| | Leigur af innstæðu viðlagasjóðs . . . . . | 1911 | — | 50,046 21 | — | 102,167 97 |
| 24. | Tekjur af seðlaláni landsbankans . . . . . | 1910 | kr. | 7,500 00 | | |
| | | 1911 | — | 7,500 00 | — | 15,000 00 |
| 25. | Leigur af innstæðufje í bönkum og af bankavaxta- | | | | | |
| | brjefum. . . . . | 1910 | kr. | 21,736 81 | | |
| | Þar við bætast vextir af bankavaxtabrjefum við- | | | | | |
| | lagasjóðs, sbr. 23. lið . . . . . | | — | 4,860 00 | | |
| | | | kr. | 26,596 81 | | |
| | Sömu tekjur . . . . . | 1911 | kr. | 5,325 02 | — | 31,921 83 |
| 26. | Það sem greitt er frá prestaköllum . . . . . | 1910 | kr. | 3,375 24 | | |
| | | 1911 | — | 2,795 99 | — | 6,171 23 |
| 27. | Endurgjald skyndilána til embættismanna . . | 1910 | kr. | 671 78 | | |
| | | 1911 | — | 1,202 98 | — | 1,874 76 |
| 28. | Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . | 1910 | kr. | 11,136 85 | | |
| | | 1911 | — | 19,281 76 | — | 30,418 61 |
| 29. | Greitt úr ríkissjóði Danmerkur . . . . . | 1910 | kr. | 60,000 00 | | |
| | | 1911 | — | 60,000 00 | — | 120,000 00 |
| 30. | Innkomið netto fyrir seld bankavaxtabrjef 1911, sbr. skilagrein fyrir | | | | | |
| | láni samkv. lögum nr. 14. $^{9}/_{7}$ 1909 (Landsreikn. 1911, bls. 72) . . . . . | | | | — | 501,864 87 |
| | | | | | Kr. | 4,021,969 47 |

## II. Útgjöld:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Til greiðslu vaxta og afborgana af láni landssjóðs úr ríkissjóðis- | | | | | |
| | sjóði Danmerkur . . . . . | 1910 | kr. | 53,000 01 | | |
| | | 1911 | — | 51,666 67 | kr. | 104,666 68 |
| | | | | Flyt | kr. | 104,666 68 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Flutt | kr. | 104,666 68 |
| 2. | Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins . | 1910 | kr. 49,994 15 | | |
| | | 1911 | — 49,039 96 | — | 99,034 11 |
| 3. | Til alþingis og yfiskoðun landsreikninganna . | 1910 | kr. 10,114 73 | | |
| | | 1911 | — 75,187 30 | — | 85,302 03 |
| 4. | Til útgjalda við dómgæzlu lögreglustjórn o. fl.: | | | | |
| | A. Dómgæzla og lögreglustjórn . . . . . | 1910 | kr. 87,808 95 | | |
| | | 1911 | — 83,357 12 | — | 171,166 07 |
| | B. Ýmisleg útgjöld . . . . . | 1910 | kr. 37,068 62 | | |
| | | 1911 | —. 37,248 42 | — | 74,317 04 |
| 5. | Til útgjalda við læknaskipunina . . . . . | 1910 | kr. 143,342 98 | | |
| | | 1911 | — 145,264 27 | — | 288,607 25 |
| 6. | Til samgöngumála: | | | | |
| | A. Til útgjalda við póststjórnina. . . . . | 1910 | kr. 113,091 60 | | |
| | | 1911 | — 112,539 97 | — | 225,631 57 |
| | B. Til vegabóta . . . . . | 1910 | kr. 159,482 99 | | |
| | | 1911 | — 82,422 75 | — | 241,905 74 |
| | C. Til gufuskipaferða . . . . . | 1910 | kr. 105,800 00 | | |
| | | 1911 | — 93,100 00 | — | 198,900 00 |
| | D. Til ritsíma og talsíma . . . . . | 1910 | kr. 164,404 06 | | |
| | | 1911 | — 152,605 10 | — | 317,009 16 |
| | E. Til vita . . . . . | 1910 | kr. 42,052 35 | | |
| | | 1911 | — 31,814 34 | — | 73,866 69 |
| 7. | Til kirkju- og kenslumála: | | | | |
| | A. Í þarfir andlegu stjettarinnar . . . . . | 1910 | kr. 67,683 93 | | |
| | | 1911 | — 68,479 89 | — | 136,163 82 |
| | B. Til kenslumála . . . . . | 1910 | kr. 208,923 23 | | |
| | | 1911 | — 273,314 66 | — | 482,237 89 |
| 8. | Til vísinda og bókmenta . . . . . | 1910 | kr. 77,594 53 | | |
| | | 1011 | — 67,080 82 | — | 144,675 35 |
| 9. | Til verklegra fyrirtækja . . . . . | 1910 | kr. 270,425 05 | | |
| | | 1911 | — 188,302 29 | — | 458,727 34 |
| 10. | Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna | 1910 | kr. 13,672 57 | | |
| | | 1911 | — 20,590 41 | — | 34,262 98 |
| 11. | Til eftirlauna og styrktarfjár . . . . . | 1910 | kr. 64,054 28 | | |
| | | 1911 | — 64,338 17 | — | 128,392 45 |
| 12. | Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld . . . . . | 1910 | kr. 26,030 91 | | |
| | | 1911 | — 13,469 52 | — | 39,500 43 |
| 13. | Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjáraukalögum | 1910 | kr. 74,106 95 | | |
| | Skaði á vöxtum af láninu 1909. . . . . | | — 9,249 19 | | |
| | | 1911 | — 212,344 77 | — | 295,700 91 |
| | | | Flyt | kr. | 3,600,067 51 |

Flutt kr. 3,600,067 51

14. Tekjuafgangurinn kemur út á þennan hátt:

| | | |
|---|---|---|
| Allar tekjurnar urðu, að meðtöldu fje fyrir seld bankavaxtabrjef | kr. | 4,021,969 47 |
| og öll útgjöldin | — | 3,600,067 51 |
| Tekjuafgangur | kr. | 421,901 96 |

sem er tekinn upp í frumvarpið.

Samtals kr. 3,600,067 51

# Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

## árin 1910 og 1911.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1910 og 1911 veitast kr. 120,664,30 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. fjárlaganna veitast 3,744 kr. 50 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við tölulið 5. | Aðstoðar- og skrifstofukostnaður: | | | | |
| | árið 1910 | kr. | 1199,85 | | |
| | — 1911 | — | 1550,35 | kr. | 2750,20 |
| — — 7. | Viðhald á stjórnarráðshúsinu | | | — | 994,30 |
| | | | | kr. | 3744,50 |

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna veitast 2,193 kr. 93 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við A. 3. | Hegningarhúsið í Reykjavík: | | | | |
| | árið 1910 | kr. | 956,62 | | |
| | — 1911 | — | 29,26 | kr. | 985,88 |
| Við B. 6. | Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum útlendinga: | | | | |
| | árið 1910 | kr. | 661,55 | | |
| | — 1911 | — | 546,50 | — | 1208,05 |
| | | | | kr. | 2193,93 |

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna veitast 11,529 kr. 12 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við 6. lið. | Geðveikrahælið á Kleppi: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 1745,70 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... ... | — | 2249,00 | kr. | 3994,70 |
| Við 7. lið. | Heilsuhælið ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 3333,33 |
| Við 9. lið c. og d. | Nám yfirsetukvenna: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... | kr. | 3338,64 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... | — | 641,96 | — | 3980,60 |
| Við 9. lið g. | Sótthreinsunarofn á Akureyri ... ... ... ... ... | | | — | 220,49 |
| | | | | kr. | 11529,12 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. fjárlaganna veitast 34,671 kr. 51. au.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við A. 1. c.: | árið 1910 ... ... ... | kr. | 405,00 | | |
| Við A. 1. c.: | — 1911 ... ... ... | — | 760,00 | kr. | 1165,00 |
| Við A. 2. | Póstflutningur 1910 og 1911 ... ... ... | | | — | 12000,00 |
| Við aðra liði til póststjórnar: | | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... | kr. | 2738,99 | | |
| | — 1911 ... ... ... | — | 2693,71 | — | 5432,70 | kr. | 18597,70 |
| Við B. II. | Flutningabrautir og viðhald ... ... | kr. | 2683,56 | | |
| Við B. III. | Þjóðvegir ... ... ... ... ... ... | — | 334,10 | — | 3017,66 |
| Við D. II. | Til nýrra talsímalagninga o. fl.: | | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... | kr. | 2274,97 | | |
| | — 1911 . ... ... ... | — | 1695,68 | kr. | 3970,65 |
| Við D. III. | Starfræksla landsíma: | | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... | kr. | 305,07 | | |
| | — 1911 . ... ... ... | — | 2274,61 | — | 2579,68 |
| Við D. | Aðrir liðir einkum V. og VI.: | | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... | kr. | 3120,38 | | |
| | — 1911 . ... ... ... ... | — | 956,80 | — | 4077,18 | — | 10627,51 |
| Við E. | Vitar: | | | | |
| | árið 1910 . .. ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 1367,55 | | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... | — | 1061,09 | — | 2428,64 |
| | | | | kr. | 34671,51 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. fjárlaganna veitast 15,179 kr. 92 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við B. IV. | Hinn almenni mentaskóli: | | | | |
| | Við c. 3. Árið 1910 ... ... ... ... | kr. | 1693,46 | | |
| | Við c. 5. — 1910 ... ... ... ... | — | 1331,25 | | |
| | Við c. 5. — 1911 ... ... ... ... | — | 1754,50 | kr. | 4779,21 |
| | | | | Flyt | kr. 4479,21 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Flutt | kr. | 4779,21 |
| Við B. V. | Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | | |
| | Við b. 2. Árið 1910 ... | kr. 761,45 | | | | |
| | Við b. 2. — 1911 ... | — 495,98 | kr. | 1257,43 | | |
| | Við b. 3. — 1910 ... | kr. 381,49 | | | | |
| | Við b. 3. — 1911 ... | — 1656,00 | — | 2037,49 | | |
| | Við b. 5. — 1910 ... | kr. 284,92 | | | | |
| | Við b. 5. — 1911 ... | — 297,75 | — | 582,67 | — | 3877,59 |
| Við B. VI. | Kennaraskólinn: | | | | | |
| | Við b. 2. Árið 1910 ... | kr. 105,63 | | | | |
| | Við b. 2. — 1911 ... | — 238,95 | kr. | 344,58 | | |
| | Við b. 5. — 1910 ... | kr. 1063,53 | | | | |
| | Við b. 5. — 1911 ... | — 468,44 | — | 1531,97 | — | 1876,55 |
| Við B. VII. | Stýrimannaskóli: | | | | | |
| | Við b. 1. Árið 1911 ... ... ... ... | | kr. | 183,50 | | |
| | Við b. 4. — 1910 ... | kr. 350,06 | | | | |
| | Við b. 4. — 1911 ... | — 266,94 | — | 617,00 | — | 800,50 |
| Við B. VIII. k. | Kensla heyrnar- og málleysingja: | | | | | |
| | Árið 1910 ... ... ... ... ... ... | | kr. | 1772,68 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... | | — | 1664,34 | — | 3437,02 |
| Við B. IX. b. | Sundkensla: | | | | | |
| | Árið 1910 ... ... .. ... ... .. | | kr. | 297,91 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... | | — | 111,14 | — | 409,05 |
| | | | | | kr. | 15179,92 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 5598 kr. 64 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við 1. h. | Prentun ritaukaskrár 1910 ... ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 314,25 |
| Við 2. d. | Skrá yfir skjalasafnið (endurveiting) . ... ... ... ... | | | — | 500,00 |
| Við 5. | Safnhúsið: | | | | |
| | Eldiviður, áhöld o. fl. 1910 ... ... ... | | kr. | 2132,31 | |
| | — — — 1911 ... ... ... | | — | 1627,08 | 3759,39 |
| Við 9. | Sýslubókasöfn o. fl.: | | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | kr. | 530,00 | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | — | 300,00 | — 830,00 |
| Við 30. | Útgáfa dómasafns: | | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | kr. | 180,00 | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | — | 15,00 | — 195,00 |
| | | | | kr. | 5598,64 |

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. fjárlaganna veitast 29,086 kr. 20 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við 1. | Bændaskólinn á Hólum: | | | | |
| | Við c. 3. Árið 1910 ... ... | kr. 444,50 | | | |
| | Við c. 3. — 1911 ... ... | — 240,40 | kr. | 684,90 | |
| | Við c. 5. — 1910 ... ... | kr. 1233,23 | | | |
| | Við c. 5. — 1911 .. ... | — 863,79 | — | 2097,02 | |
| | Við c. 6. Árið 1910 ... ... | kr. 8527,04 | | | |
| | Við c. 6. — 1911 ... ... | — 9590,32 | — | 18117,36 | |
| | Við aðra liði árið 1911 . ... ... ... ... | | — | 433,06 | kr. 21332,34 |
| Við 2. | Bændaskólinn á Hvanneyri: | | | | |
| | Við c. 6. Árið 1910 ... ... ... ... ... | | kr. | 580,42 | |
| | Við c. 6. — 1911 ... ... ... ... ... | | — | 7173,44 | — 7753,86 |
| | | | | | kr. 29086,20 |

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin i 19. gr. fjárlaganna veitast 1778 kr. 27 aurar.

| | |
|---|---|
| Hálfur kostnaður við ransókn Landsbankans ... ... ... ... ... | kr. 878,27 |
| Greitt fyrir undirbúning á siglingarlögunum ... ... ... ... ... | — 600,00 |
| Styrkur til 2 íslenskra stúlkna til handavinnunáms hjá Kunstflids-foreningens Friundervisning í Khöfn (endurveiting) ... ... | — 300,00 |
| | kr. 1778,27 |

10. gr.

Sem viðbót við gjöld samkvæmt fjáraukalögum nr. 10, 11. júlí 1911 fyrir árin 1910 og 1911 veitast 14906 kr. 49 aurar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við 4. gr. | Tvöföld símalína milli Reykjavíkur og Borðeyrar... ... ... .. ... ... ... | kr. | 328,06 | |
| Við 4. gr. | Sömuleiðis milli Akureyrar og Sauðárkróks... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1077,88 | kr. 1405,94 |
| Við 5. gr. | Háskóli Íslands: | | | |
| | a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 9100,00 | |
| | b. Ýmisleg útgjöld... ... ... ... ... | — | 4043,53 | — 13143,53 |
| Við 5. gr. | Akureyrarskóli, málun m. m. ... ... ... ... ... ... | | | — 100,08 |
| Við 5. gr. | Kvennaskóli, aðgerð ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — 190,35 |
| Við 5. gr. | Stýrimannaskóli, aðgerð ... ... ... ... .. ... ... | | | — 66,59 |
| | | | | kr. 14906,49 |

11. gr.

Til hitaleiðslu í pósthúsinu í Reykjavík veitast kr. 1975,72.

---

Á s t æ ð u r

fyrir lagafrumvarpi þessu eru í Landsreikningunum 1910 og 1911, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þá reikninga, og svörum stjórnarinnar upp á þær athugasemdir.

# Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

**árin 1912 og 1913.**

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913 veitast kr. 135891,26 til gjalda þeirra sem tilfærð eru í 2.—8. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast kr. 825,00.

Við A. 3. Til viðgerðar þinghússins á Seyðisfirði ... ... ... ... kr. 700,00
Á eftir A. 4. komi nýr liður, er verði 5. liður:
Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Strandasýslu... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 125,00
kr. 825,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (Læknaskipun) veitast kr. 4201,50.

Við 8. B. Til að mála að utan geðveikrahælið á Kleppi ... ... kr. 600,00
Við 9. Til að kaupa Röntgensáhöld handa Vífilsstaðahæli ... — 3000,00
Við 10. lið (nýr liður):
Aðgerð á sóttvarnarhúsinu á Akureyri ... ... ... ... — 601,50
kr. 4201,50

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (Samgöngumál) veitast kr. 88207, 33.

Við A. Til viðbótarbyggingar við pósthúsið ... ... ... ... ... kr. 65000,00
Við B. II. 3. Reykjadalsbraut ... ... ... ... ... ... ... ... — 10000,00
Við B. II. Til steinsteypubrúar á Steinslæk í Holtum $^2/_3$ hlutar kostnaðarins... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 1146,11
Flyt kr. 76146,11

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fluttar kr. | 76146,11 |
| Við B. XII. (nýr liður): | | | |
| | Til fyrirhleðslu við Holtsá ... ... ... ... ... ... | — | 2547,56 |
| Við D. | Til endurgreiðslu á tillagi til símalínu frá Selfossi að Eyrarbakka .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 3000,00 |
| | Til endurgjalds á sýslutillagi til Patreksfjarðarsímans ... | — | 5000,00 |
| Við E. VII. | Til vitavarðarbústaðar á Siglunesi ... ... ... ... | — | 713,66 |
| Við E. XVII. | Til brunngraftar við Garðskagavita . ... ... ... | — | 800,00 |
| | | kr. | 88207,33 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (Kirkju og kennslumál) veitast kr. 16488.05.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. b. 5. | Álag á Staðastaðarkirkju ... ... ... ... ... ... | kr. | 1110,05 |
| Við B. I. | Til þess að kaupa Röntgensáhöld handa læknadeild háskólans ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 5000,00 |
| — - - | Til hr. A. Courmont í viðurkenningarskyni fyrir kennslu hans í frakkneskri tungu og bókmentum skólaárin 1911—1913 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1440,00 |
| — B. III. b. 1. | Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til aðgerðar á skólahúsinu .. ... ... ... ... | — | 8188,00 |
| — B. IV. b. 2. | — aukakenslu við kennaraskólann ... ... | — | 750,00 |
| | | kr. | 16488,05 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. (Vísindi og bókmentir) veitast kr. 4,553,33.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. c. (nýr liður): | | | |
| | Aðstoð við Landsbókasafnið . ... ... ... ... ... ... | kr. | 1053,33 |
| — 49. (nýr liður): | | | |
| | Styrkur til að sækja olympisku leikina í Stokkhólmi 1912 | — | 2500,00 |
| | Til kvennrjettindafjelags Íslands, styrkur til þess að senda fulltrúa á alþjóðamót í Budapest í júní þ. á. um kosningarrjett kvenna ... ... ... ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | | kr. | 4553,33 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (Til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 15,541,25.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. | Bændaskólinn á Hólum: Endurbætur á gamla skólahúsinu ... .. ... ... ... | kr. | 782,98 |
| | Til trjesmíðakennslu .. ... ... ... ... ... ... .. ... | — | 500,00 |
| — 2. | Bændaskólinn á Hvanneyri: Viðbótarstyrkur til að reisa leikfimishús ... ... ... ... | — | 3258,27 |
| — 30. | Ferðastyrkur til Sigurgeirs Einarssonar til að kynnast ullarþurkun í Englandi og Þýskalandi ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | | Flyt kr. | 5,541,25 |

Fluttar kr. 5541,25

Við 54 (nýr liður):

Til að mæla innsigling á Gilsfjörð (endurveiting)... ... kr. 10000,00

kr. 15541,25

8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. veitist 420 kr.

Til ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla, frá 1. nóv. 1912 að telja, 30 kr. á mánuði ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 420,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (Óviss útgjöld) veitast kr. 5654,80.

1. Ferðakostnaður nokkurra þingmanna á fund í Reykjavík í desember 1912 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 654,80
2. Til endurgreiðslu á vörugjaldi af kolum, sem þau af skipum Hins sameinaða gufuskipafjelags, sem halda uppi umsömdum millilandaferðum samkvæmt 10 ára samningi, gerðum árið 1909, taka á Íslandi eftir 1. jan. 1913, eftir reikningi alt að kr. 5000,00

kr. 5654,80

3. Stjórninni veitist heimild til að selja hið gamla prestaskólahús ásamt lóð fyrir það verð sem 2 dómkvaddir menn meta. Andvirðið renni í Byggingarsjóð.
4. Stjórninni veitist heimild til að lána Stokkseyrarhreppi og Eyrarbakkahreppi úr landssjóði kr. 4,650,00, til þess að bæta skemdir á sjógarðinum frá Óseyri austur fyrir Stokkseyri. Lánið ávaxtist með 4½% á ári, og afborgist á 15 árum með jöfnum afborgunum.
5. Stjórninni veitist heimild til að veita viðtöku til viðhalds á landsjóðs kostnað skipbrotsmannaskýli í Máfabót í Hörgslandi sem reist verður í sumar, með stikum frá húsinu til bygða.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913, 20. gr., er gert ráð fyrir tekjuhalla að upphæð ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 446,000

Við þetta bætist:

1. Vantalið í 8. gr. til útgjalda vextir og afborganir af láninu frá 1909, umfram það, sem bankavaxtabrjefin gefa í aðra hönd ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. c. — 110,000
2. Aukaþingskostnaðurinn 1912 ... . . ... ... ... ... ... — 36,600
3. Útgjöld samkvæmt nýjum lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum, útborgað 1912 ... ... ... .. ... ... ... ... — 109,000

kr. 701,600

Það væri því naumast fært að bæta ennþá meiri útgjöldum á þetta fjárhagstímabil, nema sennilegar líkur væru fyrir því, að tekjurnar reynist eigi aðeins jafnar þessari upphæð heldur og talsvert meira fram yfir áætlunina.

Alls eru tekjur fjárhagstímabilsins áætlaðar í fjárlögunum fyrir 1912 og 1913 kr. 2,887,400. En eftir því sem næst verður komist þegar þetta er ritað hafa tekjur árið 1912 (að frádregnum innborgunum frá láninu 1909 og afborgunum af útlánum viðlagasjóðs) numið ... ... ... ... ... ... kr. 2,009,700
Komi ekki óvænt óhöpp fyrir, þykir mega vænta þess, að tekjurnar 1913 verði ekki lægri en stjórnin í fjárlagafrumvarpi sínu áætlar tekjurnar fyrir 1914 ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 1,853,300
Samtals: kr. 3,863,000
Sje hjer frá dregin áætlunar upphæðin ... ... ... ... ... ... — 2,887,400
koma út tekjur umfram áætlun ... ... ... ... ... ... ... kr. 975,600
eða kr. 274000 umfram ofangreindan tekjuhalla.

Árið 1912 urðu gjöldin, eftir því sem næst verður komist nú, þegar þetta er ritað, um 1,972,600 krónur og eru í þeirri útgjaldaupphæð innifaldar ýmsar greiðslur, um 12000 kr. sem heimildar er leitið til í þessum fjáraukalögum. Ennfremur eru þar í ýms gjöld, sem ekki koma aftur síðara árið, svo sem 45150 kr. fyrir Vestmanneyjasímann o. fl., og má því ætla, að útgjöldin fyrir árið 1913, sem í fjárhagsáætluninni er talin um 130,000 kr. lægri en fyrir árið 1912, verði í raun talsvert lægri heldur en þau reyndust 1912, þannig að nægilegt sje að ætla árinu 1913 140--150 þús. kr. aukaútgjöld umfram fjárlagaveitingar, þótt þær árið 1912 yrðu um 240 þúsund umfram það er fjárlögin greina. Útkoman yrði þá þannig:

| | Áætlun: | Reikningur: | Samtals: |
|---|---|---|---|
| Tekjur: | | | |
| Árið 1912 ... ... ... ... ... | 2,887,400 | 2,009,700 | |
| Árið 1913 ... ... ... ... ... | | 1,853,300 | 3,864,000 |
| Gjöld: | | | |
| Árið 1912 ... ... ... ... ... | 1,733,000 | 1,972,580 | |
| Árið 1913 ... ... ... ... ... | 1,600,000 | 1,750,000 | 3,722,580 |
| | | Eftir kr. | 141420 |

sem þá má ráðstafa í þessum fjáraukalögum.

Um einstakar greinar skal að öðru leyti tekið fram það, er nú skal greina:

### Við 2. gr.

Sýslumaðurinn í Strandasýslu hefir eigi enn fengið eldfastan peningaskáp og hefir hann því farið fram á að fá slíka hirslu. Þó landssjóður hafi eigi miklar tekjur af þessari sýslu í samanburði við ýmsar aðrar sýslur, þá eru þær þó svo miklar, að óforsvaranlegt virðist að láta sýslumann vera skáplausan, auk þess sem eins mikil nauðsyn er á skáp til að geyma embættisbækur og áríðandi skjöl þar, eins og í öðrum sýslum, það er því farið fram á 125 kr. í þessu skyni.

Við 3. gr.

Við 8. B. Læknirinn við geðveikrahælið á Kleppi hefir tjáð stjórninni að eigi megi lengur dragast að mála hælið að utan, og er áætlað að það muni kosta 600 krónur. Stjórnin verður að telja nauðsynlegt, að verkið verði unnið í sumar, og fer því fram á þessa fjárveitingu.

Við 9. Yfirstjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum hefir samkvæmt tilmælum læknisins farið fram á, að fá 3000 króna styrk til þess að kaupa Röntgensáhöld til hælisins; telur læknirinn slík áhöld alveg nauðsynleg við nýa lækningaaðferð, sem farið er að reyna við sjúklinga með lungnatæringu, og sem gefist hefir mjög vel. Það er svo kölluð *Pnevmothorax*-meðferð, eða loftinnblástur í lungnapokann til þess að þrýsta saman hinu sjúka lunga. Stjórnarráðið verður að telja það nauðsynlegt, að hælið eigi slík áhöld, því þó þau verði til í Reykjavík, koma þau að litlu liði á Vífilsstöðum, þar sem þarf að nota þau daglega við ransókn sjúklinga, og mælir því eindregið með þessari fjárveitingu. Að áhöldin verði ódýrari handa hælinu en háskólanum stafar af því, að í hælinu er til hreifiafl (rafmagnsvjelar) sem þarf að kaupa sjerstaklega handa háskólanum.

Við 10. lið. Aðgerð á sóttvarnarhúsinu á Akureyri.

Hjeraðslæknirinn á Akureyri tjáði stjórninni sumarið 1912, að nauðsynlegt væri að gera við þakið á sóttvarnarhúsinu á Akureyri, að veita vatni í húsið og leggja skólpræsi frá því, og var svo áætlað að kostnaður við þetta yrði kr. 480,00. Með því að Stjórnarráðið varð að viðurkenna nauðsyn til þessara framkvæmda, þá veitti það samþykki til þess, að verja mætti fyrnefndri upphæð í þessu skyni. en er reikningur kom fyrir verkinu hljóðaði hann upp á kr. 651,50. Stjórninni þótti þó eigi ástæða til að borga 50 kr. af þessari upphæð, og er því farið fram á fjárveitingu að upphæð kr. 601,50.

Við 4. gr.

Við A. Viðbótarbygging við pósthúsið.

Þegar landsímanum var fengið húsnæði uppi á loftinu í pósthúsinu haustið 1906, var það þegar auðsætt, að plássið var mjög af skornum skamti, bæði fyrir símann og póstafgreiðsluna, en síðan hefir hvorttveggja aukist svo mjög, að óhjákvæmilegt er að auka húsrúmið, og það sem allra fyrst. Landsímanum er ómögulegt framvegis að komast af með það húspláss, sem hann hefir, og á hinn bóginn illgerandi, að flytja hann að nokkru leyti í annað hús. Frá pósthúsinu er ekki hægt að taka meira húsnæði, því það er líka í húsnæðishraki, og hefir orðið að leigja húsnæði undir afgreiðslu bögglapósts úti í bæ. Það er því eigi annars úrkostar en að byggja við pósthúsið, enda er nægileg lóð til þess. Hefir herra Rögnvaldi Ólafssyni verið falið að gera uppdrátt að viðbótarbyggingu í samráði við póstmeistara og landsímastjóra. Ætlast hann til að viðbótin komi í horninu við Pósthússtræti og Austurstræti, og sje um 28 ál. á lengd með Pósthússtræti, en 34 al. löng fram með Austurstæti en á breidd á húsið að vera 20 álnir. Það á að vera úr steinsteypu bæði útveggir og flestir innveggir, og kostar vel vandað með lýsingar og hitunarfærum, vatns-

æðum, skólpæðum og tveimur vatnssalernum 65000 krónur. Áætlun og teikning af viðbyggingunni verður lögð fyrir alþingi.

Við B II. 3. Eftir áætlun landsverkfræðings Jóns Þorlákssonar vantar um 25 þúsund kr. til þess að fullgera Reykjadalsbraut, og hafði stjórnin ætlað sjer að leggja það til, að sú upphæð yrði veitt á næsta fjárhagstímabili, svo brautin yrði fullger árið 1915. En nú hefir sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu í tveimur erindum farið þess á leit, að veittar verði til brautarinnar 10000 kr. á fjáraukalögum, svo brautin geti orðið fullgerð árið 1914. Telur sýslunefndin að ef sú upphæð fáist nú, verði brautinni komið svo langt áleiðis næsta sumar, að aka mætti allþungum ækjum alla leið að Einarsstöðum, og álítur hún það mjög áríðandi, að sem fyrst verði hægt að fara að nota kerrur alla þá leið. Landsverkfræðingurinn er því meðmæltur, að beiðni þessari sje sint, og verður stjórnin einnig eftir atvikum að telja það æskilegt, að flýta verkinu á þenna hátt; verður brautin þá fullger árið 1914.

Við B II. Á síðastliðnu sumri kom það í ljós, að trjebrúin yfir Steinslæk í Holtum á flutningabrautarkafla þeim, sem afhentur var til viðhalds haustið 1909, var orðin svo fúin, að annaðhvort þurfti hún gagngerða aðgerð, eða hana varð að endurbyggja. Eftir tillögum landsverkfræðingsins varð það úr, að brúin var bygð af nýju úr járnbendri steinsteypu, og mælir verkfræðingurinn með því, að $^2/_3$ hlutir kostnaðarins verði greiddir úr landssjóði.

A flutningabrautum þeim, sem nú er verið að leggja, og eftirleiðis verða lagðar, verða allar brýr bygðar úr steypu eða járni, og þannig afhentar sýslufjelögunum til viðhalds. Það hlýtur þannig að koma fram misrjetti milli þeirra sýslufjelaga, sem fá þannig lagaðar brýr á flutningabrautum og hinna sem hafa trjebrýr, og það misrjetti verður eigi hafið nema með því, að landssjóður leggi fram drjúga hjálp við endurbyggingu slíkra brúa. Stjórnarráðið er samdóma verkfræðingnum um, að hæfilegt sje, að landssjóður leggi fram $^2/_3$ kostnaðarins, og verði það samþykt á alþingi í sumar, verður það skoðað sem bindandi fordæmi síðar. Þessi brú kostaði kr. 1719,17, og er því farið fram á kr. 1146,11 aura fjárveiting.

Við B. XII. Til fyrirhleðslu við Holtsá.

Sumarið 1911 barst stjórnarráðinu erindi frá sóknarprestinum að Holti undir Eyjafjöllum, Kjartani prófasti Einarssyni, þess efnis, að staðurinn með hjáleigum og margar kirkjujarðir lægi undir yfirvofandi hættu af Holtsá, þó hann hefði þá kostað til fyrirhleðslu í ána svo þúsundum króna skifti, fór hann þess því á leit, að verkfræðingur landsins yrði látinn skoða Holtsá og gera tillögur um, hvernig mætti varna skemdum af völdum árinnar, og áætlun um hve mikið það mundi kosta. Eftir tillögum prófasts var þó ransókn frestað til vors 1912, og þá framkvæmd af landsverkfræðing Jóni Þorlákssyni. Gerir hann ráð fyrir, að til þess að girða alveg fyrir skemdirnar, þurfi að gera garð meðfram ánni 1370 metra á lengd, er kosti kr. 6,400, en byrja megi þó með minni kafla af garðinum, er kosti 2700 kr. Þar sem hjer var um opinberar eignir að ræða, taldi stjórnin sjer skylt, upp á væntanlegt samþykki alþingis, að leggja fram þá upphæð sem með þyrfti, til þess að varna skemdum, að frádregnum 300 kr. sem bændur lofuðu að leggja fram í vinnu.

Verkið var unnið í síðastliðnum septembermánuði, og kostaði að frádreginni vinnu bænda kr. 2547,56, sem leitað er aukafjárveitingar á.

Við D. Með lögum frá síðasta alþingi nr. 25, 22. okt. 1912 var línan Reykjavík—Ölfusá—Vestmanneyjar sett í 1. flokk, sem landssjóður kostar að öllu leyti, en þegar þessi lína var bygð, þá var samkvæmt þá gildandi reglum og venju heimtað framlag af hendi Árnessýslu til aðallínunnar austur að Þjórsá. Með fjáraukalögum fyrir árin 1908 og 1909 var svo ákveðið, að tillaginu frá Árnessýslu skyldi varið til að byggja aukalínu niður á Eyrarbakka og Stokkseyri, og var það tillag 6000 kr. Eftir að aðallínan er nú samkvæmt fyrnefndum lögum alveg komin í hendur landssjóðs, þá verður tillagið frá Árnessýslu til aukalínunnar einnar að teljast of hátt. Á síðasta þingi var því af hálfu þingmanns Árnesinga borin upp þingsályktunartillaga í Nd. þess efnis, að landsstjórnin tæki upp í þetta frumvarp endurgreiðslu á umræddu tillagi, og var tillögunni vísað til stjórnarinnar.

Línan frá Ölfusárbrú að Eyrarbakka og Stokkseyri kostaði að meðtöldum miðstöðvartækjum á báðum þessum stöðum 9000 kr., og hefir síðan 1907 verið venja, þar sem líkt stendur á eins og með þessa aukaálmu, að heimta aukatillag er nemur alt að $^1/_8$ af lagningarkostnaðinum. Eftir því hefði tillag Árnessýslu til línunnar orðið 3000 kr. Það virðist því sanngjarnt, að endurgreiða sýslunni það, sem hún hefir greitt umfram þá upphæð, og er samkvæmt tillögu landssímastjóra farið fram á 3000 kr. í því skyni.

Á síðasta þingi var á sama hátt vísað til stjórnarinnar beiðni frá þingmanni Vestur-Ísafjarðarsýslu um tiltölulega endurgreiðslu á of hátt reiknuðu tillagi sýslufjelagsins til álmunnar frá Ísafirði til Patreksfjarðar. Þessu máli er þannig háttað:

Þegar Halvorsen ritsímaverkfræðingur rannsakaði línu þessa árið 1906 áætlaði hann, að hún mundi kosta rúm 100 þúsund krónur. Eftir þessari áætlun var veitt fje til línunnar:

| | | |
|---|---|---|
| Til staurakaupa á fjáraukalögum fyrir árin 1906 og 1907 ... ... | kr. | 15,000 |
| Á fjárlögunum 1908 og 1909 . ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 68,500 |
| Tillag frá hlutaðeigandi sýslum var eftir tillögu landssímastjóra og stjórnarráðs ákveðið á alþingi tæp 20% af upphæðinni, er ætlað var, að línan mundi kosta ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 20,000 |
| | Kr. | 103,500 |

En þegar til kom, varð byggingarkostnaður ekki nema rúmlega 78 þús. kr. alls, það hefir því verið tekið hærra gjald af hlutaðeigandi hjeruðum en til var ætlað og virðist sanngjarnt og rjett, að tillagið lækki að sama skapi, sem kostnaðurinn varð lægri en áætlunin, sem það var miðað við. 20 þús. kr. af 103,500 kr. samsvara líðlega 15,000 kr. af 78 þúsundum, og er því, samkvæmt tillögu landssímastjóra, lagt til að 5000 kr. verði endurgreiddar.

Með því að ástæðurnar eru alveg sjerstaklegar að því er snertir þessar tvær álmur, getur endurgreiðsla á þeim hluta tillags, sem hjer er farið fram á, ekki haft í för með sjer endurgreiðslu til annara lína, sem tillag hefir verið greitt til af sýslufjelögum.

Við E. VII. Með fjáraukalögum fyrir 1910—11 4. gr. voru veittar 2500 kr. til þess að reisa hús handa vitaverði á Siglunesi. Húsið var að öllu leyti bygt eftir þeirri teikningu, sem legið hafði fyrir þinginu, en kostnaður við bygginguna nam alls kr. 3213,66. Það er því hjer farið fram á viðbótarfjárveitingu kr. 713,66.

Vitavörðurinn við Garðskagavita hefir kvartað yfir því, að mjög ervitt væri að ná í vatn, að undanskildu því sem rennur niður af húsþökum, þegar rignir. Hann hefir því snúið sjer til manns, sem mikið hefir fengist við brunngröft þar syðra, og telur hann vel gerlegt að grafa brunn á Skaganum með nægu vatni, og hefir hann boðist til að vinna verkið fyrir ákveðið verð. Umsjónarmaður vitanna hefir mælt með því, að verk þetta væri unnið samkv. tilboðinu, og kostar það 550 kr., en 250 kr. ætlar umsjónarmaður að muni ganga til dælu og vatnspípna. Stjórnarráðið fer því fram á 800 kr. fjárveiting til þess.

Við 5. gr.

Við A, b 5. Biskup hefir gert sjer mikið far um að koma ljenskirkjum í hendur söfnuðunum, og hefir honum orðið talsvert ágengt án þess að leita hafi þurft framlags úr landssjóði nema handa Garpdals og Rafnseyrarkirkju. Nú hefir Staðastaðarsöfnuður boðist til að taka kirkjuna þar að sjer til fullra umráða og ábyrgðar með því skilyrði, að skuld sú, sem á henni hvílir til hins almenna kirkjusjóðs verði gefin upp. Skuld þessi var upphaflega 1500 kr. og síðar bætt við 100 kr., en 11. júní 1912 voru eftirstöðvar af láninu kr. 1095,44 að viðbættum vöxtum frá þeim degi. Biskup mælti hið besta með þessu, og taldi það beina hagsýni fyrir hið opinbera að losna við kirkjuna með þessu framlagi. Stjórnin hefir algerlega fallist á þetta, og þar sem alþingi hefir áður samþykt samskonar ráðstöfun (framlag til Garpsdalskirkju) hefir stjórnin upp á væntanlegt samþykki alþingis, framkvæmt afhendinguna og greitt hina almennu kirkjusjóðsskuld kr. 1095,44 að viðbættum vöxtum 14 kr. 61 eyr. eða alls kr. 1110,05, sem farið er fram á veitingu á.

Við B. I. Til þess að kaupa Röntgens áhöld handa læknadeild háskólans.

Rektor háskólans, prófessor Guðmundur Magnússon hefir samkvæmt tillögum háskólaráðsins farið fram á þessa fjárveitingu. Telur hann ónauðsynlegt að lýsa því, hve margvísleg not læknar hafi af uppgötvun Röntgens, ekki einungis sem hjálp til að greina ýmislega sjúkdóma, heldur og beinlínis í lækningarskyni; um þetta atriði sjeu væntanlega allir samdóma, og megi segja, að Íslandi sje ekki lengur vansalaust að eiga ekki þesskonar áhöld, ekki síst þegar háskóli sje á kominn. Fyrir háskólaráðinu hafi legið tilboð frá mikilsmetnu firma um að selja þessi áhöld með svo fullkomnu sniði, að fullnægjandi megi telja, og mótor til að framleiða rafmagn, fyrir 5000 krónur. Stjórnarráðið er samdóma ástæðum rektors háskólans, og telur það mjög æskilegt að fá þessi áhöld sem fyrst til afnota. Leggur það því til, að þessi upphæð sje veitt, og fallist þingið á þetta verður að bæta inn í fjárlagafrumvarpið, þóknun til manns sem lært hefir að nota áhöldin, og upphæð til þess að standast reksturskostnað, sem nú er eigi unt að ákveða með vissu.

*Við sama lið.* Í fjárlagafrumvarpinu hefir verið farið fram á að fá litla upphæð sem þóknun handa kennara í frönsku og frönskum bókmentum, er það gert í viðurkenningarskyni fyrir þann sóma sem hin franska stjórn hefir sýnt háskólanum með því að bjóðast til að senda hingað mann í þessu skyni. Frakkneski dósentinn sem er nú, A. Courmont, verður að hætta þessu starfi nú í haust, vegna herþjónustuskyldu í Frakklandi, og þar sem hann hefir reynst ágætlega fallinn til starfa síns, og auk þess með svo miklum áhuga stundað íslenska tungu, að hann má heita tala hana fullkomlega, þá þykir ekki síður veru ástæða til, að sýna honum viðurkenningu, og er því farið fram á að honum sje veitt sama upphæð eins og fjárlagafrv. geri ráð fyrir, 1000 Francs fyrir skólaárið, eða samtals 1440 kr. sem þóknun til hans fyrir þann tíma, er hans hefir notið hjer.

Við B. III. b. 1. Til aðgerðar á skólahúsinu á Akureyri.

Skólameistari hefir tjáð stjórninni, að skólahúsið þurfi gagngerðra aðgerða við, bæði innan og utan, og hefir hann sent áætlun um kostnað við þá aðgerð að upphæð kr. 11,908. Með því að hann taldi ýmsar aðgerðir þess eðlis, að þær þyldu enga bið, veitti stjórnin honum í ágúst 1912, kr. 1924,00 til ýmsra aðgerða. Af öðrum aðgerðum þykir mega fresta að járnklæða allt húsið að utan nema álmurnar á suðurhlið hússins, og dregst því frá fyrstnefndri upphæð kr. 3720,00, sem járnklæðningur mundi kosta, en 1924 kr. + 6264 kr. = kr. 8,188,00 virðist óhjákvæmilegt að veita. Brjef skólameistara og áætlun verða lögð fyrir alþingi.

Við B. IV. b. 2. Dr. phil Björn Bjarnason, sem varð fyrir þungri vanheilsu sumarið 1912, svo að hann varð að leggja sig inn á Vífilstaðahælið, og síðan sigla til þess að reyna að ná fullri heilsu aftur, hefir sótt um að mega vera laus við kenslustörf veturinn 1912—13, og um leið að fá að halda launum sínum óskertum vetrarlangt og mælti skólastjóri hið besta með þessari beiðni. Með því að dr. Björn hefir engin efni, mjög lág laun en talsverða fjölskyldu, og það hefir áður komið fyrir, þegar líkt stóð á (Fjáraukalög nr. 18, 2. okt. 1891, 3. gr. sbr. Alþ.tíð. 1891 c. bls. 72) að leyft hefir verið, að tímakensla, sem nauðsynleg hefir orðið vegna vanheilsu kennara, væri borguð úr landssjóði, hefir stjórnin einnig í þetta sinn talið sjálfsagt að hlaupa undir bagga með þessum kennara, og greitt kostnaðinn við aukakenslu að upphæð kr. 750,00 úr landssjóði.

Við 6. gr.

Við 1. c. Með því að aðsókn hefir verið afarmikil að lestrarsal landsbókasafnsins undanfarna vetur, svo aðstoðarmaður sá, sem hefir haft umsjón með salnum, hefir eigi getað komist svo yfir hana, að fulltryggilegt þætti, þá hefir bókavörður farið þess á leit við stjórnina í nóvbr. 1911, að fá annan gæslumann yfir vetrarmánuðina, og sá stjórnin ekki annað fært en að sinna þeirri beiðni. Kostnaður við þessa aukagæslu var kr. 333,33 veturinn 1911—12. Síðastliðið haust var aftur tekinn gæslumaður og er búist við að hann verði 6 mánuði veturinn 1912—13 frá 1. oktbr. til 1. apríl og enn má búast við sömu gæslu 3 síðustu mánuði ársins 1913, en úr því er farið fram á fjárveit-

ingu í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1914—15. Laun gæslumanns eru 80 kr. á mánuði, og er því farið fram á auka fjárveitingu kr. 333,33 × 9 × 80 kr. = 720 kr. eða alls kr. 1053,33.

Við 49. Nýr liður.

Stjórn íþróttasambands Íslands sótti um styrk til stjórnarráðsins til þess að senda nokkra menn til Stokkhólms til þess að taka þátt fyrir Íslands hönd í ólympisku leikjunum er þar áttu fram að fara. Stjórnarráðinu þótti rjett að verða við þessari umsókn, enda hefir það verið gert áður (sjá fjáraukalög fyrir 1908—09, 9. júlí 1909) að styrkja íslenska glímumenn í því skyni að sýna list sína á alþjóða íþróttamóti, og veitti því 2500 kr. til fararinnar upp á væntanlega fjárveitingu.

*Til kvenrjettindafjelagsins.* Forstjóri alþjóðafundarins um kosningarrjett kvenna, sem koma á saman í Buda-Pest í júnímánuði þ. á., hefir boðið landsstjórninni að senda fulltrúa af sinni hálfu á fund þennan. Þetta sá stjórnarráðið sjer ekki fært að þyggja, en hinsvegar áleit það rjett að veita kvenrjettindafjelagi Íslands, sem er meðlimur þess alþjóðasambands kvenna, er fyrir fundinum stendur, samkæmt umsókn þess, styrk til þess að geta sótt fundinn svo Íslands sje þar einnig við getið. Það hefir því heitið fjelaginu alt að 1000 kr. ferðastyrk til fulltrúa af fjelagsins hálfu, er það sjálft tilnefnir, og er hjer farið fram á fjárveitingu í þessu skyni.

Við 7. gr.

Við 1. Endurbætur á gamla skólahúsinu á Hólum.

Með fjáraukalögum 7. júní 1911 fyrir árin 1910 og 1911 voru veittar alt að 3000 kr. til aðgerðar á gamla skólahúsinu á Hólum, en það kom fljótt í ljós, að sú upphæð hrökk alls ekki til nauðsynlegra endurbóta og breytinga. Aðalbreytingin var fólgin í því, að setja tvo stiga, þar sem aðeins hafði verið einn áður, og hann illur og dimmur í miðju húsi. Sú breyting olli miklu raski á herbergjum, gólfum, veggjum gluggum og dyrum, er ekki var unt að ljúka við fyrir það fje, sem veitt var. Með því stjórnarráðið eftir þeim upplýsingum sem fyrir lágu, taldi það nauðsynlegt að fullgera umbæturnar, svo húsið gæti orðið notað í vetur, veitti það heimild til að fara fram úr fjárveitingunni, og nam sú upphæð kr. 782,98.

Í fjárl. 16. gr. 1. c. 5 eru bændaskólanum á Hólum veittar 800 kr. til þess að kaupa smíðaáhöld. Skólastjóri hefir farið fram á, að fá 500 kr. til smíðakenslu yfirstandandi vetur. Með því að stjórnarráðið leit svo á, að það hefði hlotið að vera meiningin með fjárveitingu til smíðaáhaldakaupa, að smíðakensla færi fram, en fjárveiting til hennar hefði gleymst, þá veitti það upp á væntanlega aukafjárveitingu 500 kr. í þessu skyni, en þó með því skilyrði að kennarinn ynni að smíðum í skólans þarfir, eftir því sem við yrði komið vegna kenslunnar.

Við 2 Bændaskólinn á Hvannneyri.

Með fjáraukalögum 7. jan. 1911, voru veittar 2000 kr. til að reisa leikfimishús á Hvanneyri, og var sú upphæð borguð skólastjóra. En er húsinu var lokið, sendi hann stjórnarráðinu reikning yfir byggingarkostnaðinn, að

upphæð kr. 5258,27 og beiddi um að fá endurgreitt úr landssjóði upphæðina kr. 3258,27 sem húsið hafði kostað fram yfir fjárveitingu, en þar sem skólastjóri hafði bygt húsið upp á sitt eigið eindæmi, án þess að fá nokkra heimild hjá stjórninni til að fara fram úr fjárveitingunni, hefir þeirri beiðni eigi verið sint, en hins vegar er nú eftir beiðni skólastjóra, lagt til að fjárhæð þessi verði veitt á fjáraukalögum.

Reikningar yfir byggingarkostnaðinn verða lagðir fyrir alþingi, ásamt lýsingu á húsinu.

Við 30. Verslunarmaður Sigurgeir Einarsson, sem notið hefir styrks þess, sem veittur er í 16. gr. fjárlaganna 30. lið, hefir í erindi til stjórnarráðsins bent á, að til framhaldsundirbúnings undir ullarverkun, sje meðal annars nauðsynlegt að útvega ullarþurkunarvjelar, sem nota mætti hjer á landi, en til þess að fá ábyggilegar upplýsingar um þær, og komast að góðum kaupum, taldi hann nauðsynlegt að maður væri sendur til Englands og Þýskalands í því skyni og bauðst hann til þessarar ferðar ef hann fengi 1000 krónur til fararinnar.

Með því að stjórnarráðið, að fengnum tillögum Búnaðarfjel. Íslands, leit svo á, sem hjer væri um mikið framfaramál að ræða fyrir landbúnaðinn, og með því að alþingi hefir verið mjög hlynt þessu málefni, veitti það hinn umbeðna styrk upp á væntanlegt samþykki þingsins.

Við 54. Á fjáraukalögunum 9. júlí 1909 fyrir árin 1908 og 1909 voru veittar 10,000 krónur til að mæla innsigling á Gilsfjörð. Fjárveitingin varð þó ekki notuð þá, vegna þess, að flotamálastjórnin sá sjer ekki fært þá að láta framkvæma uppmælinguna, en nú hefir hún í brjefi 21. desbr. f. á. tjáð stjórnarráðinu, að mælingin mundi geta fram farið í sumar (1913) og mundi kostnaður við hana ekki fara fram úr 10,000 kr. Samkvæmt yfirlýstum vilja alþingis, hefir því flotamálastjórnin verið beðin um að framkvæma mælinguna í sumar og henni um leið tjáð að nefnd upphæð, alt að 10,000 kr. mundi verða af hendi greidd.

Við 8. gr.

Alþingismaður Jón Jónsson frá Múla ljest í okt. f. á. Ekkja hans er efnalaus, og þykir sjálfsagt að veita henni dálítinn framfærslustyrk, sem ekki virðist geta verið lægri en hjer er farið fram á. Verði upphæðin samþykt, bætist hún og við 18. gr. fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Við 9. gr.

Við 1. Vegna mikilsvarðandi máls, sem ráðherra á síðasta þingi varð falið að undirbúa til nánari ákvarðanar þingmanna, en að þeirri ákvörðun þótti af sjerstökum ástæðum nauðsynlegt að vinda bráðan bug, — kvaddi ráðherra til fundar í Reykjavík strax eftir heimkomu sína í síðastliðnum desembermánuði svo marga af alþingismönnum, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, sem nokkur tiltök voru að sótt gætu fundinn með stuttum fyrirvara um það leyti árs. Kostnaður sá, er af þessu leiddi, nam þeirri upphæð, sem hjer er farið fram á að veitt sje eftir á.

Við 2. Sameinaða gufuskipafjelagið telur vörugjaldið á kolum ríða í bága við samning þess frá 7. ág. 1909 við innanríkisráðherra Dana og ráðherra Íslands um póstgufuskipaferðir milli Danmerkur og Íslands árin 1910 til 1919, er þeim með tilteknum skilmálum og fastbundnum fargjöldum og farmgjöldum ber að inna af hendi gegn ákveðinni þóknun, 40 þús. kr. á ári. Telur fjelagið það liggja í hlutarins eðli, að annar samningsaðilinn geti ekki einhliða og sjer í hag, aukið útgjöld fjelagsins við að fullnægja samningnum, en kolin sjeu svo sjálfsagt og óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því að ferðirnar verði farnar, að svo verði að líta á, sem ofannefnt 40 þús. kr. tillag hækki um þá upphæð, sem nemur tollinum er landsjóður Íslands leggur á þau kol, sem skipin verða að taka hjer við land meðan samningurinn stendur. Fjelagið ritaði þá innanríkisráðherranum, að það teldi sig leyst frá samningnum, ef kolatollskröfunni væri haldið fram gagnvart því af Íslands hálfu, nema fullar bætur kæmu fyrir.

Það varð að samkomulagi, að innanríkisráðherrann, sem greiðir tillagið til fjelagsins af ríkissjóði Danmerkur, hjet því að endurgjalda fjelaginu fyrst um sinn og með skilyrði þá upphæð, er það yrði að greiða hjer í kolatoll, en ráðherra Íslands hjet honum þá aftur á móti, að leita alþingis um fjárveitingu til þess að greiða upphæðina af landssjóði, og fengist þá, mót von eigi framgengt, þá að höfða mál gegn Gufuskipafjelaginu til þess að fá dóm um það, hvort fjelaginu bæri að endurgjalda upphæðina eða ekki. Ynni fjelagið slíkt mál, skyldi líta svo á, að landssjóður Íslands væri skyldur til að endurgjalda ríkissjóði bráðabirgðarframlag hans.

Án þess hjer sje látið uppi álit um það, hvernig slíkt mál myndi lyktast, vill stjórnarráðið eftir öllum atvikum leggja það til, að málinu sje ekki haldið til streytu af Íslands hálfu, og tilkalli slept til landssjóðstekna af þeim kolum, sem skip fjelagsins þurfa að taka hjer á landi, til þess að geta fullnægt þeim samningi, er landsstjórn Íslands hefir undirgengist gagnvart fjelaginu. Hjer er því farið fram á alt að því 5000 kr. fjárveiting, sem talið er að nægja muni, þar sem þau kol, sem millilandaskip fjelagsins taka hjer á landi, naumast muni fara fram úr 5000 tonnum á ári. En fjelaginu ber að færa sönnur á, hversu mikið það hafi tekið handa skipunum.

Eigi allfáir menn hafa snúið sjer til stjórnarráðsins með fyrirspurnum um, hvort gamla prestaskólahúsið væri falt, og munu fleiri hafa falast eftir því til leigu. Með því það stendur arðlítið ber nauðsyn til að ráðstafa því á einhvern hátt til betri hagnaðar fyrir landið en verið hefir. Að stjórnarinnar áliti virðist það liggja langbeinast við að selja húsið. Það er að vísu gamalt og lítils virði sjálf byggingin, en lóðin er stór og mikils virði, af því hún liggur á besta stað í bænum. Það er því farið fram á að fá heimild til sölu fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta, og virðist sjálfsagt að andvirðið renni í Byggingarsjóð.

Í aftakaveðri á yfirstandandi vetri gekk sjór á land, og braut að miklu leyti varnargarðinn frá Óseyri austur að Stokkseyri. Hlutaðeigandi hreppsnefndir hafa farið þess á leit að fá úr landssjóði lán til þess að bæta upp skemdirnar, sem nauðsynlegt er að gera sem fyrst. Úr því svo stóð á, taldi stjórnin það skyldu sína að veita hið umbeðna lán að upphæð kr. 4,500 gegn $4^1/_2$% vöxtum, og þannig að lánið afborgist á 15 árum og væntir samþykkis þingsins til þessarar ráðstöfunar, sem er gerð með því skilyrði.

Við 5. »International Sea Fisheries Protection Association« og fleiri enskir menn hafa boðist til að leggja fram fje til þess, að koma upp nú í sumar mjög svo nauðsynlegu skipbrotsmannahæli í Máfabót í Hörgslandi í Skaftafellssýslu, ásamt leiðarstikum með fjöru frá Hvalssýki til Eldvatnsóss og þaðan að syðri Steinsmýri, svo og frá fjörunni milli Hvalssýkis og Veiðióss að Sljettubóli, með því skilyrði, að landssjóður taki að sjer viðhald tækja þessara framvegis. Stjórnarráðið hefir gert kost á að leita til þessa samþykkis alþingis, svo framarlega sem húsið sje bygt og útbúið og verkinu hagað að öllu samkvæmt fyrirmælum vitaverkfræðings landsins, hr. Th. Krabbe, sem hefir haft mál þetta til rækilegrar meðferðar.

Hve miklu viðhaldskostnaðurinn muni nema er ekki unt að segja að svo stöddu. Verkfræðingurinn giskar á, að kostnaðurinn við alment viðhald hússins og eftirlit með tækjunum muni verða um 200 kr. á ári, og auk þess endurnýjun á birgðum, í hvert skifti sem húsið hefir verið notað af skipbrotsmönnum, alt að 300 kr. Er lagt til að stjórninni verði heimilað að greiða þennan kostnað af gjöldum til vitanna, og í því trausti, að þetta nái samþykki alþingis, mun svo fljótt sem unt er í sumar verða byrjað á verkinu.

---

# Frumvarp til laga

um

## breyting á lögum nr. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr. laganna orðist þannig:

Hverjum þeim, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn:

1. Að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi fullkomið lagapróf, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eiga að skipa, sbr. 4. gr. laga nr. 38, 16. nóvember 1907, og lög nr. 36, 11. júlí 1911.

2. Að hann hafi að loknu fullnaðarprófi fengist í 3 ár við málfærslustörf annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu málaflutningsmanns, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lögfræðisprófs er krafist til, eða unnið á skrifstofu við slík embætti.
3. Að hann fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta fengið embætti hjer á landi.

Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirrita eiðstaf um að hann skuli flytja þau mál, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samviskusemi.

Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

---

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Málaflutningsmannafjelag Íslands hefir farið þess á leit við stjórnina að lögum nr. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn, verði breytt þannig, að alment leyfi til málfærslumannsstarfa við landsyfirrjettinn verði eftirleiðis bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi lögfræðingur hafi áður fengið nokkra æfingu við málfærslustörf eða önnur lögfræðisstörf.

Þá er nefnd lög voru sett, þótti ekki fært að setja þess konar skilyrði fyrir umræddu leyfi, með því að þá var ekki til nein málaflutningsmannastjett í Reykjavík, og sú venja hefir skapast að lögfræðingar fá þegar að afloknu prófi alment leyfi sem yfirrjettarmálaflutningsmenn.

Nú eru hjer í bænum um 20 yfirrjettarmálaflutningsmenn, og eins og viðskiftalífið er hjer á landi, verður þetta að minsta kosti að teljast fullnægilegt.

Þar sem nú málaflutningsmennirnir eru orðnir svo margir, virðist tími komin til þess að krefjast að þeir, er fást við flutning mála, að minsta kosti fyrir æðri rjettum, hafi áður fengið nokkra æfingu við lögfræðisleg störf, en það er auðsætt að slíkt ákvæði er mikilsvarðandi trygging almenningi fyrir rjettri meðferð mála fyrir rjettinum.

# Frumvarp til laga

um

## laun hreppstjóra.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Hreppstjóra í hverjum hreppi skal veita árleg laun úr landssjóði, er nemi einni krónu fyrir hvern fullan tug hreppsbúa, þó ekki undir 30 krónum.

Þá er tveir hreppstjórar eru í sama hreppi, skal launununum skift jafnt milli þeirra.

2. gr.

Laun hreppstjóra skulu greidd í einu lagi fyrir hvert fardagaár. Leggi hreppstjóri niður sýslan sína eða deyi hann fyrir lok fardagaársins, fær hann eða dánarbú hans $^1/_{12}$ hluta launanna fyrir hvern heilan mánuð, er hann hefir í sýslan verið.

3. gr.

Fyrir marsmánaðarlok ár hvert skulu hreppstjórar senda sýslumanni vottorð frá sóknarprestum um íbúatölu hvers hrepps um næstliðið nýár. Eftir þeim skírteinum eru launin ákveðin, og skal sýslumaður greiða þau á manntalsþingum fyrir hvert umliðið fardagaár af tekjum landssjóðs, í fyrsta sinn árið 1915.

4. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi 1., 2. og 3. gr. laga 13. desbr. 1895 um breyting á lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara sem gera rjettarverk.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta stendur í sambandi við afnám ábúðar- og lausafjárskattsins, því að við það fellur í burtu sá grundvöllur, sem hreppstjóralaunin eru miðuð við. Frumvarpið er óbreytt eins og það kom frá skattamálanefndinni, sem skipuð var 1907, og vísast til ástæðanna fyrir því í áliti nefndarinnar.

# Frumvarp til laga

um

**breyting á lögum nr. 39, 10. nóvbr. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.**

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Orðin: »og nöfnin á hverjum lista — standa á listanum« í niðurlagi síðustu málsgreinar í 2. gr. laganna falli burt.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sje eigi stungið upp á fleiri fulltrúaefnum á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal bæjarfulltrúa, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórn þá, að liðnu hádegi tveim sólarhringum fyrir hinn ákveðna kjörfundartíma, þá menn kosna, sem löglega hefir verið upp á stungið.

Sjeu aftur á móti fulltrúaefni á framkomnum, gildum listum fleiri samtals en kjósa skal fulltrúa, skal kjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kaupstaðinn og gera almenningi kunnugt með uppfestum auglýsingum, hverjir listar sjeu í kjöri, að tilgreindum nöfnum fulltrúaefna og bókstaf hvers lista.

Á kjörseðli skulu allir listar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstryk til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á blaðið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista aðskilin með lárjettum strykum; hæfilegt bil skal vera fyrir framan hvert nafn innan þessa stryks, sem takmarkar listann. Eigi tvö eða fleiri fulltrúaefni að öllu samnefnt, skal einkenna þau til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir bæjarstjórnarkosning í N.-kaupstað .. d. m. 19 ..«, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

3. gr.

Aftan við 1. málsgrein 6. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

»Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn fyrir hverja deild, er hver hefir sinn atkvæðakassa og kjörklefa«.

Í 2. málsgrein 6. gr. falli burt orðin: »ásamt umslagi« — til enda málsgreinarinnar, svo og 3. og 4. málsgreinin og í þess stað komi:

fer kjósandi með hann inn í kjörklefann (kjörherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir þar stryk við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa fremst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kýs, má hann stryka það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæðanna. Strykið við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrykun nafns, ef svo ber undir, skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu, rjettir seðilinn, þannig samanbrotinn, að oddvita kjörstjórnar, er setur kjörstjórnarstimpilinn aftan á seðilinn og stingur kjósandi svo sjálfur seðlinum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar nema hann mæti sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir blindu, handarmeins eða af öðrum slíkum ástæðum, er kjörstjórn tekur gildar, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá sá úr kjörstjórninni, sem kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skaddast á einhvern hátt, eftir að hann er afhentur kjósanda, getur kjósandi, gegn því að afhenda hann kjörstjórninni, fengið í staðinn nýjan kjörseðil, meðan seðlabirgðir endast, enda sje eigi ástæða til að álíta, að seðillinn hafi verið ónýttur af kjósanda af ásettu ráði.

4. gr.

Á eftir orðunum: »skemur en 3 tíma« í 1. málsgrein 7. gr. laganna bætist:

nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar

5. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfninni er lokið; oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Sje kjósendum skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem auðkendur hefir verið á kjörseðlinum; sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum meðmælendum og leggur þá svo frá sjer, þannig, að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað tölu hinna auðkendu listabókstafa hvers um sig.

Komi það fram við atkvæðatalninguna, að kjósandi hefir

sett stryk við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,

bætt nafni eða nöfnum við á lista,

skrifað nafn sitt á seðilinn,

sett á hann stryk eða rispu eða önnur slík einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan,

eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum,

þá er seðillinn ógildur.

Nú er enginn listabókstafur auðkendur á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt strykið vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 6. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarjettar. Ef skakkar í tölunni, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna hve mörg fulltrúaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka það, er hann vantar, af þeim lista, er mest atkvæðamagn hefir.

Til þess að finna, hver fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið

eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá meðmælendum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær eitt atkvæði; sá, sem er annar í röðinni, eða talan 2 er mörkuð við, fær $^1/_2$ atkvæði; sá, sem er hinn þriðji í röðinni, eða talan 3 er mörkuð við, fær $^1/_3$ atkvæðis o. s. frv. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefur mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strykast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

7. gr.

Í stað 12. gr. laganna komi svo látandi grein:

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa viðauka þá og breytingar á bæjarstjórnarkosningalögunum frá 10. nóvember 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra; getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem »Lög um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum«, og komi þau í gildi 1. janúar 1914 í stað nefndra laga.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:


Jafnvel þótt lögin um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum frá 10. nóv. 1903 hafi yfirleitt gefist fremur vel, þá hefir það þó rýrt vinsældir laganna og verið mörgum óánægjuefni, að með þeirri hlutfallskosninga-aðferð, sem þar er fyrirskipuð, geti kjósendur ekki haft nægileg áhrif á það, *hverjir* fulltrúar sjeu kosnir, heldur að eins á hitt, hvernig atkvæði skiftist milli framkominna lista, og þar sem að jafnaði að eins þeir, sem fremstir

standa á listunum, geta náð kosningu, verða það þeir menn, er listana semja og setja, er hinu ráða, hverjir mennirnir skuli vera, sem kosning ná af hverjum flokkslista. Að vísu heimila lögin hverjum 5 kjósendum að koma fram með lista, en reynslan sýnir, að það er oft að eins til þess að dreifa og fleygja atkvæðum til einkis að setja upp lista, sem ekki hafa verulegt samtakamagn eða fjelagsfylgi að baki sjer, svo að menn neyðast til að fylgja aðallistunum, þótt óánægðir sjeu með röðina á þeim, til þess að styðja ekki þá listana, er menn síður vilja kjósa. Einnig hefur það vakið óánægju, að fulltrúaefni, sem standa á fleiri listum, hafa engin not atkvæða þeirra, sem listarnir fá, nema þeir sieu settir svo framarlega á einhverjum lista, er fulltrúa á að fá, að þeir hefðu náð kosningu, jafnvel þótt þeir hefðu ekki verið settir jafnframt á aðra lista.

Tilgangur þessa frumvarps er að bæta úr þessum annmörkum. Til þess eru ýmsar leiðir. Hjer er valin sú leið, sem upp á var stungið í frumvarpi stjórnarinnar til laga um kosningar til alþingis, sem lagt var fyrir þingið 1907, og má vísa til hinna almennu athugasemda við það frumvarp (Alþtíð. 1907, A bls. 198—201). Hjer skal að eins tekið upp til skýringar kosningaaðferðinni það, er nú skal greina:

Í stað þess að hafa að eins bókstafi listanna á kjörseðli, eins og gert er í lögunum frá 1903, er hjer ákveðið, að allir listarnir (o: nöfn fulltrúaefna) skuli standa á kjörseðlinum, með hæfilegu bili fyrir framan nöfnin, svo að kjósendur geti tölusett þau og þar með ráðið röð þeirra á kjörfundi.

Kjörseðillinn getur þannig orðið nokkuð stór, og er ætlast til þess, að kjörstjórn brjóti kjörseðlana saman í sem hentugast brot, áður en hún afhendir þá kjósendum á kjörfundi til atkvæðagreiðslu. Best álíst, að þeir væru brotnir í einfalt sendibrjefsbrot, og endum smeygt saman, þannig:





en í frumvarpinu eru kjörstjórnum þó látnar frjálsar hendur um, hvernig þær haga þessu, að eins að svo sje frá broti gengið, að letrið sjáist ekki og auðvelt sje að leggja seðilinn aftur í sömu brot, þegar hann er notaður.

Kjörseðlar eru hugsaðir svipaðir eftirfarandi sýnishorni, þegar kjósa á 5 fulltrúa, og 4 listar, sem gildir hafa verið teknir, eru í kjöri, eins og seðill lítur út, þegar kjósandi hefur kosið A-listann og tölusett nöfnin:

Sýnishorn:

## Kjörseðill

### í N-kaupstað ..d. ..mán. 19...

| | A-listinn | B-listinn | C-listinn | D-listinn |
|---|---|---|---|---|
| 3. | Álfgeir Álfgeirsson | Benedikt Benediktss. | Eggert Eggertsson | Dagur Dagsson |
| 2. | Ámundi Ámundason | Bergur Bergsson | Eilífur Eilífsson | Ásgeir Ásgeirsson |
| 1. | Árni Árnason | Bjarni Bjarnason | Emil Emilsson | Bogi Bogason |
| 5. | Ásgeir Ásgeirsson | Björn Björnsson | Björn Björnsson | |
| 4. | Áskell Áskelsson | Bogi Bogason | Benedikt Benediktss. | |

Ákvæðið um, að kjósandi megi stryka nöfn út af lista, er hann kýs, er í samræmi við ákvæðið um, að listi sje gildur, þótt á honum standi færri nöfn fulltrúaefna en kjósa á fulltrúa. Enginn er skyldur til að kjósa fleiri en hann vill, eins og menn yfir höfuð eru ekki skyldir til að neyta kosningarjettar síns, frekar en þeir vilja. Sje eitt nafn strykað út á lista, sem 5 nöfn standa á, missir það fulltrúaefni, sem út er strykað, að eins $^1/_5$ atkvæðis við það, en hin nöfnin teljast í þeirri röð, sem tölusetning eða vöntun tölusetningar gefur til kynna, eins og ef hið útstrykaða nafn hefði ekki staðið á listanum. Eftir áðurnefndum ástæðum fyrir kosningalagafrumvarpi 1907 er tekið eftirfarandi dæmi um framkvæmd á ákvæðum 6. gr. frumvarpsins (sbr. Alþtíð. 1907, A bls. 207—209).

Í N-kaupstað á að kjósa 5 bæjarfulltrúa, og eru fjórir listar á kjörseðli. Við fyrri talning (upplestur listabókstafa) kemur það í ljós, að atkvæði hafa fallið þannig, að af 1200 kjósendum, sem neytt hafa kosningarjettar, hafa 450 kosið (gert stryk við) A-listann, 360 B-listann, 250 C-listann og 140 D-listann.

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, eru ritaðar upp útkomutölur listanna, þannig:

| | A-listi | B-listi | C-listi | D-listi |
|---|---|---|---|---|
| 1. Atkvæðamagn listans..... | **450** | **360** | **250** | 140 |
| 2. Helmingur atkvæðamagns..... | **225** | **180** | 125 | 70 |
| 3. Þriðjungur atkvæðamagns..... | 150 | 120 | $83^1/_3$ | $46^2/_3$ |
| 4. Fjórðungur atkvæðamagns.. ..... | $112^1/_2$ | 90 | $62^1/_2$ | » |
| 5. Fimtungur atkvæðamagns..... | 90 | 72 | 50 | » |
| Samtals: | $1027^1/_2$ | 822 | $570^5/_6$ | $256^2/_3$ |

og er strykað undir fimm hæstu tölurnar, **450, 360, 250, 225** og **180.** Af þessum tölum á A-listinn tvær, B-listinn tvær og C-listinn eina, en D-listinn enga; sá

listi fær því engan fulltrúa og kemur ekki frekar til greina, en hinir listarnir eru kosnir og fá fulltrúa eins og tölurnar tilvísa, A-listinn og B-listinn sína tvo hvor og C-listinn einn.

Til þess nú að finna, hver fulltrúaefni á hverjum lista hafa náð kosningu, er reiknað atkvæðamagn hvers einstaks fulltrúaefnis eftir því sæti í röðinni, sem hver hefir fengið á hverjum kosnum lista.

Fyrst er lesinn upp A-lista-bunkinn, af því A-listinn hefir flest atkvæði. Á þeim lista standa nöfnin Álfgeir Álfgeirsson, Ámundi Ámundason, Árni Árnason, Ásgeir Ásgeirsson og Áskell Áskelsson. Á fyrsta seðli, sem upp er lesinn hefir talan 1 verið sett við nafn Árna, 2 við Ámunda, 3 við Álfgeir, 4 við Áskel og 5 við Ásgeir; á næsta seðli stendur talan 1 við nafn Ásgeirs og 2 við Áskel, en ekki fleiri tölumerki. Á þriðja seðli eru engin tölumerki sett við nöfnin, á fjórða seðli stendur talan 1 við Ámunda, 2 við Ásgeir, en Álfgeirs nafn er strykað út o. s. frv. Þetta marka kjörstjórarnir á blað, í sjerstakan dálk fyrir hvert fulltrúaefni, þannig:

| Álfgeir | Ámundi | Árni | Ásgeir | Áskell |
|---|---|---|---|---|
| 1/3 | 1/2 | 1 | 1/5 | 1/4 |
| 1/3 | 1/4 | 1/5 | 1 | 1/2 |
| 1 | 1/2 | 1/3 | 1/4 | 1/5 |
| ... | 1 | 1/8 | 1/2 | 1/4 |

o. s. frv.

Þegar búið er að lesa upp alla seðlanna í A-lista-bunkanum, taka aðstoðarmenn kjörstjórnar við blöðunum og leggja saman tölurnar, og er umboðsmönnum listans heimilt að vera með í því verki; en kjörstjórnin tekur fyrir næsta bunka og svo koll af kolli. Þegar búið er að telja saman atkvæði á öllum þeim listum, sem fulltrúa eiga að fá eftir atkvæðamagni listanna, skal skrifa upp, undir hverjum listabókstaf, nafnaraðir listanna, að tilgreindri þeirri atkvæðatölu við hvert nafn, er fundist hefir við samtalninguna, þannig:

| **A-listinn** | | **B-listinn** | | **C-listinn** | |
|---|---|---|---|---|---|
| Álfgeir | 102 1/2 | Benedikt | 145 [+105] | Eggert | 130 |
| Ámundi | 301 | Bergur | 200 | Eilífur | 205 |
| Árni | 323 | Bjarni | 300 | Emil | 55 |
| Ásgeir | 209 | [Björn | 75] | Björn | 75 5/6 (+75) |
| Áskell | 91 4/5 | Bogi | 102 | [Benedikt | 105] |
| Samtals | 1027 3/10 | Samtals | 822 | Samtals | 570 5/6 |

Af þessum atkvæðatölum sjest, að einungis eitt nafn hefir verið strykað út á A-lista á kjörseðli, því þar vantar 1/5 á, að samtala atkvæðatalnanna komi saman við samtölu útkomutalnanna. En sje enginn útstrykaður, hlýtur þessum tölum að bera saman; því að þær eru þá báðar = 1 + 1/2 + 1/3 + 1/4 + 1/5

af atkvæðatölu þeirri, sem listinn hefur hlotið. Með því að auðvelt er að hafa tölu á því, hve mörg nöfn eru útstrykuð í hverjum listabunka, er með þessum samanburði atkvæðatalna allra fulltrúaefna á hverjum lista við samtölu útkomutalna listans hægt að sjá fljótlega, hvort samtalning atkvæðabrotanna er rjett.

Á A-listanum hafa þeir Árni og Ámundi fengið flest atkvæði (323 og 301). Á B-listanum hafa þeir Bjarni og Bergur flest atkvæði (300 og 200), og á C-listanum hefir Eilífur flest atkvæði (205). Þessir 5 menn ættu því að vera kosnir, ef aðrir menn hafa ekki fengið fleiri atkvæði á fleiri listum. En nú hefir Benidikt auk sinna 145 atkvæða á B-listanum fengið 105 atkvæði á C-listanum, og hefir þannig samtals 250 atkvæði eða 50 atkvæðum fleira en Bergur, og er því hann kosinn, en hinn ekki.

Þessar atkvæðatölur, sem hjer er talið, að hver hafi fengið, eru ekki *atkvæði* í venjulegum skilningi þessa orðs, heldur *samanburðartölur*, sem notaðar eru til þess, að ákvarða fylgi hinna ýmsu fulltrúa eftir þeim sætum, sem kjósendur hafa skipað þeim í röðinni á hverjum lista. Þegar um það er að ræða, í hverri röð fulltrúarnir sjeu kosnir, tjáir því eigi að fara beint eftir upphæð þessara atkvæðatalna. Eftir frumvarpsgreininni teljast fulltrúarnir kosnir í þeirri röð, sem útkomutölur listanna til segja. En þetta er þannig að skilja: Þeir kjósendur, sem gefið hafa hverjum lista atkvæði, skoðast sem kjörflokkur, sem á rjett á fulltrúamagni, eftir fjölda þeirra kjósenda, sem bera listann uppi. Í því dæmi, sem hjer er tekið, er það ljóst, að A-listinn, sem borinn er uppi af fjölmennasta kjörflokknum, á rjett á að fá fyrst fulltrúa, og spurningin er þá, hvort hann eða annar hvor hinna listanna, sem fulltrúa eiga að hljóta, eigi að fá þann næsta. Taki menn strax tvo fulltrúa fyrir A-listann, er hver þeirra að eins borinn uppi af 225 kjósendum, því allt atkvæðamagn listans er 450 atkvæði. En B-listinn hefur 360 kjósendur; það er því ljóst, að áður en A-listinn fær annan fulltrúa til, verður B-listinn að fá fulltrúa, því hann hefir meira atkvæðamagn fyrir einn mann, en hinn fyrir tvo. B-listinn fær þannig annan fulltrúann. — C-listinn er borinn uppi af 250 kjósendum. Hann hefir því meira atkvæðamagn til eins fulltrúa en hvor um sig af hinum listunum til tveggja fulltrúa. Hann fær þannig þriðja fulltrúann. A-listinn hefir meira atkvæðamagn en hvor hinna til þess að bera tvo fulltrúa úr býtum og fær því fjórða fulltrúann. En fimta fulltrúann hlýtur B-listinn að fá, því hann hefir meira atkvæðamagn fyrir tvo fulltrúa heldur en A-listinn fyrir þrjá eða C-listinn fyrir tvo. Röð hinna kosnu fulltrúa verður því þannig:

Árni Árnason
Bjarni Bjarnason
Eilífur Eilífsson
Ámundi Ámundason
Benedikt Benediktsson.

Það tjáir ekki að láta auka-atkvæði, sem fulltrúaefni kynnu að hafa fengið á listum, sem ekki eiga að fá neinn fulltrúa eftir atkvæðamagni sínu, koma til greina, þegar af þeirri ástæðu, að fulltrúarnir verða að teljast kosnir á þeim lista, sem þeir fá flest atkvæði á, og gæti þá svo farið, að þeir ættu að teljast kosnir á lista, sem engan fulltrúa á að fá, enda gæti það valdið hinum mesta glundroða, ef slíkir aukalistar, sem ekki hafa tiltölulegan atkvæðafjölda við að styðjast, ættu að geta gripið inn í atkvæðagreiðslu hinna kjörflokkanna og ruglað röð þeirra,

ef til vill í þeim tilgangi að spilla fyrir kosning fulltrúa, er mikið álit hefði hjá stórum kjörflokki.

Það ákvæði, að ef ei standi svo mörg nöfn á lista, sem honum ber fulltrúar eftir atkvæðatölu, skuli taka það sem á vantar af þeim lista, er mest atkvæðamagn hefir, er svo að skilja, að þá skuli taka nafn af þeim ótæmda lista, sem flestir hafa kosið.

Reglan um hlutkesti í niðurlagi 6. gr. gildir auðvitað bæði um jafnt atkvæðamagn tveggja lista, er keppa hvor við annan, og um jafnar útkomutölur og atkvæðatölur. Hafi fulltrúaefni sömu atkvæðatölu á tveim listum, ræður hlutkestið, á hverjum listanum hann skuli teljast kosinn.

Að öðru leyti virðast ákvæði frumvarpsins eigi þarfnast sjerstakra skýringa.

---

# Frumvarp til laga

um

## breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Í stað 2. gr. komi svolátandi grein:

Ekkert lán má fara fram úr 5000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir, en $^1/_2$% afborgun.

2. gr.

Í stað 6. gr. komi svolátandi grein:

Hús, er lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, úr steini eða steinsteypu og þak varið járni eða eigi ótryggara efni. Timburhús, þótt aljárnvarin sjeu, má því að eins reisa fyrir lánsfjeð, að eigi sje annars kostur vegna staðhátta. Landsstjórnin ræður, eftir tillögu hins byggingarfróða ráðunauts landsstjórnarinnar, yfirsmið hússins.

3. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Helmingur lánsfjárins greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og efnið, sje það eldfimt, sje fullvátryggt. Hinn helmingurinn útborgast þegar sýnd eru skilríki fyrir því, að húsið sje bygt eftir uppdrætti og áætlun, og vel frá smíði gengið, enda sje landsstjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi, sem umboðsmann hefir í Reykjavík, fyrir því að húsið sje vátrygt fyrir virðingarverði. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið.

4. gr.

12. gr. laganna falli burtu.

5. gr.

13. gr. orðist þannig:

Nú er hús bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $^1/_2{}^0/_0$ af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar. Sama er og þá er hús, sem bygt hefir verið að öllu eða nokkru leyti fyrir lánsfje úr landssjóði, er byggt upp fyrir vátryggingarupphæð þess eða fyrningargjald samkvæmt 17. gr. Öllum slíkum húsum skal prestur ætíð halda vátrygðum fyrir virðingarverð samkvæmt því, sem ákveðið er í 7. gr.

6. gr.

Lög þessi koma í gildi 1. janúar 1914.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins, var veitt heimild til þess meðan á þyrfti að halda, að lána 15000 kr. á ári til þess að koma upp íbúðarhúsum á prestssetrum landsins, 3000 kr. hæst í stað. Lögin hafa nú unnið verk sitt í 5 ár, 1908—1912. Á þessu tímabili hefir 28 prestaköllum verið veitt lán samkvæmt lögunum, að upphæð rúmar 73 þúsund krónur. Eftir því lætur mjög nærri, að lánsupphæðin hafi verið notuð að fullu þessi 5 ár, en það kemur svo út, að fleiri eru lánin til lánskjarabreytinga eða til að kaupa þegar reist hús, samkvæmt undantekningarheimildinni í 12. gr., en til að reisa ný íbúðarhús.

Nú segir það sig sjálft að þessar lánskjarabreytingar hljóta að falla niður er stundir líða fram; verða slík hús þá ekki lengur til, síst í því ástandi að frambærileg þyki.

En í annan stað hefir stjórnarráðið ástæðu til að ætla að lítil eftirspurn

verði framvegis hjá prestum eftir 3000 kr. láni til að reisa ný hús fyrir, svo viðbúið er að þessi velhugsuðu lög verði að litlum notum, ef þau standa óbreytt. Þannig tekur biskup fram í brjefi til stjórnarráðsins, dags. 24. jan. 1913, að hann viti ekki af því, að nú sje í aðsigi lánbeiðnir til nýrra húsa, og getur þess jafnframt, að þegar hann hafi fengið því komið í kring við alþingi 1911, að fá lagt fram á fjárhagstímabilinu 1000 kr. í stað, til viðbótar venjulegum byggingarlánum, til steinsteypuhúsa, og ætlað var tveim prestssetrum í kauptúnum vestanlands, þá hafi viðkomandi prestar gengið frá því að nota það tilboð er á reyndi.

Orsökin er sú að frá því, er lögin voru undirbúin af kirkjumálanefndinni milli þinga og síðan sett á alþingi 1907, hafa byggingar orðið stórum dýrari, bæði hefur stigið kaup smiða og verkmanna nokkuð, en sjerstaklega hafa útlend byggingarefni stigið stórlega, og allar horfur á að það ágerist enn að mun, og auk þess voru byggingarlánin í upphafi af skornum skamti. Þá hefir hinn byggingarfróði ráðunautur landsstjórnarinnar engu síður en biskupinn fundið til þessara annmarka, þarsem hann hefir orðið að heimta sæmileg íbúðarhús, en lánsfjeð hrokkið skamt og framlagið, sem fyrir var frá staðarhúsum, oftast smávaxið.

Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, er því fram komið samkvæmt tillögum biskupsins, er gerðar hafa verið í samráði við ráðunautinn, húsameistara Rögnvald Ólafsson. Aðalefni breytinganna er það, að lána megi til hvers húss alt að 5000 kr., en þá sje heldur eigi lánað til fleiri húsa en til 3ja á ári eða 6 á fjárhagstímabilinu. Vaxa þá kröfurnar til húsanna um leið svo sem hæfa þykir, en þó sjerstaklega í þeirri grein, að sem næst undantekningarlaust sjeu bygð steineða steinsteypuhús fyrir lánin. Jafnframt er ætlast til þess, að heimild til lánkjarabreytinga falli niður, en að lánsfjeð verði eingöngu notað til að reisa ný hús af stofni.

Lánsupphæðin verður hin sama og nú, en það segir sig sjálft, að það tekur fleiri ár að koma sæmilegum og varanlegum húsum á öll prestssetrin, svo að lánsfjeð verður meira í heildinni, en getur þó ekki orðið landssjóði nein tilfinnanleg byrði, auk þess sem slíkar byggingar út um alt land með leiðsögn og eftirliti kunnandi manns af hálfu hins opinbera ætti að geta orðið góður verklegur skóli fyrir þjóðina í því, er að húsabyggingum lýtur. Og sú verklega fræðsla verður enn betri og þýðingarmeiri, er hallast er nær eingöngu að steinbyggingum, og lánsfjeð aukið svo að hinn byggingarfróði leiðbeinandi getur gert dálitlar kröfur til þæginda og útlits. Hvað hin einstöku breytingarákvæði að öðru leyti snertir, skal tekið fram, að byggingarmeistarinn telur það nauðsynlegt til þess að leiðsögn hans komi að fullum notum, að landsstjórnin ráði eða samþykki ráðningu á yfirsmið hússins, og er stjórnarráðið því að öllu samþykt. Í 13. gr. laganna frá 1907 er ákveðið, að þá er hús er bygt fyrir lánsfje úr landssjóði, skuli prestur árlega leggja $^1/_2$% af virðingarverði hússins í fyrningarsjóð. Þetta ákvæði er mjög hentugt, því hin eldri regla, að láta alt álagið safnast fyrir hjá prestinum, var óhentug og háskaleg bæði fyrir prestinn og prestaköllin svo sem ítarlega var sýnt fram á í tillögum kirkjumálanefndarinnar. Í 5. gr. frumvarps þessa er lagt til að gera þetta fyrirmæli víðtækara, þannig, að það nái einnig til þeirra húsa, sem bygð eru upp fyrir vátryggingarupphæð hússins eða fyrir fyrningarupphæð þá, sem prestakallinu hefir safnast samkvæmt 17. gr. laganna. Hefir það vafalaust verið tilgangur hinna eldri laga að láta fyrningargjald einnig hjer koma í stað hinna eldri ákvæða um álag, en rjettara hefir þó þótt að taka það skýrt

fram. Svo er og ákveðið, að öllum slíkum húsum skuli viðkomandi prestur halda vátrygðum gegn eldsvoða. Er þetta sjálfsögð kvöð, er hið opinbera verður að leggja á hlutaðeigandi prest, til að tryggja eign prestakallsins.

---

# Frumvarp til laga

um

## nafnbreytingar og ný nöfn á býlum.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Nöfnum á býlum, afbýlum, grasbýlum eða húsmenskubýlum, utan kaupstaða og kauptúna, er jarðabók telur, má enginn breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

2. gr.

Nú vill eigandi býlis, er jarðabók telur, taka upp nýtt nafn á býlí sínu eða breyta því, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýra frá hinu eldra nafni býlisins og dýrleika, og tilgreina ástæður fyrir nafnbreytingunni, og skal henni fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda. Beiðnina með fylgiskjölum sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir hana til stjórnarráðsins.

3. gr.

Telji stjórnarráðið nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu, fyrir einhverjar sakir óheppilegt, endursendir það sýslumanni beiðnina, og skal beiðanda þá gefinn kostur á að velja annað nafn á býlinu. Samnefni á býlum í sama hreppi má eigi leyfa.

Sje nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sýslumanni, og ber honum að þinglesa það á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Nýnefni á býlum, er jarðabók telur, sem upp hafa verið tekin áður en

lög þessi öðlast gildi, mega því að eins haldast, að fengið sje leyfi stjórnarráðsins til nafnbreytingarinnar. Beiðni um nafnbreytinguna skal senda stjórnarráðinu innan 12 mánaða frá því lög þessi öðlast gildi, og gilda um þá beiðni þau ákvæði, sem sett eru í 2. og 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Fyrir leyfisbrjefið greiðir beiðandi 25 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning leyfisbrjefsins greiðir beiðandi sýslumanni 2 kr. auk hins lögákveðna þinglestrargjalds. Sje býlisnafnið eldra en lög þessi, skal þó ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið, nema skrásetningargjaldið til sýslumanns og þinglestrargjaldið.

6. gr.

Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefir í jarðabókinni, og skal hann þá afhenda sýslumanni til þinglesturs yfirlýsingu sína um nafn býlisins. Í yfirlýsingu þessari skal skýrt frá, á hvaða lögbýli og hvaða ár það er bygt, landstærð þess, ummerkjum og dýrleika. Yfirlýsingunni skal fylgja afsalsbrjef fyrir eigninni eða önnur skilríki fyrir eignarrjetti umsækjanda.

Ekki má taka upp nafn, sem samnefnt er öðru býli í sama hreppi.

Þinglesnu nafni á býli má ekki breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er renna í landssjóð. Skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa eftirlit með að lögum þessum sje hlýtt.

8. gr.

Mál útaf lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

---

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Svo sem fram er tekið í athugasemdum við frumvarp til laga um ný nöfn manna, kom fram á alþingi 1912 tillaga um að setja lagareglur um nafnbreytingar á býlum, til þess að koma í veg fyrir ýmislega erfiðleika, er slíkar nafnbreytingar hafa í för með sjer, ef óreglubundnar eru.

Þótt stjórnarráðið verði að telja það óheimilt samkvæmt gildandi lögum að breyta nöfnum á býlum, sem talin eru í jarðabókinni frá 1861, þá hefir það samt sem áður viðgengist að jarðanöfnum hefir verið breytt og ekki orðið við það ráðið, þar eð vantað hafa hegningarákvæði um slíkar óheimilar nafnbreytingar.

Til þess að ráða bót á þessu er í frumvarpi þessu bannað, að viðlögðum sektum, að breyta eldri jarðanöfnum, sem talin eru í jarðabókinni, nema sjerstakt

leyfisbrjef til nafnbreytingarinnar sje fengið. Þarsem slíkar breytingar á jarðanöfnum yfir höfuð að tala eru ekki æskilegar, virðist ekki ástæða til að setja gjaldið fyrir leyfisbrjefið lægra en 25 kr. Auk þess er ákveðið, að beiðandi skuli greiða sýslumanni 2 kr. Er það að eins sanngjörn borgun fyrir aukavinnu hans við lagfæringu á eignaskrá lögsagnarumdæmisins, er nafnbreytingin hefur í för með sjer.

Þar sem býli hefir ekkert nafn í jarðabókinni, virðist ekki þörf á því, að sá, er vill gefa býlinu ákveðið nafn, fái leyfisbrjef til nafntökunnar. Er því í 6. gr. frumvarpsins látið nægja að hlutaðeigandi láti þinglesa yfirlýsingu sína um nafnið. Þarsem hjer er um nýtt býli að ræða, hefir þótt ástæða til þess að tekið væri fram í yfirlýsingu þessari, á hvaða lögbýli það er bygt, og hvaða ár, landstærð býlisins, ummerki þess og dýrleiki. Nafni á býli, sem þinglesið hefir verið, má ekki síðar breyta, nema með leyfisbrjefi.

# Frumvarp til laga

um

## ný nöfn manna og ættarnöfn.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Enginn má breyta skírnarnafni sínu eða ættarnafni, eða taka upp nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum laga þessara.

2. gr.

Löglegt ættarnafn er öllum þeim, sem í karllegg eru komnir af ættföður, rjett og skylt að nota. Þá er kona giftist, tekur hún ættarnafn manns síns, ef hann hefir ættarnafn; hafi hann ekkert ættarnafn, heldur hún ættarnafni sínu, ef hún hefir ættarnafn, að öðrum kosti kennist hún við fornafn föður síns. Við föðurnafn manns síns má hún því að eins kennast, að það nafn sje tekið upp sem ættarnafn, samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

3. gr.

Manni, sem skírður hefir verið löglegu ættarnafni annarar ættar, er ó-

heimilt að nota það nafn sem ættarnafn eða auknefni. Sá, sem skírður hefir verið tveimur nöfnum eða fleirum, er skyldur til að nota sama fornafn eða sömu fornöfn alla æfi.

4. gr.

Óskilgetið barn hefir ekki rjett til að bera ættarnafn föður síns, heldur nefnist það ættarnafni móður sinnar, ef hún hefir ættarnafn; hafi hún ekkert ættarnafn, kennist barnið við fornafn föður síns, en sje faðir óþektur þá kennist það við fornafn móðurföður. Nú veitir faðir óskilgetnu barni sínu erfðarjett eftir sig, og öðlast það þá rjett til að bera ættarnafn hans.

5. gr.

Nú vill maður, sem er fæddur á Íslandi og er þar búsettur, taka upp ættarnafn eða breyta eldra ættarnafni, og skal hann þá senda stjórnarráði Íslands beiðni um það, og láta henni fylgja skírnarvottorð sitt eða þau vottorð, er samkvæmt gildandi lögum koma í þess stað. Sje umsækjandi yngri en 18 ára, verður hann að láta beiðninni fylgja samþykki þess foreldranna, er foreldraráð hefir yfir honum.

Hjón geta, meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, því að eins fengið heimild til nýs ættarnafns að þau sjeu því bæði samþykk.

Systkini mega í sameiningu sækja um sameiginlegt ættarnafn, og verður þá að fylgja umsókninni skírnarvottorð þeirra, er hið nýja nafn á að ná til.

Eigi umsækjandi börn á lífi, er lögum samkvæmt bera nafn hans, skal nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef þau eru yngri en 18 ára og hann hefir foreldraráð yfir þeim. Sjeu þau eldri en 18 ára, má nafntakan eða nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef umsækjandi hefir haft foreldraráð yfir þeim innan 18 ára aldurs og þau sjálf samþykkja.

Faðir eða móðir geta einnig, ef framangreind skilyrði eru fyrir hendi, fengið heimild til ættarnafnstöku eða ættarnafnsbreytingar fyrir börn sín, þótt þau sjálf breyti ekki ættarnafni sínu. Skal þá nafntakan eða nafnbreytingin ná til þeirra barna allra, sem umsækjandi hefir foreldraráð yfir.

Hafi hjón fengið nýtt ættarnafn upptekið fyrir sameiginleg börn sín, hljóta seinni börn í því hjónabandi sama ættarnafn.

6. gr.

Undanskilin þeim ættarnöfnum, sem veita má heimild til að taka upp samkvæmt 5. gr., eru:

*a.* Ættarnöfn, sem eru lögleg eða viðurkend eign íslensks manns, ef hlutaðeigandi sjálfur eða fjárhaldsmaður hans hefir með brjefi til stjórnarráðsins fyrir 1. jan. 1915 tilkynt ættarnafnið, og lagt bann við að það sje notað.

Ættarnafn, sem upp hefir verið tekið fyrir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), telst viðurkend eign þess, er það hefir notað. Upplýsingar um það, hvenær ættarnafn hefir verið tekið upp, skal fylgja tilkynningunni, og getur stjórnarráðið heimtað þær sannanir fyrir upptöku nafnsins, er því finst ástæða til.

*b.* Ættarnöfn, sem eru löglega upptekin eftir 1. jan. 1915.

*c.* Ættarnöfn, er álíta verður óhæf í málinu, hneykslanleg eða eru mjög lík nöfnum þeim, er ræðir um í staflið a—b.

Stjórnarráðið hefir úrskurðarvald um öll deiluefni, er rísa útaf ákvæðum greinar þessarar.

7. gr.

Skrá um ættarnöfn, er ekki má taka upp samkvæmt 6. gr. staflið a., semur stjórnarráðið og lætur prenta í B-deild Stjórnartíðindanna. Við hver árslok skal prenta viðauka við skrá þessa, og skal þar innfæra þau ættarnöfn, sem leyfi hefir verið veitt til að taka upp á árinu. Nafnaskráin og viðaukarnir skulu vera til sölu hjá bóksala í Reykjavík. Stjórnarráðið ákveður söluverðið.

8. gr.

Ættarnöfn eða auknefni, sem upp hafa verið tekin án löglegrar heimildar eftir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), má því að eins nota eftirleiðis, að hlutaðeigandi fái heimild til að nota þau, annaðhvort með stjórnarráðsskírteini eða konunglegu leyfisbrjefi.

9. gr.

Sje ekkert nafntökunni eða nafnbreytingunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út skírteini um nafntökuna. Fær umsækjandi skírteinið afhent gegn gjaldi því, er ákveðið er í 11. gr. — Jafnframt sendir stjórnarráðið hlutaðeigandi sóknarpresti eftirrit af skírteininu, og skal hann geta nafntökunnar í kirkjubókinni við skírnarnöfn þeirra, er nafntakan eða nafnbreytingin nær til.

10. gr.

Nafnbreytingar og nýnefni má hjer eftir sem hingað til veita með konunglegu leyfisbrjefi samkvæmt reglum þeim, er tíðkast hafa.

11. gr.

Fyrir skírteini til nafntöku, er stjórnarráðið gefur út samkvæmt 9. gr., hvort heldur fyrir einstakan mann eða fjölskyldu, skal greiða 10 kr., er renna í landssjóð.

Fyrir að fá ættarnafn sitt skráð í nafnaskrá samkvæmt 5. gr. a, skal gjalda 2 kr., er renna í landssjóð.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er falla í landssjóð. Með mál útaf þeim skal farið sem með almenn lögreglumál.

13. gr.

Heimild stjórnarráðsins til að gefa út skírteini um upptöku ættarnafna gengur í gildi 1. jan. 1915. 8. gr. laganna gengur í gildi 1. jan. 1916. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi 1. janúar 1914.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á alþingi 1912 kom fram af þingmanna hálfu tillaga um að setja lagareglur um nafnbreytingar á býlum og upptöku á nýjum nöfnum manna.

Sjórnin viðurkennir að þörf sje á lagasetningu um þetta efni, til þess að koma í veg fyrir ýmislega erfiðleika, glundroða og rjettarmissi, er slíkar breytingar óreglubundnar geta valdið, en þarsem hjer í raun rjettri er um tvö sundurleit efni að ræða, hefir þótt rjettara að koma fram með tvö sjálfstæð frumvörp, annað um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum, og hitt um ný nöfn manna og ættarnöfn.

Það frumvarp, sem hjer liggur fyrir, er um ný nöfn manna. Er í 1. gr. frumvarpsins bannað að viðlögðum sektum, að breyta skírnarnafni sínu eða ættarnafni eða taka upp nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þeim, sem lögin setja.

Til að fá breytt nafni sínu eða fá ættarnafn upptekið eru eftir frumvarpinu tvær leiðir.

Önnur leiðin um upptöku eða breyting á ættarnafni er sú, að fá sjerstakt skírteini frá stjórnarráðinu um nafntökuna. Eru um það sett föst, ákveðin skilyrði í 5.—9. gr. frumvarpsins, en jafnframt er í 10. gr. leyft að veita megi, eins hjer eftir sem hingað til, nafnbreyting eða nýnefni með konunglegu leyfisbrjefi, en samkvæmt þeim reglum má veita manni leyfi til að breyta fornafni sínu ef sjerstakar ástæður eru til, t. d. ef nafnið er afkáralegt, hneykslanlegt eða hlutaðeigandi þekkist almennt undir öðru nafni en skírnarnafni sínu. Svo má og eftir sömu reglum veita manni rjett til að taka upp ættarnafn, sem er eign annars manns, þótt notkun þess sje bönnuð samkvæmt 6. gr. frumvarps þessa, þegar sjerstakar ástæður eru til t. d. um leið og veitt er heimild til ættleiðingar eða maður, sem kominn er af ákveðinni ætt í kvennlegg, óskar leyfis til að bera ættarnafn frænda sinna, sem í karllegg eru komnir af ættföðurnum. Það hlýtur eftir eðli sínu að vera álitamál í hvert sinn, bæði hvort veita skuli og um skilyrðin fyrir veitingunni, t. d. um það, hve strangar kröfur eigi að gera til samþykkis frá þeirra hendi, er rjettinn hafa til ættarnafnsins. Hins vegar mun mjög erfitt að setja um þetta fastar reglur þannig, að þær verði ekki annaðhvort óþarflega umsvifamiklar í mörgum tilfellum eða þá í einstökum atvikum ósanngjarnar.

Stjórnarráðið viðurkennir að menn hafi eðlilegan rjett til þess að fá ættarnöfn sín vernduð að lögum. Því er í 6. gr. frumvarps þessa mönnum veittur greiður aðgangur til að fá slíka lagavernd.

Að því er þau nöfn snertir, sem upp hafa verið tekin fyrir síðastliðin aldamót, fæst vernd þessi með því að tilkynna nafnið til nafnaskrár, er stjórnarráðið á að gefa út; um öll önnur ættarnöfn gildir það, að til þess að öðlast rjett til að bera þau og jafnframt fá þau rjettarvernduð, verður hlutaðeigandi að fá stjórnarráðsskírteini um upptöku þeirra eða konunglegt leyfisbrjef, og eru þau þá jafnframt kostnaðarlaust tekin upp á viðaukaskrá þá, er ræðir um í 7. gr.

Öll ættarnöfn, sem eldri eru en frá síðastliðnum aldamótum, eru gerð jafnrjetthá, þannig að þeir, sem hafa tekið þau upp og notað, fá rjett til að halda þeim eftirleiðis. Að gefa þeim einkarjett að nafninu, er fyr hefir tekið það upp, verður stjórnarráðið að telja ótækt, þar eð það bæði getur verið órjettlátt, getur bakað hlutaðeigandi mikinn hnekki og mundi valda endalausum ágreiningi.

Að öðru leyti virðist frumvarp þetta ekki þurfa útskýringar.

# Frumvarp til laga

um

## sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

Þá er skáldið Steingrímur Thorsteinsson lætur af rektorsembætti við hinn almenna mentaskóla, veitist honum í viðbót við lögmælt eftirlaun kr. 1333,33 sem árleg heiðurslaun.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rektor Steingrímur Thorsteinsson er nú á þriðja ári um áttrætt. Hann hefir haft kennaraembætti á hendi við mentaskólann yfir 40 ár, og þjónað embætti full 12 ár fram yfir þann aldur, er hann, lögum samkvæmt, átti rjett á því að fá lausn frá embætti með fylstu eftirlaunum. Er það því ekki óeðlilegt, að hann væri farinn að þreytast að gegna hinu vandasama og að ýmsu leyti erfiða starfi, sem rektorsstaðan við mentaskólann er, en ástæðan til þess að hann hefir í hyggju að sækja um lausn frá embætti sínu frá 1. október næstkomandi, ef hann getur haldið fullum launum þeim, er hann nú hefir, er þó enganvegin sú, að hann kenni svo mjög hnignunar, heldur af löngun til þess að geta varið því, sem eftir er æfinnar, til að ganga frá ýmsu og ljúka við hin bókmentalegu störf, er honum liggja á hjarta, en sem skólaannir og kenslustörfin, eins og nú er, meina honum að leggja síðustu hönd á.

Laun Steingríms rektors Thorsteinsson eru nú 3600 kr. auk leigulauss bústaðar eða í þess stað 400 kr. Ber honum því nú 2666 kr. 67 a. í eftirlaun, en með því að hann hefir að sjá fyrir framfærslu talsverðrar fjölskyldu, og verður auk þess að borga mikla upphæð árlega, framt að 700 kr., til að inna af hendi lögboðna lífeyristryggingu handa konu sinni, er það auðsætt, að afkoman yrði honum erfið með eftirlaununum einum. Viðbót sú við eftirlaunin, sem farið er fram á í lagafrumvarpi þessu, getur hinsvegar, þótt ekkert tillit sje tekið til þeirrar fjárhæðar, er landssjóði hefur sparast við það, að hann hefur ekki neytt eftirlaunarjettar síns fyr, ekki talist nema lítilsháttar viðurkenning til hans fyrir þann auð og unað, er hann hefir veitt íslensku þjóðinni með skáldskaparverkum sínum og öðrum bókmentalegum störfum, auk þess sem þessi styrkur gæfi honum tóm til þess, svo sem drepið hefir verið á að framan, að nota hin síðustu æfiár sín til að ljúka við ýms bókmentaleg störf, er hann enn hefir með höndum, en á eftir að leggja síðustu hönd á.

# Frumvarp til laga

um

## breyting á lögum nr. 63, 22. nóvbr. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

Í stað 5. gr. laganna komi svolátandi grein:

Við kennaraskólann skipar ráðherrann 4 fasta kennara. Einn þeirra er skólastjóri. Hann hefir 2400 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka með 200 kr. á hverjum 4 ára fresti upp í 3000 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði í skólahúsinu, hita og ljós.

Annar og þriðji kennari hafa 2200 kr. árslaun að byrjunarlaunum, sem hækka með 200 kr. fjórða hvert ár upp í 3000 kr.

Fjórði kennari hefir 1600 kr. árslaun úr landssjóði að byrjunarlaunum, sem hækka með 200 kr. 4. hvert ár upp í 2400 kr.

Þeir kennarar, sem nú eru við skólann, mega telja með til launahækkunar samkvæmt lögum þessum, þau ár, sem þeir hafa verið kennarar við skólann.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Forstöðumaður kennaraskólans hefir í brjefi, dags. 4. jan. 1913, farið þess á leit, að lögum nr. 63, 22. nóvbr. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík, verði breytt á þá leið:

1. Að einum föstum kennara verði bætt við, er sjerstaklega hafi kensluæfingar á hendi;
2. Að laun kennaranna verði ákveðin þannig, að þeir allir 4 byrji með 2400 kr. árslaunum, er síðan hækki með 200 kr. eftir hver þrjú ár, uns þau eru orðin 3200 kr., og að skólastjórinn fái að auki ókeypis húsnæði, ljós og hita.

Svo sem skólastjórinn tekur fram í nefndu brjefi, eru kensluæfingar eitt hið mikilvægasta atriði við sjerhvern kennaraskóla. Til þess að kenna þær, þarf ekki einungis mikla almenna mentun, heldur og sjerstaklega gott lag og

leikni í að kenna börnum og stjórna, og sívakandi eftirtekt og áhuga á öllum breytingum til batnaðar, sem gerast í þeirri grein erlendis, til þess að geta valið úr það, sem við getur átt hjer á landi og dreift því út um landið. Engum kennaranna við skólann er eins mikil nauðsyn á að fara við og við utan, til þess að sjá með eigin augum slíkar nýungar og umbætur. Í þessa stöðu er því vandfenginn maður, og skólanum skaðlegast að skifta oft um mann í henni. Þessari æfingakenslu er nú svo fyrir komið, að sá kennarinn, er hana hefir, fær 1000 kr. úr landssjóði og um 500 kr. úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Það er auðsætt, að við slík laun getur hæfur maður ekki unað til lengdar, og er því bæði ósanngjarnt og skólanum skaðvænt að henni fylgi lægri laun en hinum kennarastöðunum. Er því farið fram á í frumvarpi þessu, að 4. kennaranum sje bætt við kennaraskólann.

Ástæðan til þess að forstöðumaður skólans hefir farið fram á hækkun á launum allra kennaranna er sú, að fyrsta og öðrum kennara, sem eru fjölskyldumenn, sje ómögulegt að komast af með þau laun, sem þeir hafa nú, en hins vegar sje það hvorki sanngjarnt við þá, eða holt fyrir skólann, að þeir neyðist til þess að reka einhverja aðra arðsama atvinnu jafnframt kennarastarfinu, því að engum skóla geti það verið meira áríðandi að kennararnir leggi allan hug á starf sitt en þeim, sem á að undirbúa kennaraefni handa allri þjóðinni.

Tekur forstöðumaðurinn fram, að þegar meta skuli upphæð launanna verði og að líta á það, að kennararnir við þennan skóla hafi eigi rjett til eftirlauna, og sjeu því öðrum fremur nauðbeygðir til að leggja fje fyrir, til efri áranna, eða tryggja sjer og sínum á annan hátt styrk, ef í nauðir rekur. Auk þess sje það alkunnugt, að með ári hverju verði dýrara og dýrara að lifa hjer í Reykjavík og nemi það jafnvel nú þegar allmiklu frá því sem var, þegar launin voru ákveðin í fyrstu.

Af framangreindum ástæðum, sem stjórnin álítur að hafi við rök að styðjast, virðist ekki hjá því komist, að hækka laun kennaranna við kennaraskólann. Er lagt til að skólastjórinn hafi, svo sem nú er ákveðið, 2400 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækki með 200 kr. á hverjum 4 ára fresti upp í 3000 kr. Auk þess hafi hann ókeypis húsnæði í skólahúsinu, hita og ljós. Verða þá laun hans eftir 12 ára þjónustu orðin jafn há og laun forstöðumanns gagnfræðaskólans á Akureyri, eins og þau eru ákveðin með lögum nr. 20, 9. júlí 1909. Þá er lagt til, að annar og þriðji kennari hafi 2200 kr. árslaun að byrjunarlaunum, sem hækki með 200 kr. fjórða hvert ár upp í 3000 kr.

Að endingu er lagt til, að fjórði kennari, sem á að hafa kensluæfingar á hendi, fái 1600 kr. árslaun að byrjunarlaunum, stígandi með 200 kr. 4. hvert ár, upp í 2400 kr. Eru laun hans ákveðin 600 kr. lægri en hinna kennaranna með tilliti til þess að hann fái eftirleiðis 600 kr. tekjur að minsta kosti frá bæjsjóði Reykjavíkur fyrir kenslu barna í æfingabekknum í kennaraskólanum.

Samkvæmt lagafrumvarpi þessu verða byrjunarlaun kennaranna mjög svipuð því sem nú er, og þótt gert væri ráð fyrir, að allir kennarar skólans væru komnir á hæstu laun, þá er aukning launanna ekki nema 3600 kr., þótt einum föstum kennara hafi verið bætt við.

# Frumvarp til laga

um

## breyting á lögum nr. 56, 22. nóvbr. 1907, um stjórn landsbókasafnsisn.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Landsbókavörður hefir 3600 kr. laun að byrjunarlaunum, en launin hækka þriðja hvert ár um 200 kr. upp í 4200 kr.

1. aðstoðarbókavörður hefir 2400 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka þriðja hvert ár um 200 kr. upp í 3600 kr.

2. aðstoðarbókavörður hefir 2000 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka þriðja hvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í brjefi, dags. 7. febr. 1913, hefir landsbókavörðurinn vakið athygli á því, að launakjör starfsmanna landsbókasafnsins sjeu svo fráleit, að safninu haldist ekki á mönnum sínum nema um stundarsakir; leiti þeir jafnan burt, þegar þeir sjeu farnir að venjast störfunum, í aðra lífvænlegri stöðu. Stjórnin verður og að viðurkenna, að launakjör starfsmanna safnsins eins og þau eru ákveðin í lögum nr. 56, 22. nóvbr. 1907, sjeu alsendis óviðunandi. Samkvæmt þessum lögum er landsbókaverði ákveðin 3000 kr. laun, 1. aðstoðarbókaverði 1500 kr. og 2. bókaverði 1000 kr. Með launum þessum getur safninu ekki haldist á nýtum mönnum, en það er auðsætt, að það er safninu hinn mesti bagi að missa starfsmenn sína, þegar þeir eru orðnir safninu kunnugir og æfðir við starf sitt, og þetta er því bagalegra sem safnið er nú í hröðum vexti.

Stjórnin álítur því að nauðsynlegt sje að bæta laun starfsmannanna. Virðist hæfilegt að byrjunarlaun landsbókavarðar sjeu 3600 kr., og hækki launin upp í 4200 kr. Laun 1. aðstoðarbókavarðar virðast eiga að vera svipuð og laun kennara við hinn almenna mentaskóla, og laun 2. bókavarðar geta naumast verið lægri en 2000 kr. til byrjunar, hækkandi upp í 3000 kr.

Um 2. bókavarðarstöðuna er þess sjerstaklega að geta, að sá maður, sem

nú er skipaður í hana, hefir að eftirlaunum 1440 kr. Þessi eftirlaun falla að sjálfsögðu burtu hlutfallslega eða að öllu leyti, þá er hann nær 2400 kr. árslaunum, en þá launaupphæð hafði hann í sínu fyrra embætti. Nái þetta lagafrumvarp fram að ganga, og laun 2. bókavarðar verða ákveðin 2000 kr., þá mundi honum t. d. bera þau laun og jafnframt 400 kr. af eftirlaunum sínum.

Að öðru leyti skal vísað til nefnds brjefs landsbókavarðarins, sem prentað er hjer á eftir.

---

**Fylgiskjal.**

LANDSBÓKASAFN
ÍSLANDS.

Reykjavík, 7. d. febr. 1913.

Í erindi mínu til h. háa stjórnarráðs, dags. 13. nóv. f. á., hefi jeg í fáum orðum bent á, hvert olnbogabarn Landsbókasafn Íslands hafi um langan aldur verið hjá fjárveitingarvaldinu, og öll útlát til þess af skornum skamti, til stórtjóns bæði fyrir safnið sjálft og þá, sem nota það.

En nú eru þeir tímar komnir, að við svo búið má eigi lengur standa, því að hinn mikli vöxtur þess og margfaldaður starfi á síðustu 10—20 árum og eigi síst hlutverk þess í þjóðlífi voru heimtar beint, að því sje allur hinn sami sómi sýndur sem hinum æðri menningarstofnunum landsins.

Vjer erum of fámenn og fátæk þjóð til þess að nokkur vegur sje til fyrir oss að standa straum af nema einu myndarlegu landssafni, en af því leiðir aftur, að háskólinn íslenski hlýtur aðallega að styðjast við þetta safn, og verður því hlutverk þess tvöfalt: Það verður bæði að vera þjóðbókasafn með sjerstakri skyldu til að safna íslenskum bókum og handritum og geyma þeirra, og einnig vísindalegt bókasafn, athvarf fyrir mentastofnanir vorar og íslenska vísindamenn.

Þetta tvöfalda hlutverk getur safnið eigi unnið nema með miklum styrk úr landssjóði. Jeg skal fúslega játa, að mjög mikið hefir á síðari árum verið bætt úr brýnustu þörfum safnsins með bókhlöðubyggingunni, auknum styrk til bókakaupa og handrita o. fl. Ennfremur voru lögin um stjórn Landsbókasafnsins 22. nóv. 1907 drjúgt skref í rjetta átt, en betur má, ef duga skal. Enn eru launakjör starfsmanna safnsins svo fráleit og ranglát, að safninu helst eigi á mönnum sínum nema um stundar sakir, leita þeir jafnan burt, þegar þeir eru farnir að venjast störfunum og orðnir vel verkfærir, í aðra lífvænlegri stöðu, og svo byrjar á nýjan leik að venja nýja og alls ókunnuga menn við störfin. Hvert feikna tjón þetta sje fyrir safnið, hygg jeg liggi í augum uppi. Til dæmis skal

þess getið, að síðan 1895 hefir safnið orðið á bak að sjá í aðra stöðu svo ágætum bókaverði sem Pálma skólakennara Pálssyni, dr. phil. Birni Bjarnasyni og nú síðast docent Jóni Jónssyni, sem orðin var nákunnugur safninu, og að sjálfsögðu mun einnig núverandi fyrri bókavörður dr. phil. Guðmundur Finnbogason leita burt þaðan jafnskjótt sem honum býðst eitthvað lífvænlegra, og svo mun jafnan fara, þar til þetta þýðingarmikla og vandasama starf verður svo launað, að við megi una.

Til samanburðar við launakjör landsbókavarðar og bókavarða skal hjer sýnt, hvernig starfi þessi er launaður í Danmörku og víðar á Norðurlöndum.

Við konungl. bókasafnið í Kaupmannahöfn hefir yfirbókavörður 6000 króna árslaun, sem hækka 4. hvert ár um 400 kr. þar til þau nema 7200 kr. Bókaverðir safnsins hafa að árslaunum 4000 kr., sem hækka 4. hvert ár um 300 kr. upp í 5200 kr., undirbókaverðir hafa í árslaun 1800 kr. með 400 kr. hækkun 4. hvert ár upp í 3600 kr.

Á háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn eru launakjör yfirbókavarðar, bókavarða og undirbókavarða öll hin sömu sem við konungl. bókhlöðuna.

Við ríkisbókasafnið í Árósum hefir yfirbókavörður 4800 kr. árslaun, sem hækka um 400 kr. 4. hvert ár, þar til þau ná 6000 kr., en bókaverðir hafa 3000 kr. árstekjur, sem hækka um 400 kr. 4. hvert ár upp í 4200 kr.

Jafnvel bæjarbókasafnið í Kristjaníu (Deichmanske Bibliotek) veitir yfirbókaverði sínum 3000 kr. byrjunarlaun, en hækkar þau um 400 kr. 3. hvert ár upp í 4200 kr., undirbókaverðir hafa 2400 kr. laun, sem hækka með sama fresti upp í 3300 kr.

Í Svíþjóð hefir ríkisbókavörðurinn við kgl. bókasafnið í Stokkhólmi 9000 kr. í laun alls, 1. bókavörður 5800, aðrir bókaverðir 4000 kr. á ári. Hefir 1. bókavörður 2 aldursbætur á 5 og 10 ára fresti, hinir bókaverðirnir 3 aldursbætur 5., 10. og 15. hvert ár, og hækka launin um 500 kr. í hvert skifti.

Svo sem sjá má af þessu stutta yfirliti eru þjóðbókasöfn á Norðurlöndum sett jafnhliða háskólum þar, og jafnvel hærra sumstaðar, að því er snertir laun yfirbókavarða og bókavarða, auðvitað með tilliti til þess, að vinna þeirra er mun meiri en háskólaprófessóra, og leyfin miklu styttri, en alstaðar er það reglan, að launin fara hækkandi eftir embættisárafjölda, með því að það er *beint skilyrði* fyrir að geta haldið nýtum og duglegum mönnum, sem vanir eru orðnir starfinu, enda hefir þing vort og stjórn viðurkent rjettmæti þessarar launareglu með því að taka hana upp í lög um laun háskólakennara 30. júlí 1909.

Sumir álíta ef til vill, að litlu þjóðbókasafni hæfi ver launaðir starfsmenn en stóru, en svo er alls eigi, stóru söfnin hafa miklu fleiri mönnum á að skipa, og geta því skift vinnunni niður á margar hendur og haft einn eða fleiri menn eingöngu við hverja sjerstaka starfsgrein, þarsem smáu söfnin aftur á móti heimta miklu margháttaðri vinnu og þar af leiðandi fjölbreyttari þekkingu af starfsmönnum sínum.

Að vísu verðum vjer Íslendingar í þessu atriði sem öðrum að sníða oss stakk eftir vexti, og getum eigi vænst þeirra launa fyrir embættisstörf vor, sem tíðkast hjá öðrum stærri þjóðum, en rangindi og ójöfnuð í launalöggjöf vorri ætti oss að vera unt og skylt að leiðrjetta.

Beri menn launakjör bókavarða Landsbókasafnsins saman við launakjör kennara við h. almenna mentaskóla, sem þó eru *tiltölulega* verst launaðir allra

æðri kennara hjer á landi, þá sjest, að laun þeirra eru miklu meiri en bókavarðanna, daglegur vinnutími yfirleitt talsvert styttri (á Landsbókasafninu er hann sex stundir á dag) og sumarleyfið og önnur leyfi um 4 mánuðir, hinna að eins $^1/_2$ mánuður, og auk þess eru allir föstu kennararnir konungl. embættismenn með eftirlaunarjetti, sem hina vantar. Jafnvel verslunarstjórar, sem litlu eða engu hafa til náms kostað, eru margir hverjir betur launaðir en yfirbókavörður landsins; sláturhús-stjóri og íshús-stjóri bæjarins eru hálaunaðir menn í samanburði við 1. bókavörð og jafnvel dyravörður og bókbindari sjálfs Landsbókasafnsins hafa miklu hærri laun en 2. bókavörður.

Væntanlega mun öllum skynbærum og sanngjörnum mönnum skiljast, hve ranglátt þetta fyrirkomulag er og jafnframt háskalegt fyrir þessa stofnun, sem jeg ber bæði siðferðislega og lagalega ábyrgð á, að komi þjóðinni að sem mestum og bestum notum, og geti sem best fullnægt þeim kröfum, sem nú eru gerðar til allra þjóðbókasafna um víða veröld.

Það er því ósk mín og tillaga til h. háa stjórnarráðs, að lagt verði fyrir næsta þing frumvarp til launalaga fyrir embættismenn Landsbókasafnsins þess efnis: *að* landsbókavarðarstaðan verði framvegis launuð með 3600 krónum, og hækki launin 3. hvert ár um 300 kr. upp í 4800 kr.; laun 1. bókavarðar verði 2400 kr., og hækki 3. hvert ár um 200 kr. upp í 3600 kr.; laun 2. bókavarðar verði 2000 kr., og hækki um 200 kr. 3. hvert ár upp í 3000 kr.

Að síðustu skal hjer tekið fram, að jeg tel með öllu óráðlegt að veita framvegis nokkra af þessum 3 stöðum nýjum mönnum, nema þeir áður hafi gengið undir próf, og staðist það, í þeim greinum, sem bókavörðum er nauðsynlegt að kunna og þeir hafa eigi áður af hendi leyst annarstaðar. Mun jeg síðar, ef stjórnarráðið óskar þess, semja frumvarp til reglugerðar um það efni.

Virðingarfylst

**Jón Jakobsson.**

Til

Stjórnarráðs Íslands.

# Frumvarp

til

## siglingalaga.

(Lagt fyrir alþingi 1913.)

---

### Fyrsti kapituli.

### Um skip.

1. gr.

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og, að tveim þriðju hlutum minst, eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelags eign, og á stjórn þess þá að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hjer að framan, enda sje hún heimilisföst á Íslandi eða í Danmörku og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

Halda skal opinbera skrá yfir íslensk skip, samkvæmt lögum um skrásetning.

3. gr.

Nú er skip skrásett, og ræður útgerðarmaður þess þá hvar á Íslandi það skuli eiga heimili. Hafi útgerðarmaður ekki kveðið á um þetta, og eins ef skipið er ekki skrásett, þá telst heimili útgerðarmannsins heimili skipsins, og sjeu útgerðarmenn fleiri, ræður heimili útgerðarstjóra. Heimili skipsins skal letrað á það skýrum stöfum.

4. gr.

Skip er óbætandi:

1. Er engri viðgerð á því verður við komið;

2. er ekki verður gert við það, þar sem það er, eða á neinum þeim stað, er það verður flutt á;
3. er skipið er ekki talið þess vert, að við það sje gert.

Skulu öll þessi atriði sönnuð með löglegri skoðunargerð.

## Annar kapituli.

### Um rjettindi yfir skipum.

5. gr.

Um stofnun og vernd eignarrjetta og eignarhafta á skrásettu skipi eða skipshluta skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

Sjólánsveð, sbr. 7. kap., er þó undanþegið þessu ákvæði.

6. gr.

Nú er eigandi skips sviftur fjárforræði, og skal þá þinglesa fjárforræðissviftinguna eins og um fasteign væri að ræða. Sama er um hjónakaupmála um skip.

7. gr.

Þinglestur samkvæmt 5. og 6. gr. skal fara fram þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra skjala, sem þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu samkvæmt 5. og 6. gr., og vitnað til veðmálabókanna; koma skrárnar í stað fasteignaregistursins. Ef skipið er ekki skrásett á skipaskrá, skal þinglestursins getið í dálki skipsins á smáskipaskránni eða fiskiskipaskránni.

9. gr.

Nafnbreyting á skipi og flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því að eins leyfa, að allir þeir, sem eiga þinglesin rjettindi því, samþykki það.

Nú er samþykki veitt, og skal þá skrásetningarstjórinn í því umdæmi, sem skipið var skrásett í, sjá um, að skrásetningarstjóranum í því umdæmi, sem skipið er flutt í, sjeu send eftirrit af öllum eignarhaftaskjölum, sem þinglesin hafa verið um skipið, og ber skrásetningarstjóranum í hinu nýja umdæmi að sjá um, að skjölin verði þinglesin eða fyrirfram innrituð þar innan mánaðar frá flutningnum, og halda þau þá krafti sínum óskertum án tillits til flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur greiðist ekkert gjald. En verði skjölin þinglesin seinna en mánuði eftir flutninginn, þá telst lagakraftur þeirra einungis frá þinglestrar- eða innritunardegi.

10. gr.

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hjer á landi, halda gildi sinu, ef þau eru skrásett hjer á landi samkvæmt 5. og 6. gr., innan 3 mánaða frá bráðabirgða- eða — ef skipið hefur ekki verið skrásett til bráðabirgða — fullnaðarskrásetningu skipins í íslensku skipaskrárnar.

11. gr.

Nú missir skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi, eða er af öðrum ástæðum strykað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið eða skipshlutinn verður eign útlendings, og er því strykað út úr skipaskránni.

## Þriðji kapituli.

### Um útgerð skipa.

12. gr.

Sje ekki annan veg fyrir mælt í lögum þessum, ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum allar skuldbindingar, sem hann stofnar sjálfur eða aðrir fyrir hans hönd.

Rjúfi skipstjóri gerða samninga útgerðarmanns eða gerða í umboði hans, enda var það skyldukvöð skipstjóra að fullnægja þeim samningum, þá ábyrgist útgerðarmaður slík samningsrof einungis með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum sínum; svo er og um allar skuldbindingar, sem skipstjóri gengst undir samkvæmt stöðu sinni og hefir ekki sjerstakt umboð útgerðarmanns til. En allar skiparáðningar og vistarsamninga við skipverja ábyrgist útgerðarmaður með allri eign sinni.

13. gr.

Tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi. Sama gildir um tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipsins þarfir, þótt ekki sje skipverjar.

Nú greiðir útgerðarmaður fje fyrir þessar sakir, og bæti honum aftur sá, er skaða vann.

14. gr.

Nú er fjelagsútgerð á skipi, og koma þá skuldbindingar allar, sem hvíla á fjelögum sem sjálfskuld, á þá að eins að rjettu hlutfalli við eign þeirra í skipi.

15. gr.

Ef skip er fjelagseign, skulu fjelagar kjósa sjer útgerðarstjóra og sje

hann heimilisfastur hjer á landi. Sje það skip skrásetningarskylt, skal senda tilkynning um kosninguna til innritunar á skipaskrána.

Sækja má útgerðarstjóra að lögum um öll mál, sem snerta útgerðina. Nú er ekki kosinn útgerðarstjóri, og er þá rjett að sækja hvern af fjelögum, er vill, í útgerðarmálum. Sækja má fjelaga hvort er vill að varnarþingi hans eða skipsins.

16. gr.

Útgerðarstjóri getur, samkvæmt stöðu sinni, gert alla löggerninga, sem útgerð alment krefur, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum. Hann getur því ráðið skipstjóra, látið hann fara og gefið honum fyrirskipanir; svo getur hann og veitt viðtöku fje, sem útgerðinni greiðist. Hann getur og verið rjettur sóknar- og varnaraðili útgerðarinnar. Hinsvegar er útgerðarstjóra ekki frjálst að taka fje að láni fyrir hönd útgerðarinnar, að selja skip eða veðsetja eða kaupa trygging á skipi, nema sjerstök heimild komi til.

Nú takmarka útgerðarmenn með sjerstökum fyrirmælum valdsvið útgerðarstjóra frá því, sem það er alment talið og hjer hefur verið greint, og er þá sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, sem við útgerðarstjóra semja og eru eigi vitandi um hana.

17. gr.

Nú skal útkljá einhver málefni útgerðarinnar með atkvæðagreiðslu fjelagsmanna, og ráða þá atkvæði þess eða þeirra, sem meira eiga en helming skipsins. Þó er nóg, að þeir eigi hálft skipið, ef útgerðarstjóri er þeim samþykkur, þó ekki sje hann fjelagsmaður. Nóg er og helft skipseignar til kosningar útgerðarstjóra; hljóti tveir jöfn atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fari samþyktir í bága við efni útgerðarsamnings eða taki út fyrir tilgang útgerðarinnar, eru þær því að eins lögmætar, að allir fjelagsmenn samþykki.

18. gr.

Um heimild útgerðarstjóra til samninga og annara athafna fyrir hönd útgerðarmanna skulu gilda gagnvart þeim hinar almennu reglur um umboð. Skylt er útgerðarstjóra, ef atvik og ástæður meina það ekki, að kveðja fjelagsmenn til ráðstefnu eða afla sjer á annan hátt vitneskju um vilja þeirra um öll mikilsverð málefni, sjerstaklega ef skipinu eru hugaðar verulega ólíkar farir eða flutningar eða nýjar veiðiaðferðir, svo og ef ráða skal skipstjóra eða setja hann frá eða bæta skip að mun.

19. gr.

Heimilt skal jafnan fjelögum þeim, sem meira eiga en hálft skip, að setja útgerðarstjóra frá.

Nú á hann hálft skipið eða meira, og getur dómari þá svift hann stöðunni, ef hluthafi krefst og dómari finnur nægar sakir til, og skipað annan útgerðarstjóra til bráðabirgða.

20. gr.

Skylt er útgerðarstjóra að hafa sjerstaka reikninga yfir öll viðskifti út-

gerðarinnar, þau er undir hann koma, og gera á þeim öllum full skil. Hafi fjelagar ekki aðra skipan á gert, skal hann hafa gert þeim skil fyrir almanaksár hvert áður mánuður sje liðinn frá lokum ársins.

21. gr.

Nú eru gerð reikningsskil, og er þá útgerðarstjóra skylt að senda reikningana hverjum einstökum fjelagsmanni eða leggja þá fram til sýnis. Rjett á hver fjelagsmaður á því, til tryggingar, að sjá reikningsbækur útgerðarinnar og fylgiskjöl og einkanlega reikninga skipstjóra.

Nú mótmælir einhver reikningum útgerðarstjóra og er hann þó ekki sakaður um misreiknun eður svik, og skal þá fram fylgja mótmælunum með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá því er reikningsskil voru af hendi int og fjelagsmönnum sagt til þeirra.

22. gr.

Skylt er fjelagsmanni að greiða allan útgerðarkostnað að rjettu hlutfalli við eign hans í skipi. Vanræki fjelagsmaður að greiða skylduhlut sinn og hafi þó verið krafinn, og greiði útgerðarstjóri þann hluta eða annar af fjelagsmönnum, og skal þá hinn lúka það tje og vexti, 8 af hndr. á ári, frá því greiðsla fór fram, og þar að auki þau tryggingariðgjöld, sem sá, er galt fyrir hann, kann að hafa greitt til tryggingar sjer. Veðrjett á lánssali í skipshluta þess, er hann galt fyrir, og ágóða þeim, sem í hans hlut kemur, og skal sá veðrjettur ganga fyrir öðrum eldri samningsveðrjetti í þeim skipshlut, en þoka skal hann fyrir sjóveði því, sem getur hjer í 11. kapítula, svo og fyrir eldra samningsveði í öllu skipi; en hafin skal málssókn til lúkningar kröfunni áður ár sje liðið frá því er hann greiddi fjeð, missi ella veðsins.

23. gr.

Nú er skipinu ráðin ný för eður ráðnar bætur á því að lokinni för og krafið framlaga til og einhver fjelagsmanna hefur ekki lagt þeim samþyktum atkvæði sitt, og skal honum þá heimilt að segjast úr þeim framlögum með því að láta af hendi sinn hlut í skipi endurgjaldslaust, svo framarlega sem ekki hvíla sjerstök eignarhöft á hluta hans. Nú vill hann neyta þessarar heimildar, og skal hann þá skýra útgerðarstjóra frá því brjeflega svo snemma, að útgerðarstjóri viti það áður 8 dagar sje liðnir frá því er samþyktin var gerð eða frá því er honum var skýrt frá henni, ef hann var ekki viðstaddur samþyktargerðina. Jafna skal hlut þess, er úr gekk, á hluti sameignarmanna hans að rjettu hlutfalli við stærð þeirra hluta, er þeir áttu áður.

Ef keypt hefur verið vátrygging á hlut þess, er úr gekk, og hún er enn í gildi við eigendaskiftin, greiða hinir nýju eigendur iðgjald fyrir hana, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fyrir það sem eftir er tryggingartímans.

24. gr.

Jafna skal á fjelagsmenn skaða og ábata á útgerðinni að rjettu hlutfalli við eign þeirra í skipi.

Nú reynist, að gerðum reikningsskilum, að tekjuleyfar eru, og skal þeim þá skift upp meðal fjelagsmanna, sje þeirra ekki þörf til nauðsynja útgerðarinnar.

25. gr.

Ekki slítur það samútgerð skips þótt skipshlutur verði eign annara manna eða fjelagsmaður deyi, verði sviftur fjárforráðum eða gjaldþrota.

Heimilt er fjelagsmanni að selja hlut sinn öðrum mönnum án samþykkis sameigenda hans, og ekki eiga þeir útlausnarrjett þess hlutar nje forkaupsrjett á honum. Þó er ólögmæt sala skipshlutar nema allir fjelagsmenn samþykki, og þó nauðungarsala sje, ef sú sala sviftir skipið heimild til skrásetningar á íslensku skipaskrána.

Verði skipshlutur eign manns, sem ekki hefur rjett til þess að eiga íslenskt skip, sbr. 1. gr., á hver fjelagsmaður rjett á að krefjast sölu þess skipshlutar á uppboði, nema eigandi hafi gert þá ráðstöfun áður 6 mánuðir sje liðnir, að skipið haldi heimild sinni til skrásetningar á íslensku skipaskrána. Svo skal að öllu fara með þá sölu sem nauðungarsala væri og sama gildi fylgja.

26. gr.

Nú verður maður eigandi skipshlutar, og eignast hann þegar gagnvart meðeigendum rjett þann og bindst skyldum þeim, sem bera rjettum sameignarmanni. Hlíta skal hann og svo sem formaður hans samþyktum þeim, er skipseigendur gerðu áður hann varð eigandi, svo og öðrum framkvæmdum þeim, er þeir höfðu hafið þá, og svo þeim skyldum, er þeim fylgja. Rjett er og, að sameignarmenn hans færi honum til skuldajafnaðar þær kröfur, sem þeir áttu á formann hans og af sameigninni stafa. Hann ábyrgist sem sameigandi gagnvart öðrum mönnum skuldbindingar þær allar, sem útgerðin tekst á hendur eftir það er hann varð fjelagsmaður.

Skylt er hlutsala að skýra útgerðarstjóra eða öllum sameignarmönnum frá eigendaskiftunum og sanna, að viðtakandi, sá er hann til nefnir, kannist við kaupin, en meðan hann gerir það ekki, getur hlutsali ekki skotið sjer vegna eigendaskiftanna undan neinum þeim skyldum við sameigendur, er af sameigninni stafa. Ábyrgjast skal hann skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigendaskiftin, ef þeir menn vissu þau ekki.

27. gr.

Þeir fjelagsmenn, einn eða fleiri, sem meira eiga en hálft skipið, geta ákveðið, að sameigninni skuli slitið.

Þá getur hver fjelagsmaður krafist, að slitið sje sameign:

1. Ef skip missir heimild til skrásetningar á íslensku skipaskrána án tilverknaðar hans eða samþykkis og er því máð af skipaskrá;
2. ef útgerðarstjóra er vikið frá með dómsúrskurði samkvæmt 19. gr.;
3. ef hann sannar, að útgerðarsamningurinn hafi verið verulega rofinn, eða gengið að öðru á rjett hans í framkvæmdum eða forstöðu sameignarinnar;
4. ef það kemur í ljós við lok farar innanlands, að skuldir sameignar fari fram úr eignum hennar.

Verði ágreiningur í þessu síðasta atriði um verðmæti skips, skal það ákveðið með löglegu mati.

28. gr.

Nú er fjelagsútgerð slitið, og skal þá skipið selt á opinberu uppboði.

Ef skipið er utanlands og greini menn á um, hvort það skuli flutt heim eða ekki, eða um uppboðsskilmálana, skal uppboðsrjetturinn á heimili samútgerðar skera úr.

## Fjórði kapituli.

### Um skipstjóra.

29. gr.

Útgerðarmenn ráða skipstjóra eða útgerðarstjóri fyrir þeirra hönd. Ef einhver þeirra á meira en helming skips, á hann rjett til skipstjórnar, enda hafi hann til þess lögfull skilyrði. Greini menn á um skipstjórakaup, er heimilt að leita dómsúrskurðar.

30. gr.

Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann, er hann veit að var ráðinn annarstaðar.

31. gr.

Skipstjóri annast um, áður ferð er byrjuð, að skip sje haffært, og sjer um það í tæka tíð, að það sje vel útbúið, nægilega vel ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf og kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Skylt er honum og að annast um, að lögboðin bendingaáhöld og björgunartæki, sæbrjef og siglingaverkfæri sjeu á skipi.

Skylt er honum að annast um, að skip sje ekki offermt og farmur vel búlkaður, og til að tryggja hann sje sjeð fyrir nægu refti, undirbreiðum, hlerum, skorðum o. s. frv., og að lestarop sjeu tryggilega lukt og fleiguð. Sje farmur fluttur á þilfari, skal tryggilega um hann búið, og svo settur, að hann hindri ekki að mun athafnir skipverja. Fari skipið með seglfestu, annast skipstjóri um, að hún sje sæmileg að gnægð og gæðum og svo tryggilega um hana búið, að ekki byltist á leið.

Konungur kveður nákvæmara á um birgðir skips að læknislyfjum, svo og um ferming, flutning og afferming sprengiefna, eldfimra og etandi hluta, og ábyrgist skipstjóri, að þeim fyrirmælum sje hlýtt.

Heimilt er og að láta ákvæði þau, er getur í næstu málsgrein hjer á undan, ná til erlendra skipa, er þau eru í landhelgi.

32. gr.

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

33. gr.

Ekki má skipstjóri án samþykkis útgerðarmanns hafa söluvarning sinn

eða annara manna í skipsherbergi sínu nje í neinu því rúmi öðru, sem ekki er ætlað farmi. Nú gerir skipstjóri það, og gjaldi hann þá útgerðarmanni venjulegt flutningsgjald fyrir þann varning og bæti allan skaða.

34. gr.

Ekki má skipstjóri fara frá skipi, nema hann segi stýrimanni til áður um það, sem þörf er á, og gefi honum skipanir sínar eða skipverja öðrum, sje stýrimaður ekki á skipi. Sje skipið ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi, má skipstjóri ekki vera frá skipi, nema að nauðsynjaerindum, þótt hafnsögumaður sje á skipi. Svo er og ávalt, ef hætta er á ferðum.

35. gr.

Nú má skipstjóri ekki vera fyrir skipi sakir sjúkleika eða af öðrum brýnum ástæðum, og skal þá útgerðarmanni tafarlaust sagt til um það. Verði atkvæðis útgerðarmanns ekki beðið að skaðlausu, skal skipstjóra skylt að sjá fyrir nauðsyn skipsins, einkanlega að setja fyrir skipið til bráðabirgða stýrimann eður annan hæfan mann, og hafi við ráð konsúls að því er hann getur, ef það er utanríkis. En sje skipstjóri ófær til, eða vanræki þessa skyldu sína, annast konsúll nauðsynjar skipsins.

36. gr.

Skipstjóri annast um, að ferming og afferming skips sje hraðað eftir þörfum og að brottför skips dragist ekki að því loknu. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af rjettri leið á ferð þess nje tefja það á annan hátt, nema til þess að bjarga mönnum úr sjávarháska, en ekki má tefja skipið til að bjarga öðrum skipum eða fjármunum, ef skipinu er stofnað með því í nokkurn háska, eða af því stafa veruleg óþægindi fyrir útgerðarmann eða aðra menn, og sje skipstjóra skylt að annast hagsmuni þeirra.

37. gr.

Skylt er skipstjóra að gera alt það, er hann má, til að halda skipi sjófæru á för. Nú hefur skip tekið grunn, eða annað að borið, svo að ætla má, að skip hafi laskast, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það, þar sem því verður fyrst við komið.

38. gr.

Skylt er skipstjóra að kynna sjer ákvæði og fyrirmæli um siglingar, er honum ber að gæta á viðkomustöðum á för sinni. Hann skal og afla sjer vitneskju um, hvers gæta ber til tryggingar skipi og farmi, ef við ófriði er að sjá eða herkvíun.

39. gr.

Skyldur er skipstjóri að veita viðtöku sjómönnum úr Danaveldi, þeim er konsúlum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eður til annarar hafnar, þeirrar er skipið fer til í þeirri ferð, svo marga og fyrir það fargjald, sem konungur kveður á.

Þeim mönnum, sem svo eru sendir, ber að hlíta á skipi reglum þeim og háttum, sem skipverjum er skylt, og starfa á skipi eftir mætti, ef þörf krefur.

40. gr.

Öll skip, sem fara á milli landa, skulu halda leiðarbók. Skip, sem eru við fiskiveiðar, flutning aða annað hjer við land, þurfa ekki að halda leiðarbók, en sjeu þau yfir 30 tonn að rúmmáli, skulu þau halda dagbók. Gufuskip hafi að auki sjerstaka vjelarbók. Konungur setur nánari reglur um tilhögun og löggilding bókanna. Þegar skip er afgreitt úr höfn innanlands, skal sýna leiðarbókina lögreglustjóra og skrifar hann ókeypis í bókina vottorð um það, að hún var sýnd.

41. gr.

Í leiðarbók skrifar skipstjóri, eða stýrimaður með umsjá skipstjóra, og ábyrgist þá báðir; en vjelarstjóri skrifar í vjelarbók með umsjá skipstjóra og ábyrgist báðir. Skrifa skal alt í bækurnar eftir rjettri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir varðtíðir. Skrifa má fyrst í bráðabirgðabók það, sem gerist á varðtíð hverri, en skrifa skal það í bækurnar áður sá sólarhringur sje á enda.

Bóka skal í leiðarbók glögt og skipulega. Ekki má skafa það af, sem skrifað var, draga yfir það, eða gera það með öðru móti ólæsilegt; gerist leiðrjettingar þörf, skal henni bæta við sem athugagrein.

42. gr.

Skrifa skal í leiðarbók ítarlega alt það, er við ber á förinni, og hvað annað það, er útgerðarmönnum er gagn að vita eður eigendum farms eður vátryggjendum eður öðrum þeim mönnum, er förin snertir hagsmunalega.

Geta skal því þess í leiðarbók, nær starftími skipverja hefst og endar, nær vistir og vatn er tekið á skip, nær ferming skips og afferming hófst, var trestað, og nær þeim lauk; bókað skal hvað fermt er og affermt hvern dag, og ef tekin er seglfesta, hver hún var, hve þung og hversu um hana var búið, hvort aðrir unnu en skipverjar, djúpmál skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það ljet úr höfn, hverju skipið er fermt og ásigkomulag farmsins; ef búlki er á þilfari, skal sagt hve mikill er og hve hár, um leiðrjetting áttavitans og afbrigði; nær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar; um vind, veðurfar, stöðu loftvogar, strauma, stefnu, skriðhraða, hvað haft var af seglum, hver vegalengd var farin, hver skipsljós höfð; djúpmál, miðun og athuganir; nær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi; um dælinguna, hve oft var dælt, hve lengi um sinn og með hve miklu afli og um vatnshæð í dælunum.

Leiðarreikning skal bóka um hvern sólarhring.

Sje ráðstefna haldin á skipi, skal bóka í leiðarbók tillögur manna svo og úrskurð skipstjóra og skrifa þeir nöfn sín undir bókun, sem á ráðstefnu voru. Þess skal og getið í leiðarbók, ef skipverji sýkist, deyr eða strýkur, eða vinnur glæp eða skipsagabrot, sbr. 52. og 108. gr., svo og hvenær og af hvaða ástæðum skipstjóra þykir nauðsyn að draga af matgjöfum, sbr. 50. gr.

Sjerstaklega ber að rita í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það

óhapp, sem verða kann á skipi eða farmi, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hversu úr var ráðið.

Í vjelarbók skal greint frá kolabirgðum skips og annara vjelanauðsynja er skip ljet úr höfn, kolaeyðslu hvern sólarhring og alt annað, er vjelina snertir, gang hennar og gæslu.

Í dagbók skal rita greinilega frásögn um ferð skipsins, og skal, auk veðuráttu, skýrt frá öllum þeim atvikum, er verulega þýðing hafa fyrir ferðalagið, eða á einn eða annan hátt geta snert hagsmuni útgerðarmanna, eigendur farms eða vátryggjendur. Sje skipið við fiskveiðar, skal ennfremur greina daglega frá öllu því markverðasta, er snertir fiskveiðarnar, svo sem hvar skipið fiskar og hvernig aflast, dýpi, botnlag o. s. frv. Halda skal leiðarreikning hvenær sem þörf krefur.

43. gr.

Þegar leiðarbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð annars vegna, fær skipstjóri nýja bók og lætur löggilda, og skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók sje löggilt og nær það var. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju og sagt hvað til þess bar.

Við slík bókarskifti ber rjettu yfirvaldi að rannsaka það, hvort hirðulega var bókað í hina eldri bók dag eftir dag og annast um, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Nú verða skipstjóraskifti, og skal þá leiðarbók send yfirvaldi til slíkrar rannsóknar áður næsti dagur á eftir sje liðinn, svo og ef skipið mætir slysi, svo að sjóferðaskýrslu þurfi að krefja af þeim sökum (47. gr.), og skipstjóri leitar hafnar innanríkis eða utanríkis, þar sem skipaður er danskur konsúll; svo skal og vera þegar menn eru skráðir úr skiprúmi eða skip tekur aftur innlenda höfn og affermir þar að öllu eða meiri hlut. Geta skal í leiðarbók nær hún var færð yfirvaldi og um þá rannsókn, er fram fór.

Ákveða má með konunglegri tilskipun linkind í eftirliti þessu á gufuskipum, sem eru í reglubundnum förum landa í milli.

44. gr.

Rjett á hver maður á að fá að kynna sjer leiðarbók skips, sá er sýnir, að hann eigi þar lögmætra hagsmuna sinna að gæta. Geyma skal leiðarbækur alskrifaðar ekki skemur en tvö ár eftir það er för var á enda. Nú ris dómsmál og snertir það förina, og skal þá varðveita leiðarbók til þess er því máli lýkur að fullu.

45. gr.

Nú gerist einhver sá atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við svo nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðaskýrslu; svo er og ef maður ferst voveiflega af skipinu og það varð ekki á innlendri höfn, eða skipið rekst á annað skip og vinnur því slíkar skemdir eða tjón, sem fyr greinir.

Nú verður slysið hjer í ríkinu, og skal þá skipstjóri segja til þess yfirvaldi á þeim stað svo fljótt sem unt er, eftir það er slysið bar að eða varð

kunnugt. Fylgja skal frásögunni orðrjett afrit af því, sem bókað var um þann atburð í leiðarbókinni; ef ekki var leiðarbók eða hún hefur farist, skal gefa brjeflega skýrslu um atburðinn og skrá yfir skipverja og þá menn aðra, sem ætla má að skýrt geti málið, og til nefna, ef auðið er, þá menn, sem þetta mál kemur við, eða umboðsmenn þeirra. Dómari eindagar síðan þinghald til sjóferðaskýrslu og framkvæmir til undirbúnings það, er þörf krefur. Hafa skal skipstjóri leiðarbækurnar með sjer á þingið.

Utanríkis skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, gefa sjóferðaskýrslu því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, sem hann er þá staddur á, eða fyrir hlutaðeigandi dönskum konsúl, ef utanríkismálastjórnin hefir sjerstaklega fengið honum vald til að taka við slíkum skýrslum.

Ef sjóferðaskýrsla er gefin erlendu yfirvaldi og danskur konsúll er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið við staddur þinghaldið og annast um, að sjóferðaskýrslan sje sem glegst og fylst.

Skýrslu um það, sem fram hefur farið, sendir konsúll utanríkismálastjórninni, bæði er hann sjálfur hefur tekið við skýrslunni og er honum hefur verið veittur kostur á að vera við staddur þinghald. Skýrslan verður síðan send stjórnarráði Íslands, er skipar nánari rannsókn hjer á landi, ef þurfa þykir.

46. gr.

Laskist skip á för, svo bæta verði að mun eða tefja það um hríð, er skipstjóra skylt að láta lögmæta matsgerð fram fara. Skulu matsmenn líta á skemdir og segja álit sitt um, hvað að hafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils skipið sje þá vert óbætt. Þá er skip er bætt, skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð, hvort skip er þá fært til að halda áfram för sinni.

Nú spillist farmur að mun á för, eða ráða má af líkum, að hann sje svo á sig kominn, að nauðsyn beri til að afferma skipið, eða hjálpa farmi við á annan veg, eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs, og skal þá skipstjóri láta fram fara lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemd á farmi, skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það, hvað ætla má, að valdið hafi og hversu hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög eru til eða venja á þeim stað; þar sem slík matskvaðning er ekki tiðkuð, skal skipstjóri afla sjer yfirlýsinga skynbærra manna.

47. gr.

Ef grunur getur leikið á því, að skemdunum hafi valdið misfellur við hleðsluna, umbúnaðinn, lestarop vanlukt og annað þess háttar, skal kveðja til skoðunarmenn að sjá lestarrúm opnuð og skip affermt. Ef óttast má, að góss hafi spilst á för, skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en góssið er fengið í hendur viðtakanda.

48. gr.

Ef skip kemst í sjávarháska, er skipstjóra skylt að gera alt, sem hann má, til bjargar skipinu, og má ekki hverfa frá því meðan nokkur von er um björg þess. Ef engin er bjargarvon en háskinn svo vís, að það eitt sje til að

hverfa frá skipi, þá er honum skylt einkanlega að annast björgun leiðarbóka og skipsskjala; hann annast og björgun á skipi og góssi og leitar sjer til þess hjálpar, sem nauðsyn krefur.

Nú verður björg, og sjer þá skipstjóri um björgunina, nema það komi í bága við lög á þeim stað, eða sjerstakur björgunarsamningur sje til fyrirstöðu. Skrifað skal nákvæmlega hverju bjargað er, svo og tölu þeirra manna, sem að björgun vinna og góssið flytja á geymslustað; skrifar skipstjóri það sjálfur, eða lætur stýrimann gera; skipstjóri rannsakar og, svo sem hann má við koma, reikninga alla fyrir björgun, flutning og geymslu, og vottar með nafni sínu, að rjettir sjeu.

Skipstjóri annast og, svo fljótt sem hann má, um lögmæta skoðunargerð á skipi og því góssi, sem bjargað var, og fær því þá varðveislu, sem hann má besta.

49. gr.

Skylt er skipstjóra að fara sæmilega með undirmenn sína og skipa þeim svo verk, að hann gæti stöðu hvers þeirra á skipi, svo sem hann má við koma. Líkamsrefsingu má hann engan mann láta sæta.

Á sunnudögum og öðrum lögskipuðum helgum dögum hjer á landi má ekki setja skipverja til neinna starfa fram yfir það, er trygging og meðferð skips krefur, eða gæsla og umsjá vjela, eða að þrífa skip sem títt er, þurkun segla, nauðsynleg bátstörf og svo matgerð; því að eins má þá skipa mönnum önnur störf, að ekki verði frestað.

50. gr.

Skipstjóri annast um, að skipverjar fái nægan mat og góðan og skal hann að því hlíta reglugerð, sem konungur setur. Nú ber nauðsyn til, að hann dragi mat af skipverjum á för og skulu þeim þá goldnar sanngjarnar bætur þess.

Í nefndri reglugerð skal og nákvæmar kveðið á um herbergi skipshafnar á skipi.

51. gr.

Nú andast einhver skipverja, og annast skipstjóri þá greftrun hans. Hann skal og láta skrásetja við votta alt það, er hinn látni maður ljet eftir á skipi; andist maðurinn utanríkis, er rjett, að skipstjóri fái skrána í hendur konsúl eða öðrum rjettum valdsmanni á þeim stað, eða selji munina, geti hann ekki varðveitt þá á skipi að bagalausu.

52. gr.

Drýgi skipverji eða farþegi glæp, sem opinber málsókn liggur við, og skipið er ekki í innlendri höfn, skal skipstjóri svo fljótt sem auðið er, taka skýrslu til bráðabirgða af sakborning, af skipshöfn sinni og þeim mönnum öðrum, sem það mál geta skýrt. Nú var glæpurinn unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, og skal þá sú rannsókn því að eins fram fara, að yfirvöld á þeim stað reki ekki málið. Skýrslur og vitnisburði skal skrifa í leiðarbók eða skrá á annan hátt, ef leiðarbók er ekki, og þeirra fyrirmæla gætt, sem getur í 108. gr.

Skipstjóri gætir þess, ef hann má, að sakborningur hverfi ekki á braut og er heimilt að byrgja hann inni, ef þörf krefur, eða hefta á annan hátt og ábyrgist skipstjóri, að hann sje ekki harðara leikinn en vera þarf.

Nú er glæpur unninn í utanríkis höfn, þar sem er danskur konsúll, eða skip kemur til slíkrar hafnar, eftir það er glæpurinn var unninn, og skal þá skipstjóri, svo fljótt sem hann má, skýra konsúl frá því, að glæpur var unninn og fá honum í hendur staðfest eftirrit af rannsóknarskýrslu sinni. Konsúllinn rannsakar þá málið og ákveður hvað frekara skuli gera. Hafi skipstjóri engan konsúl fundið að máli í utanríkishöfn, skal hann skýra yfirvöldum frá málinu við heimkomu sína, svo fljótt sem hann má.

53. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, gerir skipstjóri, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum, samkvæmt stöðu sinni í umboði útgerðarmanns alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd farar hans, svo sem útbúnað skips allan og viðhald og öflun vista; hann gerir farmsamninga og er sóknaraðili útgerðarmanna í málum, sem við koma skipinu.

Enga löggerninga getur skipstjóri gert á lögheimili skips, þá er skuldbindi útgerðarmenn, ef hann hefir ekki sjerstakt umboð þeirra til, nema að ráða menn í skiprúm.

54. gr.

Ef fjár er vant til framkvæmdar einhverju því, sem 48. gr. getur, er skipstjóra heimilt að taka fje að láni eða selja góss útgerðarmanna til, eða jafnvel af farmi. Nú tók skipstjóri fje að láni eða seldi af góssi um þörf fram, og skerðir það að engu rjett hins, sem lánaði eða keypti, ef ætla má eftir atvikum, að hann vissi það ekki.

55. gr.

Óheimilt er skipstjóra að selja skip án samþykkis útgerðarmanns, nema skip sje dæmt óbætandi eftir að lögleg skoðunargerð fór fram, sbr. 46. gr., og eigi sje auðið að ná til útgerðarmanns. Selja skal á opinberu uppboði.

56. gr.

Nú hafa útgerðarmenn gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem 53. og 54. gr. heimila skipstjóra, og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

57. gr.

Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmönnum iðulega frá ásigkomulagi skips og hvernig förinni liður, hverir löggerningar voru gerðir, og frá öllum þeim atburðum í heild sinni, sem máli skifta fyrir þá. Hann skal og leita skipana útgerðarmanna sjálfra um öll mikilsverð málefni, að því er hann má við koma, eða þess manns, er útgerðarmenn vísuðu til. Skorti gjaldeyri til skipsþarfa og ekki megi bíða skipana útgerðarmanna, skal skipstjóri leitast við að afla þess fjár svo sem útgerðarmönnum er hagkvæmast; að eins í ítrustu nauðsyn má hann selja af farmi.

58. gr.

Skipstjóri skal meðan för stendur láta sjer ant um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeigenda.

59. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, er skipstjóra samkvæmt stöðu sinni heimilt að gera, svo fullgilt sje gagnvart þriðjamanni, alla þá löggerninga, sem miða til að varðveita farm og koma honum áleiðis, svo og til að vera sóknaraðili þeirra í málum, sem farminn snerta. Nú skortir skipstjóra gjaldeyri til framkvæmda einhverri slíkri nauðsyn þeirri, og er þá rjett, að hann taki fje að láni fyrir hönd farmeigenda eða selji jafnvel af farmi. Um slík lán og sölu gildir það, sem segir í síðari málsgrein 54. gr.

Skuldbindingar þær, sem skipstjóri þannig játast undir fyrir farmeigenda, ábyrgist hann að eins með góssi því, sem hann á á því skipi.

60. gr.

Nú ber þau atvik að hendi, sem ráð er gert fyrir í 46. gr., og það sannast við lögmæta skoðunargerð, að farmi er svo farið, að hætta er á, að spillist við geymslu, og er þá rjett, að skipstjóri selji farm. Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi, er og rjett að selja farm, ef skoðunarmenn dæma, að kostnaður á því að geyma farminn eða koma honum áleiðis, yrði of mikill í hlutfalli við verðmæti hans.

61. gr.

Nú hafa farmeigendur gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem skipstjóra er veitt í 59. og 60. gr., og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

62. gr.

Áður en skipstjóri aflar lánsfjár til þurftar farminum eða selur nokkuð afgóssinu, eða gerir nokkurar aðrar sjerstaklegar ráðstafanir á kostnað farmeigenda, skal hann leita fyrirskipana þeirra, ef kostur er, eða þess manns, er þeir nefndu til.

Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi og eiga farmeigendur engan umboðsmann á þeim stað og ekki verður leitað skipana þeirra, og er skipstjóra þá skylt eftir atvikum, annaðhvort að senda góssið á ákvörðunarstað þess sem kostnaðarminst, eða fela það til geymslu eða selja.

Farm skal selja á opinberu uppboði, ef því verður við komið.

63. gr.

Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fje skuldbindingar þær, sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri.

64. gr.

Bæta skal skipstjóri skaða þann, sem hann olli útgerðarmönnum eða farmeigendum með svikum, hirðuleysi eða gáleysi við skyldustörf sín, og leysir það hann eigi úr ábyrgð, að hann fór eftir fyrirmælum annara, nema gagn-

vart þeim, er fyrirmælin gáfu. Þótt ályktun sje gerð á skipsráðstefnu ber skipstjóri engu að síður ábyrgð á framkvæmdunum.

Skipstjóri ábyrgist enn fremur skaða þann, er verður af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipverja við skyldustörf þeirra, nema frá hans hendi hafi hvorki skort á næga athygli nje eftirlit.

65. gr.

Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil við heimkomu skips að lokinni för, og annars svo oft sem útgerðarmenn heimta. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi, skal það gert með lögsókn áður 6 mánuðir sje liðnir frá því, er hann fjekk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt, nema misreiknun eða svik sannist.

Ef ekki er annan veg tilskilið, skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanna á reikningum hverja sjerstaka uppbót, sem hann hefir tekið við af leigutaka skips, farmeiganda, birgðasala eða öðrum, þeim er hann átti skifti við sem skipstjóri.

66. gr.

Setja má skipstjóra af starfi á hverjum tíma er vill. Nú á hann meira en hálft skip, og má þá dómari víkja honum frá, ef hluthafi skips krefst og nægar sakir eru til.

Nú hefir skipstjóri gengið í sjálfskuld til gagnsmuna skipi eða farmi, og var honum það ekki óheimilt, og er hann þá ekki skyldur að láta af stöðu sinni fyr en útgerðarmenn fá honum þá trygging, að hann verði skaðlaus af ábyrgðinni.

67. gr.

Ef skipstjóri var ekki ráðinn um ákveðinn tíma eða til tiltekinnar farar og ráðningarsamningur hans tekur ekki til um uppsögn eða burtför, getur hann sagt upp þjónustu sinni þegar skipið er í innlendri höfn og för á enda. Nú hefir hann gengt starfinu í 3 ár og skipið hefir aldrei á þeim tíma lokið för hjer við land, og er skipstjóra þá heimilt að segja þjónustu sinni lokið við lok þeirrar farar, sem hann þá er á, og veiti hann svo langan frest, að útgerðarmenn fái sæmilegan tíma og tækifæri til að afla sjer annars skipstjóra. Nú ákveða útgerðarmenn, þegar þeir fá uppsögn skipstjóra, að skipið skuli snúa hingað til lands úr þeirri höfn, sem það þá er í, og er þá skipstjóri skyldur til að vera fyrir skipinu heim, þá er það hefir tekið farm, þó afferma skuli á leiðinni í annari höfn.

Eigi að afferma skipið, má skipstjóri ekki hverfa braut fyrri en lokið er.

Missi skipið rjett til að sigla undir dönsku flaggi, á skipstjóri þegar heimila burtför.

68. gr.

Nú er skipstjóri settur af starfi sakir óhæfileika hans, svika, hirðuleysis eða gáleysis við starfa sinn, og á hann þá kaup sitt einungis til þess tíma er hann var rekinn.

Svo er og ef hann var settur af starfinu sakir þess, að ferðin varð ekki

farin, eða henni varð ekki lokið, eða löng frestun varð á sökum ófriðar, herkvíunar, herhalds (embargo), aðflutnings- eða útflutningsbanns á vörum, eða sakir ísa eða skemda á skipi svo að það verði ekki fært til ferðarinnar.

Farist skip eða það er dæmt óbætandi, er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er skipstjórasamningurinn úr gildi, enda missir hann rjett til frekara kaups. Þó má hann ekki fara braut af þeim stað, þar sem slys varð, áður öllu er ráðstafað, því er að skipi og farmi lýtur, og á hann rjett á hæfilegri þóknun fyrir þann tíma, sem hann ver til þess, og ekki minni en nam kaupi hans áður og að auki ókeypis dvöl og viðurværi eða fæðispeninga.

69. gr.

Ef skipstjóri er settur af starfi sakir sjúkleika eða meiðsla, sem geri hann ófæran til skipstjórnar, á hann kaup sitt til þess er hann er settur af.

Nú verður skipstjóri fyrir sjúkleik eða meiðslum á ráðningartíma sínum, og var sjálfur ekki sök í, og eru útgerðarmenn þá skyldir að kosta lækning hans og aðhlynning, og eins eftir það er honum var vikið burt og þó ekki 4 vikum lengur eftir það, ef hann vjek frá því hjer á landi eða á þeim stað í útlöndum, þar sem samningur sagði til, að hann færi, ella 8 vikur.

70. gr.

Ef skipstjóra er vikið frá starfi og af engum þeim sökum, sem nefndar voru í 68. og 69. gr., tekur hann alt það kaup sitt, sem áskilið var. Nú var ráðningartími hans látinn óákveðinn, og á hann þá kaup til þess er hann vjek burt og að auki eins mánaðar kaup, ef hann vjek frá starfi hjer á landi og það var ekki á þeim tíma, sem honum var sjálfum heimilt að fara eftir 67. gr.; en 2 mánaða kaup, ef honum var vikið frá í öðrum höfnum í Norðurálfu, en 3 mánaða kaup, ef það var í höfnum utan Norðurálfu.

Þessi ákvæði taka og til þess, er skipstjóri víkur burt sakir þess, að skipið missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi.

71. gr.

Nú er starfstími skipstjóra á enda með þeim atvikum, sem getur í 70. gr., og á öðrum stað en til var tekið eða fyrir sjeð í ráðningarsamningi hans, og á hann þá rjett á endurgjaldi frá útgerðarmönnum fyrir ferðakostnað til ráðningarstaðar síns, ef hann var ráðinn hjer á landi, en ella til lögheimilis skipsins, og skulu fæðispeningar taldir til kostnaðar. Sama rjett á skipstjóri, ef honum var vikið frá erlendis með þeim atvikum, sem 2. hluti 68. gr. tekur til, svo og ef hann er látinn eftir utanlands sakir sjúkleika og útgerðarmenn voru skyldir til að kosta hjúkrun hans og lækning eftir 69. gr.

Ef skip ferst utanlands eða laskast svo, að það er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður heimfararkostnað skipstjóra; svo er og ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki að ófriður væri hafinn, er hann ljet síðast í haf, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá.

72. gr.

Ef skipstjóri deyr, á hann kaup sitt til dánardags. Nú týnist skip og er vafi á um nær það bar að og svo um dánardag skipstjóra, og skal þá meta svo, sem slysið og dauða hans hafi að borið þá er liðinn var helmingur þess tíma, er skip, slíkt sem þetta var, þurfti á þeim tíma árs til farar sinnar þangað, sem ætlað var, frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins.

73. gr.

Nú er skipstjóra heitið sem kaupi eða auk kaups hundraðsgjaldi af farmi (kaplak) eða hlut í öðrum tekjum af förinni, og víki hann burt áður sú för sje á enda, og skal hann þá hafa svo mikinn hluta fjár þess, er honum var heitið, sem koma mundi á þann tíma, sem hann gegndi stöðu sinni að rjettu hlutfalli við fararlengd alla. Eigi hann rjett á kaupi fyrir lengri tíma eftir 70. gr., skal honum talið með öllu saman tvöfalt stýrimannskaup frá lokum starfstíma, en haldi þó ráðningarkaupi sínu, ef það var meira.

74. gr.

Þegar skip er afgreitt til farar og að öðru ferðbúið, má ekki halda eftir skipstjóra sakir skulda, nje leggja lögbald á eða gera fjárnám í neinum munum hans, þeim sem á skipi eru og hann þarfnast til starfa síns á því.

## Fimti kapituli.

### Um skipshöfn.

75. gr.

Þá er skipstjóri á skipi, sem er meir en 15 tonn að rúmmáli, ræður mann á skip með sjer, skal hann gera um ráðninguna skriflegan samning við manninn, og skulu skipstjóri og sjómaður rita undir ráðningarsamninginn í viðurvist skráningarstjóra, sem skal votta það með áritun sinni á hann. Áður en samningurinn er undirritaður, skal skráningarstjóri gæta þess, að í samningnum sje skýrt tekið fram nafn skipsins, tonnatal og heimili, og sá staður, sem skipið er gert út frá, fult nafn sjómannsins aldur og heimili, ferð sú eða farleið, sem sjómaðurinn er ráðinn til, staða hans á skipinu og vistarkjör, þar á meðal hvernig honum skuli goldið kaup hans, hlutur í afla og hlunnindi. Sje kaup ákveðið í einu fyrir ferðina, skal þess getið jafnframt hve lengi á er ætlað að ferðin muni standa. Ennfremur skal ávalt, þar sem kaup er ekki miðað við mánuð eða aðra takmarkaða tímaeining, tekið fram hve hátt mánaðarkaup megi teljast algengt eða hæfilegt á þeim stað og tíma er samningurinn er gerður; og skal þá jafnan farið eftir því þegar reikna á kaup eftir tíma samkvæmt lögum þessum. Skráningarstjóri skal ennfremur gæta þess, að samningurinn

sje að öðru leyti lögum samkvæmur, og benda sjómanninum á, ef í honum eru óvanaleg ákvæði.

Á samninginn skulu vera prentuð ákvæðin um skipshöfn í lögum þessum og erindisbrjefi danskra konsúla, og reglugerð um híbýli og fæði á skipum.

Hvor málsaðila getur krafist þess, að rituð sje á samninginn viðurkenning fyrir öllu því, sem greitt er upp í kaup, fyrirfram eða meðan á ferðinni stendur.

Skipstjóri gerir tvö eintök af skrá yfir skipshöfn sína (skipshafnarskrá) og skal á henni vera útdráttur úr ráðningarsamningnum. Öðru eintakinu heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skal það fylgja skipinu.

76. gr.

Í kaupstöðum eru bæjarfógetar skráningarstjórar, en annarsstaðar sýslumenn. Stjórnarráðið semur leiðarvísi fyrir skráningarstjóra.

Skráningarstjórar skulu gæta þess, að skipstjórar og stýrimenn fullnægi skilmálum laganna um atvinnu við siglingar, og að skilyrðum laganna fyrir ráðningu í skiprúm sje yfir höfuð fullnægt.

77. gr.

Nú leysir skipstjóri mann úr vist, eða einhver skipverja fer af skipi af öðrum ástæðum, og skal skipstjóri þá snúa sjer til skráningarstjóra og getur hann breytingarinnar á skipshafnarskránni.

78. gr.

Ef farmaður ræðst í fleiri skiprúm en eitt, gengur eldri samningur fyrir yngri.

79. gr.

Skyldur er skipráðinn maður að koma til starfs síns á skipi á þeim tíma, sem skipstjóri tók til, og má ekki fara leyfislaust frá skipi eftir það. Kaup á hann frá og með þeim degi, er hann kom á skip, ef ekki var um annað samið.

80. gr.

Nú er maður ráðinn í skiprúm með samningi samkvæmt 75. gr., og neitar að ganga á skip, eða kemur eigi til skips í ákveðna tíð, eða gengur af skipi í leyfisleysi, og getur þá skipstjóri þröngvað honum, eða látið þröngva honum með lögregluvaldi, til að uppfylla skuldbindingu sína.

Draga má af kaupi skipverja það, sem kostaði að færa hann á skip.

81. gr.

Fyrirmæli 74. gr. um skipstjóra, gilda og um skipshöfn.

82. gr.

Allir skulu skipverjar hegða sjer siðsamlega og friðsamlega og ekki gera sig seka í óreglu og gæta vandlega allra fyrirskipana til viðhalds siðsemi og reglu á skipi. Þeir skulu sýna virðing yfirmönnum sínum og hlýða með

athygli á skipanir þeirra og láta á sjer skilja með skýrum svörum, þeim sem við eiga, að þeir skildu skipunina.

83. gr.

Skylt er hverjum skipverja að hlýða boðum yfirmanna sinna bæði á landi og á skipsfjöl, í höfn og í hafi, í öllu, sem lýtur að skylduverkum hans, og sýna í öllu umhyggju um skip og góss og vinna verk sín með áhuga og gaumgæfni jafnt á nóttu sem degi, helga daga og rúmhelga. Ef tjón hlýtst af svikum hans, hirðuleysi eða gáleysi, er hann skyldur að bæta.

Nú kemst skip í sjávarháska, og er skipshöfn þá skyld til að gera alt það, er hún má til bjargar skipinu, og fari ekki frá skipi á undan skipstjóra, nema hann leyfi.

84. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega að aðstoða skipstjóra við siglinguna og athuganir þær og mælingar, sem nauðsynlegar eru, og við bókun í leiðarbók eða dagbók; hann lítur og eftir öðrum skipverjum, vistum og skipi og áhöldum öllum; hann skal og skrásetja farmgóss, sem fer af skipi eða á skip, og ábyrgist skipstjóra alt það, er hann tekur við, og svo hversu búlkað var. Riti stýrimaður leiðarbók, ábyrgist hann að rjett sje.

Nú er skipstjóri forfallaður eða fjarverandi og ber citthvað það að, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, og skal þá stýrimaður ráða úr því, sem ekki má fresta. Ef skipstjóri deyr eða verður ófær til skipstjórnar eða gengur af skipi, skal stýrimaður koma í hans stað til þess ráðstöfun er gerð, svo sem 35. gr. mælir fyrir um.

85. gr.

Það er skylda vjelarstjóra einkanlega að líta eftir gufukötlum og vjelum; hann ábyrgist notkun þeirra og gæslu og hefir umsjón þeirra manna, er þeim gegna. Hann ritar í vjelarbók með eftirliti skipstjóra og ábyrgist að rjett sje ritað.

86. gr.

Enginn skipverja má hafa á skipi verslunarvörur fyrir sig eða aðra, nema skipstjóri leyfi. Nú hefur hann vöru, og fer um það sem fyrir er mælt í 33. gr.

Ef orsök er til að gruna, að vörur sjeu heimildarlaust á skipi eða eitthvað það sje komið á skip, sem skipi eða farmi geti stafað háski af eða áhætta, eða valdið þar óreglu, þá er skipstjóra heimilt að láta rannsaka hirslur skipshafnar.

Nú er góss tekið heimildarlaust á skip, og er þá rjett að færa það aftur á land eða varpa fyrir borð, ef skip var látið út þegar góssið fanst, ef það verður ekki haft á skipi háskalaust eða áhættulaust.

87. gr.

Ef skipverjar eru ráðnir um ótiltekinn tíma, og ekki er annan veg tilskilið, eru þeir skyldir til að fara með skipinu til þess för sú er á enda og það

er komið á þann stað, þar sem skipverjar voru skipráðnir, eða til einhverrar hafnar innlendrar, ef þeir voru ráðnir á Íslandi. Ef þeir voru ráðnir um ákveðinn tíma og hann endar meðan á ferð stendur, geta þeir þó ekki krafist lausnar fyrri en á næsta stað, þeim sem skipið kemur á til fermingar eða affermingar. Ef þeir voru ráðnir til ákveðinnar farar, og breytt er síðan um ferðir áður skipið fer af ráðningarstaðnum, geta þeir krafist lausnar þá þegar. Nú er skift um för eftir það er skipið fór af stað, og stendur þá ráðningin til þess er skipið kemur á hinn nýja ákvæðisstað sinn, nema um hann sje svo skift, að hann verði útlend höfn í stað innlendrar eða annarar álfu höfn í stað Norðurálfu, því þá getur skipshöfn krafist lausnar á hinni fyrstu höfn, sem skipið kemur í, eftir það er breytt var til um för, enda eiga þeir ekki kaup lengur en þeir voru í þjónustu skipsins.

88. gr.

Nú hefir maður verið tvö ár háseti á sama skipi eftir það er vistartími hans samkvæmt síðasta ráðningarsamningi byrjaði, og getur hann þá, hvað sem ráðningarsamningur hans kveður á um það, krafist lausnar á næsta stað, sem skipið kemur á til affermingar eða fermingar, nema skipið fari þaðan beint til þess staðar, þar sem ráðningarsamningur hans heimilar honum burtför. Kaup á hann að eins til butrfarar sinnar.

89. gr.

Nú er skipverjum heimilt að fara úr skiprúmi eftir ráðningarsamningi sínum eða fyrirmælum 87. og 88. gr., og eru þeir þó skyldir til, ef skipstjóri vill, að vinna það, sem þörf krefur að affermingu eða ruðningu seglfestu, ofantöku reiða, festing skips eða umbúnaði, og þeir geta ekki krafist lausnar áður því starfi sje lokið. Ekki eru þeir skyldir til að starfa að þessu lengur en viku eftir það er skipið kom í höfn.

90. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, á hann heimilt að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað og auki það ekki kostnað útgerðarmönnum. Svo er og ef maður á kost á yfirstýrimannsstöðu eða vjelarstjóra, sá er ráðinn var til óæðra starfs.

Krefja má og lausnar úr skiprúmi ef ófrið ber að, svo að hætta sje á, að skipið geti orðið hernumið sakir þjóðernis síns, farms eða fararstefnu.

Þeir eiga kaup til brottfarar sinnar, sem lausn fá úr skiprúmi eftir þessari grein.

91. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hefur misþyrmt honum á skipi eða aðrir og hafi skipstjóri þá ekki veitt honum vernd og verið þó beiddur til, eða skipstjóri meinaði honum sæmilegt fæði, og getur skipverji þá krafist burtfarar. Nú fer maður burt fyrir þessar sakir, og á hann þá kaup fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu, og að auki mánaðarkaup. Nú fær hann lausn á öðrum stað en ráðningarstað sínum, og á hann þá enn kaup fyrir þann tíma, sem þarf til að komast þangað, sem hann skal skráður úr skipi,

eða til ráðningastaðar síns, ef ekki var samið um úrskráningarstað, og getur hann krafist að fá þann ferðakostnað og fæðiskostnað allan greiddan sjer í peningum. Nú var hann ráðinn til fararinnar fyrir ákveðna fjárhæð, og ber honum þá aldrei meir en það kaup og svo ferðakostnaður hans.

92. gr.

Nú er skip ófært til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri vanrækir að ráða þær bætur á, að skip sje í góðu lagi, og má skipshöfn þá krefjast lausnar úr skiprúmi. Skyldur er skipstjóri til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipinu og meta hversu fært það sje til farar, ef meiri hluti skipshafnar krefst; hann er og skyldur til, að láta skoða vjel skipsins, þar sem því má við koma og vjelarstjóri krefst þess; synji skipstjóri þessara skoðunargerða, er skipshöfn heimil brautför úr skiprúmi. Um kaup og ferðakostnað fer í þessum atriðum svo sem fyrir er mælt í 91. gr.

Nú reynist það við skoðunargerðina, að skipið var fært til þeirrar farar og engir þeir gallar á, að skynsamleg rök væri til kærunnar, og eru þá þeir menn, sem skoðunargerðar kröfðust, skyldir að bæta kostnað þann og tjón, sem af henni leiddi.

93. gr.

Ef skip missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi, getur skipshöfn þegar krafist vistarslita, og á hún kaup og ferðakostnað sem segir í 91. gr. Ekki er skipverjum heimilt að bregða ráðningu, þótt breyting verði á útgerðarmönnum eða skift sje um skipstjóra.

94. gr.

Nú sannast það, að maður er óhæfur í þá stöðu, sem hann rjeð sig til, og má þá víkja honum úr skiprúmi, og taki sá maður kaup til þess er hann fór. Svo skal og vera ef skipverji sýnir skipstjóra ofbeldi eða öðrum yfirmanni sínum, eða verður sekur um það, að hafa leynt á skipi tollskyldum vörum eða öðru því góssi, sem óheimilt var á útflutningur á burtfararstað skipsins, eða aðflutningur á ætlunarstað þess; svo skal og enn, ef skipverji hefur svo oft sætt refsingu fyrir yfirsjónir við störf sín, eða brot á siðsemi og reglusemi, að refsivald skipstjóra eftir 107. gr. hljóti að verða þýðingarlaust. Ekki má víkja manni utanríkis úr skiprúmi sakir ódugnaðar hans, nema danskur konsúll samþykki, ef hann er á þeim stað; nú er enginn konsúll á þeim stað, og er þá skipstjóri skyldur að sjá þeim manni fyrir ókeypis för til ráðningarstaðar hans, ef hann getur ekki fengið sjer skiprúm, þar sem hann er þá.

Nú getur skipstjóri ekki þegar vikið óhæfum sjómanni á braut, eða vill það ekki, og er rjett að skipstjóri lækki þá kaup hans alt að helmingi, svo sem efni liggja til; heimilt er þó sjómanni að kæra gerðir skipstjóra þann veg, sem segir í 109. gr.

Atvik þau, sem liggja til burtreksturs skipverja eða kauplækkunar, skal skrifa í leiðarbók, ef hún er til, en að öðrum kosti sje skýrt frá þeim brjeflega og þau staðfest með vottorði tveggja hinna bestu manna á skipi, eftir að það, sem bókað var eða brjefað, hefur verið lesið manninum sjálfum og öðrum skipverjum, og er úrskurður um kauplækkun ógildur nema svo sje gert.

95. gr.

Ef skipverji sýkist eða slasast eftir að hann er kominn í skiprúm, er skipstjóra skylt að sjá honum fyrir sæmilegri hjúkrun á skipi eða á landi; en sje svo ástatt um hann, að hann verði óstarffær um langan tíma eða þjáist af fransós, má þegar vikja honum úr skiprúmi. Ef það ber að utanríkis, skal skipstjóri fá hann í hendur konsúl, og sje þar enginn danskur konsúll, skal hann fá manninum hjúkrun svo trygt sje.

Nú er manni vikið úr skiprúmi sakir meiðsla eða sjúkleiks, sem hann er sjálfur valdur að, eða sakir fransós, og fær hann þá kaup fyrir þann einn tíma, sem hann var í þjónustu skipsins, og má taka hjúkrunarkostnað af kaupi hans. Nú er honum ekki vikið burt, og fær hann þá ekki kaup fyrir þann tíma, sem hann var frá verki, og greiði sjálfur hjúkrunarkostnað sinn.

Ef meiðsli manns eða sjúkleiki er ekki af þeim orsökum, sem nú var sagt, og honum er ekki vikið úr skiprúmi, tekur hann kaup sitt fult meðan hann var sjúkur og fær þá hjúkrun, sem hann þarfnast, á kostnað útgerðarmanna. Nú er honum vikið á burt, og tekur hann þá kaup sitt til þess hann er skráður úr skipi, eða ef hann er ekki úr skráður, til þess dags, er skipið lætur út, og auk þess hjúkrun á kostnað útgerðarmanna í 4 vikur, ef hann er hjer á landi eða á þeim stað utanlands, þar sem löglega mátti slíta ráðning hans, ella um 8 vikur, og sje talið frá úrskráningu hans, ef hún fer fram, annars frá burtför skipsins.

Nú er enginn danskur konsúll, sem hinn sjúki maður verði fenginn í hendur, og skipstjóri hljóti því að greiða fje erlendis til hjúkrunar íslenskum farmanni, og útgerðarmenn voru ekki skyldir til að kosta þá hjúkrun, og eiga þeir þá rjett á að fá það fje endurgoldið úr landssjóði og á landssjóður enga endurgjaldskröfu á hendur farmanninum.

96. gr.

Nú er hætt við för sakir ófriðar, herkvíunar, herhalds, útflutningsbanns eða aðflutnings, ístálmunar eða skemda á skipi, svo að það er ekki ferðafært, eða för verður að fresta eða gera hlje á henni svo stórum nemi af þessum sökum, og má þá rifta ráðningu skipshafnar, og heldur hún kaupi sínu til brautfarar.

Farist skip eða það meiðist og er dæmt óbætandi eða það er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er ráðning skipshafnar slitið, enda tekur hún þá ekki lengur kaup. Ef skip ferst, er þó skipshöfn skylt, gegn hæfilegri þóknun, að taka þátt í björguninni og má ekki fara braut fyrri en sjóferðaskýrsla er gefin.

97. gr.

Ef hætt er við för af öðrum sökum en þeim, sem getur í 96. gr., eða ráðning er slitið við skipverja án lögmætra saka og það sje ekki sjerstaklega tiltekið í ráðningarsamningi, þá ber skipverjum kaup og ferðakostnaður svo sem fyrir er mælt í 91. gr.; svo er og ef skip er lagt utanlands í vetrarlægi og ráðningu slitið við skipverja, en þá fellur burt mánaðarauki sá við kaupið, sem greinin til tekur.

98. gr.

Ef skipverji deyr, er honum talið kaup til dánardags, hafi hann ekki áður glatað rjetti sínum til launa sakir sjúkleiks eða annars þess, sem áður er talið. Deyi skipverji af meiðslum eða sjúkdómi og útgerðarmenn áttu að kosta hjúkrun og læknishjálp, þá skulu þeir og kosta greftrunina.

Nú spyrst ekki til skips og engin vitneskja fæst um, á hverjum tíma slysið bar að, og skal skipshöfn þá talið kaup svo sem segir í 72. gr.

99. gr.

Nú er samið um ákveðna fjárhæð fyrir tiltekna för og er sú breyting gerð á förinni, að hún stendur lengur en ráð var fyrir gert í samningnum, og ber þá skipverjum kaupauki að hlutfalli við lenging tímans; en einskis missa þeir af umsömdu kaupi, þótt för standi skemur. Þeir eiga og rjett á kaupauka, ef skipstjóri eða útgerðarmenn dvelja för skips á eindæmi sitt, eða einhver þeirra er valdur að dvölinni á annan hátt, svo og fyrir þann tíma, sem skipið er neytt til að halda kyrru fyrir sökum ófriðar, herkvíunar, herhalds, útflutningsbanns eða aðflutnings eða ístálmunar, svo og ef skip hleypir í bjarghöfn og dvelst þar við aðgerð eða sakir farmsins, eða lengur en hina ákveðnu biðdaga við ferming eða afferming; þó á skipshöfn ekki rjett á launaauka fyrir skemri dvöl en 8 daga samfelda, nje heldur ef ferðin hefur ekki lengst meira en ráð var fyrir gert við ráðninguna.

100. gr.

Nú fækkar skipverjum meðan á förinni stendur og hinir, sem eftir voru, vinna skipsstörfin, og skal þá því kaupi, sem sparaðist við fækkunina þann tíma, sem skipið er í hafi, skift meðal hinna, sem eftir voru, í rjettu hlutfalli við aukið starf hvers þeirra.

Þó er ekki skylt að skifta fjenu milli skipverja, ef fækkunin varð við strok skipverja, og það varð með þeim atvikum, að hinir hefði getað varnað því.

101. gr.

Þyki skipstjóra brýna nauðsyn bera til að setja skipverja til starfa að fermingu skips eða affermingu á sunnudögum eða öðrum helgum dögum hjer í landi, skal hver maður, sem í því starfi var, fá sjerstaka þóknun fyrir, ef annað var ekki til tekið við hann, og skal sú þóknun metin jöfn ½ dags kaupi fyrir hverjar tvær klukkustundir eða hlut úr þeim. Þessi ákvæði gilda ekki um skip, sem fara reglubundnar ferðir milli ákveðinna staða eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.

102. gr.

Ef maður er ráðinn á skip til ákveðinnar farar, en breyting er síðar gerð á förinni, svo að henni skal nú lúka á öðrum stað en þar, sem úrskráning átti að fara fram samkvæmt ráðningarsamningnum, og getur hann þá krafist fæðis og ferðakostnaðar til úrskráningarstaðar síns.

103. gr.

Nú slítur ráðningu íslenskra farmanna utanlands af þeim sökum ein-

hverjum, sem getur í 96. gr., eða þeir eru látnir eftir utanlands sakir meiðsla eða sjúkleika, svo að þeim ber hjúkrun og lækning á kostnað útgerðarmanna samkvæmt 95. gr. og geta þeir þá krafist ókeypis flutnings og fæðis til næstu hafnar innlendrar. Ef skip týnist eða laskast og er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður kostnaðinn; svo er og ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki um ófriðinn, þá er hann ljet í haf síðast, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá. Annars kostar greiði útgerðarmenn þann kostnað ávalt.

Nú á farmaður skyldan ókeypis heimflutning og verður honum fengið skiprúm á skipi, sem heldur til innlendrar hafnar eða annarar, sem auðvelt er að senda hann heim úr, og er hann þá skyldur til að taka við því skiprúmi, ef það er ekki verra en hitt, sem hann var ráðinn í.

104. gr.

Á ferðum geta farmenn krafist jafnóðum greiðslu á kaupi því, sem þeir hafa unnið fyrir, annaðhvort í peningum, þegar skip er í höfn, eða ávísun á útgerðarmenn; þó er skipstjóra jafnan heimilt að halda eftir einum þriðjungi kaups til þess er úrskráning fer fram.

Nú reynist, þá er gerður er upp reikningur manns, að honum var greitt meira fyrir fram en kaup hans nam, og er þá ekkert afturkræft af því, sem greitt var, ef svo stendur á, sem gert er ráð fyrir í 91.—93. gr., 3. lið 95. gr. eða 96.—98. gr.

105. gr.

Nú er skip utanríkis og rís ágreiningur milli skipstjóra og einhvers af skipverjum um eitthvað út af stöðu þeirra, og skal málið þá borið upp fyrir hinum danska konsúl á þeim stað, eða á fyrsta viðkomustað, þar sem danskur konsúll er.

Úrskurði konsúls verða báðir aðilar að hlíta til þess er málið getur komið fyrir rjett hjer á landi.

106. gr.

Neiti einhver skipverji að hlýða því, sem honum er skipað, eða sýni hann mótþróa við starf sitt, er skipstjóra heimilt, eða þeim, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, að þröngva þeim manni til hlýðni með valdi. Þá er skip er í háska, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri skipan, og er hver af skipverjum skyldur til að veita aðstoð sína yfirmanni, og jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, sem mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti ekki meira harðræði en atvik kröfðu.

107. gr.

Ef maður verður sekur um yfirsjónir þær í þjónustu sinni, sem hjer skulu taldar, eða óhlýðni við góða háttsemi, getur skipstjóri látið það varða kaupmissi, sem hjer segir:

1. Ef maður er settur við stýri, eða honum er skipuð útsýn, og gengur hann

af verði eða komið er að honum þar sofandi eða ölvuðum, eða maður fer óvarlega með eld eða ljós, eða breytir ósæmilega við yfirmenn sína, eða sýnir þeim óhlýðni, og varðar það kaupmissi alt að ½ mánuði.

2. Ef menn vanrækja vörð eða annað starf, sem þeim er falið, eða komið er að þeim þar sofandi eða ölvuðum, eða hafa brennivín á laun á skip eða annað áfengi, eða fara með fatnað sinn af skipi ólofað, missa þeir alt að ¼ mánaðar kaups síns.
3. Ef maður fer á land ólofað og hverfur aftur samdægurs, varðar það kaupmissi alt að ¼ mánaðar, en missi alt að ½ mánaðar kaups ef síðar kemur.
4. Ef manni er lofuð landför og kemur hann ekki aftur svo sem á var kveðið, og varðar það kaupmissi 1 dags eða 2 ef hann kemur sama dag, en alt að ¼ mánaðar kaups, ef síðar kemur.
5. Það varðar kaupmissi alt að 4 daga, ef maður fer frá báti, sem hann var sendur með til lands, eða vekur úlfúð eða illindi á skipi eða við skyldustörf manna, eða hleypir óviðkomandi mönnum á skip ólofað, eða leynir þeim á skipi eða gætir ekki í öðru reglu og góðrar háttsemi.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum eða vjelarstjóra, bæta þeir hálfu meira en aðrir skipverjar.

Tvöfalda má sektir, ef maður, sem einu sinni hefur verið hegnt, gerir sig sekan í sömu yfirsjón.

Ekki má þó leggja á mann í einni ferð meiri sektir fyrir þessar sakir, en nema mundi helmingi kaups þess, sem við lokareikning reynist að maðurinn vann fyrir á ferðinni.

108. gr.

Áður en skipstjóri beitir refsivaldi því, sem 107. gr. heimilar honum, skal hann halda próf yfir hinum seka í viðurvist tveggja bestu manna á skipinu og ekki fyrr en 12 klukkustundir sje liðnar frá því, er yfirsjónin var framin, nema sjerstök rök liggi til, að fyr sje prófað. Rita skal í leiðarbók framburð hans og þá refsing, sem skipstjóri leggur á, ef leiðarbók er á skipinu, ella skal það skrifa sjerstaklega, og skal það, sem ritað var, lesið hinum seka manni og vottunum, og sanna þeir, sem við voru staddir, með nöfnum sínum, að rjett sje. Ómætur er úrskurður skipstjóra um það er hann dró af kaupi, nema hann gæti fyrirmæla þessara.

109. gr.

Nú refsaði skipstjóri manni með kaupmissi og vill sá kæra það, og skal hann þá hafa sent kæru sína dómara áður 3 dagar sje liðnir frá því, er skipið kom á innlenda höfn, þar sem ferma skal skip, afferma eða búa um það, og það er um kyrt að minsta kosti þrjá daga. Ef skráð er úr skiprúmi, telst fresturinn frá úrskráningu. Ekki má skipstjóri synja honum farar á land með kæru sína.

Ef slitið er ráðningu farmanns í utanríkis höfn, ber hann fram kæru sína fyrir þeim dönskum konsúl, sem þar er, og skal fyrst um sinn hlíta úrskurði hans við samningu lokareiknings mannsins. Heimilt skal skipstjóra eða háseta á ársfresti þaðan frá að skjóta málinu til dóms að lögheimili skips-

ins; kært getur og háseti þangað úrskurð skipstjóra eða reikning hans, ef ekki var danskur konsúll á þeim stað erlendis, þar sem ráðning hans var slitið, og hefur háseti og ársfrest til frá því er ráðningu sleit. Krafist getur háseti afrits af því, sem bókað var, eða annan veg ritað samkvæmt 108. gr. um refsingu þá, sem honum var úrskurðuð.

Með mál þau, sem ræðir um í þessari grein, skal fara sem einkalögreglumál.

110. gr.

Kaupi því, sem eftir var haldið eftir 107. gr., getur skipstjóri varið til endurgjalds kostnaði þeim og tjóni, sem hinn seki maður olli útgerðarmönnum, ef það, sem hann átti hjá þeim eftir af kaupi sínu, vanst ekki til þess. Það, sem þá kann að verða afgangs, verði eign stofnunar, sem gerð sje til gagnsmuna siglingum eða farmönnum og konungur skipar nánar fyrir um; fjeð skal greiða við úrskráning til ráðningarstjóra, utanríkis til konsúls, eða skipstjóri sendir það stofnuninni sjálfri, ef háseti fór úr skiprúmi og var ekki lögskráður úr.

111. gr.

Ef maður strýkur frá skipi og hverfur ekki aftur áður skip lætur út, fyrirgerir hann til útgerðarmanna kaupi því, sem hann átti inni, og þeim fjemunum, sem hann ljet eftir á skipi; hrökkvi það ekki til að bæta útgerðarmönnum það tjón, sem þeir biðu við strokið, er hann skyldur að gjalda það, sem á skortir. Ekki taka skipverjar kaup fyrir þann tíma, sem þeir eru burtu frá skipi ólofað.

112. gr.

Ef gruna má af líkum, að menn búi yfir stroki, er skipstjóra heimilt að taka fatnað skipverja og geyma svo lengi, sem tækifæri er til stroksins eftir atvikum. Ef skipverji er staðinn að stroki eða gripinn eftir það er hann strauk, getur skipstjóri haft manninn í varðhaldi á skipi eða landi til þess er skipið lætur út.

113. gr.

Menn, sem ráðnir eru á skip og þó ekki taldir til skipshafnar sjálfrar, eru skyldir að hlýða boðum skipstjóra um hátterni á skipi og reglusemi, og vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til tryggingar skipinu. Til þeirra taka og fyrirmæli 86., 106. og 107. gr.

Ef þeir voru ráðnir af skipstjóra eða útgerðarmönnum, eiga þeir jafnan rjett öðrum skipverjum; þó skulu þeir ekki teknir til greina þegar talinn er meiri hluti sá, sem getur í 92. gr.

## Sjötti kapituli.

### Um skipsleigu.

114. gr.

Skipsleigusamning skal jafnan gera skriflega (certeparti), ef annarhvor aðila æskir þess.

115. gr.

Skipsleigusamningur tekur ekki til opins þilfars skipsins, nema sjerstaklega sje um samið; ekki heldur farrýmis eða herbergja þeirra annara, sem ætluð eru skipverjum, eða til geymslu skipsmunum, vistum, eldivið eða öðrum fararnauðsynjum.

Þó má ekki taka vörur af öðrum mönnum í þau herbergi nje á þilfar, nema leigutaki samþykki, ella greiði leigusali venjulegt farmgjald fyrir þær vörur og allan skaða, er hinn hlaut af því.

116. gr.

Nú er skip ekki komið á fermingarstað og búið til að taka við farmi á þeim tíma, sem áskilið var í skipsleigusamningi, og er leigutaka þá heimilt að rifta samningnum; hann á og heimting á bótum fyrir tjón það, er töfin olli honum, nema það vitnist, að útgerðarmaður átti ekki sök á töfinni og ekki skipstjóri nje skipshöfn.

Ef skipsleigusamningur tekur engan tíma til, nær ferming skal hefja, skal leigutaki þola bið, nema það vitnist, að útgerðarmaður, skipstjóri eða skipverjar áttu sök á.

Ekki getur leigutaki krafist neinskonar skaðabóta ef samningi er ekki rift og hann áskildi sjer ekki rjett til þess áður hann ljet vörur af hendi til fermingar.

117. gr.

Heimilt er leigutaka að framselja öðrum manni rjett sinn eftir samningnum, en eigi að síður ábyrgist hann, að allar þær skuldbindingar haldist, sem samningurinn batt honum.

118. gr.

Ekki má senda góss leigutaka án samþykkis hans með öðru skipi en því, sem samið var um, nema skift verði um skip fyrir þeirra nauðsynja sakir, er 165. og 166. gr. til taka. Nú skiftir útgerðarmaður um skip, og bæti skaða þann allan, er af hlýtst.

119. gr.

Nú er ekki áskilinn neinn fermingarstaður í höfn og hefur maður samið um alt skipið, og skal þá skip liggja á þeim stað, sem hann vísar til,

ef þar er ekki tálmun fyrir og skipið liggur þar á floti og því er óhætt og kemst þaðan hlaðið tálmunarlaust; vísa skal á þann stað, þegar sem skipstjóri krefst þess, ella má hann sjálfur velja stað skipinu og sje þó almennur fermingarstaður. Nú hafa fleiri menn en einn samið um flutning á skipi, og á þá sá, sem samdi um meiri hlut skips, sama rjett og sá, er samdi um alt skipið. Svo er og ef þeir verða fleiri saman og ásáttir og sömdu um meiri hlut skips, og taka þeir þá til staðinn, ef skipstjóri flutti skipið ekki áður í annað lægi.

Sá, sem samdi um alt skipið eða meiri hlut skips, ef þeir voru fleiri, eiga og heimting á, að skip sje flutt á annan hagkvæman fermingarstað í sömu höfn og greiði allan flutningskostnað, sbr. niðurlag 124. gr. Sama rjett á og hver maður sá, er semur um hlut úr skipi, ef aðrir leigutakar hafa ekki óþægindi af flutningnum.

120. gr.

Nú fermir maður skip góssi, sem svo er háttað, að skipi eða öðrum farmi er háski eða tjón búið af, og hefur hann ekki sagt til hversu háttað var góssinu eða gætt þeirra fyrirskipana, sem settar eru um slíkar sendingar, og ábyrgist hann þá skaða þann allan og kostnað, sem af hlýtst. Svo er og ef maður hleður skip góssi án vitundar skipstjóra eða segir rangt til um góssið, og er þá sendandi auk þess skyldur til að greiða hæsta farmgjald, sem þar var á fararstað skipsins.

Verði góssið ekki haft á skipi háskalaust, er heimilt að færa það á land á kostnað sendanda eða jafnvel varpa því fyrir borð, ef það fanst ekki fyrri en eftir að skip ljet út, en greiði fult farmgjald hvort sem gert var.

121. gr.

Skylt er sendanda að færa góss að skipsborði, en leigusali annist þaðan af og kosti búlkun alla, undirbreiður og refti.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það komst ekki á umsaminn stað eða á vanalegan fermingarstað í höfninni, ef enginn staður var tilskilinn, og kostar þá skipstjóri flutning góssins á skip úr landi.

122. gr.

Óheimilt er skipstjóra að búlka góss manns á þilfari ólofað (sbr. 195. gr.) eða í skipsbáta eða hengja það utan borðs á skipið.

123. gr.

Leigutaki á heimting á, að skipstjóri láti skipið vera búið til fermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) endurgjaldslaust og þá enn annan tíma (aukabiðdaga) og taki þóknun fyrir aukreitis.

Biðdaga skal telja frá fyrsta morgni rúmhelgum eftir að skipið er komið á rjettan stað og búið til að taka við farmi og skipstjóri hefir sagt sendanda til. Nú er honum sagt til eftir kl. 6 e. h. eða á helgum degi, og skal þá telja biðdaga frá öðrum morgni rúmhelgum. Sje sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til með auglýsingu í blaði þess staðar eða þann veg, sem þar er títt.

124. gr.

Ef ekki er samið um tölu biðdaga, skal telja þá eftir nettótonnatali skips svo sem hjer segir:

| Þegar skip er ekki | tonn | seglskip | gufuskip |
|---|---|---|---|
| meira en 20 en minna en | 20 | 2 daga | 2 daga |
| — — 35 — — — | 35 | 3 — | 2 — |
| — — 50 — — — | 50 | 4 — | 2 — |
| — — 100 — — — | 100 | 6 — | |
| — — 150 — — — | 150 | 7 — | 3 — |
| — — 200 — — — | 200 | 8 — | |
| — — 250 — — — | 250 | 9 — | |
| — — 300 — — — | 300 | 10 — | 4 — |
| — — 400 — — — | 400 | 11 — | |
| — — 500 — — — | 500 | 12 — | |
| — — 600 — — — | 600 | 13 — | 5 — |
| — — 750 — — — | 750 | 14 — | |
| — — 900 — — — | 900 | 15 — | 6 — |
| — — 1100 — — — | 1100 | 16 — | 7 — |
| — — 1350 — — — | 1350 | 17 — | 8 — |
| — — 1650 — — — | 1650 | 18 — | 9 — |
| | 2000 | 19 — | 10 — |

Ef skip er meira en 2000 tonn, hvort sem er seglskip eða gufuskip, skal auka einum degi fyrir hver 400 tonn, sem afganga eða minna o. s. frv.

Ekki eru helgidagar taldir til biðdaga og ekki þeir dagar heldur, sem varð ekki unnið að fermingu sakir veðurs eða tálmana frá skipsins hálfu; tími, sem ekki tekur yfir meira en hálfan vinnudag, er að eins talinn hálfur dagur.

Ef til er tekin ákveðin tala samfeldra biðdaga, skulu og helgir dagar taldir.

Til biðdaga er og talin sú dvöl; sem leiðir af flutningi skips milli fermingastaða í höfn samkvæmt 2. lið 119. gr.

125. gr.

Aukabiðdagar skulu hálfu færri en biðdagar, ef ekki er annan veg um samið; þeir eru taldir samfeldir.

Ef ekki er annan veg um samið, er þóknun fyrir aukabiðdaga 30 aurar á dag fyrir seglskip og 40 aurar fyrir gufuskip fyrir nettótonn hvert. Þóknunin er talin fyrir hálfa daga, svo, að það, sem nemur ekki meira en hálfs dags vinnutíma, er talið hálfur dagur, en heill ef meira er.

Krefja má kaups að kveldi fyrir hvern aukabiðdag. Nú er kaupið ekki greitt þá er skip er ferðbúið, og er þá skipstjóra heimilt að geta þess á farmbrjefinu (konossement) hvað ógreitt var.

126. gr.

Ákvæði þau um tiltekna biðdaga og aukabiðdaga, sem hjer hafa verið talin, ná ekki til skipa, sem eru í reglubundnum förum meðal ákveðinna staða og áætlun er birt um fyrirfram.

127. gr.

Ekki er skipstjóra skylt að bíða móttöku farms eftir það að aukabiðdagar eru á enda, en skyldur er hann að hafa með sjer það góss alt, sem honum var fengið þangað til, þótt hann verði að lengja biðina til að ferma góssið og búlka því, en þóknun skal hann fá fyrir þá bið, ekki minni en fyrir aukabiðdaga, og á heimilt að geta þess á farmbrjefinu, ef hún var ekki greidd.

128. gr.

Ef varan er stykkjagóss, lætur sendandi hana af hendi eftir tilkynningu skipstjóra. Sje sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til á þann hátt, sem segir í 123. gr. Ef góssið er þá ekki látið svo snemma af hendi, að taka megi á skip og búlka jafnóðum, er skipstjóri ekki skyldur til að taka við því og taki þó fult farmgjald fyrir, sbr. þó 135. gr.

Ekki er skylt að segja til nær vara skal koma til skipa þeirra, sem um getur í 126. gr.

129. gr.

Skylt er skipstjóra að gefa sjálfur eða láta stýrimann gefa viðurkenning fyrir viðtöku góssins jafnóðum, ef sendandi krefst. Viðurkenningar þessar skulu fengnar aftur skipstjóra þegar er farmbrjef er undirskrifað eða góss fer af skipi, ef það verður áður, sbr. 132. gr.

130. gr.

Skylt er sendanda að fá skipstjóra öll þau skjöl, sem fylgja skulu góssinu, áður sá tími sje liðinn, sem ákveðinn var til viðtöku góssins. Nú vanrækir sendandi það og tefur með því burtför skipsins, og getur þá skipstjóri krafist skaðabóta, ekki minni en fyrir aukabiðdaga og getið þess á farmbrjefinu, ef ekki er greitt.

Annast skal skipstjóri um, að hann sje búinn til brottfarar þegar er hann hefur tekið við farmi og skjölum þeim, sem honum er nauðsyn að hafa. Nú vanrækir skipstjóri það eða tefur burtför sína, og getur sendandi þá krafist bóta fyrir tjón það, er af hlautst, og riftað samningi eftir atvikum.

131. gr.

Ef maður semur um heilt skip, er honum heimilt að rifta samningi og greiða hálft farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og tafir, ef meiri hafa orðið, en segja skal hann sundur við skipstjóra samningi áður skip sje farið af þeim stað, er það skal láta út frá. Ef enginn farmur er kominn til skips áður aukabiðdagar sje á enda, skal litið svo á, sem leigutaki hafi rift samningi. Nú er samið um skipið til fleiri fara en einnar, og skal þá bæta hálfu farmgjaldi fyrstu ferð, en aðrar ferðir fjórðungi farmgjalds, en helming farmgjalds báðar ferðir, ef önnur er brautför en hin heimför.

Nú lætur leigutaki skips ekki af hendi alla vöru þá, er tilskilið var, og er skipstjóra þá ekki skylt að fara þá för, nema leigutaki greiði honum fult farmgjald fyrir vöru þá, sem ekki fer, svo og bætur fyrir kostnað, sem af því leiddi, að ekki kom sumt af farminum, fái ella skipstjóra trygging fyrir því, er greiða skyldi. Nú var endurgjalds krafist og ekki greitt og ekki trygging

fengin fyrir lok aukabiðdaga, og er þá skipstjóra heimilt að líta svo á, sem leigutaki hafi rift samningi og greiði hann farmgjald og skaðabætur sem fyrr segir.

Nú er farmbrjef afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

132. gr.

Nú er riftað samningi með þeim atvikum, sem segir í 131. gr., og affermt aftur af þeim sökum góss það, er á skip var komið, og er þá leigutaki skyldur til að greiða skipstjóra allan fermingarkostnað og affermingarkostnað og bæta honum ef skipið var dvalið lengur en aukabiðdaga og gjaldi ekki minna en fyrir þá.

133. gr.

Nú vill sá, er samið hefur um alt skip, rifta samningi eftir það er skip fór af þeim stað, þar sem ferð var hafin, og er hann þá skyldur að greiða fult farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og ef aðrar dvalir urðu; þó skal að eins greiða þrjá fjórðunga farmgjalds, ef svo er um samið, að skipið skuli fara á annan stað til fermingar þar og samningi var sagt í sundur áður skip fór frá fermingarstað eða samningur raufst sakir þess, að leigutaki vanrækti skyldu sína með þeim atvikum, sem 2. liður 131. gr. til tekur. Nú var samið um fleiri ferðir en eina, og skal þá greiða fult farmgjald fyrir þá för, sem hafin var, og hálft fyrir hina næstu, en fyrir hinar að fjórða hlut; ef samið var um för á ákveðinn stað og afturkomu þaðan tafarlaust, skal greiða þrjá fjórðunga farmgjalds fyrir báðar leiðir, ef samningi var riftað áður skip fór þaðan heim á leið.

Ekki getur leigutaki krafist, að skip sje affermt eftir það er skip lagði út, nema á þeim stað sje, sem skip átti erindi til, og greiði skipstjóra farmgjald, svo sem sagt var, og bæti kostnað allan og skaða af aflermingu á viðkomustað.

Nú er farmbrjef afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

134. gr.

Ef fleiri hafa samið um skip að hlutum og allir leigutakar eru ásáttir um að rifta samningi, fer um hvern þeirra sem fyrir er mælt í 131.—133. gr. Nú koma þeir sjer ekki saman, og skal þá sá þeirra, sem samningi vill rifta, greiða fult farmgjald svo og aukabiðdagagjald eftir atvikum, og bæta auk þess, ef meiri dvöl verður, og allan kostnað, sem af því leiddi að hann gekk úr. Vörur sinnar getur einstakur leigutaki því að eins krafist aftur úr skipi, ef það getur orðið öðrum leigutökum að skaðlausu, svo að það dvelji ekki för eða skaði þá á annan hátt, og bæta skal hann ávalt skipstjóra skaða, tjón og kostnað, sem affermingin olli.

135. gr.

Sá, sem gert hefur skipsleigusamning um skip og greiða skal samkvæmt 128., 131. og 133. til 134. gr. fult farmgjald fyrir vöru, sem ekki fer á skipi til ætlunarstaðar, getur krafist, að dreginn sje frá greiðslufje hans kostnaður sá, sem hann sparaði skipinu við það, að hann tók aftur vöru sína. Taki

skipstjóri aðrar vörur í hinnar stað, skal helmingur farmgjalds fyrir þá vöru dreginn frá greiðslufje leigutaka.

136. gr.

Ef maður leggur löghald á eða gerir fjárnám í góssi, sem fermt hefur verið á skip, getur hann að eins krafist góssins með sömu skilyrðum og leigutaki gat.

137. gr.

Nú er farmur kominn á skip, og skal þá skipstjóri eða sá maður, sem er í hans stað, gefa farmbrjef (konnossement), ef sendandi beiðist, og skal hann þar kannast við, að hann tók við vörunni og skyldu sína til að flytja hana til ætlunarstaðar og fá rjettum viðtakanda.

Undir brjefið skal sá maður rita nafn sitt, er gaf það út, stað og dagsetning, er það var gefið út, svo og nafn skipsins og hver varan var, og nafn viðtakanda og ætlunarstað vörunnar. Auk þess getur hver aðila krafist, að þar standi nafn skipstjóra, ef hann skrifaði ekki undir sjálfur, svo og nafn þess, er vöruna ljet af hendi, heimili skipsins, hvort það er gufuskip eða seglskip, tegund vörunnar og ásigkomulag, þungi hennar, mergð og hversu merkt, um samið farmgjald og að vísað sje til skipsleigusamnings í heild hans eða til einstakra ákvæða hans.

138. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af farmbrjefi, sem sendandi telur nauðsyn á; hann getur og krafist, að farmbrjef sje gefið fyrir allri vörunni í heild eða sjerstakt skírteini fyrir einstaka hluta hennar. Skylt er sendanda að fá skipstjóra svo mörg eintök, sem þarf, til undirskriftar, áður tími sá sje liðinn, sem 130. gr. tekur til, og getur skipstjóri krafist eins eintaks, sem sendandi skrifi undir með honum. Aldrei má skipstjóri gefa skírteini fyrir vöru, sem ekki er komin á skip.

Nú eru gerð af farmbrjefi fleiri eintök en eitt, og skal þá eintakatalan til greind í sjálfu skírteininu, og þó ekki talið með eintak skipstjóra. Brjefin skulu öll vera samhljóða; þó getur sendandi krafist, að eintökin sje í sjálfu meginmálinu merkt svo sem fyrsta eintak, annað, þriðja o. s. frv.

139. gr.

Farmbrjef má stíla til ákveðins manns, eða þess, sem hann tilvísar, eða til handhafa; sje það stílað »að tilvísun« að eins, merkir það tilvísun vörusendanda. Farmbrjef má framselja með áritun (endossement) til ákveðins manns eða eyðuframsali (in blanco), nema framsal þess sje berlega óheimilað með orðunum »ekki til framsals«, eða öðrum ákveðnum fyrirvara í meginmáli þess.

Nú er maður löglega að farmbrjefi kominn eftir orðum sjálfs þess eða við framsöl sem í óslitinni röð ná til handhafa, eða við eyðuframsal (in blanco), og getur hann þá krafist, að varan sje fengin sjer í hendur sem rjettum aðila.

140. gr.

Ef ekki hefir verið tekinn til í höfn neinn ákveðinn staður til affermingar, getur viðtakandi farms krafist, að skipið sje fært til þess staðar, sem hann vísar til, ef ekkert tálmar þar og skipið getur legið þar á floti og óhult; þenna stað skal þó til taka jafnskjótt og skipstjóri krefst, ella er honum frjálst að kjósa sjer stað og sje þó vanalegur affermingarstaður. Nú eru viðtakendur farms fleiri en einn og tekur einn þeirra meira hluta þess farms, sem til þeirrar hafnar fer, og á hann þá sama rjett sem sá, er allan farm tekur. Svo er og ef fleiri viðtakendur eru saman um meiri hlut þess farms, og eru ásáttir, og nefna þeir þá til stað og skulu þó hafa gert það áður skipstjóri færði skipið í annað lægi.

Um skyldu skipstjóra til flutnings skips innan hafnar gildir það, sem mælt er fyrir um fermingu í 119. gr., eftir því sem við á.

141. gr.

Skyldur er skipstjóri til við affermingu að láta góssið af hendi viðskipshlið, en annan affermingarkostnað greiðir viðtakandi.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki í ákveðið lægi, eða ekki á almennan affermingarstað í höfninni, ef ekkert lægi var tekið til, og skal þó skipstjóri færa góssið á hæfilegan affermingarstað í höfninni á sinn kostnað.

142. gr.

Viðtakandi farms á heimting á, að skipstjóri hafi skipið búið til affermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) án endurgjalds, og þá enn um annan tíma tiltekinn (aukabiðdaga) og taki aukreitis þóknun fyrir. Þetta nær þó ekki til skipa í þeim förum, sem getur í 126. gr. Gefa skal tilkynning um það, nær skip er búið til affermingar og fer um það áþekt því, sem fyrir er mælt um ferming í 123.—125. gr., svo og um það, hversu telja skuli biðdaga og aukabiðdaga, fjölda þeirra og gjald fyrir aukabiðdaga.

Ef affermt er og fermt í einu lagi fyrir sama manninn, hefjast ekki aukabiðdagar fyrri en hvorirtveggja biðdaga samantaldir eru á enda, þeir sem ákveðnir eru affermingu og fermingu.

143. gr.

Sá, sem taka skal við stykkjagóssi, skal koma til að veita því viðtöku þegar skipstjóri hefir gefið honum tilkynning um það. Ef viðtakandi er ókunnur eða hann finst ekki, skal honum sagt til svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Þá er stykkjagóss er flutt á þeim skipum, sem 126. gr. ræðir um, er skipstjóra heimilt að afferma tafarlaust án sjerstakrar tilkynningar um það.

144. gr.

Á ætlunarstaðnum skal skipstjóri fá farminn þeim manni, sem segir til sín og sýnir eintak af farmbrjefinu, sem heimilar honum samkvæmt 139. gr. að kalla eftir vörunni sjer til handa. Þá er lokið er affermingu, skal fá eintak þetta skipstjóra og rita á viðurkenning um viðtöku vörunnar; til að tryggja

sjer þetta getur skipstjóri krafist, að farmbrjefið sje falið öðrum mönnum til vörslu, áður en afferming hefst. Skipstjóri getur krafist, að skrifað sje á farmbrjefið jafnóðum og affermt er, eður og sjerstakra viðtökuvottorða.

145. gr.

Nú sýna fleiri menn en einn eintak af farmbrjefi, sem heimilar þeim að krefjast farmsins sjer til handa, og má þá skipstjóri engum þeirra fá í hendur farminn, en hann skal fela hann til varðveislu svo óhult sje, ef aðilar verða ekki ásáttir um einn viðtakanda, sem hann geti fengið vöruna, og skal hann tafarlaust skýra viðtakendum frá, hvar varðveitt sje. Nú eru eintök farmbrjefs tölusett svo sem síðasti kafli 138. gr. mælir fyrir, og skal þá skipstjóri fá þeim í hendur vöruna, sem lægsta hefir töluna á eintaki sínu.

146. gr.

Óheimilt er skipstjóra að láta farminn af hendi annarstaðar en á áætlunarstað hans, jafnvel þótt rift sje farmsamningi eða hætt við för, nema því að eins, að skilað sje þá aftur öllum þeim eintökum farmbrjefs, sem hann ljet af hendi, sbr. þó 172. gr. Þó nær þetta ákvæði ekki til þess, ef farmbrjefið óheimilar framsal á sjer, nje til þess, ef eintök farmbrjefsins eru tölusett svo sem síðasti hluti 138. gr. mælir fyrir, og getur þá löglegur handhafi þess eintaks, sem hefir merkið »fyrsta«. krafist, að varan sje fengin honum, þótt ókunnugt sje um hin eintökin.

147. gr.

Leigusali skips ábyrgist allar skemdir á farminum og ef hann minkar frá því er við honum var tekið á skip og til þess er hann kemur í hendur viðtakanda, nema líkur sjeu leiddar að því, að skemdin eða rýrnunin stafi af sjóslysi, hernámi eða öðru óhappi, sem skipstjóri eða skipshöfn mátti ekki við gera, eða af ónógum umbúnaði vörunnar, spilling í henni sjálfri, rýrnun, af venjulegum leka íláta eða dýr deyi, eða í heild sinni stafi af ásigkomulagi farmsins sjálfs.

Ef skemdir stafa af því, að skip var ekki svo í lagi til farar, sem vera bar, ábyrgist leigusali skips það þó ekki, ef ekki fundust gallar á skipinu, hversu vel sem að var gætt.

148. gr.

Ef sendur er með skipi farmur, sem þarf við sjerstakrar umönnunar og gætilegrar meðferðar, skal skipstjóra sagt til þess og gössið glögglega einkent í þá átt. Nú er það vanrækt, og greiðir leigusali skips þá engar bætur fyrir skaða, sem einungis varð girt fyrir, með umönnun þeirri og varfærni, sem nefnd var.

Ekki skal bæta peninga, verðbrjef eða aðra dýrgripi, nema sagt sje til þeirra greinilega og hversu mikils eru verðir.

149. gr.

Farmbrjefið er grundvöllur rjettarstöðu skipstjóra og viðtakanda farms sín á milli, og skal fá viðtakanda farminn eftir því, sem brjefið mælir fyrir.

Ákvæði skipsleigusamnings, þau er ekki voru sett í farmbrjefið, eru ólögmæt gagnvart viðtakanda, nema að svo miklu leyti sem farmbrjefið vitnar til þeirra.

Nú er vitnað til skipsleigusamnings í farmbrjefi um farmgjaldið, svo sem með orðunum »farmgjald eftir skipsleigusamningi (certeparti)«, og tekur þá sú tilvitnun ekki til ákvæða samnings þess um biðdaga, aukabiðdaga og gjald fyrir þá.

Ekki getur skipstjóri krafið viðtakanda farms um ógreitt aukabiðgjald nje önnur gjöld, sem af fermingu skipsins stafa, nema fyrirvari sje hafður um það í farmbrjefinu.

150. gr.

Skipstjóri ábyrgist viðtakanda eftir 149. gr., að rjett sje, það sem farmbrjefið greinir um góssið. Ef það er sent í luktri kistu eða umbúðum, svo að skipstjóri veit ekki hvað í er, eða ef til er tekið í farmbrjefinu mál, þungi eða tala og skipstjóri mældi það ekki, vó eða taldi, þá er hann tók við því á skip, þá á hann heimilt að geta þess á farmbrjefinu, og ábyrgist hann þá ekki, að rjett sje, nema hann hafi sjeð við fermingu, að rangt var sagt til eða hefði átt að sjá það við almenna athygli.

151. gr.

Þá er skipstjóri getur ekki sjeð við móttöku, hversu góssinu er háttað, eða hve tryggilega er um búið, getur hann skrifað á farmbrjefið »ábyrgist ekki leka, brot eða skemd«, eða annað því líkt, og áskilið sjer með því að vera úr ábyrgð þeirri, sem 147. gr. til tekur. Slíkur fyrirvari leysir hann þó ekki úr ábyrgð, ef ætla má, að skemd eða rýrnun yrði með þeim hætti, að útgerðarmenn ábyrgist hana eftir 147. gr.

152. gr.

Ef góss er flutt á skip og glögt verður sjeð, að spilt er eða óhæfilega um búið, er skipstjóra skylt að geta þess berum orðum í farmbrjefinu. Nú vanrækir hann þetta, og ábyrgist hann þá hvorttveggja gagnvart viðtakanda, þótt hafður sje í farmbrjefinu fyrirvari, slíkur sem 151. gr. getur.

153. gr.

Nú kemur skip til affermingarstaðar og má gruna af líkindum, að farmur sje spiltur eða glatað af, og er viðtakanda þá heimilt að láta fram fara skoðunargerð, og skal henni fylgja álitsgerð um það, hver orsök var til, ef það reynist, að spilst hefur varan.

Nú hefur viðtakandi látið fá sjer í hendur farminn og ekki látið skoðunargerð fara fram áður, og vill síðar kæra ásigkomulag hans, og skal hann þá áður næsti virkur dagur sje liðinn krefjast, að skoðunargerð fari fram sem fyrst. Nú vanrækir hann það, og getur hann þá ekki krafist skaðabóta nema það sannist, að skemdin eða rýrnunin sje orðin við svik, hirðuleysi eða gáleysi útgerðarmanns eða þeirra manna einhverra, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

154. gr.

Þá er greiða skal bætur eftir 147. gr. fyrir skemdan farm eða týndan,

eða leigusali skips skal bæta vöru, sem seld var á förinni til þurftar skipinu eftir heimild 54. gr., skal meta bæturnar eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.

155. gr.

Ef skipstjóri tekur farm á skip og hefur ekki samið um farmgjald, hve mikið skuli vera, skal greiða það gjald svo sem alment var á fermingarstaðnum í það mund. Nú var samið um farmgjald en meira fermt af góssinu en um var samið, og skal þá gjalda fyrir það, sem meira var, að rjettu hlutfalli við hitt, sem um var samið.

156. gr.

Ekki skal greiða farmgjald fyrir það góss, sem kemur ekki til skila við fararlok, nema það hafi farist sakir ásigkomulags þess sjálfs (sbr. 147. gr.) eða af ónógum umbúnaði, eða sakir annarar yfirsjónar eða hirðuleysis sendanda, eða það sje selt á ferðinni fyrir hönd eiganda þess.

Ef greitt er farmgjald fyrirfram fyrir góss, sem ekki skal gjalda fyrir, eftir því sem nú var sagt, má heimta það aftur, nema annað sje áskilið.

157. gr.

Ef ílát hefur lekið meiri hlut lagar, er rjett, að viðtakandi láti það, sem eftir er, vera farmgjald vörunnar. Heimild þessi nær til hvers íláts um sig, en neyta skal þeirrar heimildar áður viðtakandi taki við ílátinu, og ekki nær hún til þess, ef varan kom á skip í lömuðu eða óhæfu íláti og skipstjóri gat þess sjerstaklega á farmbrjefinu, sbr. 152. gr.

158. gr.

Leigusali skips greiðir allan fararkostnað og gjöld frá því er við farmi er tekið og til þess hann var af hendi seldur á ætlunarstað; skipsgjöld, sóttkvíunarkostnaður, dráttargjald og annað þess kyns taka þannig ekki til leigutaka.

159. gr.

Nú tekur viðtakandi við farminum, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjald og annað það, sem skipstjóri getur krafist greiðslu á eftir farmbrjefi eða öðru því skjali, sem segir fyrir um afgreiðslu farmsins til viðtakanda.

160. gr.

Ekki er skipstjóri skyldur til að láta farminn af hendi fyrri en viðtakandi greiðir eða tryggir í geymslu það, sem honum er skylt að greiða eftir 159. gr., svo og bætur fyrir aukabiðdaga eða aðrar affermingartafir, sjótjónsframlög og annað það gjald, sem á vörunni liggur, sbr. 244. gr. Þá er farmurinn er af hendi greiddur, getur skipstjóri kallað til geymslufjárins, þó að áskildri heimild viðtakanda til að sjá sjer borgið með kyrsetningu eða lögbanni, ef ósamþykki kemur upp. Nú er ekki kveðið á um sætjónsframlag, hversu mikið skuli vera, og má þá ekki halda farmi eftir af þeim sökum, ef viðtakandi setur trygging fyrir.

Ákvæði þessarar greinar gilda og, er krafist er affermingar á góssi á fermingarstað eða viðkomustöðum.

161. gr.

Ef maður, sem farmur er ætlaður, skorast undan að taka við honum, eða viðtakandi er ókunnur eða finst ekki, skal skipstjóri skýra sendanda frá því, þegar hann má. Nú segir enginn löglegur viðtakandi til sín svo fljótt, að góssið geti orðið affermt fyrir lok aukabiðdaga, eða fyrir lok þess tíma, sem skipstjóri kveður á eftir 143. gr., ef það var stykkjagóss, og skal þá skipstjóri færa vöruna á land og fá til varðveislu svo óhult sje. Nú vanrækir viðtakandi að gegna skyldum sínum eftir fyrirmælum 160. gr. eða dvelur svo afferming, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er þá skipstjóra heimilt að afferma og fela vöruna til varðveislu svo sem sagt var.

Þá er farmur er fallinn þannig til geymslu, skal skipstjóri skýra frá því þeim, sem hann var ætlaður. Sje viðtakandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal skýrt frá því svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Nú dvelst skipi, lengur en aukabiðdagar endast, við það að fá góssi varðveislu, eða því dvelst á annan hátt svo að skipið verður ekki sakað um, og getur hann þá krafist fullra bóta fyrir, ekki minni en aukabiðdagar væri.

162. gr.

Þá er góss er látið til varðveislu, svo sem 145. og 161. gr. ræða um, er skipstjóra heimilt að láta selja við opinbert uppboð svo mikið af því, sem þarf til að fullnægja kröfum þeim, sem 160. gr. getur um, svo og til greiðslu tolla og kostnaðar.

163. gr.

Eftir það er skipstjóri hefur fengið farminn í hendur viðtakanda, á skipstjóri enga kröfu á hönd leigutaka um það fje, sem viðtakanda var skylt að greiða; þó er rjett, að hann sæki leigutaka um þá upphæð, sem hann mundi vinna honum úr hendi, ef allar kröfur fjelli niður. Ef góssið er ekki selt af hendi og kröfum skipstjóra ekki fullnægt með sölu þess, ábyrgist leigutaki það, sem á skortir.

164. gr.

Heimilt er öllum aðilum að rifta skipsleigusamningi ábyrgðarlaust er skip hefir ekki látið út af þeim stað, þar sem för skyldi hefja,
ef ófriður kemur upp, svo að skip eða farmur eigi ekki frjálsa för,
eða herhald er lagt á skip,
eða fráfararhöfn eða ætlunarhöfn er herkvíuð eða flutningur góssins óheimilaður frá fararhöfn eða aðflutningur á ætlunarhöfn, eða för skipsins eða flutningur góssins sætir tálmun af nokkrum öðrum ráðstöfunum yfirvalda.

Ef slík tálmun tekur að eins til nokkurs hluta af farmi sendanda, er honum ekki heimilt að rifta samningi nema hann greiði farmgjald eftir reglum 131. og 134. gr.; sje samningi ekki riftað, má afferma aftur á kostnað sendanda þeirri vöru, sem tálmuninni sætir og áður var á skip færð. Nú segir leigutaki til áður aukabiðdagar sje á enda, að hann ætli að senda aðra vöru,

og er skipstjóri þá skyldur til að taka við henni, ef hún er látin til tafarlaust og ekki er óhægra að flytja hana á skipi, en skyldur er leigutaki til að greiða kostnað allan, sem af því leiðir, og svo skaðabætur eftir 127. gr., ef dvöl verður lengri en aukabiðdagar. Ef fleiri menn eru leigutakar en einn, má dvölin ekki lengjast af þessum sökum umfram aukabiðdaga, nema allir leigutakar samþykki.

Nú eru leigutakar fleiri en einn og samningi er rift við einn þeirra eða fleiri sakir tálmana á flutningi vöru þeirra, og er þá skipstjóra heimilt að rifta samningi við aðra leigutaka, ef það farmgjald, sem hann mundi fá fyrir ferðina, verður minna en helmingur þess farmgjalds alls, sem til var tekið.

165. gr.

Nú ferst skip á för, eða verður dæmt óbætandi, og er þá slitið skipsleigusamningi; þó er skipstjóra skylt á kostnað farmeiganda að gera hagkvæmar ráðstafanir um farminn, svo sem fyrir er mælt í 62. gr.

Þá er svo ber að, skal greiða farmgjald eftir vegalengd, svo að goldið sje fyrir þá leið, sem farin var, að sama hlut sem hún var úr allri förinni, þó svo, að þess sje gætt, hve miklum tíma var til varið og svo sjerstakra erfiðleika, sem á voru og kostnaðar, að rjettri tiltölu við sjerstakan kostnað og erfiðleika á því, sem ófarið var. Ef aðilar geta ekki orðið ásáttir um það, hvert farmgjald skal greiða, getur hver þeirra heimtað, að úr sje skorið með lögmætu mati.

Heimilt er eigendum að láta góssið koma fyrir vegalengdarfarmgjaldið, ef þeir kjósa það heldur.

166. gr.

Nú ber að slíka tálmun, sem 164. gr. ræðir um, eftir það er skip fór braut þaðan, sem för var hafin, og er hverjum aðila þá og heimilt að rifta samningi, en greiða skal þá leigutaki vegalengdarfarmgjaldið eftir fyrirmælum 165. gr. Ef rift er samningi, skal skipstjóri á kostnað eiganda annast svo um farminn sem 62. gr. mælir fyrir.

Nú dvelur slík tálmun skipið á fermingarstaðnum eftir að það þar hefur tekið farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá þeim kostnaði af töfinni, sem á kom til þess er samningi var slitið, skift niður á skip, farmgjald og farm, eftir því, sem mælt er fyrir um sameiginlegt sætjón.

167. gr.

Ef skipsleigusamningi er riftað af þeim sökum, sem 164. gr. ræðir um, og verður því að afferma vöruna, er leigutaki skyldur til að greiða allan kostnað, sem af því leiðir, ef tálmunin á efndum samningsins snertir farminn einan saman. Nú snertir tálmunin einnig skipið eða það eitt saman, eða skipstjóri hefir neytt heimildar sinnar eftir síðasta lið 164. gr. til að segja sundur samningum, og fer þá um það eftir hinu almenna ákvæði í 141. gr.

168. gr.

Nú dvelur eitthvað skipið á fermingarstað eða síðar á viðkomustað á förinni og ætla má, að sú dvöl muni nokkuð lengjast, og er þá leigutaka

heimilt að láta afferma vöru sína í bráð, ef hann fær til trygging fyrir greiðslu krafa þeirra, sem 160. gr. skyldar hann til, ef varan kemur ekki aftur á skipið í tæka tíð, þegar skipstjóri segir til. Ef fleiri eru leigutakar getur enginn þeirra krafist, að vara hans sje affermd, nema hinir leyfi, ef sú afferming skaðar þá.

169. gr.

Nú leitar skip hafnar í nauð sakir bilunar, og talið er víst, að farmurinn spillist allur eða að miklum hluta við þá dvöl, sem umbót skipsins krefur, og er þá leigutaka heimilt að rifta samningi og ráða vöru sinni, ef hann greiðir farmgjald eftir vegalengd, sem talin sje eftir fyrirmælum 165. gr. Þó nær þessi heimild ekki til leigutaka ef fleiri eru en einn, og einhver þeirra krefst að fram sje haldið förinni.

170. gr.

Nú eru einstök eintök farmbrjefs framseld ýmsum mönnum, og veitir þá það eintak bestan rjett, sem seljandi sendi fyrst eða seldi af hendi, ef handhafa er heimilt að krefjast þess eftir annari málsgrein 139. gr., að sjer sje fengin varan. Þó taka þessi ákvæði ekki til þess, ef eintökin eru tölusett eftir fyrirmælum 138. gr., því að þá gengur sá handhafi fyrir, sem eintak hefur með lægstri tölu. En nú er vara affermd og hún fengin löglega í hendur öðrum manni, og er hann þá ekki skyldur til að selja hann aftur af hendi, nema það sannist, að hann vissi, að kaup hans á farmbrjefinu var ólögmætt, eða hann sýndi þar stórkostlegt gáleysi.

171. gr,

Rjettur sá, sem seljandi kann að eiga að lögum til að hefta afhending á góssi til kaupanda, er hann getur ekki greitt andvirðið eða fullnægir ekki skyldum þeim, er kaupin gerðu honum, fellur ekki niður, þótt kaupandi hafi fengið farmbrjefið í hendur.

Ef kaupandi hefur framselt öðrum manni farmbrjefið, á seljandi ekki þenna rjett gagnvart þeim manni, nema í brjefinu hafi staðið bann gegn framsali, eða það sannist, að handhafi brjefsins hafi þekt málavexti, er hann fjekk það, eða sýnt stórkostlegt gáleysi.

172. gr.

Ef farmbrjef glatast, má fá það ónýtt með dómi á þeim stað, þar sem láta skyldi af hendi vöruna. Sá, sem ónýtingar æskir, skal senda beiðni um hana til dómanda og geri þar grein fyrir, hversu hann eignaðist hið glataða skírteini og lýsi því, að hann ljet það ekki af hendi til annara manna og bjóða eið sinn á. Ef veitt er beiðni hans, nefnir dómari til stefnufrest og má hann ekki vera skemri en 12 vikur og ekki lengri en 1 ár. Stefnuna skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og sje ekki skemra milli hverra birtinga en ein vika.

Heimilt er manni að krefjast þess, að vara sú sje seld honum í hendur, sem farmbrjefið til tekur, ef hann fær til trygging og stefnan hefur verið

löglega birt; en þangað til það er gert, þarf hann til þess sjerstakan úrskurð dómara.

173. gr.

Ef maður hefur farmbrjef í höndum og fengið svo sem 139. gr. segir, er hann ekki skyldur til að láta það af hendi við þann, sem mist hefur, nema það sannist, að sá maður hafi þekt málavexti er kaup fór fram, eða sýnt í því kaupi stórkostlegt gáleysi.

174. gr.

Nú er farsamningur ger um flutning á tilteknum manni og hann gat ekki farið af stað sakir dauða síns, sjúkleiks eða annarar tálmunar, og skal þá að eins greiða hálft fargjald, ef sagt var til forfalla áður skipið hjelt af stað. Ella gjaldi maður það far fullu verði, er hann áskildi sjer, þótt hann geti ekki farið.

175. gr.

Slitið er farsamningi farþega þegar skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða nokkura aðra tálmun ber að, þá er ræðir um í 164. gr., og á þar hvorugur aðila bótakröfur á annan. Ef för var hafin, er farþegi þó skyldur til að greiða gjald fyrir þann hluta leiðar, sem farinn var, og fer um það eftir fyrirmælum 165. gr.

176. gr.

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um reglu og góða háttsemi á skipi. Ákvæði 86. gr. taka og til þeirra.

177. gr.

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um skaðabætur fyrir týnt góss eða skemt, nær og til ábyrgðar á því góssi, sem farþegar hafa með sjer og fengið er skipstjóra í hendur eða þeim manni, sem settur er til að veita viðtöku góssi manna.

178. gr.

Heimilt er skipstjóra að halda góssi farþega til þess er fargjald er greitt og andvirði þess, er farþegi hefur neytt á skipi á förinni. Skipstjóri á og auk þess sama rjett á þessu góssi sem 160.—162. gr. veita honum á annari vöru, þeirri sem ekki er greitt farmgjald fyrir.

## Sjöundi kapituli.

### Um sjólán (bodmeri).

179. gr.

Þá er skipstjóri tekur peninga að láni í nauð til framhalds för sinni eða til bjargar farminum eða til að koma honum áleiðis og leggur skipið að veði fyrir láninu, farmgjald eða farm, með þeim hætti, sem hjer verður sagt, þá á lánsali að eins aðgang að hinum veðlögðu fjemunum að lokinni för, en í þeim á hann sjóveðrjett eftir 11. kapítula þessara laga.

180. gr.

Sjólán má taka gegn veði í skipi, farmgjaldi og farmi eða einu þeirra eða fleiru, Ef tekið er lán til greiðslu kostnaði á farminum einum, má veðleggja hann sjerstaklega, en fyrir öðrum kostnaði má ekki leggja farm að veði, nema ásamt sje með skipi og farmgjaldi. Ef saman er veðlagt skip og farmur, er farmgjald og talið til veðsins, en ella að eins þar, sem það er sjerstaklega tekið til.

Nú er eitthvað af fjemunum þessum sjólánsveðlagt fyrir tilkostnaði, sem ekki snertir það veð sjálft, og lánsali leitar sjer lúkningar í veðinu, og getur þá eigandi veðsins aftur leitað sjer bóta fyrir missi sinn í þeim fjemunum, sem kostnaðurinn varð á, og á hann þá sömu heimild á þeim sem væri þeir sjólánsveð honum til handa.

181. gr.

Áður skipstjóri tekur sjólán, skal hann gera skýra grein fyrir þeim atvikum, sem neyddu hann til lántökunnar, og gera það með þeim hætti, sem 46. gr. ræðir um, ef hann má því við koma, en ella með yfirlýsingum konsúls, þar sem hann er, eða annara yfirvalda.

182. gr.

Þá er sjólán er tekið, skal um það gera brjef. Það er því að eins lögmætt sjólánsbrjef, að í því standi:

1. Nafnið sjólánsbrjef eða önnur orð, sem skýra frá, að samningurinn sje gerður um sjólán.
2. Nafn lánsala.
3. Stærð veðskuldarinnar (lánsfje og tilgjöf).
4. Skilgreining hinna veðbundnu hluta.
5. Nafn skipsins.
6. Tilgreining fararinnar, sem lán er fengið til (sjólánsför).
7. Nafn skipstjóra undirritað og tiltekinn staður og dagur.

183. gr.

Gera skal af sjólánsbrjefi fleiri eintök en eitt, ef lánsali vill; öll skulu eintökin vera samhljóða og taka til hversu mörg eintök gerð voru.

Nú er sjólánsbrjef framselt, og heftir það ekki andmæli gegn því, að lögmæt skilyrði sjeu fyrir sjólánstöku.

184. gr.

Sjótjónsframlög skulu greidd af hinum sjólánsveðlögðu fjemunum án þess að sjólánsveðskuldin minki við það; en vinnist fjemunirnir við það ekki til fullrar greiðslu á veðskuldinni, skal sjólánssali bera hallann.

185. gr.

Skyldur er skipstjóri að annast um varðveislu og björgun hinna veðlögðu eigna. Ekki skal hann nema í ítrustu nauðsyn hafast neitt það að, sem stofnað geti þeim í annan nje meiri háska en þann, sem lánsali gat búist við eftir veðbrjefinu. Verði skipstjóra á í því, ábyrgist hann skaða þann, er af hlýtst.

Nú breytir hann að nauðsynjalausu för sinni, þeirri sem sjólánsveðbrjefið til tók, og án þess að gagnsmunir lánsala krefjist þess, eða hann víkur af venjulegri leið og ekki til að bjarga mönnum í sjávarháska, eða hann stofnar hinum veðlögðu fjemunum í nýja hættu eftir það er förinni var lokið, og reynist þeir eftir það ónógir til lúkningar sjólánsskuldinni, og ábyrgist skipstjóri þá það, sem á skortir, nema það sannist, að skaði hefði þó á orðið, þótt skipstjóri hefði gætt als þess, er honum var skylt.

186. gr.

Sje ekki annað tilskilið, skal gjalda sjólánsskuld á þeim stað, þar sem sú sjólánsför er á enda eftir samningnum og er gjalddagi sjöunda daginn eftir það er skipið kom þangað, og án frestdaga.

Ef för endar áður skipið kom á ætlunarstað þann, sem sjólánsveðbrjefið til tekur, þá skal gjalddagi vera á láninu sjöunda daginn frá því er för var lokið, og greiðast á þeim stað, þar sem henni lauk. Skylt er skipstjóra að skýra lánsala þegar frá breytingu þeirri, sem á er orðin. Nú voru önnur efni til breytingarinnar en þau, sem getið er í 164. og 165. gr., og getur þá lánsali krafist bóta fyrir þann kostnað, sem hann hafði af breytingunni.

187. gr.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga, og fæst ekki greiðsla á, og er þá skuldareiganda heimilt að krefjast vaxta, 6 af hndr. á ári bæði af innstæðu og tilgjöf.

Ef tilgjöf var ákveðin eftir tímalengd, skal tími aðeins talinn til gjalddaga.

188. gr.

Þegar gjalddagi er kominn, má krefja skuldarinnar, eftir einu eintaki af sjólánsbrjefinu, gegn því, að selja það eintak af hendi með áritaðri kvittun. Nú segja til sín fleiri handhafar en einn, og krefjast þeir greiðslu, og skal þá engum þeirra greiða, en skipstjóri skal fela greiðslufjeð í trygga varðveislu og skýra frá því rjettum aðilum.

Ekki má skipstjóri greiða þá skuld fyrir gjalddaga, nema fram komi öll eintök sjólánsbrjefsins.

189. gr.

Nú er kominn gjalddagi á sjóláni, og er veðbrjefið þá ekki á þeim stað, þar sem greiða skal veðskuldina (sbr. 186. gr.), og er þá skipstjóra heimilt að fela skuldafjeð í örugga varðveislu, og leysa með því veðið. Nú felur skipstjóri fjeð til varðveislu, og er hann þá skyldur til að skýra lánsala frá því tafarlaust.

190. gr.

Þegar skipið er komið á ætlunarstað sinn, þann sem sjólánsveðbrjefið nefnir til, eða þegar fullráðið er, að förin skuli enda á öðrum stað, getur kröfuhafi látið leggja löghald á hina veðlögðu eign, þótt skuldin sje þá ekki komin í gjalddaga. Ekki er þörf að reka löghaldsmál til staðfestingar haldinu, en ónýtt skal það löghald ávalt 8 dögum eftir gjalddaga.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga og er þá ekki greidd, og er þá kröfuhafa þegar heimilt að láta gera fjárnám í veðfjenu, án dóms og laga, til lúkningar skuld sinni og selja veðið því næst á opinberu uppboði. Þegar ætla má, að veðlagður farmur spillist ef hann er geymdur lengi, má beiðast úrskurðar fógeta um það, að halda skuli uppboðið sem fyrst. Þó má ekki boða það með skemri fyrirvara en eins dags. Nú er sjólánsveðbrjefinu mótmælt við fjárnámsgjörðina og talið fals í, eða mótmælt lögmæti kröfunnar, eða annar maður telst hafa lögmætara tilkall til veðsins, og getur þá dómarinn synjað um fjárnámsgjörðina, nema skuldheimtumaður fái trygging fyrir.

191. gr.

Ef hætt var við sjólánsförina áður af stað væri farið, er lánið þegar komið í gjalddaga á þeim stað, er farið skyldi frá, og greiði þá lánþegi 5 af hndr. á ári í vöxtu af höfuðstólnum og 3 af hndr. í ómakslaun í stað tilgjafar. Nú ljet skip út, og skal þá greiða hina áskildu tilgjöf þó förin sje síðan gefin upp.

## Áttundi kapituli.

### Um sjótjón.

192. gr.

Til sameiginlegs sjótjóns (groshavari) teljast hver þau spjöll, sem gerð eru með vilja á skipi eða farmi með þeirri fyrirætlan, að bjarga hvorutveggja úr yfirvofandi háska, svo og sjerhvað, sem lagt er í sölurnar með þeirri fyrirætlan, svo og skaði sá og kostnaður, sem var samfara slíkum viðbúnaði eða

leiddi beinlínis af honum. Sameiginlegu sjótjóni skal jafna niður á skip, farmgjald og farm að rjettu hlutfalli við verðmæti þeirra, og sje það ákveðið eftir fyrirmælum 212.—217. gr.

193. gr.

Þetta skal einkanlega bæta sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss og skipsbúnað allan, sem varpað er fyrir borð til að ljetta skip í sjávarháska eða til að forðast fjandmenn eða sjóræningja, svo og góss og búnað þann, er skolast útbyrðis við það að út er varpað, svo og annað það tjón, sem af því leiddi að varpað var út, eða af þeim viðbúnaði, sem hafa þurfti til þess.
2. Siglu, segl eða annan reiða, sem höggvinn er, akkeri og festi, sem laust er látið, svo og það tjón, sem af því leiðir, að af var höggvið eða laust látið, ef það var lagt í sölurnar til bjargar bæði skipi og farmi úr háska, svo sem að forða skipbroti eða árekstri.
3. Tjón, sem verður á skipi eða farmi við það að verjast eldshættu eða slökkva eld, til að ná vatni í dælurnar eða veita braut ágjöf.
4. Það, sem kostað var til að fá hjálp í háska til að bjarga bæði skipi og farmi frá voða, svo og það tjón, sem skip eða farmur sætir af þeim skipum, sem kvödd voru hjálpar.
5. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að skipinu er hleypt með vilja á grynningar til að forða báðum við meira tjóni, og þó einungis að því leyti, sem kalla má, að slíkt væri lagt í sölurnar.
6. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að ná skipi af grynningum, og sjá borgið skipi og farmi, svo og þann kostnað, sem af því verður. Nú verður för ekki haldið áfram af því skipið næst ekki af grynningum, eða af því að það hefur verið dæmt óbætandi, og er þá talinn með sameiginlegu sjótjóni sá einn skaði, sem orðinn var á áður augljóst yrði, að förinni varð ekki haldið áfram og kostnaður sá, sem þá var á kominn.
7. Kostnaður, sem á því varð að leita hafnar í neyð til bjargar skipi og farmi, svo sem þá er skip varð ósjófært á leið, eða því og farminum er búinn auðsær háski af því ófriður sje hafinn eða af óvæntum ísum, ef förinni væri haldið áfram.

Kostnaður sá, sem af þessu leiðir og telja ber til sameiginlegs sjótjóns, er þetta einkanlega: Hafnsögugjald, vitagjald, merkjagjald og hafnargjald, svo og annar kostnaður á dvöl skips í neyðarhöfn; kostnaður á affermingu farms, geymslu, fermingu aftur og búlkun, ef affermt var til að koma skipinu í lægi, eða afferma varð af sömu sökum og þeim, sem knúðu skipið til að leita hafnar, svo og fæðispeningar og mánaðarkaup skipstjóra og skipshafnar þann tíma, sem skipið hlýtur að liggja í neyðarhöfn af þeim sökum, sem knúðu það til að leita þangað, og þó einungis að svo miklu leyti sem ekki mátti spara sjer kostnað með því að leysa skipverja úr vist. Nú lengist dvöl skips í neyðarhöfn af öðrum sökum, svo sem þá er ís meinar að halda för áfram eða veðurfar, eða aðgerð skips dvelst að nauðsynjalausu, og skal þá ekki telja með sameiginlegu sjótjóni fæði og mánaðarkaup þann tíma, sem dvölin lengist af þeim sökum. Nú er förinni lokið í neyðarhöfninni, og skal þá til sameiginlegs

sjótjóns talinn kostnaðurinn að eins til þess tíma að fastráðið var, að förin skyldi enda þar.

Ekki skal telja til sameiginlegs sjótjóns skaða af rýrnun, leka íláta, eða skemdum á farmi, sem urðu við dvöl skipsins í neyðarhöfninni, nje heldur kostnað á því, að verjast þess háttar sköðum. Skemdir, sem verða á farmi við ferming eða afferming í neyðarhöfn, skulu einungis þá taldar með sameiginlegu sjótjóni, þegar þær stafa af því, að ferming eða afferming varð að fara fram á uppskipunarbátum eða með óvenjulegu móti.

Ekki er talinn heldur til sameiginlegs sjótjóns hin sjerstaki kostnaður í neyðarhöfn, sem verður við það, að farmurinn er sjálfur háskagóss.

Nú er bilun bætt til bráðabirgða í neyðarhöfn og hún telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, og skal þó endurgjalda þann kostnað, svo sem sameiginlegt sjótjón, ef komist varð við það hjá öðrum kostnaði, sem annars hlaut að verða og talist hefði með sameiginlegu sjótjóni.

8. Tjón það og skemdir, sem á farmi verða við það, að tekið er til hans í nauð til framkvæmdar förinni eða til bjargar skipi og farmi á annan hátt, svo og tjón og skemdir, sem urðu á skipsbúnaði við það að grípa til þess í nauð til einhvers annars en það var ætlað til frá upphafi.

Það, sem eytt er af kolabirgðum gufuskips og vjelanauðsynjum til þess að ná skipinu af grynningum og við dælingu, þá er skipið er lekt orðið, skal alt bæta sem sameiginlegt sjótjón, svo og það, sem eytt er til að flytja skipið, afferma það eða ferma á ný í neyðarhöfn, þá er kostnaður sá telst til sameiginlegs sjótjóns, en hitt skal ekki bæta, sem varið er til að leita inn til neyðarhafnar og láta aftur út þaðan, eða á annan veg er varið vegna lengingar fararinnar, þótt hún hafi leitt af sameiginlegu sjótjóni.

9. Tjón, sem með vilja er gert skipi eða farmi til að greiða fyrir vörn gegn fjandmönnum eða sjóræningjum, svo og tjón, sem beðið var meðan á vörninni stóð, hergögn öll, sem varið var til hennar, svo og góss og peningar, sem varið er til bjargar eða lausnar skipi og farmi.

10. Kostnaður á lækningu, hjúkrun og fæði þann tíma, sem dvelst lækning þeirra skipverja, sem mein hlutu af vörn móti óvinum eða sjóræningjum eða við framkvæmdir viðbúnaðar til að bjarga skipi og farmi, greftrunarkostnaður látinna manna og kostnaðarauki sá, sem verður við það, að ráða verður aðra menn í stað hinna særðu og dauðu.

11. Farmgjald, sem missist við sameiginlegt sjótjón.

12. Kostnaður og tjón, sem hlautst af því að afla nægra peninga til að greiða með úr sameiginlegu sjótjóni, einkanlega ómakslaun, vextir og ábyrgðargjöld greiddra peninga, tilgjöf við neyðarlán, ef nauðsyn var á sjóláni, svo og tjón það, sem hlýtst af verðfalli vöru, sem seld er í neyðarhöln til greiðslu á sjótjóninu.

13. Ómakslaun umboðsmanns, sem ráðinn var til framkvæmdar viðskiftum þeim, sem sjótjónið krafði.

14. Kostnaður, sem leiddi af sjóferðaskýrslu, skoðunargerð, álits- og matsgerð, svo og af að afla sannana, sem við þarf til að finna hvert sjótjónið var og hve því skal jafna niður, svo og sá reiknings- og niðurjöfnunarkostnaður.

194. gr.

Ekki skal telja með sameiginlegu sjótjóni þann skaða, sem verður af slysum meðan framkvæmdur er sá viðbúnaður, sem hafður er til bjargar skipi og farmi, jafnvel þótt það forði sameiginlegu sjótjóni; ekki þann skaða heldur, sem af hendingu eða óbeinlínis snertir slíkan viðbúnað.

Því skal ekki bæta sem sameiginlegt sjótjón stöng, sem vindur braut, meðan verið var að höggva siglu, þótt brotið verði til þess að ekki þarf að höggva sigluna; ekki heldur skemdir á skipi og farmi, af stormi, eldi, þjófnaði eða öðru, sem að ber meðan skipið dvaldi í neyðarhöfn; ekki heldur fjártjón, sem stafar af því, að farmi varð ekki skilað í tæka tíð sakir sjótjónsins; ekki heldur aukin iðgjöld vátryggingar á skipinu nje tjón af því, að skipið misti væntanlegs farmgjalds sakir dvalar, sem sjótjónið olli.

195. gr.

Þetta er ekki bætt sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss, sem látið er á skip án vitundar skipstjóra, svo og peningar, verðbrjef og dýrgripir, ef þeir voru ekki nægilega skilgreindir eftir fyrirmælum 148. gr.
2. Farmur á þilfari, þótt varpað sje útbyrðis, nje tjón á slíkum farmi, sem varð við það, að út var rutt, eða við annan viðbúnað, sem hafður var í sjávarháska, til bjargar skipi og farmi, nema varpað sje út til ljettis skipi, eftir að það kom á grynningar.

   Með farmi á þiljum er ekki talið það góss eitt, sem hlaðið er á opið þilfar eða í báta skips, eða haft utan borðs, en til þess farms telst einnig það gós, sem hlaðið er í þau þakskýli á þilfari, sem ekki eru feld inn í rangakerfi skips, eða veita nægilega trygging með öðru móti fyrir því, að sjór skaði þar ekki góss nje taki út.
3. Skemdir, sem við slíkan viðbúnað sem getið var, verða á skipsmunum, sem lágu á þilfari og voru þar ekki á sínum stað.
4. Skemdir af ofsiglingu (til að knýja skipið), þótt það sje gert til að forðast skipbrot, fjandmenn eða sjóræningja; tjón á seglum eða á kötlum gufuskips og vjel, nema skemdin verði við tilraun til að ná skipinu af grynningum; svo og skemdir á skipsdælum, þá er ausa verður skipið.
5. Tjón, sem hlýtst af því, að sigla er höggvin, sigluviðir eða önnur áhöld, sem brotnað hafa áður við einkasjótjón, þótt nauðsyn beri til að höggva þau þá, til að forðast háska, sem skipi var búinn og farmi.
6. Tjón á farmi, sem kviknað hefur í af sjálfu sjer, eða hiti er í og tjónið verður við það, að honum er varpað útbyrðis, eða steypt er á hann vatni eða aðrar tilraunir gerðar til að slökkva í honum, svo og tjón af eldi, hvernig sem hann kemur upp í skipi, og þær skemdir, sem við slíka athöfn verða á þeim hluta farmsins, sem eldur hafði gripið.
7. Kostnaður, sem leiðir af því, að skip varð að leita neyðarhafnar sakir skorts á vistabirgðum eður fararnauðsynjum eða vegna ístálmunar eða annars, sem veðurátta var sök í.

196. gr.

Jafna skal niður sjótjónsbyrðinni fyrir því, þótt einstakur maður sje

sök í þeim háska, sem tjóninu olli, en ekki getur sá maður krafist bóta fyrir missi þann, sem hann varð fyrir sjálfur. Ef skipstjóri er sök í háskanum eða annar sá maður, sem útgerðarmenn ábyrgjast eftir 13. gr., eiga þeir og ekki bætur fyrir skaða sinn.

Nú hefur skipstjóra, eða öðrum þeim manni á skipinu, sem eftir stöðu sinni gekk í stað skipstjóra, yfirsjest, er meta skyldi, hversu háskanum var háttað eða hversu verjast skyldi honum, og heftir það þá ekki niðurjöfnun sjótjónsins; en ekki getur útgerðarmaður þá heimtað sjer bættan þann skaða, sem hann beið, nema yfirsjónina megi telja afsakanlega, svo sem efni voru til.

Sá, sem missir rjett sinn til bóta af þessum sökum eða varð að greiða sjótjónsframlag sakir yfirsjónar annars manns, getur heimtað bætur af þeim, sem ábyrgð hefur á yfirsjóninni.

197. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt það, sem lagt var í sölurnar, yrði ekki að því gagni, sem ætlað var.

198. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt lagt sje í sölurnar skipið alt eða farmurinn allur, nje heldur það, þótt eftir slysið sje einungis bjargað einhverju af öðru hvoru einu saman, skipi eða farmi.

199. gr.

Þá er eitthvað verður að leggja í sölurnar, er skipstjóra skylt að annast um, að skaðinn verði ekki meiri en vera þurfti. Ef varpað er fyrir borð af farmi eða skipsmunum, skal varpa ef unt er fyrst því, sem þyngst er og verðminst, fremur en hinu, sem ljettara er og dýrara.

Ef skipstjóri hefur ófyrirsynju gert skaðann meiri en þörf krafði, skal um það farið eftir fyrirmælum 196. gr.

200. gr.

Skylt er skipstjóra, ef atvik leyfa, að kalla til ráðs við sig þá menn, sem best skyn bera á og reyndastir eru af skipverjum, áður hann aðhafist nokkuð það, sem valda megi niðurjöfnun sjótjóns. Skipstjóri skal rita skýrslu um þetta svo fljótt sem hann má í leiðarbókina, eða rita það á annað, ef engin er leiðarbók, svo það megi bera fram þegar sjóferðaskýrsla er gefin. Í skýrslunni skulu til greind öll atvik, sem máli geta skift við mat og niðurjöfnun sjótjónsins, og einkanlega hver nauðsyn bar til að leggja það í sölurnar, sem gert var, og svo nákvæma skrá sem við má koma yfir það, sem í sölurnar var lagt, eða þá skýrt með öðru móti frá viðtæki tjónsins.

201. gr.

Tjón á skipi og skipsbúnaði skulu meta skynbærir menn og til þess skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr. og á þeim stað, þar sem skip er bætt, ef það er gert á förinni, en ella á endastað farar.

Það skal til tekið um hverja einstaka skemd, hve mikið muni kosta að

bæta, og þurfi nýrra muna við í stað hinna spiltu, þá skal hvorttveggja til greina, hve dýrir verði hinir nýju og hvers virði sje hinir spiltu.

Skemd öll af elli, hrörnun og öðru því um líku skal greind frá hinni, sem af sjótjóninu stafar, og metin sjer.

202. gr.

Þá er kveða skal á um sameiginlegt sjótjón á skipi og skipsbúnaði, hve mikið var, skal farið eftir hve mikils tjónið var metið, ef skemdin er ekki bætt, og svo ef tjónið var minna en kostnaður reyndist á aðgerðinni, en farið skal eftir aðgerðarkostnaði, ef hann varð minni.

203. gr.

Þá er endurgjalda skal skemdir á járnskipi, skal bæta að fullu skemdir á skrokki skipsins, siglum og siglubúnaði af járni, ef skipið hefur ekki gengið 5 ár á sjó þá er sjótjónið bar að, og sje talið frá því, er skipið ljet út í hina fyrstu för sína. Nú bar slysið að eftir þessi 5 ár en áður skipið hafði verið í förum í 10 ár, og skal þá dreginn af $^1/_6$ hlutur fyrir verðmun á hinu gamla og nýja og $^1/_3$ hlutur ef skipið hefur lengur verið í förum. Skemd á gufuvjel skal bæta að fullu, ef vjelin hefur ekki starfað 3 ár þá er slysið bar að; ef það varð síðar og þó áður vjelin hafði starfað 6 ár, skal dreginn af $^1/_6$ hlutur og $^1/_3$ hlutur ef lengur var. Skemdir á siglu og siglubúnaði af trje svo og á reiða þeim, sem uppi er, skulu bættar að fullu, ef skipið hefur ekki verið eitt ár í förum og annar skaði, ef það hefur ekki verið missiri; beri tjónið síðar að, skal draga af $^1/_3$ hlut; þó skal bæta akkeri fullu, og af akkerisfesti skal draga einungis $^1/_6$ hlut.

Ef skipið er trjeskip, skal bæta að fullu skemdir á skrokki þess, ef það hefur ekki gengið 2 ár á sjó þá er slysið bar að; ef það varð síðar, skal draga af $^1/_3$ hlut fyrir verðmun á gömlu og nýju. Aðrar skemdir skulu bættar svo sem fyr segir um járnskipin.

Af skaðabótafje því, sem svo er ákveðið, skal draga verð þeirra hluta, sem nýju voru bættir, eftir því, sem verð þeirra var gert í matsgerðinni, eða, ef á uppboði er selt, andvirðið að frádregnum kostnaði.

Ef leggja skal á skipið nýja málmhúð, skal svo meta skaðabætur, að draga skal málmvirði hinnar fornu húðar af kostnaði þeim, sem á því verður að leggja á nýja húð úr sama efni og jafnþunga hinni fornu húð, þá er hún var ný, og skal þá bæta afganginn, og sje þó af dreginn $^1/_{60}$ hlutur, ef húðin var úr eir eða látúni (yellowmetal) og $^1/_{30}$ ef hún var úr sinki eða öðrum málmi, fyrir hvern fullan mánuð, og sje talinn þrítugnættur, sem liðinn er frá því, er sú húð var á lögð, er bæta skal annari nýrri. Ef eirhúð eða látúns hefur verið meira en 5 ár í sjó eða húð af öðrum málmi meira en 2 ár og hálft, skal þær engu bæta.

204. gr.

Nú hefur skip farist með öllu við sameiginlegt sjótjón, eða laskast svo mjög, að það er dæmt óbætandi, og skal þá bæta það því verði, sem ætla má, að sannvirði þess væri þá er það fórst, og sje dreginn af verðinu ágóðinn af því, sem kann að hafa orðið bjargað.

205. gr.

Bætur fyrir góss, sem ferst við sameiginlegt sjótjón, skulu metnar eftir gangverði samkyns vöru á ætlunarstað skipsins við komu þess þangað, og komist það sem eftir er af farmi skipsins ekki á ætlunarstað, skal metið eftir verðinu á þeim stað, þar sem endir var gerður á förinni, og skal þó af dregið farmgjald, tollur og annar kostnaður, sem eiganda sparast við það, að varan komst ekki á ætlunarstað hennar.

Verð vörunnar skal ákveðið með lögmæltu mati, ef ekki er kostur að fá vitneskju um verð hennar með öðru móti.

Ef varan var seld í neyðarhöfn, má ávalt heimta bætur fyrir hana, að minsta kosti sem því verði nemur, sem hún var seld fyrir.

206. gr.

Ef farmur spillist við sameiginlegt sjótjón, skulu ákveðnar svo miklar bætur fyrir hann, sem verðmuninum nemur á hinni óspiltu vöru og hinni spiltu, og skal verð hinnar óspiltu vöru talið eftir því, sem mælt er í næstu grein hjer á undan, og dregið svo sem þar segir af verði hinnar spiltu vöru. Verð hinnar spiltu vöru skal meta eftir sölu hennar að kostnaði frádregnum, ef hún var seld áður sjótjónsreikningi var lokið, ella skal verðið ákveðið með lögmæltu mati.

207. gr.

Nú hafa vörur týnst eða spilst við sameiginlegt sjótjón og hafa þegar áður rýrnað að verðmæti við einkasjótjón, spilst af sjálfu sjer eða með öðru móti, eður og vörur spillast við sameiginlegt sjótjón og rýrnuðu síðan enn meira að verði við atburði, sem snertu ekki sjótjónið, og skal þá hvorttveggja rýrnunin dregin frá skaðabótunum, eða það fje, sem rýrnununum nemur. Afdráttarfjeð skal ákveðið með lögmæltu mati og skal þar einkanlega miðað við það tjón, sem aðrar vörur samkynja eða svipaðar hafa orðið fyrir við sömu atburði og af sömu sökum, en skemdust ekki við sjótjónið.

208. gr.

Við sameiginlegt sjótjón greiðast engar bætur fyrir vörur, sem ekki fylgir farmbrjef og ekki eru heldur fullnægjandi skýrslur um, að á skip kæmi, hvorki í farmskrá nje gósstökubók eða annarstaðar.

Bæta skal klæðnað og fararnauðsynjar skipstjóra, skipshafnar og farþega, ef það vitnast, að mist sje við sjótjónið.

209. gr.

Nú farast vörur við sameiginlegt sjótjón eða þær eru seldar í neyðarhöfn til að greiða með sjótjónskostnað, og skal þá endurgjalda farmgjald fyrir þær vörur og gera þær bætur á sjótjónsreikningi jafnar því fje, sem greiða hefði átt undir þær, ef þær hefði verið í skipinu til ætlunarstaðar þeirra eða þangað, sem förin endar, ef ekki var farið alla leið. Af hinu mista farmgjaldi skal draga þann sjerstaka kostnað, sem kynni að hafa sparast útgerðarmanni við það, að vörunni var varið öðru til bjargar eða hún var seld.

210. gr.

Nú verða skemdir á einhverjum munum við sameiginlegt sjótjón og þeir ónýtast síðan eða skemmast við einkasjótjón, og falla þá niður bótakröfur að öllu eða nokkru fyrir þá muni, ef ætla má með vissu, að tjónið hefði að nokkru eða öllu hlotist af einkasjótjóninu síðar, þótt sameiginlega sjótjónið hefði ekki borið að.

Svo falla og niður eða lækka sjótjónsbætur, þegar ætla má með vissu, að munir þeir, sem fórust við sameiginlegt sjótjón, hefðu ónýtst eða spilst við einkasjótjón síðar, ef þeir hefðu verið þá enn á skipinu.

211. gr.

Nú hljótast skemdir sumpart af sameiginlegu sjótjóni og sumpart af einkasjótjóni eða kostnaður verður sameiginlegur þeim báðum, og skal þá skifta skemdum og kostnaði milli þeirra eftir sanngjörnu mati.

212. gr.

Skip tekur hlut í sameiginlegu sjótjóni eftir:

1. Því verði, sem skynbærir menn skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr., meta það til við komu þess á þann stað, þar sem förin er á enda, og
2. því fje, sem í sjótjónsreikningnum er gert í bætur fyrir skemdir á skipi, og þó einungis að því leyti, sem þær skemdir eru þá ekki bættar.

Ef gerðar hafa verið umbætur á skipi eftir það er sameiginlegt sjótjón bar að, eða ef gert hefur verið að skemdum, sem ekki urðu við sjótjónið, þá skal draga af matsverði skipsins svo mikið, sem virðingarverð umbótanna eða viðgerðarinnar nam.

213. gr.

Farmurinn tekur hlut í sameiginlegu sjótjóni eftir:

1. Verðmæti þeirrar vöru, sem á skipinu var þegar sjótjónið bar að og er óskert við enda farar, og skal verðmætið ákveðið eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.,
2. því fje, sem gert er í bætur fyrir góss, sem lagt var í sölur eða spiltist við sjótjónið á förinni, og
3. því skaðabótafje, sem farmeigandi fær af útgerðarmanni fyrir vörur, sem farist hafa eða skemst á ferðinni, eða seldar voru til þurftar skipinu, sbr. 154. gr.

214. gr.

Farmgjaldið tekur hlut í sameiginlegu sjótjóni eftir helmingi:

1. Þess farmgjalds, sem reynist við enda farar að aflast hefur, og
2. skaðabóta þeirra, sem gerðar eru í sjótjónsreikningnum fyrir mist farmgjald.

Ef ekki er tilskilið neitt ákveðið farmgjald, skal það talið eftir fyrirmælum 155. gr.

215. gr.

Ef farmgjald er greitt fyrir fram, þann veg, að það skuli ekki endur-

greiða, þótt ekki verði unnið til neins farmgjalds sökum slysa, þá eru útgerðarmenn ekki skyldir til að taka þátt í sameiginlegu sjótjóni að því er nemur því fje.

216. gr.

Af því framlöguskyldu fje, sem ákveðið er eftir fyrirmælum 212.—215. gr., skal draga bæði framlög til þess sameiginlega sjótjóns, sem síðar varð á ferðinni, svo og kostnað, sem á kann að hafa fallið við björgun eða verndun hinna framlöguskyldu fjemuna, ef sá kostnaður skal ekki endurgoldinn sem sameiginlegt sjótjón.

217. gr.

Þetta er undanþegið bótaframlögum við sameiginlegt sjótjón:

1. Vistir, kol og aðrar vjelanauðsynjar og hernaðargögn,
2. kaup skipstjóra og skipshafnar, og
3. klæðnaður og fararnauðsynjar allra manna á skipinu og það, sem þeir bera á sjer.

Nú voru munir þeir einhverjir lagðir í sölurnar við sameiginlegt sjótjón, sem taldir voru til 3. liðar, eða þeir spiltust, og skal þá eigandi taka þátt í niðurjöfnun tjónsins með því fje, sem hann fjekk í bætur fyrir þessa muni í skaðabótareikningnum.

218. gr.

Fullnaðarmat og niðurjöfnun skaðans, sem varð við sameiginlegt sjótjón, fer fram á þeim stað, þar sem skip og farmur skilja, og eftir því, sem á þeim stað eru lög.

Úrslitareikninga sjótjóns annast hjer á landi 2 menn kvaddir til þess af hlutaðeigandi dómara fyrir rjetti. Dómstólarnir dæma ágreining um rjettmæti sjótjónsreikninga.

219. gr.

Skylt er skipstjóra að annast um alt, er þörf krefur til þess að sjótjónsniðurjöfnunin geti farið fram, og má ekki dvelja það að nauðsynjalausu.

Hver sá, sem sjótjónið snertir, er skyldur til að sínu leyti að láta í tje allar skýrslur þær og sönnunargögn, sem hinir dómkvöddu niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf.

220. gr.

Nú koma síðar fram fjemunir þeir, er talið var við niðurjöfnunina, að farist hefðu við sameiginlegt sjótjón, eða sá, sem tjóni olli, bætir síðan eitthvað af þeim skaða, sem talin var til sjótjóns, og skal þá gera breyting með aukaniðurjöfnun á allri niðurjöfnun sjótjónsins. En ekki má fresta úrslitagerð sjótjóns af þeim sökum einum, að líkindi gætu verið á að fá aftur fjemuni, sem lagðir voru í sölurnar, eða skaða bættan, sem á varð.

221. gr.

Sjótjónsframlag ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim munum einum, en ekki sem sjálfskuld.

222. gr.

Skip, sem framlöguskylt er til sjótjónsbóta, má ekki fara af þeim stað, þar sem skip og farmur skildu, og góss, sem er í ábyrgð fyrir slíkum framlögum, má ekki fá í hendur eiganda, áður sjótjónsframlög sje greidd eða trygging fengin fyrir framlögunum, ef þau eru þá ekki ákveðin.

223. gr.

Nú verður á skipi eða góssi tjón eða kostnaður, sem stafar af óhappi á för, og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, eða skipað er fyrir um með sjerstökum ákvæðum, að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sjótjón (sbr. síðara lið 166. gr.), og skal það þá sem einkasjótjón (partikulært havari) koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms, og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fjemuni, sem kostnaðarins nutu, og skal þar þá farið svo sem verða má eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður á björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því, sem greitt er af góssinu, sem bjargað varð.

Dómkvaddir menn (sbr. 218. gr.) framkvæma úrslitareikning og niðurjöfnun einkasjótjóns, ef þess krefst einhver sá, sem þar á hlut að máli.

## Níundi kapituli.

### Um tjón af árekstri.

224. gr.

Konungur gefur fyrirskipanir um það, hvers gætt skal á skipi til að forðast árekstur.

225. gr.

Þá er tjón varð af því á skipi eða farmi, að skip rákust á og annað þeirra var eitt saman sök í árekstrinum, þá bætir hið seka skaða þann allan, er af hlautst.

Nú eru bæði skipin sek, og skal þá dómur ákveða, hvort annað skipið skal greiða skaðabætur og hve miklar, eða hvort skipin skulu hvort sjer hafa skaða sinn óbættan, og skal það metið með hliðsjón á því, hversu þeim yfirsjónum var háttað, sem á urðu fyrir hvorum aðila um sig.

Þá er meta skal sök hvors skips, þá skal dómandi einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

226. gr.

Ef árekstur inn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki, að aðilar sjeu sök í því hvorugur, hefur hvortveggja óbætt það, er hlaut.

227. gr.

Skaðabætur þær, sem greiða skal eftir 225. gr., ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi ef sá nokkur var valdur að árekstrinum, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

228. gr.

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að hafa sitt skip í háska, skipshöfn þess og farþega, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstur-inn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, sem björg veitti, að segja hinum til nafns á skipi sínu og heimkynnis þess, og úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

Nú leiðir skipstjóri hjá sjer að nauðsynjalausu að hlýða fyrirmælum þessum, og skal þá telja hann sekan í árekstrinum, nema annað sannist.

## Tíundi kapítuli.

### Um björgunarlaun.

229. gr.

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefur eða er statt í nauð, eða farmi þess, eða nokkru af því skipi eða farmi þess, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um, hve mikil skuli vera björgunarlaunin, og sker þá dómur úr; þó sker stjórnarráðið úr ef andvirði þess, sem bjargað var, er ekki meira en 500 krónur.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðs-maður hans.

230. gr.

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt einkanlega:

1. Háskans, sem það var í statt, sem borgið var; hvort skipverjar höfðu skilist við skipið; hvort þeir áttu hlut í björguninni, eða hvort stutt var að björg-uninni í heild sinni með tækjum hins nauðstadda skips;
2. háska þess, sem björgunarmönnum og eigu þeirra var stofnað í, og þess tjóns, sem þeir hafa beðið á heilsu eða fjemunum;
3. hagvirkni þeirrar og atorku, sem unnið var með að björguninni, og tíma og áreynslu, sem til hennar var varið;
4. tölu björgunarmanna og tilkostnaðar og verðmætis björgunartækja þeirra;
5. verðmætis þess, sem borgið var.

231. gr.

Ekki má gera björgunarlaun hærri vanalega en þriðja hluta verðmætis þess, sem borgið var, og sje þó af dreginn tollur og önnur opinber gjöld, svo og kostnaður af geymslu, virðingargerð og sölu. Nú er verðmætið lítið og björgunin var mjög hættuleg eða óvenjulega erfið, og má þá hækka björgunarlaunin.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að færa góssið, sem borgið var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru við björgunina.

232. gr.

Nú hafa skipstjóri, útgerðarmaður eða farmeigandi gert samning um björgunarlaun meðan háskinn var á, og á þá heimilt sá, sem greiða skal björgunarlaunin, að skjóta því til dómsúrskurðar, hve mikil launin skuli vera; gera skal hann það, áður 3 mánuðir sjeu liðnir frá því samningurinn var gerður, og getur dómari fært niður hin tilskildu björgunarlaun, ef þau fara að mun fram úr því, sem hæfilegt sýnist. Nú var samningurinn á þá leið, að láta skuli gera um bjarglaunin eða útkljá um þau á annan líkan hátt, og bindur sá samningur ekki þá menn, sem greiða skulu launin, ef þeir segja honum sundur áður mánuður sje liðinn frá því er hann var gerr.

233. gr.

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og þar gætt atvika þeirra, sem 230. gr. tilgreinir; þó sker stjórnarráðið úr að fenginni yfirlýsingu lögreglustjóra ef upphæð þess, sem bjargaðist, fer ekki fram úr 500 krónum, og sömuleiðis ef meiri hluti bjargenda hefur samið svo um.

Nú hefur skip bjargað einhverju á sjó, og skal þá af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, ef gufuskip bjargaði, en helming, ef það var seglskip, en á öðru fjenu skulu vera helmingaskifti milli skipstjóra og skipshafnar, og skal skifta milli hennar að rjettu hlutfalli við kaup manna á skipinu. Nú var tilskilið, að skipstjóri eða skipshöfn skyldu hafa minni hlut í launanum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ómætur, nema skipið sje einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert tiltekið björgunarstarf.

234. gr.

Rjett er, að björgunarmenn mótmæli því, að skip, sem bjargað var, eða góss sje fært á burt þaðan áður þeim sje greidd að fullu björgunarlaunin eða trygging er til fengin fyrir greiðslu þeirra.

## Ellefti kapituli.

### Um sjóveðrjett og fyrning á sjókröfum.

235. gr.

Þær kröfur, sem kröfuhafi á sjóveðrjett fyrir eftir þessum kapítula (sjókröfur), eiga forgangsrjett að veðinu næst eftir opinber gjöld, sem á veðinu hvíla, en ganga fyrir öllum skuldum öðrum.

236. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrjett í skipi og farmgjaldi:

1. Hafnsögumannskaup, björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur skipstjóra og skipshafnar til kaups og annara þóknana, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins.
3. Kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnaður, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223.), sjólánskröfur, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vöru, sem seld var í þágu skips á för.
4. Kröfur, til orðnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefur gengið í vegna stöðu sinnar, eða til orðnar við vanefndir á samningum, sem útgerðarmaður gerði sjálfur, eða fjekk öðrum umboð til, og skipstjóra skylda var að annast efndir á, sbr. 12. gr., svo og skaðabótakröfur fyrir tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi þeirra manna, sem ráðnir eru til þess að vinna í skipsins þarfir við skyldustörf þeirra, sbr. 13. gr.; og enn kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir það, sem hann hefur greitt sjálfur til lúkningar kostnaði í skipsins þágu, eða ábyrgst greiðslu á.

Sjóveðrjettur í skipi nær og til skipsbúnaðar, og telst ekki til hans vistabirgðir, eldiviður, kol nje aðrar vjelarnauðsynjar; sjóveðrjettur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald fyrir þá för, sem krafan stafar af. Sjóveðrjettur fyrir sjólánskröfum nær til skips eða farmgjalds eða hvorstveggja, eftir því sem sjólánsbrjefið til tekur, sbr. 180. gr.

237. gr.

Kröfum þeim, sem taldar eru í 236. gr,, skal fullnægja eftir þeirri röð, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar á sömu för. Kröfur taldar í sama tölulið, eru jafnrjettháar sín á milli, og þó svo, að stafi kröfurnar í 1. og 3. lið ekki af sama slysinu, gengur yngri krafan fyrir eldri.

Nú stafa kröfurnar af ýmsum förum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari för stafar, fyrir hverri kröfu af eldri förum; þó heldur skipstjóri og skipshöfn forgangsrjetti sínum til skipsins fyrir svo miklu af inneign sinni eftir síðasta ráðningarsamningi, sem nemur í mesta lagi kaupi 12 síðustu mánaða, þótt skipið hafi farið fleiri en eina för á þeim tíma.

238. gr.

Nú ferst skip eða laskast, eða farmgjaldsmissir verður að nokkru eða öllu og með þeim atvikum, að útgerðarmaður á bótakröfu að þeim, er skaða olli, eða hann á þær eftir ákvæðum um sameiginlegt sjótjón, og á þá sá kröfueigandi, sem sjóveðrjett á í skipi eða farmgjaldi, einnig sama rjett í skaðabótafjenu. En ekki skulu þær bætur, sem ábyrgðarsali skal greiða fyrir skip eða farmgjald, koma í stað hins vátrygða veðs.

239. gr.

Þá er skip er selt á nauðungaruppboði, fellur niður sjóveðrjettur í því skipi, en veðhafi á þá í stað þess veðrjett í kaupverði skipsins, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Svo skal og vera, ef skip er selt eftir að það var dæmt á lögmætan hátt óbætandi. Nú verða önnur og sjálfráð eigandaskifti að skipinu, og eiga þá kröfur þær, sem nefndar eru í 236. gr., eftir sem áður veðrjett í því skipi.

240. gr.

Nú fellur sjóveðrjettur niður við það, að bótafje, söluverð eða farmgjald, sem sjókrafa er trygð með, er greitt af hendi til útgerðarmanns, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fje hrekkur, sem hann tók við, ef hann var þar ekki í sjálfskuld áður. Á sama hátt ábyrgist hann gagnvart þeim, sem sjóveðrjett eiga í farmgjaldi, venjulegt farmgjald af góssi, sem hann hefur sjálfur látið í skip.

Nú er þetta fje, sem nefnt var, greitt þrotabúi útgerðarmanns, og skal því þá varið til að fullnægja þeim kröfueigendum, sem sjóveðrjett áttu í fjenu.

241. gr.

Nú verður skip við frjálst afsal eign manns, sem ekki getur átt íslenskt skip, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim sjóveðsrjettarkröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfskuldarmaður, þótt hann ábyrgðist þær áður að eins með skipi og farmgjaldi. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum þá er það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins.

242. gr.

Nú hefur útgerðarmaður greitt út til fullnægingar sjóveðrjettarkröfu alt það, er hann var skyldur til eftir 240. og 241. gr., og það kemur síðan fram, að önnur krafa átti þar forgangsrjett, og er þá útgerðarmaður ekki skyldur til meiri greiðslu, ef hann vissi ekki af þessari kröfu þá er hann greiddi hitt áður. Þó ná þessi ákvæði ekki til þeirrar greiðslu, sem útgerðarmaður innir af hendi til fullnægingar kröfum, sem hann ábyrgðist sem sjálfskuld.

Nú hefur kröfueigandi fengið með þessum hætti fje, sem öðrum bar að rjettu, og ábyrgist þá sá, sem fjeð tók, þeim manni kröfu hans, en þó ekki lengra en það fje hrökkur, sem hann tók við, og því að eins, að hann vissi af þeirri kröfu þá er hann tók við fjenu.

243. gr.

Þó eigandi leigi öðrum manni skip til siglinga á hans kostnað, breytir það í engu þeim rjetti, sem sjóveðhafi á eftir þessum kapítula til aðgangs að skipinu.

244. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrjett í farmi:

1. Björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur um framlög farms til sameiginlegs sjótjóns, eða til kostnaðar, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.); sjólán, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vörur, sem seldar voru í þágu annara farmeiganda.
3. Kröfur, sem undir eru komnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefur gengið í fyrir hönd farmeiganda vegna stöðu sinnar, svo og kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir fje, sem hann hefur sjálfur greitt eða tekið ábyrgð á til lúkningar kostnaði á farmi.
4. Kröfur fyrir farmgjald, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og dvalir þær, sem meiri verða við ferming og afferming.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær nú voru taldar í. Kröfur í sama lið eru jafnrjettháar og þó því að eins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama slysi; ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

245. gr.

Sjóveðrjettur í farmi fellur niður þá er varan er seld í hendur sendanda eða viðtakanda. Svo er og ef varan er seld á nauðungaruppboði eða skipstjóri seldi hana á för í þarfir skips eða farms, en í stað þess á kröfueigandi veðrjett í söluverðinu, meðan það er ekki látið af hendi.

246. gr.

Um rjett sjóveðhafa til að leita sjer fullnægingar í skaðabótafje því, sem ógoldið er fyrir skemdir eða tjón á farmi, svo og skaðabótafje, sem farminum ber eftir ákvæðunum um sameiginlegt sjótjón, skal fara líkt því, sem fyrir er mælt í 238. gr. um sjóveð í skipi. Bótafje, sem ábyrgðarsali skal greiða, skal ekki heldur koma hjer í stað veðsins.

247. gr.

Nú hefur farmeigandi veitt viðtöku nokkrum hluta sölufjár eða bótafjár, sem sjóveðhafi á rjett til að leita sjer fullnægingar í eftir 245. og 246. gr., og ábyrgist þá farmeigandi honum sjóveðrjettarkröfu hans sem sjálfskuldarmaður, eftir sömu fyrirmælum, sem mælt er um útgerðarmann í 240. og 242. gr.

Ákvæðin í 2. lið 240. gr. koma og til greina á sama hátt, þá er fjeð var greitt þrotabúi farmeiganda.

248. gr.

Nú lætur skipstjóri selja af hendi án samþykkis kröfueiganda vöru, sem sjókrafa á veðrjett í, og ábyrgist þá skipstjóri fullnæging á kröfunni, svo og viðtakandi, ef hann vissi af veðrjettinum þá er varan var látin af hendi við hann. Nú sannast það, að farmurinn var ónógur til fullnægingar kröf-

unni, þá er hann var látinn af hendi, og nær þá ábyrgðin ekki lengra en verðmæti farmsins hrökkur til.

249. gr.

Ef eigandi sjókröfu á fleiri sjóveðrjetti en einn fyrir kröfu sinni, á hann heimilt að ganga að hverju veðinu sem vill fyrir allri kröfu sinni.

Nú hefur hann leitað sjer í einu veðinu lúkningar á meira fje, en koma mundi á það veð að rjettu hlutfalli, og getur þá sá eigandi, sem skaða bíður, svo og sá sjóveðhafi, sem veð sitt fjekk svo rýrt, að ekki hrökkur til lúkningar, gengið að hinum öðrum veðum með sömu heimild, sem sá kröfueigandi átti, er leitaði sjer lúkningar í veði því, sem getið var, og gengið að veðinu til lúkningar jafnmiklu fje, sem hitt var, er greitt var um of af eign hans eða veði.

Nú er sami eigandi að öllum hinum veðbundnu hlutum og einhver kröfueigandi á sjerstakan sjóveðrjett í einum þeirra, og annar maður hefur leitað sjer lúkningar í því veði, og er þá þeim manni, sem sjerstaka veðrjettinn á, heimilt að ganga að hinum öðrum veðum til lúkningar öllum þeim hluta skuldarinnar, sem hann fjekk ekki greiddan af veði sínu, sakir þess að það var skert; en ef það var ekki skert meira en koma skyldi á veð hans að rjettu hlutfalli, þá skal hann þoka fyrir öðrum mönnum, sem trygging kunna að eiga í þeim fjemunum.

250. gr.

Sjálfráður er kröfueigandi að höfða mál hvort er hann vill á hönd útgerðarmanni eða skipstjóra til fullnægingar á sjókröfu, sem veð er fyrir í skipi eða farmgjaldi. Ef kröfueigandi, annar en útgerðarmaður eða skipstjóri, á sjóveðrjett í góssi, þá má lögsækja skipstjóra.

251. gr.

Nú eru kröfur, sem eiganda er heimilt eftir þessum lögum að leita sjer fullnægingar á í þeim munum einum, sem hann á sjóveðrjett í, og fyrnast þá þær kröfur hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðara lið 166. gr. og 2. lið 223. gr.), fyrnast áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagerðar sjótjónsins.

Kröfur til skaðabóta á glötuðum eða skemdum farmi fyrnast áður ár sje liðið frá því er affermt var.

Kröfur til allra skaðabóta annara fyrnast áður tvö ár sje liðin frá því er tjónið bar að.

Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur fyrnast áður ár sje liðið frá því er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfueigandi auk þess rjett á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir einhverjum af þessum kröfum, sem nefndar voru, og taka þá hin almennu fyrningarákvæði laga til þessa rjettar hans.

252. gr.

Sjóveðrjettur sá, sem 2. tölul. 236. gr. heimilar skipstjóra og skipshöfn,

fellur niður, ef honum er ekki fylgt með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá þeim degi, er starfstíma þeirra lauk. Nú á skuldheimtumaður annars eftir lögum þessum sjóveðrjett í skipi, farmgjaldi eða farmi til tryggingar einhverri þeirri kröfu, sem skuldunautur ábyrgist sem sjálfskuld, og fellur þá sjóveðrjettur hans niður eftir tímatakmörkum þeim, sem 251. gr. til tekur.

## Tólfti kapituli.

### Um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl.

253. gr.

Ef skipstjóri ræður til sín nokkurn þann mann, sem honum er kunnugt um, að annar maður hefur áður ráðið á annað skip, sætir hann alt að 200 kr. sektum.

254. gr.

Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eitt eintak af lögum þessum og af reglugerðum þeim og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann alt að 100 kr. sektum.

Sömu sektum varðar það, ef skipstjóri vanrækir þær skyldur, sem 76. gr. leggur á hann.

255. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr., sbr. 84. og 85. gr., um skráning í leiðarbók, og að geyma hana og sýna, sæta þeir 10 til 500 kr. sektum.

Nú hefur skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, skift um hana eða gert ólæsilega, og varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, nema þyngri refsing liggi við.

256. gr.

Nú er svo ástatt, sem ræðir um í 45. gr., og vanrækir skipstjóri að gefa skýrslur þær, sem þar er boðið, og varðar það þá 10 til 500 kr. sektum.

257. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 2. lið 52. gr. eða í 106. gr., eða refsar skipverja án lögmætra saka, eða svo, að hann hefur ekki þá aðferð, sem boðin er í 108. gr., eða leggur á harðari refsing en 107. gr. heimilar, þá varðar það sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að almennum lögum.

Dragi skipstjóri lögboðið fæði af skipverjum, eða beiti við þá óþarfa hörku, skal hann sæta 10 til 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

258. gr.

Nú fremur skipstjóri launflutninga eða annað athæfi ólöglegt og skaðar með því útgerðarmann, farmeigendur, ábyrgðarsala eða aðra, sem þessi lög skylda skipstjóra til að vera á verði fyrir að annast hagsmuni þeirra, og varðar það þá sektum eða fangelsi, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Ef skipstjóri flytur án leyfis útgerðarmanns vöru, sem stofnar skipi eða farmi í háska eða áhættu, varðar það og 25 til 500 kr. sektum eða fangelsi.

259. gr.

Ef skipstjóri skilur við skipið og hefur ekki sagt upp stöðu sinni í tæka tíð eða á rjettan hátt, þá sætir hann fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru. Ef hann skilur við skipið í sjávarháska og gætir ekki fyrirmæla 18. gr., eða ef svo er ástatt, að skipið komist við það í augljósa hættu, getur refsingin orðið betrunarhúsvinna.

260. gr.

Nú leggur skipstjóri út skipi án þess sjerstök atvik knýi hann til og stofnar með því öllum, sem á eru í bersýnilegan lífsháska, sakir þess hve skipið er gallað að skrokki, vjel eða útbúnaði, eða er svo ofhlaðið eða óhæfilega, eða svo illa skipað, að hann hlaut að sjá þetta fyrir, og sætir þá skipstjóri fangelsi eða sektum, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Vanræki skipstjóri að öðru þær skyldur, sem hann skal gegna eftir 31. gr., skal refsa honum með 10 til 500 kr. sektum.

Refsingum þeim, sem til eru teknar hjer á undan, skal einnig beitt við útgerðarmenn og aðra, sem ráða fyrir brautför skips fyrir þeirra hönd, þegar þeir einir eða með öðrum mönnum hafa ábyrgð á slíkum glæpum eða yfirsjónum.

Nú vanrækir farmsendandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglum þeim og fyrirskipunum, sem settar eru með tilskipun samkvæmt 31. gr. um ferming o. s. frv. á sprengiefnum, eldfimum og etandi hlutum, og skal honum þá refsað með þeirri hegning, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, ef hann hlaut að sjá það fyrir, að hann með atferli sínu stofnaði þeim, sem á skipi eru á förinni, í bersýnilegan lífsháska. Vanræki sendandi að öðru leyti þær skyldur, sem á honum hvíla samkvæmt greindum ákvæðum, skal refsa honum með þeirri hegningu, er ákveðin er í 2. lið greinarinnar.

261. gr.

Ef skipstjóri hefur orðið valdur að tjóni á sjó með ónytjungshætti, ofdrykkju eða öðru hirðuleysi um skyldur sínar, skal hann sæta fangelsi eða sektum, nema atferli hans sje svo háttað, að þyngri refsing liggi við.

262. gr.

Vanræki skipstjóri það, sem 228. gr. skyldar hann til að gera, ef skip rekast á, varðar það fangelsi eða sektum ekki minni en 100 kr.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 224. gr. um það, hvers gætt skal á skipi til þess að forðast árekstur, varða 5 til 200 kr. sektum.

263. gr.

Ef skipstjóri færist undan að taka við farmönnum á skip sitt, þá er svo er ástatt sem 39. gr. ræðir um, og hefur ekki lögmæta afsökun, sætir hann 15 til 500 kr. sektum.

264. gr.

Nú hefur skipstjóri orðið sekur eftir síðari lið 255. gr. eða eftir 257. gr. og eru miklar sakir til, eða eftir 2. málsgr. 259. gr. eða 1. lið 261. gr. eða 260. gr., og má þá auk refsingar dæma hann óhæfan til skipstjórnar. Ekki frestar áfrýjun til æðri dóms framkvæmd dómsins að þessu leyti; en ef sök skipstjóra ber undir 260. gr. og málið er tekið upp aftur, þá getur nýr dómur ónýtt hinn eldra dóm, og liði þó ekki skemri tími en ár milli dómanna og færi hann fram sönnur, sem mæla með því, að trúa megi honum fyrir heimild til að ráða fyrir skipi.

265. gr.

Ef maður kemur ekki í skiprúm sitt á til teknum tíma, sætir hann 5 til 200 kr. sekt. Sömu sekt varðar það, ef maður ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, sem hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi.

266. gr.

Ef maður strýkur úr skiprúmi, varðar það 14 daga til 3 mánaða einföldu fangelsi. Ef skipverjar strjúka saman fleiri eða höfðu samtök um að strjúka, skal lengja fangelsisvistina eftir atvikum, eða þeir látnir sæta fangelsi við vatn og brauð.

Nú strýkur skipshöfn eða meiri hluti hennar, eða högum var svo háttað þá er menn struku, að strokumenn hlutu að sjá það fyrir, að skipið kæmist við það í háska, og getur það þá varðað fangelsi við vatn og brauð alt að því, sem það verður mest, eða betrunarhúsvinnu alt að einu ári.

Ef strokumaður hverfur aftur til skips að sjálfs síns vild áður skipið lætur út frá þeim stað, sem hann strauk frá, má færa sekt hans niður, svo að hún verði frá 10 til 100 kr., og sje málsbætur að öðru leyti.

267. gr.

Nú strýkur maður með kaup sitt, sem hann hefur enn eigi unnið fyrir, og skal honum þá hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann hafði tekið við skipsstörfum sínum eða ekki, nema málavextir geri það sennilegt, að það væri ekki ásetningur hans að draga undir sig kaup það, sem honum var greitt en hann var ekki búinn að vinna fyrir.

268. gr.

Nú er maður fjarstaddur er skip lætur úr höfn eða er burtu lengur en sólarhring, eða sólarhring lengur en honum var lofað, og er hann þá stroku-

maður, nema ætla megi af atvikum, að það væri ekki tilgangur hans að skjótast undan skipsstörfum sínum.

269. gr.

Nú fer maður frá skipi, og er skipið í háska statt, og gætir hann ekki fyrirmæla 2. liðs 83. gr. eða þess, sem góður sjómaður er skyldur til að gæta, og varðar það þá sektum eða einföldu fangelsi.

270. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi eftir 92. gr. og það reynist við skoðunargerðina, að engin sennileg rök voru til að telja skipið ósjófært, og varðar þeim mönnum það 25 til 500 kr. sektum eða fangelsi.

271. gr.

Nú rís farmaður upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, og beitir þó ekki ofbeldi eða ógnar með því, og sætir hann þá 10 til 500 kr. sektum eða einföldu fangelsi, eða fangelsi við vatn og brauð, ef miklar sakir eru.

Nú var skipið í höfn eða við festar í tryggu læi, og skoraðist farmaður þá undan hlýðni við skipstjóra eða þann mann, sem var í hans stað, og það reynist, að orsökin að óhlýðni farmanns var sú, að skipstjóri eða staðgöngumaður hans vildu meina farmanni að fara frá skipi til að kæra við rjett yfirvald atferli skipstjóra eða ásigkomulag skipsins, og geta þá sektir fallið niður, ef málsbætur voru að öðru leyti.

272. gr.

Ef nokkur skipverji ræðst á skipstjóra á skipi eða landi með ofbeldi eða ógnunum um ofbeldi, varðar það fangelsi, nema atferli skipverja væri svo háttað, að meiri refsing lægi við, eða sektum, ef málsbætur eru, einkanlega ef skipstjóri var sjálfur sök í árásinni með óhæfilegu atferli sínu.

Nú verður skipstjóri eða annar yfirmaður fyrir slíkum árásum þá er þeir eru að skyldustörfum sínum, eða á að þröngva honum til að vinna eitthvert starf, er að köllun hans lýtur, eða tálma honum frá að vinna það, eða var ráðist á þá, sakir þess, sem þeir gerðu eða ljetu ógert, og skal það þá varða hegningarvinnu alt að þremur árum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir atvikum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki skemra en 2 mánaða einföldu fangelsi.

273. gr.

Nú gerir skipshöfn eða nokkur hluti hennar samblástur til að ná skipstjórninni á vald sitt, eða það er gert til þess að þröngva skipstjóra eða þeim manni, sem stjórn hefur í hans stað, til þess að hafast eitthvað að sjerstaklega eða láta það ógert, eða samblástur var vakinn í þeim tilgangi, að menn hefðu í sameiningu með ofbeldi einhverja þá ráðstöfun, sem skipstjóri hafði gert um skylduverk sín, eða sá maður, sem því stjórnar í stað skipstjóra, og samblástursmenn hverfa ótilkvaddir aftur til hlýðni og reglu, eða af því skorað var á þá, og hvorki hefur verið unnið ofbeldisverk á mönnum nje munum, og varð-

ar það þá forgöngumenn eða foringja samblástursins fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, og skal þá ekki refsað öðrum mönnum.

Nú hverfa uppreistarmenn ekki þann veg aftur til hlýðni og góðrar háttsemi, heldur þrjóskast þeir við skipunum skipstjóra, eða þess manns, sem skipar til í hans stað, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar samblásturs, ef ekkert ofbeldi var framið, sæta fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, og aðrir samsærismenn fangelsi. Ef samsærið varð þá, er svo stóð á, sem ráð er fyrir gert í 2. lið 271. gr., getur refsingin orðið vægari, og þó ekki minni fyrir forgangsmennina en fangelsi.

Nú var ofbeldi framið á mönnum eða munum, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar sæta hegningarvinnu alt að 6 árum, ef verknaðinum var ekki svo farið, að þyngri refsing varði, en aðrir samsærismenn sæti fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum.

274. gr.

Verði farmaður valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, sætir hann sömu refsingu sem skipstjóra var gerð í 261. gr. Verði stýrimanni það eða vjelarstjóra, þá má, með sömu afleiðingum og fyrir er mælt í 264. gr., úrskurða þá með dómi óhæfa til starfa síns og óheimila þeim þann starfa.

275. gr.

Ef einhver skipverja hefur góss með sjer án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af því góssi, varðar það 10 til 200 kr. sektum eða fangelsi.

276. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðru móti en áður er sagt, eða raskað góðri háttsemi og reglu, og varðar hann það þá 5 til 200 kr. sektum.

277. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 107. gr. og verður mál höfðað um það á hendur honum, og skulu dómendur þá kveða á um sekt hans með rjettmætri hliðsjón á hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

278. gr.

Ákvæði 253.—264. gr. taka og til þess manns, sem gegnir starfi skipstjóra í forföllum hans.

279. gr.

Yfirsjónir þær, sem um er rætt í 253. gr., í fyrri lið 257. gr., í 258. gr., í fyrri málsgrein 259. gr., í 265., 266., 269., 270., 271., 275. og 276. gr., skulu ekki sæta opinberri málshöfðun, nema sá krefjist, sem misboðið var, skipstjóri eða

útgerðarmaður. Mál, sem ekki varða meira en sektum, svo og mál, sem koma undir fyrri málsgrein 259. gr., 266. og 270. gr., skal fara með sem opinber lögreglumál; en komi til þess, að dæmd geti orðið á hendur manni betrunarhúsvinna eftir 266. gr. eða fangelsi við vatn og brauð, þá skal skipa talsmann sakborningi, ef hann æskir þess þá er hann er spurður.

280. gr.

Sektir, sem dæmdar eru á hendur mönnum eftir þessum kapítula, renna í landssjóð og ef sektir eru ekki greiddar, sæti menn fangelsisvist eftir almennum fyrirmælum um afplánun sekta í öðrum málum en sakamálum.

Þar sem fyrirskipuð er fangelsisrefsing í þessum kapítula, skal farið eftir ákvæði 26. gr. hinna almennu hegningarlaga.

## Þrettándi kapituli.

### Um hvenær lög þessi öðlast gildi og um afnám eldri lagaákvæða.

281. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirfarandi lagaákvæði:
10. og 25. kap. farmannalaga Jónsbókar,
26. gr. rjettarbótar 1314,
5. kap. 4. bókar dönsku laga Kristjáns 5.,
tilsk. 28. des. 1792 um kröfur farmanna í þrotabúum,
tilsk. 19. des. 1794 um respondentiabrjef,
tilsk. 3. febr. 1836 I um skyldu skipstjóra til að flytja menn á alþjóðakostnað,
lög nr. 2, 14. jan. 1876 um skipströnd, 7. og 8. gr, nema síðasti partur 8. gr.,
lög nr. 25, 9. des. 1889 um varúðarreglur til að forðast ásiglingar,
farmannalög nr. 13, 22. mars 1890,
lög nr. 31, 13. des. 1895 um skrásetning skipa, 1. gr.,
lög nr. 13, 9. sept. 1899 um dag- og næturbendingar, 2. gr.,
fátækralög 10. nóv. 1905, 23.—26. gr.,
lög nr. 20, 16. nóv. 1907 um veð í skipum,
og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

282. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Stjórnin lagði fyrir alþingi 1912 frumvarp til siglingalaga, sem komst ekki lengra en til fyrstu umræðu í efri deild, þar sem nefnd var sett í málið. Álit nefndar þeirrar er birt í þingskjali 240 og breytingartillögur hennar við stjórnarfrumvarpið í þingskjali 227 (Alþ.tíð. 1912, A, bls. 375 og 350). Þessar breytingartillögur þingnefndarinnar eru teknar til greina í lagafrumvarpi því, sem hjer liggur fyrir og að öðru leyti er ekki breytt frá stjórnarfrumvarpinu 1912, en að tillagan um sjerstaka ráðningarstjóra í 75. og 76. gr. er feld burtu, því nauðsyn telst ekki á að stofna hinar umræddu nýju ráðningarstjórastöður.

# Frumvarp til laga

um

## mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, sem hjer fara á eftir, þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

»Mannskaði« er það, ef maður deyr voveiflega.

»Voveiflegur dauðdagi« er bráður bani, er hlýst af einhverri annari orsök en undanförnum sjúkdómi, hvort heldur um slys er að ræða, eða sjálfsmorð, eða manndráp.

»Á landi« er talið að þeir farist, sem bíða bana á þurru landi, eða í ám, eða vötnum, eða sjó, ef þeir fara af sjávarbakka í sjóinn.

»Á sjó« er talið að þeir farist, sem deyja voveiflega á skipi, eða drukna af skipi á sjó.

»Skip« merkir hvern þann farkost, er flýtur á sjó.

»Skipstjóri« er sá, er ræður fyrir skipi á sjó.

»Löggæslumaður« er sá maður í hverri sveit, er samkvæmt þessum lögum á að rannsaka fundin lík, og dauðdaga þeirra, er deyja voveiflega.

»Sveit« merkir kaupstað eða hrepp.

2. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarfógeti vera löggæslumaður. Í hverjum þeim hreppi, þar sem sýslumaður býr, skal hann vera löggæslumaður; í öllum öðrum hreppum eru hreppstjórar löggæslumenn.

3. gr.

Ef maður deyr voveiflega á landi í annara manna viðurvist, þá skulu þeir tafarlaust tilkynna látið löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem maðurinn ljest, eða í þeirri fyrstu sveit, er þeir koma í, ef mannskaðinn varð í óbygðum. Bera þeir hver um sig ábyrgð á að tilkynningin sje tafarlaust gerð.

Ef lík finst, þá skal sá er finnur tilkynna næsta löggæslumanni líkfundinn.

Ef maður hverfur og er talinn af, en líkið finst ekki, þá skal húsráðandi á því heimili, er maðurinn hafði síðast næturvist, tilkynna löggæslumanni hvarfið jafnskjótt sem líkur eru til, að maðurinn hafi farist.

4. gr.

Ef mannskaði verður á sjó, þá skal skipstjóri, ef hann er á lífi, en ella sá, er í hans stað gengur, tilkynna mannskaðann löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem þeir komu fyrst að landi.

Ef skip ferst og kemst engin af, þá skal sá löggæslumaður, sem skráð hafði skipverja til vátryggingar, taka mannskaðann til rannsóknar. Nú voru skipverjar ekki vátrygðir, og heyrir þá rannsóknin undir löggæslumann í þeirri sveit, þar sem skipið átti heima.

5. gr.

Hver og einn, er fær vitneskju um að maður hafi dáið voveiflega eða lík fundist, og honum er kunnugt um að löggæslumanni hafi ekki verið tilkynt, skal skyldur að gera næsta löggæslumanni aðvart.

Ef læknir er beðinn um dánarvottorð, og finnur hann sönnur eða líkur fyrir því, að dauðdaginn hafi verið voveiflegur, eða líkið fundist, en löggæslumanni ekki skýrt frá því, þá skal hann synja dánarvottorðs að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart.

Ef prestur er beðinn að jarða lík, og veit hann eða grunar, að maðurinn muni hafa dáið voveiflega, eða líkið fundist, en löggæslumanni ekki tilkynt, þá skal hann neita að jarðsyngja að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart; má prestur aldrei jarðsyngja fundið lík, eða lík manns, er dáið hefir voveiflega, fyr en honum er afhentur úrskurður löggæslumanns, er heimilar greftrun, og dánarvottorð frá löggiltum lækni.

6. gr.

Lík, sem löggæslumanni ber að skoða, má ekki flytja úr þeirri sveit, þar sem líkið fanst, fyr en löggæslumaður veitir skriflegt leyfi til þess.

7. gr.

Ef löggæslumanni er tilkynt, eða honum færðar líkur fyrir því, að einhver hafi dáið voveiflega, eða lík hefir fundist, sbr. 3. gr., þá skal hann rannsaka, svo fljótt, sem verða má, hvernig dauðann hefir borið að höndum. Hann skal grenslast eftir því, hverjir hafi síðast sjeð hinn látna á lífi, eða verið viðstaddir, þegar hann ljet lífið, eða fundið líkið; skal hann þegar spyrja þá af þessum mönnum, sem til næst í svipinn, hvað þeir viti um hinn látna mann og dauðdaga hans.

Löggæslumaður skal ráða því, hvar líkið er geymt, og hvernig um það búið. Hann skal kveðja lækni með sjer, og skulu þeir báðir í senn skoða líkið og læknir því næst krýfja það, ef þörf gerist. Löggæslumaður ræður því, hvort líkið er krufið, en það skal hann jafnan fyrirskipa, ef nokkur minsti vafi getur leikið á því, hvað manninum hafi orðið að bana.

Hjeraðslæknar skulu hafa á hendi rjettarlæknisskoðanir á líkum, og að jafnaði sá, sem skemst er til. Ef ekki næst til neins þeirra með hægu móti, má löggæslumaður heimta til þessa starfa hvern þann löggiltan lækni, sem völ er á.

Þegar líkrannsókn er lokið, skal læknir, gefa út dánarvottorð, en löggæslumaður leyfi til að jarða líkið.

8. gr.

Hver löggæslumaður skal skrá alla mannskaða og líkfundi, sem hann fær vitneskju um og rannsakar, í sjerstaka bók, og skal hún heita mannskaðabók.

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal löggæslumaður semja mannskaðaskýrslu fyrir liðna árið og senda stjórnarráðinu. Þó skulu hreppstjórar senda hlutaðeigandi lögreglustjóra skýrslur sínar, en þeir semja svo aðalskýrslu fyrir lögsagnarumdæmi sitt og senda hana til stjórnarráðsins ásamt skýrslum hreppstjóranna.

10. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um rannsókn á mannsköðum og fundnum líkum, um mannskaðabækur og skýrslur.

Í þeim reglum skal meðal annars tiltaka, hvenær hreppstjórar, sem eru löggæslumenn, megi leiða rannsóknina til lykta, og hvenær þeim beri að fela málið á vald lögreglustjóra.

11. gr.

Landlæknir semur reglur og leiðbeiningar um rjettarlæknisskoðanir á líkum, um líkskurði og sjerstök dánarvottorð fyrir þá, er deyja voveiflega.

12. gr.

Brot gegn þessum lögum, eða reglum, sem settar eru eftir þeim, varða sektum, allt að 100 kr., nema hærri hegning sje við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð.

13. gr.

Kostnaður við rannsóknir samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði, sem kostnaður við lögreglumál.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landlæknirinn hefir vakið eftirtekt á því, að skýrslur þær, er prestar hingað til hafa gefið um mannlát af slysförum, sjeu talsvert skakkar, og skekkjan jafnaðarlega í þá átt að slysfaratalið sje of lagt. Ástæðan til þess að hin rjetta slysfaratala kemur ekki út mun aðallega vera sú, að ýmsir menn fara í fjarliggjandi veiðistöðvar til sjósókna, ýmist á opin skip, seglskip eða botnvörpunga, og drukna þar án þess líkin reki upp og sjeu greftruð. Presturinn þar sem hinir druknuðu áttu lögheimili, fær enga tilkynningu um þetta, og bókfærir því ekki þessa menn meðal dáinna og greftraðra, að minsta kosti ekki í öllum tilfellum. Presturinn þar sem skipið átti heima, telur þá heldur ekki, þar eð hann greftraði þá ekki, og þekti engin deili á þeim.

Til þess nú að koma fastara skipulagi á skýrslugerð um mannlát af slysförum eru í frumvarpi þessu, sem landlæknir hefir samið, í fyrsta lagi settar skýrar og ákveðnar reglur um skyldur manna til að tilkynna slysfarir á sjó og landi, og um að tilkynna fund á líkum.

Í öðru lagi er lagt til, að tilkynningar þessar skuli gerðar til hlutaðeigandi lögreglustjóra eða hreppstjóra, og eiga þeir að annast þessa skýrslugerð eftirleiðis.

Þá er lagt til í frumvarpinu, að rannsókn skuli ætíð fara fram um mannskaðann til þess að komast fyrir orsakir til slysfaranna, og til þess, þá er líkfinnfinnast, að komast fyrir dauðaorsökina.

Þarsem þetta verður að teljast mjög mikilsvarðandi, og þessu verður komið í kring án verulegs kostnaðar, hefir stjórnarráðið aðhylst frumvarp landlæknis með litlum orðabreytingum á stöku stað.

Að öðru leyti þykir nægja að vísa til hinna ítarlegu athugasemda landlæknis, sem prentaðar eru hjer á eftir sem fylgiskjal við frumvarpið.

**Fylgiskjal.**

Athugasemdir

landlæknis, við frumvarp til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Við 1. gr.

Um langan aldur hefir prestum verið gert að skyldu að semja ársskýrslur yfir þá, er dáið hafa »voveiflega«, en með því hefir verið átt við: a) sjálfsmorð, b) slysfarir, þar með talin morð. En þessar skýrslur hafa þeir samið eftir sögusögn þeirra, er beiðst hafa greftrunar á líkunum, án nokkurrar frekari rannsóknar.

Lög nr. 30, 11. júlí 1911, um dánarskýrslur, voru sett til þess eins, að útvega nýtilegt yfirlit yfir dauðamein manna.

Í þeim lögum eru alls engin sjerstök ákvæði um rannsókn á dauðdaga þeirra, sem deyja voveiflega; að vísu má ekki jarða lík þeirra, ef þeir deyja í kauptúni, sem er læknissetur, fyr en læknir hefir skoðað þau, og gefið dánarvottorð, en ekki er gert ráð fyrir neinni nánari rannsókn á þeim líkum, en öðrum líkum manna, sem enginn læknir hefir sjeð í banalegunni. Og utan þessara kauptúna fyrirskipa þessi lög enga rannsókn á líkum bráðdauðra manna.

Yfirleitt er hvergi í íslenskum lögum fullnægjandi fyrirmæli um rannsókn á dauðdaga þeirra, er hljóta bráðan bana, sbr. athugasemdir við 7. gr.

Í öllum öðrum siðuðum löndum er þetta alt á annan veg. Þar er alstaðar heimtað, að læknir skoði hvert lík í bæjum áður en það er jarðað, en líkskoðunarmenn í sveitum, og er það gert — 1) því til tryggingar, að enginn sje kviksettur — 2) til þess að fá vitneskju um dauðameinið — 3) til þess að varna glæpum (morðum). En hafi einhver dáið skyndilega, og sje það augljóst eða hugsanlegt, að dauðinn stafi af einhverri annari orsök en undanförnum sjúkdómi eða líkamsbilun, þá er alstaðar meðal annara þjóða heimtuð miklu nánari rannsókn á dauðdaganum, af löggæslumanni og lækni í sameiningu. Á þann hátt vitnast iðulega glæpir, sem ella mundu hafa dulist, og á þann hátt aflast nákvæm vitneskja um allar slysfarir og orsakir þeirra, og verður ljóst hvað vinna þarf til að varna þeim.

Hið rótgróna skeytingarleysi hjer á landi í þessum efnum veldur því, að við vitum ekki einu sinni með fullri vissu hversu margir látast af slysförum, höfum enga nána vitneskju um orsakir hinna afskaplega miklu mannskaða á sjó, og stöndum uppi ráðafáir og afskiftalitlir um þetta mikla manntjón, sem er þrefalt meira en í öðrum löndum. Það er og býsna eftirtektarvert hversu fá mannsmorð hafa vitnast hjer á landi, tiltölulega miklu færri, en í öðrum löndum, og maður getur ekki varist þeim grun, að það kunni að stafa af því, að þeir glæpir hafi leynst hjer miklu oftar en annarsstaðar, af því að rannsókn á dauðdaga þeirra, er deyja voveiflega, hefir verið svo stórum vanrækt.

Úr þessu eiga lögin að bæta.

»Voveiflegur dauðdagi« er hjer haft í sömu merkingu og í skýrslum presta, um slys, sjálfsmorð og morð. Dauðinn hlýst þá jafnan af einhverri annari orsök en undangengnum sjúkdómi, svo að segja ávalt af einhvers konar utan að komandi áverka, eða eitrun, og er það oft kallaður óeðlilegur dauðdagi, sbr. Nafnaskrá yfir dauðamein, 14. sept. 1911, nr. 35—50.

Þessi lög ná því eigi til þeirra, sem verða bráðkvaddir í annara manna viðurvist, án þess að þeir hafi orðið fyrir neinum áverka, og engar vitanlegar líkur til þess, að þeir hafi fengið eitur. En þau tilfelli eru allalgeng, og væri að vísu mjög æskilegt að heimtuð væri læknisskoðun á þeim líkum, jafnt utan kauptúna, sem nú í þeim kauptúnum, sem eru læknissetur. En við það verður líklega ekki átt í þessum lögum; það ætti fremur heima í dánarskýrslulögunum.

En að sjálfsögðu verða þessi lög að ná til allra líka, sem finnast að óvöru, því að vel getur verið um voveiflegan dauðdaga að ræða, þó að þess sjáist ekki merki utan á líkinu.

Það er talið nauðsynlegt að gera ljósan greinarmun á mannsköðum »á sjó« og »á landi«. Druknanir af skipum yfirgnæfa öll önnur slys hjer á landi. En meðal manntapa á sjó ber ekki að telja þá, sem hrapa af sjávarbakka í sjóinn. Orðaskýringarnar eiga að varna því.

Við 2. gr.

Í öðrum löndum er lögreglustjórum að jafnaði falið að rannsaka öll voveifleg mannslát. Í Englandi er þó þetta starf falið sjerstökum embættismanni, er nefnist »Coroner« og rannsókn hans »Coroners Inquest«.

Hjer á landi virðist óhjákvæmilegt, enda vel gerlegt, að fela þetta starf hreppstjórum í öllum þeim sveitum, þar sem enginn lögreglustjóri er búsettur (sýslumaður eða bæjarfógeti), sbr. þó 10. gr. Eins og þeir, sem hafa gát á aðkomuskipum til sóttvarna, eru nefndir »sóttgæslumenn«, hvort sem það eru bæjarfógetar eða sýslumenn, eða umboðsmenn þeirra, alt eins virðist hentugt að kalla þá, sem eiga að hafa lögboðnar gætur á mannsköðum og öllum fundnum líkum, einu nafni löggæslumenn.

Nú eru 197 hreppar og 5 kaupstaðir hjer á landi, og löggæslumennirnir verða því miklu fleiri en prestarnir, og því miklu hægra fyrir þá að athuga mannskaðana, enda er fullreynt að prestum er um megn að semja áreiðanlegar mannskaðaskýrslur.

Það kann að verða fundið til, að hjer sje hlaðið nýju og erfiðu starfi á lögreglustjóra og hreppstjóra. En því fer fjarri. Starfið er afarmikilsvert fyrir þjóðfjelagið, en það er ekki mikið að vöxtunum, ef vel er að gáð.

Árin 1901—1910 eru taldar 664 druknanir, 120 aðrar slysfarir, 83 sjálfsmorð og 2 manndráp, samtals 869 voveifleg mannslát, eða að meðaltali 87 á ári. Það er nú víst að þessi tala er of lág, því að prestum hefir sjest yfir allmargar druknanir. Er því rjett að gera ráð fyrir 100 voveiflegum mannslátum á ári að meðaltali. En þó að vinnan komi æði misjafnt niður á löggæslumennina, sem yrðu 202, þá er engu að síður augljóst, að hjer getur aldrei orðið um verulega fyrirhöfn að ræða fyrir neinn þeirra.

Við 3. gr.

Í þessari grein er ákveðið hverjum beri að tilkynna löggæslumanni, ef

einhver deyr voveiflega á landi eða lík finst. Öll þau ákvæði virðast vera ótvíræð.

Við 4. gr.

Það virðist augljóst að mannskaða á sjó ber að rannsaka þar sem skip kemur fyrst að landi, það er menn hefir mist, eða þeir af skipsmönnum, er borgið hefir verið, ef skipið hefir týnst.

Ef skip ferst og enginn kemst af, virðist sjálfsagt, að skiptapinn sje tekinn til rannsóknar í þeirri sveit, þar sem skipverjar hafa verið skrásettir til vátryggingar, samkvæmt lögum nr. 53, 30. júlí 1909, því að þar verður jafnan auðveldast að afla sjer vitneskju um skipið og mennina.

Nú fer hjer fjöldi smáskipa (báta) á sjó, án þess að skipverjar sjeu vátrygðir; eru þeir þá hvergi skráðir og er ekki vandalaust, að setja hentug ákvæði um það, hvar hefja skuli rannsókn, ef slík skip farast með öllum mönnum á. Þau skip fara oft langar leiðir, og stundum er jafnvel farið á þeim (vjelbátum) í langferðir landsfjórðunga í milli, og geta þau því farist langt frá heimkynni sínu. Líklegt þykir að venjulega muni þó auðveldast að rannsaka manntjónið og skiptapinn síst falla undan rannsókn, ef rannsóknin er þá ætluð löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem skipið átti heima.

Það er auðvitað, að lík druknaðra manna reka oft á land fjarri skrásetningarsveit skipverja eða heimasveit skipsins, og hljóta að koma til rannsóknar þar sem þau reka. Af þeirri ástæðu og ýmsum öðrum verður oft að vera samvinna milli löggæslumanna.

En öll nánari ákvæði um það og fleira, eiga fremur heima í reglugerð en í lögum, sbr. 10. gr.

Við 5. gr.

Öll ákvæði þessarar greinar eru því til frekari tryggingar, að engir voveiflegir dauðdagar verði látnir órannsakaðir.

Við 6. gr.

Það ber mjög oft við að menn deyja voveiflega fjarri heimkynni sínu, svo að líkin eru flutt langar leiðir til greftrunar. Fyrir því verður að banna líkflutning þar til nauðsynlegri rannsókn er lokið.

Við 7. gr.

Í ráðherrabrjefi 6. maí. 1848 og einkanlega í ráðherrabrjefi 4. júlí s. á. er að vísu fyrirskipað að lögreglustjóri skuli ásamt lækni skoða fundin lík.

En það er víst, að þó að sumir lögreglustjórar hafi rækt vel þessa skyldu, þá hefir hún miklu víðar verið vanrækt. Jeg hefi sjálfur verið hjeraðslækir í 11 ár og skoðað mörg fundin lík, en aldrei hefir lögreglustjóri skoðað þau með mjer. Og sama segja flestir aðrir læknar. Þetta má ekki svo til ganga; þegar lík er skoðað og búningur þess, getur margt borið fyrir sem lækni ber ekki að rannsaka, eða hann getur ekki rannsakað á löglegan hátt. Í nefndum brjefum er heldur ekki gert ráð fyrir að fundin lík sjeu skoðuð af lögreglustjóra og lækni, nema útlit sje fyrir að dauðinn hafi hlotist af áverka (udvortes Vold). Og ekki eru þar nein sjerstök ákvæði um krufningu (Obduktion). Af því hefir svo leitt — það er mjer fullkunnugt — að margir lögreglustjórar hafa ekki talið sjer skylt

og enda ekki heimilt að fyrirskipa líkskurð á líkum, sem finnast, nema því að eins að einhverjar óljósar og áþreifanlegar líkur sjeu fyrir því að maðurinn hafi verið myrtur. Þar við bætist, að alþýða manna hefir haft mikla óbeit á líkskurðum og ávalt verið afar auðtrúa á sjálfsmorð, en mjög vantrúa á morð. Það er eins og menn telji óhugsandi hjer á landi að morð geti átt sjer stað, svo að ekki sjáist utan á líkinu. Ef einhver finst dauður í fjörunni og þykir augljóst að hann muni hafa farið í sjóinn, þá er jafnan ályktað að hann muni hafa dottið eða fleygt sjer í sjóinn, en enginn læknir getur þó sjeð með vissu utan á sjóreknu líki hvort maðurinn hefir druknað eða verið fleygt dauðum í sjóinn. Ef lík finst hangandi í snöru, þá er jafnan talið óyggjandi að maðurinn hafi hengt sig — og þó er oft ókleyft fyrir lækni að sjá utan á því líki, hvort maðurinn hefir dáið í snörunni, — eða verið hengdur dauður í hana. Ef lík finst með skotsár og skotvopnið þar hjá, þá er talið fullvíst að maðurinn hafi sjálfur skotið sig, viljandi eða óviljandi, og ekki einu sinni haft fyrir að ná út kúlunni og sjá hvort hún kemur heim við vopnið. Ef lík finst og sjást engin merki um voveiflegan dauðdaga, þá er talið sjálfsagt að maðurinn hafi orðið bráðkvaddur, enda þótt enginn sje til vitnis um það, hvernig dauðinn atvikaðist. Landslög og almenningsálit hafa haldið höndum saman um þetta dæmalausa aðgæsluleysi, og kæft niður áhuga þeirra lögreglustjóra og lækna, sem hafa haft vilja á því, að skerpa eftirlitið.

En nú hafa nýlega gerst þeir viðburðir í höfuðstað landsins, að alþýða manna hefir eins og vaknað upp af hugsunarleysinu.

Virðist því tímabært að lögskipa strangari rannsókn á vafasömum mannslátum. Það er víst, að í öðrum löndum hafa lögskipaðir líkskurðir iðulega orðið til þess, að morð hafa vitnast, sem ella mundu hafa dulist.

Það er mjög algengt að menn deyja voveiflega (af slysum) að öðrum ásjáandi, og er þá oftast engin ástæða til að kryfja líkið. Allt öðru máli er að gegna, ef lík finst og enginn hefir verið sjónarvottur að dauða mannsins. Að rjettu lagi ætti ávalt að rannsaka þau lík til hlýtar, kryfja þau.

En ekki er það þó ávalt bein nauðsyn og þetta ætti að nægja, sem hjer er sett, að skylda lögreglustjóra yfirleitt til að fyrirskipa líkskurð, ef lík finst og nokkur minsti vafi er á því, hvað dauðanum hafi valdið. Ef hreppstjóri er löggæslumaður, og honum eða lækni virðist nauðsynlegt að kryfja líkið, ætti víst jafnan að skjóta því undir úrskurð lögreglustjóra, en fyrirmæli þar að lútandi ætla jeg að standi í reglum þeim, sem um getur í 10. gr.

Í sumum löndum, t. d. Svíþjóð, eru það lög, að kryfja skal lík allra sjálfsmorðingja, enda þótt alls enginn efi leiki á sjálfsmorðinu.

Þó að jeg hafi ekki sett það ákvæði í uppkast mitt, þá vil jeg engu að síður vekja athygli á því, að það væri mjög æskilegt. Hin barnalega óbeit almennings á krufningum mundi þá vafalaust aftra sumum frá að ráða sjer bana. Sjálfsmorð eru t. d. miklu fátíðari í Svíþjóð en í Danmörku.

Við 8.—10. gr.

Það virðist hentugast að hafa ekki í lögunum sjálfum nákvæm fyrirmæli um rannsóknarstarf og mannskaðaskýrslur löggæslumanna, heldur fela stjórnarráðinu að setja þar nánari reglur, svo að þeim sje hægt að breyta með vaxandi reynslu. Þar sem druknanir eru lang tíðastar og voðalegastar af öllum slysför-

um hjer á landi, þá er auðsætt, að setja þarf ítarlegar og nákvæmar reglur um rannsókn á þeim og orsökum þeirra, og láta flokka þær niður, eins og gert er annarsstaðar, eftir því hvort um er að kenna óviðráðanlegum ástæðum, ógætni eða vankunnáttu skipstjóra eða annara skipsmanna, illum útbúnaði, óhentugum skipakosti o. s. frv. Þessar skýrslur verða að sjálfsögðu að ganga til stjórnarráðsins, svo að unnið verði úr þeim þar eins og öðrum landshagsskýrslum.

Mestu varðar að allir mannskaðar sjeu rannsakaðir og skrásettir. Hitt skiftir litlu, þó að sumir kunni að verða skrásettir í tveim sveitum, því að í mannskaðaskýrslum ætti meðal annars að standa nafn, aldur og heimili hvers þess, sem látist hefir, og er þá auðfundið, þegar unnið er úr skýrslunum, ef einhver hefir verið tvískráður.

Það gæti komið til mála, að láta löggæslumenn tjá prestum þau mannslát, sem þeir skrásetja, ef líkin ekki finnast, og færi prestar í kirkjubækur og þaðan á dánarskýrslur þær, sem þeim nú ber að senda hjeraðslæknum.

En þetta virðist vera óþarfi og enda rjettast að láta presta hætta með öllu við sjerstakar skýrslur um »dána voveiflega«.

Þegar landlæknir fær dánarskýrslur presta frá hjeraðslæknum getur hann vel fengið mannskaðaskýrslurnar hjá stjórnarráðinu og tekið úr þeim það, sem vantar í hinar.

---

## Fylgiskjal.

### Brjef landlæknis til stjórnarráðsins um frumvarp til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Alstaðar í öðrum löndum eru hafðar mjög strangar gætur á mannsköðum og ítarlega rannsakaður dauðdagi allra þeirra, er deyja voveiflega; það er gert til þess að komast fyrir glæpi, og ennfremur til þess, að afla sjer sem ljósastrar vitneskju um orsakir slysfara, svo að ráða megi leita til að koma í veg fyrir þær.

Hjer á landi hefir þessi löggæsla verið herfilega vanrækt, og er þó hvergi eins mikil þörf á henni að því er slysförum viðvíkur.

Manndráp eru ótrúlega fátíð hjer á landi.

Samkvæmt dómasafni fyrir árin 1875—1907 og landshagsskýrslum fyrir árin 1908—1909, hafa á þessum 35 árum, 1875—1909, orðið uppvís 4 barnsmorð, 1 morð á fullorðinni manneskju og 2 manndráp, sem voru óviljaverk (voðaskot), samtals 7. En eftir því, sem gerst hefir í öðrum löndum, hefði mátt búast við 16—20 mannslátum af þessum ástæðum á jafnlöngum tíma.

Sjálfsmorð eru allalgeng og stórum að færast í vöxt, sem sjá má af þessum tölum:

| Sjálfsbanar á ári: | |
|---|---|
| Ár 1881—1890 | 5.2 |
| 1894—1900 | 6.6 |
| 1901—1905 | 5.0 |
| 1906 | 11 |
| 1907 | 12 |
| 1908 | 14 |
| 1909 | 6 |
| 1910 | 15 |

Fyrir árin 1906—1910 er útkoman á ári að meðaltali 11.6 og er það mjög mikil aukning.

Þó eru sjálfsmorð fult eins tíð í mörgum öðrum löndum, og sumstaðar miklu tíðari, og virðast alstaðar fara í vöxt.

Hinsvegar eru slysfarir afskaplega tíðar hjer á landi, um það bil þrefalt tíðari en í öðrum löndum, og stafar þetta mikla manntjón mest allt af druknunum á sjó. Jeg hefi nýlega rannsakað eftir föngum slysfarir á Íslandi í 30 ár, 1881—1910, og læt hjermeð fylgja ritgerð mína um það mál, »Mannskaðar á Íslandi. (Ágrip af fyrirlestri 8. apríl 1912)«.

Hingað til hafa prestar átt að skrásetja og senda skýrslur um alla þá, er deyja voveiflega, og hafa þessar skýrslur verið prentaðar í landshagsskýrslum.

Jeg hefi nú fundið fullar sannanir fyrir því, að þessar skýrslur presta eru skakkar og stundum svo mjög miklu nemur og ávalt á þá leið, að slysfaratalið verður of lágt. Þetta kemur til af því, að mjög margir drukna og finnast ekki líkin, eru ekki jörðuð; er eðlilegt að prestum sjáist iðulega yfir þau mannslát. Jeg hefi af handahófi rannsakað 3 ár, leitað uppi mannskaða í frjettaritum og árbókum, og fundið að skekkjan í skýrslum presta er mjög mikil. Frjettaritarar segja að 1887 hafi um hálft annað hundrað manns farið í sjóinn, en prestar telja ekki druknaða það ár nema 124. Í frjettum frá Íslandi 1897 er gerð grein fyrir því, að 137 hafi druknað það ár, en prestar telja þá ekki druknaða nema 125. Eftir skýrslum presta eiga 67 karlmenn að hafa druknað árið 1910, en í Almanaki Þjóðvinafjelagsins um árið 1912 er talið að 83 innlendir karlmenn hafi druknað 1910, og slysin öll dagsett; þar er líka sagt að 3 börn hafi druknað, en ekki nefnt hvort það voru drengir.

Jeg hefi skrifað biskupi landsins um þetta mál, og hefir hann tjáð mjer, að erfitt muni að kippa þessu í lag, og kveðst hafa ritað stjórnarráðinu um málið.

Það er nú augljós og brýn nauðsyn, að fá nákvæma vitneskju um alla þá mannskaða, sem verða á ári hverju, og orsakir þeirra.

En þá líka auðsætt, að prestum er ekki ætlandi að hafa þetta eftirlit á hendi, heldur verður að fela það lögreglustjórum og undirlögreglustjórum (hreppstjórum), eins og alstaðar viðgengst í öðrum löndum.

Mannskaðarnir hjer á landi eru svo geysilega miklir, að þeir baka þjóðinni stórtjón á hverju ári. En í ritgerð minni, sem fyr var nefnd, hefi jeg fært fullar líkur fyrir því, að þetta mikla manntjón muni ekki vera óviðráðanlegt, heldur muni mega draga úr því, svo að miklu nemi.

Hjer eru því tvö áríðandi og afarnauðsynleg verkefni fyrir hendi:

I. Það þarf að setja sem fyrst lög um árlegar og ítarlegar mannskaðaskýrslur, og nákvæma rannsókn á dauðdaga allra þeirra, er deyja voveiflega.

II. Það þarf að vinda bráðan bug að því, að rannsaka sjávarútveginn, safna nákvæmum skýrslum um skipakost, mannval, sjósókn og sjómensku í hverri veiðistöð á öllu landinu, og útvega vitneskju um það, hvar slysin hafi verið minst og hvar mest, og af hverju þau hafa helst hlotist. Að því búnu, þegar meinin eru fundin, þarf svo að taka til rækilegrar íhugunar, á hvern hátt vænlegast muni að ráða bót á þeim, koma í veg fyrir mannskaðana.

Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer að senda hinu háa stjórnarráði frumvarp til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Og jafnframt leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að stjórnarráðið hlutist til um, að alþingi skipi milliþinganefnd, til að rannsaka sjávarútveg, sjómensku og skipakost hjer á landi og orsakir til mannskaða á sjó, og skuli sú nefnd síðan láta uppi álit sitt á því, hvað gera þurfi og gera megi til þess, að draga úr manntjóni og skiptöpum.

Reykjavík, 5. febrúar 1913.

Virðingarfylst

**G. Björnsson,**
landlæknir.

---

# Frumvarp til laga

um

## verkfræðing landsins.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Verkfræðingur landsins skal skipaður af konungi og hefur hann, undir yfirstjórn stjórnarráðsins, á hendi forstöðu vegagjörða landssjóðs og umsjón með landssjóðsvegum og öðrum vegum landsins samkvæmt lögum þeim og öðrum á-

kvörðunum, er um þá eru sett eða sett kunna að verða, og auk þess forstöðu, umsjón eða undirbúning annara verklegra framkvæmda, stofnana eða fyrirtækja í þarfir hins opinbera, sem stjórnarráðið leggur fyrir hann að annast.

Laun hans eru ákveðin með launalögum.

2. gr.

Stjórnarráðið skipar verkfræðing til aðstoðar honum, en skrifstofukostnaður hans og laun aðstoðarverkfræðings eru ákveðin í fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Verkfræðingur landsins hefur í brjefi til stjórnarráðsins, dags. 5. febr. þ. á., farið fram á það, að landsverkfræðingsstaðan verði gjörð að konunglegu embætti og launin verði jafnframt hækkuð, þar sem störf þau er þessari stöðu fylgja sjeu nú orðin eins yfirgripsmikil eins og forstjóraembættanna fyrir öðrum aðalgreinum framkvæmdarstjórnarinnar, svo sem póstmálunum og símamálunum.

Síðan landsverkfræðingastaðan var stofnuð 1893 hafa störf þau, sem verkfræðingnum hafa verið falin, aukist mjög mikið, því bæði hefur verið varið vaxandi fjárhæðum til vegagjörðanna, sem hefir frá byrjun verið aðalstarf hans, og vegagjörðir og sjerstaklega brúargjörðir og undirbúningur undir þær hafa á síðari árum verið framkvæmdar af honum, sem erlendir verkfræðingar og verksmiðjur voru áður fengnar til að gjöra. Þetta hefur reynst bæði haganlegra og ódýrara. Fyrir utan vegagjörðirnar hafa störf verkfræðingsins aukist við það að stjórnarráðið hefur falið honum umsjón með og undirbúning undir aðrar verklegar framkvæmdir, svo sem mannvirki til varnar vatnságangi og nú síðastliðið ár umsjón með mælingum og rannsóknum til undirbúnings járubrautarlagningu austur í sýslur frá Reykjavík. Það er nauðsynlegt að framkvæmd slíkra mannvirkja og rannsóknir til undirbúnings þeirra sjeu gjörðar af mönnum eða undir umsjón manna, sem auk nauðsynlegrar sjerþekkingar hafa fengið verklega reynzlu hjer á landi og eru kunnugir staðháttum hjer. Eftir því sem verklegar framkvæmdir vaxa í landinu eykst þörfin á því að hafa fasta stofnun, er landsstjórnin geti leitað til í þeim efnum. Stjórnin verður nú að telja að til þess verði að gjöra landsverkfræðingsstarfið að föstu embætti svo launuðu, að sá, sem það hefir á hendi, geti gjört það að lífsstarfi sínu og freistist ekki til að fara frá því, strax og eitthvað annað býðst, og sú reynzla, sem hann hefir fengið í því, þannig fari forgörðum fyrir það opinbera. Það er tilætlunin með þessu lagafrumvarpi að gjöra verkfræðing landsins, með hjálp aðstoðarverkfræðings hans, að aðalráðanaut landsstjórnarinnar og hjálparmann við verklegar framkvæmdir í landinu, bæði við að undirbúa þær og koma þeim í verk. Það er gjört ráð fyrir því, að vegamál landsins, í víðasta skilningi verði eins og hingað til gjörð að aðalstarfi

hans undir yfirstjórn stjórnarráðsins, en jafnframt er ætlast til þess, að stjórnarráðið feli honum, eftir því sem því þykir þurfa og nýtt og nýtt bætist við, umsjón, forstöðu og undirbúning annara verklegra framkvæmda í þágu hins opinbera.

Það hefur þótt rjett, að laun verkfræðingsins verði ákveðin í sömu lögum og laun annara áþekkra embættismanna, og eru ákvæði um þau því sett í launalagafrumvarp, sem jafnframt þessu frumvarpi er lagt fyrir Alþingi. Hins vegar er ætlast til að aðstoðarsje og skrifstofukostnaður verkfræðingsins verði eins og hingað til veittur á fjárlögunum, með því að þarfirnar í þá átt breytast smátt og smátt.

---

**Fylgiskjal.**

VERKFRÆÐINGUR LANDSINS
Reykjavík 5. febr. 1913.

Hjer með vil jeg virðingarfyllst leyfa mjer að fara þess á leit við hið háa stjórnarráð, að lagðar verði fyrir næsta Alþingi tillögur um umbætur á launakjörum mínum, sem sjeu í því fólgnar, *að* árslaunin verði fyrst um sinn hækkuð upp í 4000 krónur, og *að* staða mín verði gjörð að konunglegu embætti, með samskonar skyldum og rjettindum og bundin eru við stöður annara embættismanna landsins, hvorttveggja frá byrjun næsta fjárhagstímabils að telja.

Jeg hefi nú gegnt núverandi sýslan minni síðan 1. febr. 1905, eða tæp 9 ár við lok yfirstandandi fjárhagstímabils, en þar áður hafði jeg starfað í 2 ár undir umsjá Búnaðarfjelags Íslands að rannsókn byggingarefna m. m., og í raun rjettri verið einnig þau 2 ár í landsins þjónustu. Laun mín hafa síðan jeg tók við núverandi sýslan minni verið ávalt hin sömu, 3000 kr. á ári. og eru það sömu laun sem greidd voru fyrst þegar sýslan þessi var stofnuð, sem var árið 1893.

Til 1. júlí 1911 hafði jeg samhliða sýslan minni á hendi forstöðu Iðnskólans í Reykjavík, sem borguð var með 500 kr. árlega. Það verk samrýmdist að sumu leyti ekki vel aðalstarfi mínu, og sótti jeg í brjefi til stjórnarráðsins dags. 7. okt. 1908 um 500 kr. launaviðbót í því skyni að geta losað mig við Iðnskólaforstöðuna. Stjórnin tók tillögu þessa efnis upp í frumvarpið til fjárlaga fyrir 1910—11 (sbr. Alþt. 1909, A bls. 42) en fjárlaganefnd n. d. Alþingis telur (A. bls. 389) hækkunina óþarfa, »með því að vjer fáum eigi sjeð að manni þeim sje ókleift að halda áfram forstöðu Iðnskólans, og teljum ilt að missa hann frá henni«... og var tillaga stjórnarinnar svo felld, og jeg hjelt forstöðu skólans á-

fram. Í athugasemdum minum dags. 3. okt 1910 við tillögur mínar um fjárveitingar til vegabóta árin 1912—13 vjek jeg að þessu á þann hátt, að jeg fór ekki fram á breytingu, af því að jeg bjóst við að það mundi verða árangurslaust, en benti aðeins á að það gæti ávallt komið fyrir að jeg neyddist til að vanrækja annaðhvort, iðnskólaforstöðuna eða starf mitt við vega- og brúagerðir. Fám dögum seinna vildi til óhapp og því samfara slys við brúargerðina á Norðurá í Borgarfirði, sem færði mjer heim sanninn um það, að ekki tjáði að jeg væri bundinn við störf í Reykjavík, og sagði jeg því upp skólastjórninni frá lokum þess skólaárs, og hefi síðan haft aðeins þau 3000 kr. árslaun, sem verkfræðingi landsins eru ákveðin í fjárlögunum.

Jeg hygg að ekki geti orðið skiftar skoðanir um það, að laun þessi eru of lág fyrir þetta starf, eins og það nú er orðið, hvort sem borið er saman við laun samskonar starfsmanna í öðrum löndum, eða við laun annara starfs- og embættismanna, sem helst má líkja við hjer innanlands. Þessu til skýringar læt jeg fylgja hjer með yfirlit yfir laun verkfræðinga í Noregi. Jeg vil ekki halda því fram, að jafna beri stöðu minni við stöðu vegagerðastjórans þar, sem mun nú hafa 8000 kr. árslaun, en hitt er álitamál, hvort hún svari frekar til stöðu »overingeniörs« eða »afdelingsingeniör kl. A«. Að vöxtunum til mun það starf, sem unnið er árlega undir stjórn minni, nánast svara til starfsins hjá »afdelingsingeniör A«, (í þeim flokki eru amtsverkfræðingar), en með þeim frábrigðum þó, að jeg get ekki, eins og þeir leitað til neinna yfirboðara um úrlausn vandasamra atriða; þannig eru t. d. allar stórbrýr, sem amtsverkfræðingarnir norsku byggja, reiknaðar út fyrir þá á miðstöð vegagerðanna í Kristianíu, undir umsjón »vejdirektörsins«, en það verk verð jeg að leysa af hendi sjálfur ásamt með aðstoðarverkfræðingnum, sem hefir líka stöðu hjer eins og »afdelingsingeniör kl. B« í Noregi. Starf mitt er því eins vandasamt og starf »overingeniörs« við norsku vegagerðirnar, og útheimtir eins mikla þekkingu.

Af hjerlendum störfum liggur næst að bera stöðu mína saman við póstmeistara (4000 kr. laun), landssímastjóra (5000 kr.) og verkfræðings Th. Krabbe sem síðan 1. jan. 1910 hefir 3700 kr. árslaun. Hann hefir verið skemur í þjónustu landsins en jeg, og fengið launaviðbót 4 árum áður en jeg nú fer fram á launaviðbót fyrir mig, og get jeg ekki sætt mig við annað en að jeg fái nú hærri launaviðbót en hann fjekk þá, í notum þess að jeg fæ hana seinna.

Það er vitanlega ekki mitt að dæma um hvort jeg hafi staðið svo í stöðu minni, að jeg frá því sjónarmiði verðskuldi launahækkun. Þó get jeg ekki stillt mig um að minna á það, að svo fljótt sem unt var eftir að jeg tók við núverandi starfi minu, gerði jeg yfirlit yfir unnar og ófunnar vegabætur, sem mjög hafði verið kvartað um að vantaði, og varð jeg til undirbúnings því að mæla þjóðvegi og flutningabrautir nálega á öllu landinu, bæði lagða og ólagða, og ransaka a. m. k. lauslega brúarstæði á öllum stórvatnsföllum á þessum leiðum, og var þetta mikið verk og ekki vandalaust fyrir mann með jafnlitilli verklegri reynslu og jeg hafði þá. Þó þetta verk vitanlega væri ófullkomið, vona jeg að það hafi komið að dálitlum notum. Þvínæst hefi jeg komið brúargerðum á smærri og stærri vatnsföllum í það horf, að nú eru byggðar varanlegar og þó ódýrar brýr úr járnbendri steinsteypu allstaðar þar sem staðhættir leyfa, og þurfa þær hvorki viðhald nje endurnýjun, nema þær skemmist af einhverjum stórkostlegum náttúruviðburðum; þessi gerð á brúm er svo ný, að ekki var hún kend þegar jeg var

við verkfræðisnám, heldur hefi jeg kent mjer hana síðan, og ekki er farið að byggja slíkar brýr í Noregi enn, en sjeð hefi jeg nýlega að norska vegastjórnin hefir fengið sjerfræðing í járnbendri steinsteypu, sem ekki er í ríkisins þjónustu, til þess að gera teikningar og efnisskrár fyrir sig af nokkrum smábrúm úr járnbendri steinsteypu. Þá hefi jeg og komið því á, að járnbrýr þær, sem settar eru þar sem steypubrýr verða ekki byggðar staðhátta vegna, eru smíðaðar hjer að öllu leyti, og hefir það í för með sjer beinan fjársparnað, auk annars hagnaðar. Svo vil jeg og leyfa mjer að minna á það, að mjer hefir einkum nú seinustu árin, af landsstjórninni verið falin forsjá eða undirbúningur ýmsra annara verka en vegagerða, þegar þörf hefir þótt, svo sem vatnsvarnarvirkja (Markarfljót, Holtsá), og nú síðast áætlunargerð um járnbraut austur í Rangárvallasýslu, og hef jeg aldrei farið fram á eða fengið neina aukaborgun fyrir slík verk. Jeg geri ráð fyrir að þetta verði einnig svo framvegis, því að það virðist hentugra að nota þá verkfræðinga, sem nokkra reynslu hafa fengið, til umsjónar og leiðbeininga við verklegar framkvæmdir, jafnvel þótt yngri menn þurfi að vinna að þeim, heldur en að láta hvern einstakan, og þá eins óreynda menn er þá verður að nota, vinna sitt verk útaf fyrir sig.

Þær ástæður, sem jeg hjer hef fært fyrir launahækkun þeirri, er jeg sæki um, ber jeg einnig fram til stuðnings þeirri málaleitan, að starf mitt verði gert að föstu embætti. Það kann að hafa verið eðlilegt, að verkfræðingnum var gert lægra undir höfði en öðrum opinberum starfsmönnu árið 1893, því að þá var verkleg kunnátta bæði lítil og í litlum metum hjá þjóðinni, en tímarnir ættu að hafa breytst svo, að störf verkfræðinga væru nú ekki sett í lægri röð en önnur störf í almennings þarfir. Í því sambandi vil jeg þó leyfa mjer að taka það fram að þótt jeg sæki ekki um meiri launahækkun nú, en jeg hjer hef gert, þá tel jeg að ef launin verða ákveðin með lögum, þurfi að ákveða framhaldandi hækkun með hækkandi þjónustualdri, svo að lokalaunin eftir t. d. 15 ára þjónustu verði ekki lægri en 5000 kr,

Til stuðnings umsókn minni, sjerstaklega að því er launahækkunina snertir, leyfi jeg mjer enn fremur að vísa til hinnar almennu og alkunnu verðhækkunar á öllum nauðsynjum, eða verðlækkunar á peningum, sem hefur átt sjer stað síðan 1893, og svo til þess, að mjer væri nú innanhandar að fá jafnvel hjer á landi atvinnu, sem gæfi mjer meira í aðra hönd en þau laun sem jeg hef.

**Jón Þorláksson.**

Til

**Stjórnarráðs Íslands.**

**Fylgiskjal með brjefi verkfræðings landsins 5. febr. 1913.**

## Yfirlit
### yfir laun verkfræðinga í Noregi, í ríkisþjónustu.

A. Eldri launaákvæðin:

| | Over-ingeniörer. | Afdelingsin-geniörer kl. A. | Afdelingsin-geniörer kl. B. | Ingeniör-assistenter. |
|---|---|---|---|---|
| Byrjunarlaun | 4800 | 4320 | 2880 | 1680 |
| Eftir 2 ár: | ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 1920 |
| Eftir 3 ár: | ... ... ... ... ... ... | | 3360 ... .. ... ... | |
| Eftir 4 ár: | 5200 | 4800 | ... ... ... ... ... | 2160 |
| Eftir 6 ár: | ... ... .. ... ... ... | | 3840 | 2400 |
| Eftir 11 ár: | ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2800 |

Ennfremur vejdirektör, havnedirektör og vasdragsdirektör hver 6000 til 6400 krónur árlega.

Þessi launakjör þóttu vera orðin alveg óviðunandi, og langt fyrir neðan það sem stærri bæirnir og einstakra manna fyrirtæki greiddu sínum verkfræðingum, svo að altítt var orðið að duglegir menn tolldu ekki í ríkisþjónustunni, og lagði því stjórnin fyrir stórþingið 1911 frumvarp um ný launalög frá 1. júlí 1912 og veit jeg ekki annað en þau hafi gengið fram og gildi nú. Þau eru þannig:

B. Nýju launaákvæðin:

| | Over-ingeniörer. | Afdelingsin-geniörer kl. A. | Afdelingsin-geniörer kl. B. | Ingeniör-assistenter. |
|---|---|---|---|---|
| Byrjunarlaun | 5600 | 4600 | 3200 | 2000 |
| Eftir 2 ár: | ... ... ... ... ... ... ... | | 3500 | 2200 |
| Eftir 3 ár: | ... ... ... | 4900 | ... ... ... ... ... ... ... | |
| Eftir 4 ár: | 6000 | ... ... ... ... ... | 3800 | 2400 |
| Eftir 6 ár: | ... ... ... | 5200 ... | 4100 | 2600 |
| Eftir 8 ár: | 6400 | ... ... .. ... ... | 4400 | 2800 |
| Eftir 10 ár: | ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 3000 |

Ennfremur laun fyrir vejdirektör, havnedirektör og vasdragsdirektör 8000 krónur árlega.

Í stærri bæjum og við fyrirtæki einstakra manna (atvinnufyrirtæki) voru verkfræðingalaun þegar áðurnefnd breyting á kjörum ríkisverkfræðinganna var gerð:

| | Við atvinnufyrirtæki. | Kristiania. | Bergen. | Trondhjem. |
|---|---|---|---|---|
| Overingeniörer | 7000—12000 | 5500—6500 | 6000—7200 | 6000—7000 |
| Afdelingsing. II. | 4500— 7000 | 3200—4400 | 4000—4800 | 3600—4500 |
| Ingeniörassistenter | 3000— 3500 | 2400—3300 | 2400—3000 | 2400—3000 |

Framanskráðar tölur eru teknar eftir Teknisk Ukeblad 1911, bls. 51 og 118, og sama blaði 1912, bls. 42—43.

**Jón Þorláksson.**

# Frumvarp til laga

um

## skattanefndir.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

### I. Um skipun skattanefnda.

1. gr.

Í hverjum hreppi og kaupstað skal vera skattanefnd. Í skattanefnd sitja 3 menn, í kaupstöðum bæjarfógeti og 2 menn, er hann kveður til, en í sveitum hreppstjóri og 2 menn, er sýslumaður tilnefnir. Á sama hátt skal skipa einn varanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanns.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarfógeti, en annarsstaðar hreppstjóri. Þar sem tveir eru hreppstjórar í sama hreppi, á sá þeirra sæti í skattanefnd, sem eldri er. Í forföllum formanns kýs skattanefndin sjálf formann um stundarsakir.

2. gr.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirskattanefnd. Í kaupstöðum skipar stjórnarráðið formann yfirskattanefndar og 2 aðra nefndarmenn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og 2 menn, er stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni í forföllum eins af nefndarmönnum.

3. gr.

Sami maður má eigi sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd. Yfirskattanefndarmenn aðrir en formenn utan kaupstaða skulu skipaðir æfilangt. Skattanefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára, þannig að annar nefndarmanna fer frá 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum áður en starfstími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem hefir verið 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun að nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka móti nefndarskipun.

4. gr.

Hver sem skipaður er í skattanefnd eða yfirskattanefnd skal vinna eið að starfi sínu. Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmen fá í fæðispeninga og ferðakostnað 4 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

## II. Um verksvið skattanefnda.

5. gr.

Skattanefndir hafa á hendi jarðamatsstörf samkvæmt gildandi lögum.

Sömuleiðis er það skylduverk skattanefndar á 10 ára fresti, um sama leyti og jarðamat fer fram, að virða allar húseignir og lóðir, sjerskilin ítök og hlunnindi í umdæmi sínu, þær sem skattskyldar eru að lögum. Enn fremur er það skylda skattanefndar eftir nánari fyrirskipun valdstjórnarinnar að virða nýbygð hús og aðrar fasteignir, er af sjerstökum ástæðum þarf að meta upp að nýju. Eigandi hefir rjett til að krefjast endurvirðingar, hvenær sem vera skal, en skylt er honum að greiða kostnað við virðinguna, nema verðið breytist um $^1/_{10}$ eða meira. Skattanefnd getur kvatt sjerfróðan mann sjer til aðstoðar við virðingargerðir eftir því sem þörf krefur. Upphæð virðingarverðs á fasteignum skal ávalt deilanleg með 100. Því, sem þar er fram yfir, skal slept. Virðing á húsum og lóðum, ítökum og hlunnindum skal framkvæma eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Hinar almennu virðingargerðir, sem um er rætt í 5. gr., skulu framlagðar 1. dag júlímánaðar, í kaupstöðum í bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, en annarsstaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram. og liggja þar til sýnis til loka sama mánaðar. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

Við virðingu húsa og lóða, ítaka og hlunninda, skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að vera viðstaddur. Sje hann óánægður með virðinguna, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirskattanefndar, fyrir 31. dag júlímánaðar, ef um almenna virðingargerð er að ræða, en sje virðingin framkvæmd á öðrum tíma, skal kæran vera komin til formanns yfirskattanefndar innan 15 daga frá því, er virðingargerð hefir fram farið. Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kæruna og tilkynnir úrskurðinn kæranda og skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, og er því máli þar með ráðið til lykta.

7. gr.

Allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða, ef þeir reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, í síðasta lagi 20. mars — í fyrsta sinn árið 1915, afhenda skattanefnd skriflega skýrslu upp á æru

og samvisku eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, um tekjur sínar samkvæmt 2., 3. og 4. gr. tekjuskattslaganna. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórnum fjelaga og stofnana og á þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er kominn til lögaldurs.

Nú hefir framteljandi tekjur af landbúnaði eða sjávarútvegi og þykist eigi sjálfur fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og er þá skattanefnd skylt að veita honum aðstoð til þess. En hann er skyldur að láta skattanefnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjuframtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, umkostnað til fjölskyldu hans, um allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta o. s. frv.

8. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð hvers eins. Þykir nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, getur hún krafist frekari skýringa og sannana, en fái hún ekki fullnægjandi skilríki innan þess tíma, er hún hefir tiltekið, skal hún áætla tekjur hans eftir því, sem hún veit sannast og rjettast.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans, svo freklega, sem hún álítur fært, svo að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún á að vera í raun rjettri.

9. gr.

Innan marsmánaðarloka skal skattanefnd semja skrá yfir alla þá menn í hreppnum eða kaupstaðnum, er tekjuskatt eiga að greiða, samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið semur.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum í bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

10. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma, er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sje slept eða skattur einhvers sje of lágt settur, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum, formanni yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar.

11. gr.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert

brjeflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sje kæra eigi komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sint.

Yfirskattanefnd sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefnda í umdæmi sínu og birtir bæði kæranda og skattanefnd úrskurðinn og er því máli þar með lokið.

12. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi því, sem hún er skipuð yfir, og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni að ganga ríkt eftir rjettu tekjuframtali. Ef nefndinni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sje vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því, sem henni þykir rjett vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal formaður tilkynna það skattanefnd þeirri, er hlut á að máli.

13. gr.

Skattanefnd hefir gerðabók og ritar í hana allar matsgerðir, virðingargerðir og skattskrár. Í hana rita hinir skipuðu skattanefndarmenn eiðstaf sinn, þá er þeir hefja starf sitt. Gerðabækur skattanefnda lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað landssjóðs og skulu þær löggiltar af sýslumanni eða bæjarfógeta.

14. gr.

Formaður skattanefndar skal árlega láta hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ókeypis í tje endurrit af skattskrá hreppsins og ágrip af virðingargerðum til afnota við niðurjöfnun sveitargjalda.

## III. Almenn ákvæði.

15. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, svo og stjórnendur banka, sparisjóða eða annara stofnana og fjelaga eru skyldir að láta skattanefndum og yfirskattanefndum ókeypis í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um kaupsamninga og virðingargerðir á fasteignum, um skuldabrjef, vaxtabrjef og hlutabrjef, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafje í bönkum og sparisjóðum, um embættislaun og annað því um líkt.

Skorist einhver undan að gefa slíka skýrslu, sker stjórnarráðið úr, hvort hann sje skyldur til þess, og má leggja við dagsektir uns þeim úrskurði er fullnægt. Sektirnar skal ákveða með brjefi til hlutaðeiganda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

16. gr.

Ef einhver vanrækir að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar skal formaður skattanefndar tafarlaust senda honum brjeflega áminningu um að bæta úr því innan 5 daga. Láti hann samt sem áður farast fyrir að fullnægja skyldu

sinni, tapar hann rjetti til að kæra yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans, nema því aðeins, að hann geti sannað, að tekjur hans hafi verið áætlaðar af skattanefnd meira en fjórðjungi hærri heldur en þær voru í raun og veru. Sje munurinn 1/4 eða meira skal hann greiða skatt af hinni rjettu upphæð, að viðbættum 1/4 af hinni rjettu skattsupphæð.

17. gr.

Sá, sem móti betri vitund skýrir rangt frá tekjum sínum til skattanefndar, skal greiða sekt, er sje fimmföld við gjald það, sem undan er dregið. Komist undandrátturinn ekki upp fyr en eftir lát skattgreiðanda við skifti á búi hans, skal af búinu greiða tvöfalt gjald við það, sem undan var dregið.

Ef skiftaráðandi verður þess vís við skifti á búi, að tekjur hins látna hafi verið áætlaðar töluvert lægri til skattgjalds heldur en þær voru í raun og veru, skal hann þegar gera skattanefnd viðvart um það.

18. gr.

Þá er skattanefnd kveður á um skattskyldar tekjur einhvers af nefndarmönnum, barna hans, foreldra eða systkina, má hann ekki taka þátt í gerðum nefndarinnar.

Ef sá, er kærir yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans, er sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, tekur varamaður sæti í nefndinni, þá er úrskurður er feldur um kæru hans.

19. gr.

Skýrslum þeim um efnahag gjaldenda, er skattanefndarmenn fá vitneskju um við það að gegna sýslan sinni, eru þeir skyldir að halda leyndum fyrir öllum út í frá. Brjóti nokkur á móti þessu, skal honum vikið frá tjeðu starfi og auk þess skal hann sæta sektum alt að 100 kr., nema þyngri hegning liggi við.

20. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerðir fyrir skattanefndir og yfirskattanefndir og lætur prenta eyðublöð undir skattskrár og skýrslur um tekjuframtal. Prentunarkostnaðurinn greiðist úr landssjóði, svo og allur kostnaður við virðingargerðir og önnur störf skattanefnda með þeirri takmörkun, er segir í 5. gr.

21. gr.

Stjórnardeild sú, er hefir á hendi umboðslega endurskoðun, skal hafa vakandi auga á því við endurskoðun tekjuskattsreikninga, að skattanefndir ræki skyldur sínar og fylgi rjettum reglum í starfi sínu. Hefir hún rjett til að fá sendar tekjuframtalsskýrslur eftir því sem þörf gerist og leita umsagnar og skýringa skattanefnda á öllu því, er skattálagningunni við kemur.

22. gr.

Sektir eftir 17. og 19. gr. laga þessara renna í landssjóð. Með mál út af brotum gegn þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem komið er frá skattamálanefndinni, sem skipuð var 1907, stendur í nánu sambandi við frumvarp um tekjuskatt og frumvarp um fasteignarskatt, sem einnig er lögð fyrir þingið, og vísast því til þeirra og athugasemdanna við þau, svo og til álits skattamálanefndarinnar.

Helsta breytingin, sem stjórnin hefur gert á nefndarfrumv., er sú, að starfstími skattanefndanna, sem nefndin hafði sett að sumrinu og haustinu, hefur verið færður fram til fyrri hluta árs. Á starfstíma skattanefndanna samkvæmt nefndarfrv. er sá annmarki, að ákvörðun skattsins er ekki komin í kring fyr en liðið er nærri ár frá lokum þess árs, sem skatturinn er miðaður við, og að hann greiðist því ekki fyr en hálfu öðru ári eftir á eða meira, eins og núverandi tekjuskattur. Samkv. nefnarfrumv. verður skattur, sem miðast við tekjur ársins 1913, ákveðinn sumarið og haustið 1914 og greiðist á manntalsþingum 1915 eða síðar. Þetta getur komið sjer afarilla, því að hagur manna getur breyst mikið á tveim árum og þó að menn hafi haft allríflar tekjur eitt ár getur greiðsla skattsins eftir svo langan tíma orðið örðug. Líka eru menn ef til vill fluttir burtu á annan stað og komast þannig hjá að greiða skattinn af því að ekki næst í þá. Þar sem nú líka sumartíminn mun ekki vera hentugur til nefndarstarfa í sveitum vegna heyanna, virðist full ástæða til að breyta þannig til, að skatturinn, sem miðaður er við tekjur næsta árs á undan, sje lagður á fyrri hluta árs og innheimtur sama ár. Skattgreiðslan verður þá svo nærri þeim tíma, sem tekjurnar hafa fallið á, sem auðið er. Nefndin mun hafa sett skattanefndarstörfin að sumrinu vegna fardagaársins, sem bændur miðuðu við tekjur sínar. Að vísu hefir stjórninni ekki þótt fært að banna alveg tekjuframtal eftir fardagaári, en til þess að það seinki ekki fyrir skattálagningunni, hefir áætlun að nokkru leyti verið látin nægja, þegar það er leyft, sbr. athugasemdir við tekjuskattsfrumvarpið. Fyrir febrúarmánaðarlok ættu menn alment að geta verið búnir að telja fram tekjur sínar. Þó hefir þótt rjett að lengja frestinn fram til 20. mars fyrir þá, sem hafa atvinnurekstur á fleiri stöðum en einum. Í samanburði við það sem annarsstaðar tíðkast virðast þessir frestir vera nógu langir. Samkv. dönsku tekjuskattslögunum á t. d. framtalinu alment að vera lokið fyrir janúarmánaðarlok, og síðasti frestur er til 15. febrúar. Annars eru frestirnir í frumvarpi þessu látnir vera jafnlangir sem í frumvarpi nefndarinnar og verða þeir þá þessir:

Fyrir febrúarlok (eða í einstökum tilfellum fyrir 20. mars): Tekjuframtal.
Marsmánuður: Rannsókn á tekjuframtalinu og samning skattskrár.
1.—15. apríl: Framlagning skattskrár og kærur yfir henni.
16.—30 apríl: Úrskurðir skattanefndar um kærur.

Fyrir 15. maí: Skattskráin send til yfirskattanefndar og kærur sendar yfirskattanefnd.

Auk þeirrar aðalbreytingar á nefndarfrv., sem getið hefir verið, hafa verið gerðar fáeinar smábreytingar á því.

Í 16. gr. hefir sú breyting verið gerð, að þá er gjaldandi, sem vanrækt hefir að sinna áminning skattanefndar um tekjuframtal, getur sannað, að tekjur hans sjeu áætlaðar fullum fjórðungi hærri en vera ber eða meira, skuli hann greiða skatt af tekjum sínum að viðbættum $^1/_4$ af hinni rjettu skattsupphæð. Eftir nefndarfrv. átti hann ekki að fá neina rjetting mála sinna, nema því að eins að hann gæti sannað, að tekjur hans væru í raun rjettri fullum þriðjungi lægri en áætlun skattanefndar, en þá að eins að greiða skatt af tekjunum að viðbættum $^1/_6$ af þeim. Þar sem sú upphæð, sem heimtuð er umfram rjetta tekjuskattsupphæð í þessu tilfelli, er að skoða sem einskonar sekt fyrir að sinna ekki áminningu skattanefndar um að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar, virðist nóg að aukaupphæðin standi í föstu hlutfalli við skattsupphæðina og fari hækkandi jafnt henni, þó að hún sje ekki jafnframt stígandi eftir skatthæð, og er því stungið upp á, að hún sje miðuð við hina rjettu skattupphæð, en ekki við viðbót við hinn rjetta skatttekjustofn. Með því að fullhart þykir að heimta að þriðjungi skakki, til þess að nokkur leiðrjetting fáist, er hjer stungið upp á að miða við fjórðung (25%), og setja aukagjaldið fyrir vanrækslu í skattframtali 25% af skattupphæðinni, sem að rjettu hefði átt að greiða, ef framtal hefði komið í tæka tíð.

Úr 17. gr. hefir verið slept síðari kaflanum, því að hann snertir að eins eignarskattinn, en í stað þess hafa verið sett fyrirmæli um, að skiftaráðandi skuli af sjálfsdáðum gera skattanefnd viðvart, ef hann við skifti á búi kemst að því, að tekjur hins látna hafi verið of lágt áætlaðar til skattgjalds.

Við 21. gr. hefir verið bætt ákvæði um, að endurskoðunin skuli hafa rjett til að fá sendar tekjuframtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda á öllu því, er skattálagningunni við kemur. Þetta er hjer sett til að bæta dálítið úr því, að engin allsherjaryfirskattanefnd er fyrir alt landið, er gæti haft eftirlit með því, að gerðar væru jafnstrangar kröfur um tekjuframtal alstaðar á landinu og sömu reglum fylgt um tekjufrádrátt og þess háttar. En slíkt mundi eigi sjást á tekjuskattareikningunum eða skattskránum. Aftur á móti mætti ef til vill nokkuð komast fyrir, hvort sömu reglum væri fylgt um tekjuframtal á ýmsum stöðum á landinu, ef endurskoðunin ljeti t. d. senda sjer framtalsskýrslur frá nokkrum stöðum á landinu, sem valdir væru af handahófi.

Ákvæðinu í nefndarfrv. um afnám lausafjártíundarinnar hefir verið slept, því að ekki er ætlast til, að hreyft verði við sveitarsköttunum að þessu sinni.

# Frumvarp til laga

um

## verðlag.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Frá 16. maí 1914 skulu öll gjöld, sem ákveðin eru í landaurum eða álnatali eftir verðlagsskrá, reiknuð til peninga eftir meðalverði í verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í hverri sýslu fyrir sig, um síðastliðin 10 ár, 1904—1914. Við útreikning meðalverðsins skal ½ eyrir og stærra brot talið sem heilt, en minna broti skal slept. Stjórnarráðið gefur út hinar nýju verðlagsskrár og skulu þær prentaðar í A-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 6. nóvbr. 1897 um undirbúning verðlagsskráa og lög 13. septbr. 1901 um viðauka við tjeð lög.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ef ábúðar- og lausafjárskatturinn verður afnumin, verða svo svo fá gjöld miðuð við verðlagsskrá, að hið árlega umstang við undirbúning verðlagsskránna verður tiltölulega alt of mikið. Frumvarp þetta er óbreytt eins og það kom frá skattamálanefndinni, sem skipuð var 1907 og vísast til ástæðanna fyrir því í áliti nefndarinnar.

# Frumvarp til laga

um

## tekjuskatt.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Af öllum árstekjum af eign og atvinnu skal gjalda skatt í landssjóð svo sem hjer segir: Af hinum fyrstu 1000 krónum, er skattskyldar tekjur nema, skal greiða $^1/_2$ af hundraði, af því, sem tekjurnar nema yfir 1000 krónur og að 2000 krónum fullum, skal greiða 1 af hundraði og svo framvegis, þannig að skatturinn eykst um $^1/_2$ af hundraði á hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, alt að 6 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 11000 krónur. Þó skulu hlutafjelög greiða í tekjuskatt 3 af hundraði af öllum skattskyldum tekjum.

Upphæð sú, sem skatturinn er talinn af, skal ávalt deilanleg með 50. Því, sem þar er fram yfir skal slept.

2. gr.

Skattskyldar tekjur teljast hverskonar laun, ávöxtur, arður eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verslun, veitingasölu, iðnaði, handiðnum, námurekstri og hverjum öðrum atvinnuvegi.
b. tekjur af embættum, sýslunum, biðlaunum, eftirlaunum, lífeyri og hverskonar styrktarfje sem og tekjur af allskonar vinnu, andlegri og líkamlegri.
c. landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað árgjald af hverskonar fasteign, er eigandi notar sjálfur. Ennfremur leigur eftir innstæðukúgildi á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.

d. arður af allskonar verðbrjefum, skuldabrjefum, vaxtabrjefum og hlutabrjefum þeirra fjelaga, sem eigi greiða tekjuskatt hjer á landi, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt brjef sje eigi fyrir, sparisjóðsinnlögum og hverri annari arðberandi innstæðu.
e. ágóði við sölu á eign, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlast hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða eða hún hefir ekki verið í eigu hans lengur en 3 ár.
f. gjafafje og vinningur í veðmáli og talnaspili.

Af tekjum þeim, sem fást með því að eyða stofnfje eða taka lán, skal eigi skatt greiða, nje heldur af fjárauka, er stafar af erfðum, stofnun hjúskapar, greiðslu lífsábyrgðar, brunabóta eða þess konar.

Endurgjald það, er sá er fjarverandi er frá heimili sínu í almenningsþarfir, fær í fæðispeninga og ferðakostnað, verður ekki talið með tekjum, er skatt skal greiða af.

3. gr.

Áður en skattur er á lagður skal draga frá tekjunum:

a. kostnað, er varið hefir verið til atvinnureksturs eða tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Með kostnaði til atvinnureksturs telst þó eigi það, sem gjaldandi hefir varið sjer og skylduliði sínu til framfæris og nauðsynja, eigi heldur kaup til neins af skylduliði hans, nema hann telji tekjur sínar fram sjer í lagi.
b. skrifstofukostnað, sem er samfara embætti eða sýslan, svo og eftirlaun og aðrar kvaðir, er á embættinu liggja.
c. iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sjer eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir til að tryggja sjer eða konu sinni lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem greidd hafa verið, þó ekki af hærri lífeyrisupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Aftur á móti verða iðgjöld af lífsábyrgðum ekki dregin frá tekjunum, nema þau sjeu lögboðin eða kom í staðinn fyrir iðgjöld af skyldulífeyri.
d. skatta og opinber gjöld, sem greidd hafa verið á árinu af fasteignum og atvinnurekstri, svo og aukaútsvar og aðra persónuskatta til sveitar, landssjóðs og kirkju.
e. vexti af skuldum gjaldanda. En það verður ekki talið frá tekjum, sem haft er til þess að borga skuld.
f. framfærslueyri fyrir börn undir 14 ára aldri, þar með talin fósturbörn, sem ekkert meðlag er greitt með, svo og aðra skylduómaga þeirra manna, sem heimilisfastir eru hjer á landi, 75 kr. fyrir hvern ómaga.
g. frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum, á framfæri eða við nám, og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Nánari ákvæði um, hvað telja beri til kostnaðar við atvinnurekstur, skulu sett í reglugerð fyrir skattanefndir, sem stjórnarráðið semur.

4. gr.

Skatturinn skal á lagður eftir tekjum gjaldanda næsta almanaksár á undan tekjuframtalinu. Þó má telja fram tekjur af landbúnaði fyrir það fardagaár, sem yfir stendur, þegar tekjurnar eru taldar fram, þannig að ætlast sje á um tekjurnar fyrir þann tíma, sem eftir er til loka fardagaársins. Ef hætt er að miða tekjuframtal við fardagaár skal í fyrsta sinn, sem almanaksárið er lagt til grundvallar, reikna tekjurnar frá lokum þess fardagaárs, er tekjuframtal var síðast miðað við, og verða þá tekjurnar eftir það miðaðar við almanaksár.

Af tekjunum skal greiða skatt til hvers sem þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sjer og skylduliði sínu til framfæris og nauðsynja, nytsemdar eða munaðar, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg eða til þess að afla sjer fjár, til gjafa eða hvers annars sem vera skal.

Ef allar tekjur gjaldanda eftir lögákveðinn frádrátt nema ekki fullum 500 krónum eru þær undanþegnar skattgjaldi.

5. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi, sem hefur tekjur skattskyldar eftir lögum þessum skal greiða skatt, hvort heldur karl eða kona, ungur eða gamall og í hvaða stöðu sem er, þó svo, að hver heimilisfaðir sje talinn fyrir skatti af tekjum og eignum allra þeirra, sem heyra til sömu fjölskyldu. Til fjölskyldu telst kona manns, þótt hún hafi sjereign, nema þau sjeu skilin að borði og sæng eða hafi eigi samvistir að staðaldri. Enn fremur börn, kjörbörn og fósturbörn heimilisföður, ef þau eru á framfæri hjá honum og vinna þeirra gengur til bús hans eða atvinnu.

Börnum, sem komin eru til lögaldurs og taka ákveðin starfslaun hjá foreldrum sínum, er heimilt að telja fram tekjur sínar sjer í lagi og eru þá sjálfstæðir skattgjaldendur. Sama er og um barn, þótt eigi sje fullveðja, ef það hefir tekjur af sjereign eða atvinnu, sem er utan við heimili eða atvinnurekstur foreldranna og tekjurnar nægja til framfæris því, enda verður eigi framfærslueyrir þess talinn frá skattskyldum tekjum heimilisföður samkvæmt 3. gr. f.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hjer á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann væri í landinu.

6. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hjer á landi, en á hjer eignir og hefir tekjur af þeim eða af atvinnu eða sýslan, sem hjer er rekin, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta mann í sýslunni eða kaupstaðnum, er greiði skattgjald hans.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hjer á landi, en hefur laun, biðlaun, eftirlaun eða styrk úr landssjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, gjalda skatt af þessum tekjum og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjársins.

7. gr.

Innlend hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu greiða skatt af öllum tekjum sínum að kostnaði frádregnum.

Útlend hlutafjelög og önnur útlend atvinnufjelög, sem eiga eignir hjer á

landi og hafa tekjur af þeim eða af atvinnu, sem hjer er rekin, skulu greiða skatt af tekjum þessum. Þó eru vátryggingarfjelög undanþegin skattgjaldi hvort sem þau eru útlend eða innlend.

8. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar sem þeir eru búsettir þegar skattanefndir taka til starfa. Hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu, ef þau eru innlend, sett í skatt þar sem þau hafa heimili, en sjeu fjelögin útlend skulu þau sett á skattskrá, þar sem aðalumboðsmenn þeirra hjer á landi eru búsettir, enda bera tjeðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

9. gr.

Undanþegin öllum tekjuskatti er landssjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, kirkjusjóðir, sveitarfjelög og bæjarfjelög, sparisjóðir, sem ekki eru eign einstakra manna, kaupfjelög, pöntunarfjelög og samskonar fjelög og framleiðslufjelög (smjörbú, sláturhús og önnur slík fjelög), nema að því leyti sem þau reka verslun, sem eigi er takmörkuð við fjelagsmenn eina, ennfremur sjóðir, fjelög og stofnanir, er vinna í almennings þarfir eða skattfrelsi er veitt með sjerstökum lögum eða samningum við landsstjórnina.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, eða vafasamt þykir, í hverju sveitarfjelagi tekjur eða eignir skuli settar í skatt, leggur stjórnarráðið úrskurð á málið. Þó er hlutaðeigendum heimilt að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

10. gr.

Konsúlar annara ríkja, sem ekki eru íslenskir þegnar, eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti sem þeir njóta launa, biðlauna, eftirlauna eða styrks úr landssjóði eða frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eiga hjer fasteignir og hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hjer á landi. Sama er og um aðra útlenda menn, er dvelja hjer um stundarsakir, eða skemur en eitt ár.

11. gr.

Tekjuskatt skal hver heimilisráðandi inna af hendi fyrir þá gjaldskylda menn, sem eru til heimilis hjá honum, en á rjett til endurgjalds hjá þeim.

12. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta sinn árið 1915. Enginn getur færst undan að greiða skattinn í gjalddaga vegna þess, að kært hafi verið yfir honum og úrskurður um kæruna sje ófallinn. En ef breyting verður síðar gerð á skattinum verður endurborgað það, sem ofgreitt hefir verið, eða krafið það sem á vantar.

13. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögunum að hækka og lækka tekjuskatt fyrir eitt fjárhagstímabil í senn.

14. gr.

Um leið og lög þessi koma til framkvæmda eru úr gildi numin lög 14. desbr. 1877 um tekjuskatt, lög 3. oktbr. 1903 um viðauka við tjeð lög, lög 14. desbr. 1877 um ábúðar- og lausafjárskatt og lög s. d. um húsaskatt.

---

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd þeirri, sem skipuð var með konungsúrskurði 2. des. 1907 til þess að endurskoða skattalög landsins, var meðal annars falið að íhuga breytingar á beinu sköttunum og komst hún að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að afnema með öllu skatta þessa (ábúðar- og lausafjárskatt, húsaskatt og tekjuskatt af eign og atvinnu) og setja í þeirra stað nýtt skattakerfi, almennan tekjuskatt og eignarskatt af skuldlausri eign og almennan fasteignarskatt.

Stjórnin er þeirrar skoðunar, að full þörf sje á að breyta skattakerfi því, sem nú er. Það hefir nú staðið óbreytt í fullan þriðjung aldar og þótt það hafi í upphafi verið allgott, þá er samt svo komið, að það er orðið úrelt og því að ýmsu leyti ábótavant. Einn af aðalókostum þess er sá, að skattarnir hafa hvergi nærri vaxið tiltölulega við aukna velmegun og framkvæmdir í landinu, svo að þeir nema nú miklu minni hluta af tekjunum heldur en í upphafi. Þá námu þeir $^1/_6$ af öllum tekjum landsjóðsins, en síðastliðið ár ekki nema $^1/_{20}$ og ef aðeins er litið á skattana (beina skatta, aukatekjur og tolla) námu beinu skattarnir ekki nema $^1/_{15}$ af öllum sköttunum og er það tiltölulega miklu minni hluti en víðasthvar annarsstaðar. Auk þess koma skattar þessir að ýmsu leyti ójafnt niður og eru öðrum annmörkum bundnir, sem hjer skulu ekki taldir, með því að skattanefndin hefir athugað það mál rækilega og vísast því til álits hennar að því er það snertir.

Stjórnin hefur því fallist á tillögur skattamálanefndarinnar um að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn, húsaskattinn og tekjuskattinn núverandi og setja í þeirra stað almennan tekjuskatt og almennan fasteignarskatt, en hinsvegar hefir stjórnin eigi fallist á tillögu nefndarinnar um eignarskatt. Þykir ósanngjarnt að láta greiða tvöfaldan eignarskatt af fasteignum (bæði eignarskatt og fasteignarskatt), en hinsvegar mundi líklega erfitt að finna aðrar eignir og fá þær fram til skattgjalds svo sem sýnt hefir sig á tekjuskattinum núverandi, þar sem tekjur af öðrum eignum en fasteignum hafa að mestu sloppið við eignartekjuskatt. Og með því að fasteignarskatturinn hefir allmikla fjárhagslega yfirburði fram yfir eignarskattinn þykir rjettara að sleppa eignarskattinum.

Í áliti sínu hefir skattamálanefndin gert áætlun um, hvað fasteignarskatturinn og tekjuskatturinn muni gefa af sjer miklar tekjur í landssjóð og áætlað þær 60 þús. kr. af hvorum. Hvort jarðir og lóðir sjeu nú meira virði heldur en eftir áliti nefndarinnar verður ekki sagt með neinni vissu, en ekki er óliklegt, að áætla

mætti verð lóðanna að minsta kosti töluvert hærra. Aftur á móti er vitanlegt, að virðingarverð húseigna hefir hækkað töluvert síðan. Þá var það talið alls 15 miljónir króna, en 1909 var það samkvæmt landsshagsskýrslunum 20 milj. og 800 þús. kr. alls eða að frádregnum opinberum óskattskyldum byggingum um 19½ milj. kr. Það mun því fremur lágt reiknað að telja það nú alls 20 milj. kr. En við það hækkar áætlun nefndarinnar um 10 þús. kr. upp í 70 þús. kr. og mun það síst of hátt.

Um tekjuskattinn er ekki unt að gera áætlun nema eftir lausri ágiskun. Nefndin hefir gert ráð fyrir, að 5 kr. tekjuskattur kæmi að jafnaði á hvert heimili. 1910 voru hjer rúmlega 14700 heimili og ætti þá tekjuskatturinn samkvæmt því að verða 73—74 þús. kr. og mun það líklega heldur lágt reiknað. Tekjuskatturinn núverandi var árið 1912 33 þús. kr.; þó að hann lækki nokkuð við frádrátt frá tekjum samkv. frumvarpinu og við það, að tekjuskattur af jarðarafgjöldum lækkar nokkuð hjá hinum tekjulægri gjaldendum, þá vegur væntanlega þar á móti hækkunin á skattgjaldinu, strangara framtal, svo að fleiri tekjur komast inn undir hann, og það, að við bætast tekjur af húseignum. Ætti því að mega búast við líkri upphæð af honum eins og áður frá þeim, sem skatturinn hingað til hefir náð til, og þó líklega heldur hærri. En svo bætast við tekjur af landbúnaði og sjávarútvegi, sem framfleyta báðir saman helmingi fleira fólki heldur en allir aðrir atvinnuvegir landsmanna og vel það. Mætti líklega búast við, að þessir atvinnuvegir gæfu ekki verulega lægri skatt af sjer heldur en ábúðar- og lausafjárskatturinn nú, en hann var 54 þús. kr. árið 1912. Væri skatturinn af þessum atvinnuvegum áætlaður 50 þús. kr. og af öðrum atvinnuvegum og eignum 30 þús. kr. yrði tekjuskatturinn samtals 80 þús. kr.

Eftir þessari áætlun ættu nýju skattarnir að nema:

| | | |
|---|---|---|
| Fasteignarskattur . . ... ... ... ... ... ... ... | 70,000 kr. | |
| Tekjuskattur... ... ... ... ... ... ... ... ... | 80,000 — | |
| | Samtals | 150,000 kr. |

Skattar þeir, sem afnemast, eru eftir fjárhagsáætun 1914 og 1915:

| | | |
|---|---|---|
| Ábúðar- og lausafjárskattur ... ... ... | 50,000 | |
| Húsaskattur . ... ... ... ... ... ... | 13,500 | |
| Tekjuskattur ... ... ... ... ... ... ... | 30,000 | 93,500 kr. |
| | Mismunur | 56,500 kr. |

á ári eða 113,000 kr. á fjárhagstímabili, og mun það ekki of hátt áætlað. Líklega er óhætt að búast við, við tekjuaukinn verði nokkru meiri jafnvel þegar fyrstu árin, en aftur á móti dregst frá kostnaður við skattanefndirnar nýju, svo að hreinn tekjuauki landssjóðs verður varla meiri fyrst í stað. Hinsvegar má búast við, að tekjurnar af sköttum þessum vaxi í framtíðinni tiltölulega við velmegun landsmanna.

Um ástæðurnar fyrir tekjuskattsfrumvarpi því, sem hjer birtist, vísast yfirleitt til álits skattamálanefndarinnar. Að eins um einstök atriði, sem lítt hefir verið farið út í í nefndarálitinn, verða hjer gerðar nokkrar frekari athugasemdir og svo gerð grein fyrir breytingum þeim, sem stjórnin hefir gert á frumvarpinu.

Um 1. gr.

Hver áhrif breytingin á skattgjaldinu frá því sem er í núgildandi tekjuskattslögum hefir á skattupphæðina sjest á eftirfarandi samanburði:

| Tekju-upphæð | Skattupphæð Nú | Frv. | Skattur af 100 Nú | Frv. |
|---|---|---|---|---|
| 500 kr. | ... | 2,50 | ... | 0,50 |
| 1000 — | 1 kr. | 5 kr. | 0,10 | 0,50 |
| 1500 — | 5 — | 10 — | 0,33 | 0,67 |
| 2000 — | 10 — | 15 — | 0,50 | 0,75 |
| 3000 — | 25 — | 30 — | 0,83 | 1,00 |
| 4000 — | 45 — | 50 — | 1,125 | 1,25 |
| 5000 — | 70 — | 75 — | 1,40 | 1,50 |
| 6000 — | 100 — | 105 — | 1,67 | 1,75 |
| 7000 — | 135 — | 140 — | 1,93 | 2,00 |
| 8000 — | 175 — | 180 — | 2,19 | 2,25 |
| 9000 — | 215 — | 225 — | 2,39 | 2,50 |
| 10000 — | 255 — | 275 — | 2,55 | 2,75 |
| 11000 — | 295 — | 330 — | 2,68 | 3,00 |
| 12000 — | 335 — | 390 — | 2,79 | 3,25 |
| 13000 — | 375 — | 450 — | 2,91 | 3,46 |
| 14000 — | 415 — | 510 — | 2,96 | 3,64 |
| 15000 — | 455 — | 570 — | 3,03 | 3,80 |
| 20000 — | 655 — | 870 — | 3,275 | 4,35 |
| 25000 — | 855 — | 1170 — | 3,42 | 4,68 |
| 30000 — | 1055 — | 1470 — | 3,52 | 4,90 |
| 40000 — | 1455 — | 2070 — | 3,64 | 5,02 |
| 50000 — | 1855 — | 2670 — | 3,71 | 5,34 |
| 75000 — | 2855 — | 4170 — | 3,81 | 5,56 |
| 100000 — | 3855 — | 5670 — | 3,855 | 5,67 |

Skatturinn hækkar allsstaðar dálítið, því að 5 kr. bætast við hverja skattupphæð vegna þess, að skattur er lagður á fyrsta þúsundið, sem nú er skattfrjálst. Hækkunar þessarar gætir því tiltölulega mest á lægstu tekjunum, þótt hún sje ekki mikil í sjálfu sjer. En þegar kemur upp fyrir 8000 kr. tekjur verður hækkunin meiri vegna þess, að haldið er áfram að bæta við skattinn af hverju þúsundi þar til komið er upp í 11000 kr. og 6% tekið af því, sem þar er yfir. Á móti því að skatturinn hækkar talsvert á lægstu tekjunum vegur það talsvert að draga má frá framfærslueyri barna og annara skylduómaga, því að það veitir tiltölulega mestan ljetti þeim fjölskyldufeðrum, sem minstar hafa tekjurnar. Hækkun skattgjaldsins frá því sem nú er virðist yfirleitt ekki koma illa niður og stighækkunin virðist ekki ósanngjörn. Aðalreglan fyrir henni, sem tekin er upp úr núgildandi tekjuskattslögum, er líka svo einföld sem framast má verða og jafnframt laus við alt gjörræði, því að hækkunin verður svo jöfn og laus við stökk. Þessa sömu reglu, að skifta tekjunum í parta og láta hvern þeirra svara mismunandi skatti (hinn svo nefnda »*Rateskala*«), tók Neergaard fjármálaráðherra Dana upp í frumvarp það, sem hann lagði fyrir danska þingið 1911, um tekju- og

eignarskatt. En í því frumvarpi var byrjað með langtum hærri skatti af lægstu tekjunum heldur en í þessu frumvarpi og stighækkunin var miklu hægskreiðari, því að bæði hækkaði skattprósentan minna við hvert tekjustig og líka stækkuðu tekjustigin eftir því sem ofar dró, svo að einungis tekjur yfir 100 þús. kr. áttu að svara hæsta skatti 6,1%. Í ríkisþinginu var frv. breytt þannig, að stighækkunarreglan nýja var ekki tekin upp, heldur haldið gamla laginu að miða skattprósentuna við tekjurnar í heild sinni og láta hana vera jafn háa fyrir allar tekjur innan vissra takmarka, t. d. frá 6000 upp í 8000 kr. Stighækkunin varð því langtum ójafnari og með eintómum stökkum. Á lægri tekjunum er danski skatturinn töluvert hærri heldur en skatturinn samkvæmt þessu frumvarpi, en munurinn verður minni eftir því sem ofar dregur þar til komið er upp í 12—13 þúsund kr., en síðan verður danski skatturinn lægri og munurinn verður meiri eftir því sem tekjuhæðin vex. Skatturinn eftir þessu frumvarpi kemur því betur niður heldur en danski skatturinn, því að þar sem gjaldþolið er minst er hann vægari, en að eins nokkru hærri af miklum tekjum, sem eru sjaldgæfar og þá nóg af að taka. Hann hlýtur því að verða ljettari að bera fyrir gjaldendurna yfirleitt, en auðvitað fást ekki eins miklar tekjur af honum eins og ef hann væri hærri á lægri tekjunum, sem eru almennastar.

Eina undantekningin, sem gerð hefir verið í nefndarfrumvarpinu frá stighækkun skattsins er sú, að skattur hlutafjelaga er látinn nema sömu prósentu án tillits til, hvort tekjurnar eru miklar eða litlar, og er það eins og í dönsku tekjuskattslögunum. Aðalástæðan til þessa er sú, að hætt er við, að stór hlutafjelög mundu »pro forma« skifta sjer í fleiri smærri til þess að greiða skattinn með lægri prósentu, ef skattprósentan færi hækkandi með hækkandi tekjuhæð. Frá praktisku sjónarmiði hlýtur þetta að verða þungt á metunum, en auk þess eru þær ástæður, sem færðar verða fyrir stighækkuninni miklu síður fyrir hendi þegar að ræða er um hlutafjelög heldur en einstaka menn. Fjelag, sem hefir 10 þús. kr. nettótekjur stendur ver að vígi heldur en fjelag með 5 þús. kr. tekjum, ef hlutafjeð í hinu fyrtalda er 500 þús. kr., en hinu síðara ekki nema 50 þús. kr., því að ágóðinn verður ekki nema 2% í hinu fyrra, en 10% í hinu síðara. Stjórnin hefir því fallist á að leggja skattinn með fastri prósentu á öll hlutafjelög, hvort sem tekjurnar eru miklar eða litlar, en hefir hækkað skatt þeirra úr 2%, sem skattamálanefndin stakk upp á, upp í 3%. Það virðist rjett að hafa skattprósentuna tiltölulega háa, bæði vegna þess, að meiri líkur eru til, að hlutabrjefin sjeu í eigu manna, sem hafa miklar tekjur heldur en litlar og ættu því að svara háum skatti af ágóðanum, ef skatturinn væri lagður beint á þá, og líka vegna þess að þessar tekjur eru eignartekjur fyrir eigendur hlutabrjefanna og ættu því að þola heldur hærri skattálögu. Í dönsku tekjuskattslögunum frá 1903, þar sem hlutafjelagaskatturinn var ákveðinn 2%, var hæsti skattur 2½% og 2% svaraði til 15—20 þús. kr. tekna. Þegar tekjuskatturinn var hækkaður 1909 var fjelagaskatturinn að vísu látinn haldast óbreyttur, en þegar hann var hækkaður aftur 1912 og lögin endurskoðuð í heild sinni, þá var fjelagaskatturinn hækkaður upp í 3% og er það litlu lægra en greitt er af 10—15 þús. kr. 3% svarar til 11000 kr. tekna eftir þessu frumvarpi. Líklega má gera ráð fyrir að meiri hlutinn af íslenskum hlatabrjefaeigendum hafi ekki meiri tekjur og verður þá skatturinn fullhár frá þeirri hlið skoðað. En hann verður samt ¼ lægri en eignartekjuskatturinn er nú.

Ákvæðið um, að tekjuskatturinn skuli ekki reiknast nema af heilum 50 kr. er hjer tekið upp í 1. gr. eins og í núgildandi tekjuskattslögum, því að það virðist eiga þar betur heima heldur en í skattanefndarlögunum, þar sem nefndin hefur sett það.

Um 2. gr.

Sem skattskyldar tekjur teljast hverskonar laun, arður eða gróði, sem gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu, og metið verður til peningaverðs, og fellur auðvitað þar undir ókeypis fæði og húsnæði, sem látið er í tje í kaupgjaldsskyni fyrir vinnu.

Í nefndarfrumvarpinu hefir verið talið með skattskyldum tekjum ágóði við sölu á eign, sem vaxið hefir í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda. Um slíkar tekjur getur varla verið að ræða nema af fasteignum, því að þó að eitthvað kynni að verða selt af verðbrjefum, sem komist gætu inn undir þessi ákvæði, mundi það lítt koma í ljós. En að leggja tekjuskatt á slíka verðhækkun yfirleitt við sölu virðist ekki fullkomlega rjett. Seljandanum er þar með gert rangt gagnvart þeim, sem ekki selur sína eign og ekkert þarf að gjalda af verðhækkun þeirri, sem á henni hefir orðið, enda þótt hann verði fult eins mikið var við hana í auknum tekjum af eigninni. Það er annað mál, að rjettmætt getur verið, að eigandi greiði skatt af verðhækkun þeirri, sem á eign hans verður. En það ætti þá ekki að vera tekjuskattur, sem greiðist af seljanda á einu ári, heldur verðhækkunarskattur, sem greiðist árlega af eigninni sjálfri í hvers höndum sem hún er, og hvort sem hún er seld eða kyr í eigu sama manns. Og sá skattur legðist væntanlega einungis á þá verðhækkun, sem yrði í framtíðinni jafnóðum og hún kæmi í ljós. En með því hjer er um algert nýmæli að ræða, sem þarfnast mikils undirbúnings, hefir stjórnin ekki nú viljað gera uppástungur hjer að lútandi, enda á slíkt ekki heima í tekjuskattslögum.

Ef menn aftur á móti hafa það að atvinnu að kaupa og selja eignir, er auðvitað, að menn verða að greiða tekjuskatt sem af öðrum atvinnurekstri, enda fellur sú atvinna sem aðrar undir 2. gr. a. En jafnvel þó menn hafi slíkt ekki beinlínis að atvinnu getur verið ástæða til að leggja skatt á spekulationsölu, því að hún er sama eðlis og ávalt framkvæmd til að afla tekna. Það má nú líka sjá á ástæðum nefndarinnar fyrir þessari grein, að það hefir fyrst og fremst verið tilgangur hennar að gera ágóða við slíka sölu skattskyldan, en ákvæðið hefir verið látið vera svona vítt af ótta við, að erfitt mundi að gera greinarmun á því, hvenær sölu bæri að skoða sem spekulationssölu og hvenær ekki. En fram úr þeim vanda virðist heppilega ráðið með þeirri reglu, sem norska skattanefndin frá 1904 hefir stungið upp á, að láta skattinn koma niður á sölu allra þeirra eigna, sem seldar eru skömmu eftir að þær eru komnar í eigu seljandans, og hefur sú regla því verið tekin hjer upp. Með því móti munu flestar spekulationssölur komast undir skattinn, og þó ekki væri um slíka sölu að ræða, gerði minna til þó skattur væri greiddur, þegar verðhækkunin er alveg nýtilkomin.

Um 3. gr.

Inn í stafl. a hefir verið bætt ákvæði um, að það, sem varið er til tryggingar eða nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eign, megi draga frá tekjunum áður en skattur er á lagður. Það fellur ekki beinlínis undir kostnað við atvinnurekstur, en er líks eðlis og ættu því sömu reglur að gilda þar um.

Ennfremur hefir verið bætt inn í þessa grein tveim nýjum stafliðum, c. og d., um frádrátt á iðgjöldum af skyldulífeyri og öðrum samskonar lífeyri og um frádrátt á opinberum sköttum.

Það sem varið er til kaupa á skyldulífeyri virðist rjett að leyfa að draga frá tekjunum áður en skattur er á lagður, því að í rauninni eru launin þeim mun lægri, þar sem embættismaðurinn fær engin umráð yfir þessum hluta teknanna, en í stað þess fær hann eða kona hans rjettinn til lífeyrisins sem nokkurs konar eftirlauna. Lífeyrisskyldan mun frá upphafi vera á lögð í því skyni að spara því opinbera eftirlaun eða styrktarfje. Með því að skattur er nú lagður á lífeyrinn eins og önnur laun og eftirlaun, verður skatturinn tvöfaldur, ef hann er líka lagður á lífeyrisiðgjöldin. En sama máli er að gegna um lífeyrisiðgjöld þau, er aðrir greiða sjálfkrafa, að skattur sá, sem á þau legst, verður tvöfaldur, þar sem fullur skattur hvílir á lífeyrinum. Þó að nú að vísu nokkuð minni ástæða sje til að leyfa nokkurn frádrátt, þar sem engin skylda er að verja tekjunum á þennan hátt, þá virðist samt sanngjarnt að leyfa hann, ef hann fer ekki fram úr því, sem embættismönnum er gert að skyldu að greiða á þennan veg. Það sjest á upphæð þeirri, sem hverjum er talin til skatts, hversu mikinn lífeyri honum hefði verið gert að skyldu að kaupa sem embættismanni. Auðvitað verða aðeins dregin frá iðgjöld, sem í raun og veru hafa verið greidd. Að gera greinarmun á því, hvort lífeyririnn er ætlaður gjaldanda sjálfum til framfæris eða ekkju hans virðist varla tiltækilegt, því að í báðum tilfellunum getur hann skoðast sem eftirlaun og upphæðinni verður ekki varið á annan hátt. Öðru máli er að gegna með lífsábyrgð, því að bæði greiðist enginn skattur af henni við útborgun og eins eru umráðin yfir henni ekki eins takmörkuð. Fyrir því er ekki leyfður frádráttur á iðgjöldum af lífsábyrgð, nema hún komi beinlínis í staðinn fyrir skyldulífeyri.

Ákvæðið um að draga frá tekjunum opinbera skatta er líkt því, sem er í dönsku tekjuskattslögunum. Það virðist ekki rjett, að landssjóður heimti skatt af þeim tekjum, sem hann sjálfur tekur til sín eða leyfir sveitunum að taka. Þetta ákvæði miðar líka til þess að jafna skattabyrðina á mismunandi stöðum á landinu, því að tekjuskatturinn yrði lægri þar sem sveitarskattarnir væru miklir. Báðar þessar breytingar, um frádrátt á lífeyrisiðgjöldum og sköttum, miða að því að binda tekjuskattinn við þær tekjur, sem gjaldandi í raun og veru hefir, og gera hann rjettlátari.

Á stafl. f (um frádrátt á framfærslueyri) hefir sú breyting verið gerð, að fósturbörn eru látin sæta sömu reglu sem börn þau, er skattgreiðanda er skylt að framfæra. Ennfremur hefur upphæð sú, sem draga má frá fyrir hvern ómaga, verið fastákveðin 75 kr. í stað þess að láta hana vera mismunandi frá 50—100 kr. eftir aldri og ásigkomulagi ómaganna eins og í nefndarfrv. Það virðist vera óþarflega margbrotið að vera að hafa upphæð þessa misháa, og fullkomnum jöfnuði verður eigi náð fyrir það. En sjerstaklega virðist það óviðeigandi að fela stjórnarráðinu að setja reglur um slíkt, sem virðist vera beint löggjafaratriði.

Um 4. gr.

Breyting sú, sem gerð er á fyrsta kafla þessarar greinar, um að tekjur af landbúnaði megi telja fram fyrir það fardagaár, sem yfir stendur þegar tekjuframtalið fer fram, þannig að ætlast sje á um tekjurnar fyrir þann tíma sem eftir er til loka fardagaársins, stendur í sambandi við breytingu á starfstíma skattanefnda,

sem færður er fram til ársbyrjunar. Æskilegast væri, að allar tekjur væru miðaðar við almanaksárið, en það mun samt varla tiltækilegt að skylda bændur til að telja fram tekjur sínar fyrir almanaksárið, því að flestir þeirra munu eiga hægra með að miða við fardagaárið og framtali þeirra mundi að líkindum verða allmikið ábótavant, ef þeir fengju ekki að miða við þann tíma, sem þeir eru vanastir að miða við. Þó að tekjuframtal af landbúnaði verði að nokkru leyti bygt á áætlun gerir það varla mikinn mun, því að líklega mundi framtal allflestra bænda verða bygt á áætlun að meiru eða minna leyti hvort sem væri.

Lágmarkið fyrir skattinum hefur verið fært úr 300 kr. upp í 500 kr. Að leggja beina skatta til landssjóðs á þá, sem minni tekjur hafa getur varla talist fært, ekki síst þegar þess er gætt, að slíkir menn greiða fullkomlega sinn hluta af óbeinu sköttunum.

Um 7. gr.

Hjer hefur verið sett ákvæði um, að vátryggingarfjelög skuli vera undanþegin skattgjaldi. Úti um landið hefir hingað til verið svo miklum erfiðleikum bundið að fá viðunandi brunatryggingar, að ekki þykir fært að gera þá erfiðleika enn meiri með skattálögu, enda mundi erfitt að framfylgja henni.

Um 8. gr.

Því ákvæði í nefndarfrv. hefir verið slept, að verslanir og önnur atvinnufyrirtæki skuli talin sem sjerstakir gjaldendur á þeim stað, þar sem þau eru rekin, enda þótt eigendur þeirra hafi samskonar atvinnurekstur á fleiri stöðum á landinu. Tekjuskattur, sem hækkar eftir tekjuhæð virðist verða að miðast við sjálfar persónurnar, en ekki við atvinnufyrirtækin, því að ef sami maður fær að skifta tekjum sínum í marga hluta, borgar hann langtur minni skatt en ella, því að skatturinn reiknast þá með lægri prósentu. Fyrir skattgreiðendur getur líka stundum komið sjer betur að fá að telja fram tekjurnar í einu lagi t. d. ef tap hefir orðið á einum stað, því að þá má draga það frá gróðanum á hinum. Þar sem að eins er að ræða um landssjóðsskatt virðist langeðlilegast, að skatturinn sje greiddur á sama stað, en tekjurnar mætti eins fyrir því gefa upp sjerstaklega fyrir hvert atvinnufyrirtæki fyrir sig og ætti þá að senda skattanefnd á þeim stað þar sem atvinnufyrirtækið er eftirrit af tekjuframtalinu fyrir þann stað bæði til prófunar á því, hvort það væri rjett, og til leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnina við álagningu skatts.

Um 12. gr.

Eins og aðrir landssjóðssjóðsskattar á tekjuskatturinn að verða innheimtur á manntalsþingum. En vegna þess að manntalsþingin eru sumstaðar haldin svo snemma, að skattanefndir geta ekki verið búnar að ljúka störfum sínum fyrir þann tíma, verður nauðsynlegt að færa manntalsþingin allsstaðar fram í júnímánuð og er sjerstakt frumvarp um það lagt fyrir þingið. Í síðari hluta júnímánaðar ættu allar yfirskattanefndir að hafa lokið störfum sínum, en ef út af því skyldi bregða, verður skatturinn eigi að síður innheimtur á manntalsþingum, en breytingar þær á skattinum, sem hljótast kynnu af úrskurðum yfirskattanefnda eftir þann tíma, koma síðar til leiðrjettingar og er ákvæði um það bætt aftan við 12. gr.

Gert er ráð fyrir, að skatturinn verði í fyrsta sinn innheimtur árið 1915. Stafar það af því, að fasteignarskatturinn getur eigi fyr verið kominn í kring, en rjettast þykir, að báðir hinir nýju skattar komi samtímis til framkvæmda.

Um 14. gr.

Hjer hefir verið sett ákvæði um afnám ábúðar- og lausafjárskattsins og húsaskattarins vegna þess að það virðist eiga hjer fremur heima heldur en í frumvarpinu um fasteignarskatt, því að þessir skattar hafa átt að vera nokkurskonar viðauki við tekjuskattinn og hvíla á þeim tekjum, sem tekjuskatturinn næði ekki til.

---

# Frumvarp til laga

um

## jarðamat.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Allar jarðeignir á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta jarðamat eftir lögum þessum skal fara fram árið 1914 og svo hvert ár, er ártalið endar á 0.

Ef jörð verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið jarðamat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum jörðum, er hækka stórkostlega í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja jörð skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af jörðinni, leigu-

mála þann, sem er eða álíst hæfilegur, verð það, er jörðin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram og virðingar til lántöku og veðsetningar. Jarðir skulu metnar í hundruðum króna og skal matsverð hverrar jarðeignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Við jarðamat skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús og afskift tún og engi með ákveðnum ummerkjum og er sjereign, metin út af fyrir sig hvort sem jörðin hefir áður talist lögbýli eða hjáleiga.

Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er sundurskift milli fleiri eigenda skuli metin í einu lagi, sker stjórnarráðið úr þeim ágreiningi.

4. gr.

Með hverri jörð skal meta hús þau, er henni fylgja og höfð eru til á-búðarnota, nema þau sjeu í eign annars en jarðeiganda, sömuleiðis allskonar hlunnindi og ítök í annara lönd.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

5. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru sameign sveitarmanna og einungis notuð til upprekstur, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrar-rjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu ekki verðlögð sjer í lagi, en við matið skal þeim skift jafnt milli jarða þeirra, er eigna sjer löndin.

6 gr.

Jarðamat skal fram fara í júnímánuði og matið skal framkvæmt af skattanefndum samkvæmt reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Matsgerðir skulu framlagðar 1. dag júlímánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis til loka sama mánaðar. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

7. gr.

Við mat jarða skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að vera viðstaddur og koma fram með þær skýringar, er hann óskar, að teknar verði til greina við matið. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirskattanefndar fyrir 31. dag júlímánaðar. Innan sama tíma er hverjum jarðeiganda heimilt að kæra yfir því, að aðrar jarðir sjeu of lágt metnar. Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kæruna og tilkynnir úrskurðinn kæranda og skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, og er því máli þar með ráðið til lykta.

8. gr.

Yfirskattanefnd skal endurskoða mat allra jarðeigna í umdæmi sínu og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan lagfæra jarðamatið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan septembermánaðarloka skal formaður yfirskattanefndar afgreiða matsgerðirnar til stjórnarráðsins.

9. gr.

Samkvæmt matsgerðum skattanefnda með þeim breytingum, er á jarðamatinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirskattanefnda lætur landsstjórnin semja jarðabók fyrir alt landið, er gildir sem gjaldstofn fyrir fasteignarskatti af jarðeignum um næstu 10 ár, með þeirri takmörkun, sem segir í 1. gr. Jarðabókin skal prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati jarða milli þess, sem lögákveðið jarðamat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Allan jarðamatskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá, er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið jarðamat fer fram greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um $^1/_{10}$ eða meira.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

---

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er komið frá skattamálanefndinni, sem skipuð var árið 1907, og stendur það í sambandi við frumvarp um fasteignarskatt, sem einnig er lagt fyrir þingið. Á frumvarpi nefndarinnar hefir að eins verið gerð sú breyting á 4. gr., að hús á jörð, sem ekki eru eign jarðareiganda, skuli ekki metin með jörðinni. Það virðist ekki sanngjarnt, að jarðeigandi greiði skatt af öðrum fasteignum en þeim, sem hann á, einkum þar sem hann hefir ekki rjett til að krefjast endurgjalds af leiguliða nema á litlum hluta skattsins, en á sumum jörðum eru dýrar húseignir, sem mundu hleypa allmikið fram verði jarðarinnar, eign leiguliða.

# Frumvarp til laga

um

## fasteignarskatt.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Af öllum fasteignum skal gjalda skatt í landssjóð eftir matsverði $^{2}/_{10}$ af hundraði.

Eigandi skal greiða skatt þennan, en á jörðum, sem eru í leiguábúð, þegar lög þessi koma til framkvæmda getur eigandi krafist endurgjalds á $^{1}/_{3}$ skattsins af leigjanda þar til nýr samningur er gerður.

2. gr.

Eignir þær, sem skatturinn hvílir á, eru:

a. Jarðeignir, hvort heldur bændaeignir eða þjóðeignir, eignir kirkna og prestakalla, kristfjárjarðir eða aðrar fátækraeignir, eignir sveitarfjelaga og bæjarfjelaga eða stofnana, hverju nafni sem nefnast.

b. Húseignir með lóðum í kaupstöðum og verslunarstöðum, svo og önnur hús og lóðir, sem ekki eru metin með jörð t. d. þurrabúðir og grasbýli.

e. Óbygðar lóðir í kaupstöðum og verslunarstöðum, svo og aðrar óbygðar lóðir og lendur, sem eru fráskildar jarðeignum og eigi hafðar til ábúðarnota. Ennfremur sjerskilin jarðarítök og hlunnindi, svo sem námur, varplönd, veiðiár, fossar, rekarjettindi o. fl.

Undanþegin skattinum eru hús þau og lóðir, ítök og hlunnindi, sem eru þjóðeign eða til almenningsþarfa, svo sem kirkjur, skólar, sjúkrahús o. fl. Enn fremur eru undanþegnar fasteignarskatti húseignir og lóðir, ítök og hlunnindi, ef þetta nemur eigi alls 300 króna virði í eigu sama manns. Verði ágreiningur um, hvort eign sje undanþegin skatti, sker stjórnarráðið úr. Ef þeir, sem hlut eiga að máli, vilja ekki hlíta þeim úrskurði, er þeim heimilt að leggja málið undir úrslit dómstólanna.

3. gr.

Á jarðeignir legst skatturinn eftir gildandi jarðamati. Á húseignir og lóðir, ítök og hlunnindi skal hann lagður eftir virðingu skattanefndar; sje hús og lóð ekki sameign, skal það virt hvort í sínu lagi. Öll nánari ákvæði um virðingu húsa og lóða, ítaka og hlunninda skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, skiftist í fleiri parta, og eigendur æskja þess, að hver hluti sje skoðaður sem sjálfstæð eign og talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera sig upp um það við lögreglustjóra, en hann leggur málið undir úrskurð stjórnarráðsins.

4. gr.

Fasteignarskatt skal eigandi og umráðamaður greiða í því lögsagnarumdæmi, þar sem eignin liggur. Ef eigandi eða umráðamaður er þar ekki heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann til að standa skil á skattinum.

5. gr.

Fasteignarskattur skal í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

6. gr.

Skatt þenna skulu sýslumenn og bæjarfógetar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skifti árið 1915.

7. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögunum að hækka og lækka fasteignarskatt fyrir eitt fjárhagstímabil í senn.

---

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er komið frá skattamálanefndinni, sem skipuð var árið 1907, og vísast til ástæðanna fyrir því í áliti nefndarinnar. Á frumvarpi nefndarinnar hefir stjórnin gert tvær breytingar. Önnur er við 1. gr. um, að á jörðum, sem eru í leiguábúð þegar lögin koma til framkvæmda, geti eigandi krafist endurgjalds á $^1/_3$ skattsins af leigjanda, þar til nýr leigusamningur er gerður, í stað þess að eftir nefndarfrumvarpinu átti hann að geta krafist endurgjalds á öllum skattinum af leiguliða. Þetta ákvæði hefir nefndin sett með tilliti til þess, að ábúandi geti sagt upp, ef hann vill ekki borga skattinn, en það virðist nokkuð hart, ef skatturinn á ekki að rjettu lagi að hvíla á honum. Önnur ástæða nefndarinnar fyrir þessu ákvæði er sú, að skatturinn komi í staðinn fyrir ábúðarskattinn, sem greiðist af ábúanda, en þetta virðist ekki rjett, því að ábúðarskatturinn átti jafnframt lausafjárskattinum að vera tekjuskattur af landbúnaði, en á þær tekjur á að leggjast tekjuskattur jafnhár sem á aðrar tekjur. Það er því tekjuskatturinn, sem kemur bæði í staðinn fyrir ábúðar- og lausafjárskattinn. Það er mjög hætt við, að fasteignarskatturinn komi að allmiklu leyti til þess að hvíla á leigjendunum, að minsta kosti í kaupstöðunum. Þó verða líklega eigendurnir að bera nokkuð af skattinum sjálfir, að minsta kosti það sem svarar til verðs lóðanna. Aftur á móti er nokkuð vafasamara, hvort jarðeigendur muni geta velt skattinum yfir á leiguliða. Að líkindum kemur skatturinn víðast til að hvíla á báðum pörtum, eiganda og leigjanda, en sjálfsagt töluvert mismunandi á ýmsum stöðum. Fyrir því virðist rjettast að skifta skattinum á milli eiganda og leiguliða á jörðum þeim, sem eru í leiguábúð þegar lögin ganga í gildi, og með tilliti til þess, að eignartekjur þola að öðru jöfnu hærri skattálögu en aðrar tekjur, eru hjer $^2/_3$ skattsins lagðir á eiganda, en $^1/_3$ á leigjanda. Til samanburðar skal þess getið, að í dönsku lögunum frá 1903 um fasteignarskatt, sem eru með líku sniði,

sem skattur sá, er hjer um ræðir, eru í líkum tilfellum $^{3}/_{5}$ skattsins lagðir á eiganda, en $^{2}/_{5}$ á leiguliða, og er þar þó sjerstakur eignarskattur auk tekjuskatts og fasteignarskatts.

Á 2. gr. hefir sú breyting verið gerð, að lágmark skattsins af húseignum og lóðum, ítökum og hlunnindum hefir verið hækkað úr 100 kr. upp í 300 kr. Þetta hefir mjög litla fjárhagslega þýðingu, en minsta skattupphæð verður þá 60 au. í stað þess að hún var 20 au. samkvæmt nefndarfrumvarpinu, en það tekur því varla að innheimta svo smáar skattupphæðir, því að það munar svo lítið um þær, en innheimtan getur samt orðið erfiðleikum bundin.

Samkvæmt 6. gr. á fyrst að innheimta skattinn árið 1915, því að fyrst verður að virða allar jarðeignir og húseignir á landinu, en þeim virðingum getur eigi orðið fyllilega lokið fyr en haustið 1915.

---

# Frumvarp til laga

um

## breyting á og viðauka við tilsk. 15. ágúst 1832, 15. gr.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

Aftan við 15. gr. bætist:

Nú mætir aðili einkamáls, sem flutt er fyrir rjetti í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, ekki sjálfur nje heldur neinn þeirra manna, er N. L. 1—9—14 greinir, fyrir hans hönd, og er aðila þá að eins heimilt að fela þeim manni einhverjum, er lokið hefir lagaprófi, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, sem lögfræðingar skipa, og að öðru leyti fullnægir skilyrðum til embættisgengis hjer á landi, meðferð málsins fyrir rjetti. Feli aðili öðrum, en þeim er nefndir voru, umboð sitt, skal svo álitið, sem hann hafi hvorki mætt né látið mæta við dómsathöfn

þá, er um ræðir. Framangreind ákvæði gilda um mót aðila við allar dómsathafnir í einkamálum, er fram eiga að fara í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur að undanteknum uppboðs-, skifta- og fógetagerðum.

Stjórnarráðið getur veitt mönnum, sem að minsta kosti seinustu 3 árin áður en lögin gengu í gildi, hafa að staðaldri fengist við málsfærslu fyrir undirrjetti í Reykjavík, leyfi til málflutnings þar eftir sömu reglum og núgildandi lög hafa inni að halda, enda sjeu umsóknir um slík leyfi komnar til stjórnarráðsins innan þriggja mánaða eftir að lög þessi ganga í gildi.

---

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórn málaflutningsmannafjelags Íslands hefir farið þess á leit, að lagt væri fyrir alþingi frumvarp til laga um breytingu á eða viðauka við 15. gr. í tilskipun 15. ágúst 1832, þess efnis, að þeir einir, sem lokið hafa prófi, sem aðgang veitir að þeim embættum hjer á landi, er lögfræðingar skipa, skuli hafa rjett til að flytja mál í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nema aðili sjálfur eða einhver þeirra manna, er N. L. 1.—9.—14. greinir, flytji málið. Á hinn bóginn á samkvæmt tillögum nefnds fjelags hver sá, er umgetnu lagaprófi hefir lokið og fullnægir að öðru leyti skilyrðum fyrir embættisgengi hjer á landi að hafa greindan málaflutningsrjett.

Frumvarp það, er stjórn málaflutningsmannafjelagsins hefir samið og hjer fer á undan, hefir verið borið undir bæjarfógetann í Reykjavík, og hefir hann fallist á það. Lætur hann í ljósi í brjefi sínu til stjórnarráðsins, að venjulega sje hagsmunum aðila betur borgið, ef lögfróður maður flytur málið heldur en ólögfróður.

Ennfremur tekur bæjarfógetinn fram, að lagabreyting sú, er hjer er farið fram á, mundi í reyndinni ekki þröngva kosti málsaðila að neinum mun, því að hin síðari árin hafi flestöll mál verið flutt fyrir undirrjettinum í Reykjavík af lögfræðingum, að undanteknum nokkrum hluta hinna minni skuldamála.

Með því að stjórnin getur ekki álitið umrædda lagabreytingu á neinn hátt varhugaverða, heldur miklu fremur til bóta, hefir hún aðhylst þessa tillögu.

Lagafrumvarp þetta tekur til allra einkamála, eigi einungis frumsakar, heldur einnig til eiða-, mats- og vitnamála. Hins vegar þykir ekki ástæða til þess, að láta frumvarpið taka til fógeta-, skifta- eða uppboðsgerða.

Til þess að þeim ólöglærðu mönnum, sem nú hafa atvinnu af málflutningsstörfum hjer í bænum, verði ekki gerður skaði með frumvarpinu, hefir það inni að halda heimild fyrir stjórnarráðið til þess, að veita þeim leyfi til þess að halda þeim störfum áfram, ef þeir óska.

# Frumvarp til laga

um

## breyting á lögum 15. okt 1875, um laun íslenskra embættismanna.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Biskup hefir í árslaun 5000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka um 300 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 6500 kr.

2. gr.

Landritari hefir í árslaun 5000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka um 300 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 6500 kr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa 3600 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ári fresti upp í 4800 kr.

3. gr.

Forstjóri landsyfirrjettarins hefir 5000 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 300 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 6500 kr.

Aðrir dómendur í landsyfirrjettinum hafa 4000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 5000 kr.

4. gr.

Póstmeistarinn, landssímastjórinn og verkfræðingur landssins hafa 4000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 5000 kr.

5. gr.

Forstöðumaður mentaskólans hefir 3200 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann leigulausan bústað í skólahúsinu eða 600 kr. í uppbót fyrir embættisbústað.

Yfirkennari mentaskólans hefir 3600 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 4200 kr.

Aðjunktar við mentaskólann hafa 2400 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 3600 kr.

Tímakennarar við hinn almenna mentaskóla, sem kenna að minsta kosti 24 stundir á viku, skulu nefndir aukakennarar, og hafa 2000 kr. að árslaunum.

6. gr.

Þeir embættismenn, sem nú eru í embættum, mega telja með til launahækkunar samkvæmt lögum þessum þau ár, sem þeir hafa verið í núverandi em-

bætti. Þeir embættismenn, sem samkvæmt gildandi lögum hafa hærri laun en hjer eru ákveðin, skulu einskis í missa.

7. gr.

Lög nr. 23, 9. desember 1889, um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenskra embættismanna, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi, eru felld úr gildi.

8 gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. januar 1914.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Dómendurnir í landsyfirrjettinum hafa með brjefi, dags. 3. febr. 1913, leitt athygli stjórnarráðsins að því, að launakjör þau, sem dómendurnir í yfirdóminum eiga við að búa, sjeu allmjög á eftir tímanum, og eigi viðunanleg eins og nú háttar. Í annan stað hafa kennararnir við hinn almenna mentaskóla í brjefi, dags. 12. desbr. 1912, farið þess á leit að laun þeirra verði bætt. Taka þeir það fram, að launakjör þeirra sjeu nú orðin alls kostar ólífvænleg, og neyðist þeir því til að beiðast launahækkunar, og óska þeir jafnframt að launum þeirra verði þannig komið fyrir, að þau fari hækkandi með hækkandi embættisaldri, en nú hagar svo til, að það er undir hendingu komið, hvenær kennari með 2000 kr. byrjunarlaunum fær 2400 kr., eða hvenær kennari með 2400 kr. árslaunum fær 2800 kr. Þannig hefir það komið fyrir að kennari hefir ekki setið nema árlangt við lægstu launakjör, en aftur hafa aðrir átt við þau að búa allt að 10 árum.

Með því að þessar kvartanir hafa að áliti stjórnarráðsins við mikil rök að styðjast, hefir stjórnarráðið ekki sjeð annað fært en að taka launakjör þessara embættismanna til athugunar.

Það hefði ef til vill þótt rjettara, að taka launakjör allra embættismanna og starfsmanna landsins til gagngerðrar endurskoðunar í heild sinni, og verður stjórnin að vísu að viðurkenna að innan fárra ára reki að því, að athuga þurfi laun annara embættis- og starfsmanna, en til þess vantar að svo stöddu nægan undirbúning, og hvað laun sýslumanna og bæjarfógeta sjerstaklega snertir, sem að nokkru leyti byggjast á innheimtulaunum af tollgjöldum, virðist jafnvel nauðsynlegt að skattamálum landsins verði komið í fastara horf áður en laun þeirra eru endurskoðuð.

Að þessu sinni hefir stjórnarráðið því sjerstaklega tekið til athugunar launakjör embættismanna hjer í Reykjavík. Þau eru nú aðallega ákveðin í lögum nr. 23, 9. desbr. 1889, um breytingu á lögum 15 okt. 1875 um laun íslenskra embættismanna. Samkvæmt þeim lögum hefir biskup að árslaunum 5000 kr., forstjóri yfirrjettarins 4800 kr. og aðrir dómendur 3500 kr., forstöðumaður hins almenna mentaskóla 3600 kr. auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu eða 400 kr. í húsaleigustyrk, yfirkennari 3200 kr., 1. og 2. kennari 2800 kr. 3. og 4. kennari 2400 kr. og 5 kennari 2000 kr.

Svo sem tekið hefir verið fram í athugasemdum við frumvarp til laga um laun háskólakennara, er lagt var fyrir alþingi 1909 (Alþtíð. A. 186—192), eru laun embættismanna orðin of lág, sjerstaklega laun kaupstaðarembættismanna. Er þar sýnt fram á að allar lífsnauðsynjar hjer í bænum hafi hækkað mjög í verði hin síðari árin; telst Sighvati bankastjóra Bjarnasyni, er það mál hefir rannsakað, svo til, að árið 1908 hafi verið 50% dýrara að lifa hjer en 1875, en 35—40% dýrara en 1889, en hin 4 síðustu árin er það alkunnugt, að húsaleiga og allar aðrar lífsnauðsynjar hafa hækkað enn mikið. Það er því ljóst að laun þau, er þóttu hæfileg 1889, eru nú alveg ólífvænleg. Þetta hefir og alþingi 1909 viðurkennt, þarsem laun prófessoranna við háskólann voru ákveðin 3000 kr. hækkandi upp í 4800 kr.

Eins og í lögunum um laun háskólakennaranna er þeirri reglu fylgt í lagafrumvarpi þessu að láta launin fara hækkandi með hækkandi embættisaldri. Þessu nýmæli, sem er í sjálfu sjer sanngjarnt og nú tíðkast í löggjöf allra norðurlandaþjóða, hefir verið vel tekið á alþingi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Við 1. gr. Laun biskups eru nú ákveðin 5000 kr. Lagt er til að þessi launaupphæð haldist óbreytt sem byrjunarlaun, en hækki síðan um 300 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 6500 kr.

Við 2. gr. Í lög þessi hefir þótt eðlilegt að taka laun landritara og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu.

Laun landritara eru nú 6000 kr.; er lagt til að byrjunarlaun þess embættis verði eftirleiðis 5000 kr., en hækki síðan um 300 kr. á hverjum 3ja ára fresti upp í 6500 kr. á sama hátt og laun biskups.

Skrifstofustjórarnir í stjórnarráðinu hafa nú 3500 kr. árslaun; er lagt til að laun þeirra verði 3600 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækki um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 4800 kr. Þarsem nauðsynlegt er að embætti þessi sjeu skipuð velfærum mönnum er auðsætt að þau mega ekki vera lakar launuð en bæjarfógetaembætti og hin betri sýslumannsembætti, auk þess sem öll sanngirni mælir með því að þau sjeu launuð á líkan hátt og prófessoraembættin við lagadeildina. Að byrjunarlaunin eru sett nokkuð hærri en prófessoralaunin, kemur til af því, að til prófessora verða að öllum jafnaði skipaðir ungir menn, er hæfileika og áhuga hafa í vísindalega átt, en til skrifstofustjóra verða aðallega teknir menn, sem um lengri tíma hafa starfað í umboðsstjórninni, og því hæpið, að menn fengjust í þær stöður t. d. úr sýslumannaembættum fyrir lægri byrjunarlaun.

Við 3. gr. Samkvæmt gildandi lögum hefir forstjóri yfirdómsins 4800 kr. árslaun, og hinir yfirdómendurnir 3500 kr. Þessi embætti eru svo mikilsvarðandi fyrir landið, að nauðsynlegt er að þau sjeu svo launuð að þangað fáist hinir reyndustu og hæfustu lögfræðingar landsins, og í engum embættum er eins áríðandi að embættismennirnir sjeu svo launaðir, að þeir gefi sig eingöngu við embættisstörfum sínum, en sjeu ekki neyddir til að leita sjer annarar atvinnu. Nú er svo komið, að öll bæjarfógetaembætti landsins og mörg sýslumannsembættin og prófessoraembættin við lagadeildina eru svo búin að tekjum, að þau eru eftirsóknarverðari en yfirdómaraembættin. Gæti það leitt til þess að hinir efnilegustu lögfræðingar vorir sæki í þessi embættin, en gangi fram hjá yfirdóminum, en það væri vissulega ekki æskilegt fyrir þjóðfjelagið, ef þangað fengjust ekki aðrir en þeir, sem ekki ættu völ á öðru en hinum rýrari embættum landsins.

Við 4. gr. Laun póstmeistara eru í lögunum 15. okt. 1875 ákveðin 1700 kr. á ári, en á núgildandi fjárlögum er núverandi póstmeistara veitt 4000 kr. árslaun. Laun landssímastjórans eru með lögum nr. 31, 16. nóv. 1907, ákveðin 3500 kr., en í viðbót við þau laun er núverandi landssímastjóra veitt 1500 kr. persónuleg launaviðbót. Bæði þessi embætti eru mjög þýðingarmikil; þeim fylgir báðum mjög mikil peningaábyrgð, og á þeim hvílir eftirlit með fjölda starfsmanna. Það er því mjög undir því komið, að í þessar stöður veljist menn ekki að eins vel undirbúnir og með nægri reynslu, heldur verða þeir einnig að hafa ágæta stjórnarhæfileika, ef þessi störf eiga að fara vel úr hendi. Það verður því að telja það frágangssök að laun þessara embættismanna sjeu ákveðin lægri en farið er fram á, 4000 kr. byrjunarlaun hækkandi upp í 5000 kr. Fyrir alþingi verður lagt frumvarp til laga um að verkfræðingur landsins verði gerður að föstum embættismanni með eftirlaunarjetti. Þarsem þetta embætti er samskonar forstjórastarf fyrir megingrein í umboðsstjórninni eins og hin áðurnefndu 2 embætti, og eigi þýðingarminni, verður að telja sjálfsagt að það sje launað jafnhátt þeim, enda er launakjörum æfðra verkfræðinga nú svo komið, að engin trygging er fyrir að landið geti haldið hæfum manni í þeirri stöðu fyrir minni laun.

Við 5. gr. Forstöðumaður mentaskólans hefir nú 3600 kr., og að auki leigulausan bústað í skólanum eða 400 kr. í húsaleigustyrk. Í lagafrumvarpi þessu er lagt til að hann hafi 3200 kr. að byrjunarlaunum hækkandi upp í 4200 kr., og að auki leigulausan bústað í skólahúsinu eða í þess stað 600 kr. til endurgjalds fyrir embættisbústað. Eins og nú er komið húsaleigu hjer í bænum getur rektorsíbúðin í skólanum ekki reiknast lægra en 600 kr., en hinsvegar má gera ráð fyrir að með vaxandi aðsókn að mentaskólanum, og ekki síst ef lærdómsdeildinni væri skift í máladeild og stærðfræðisdeild, geti rekið að því innan skamms að taka þurfi rektorsíbúðina eða dyravarðaríbúðina undir kenslustofur.

Laun rektors eru í frumvarpi þessu ákveðin á líkan hátt og laun prófessoranna við háskólann, þannig eiga þau að viðbættum húsaleigustyrk að geta hækkað upp í 4800 kr.

Um laun adjunktanna er sú leið farin, að láta þá alla hafa að byrjunarlaunum 2400 kr. árslaun, er svo hækki um 200 kr. á hverjum þriggja ára fresti upp í 3600 kr. Er þá kennarinn búin að fá hæstu laun eftir 18 ára embættisþjónustu. Er í hinum almennu athugasemdum hjer að framan gjört grein fyrir, að þetta er miklu eðlilegri og rjettlátari mælikvarði fyrir aldursviðbót en sá er nú er ákveðinn, að láta launahækkunina vera komna að miklu leyti undir tilviljun.

Eins og nú er komið bekkjafjölda í mentaskólanum er orðin mikil nauðsyn á tímakennurum, en þarsem það verður að teljast óheppilegt að verða að sjá á bak vel hæfum tímakennurum, er lagt til að tímakennarar, sem kenna að minsta kosti 24 stundir á viku við skólann, fái 2000 kr. þóknun fyrir starf sitt, og nefnist aukakennarar. Má fullyrða að eftirsóttir kennarar fáist ekki að skólanum fyrir minni borgun.

Til gleggra yfirlits fer hjer á eftir skrá yfir laun embættismanna þeirra, er ræðir um í frumvarpi þessu, eins og þau nú eru og eins og þau mundu verða, ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

# Skrá

um núverandi laun embættismanna þeirra, er ræðir um í lagafrumvarpi þessu, byrjunarlaun þeirra samkvæmt lagafrumvarpinu, og laun þeirra með aldursviðbót 1. janúar 1914.

| Embættin. | Núverandi laun. | Byrjunarlaun samkv. frumv. | Aldursviðbót miðað við 1. jan. 1914. |
|---|---|---|---|
| | Kr. | Kr. | Kr. |
| Biskup | 5,000 | 5,000 | 300 |
| Landritari | 6,000 | 5,000 | [1]) 1,000 |
| Skrifstofustjóri í stjórnarráðinu | 3,500 | 3,600 | 600 |
| — — | 3,500 | 3,600 | 600 |
| — — | 3,500 | 3,600 | 200 |
| Justitiarius | 4,800 | 5,000 | 300 |
| 1. meðdómandi í landsyfirrjettinum | 4,000 | 4,000 | 1,000 |
| 2. — — | 3,500 | 4,000 | 200 |
| Póstmeistari | 4,000 | 4,000 | 1,000 |
| Landssímastjóri | 5,000 | 4,000 | [1]) 1,000 |
| Verkfræðingur landsins | 3,000 | 4,000 | „ |
| Forstöðumaður mentaskólans | 3,600 | 3,200 | [2]) „ |
| Yfirkennari | 3,200 | 3,600 | 400 |
| 1. kennari | 2,800 | 2,400 | 1,200 |
| 2. — | 2,800 | 2,400 | 1,000 |
| 3. — | 2,400 | 2,400 | 800 |
| 4. — | 2,400 | 2,400 | 600 |
| 5. — | 2,000 | 2,400 | 400 |
| | 65,000 | 64,600 | 10,600 |

1) Launaviðbót landritara er talin samkvæmt þeim launum, er því embætti eru nú lögð, og laun landssímastjóra með persónulegri launaviðbót við hann samkvæmt gildandi lögum.

2) Laun rektors eru talin án húsaleigustyrks. Aldursviðbót er þar engin talin, með því að gengið er út frá að núverandi rektor hafi fengið lausn frá embætti sínu 1. jan. 1914.

Tafla þessi sýnir að byrjunarlaun embættismannanna samkvæmt lagafrumvarpi þessu eru nokkuð lægri en laun þeirra samkvæmt gildandi lögum; aldursviðbót sú, er þeir samkvæmt frumvarpinu mundu hafa rjett til 1. jan. 1914, og að viðbættri persónulegri launaviðbót við núverandi landritara og landssímastjóra, nemur samtals 10,600 kr. Svarar það rúmlega til 16% launahækkunar. Þessi hækkun nemur, svo sem að framan hefir verið sýnt fram á, ekki meiru en hjer umbil 1/8 hluta af því, er allar lífsnauðsynjar hafa hækkað í verði síðan 1889.

# Frumvarp til laga

um

## breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Árið 1915 og upp frá því skulu manntalsþing í hverri sýslu byrja um miðjan júnímánuð og skal þeim síðan fram haldið án tafar með nauðsynlegu millibili, en ef út af því bregður, ber sýslumanni að innfæra í þingbókina þá skýrslu, er við þarf, um orsökina til þess.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numið opið brjef 30. mars 1843 viðvíkjandi því tímabili, á hverju manntalsþingin á Íslandi eigi að haldast, opið brjef 18. ágúst 1850 um hvenær manntalsþing skal halda í Norður-Múlasýslu, og opið brjef 9. júní 1863 um breytingu á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta stendur í sambandi við frumvörpin um tekjuskatt og skattanefndir. Skattanefndir þær, sem þar er gert ráð fyrir, geta eigi byrjað svo snemma á störfum sínum, að skattálagningunni sje fyllilega lokið á þeim tíma, er manntalsþingin eru nú háð. En með því að nauðsynlegt virðist, að skatturinn sje heimtur sama árið sem hann er lagður á, og ekki þykir hins vegar ráðlegt að gera undantekningu á þessum skatti frá innheimtu á manntalsþingum, þá er hjer stungið upp á að ákveða, að manntalsþing skuli um land alt fara fram í síðari hluta júnímánaðar. Í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem nú er leyft að fresta manntalsþingum þangað til í júní eða júlí (í Norður-Múlasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Barðastrandasýslu) virðist lítið geta verið því til fyrirstöðu, að þau geti verið til lykta leidd fyrir júnímánaðarlokin, og í þeim sýslum, þar sem þau hafa verið haldin í maímánuði, getur ekkert verið því til fyrirstöðu að fresta þeim. Jafnvel í Skaftafellssýslum, þar sem manntalsþingin hafa verið leyfð í apríl vegna erfiðleika við ferðalög af vatnavöxtum síðar að vorinu, eru nú ástæður breyttar að því leyti, að nú er viðhaldið færum vegi yfir Breiðamerkurjökul, enda hefir og póstferðum stöðugt orðið haldið þar uppi um sýsluna og ætti þá sýslumaðurinn eins að geta komist leiðar sinnar.

# Frumvarp til laga

um

## sparisjóði.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem allra tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eður sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eður reglugerð til staðfestingar og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eður reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
b. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
c. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1914 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eður reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eður aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje, hlutafje eða ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eður vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári, nema því að eins að varasjóður sparisjóðsins sje að minnsta kosti 20% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar eður leyfis stjórnarráðs mega engir aðrir en reglulegir sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Allar viðskiftabækur við sparisjóði skulu innihalda ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðs, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers einstaks sparisjóðs mega eigi færri vera en 3 menn. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Það skal jafnan nægilega kunngert hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vítavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir augljósa handvömm eður óráðvendni sparisjóðsstjórnar eður einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eður annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum, nema fulltrygt fasteignarveð eða handveð sje fyrir. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

Enginn stjórnandi nje starfsmaður sparisjóðs má greiða atkvæði um lán handa sjálfum sjer úr sjóðnum.

8. gr.

Um stjórnarkosning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í lögum hvers sparisjóðs um sig. Þó hefir stjórnarráðið heimild til að setja nánari reglur um stjórnarkosningar, sjeu ákvæðin í lögum sparisjóðsins í þessu efni eigi nógu skýr eða fullnægjandi.

Allar stjórnarkosningar skal tafarlaust tilkynna umsjónarmanni sparisjóða.

9. gr.

Við hvern einstakan sparisjóð skulu jafnan vera að minnsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari. Ef þeir hafa enga borgun fyrir starf sitt mega þeir jafnframt eiga sæti í stjórn sjóðsins.

Eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann nema 2 af starfsmönnum sjóðsins eður stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig.

Fyrir öllum greiðslum í sjóðinn skal gefa kvittun, er undirrituð sje af báðum þessum mönnum.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir sem sparisjóðsfjehirði. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingarinnar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóða.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei borga út neina upphæð nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal hin útborgaða upphæð þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku þó viðskiftabók sje eigi sýnd. Skal þá gefa sjerstaka kvittun fyrir innlögunum og þess getið á kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til að upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Sjerhver innstæðueigandi í sparisjóði skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilfærð hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eður bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig færa yfir allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá yfir alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers einstaks gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Heimilt er stjórnarráðinu að fyrirskipa nánari reglur um bókfærslu sparisjóða, eftir tillögum umsjónarmanns.

13. gr.

Aldrei má veita neitt lán úr sparisjóði nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðarinnar.

Eigi má samanlögð upphæð lána þeirra, er sparisjóður veitir eingöngu gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna, nokkru sinni nema meiru en þriðjungi af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og mega þau aldrei eldri verða en 10 ára áður innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið.

Víxillán, sem eigi eru tryggð með veði, má sparisjóður því að eins veita,

að samanlögð upphæð víxlanna fari aldrei fram úr tíunda hluta af öllu sparisjóðsinnstæðufje sjóðsins.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eður meira, er jafnan skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 16. gr.), innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eður að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eður önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð.

Hlutabrjef má sparisjóður eigi kaupa önnur en þau, er stjórnarráðið samþykkir, að fengnum tillögum umsjónarmanns sparisjóða.

Þegar verðbrjef eður hlutabrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs.

Verðbrjefa eða hlutabrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis stjórnarráðsins mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eður verðbrjef til tryggingar slíkum lánum, sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði frádregnum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til innlausnar á hlutafje eður til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða nema því að eins, að eignir hans nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóðanna, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Af eignum varasjóðs hvers einstaks sparisjóðs skal jafnan vera svo mikið handbært í peningum, innieign hjá bönkum eður í auðseldum tryggum verðbrjefum, að það nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsfjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýjári til nýjárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera fullsaminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur form fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi jafnan gætur að því, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eður starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Ella sendi þeir umsjónarmanni sparisjóðanna skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðinu er heimilt að setja nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins, ábyrgðarmenn eður aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi umsjónarmanns sparisjóða, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks þegar á þarf að halda, getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins taka svo ákvörðun um það, hvort sjóðurinn skuli tekinn til gjaldþrotameðferðar eður eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður eigi muni fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það umsjónarmanni sparisjóða og hann síðan stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef að sparisjóður af einhverjum ástæðum leggst niður og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins þær er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að alt að tveimur þriðjungum af eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í. Afgangurinn rennur í landssjóð.

22. gr.

Stjórnarráðið skipar umsjónarmann til að hafa eftirlit með öllum sparisjóðum og starfsemi þeirra. Nefnist hann umsjónarmaður sparisjóða. Árslaun hans eru 1200 krónur, og greiðast þau úr landssjóði. Í fjárlögunum skal veita hæfilega upphæð til ferðakostnaðar hans og dagpeninga á eftirlitsferðum. Dagpeningar teljast 5 kr. fyrir dag hvern, er hann er fjarverandi frá heimili sínu.

23. gr.

Umsjónarmaður sparisjóða hefur, undir yfirumsjón stjórnarráðsins, nákvæmt eftirlit með starfsemi allra sparisjóða á landinu og getur í því skyni krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og alt fyrirkomulag. Samrit af ársreikningum allra sparisjóða skal senda honum jafnskjótt og reikningarnir eru samdir. Ennfremur athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara eður sparisjóðsstjórnar.

Umsjónarmaður semur og sendir stjórnarráðinu á ári hverju skýrslu um alla sparisjóði á landinu og starfsemi þeirra. Ágrip af skýrslu þessari skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Heimilt er umsjónarmanni sparisjóða með samþykki stjórnarráðs í einstökum tilfellum að fela öðrum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð að reka eftirlit það með sparisjóðum, sem honum er falið samkvæmt lögum þessum. Kostnað við þetta má greiða af ferðakostnaðarfjenu eftir nánari ákvörðun stjórnarráðs.

Stjórnendum sparisjóða og starfsmönnum er skylt að láta umsjónarmanni og umboðsmanni hans svo og stjórnarráðinu í tje skýrslur þær og upplýsingar um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsyn kann að þykja á að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 krónum á dag, ef óhlýðnast er.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa umsjónarmanni sparisjóða.

Vanræki umsjónarmaður skyldur sínar getur stjórnarráðið vikið honum frá.

24. gr.

Sjerhverjum sparisjóði á landinu er skylt að greiða í landssjóð árgjald, er miða skal við innstæðufje hans við árslok næst á undan. Skal árgjald þetta nema 1 af þúsundi af sparisjóðsinnstæðufjenu og skal greitt fyrir júnímánaðarlok ár hvert.

25. gr.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast á einhvern hátt, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar á Íslandi, með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, má útborga þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, þar fyrir geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

26. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

27. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú eru reknar samkvæmt sjerstökum lögum, svo sem t. d. Söfnunarsjóðs, Landsbankans, Íslandsbanka nje útbúa tjeðra banka.

28. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renna í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

30. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er hjer með úr lögum numin.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan sparisjóðir fyrst voru stofnaðir hjer á landi eru nú liðin full 40 ár, og hefir starfsemi þeirra stöðugt farið vaxandi á þessu tímabili. Sparisjóðsrekstrinn hefir þó alt til þessa eigi verið háður neinu eftirliti af hálfu hins opinbera, að heita má.

Hjá öðrum þjóðum þykir ekki annað hlýða en að allstrangt opinbert eftirlit sje haft með öllum rekstri sparisjóða. Svo er almennt litið á, að þingi og stjórn sje skylt að hafa hönd í bagga, reisa skorður við því, að fje það, sem almenningur fær slíkum sjóðum til geymslu, fari forgörðum og tryggia það, að fjeð geti fengist útborgað, eftir settum reglum, þegar á þarf að halda. Eru í því efni ýms lagaákvæði skráð og ýmsar reglur settar eftir því, sem við eiga þykir hjá hverri þjóð fyrir sig.

Einu lagaákvæðin, sem hjer á landi eru í gildi og beint snerta sparisjóði eingöngu, er tilsk. 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði, en fyrirmæli tilskipunar þessarar eru sumpart úrelt og sumpart svo ónóg, að eigi má telja lengur viðunandi. — Fyrir því hefur stjórnarráðinu þótt nauðsyn bera til að fá leidd í lög nokkur ýtarlegri fyrirmæli um sparisjóðsrekstur hjer á landi, ekki síst þar sem farið þykir að brydda á því, að ekki muni allstaðar með öllu tryggt lengur fyrir sparisjóðsinnstæðueigendur að láta sparisjóði jafnlausa við opinbert eftirlit og verið hefir hingað til. — Eiga ákvæðin í framanrituðu lagafrumvarpi að miða að því fyrst og fremst að vernda sem mest rjett innstæðueigenda og tryggja það, að fje þeirra sje jafnan óhult. Hinsvegar hefir þó eigi þótt fært að fyrirskipa, að svo komnu, jafnstrangar reglur um sparisjóðsrekstur hjer á landi eins og víða eru í öðrum löndum, með því að landshættir hjer og viðskiftalíf er svo frábrugðið því, sem er hjá öðrum þjóðum.

Um nokkrar hinna einstöku greina lagafrumvarpsins skal tekið fram það, er hjer segir:

Um 2. gr.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, verður að telja það sjálfgefið, að stjórnarráðið hafi afskifti af og eftirlit með, að lög og reglugerðir, bæði þeirra sparisjóða, sem nú eru, og þá eigi síður sjóða þeirra, sem hjer eftir kunna að verða stofnaðir, sjeu í sem mestu samræmi við hin almennu lög um sparisjóði. Hinsvegar þykir rjett að tilgreina í lagafrumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, nokkur af ákvæðum þeim, sem ekki má sleppa úr lögum eða reglugerðum hinna einstöku sparisjóða. Til þess að beita allri nærgætni við sparisjóði þá, sem nú eru stofnaðir, þykir rjett að veita þeim ríflegan frest til að leita stjórnarráðsstaðfestingar á lögum þeirra eður reglugerðum. — Ennfremur mun mega telja bæði sanngjarnt og hættulaust að veita slíkum sjóðum, eftir því sem stjórnarráðinu virðist ástæða til, undanþágu í einstöku óverulegum atriðum frá ákvæðum laga þessara, en þó einkum nægilega rífan frest til þess, að laga það, sem ábótavant er, og koma, sparisjóðsrekstrinum í það horf, sem lögin áskilja. En á þessu munu nú talsverðar misfellur hjá ekki allfáum sparisjóðum.

Um 3. gr.

Það mun að vísu enn sem komið er mjög sjaldan hafa átt sjer stað hjer á landi, að fje hafi verið lagt fram til reksturs sparisjóðs, á þann hátt sem um ræðir í þessari grein, en alt um það þykir rjett, ef svo skyldi koma fyrir, að reisa skorður við því, að ofmikill arður sje tekin af slíku fje af ágóða sparisjóðsins, fyr en varasjóður er orðinn svo öflugur, að telja megi sparisjóðnum vel borgið, hvað sem uppá kann að koma.

Um 4. gr. (sbr. 27. gr.)

Hjer er það haft fyrir augum, að sparisjóðsstörf eigi ekki að leyfa neinum öðrum að reka en reglulegum sparisjóðum og peningastofnunum þeim, sem ræðir um í 27. gr., nema um það sje fyrirskipað með sjerstökum lögum.

Um 6. gr.

Þó að hjer sje gert ráð fyrir, eins og líka virðist eðlilegast, að ráðnir sjeu aðrir starfsmenn en stjórnendur sparisjóðsins til að annast dagleg störf hans, er það gert heimilt, sbr. 9. gr., að sömu mennirnir sjeu bæði stjórnendur sjóðsins og hafi jafnframt á hendi alla framkvæmd á störfum hans, en þegar svo er ástatt, eins og oft mun eiga sjer stað hjá hinum smærri sparisjóðum þykir rjettast að áskilja, að hlutaðeigendur megi ekki taka borgun fyrir starf sitt, því það verður að vera meginregla, að sjálfir stjórnendur sparisjóðanna, sem þá oft eru stofnendur þeirra, taki ekki fje af sjóðnum.

Stjórnendur sparisjóða og aðrir þeir, sem riðnir eru við störf þau, er sjóðurinn rekur, verða að sjálfsögðu að bera ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir óráðvendni eður vítavert hirðuleysi, og úr því sparisjóðurinn er komin undir opinbert eftirlit, þykir rjett að skoða starfsmenn sjóðanna sem starfsmenn hins opinbera, að því er snertir misfellur á starfrækslunni, sbr. þó 23. og 28. gr. laganna.

Um 7. gr.

Það virðist ástæða til að reisa sem öflugastar skorður við því, að þeir menn, sem viðriðnir eru sparisjóðinn sem stjórnendur eða starfsmenn, taki sjálfir lán úr sjóðnum, ábyrgist lán fyrir aðra, eður hafi önnur þau afskifti af lánum, er eigin hagsmunir koma til. — Þó þykir eigi næg ástæða til að banna, að slíkir menn taki lán í eigin þarfir úr sjóðnum ef óyggjandi veð er fyrir, að dómi annara þeirra manna, er sjóðnum stjórna.

Um 9. gr.

Til þess að girða fyrir, að nokkrar misfellur geti átt sjer stað að því er snertir fjárgreiðslu úr sparisjóði og í hann, þykir eigi tryggt annað en fyrirskipa, að jafnan skuli 2 menn fyrir hönd sjóðsins vera viðstaddir og skrá greiðsluna samstundis í bækur sínar. — Verður naumast sagt að slíkt ákvæði geti bakað sparisjóðum óþörf óþægindi.

Um 10. gr.

Þar sem fjehirðir sparisjóðs hefir engin laun fyrir starfa sinn, eins og stundum mun vera hjá smá sparisjóðum, þykir eigi rjett að heimta af honum veð fyrir fje því, sem hann kann að hafa með höndum og þá sjaldnast mun nema stórum upphæðum. Hjá stærri sparisjóðum, þar sem fjehirðir hefir laun fyrir starf sitt, virðist aftur á móti sjálfsagt að krefjast nokkurrar tryggingar af honum, er standi í hlutfalli við laun þau, er hann hefir og fje það, er hann hefir með höndum.

Um 11. gr.

Eins og til hagar hjer á landi gæti það verið all ísjárvert að leyfa sparisjóðum eður þeim, er fje eiga í sparisjóði, að nota t. d. ávísanir til þess að fá útborgað sparisjóðsfje, eins og oft tíðkast hjá bönkum að því er innlánsfje snertir. Fyrir því hefir þótt rjettast að setja í lögin föst ákvæði um það, að ekki megi útborga sparisjóðsinnstæðufje nema því að eins, að viðskiftabók sje sýnd og upphæðin um leið rituð í hana. Óþægindi þau, er af þessu ákvæði kann að leiða í einstöku tilfellum, eru minni en sú hætta, er öðru fyrirkomulagi getur verið samfara.

Þar á móti virðist ekki neitt verulegt geta verið því til fyrirstöðu að leyfa, að sparisjóður taki á móti innlögum á þann hátt, sem segir í þessari lagagrein. Það gæti valdið helst til miklum óþægindum, og orðið til að draga úr sparisjóðsinnlögum, ef senda þyrfti viðskiftabók í hvert sinn og eitthvað er lagt í sparisjóð.

Um 12. gr.

Bókfærsla sparisjóða mun enn sem komið er vera nokkuð mismunandi hjá hinum einstöku sparisjóðum hjer á landi, og máske ekki allstaðar sem fullkomnust. Fyrir því þykir rjett að setja hjer nokkrar meginreglur í þessu efni, en heimila jafnframt stjórnarráðinu að fyrirskipa nánari reglur, er hjer að lúta.

Um 13. gr.

Víðast hvar hjá öðrum þjóðum eru allýtarleg ákvæði um það, að sparisjóðir megi ekki reka almenn bankastörf. — Slíkum störfum fylgir að jafnaði talsverð áhætta, en sparisjóðir eiga ekki og mega ekki hætta fje sínu að þarflausu. Innstæðufje sitt verða sjóðirnir því að ávaxta þannig, að bæði sje ætíð hægt til

þess að grípa, að minnsta kosti að nokkru leyti fyrirvaralaust, eða með sem stystum fyrirvara og að það sje jafnan sem allra best tryggt. — Að þessu miða ákvæði greinarinnar. Hjer á landi er ástandið enn þá svo sjerstaklegs eðlis að því er banka og sparisjóði snertir og yfir höfuð alt viðskiftalíf, að örðugt er að setja rígbundin takmörk fyrir starfsemi sparisjóða, og jafnvel þó að segja megi, að t. d. kaup og sala á víxlum og lán gegn sjálfskuldarábyrgð í stórum stíl liggi alveg fyrir utan starfsemi sparisjóða, hefir þó ekki þótt tiltök að setja sjóðunum fastari skorður í þessu efni, en hjer er gert. En skemra verður heldur eigi með neinu móti farið. Það má eigi láta það afskiftalaust, að sparisjóður eigi t. d. mestalt innstæðufje sitt útistandandi í sjálfskuldarábyrgðarlánum, eins og komið hefir fyrir hjá einstöku sparisjóðum; slíkt getur ef til vill orðið allhættulegt.

Þó að hlutabrjefakaup sjeu sumstaðar með öllu bönnuð sparisjóðum, nema þá með einstöku undantekningum, hefir hjer ekki þótt rjett að fyrirmuna sparisjóðum með öllu að kaupa hlutabrjef, sem að dómi stjórnarráðs eru óyggjandi trygg og sparisjóður kynni að sjá sjer hag í að eignast.

Um. 14. gr.

Að jafnaði er sparisjóðum með öllu bannað að taka lán t. d. til þess að auka útlánsstarfsemi sína. En vegna þess hvernig til hagar hjer á landi þykir eigi rjett að reisa strangari skorður við lántökum sparisjóða, en hjer er gert.

Um 15. gr.

Á því hefir brytt síðustu árin, að einstöku sparisjóðir hafa gripið til þess úrræðis, annaðhvort til þess að afla sjer aukins starfsfjár eður til þess að fá frest með útborgun á innstæðufje, að gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig fyrir ákveðinni upphæð, er greiðast skyldi við sýningu í sparisjóðnum, eða jafnvel svo og svo löngu eftir dagsetningu. Þessar ávísanir hafa svo á vissum svæðum gengið manna á milli eins og peningagreiðslur. Það þarf eigi orðum um það að eyða hve hættuleg þessi aðferð getur verið fyrir almenning. — Fyrir því hefir þótt nauðsynlegt að setja í lög þessi beint bann við því, að þessu megi halda áfram, jafnvel þó að álitamál geti verið, hvort slíkar ávísanir, sem hjer ræðir um, sjeu ekki í sjálfu sjer beint ofan í núgildandi lög.

Um 16. gr.

Með því að ábyrgð sú, sem sett er venjulega fyrir rekstri sparisjóða af stofnenda eða annara hálfu, er að öllum jafnaði tiltölulega mjög lítil, ef eitthvað verulega ber út af, getur eigi með neinu móti talist trygt hvað sem fyrir kann að koma, að sparisjóður eigi lægri varasjóð en svo, að hann nemi 10% af innstæðufje því, er almenningur á hjá sjóðnum. En þegar svo er komið, þykir hinsvegar rjett að gefa nokkuð lausari tauminn og leyfa sparisjóði frekari umráð yfir gróða sínum.

Um 17. gr.

Þó að vitanlega væri æskilegast að aldrei væri neitt af eigum varasjóða sparisjóðanna í útlánum, hefir þó eigi þótt full ástæða til að setja frekari skorður í þessu efni, en hjer eru gerðar.

Um 18. gr.

Reikningsár allra sparisjóða á að sjálfsögðu að vera almanaksárið.

Eðilegast er að allir sparisjóðir noti sama form fyrir reikningum sínum, enda tíðkast það nú að nokkru leyti, svo og að stjórnaráðið skipi fyrir um hvernig reikningsformið skuli vera, til þess að sem mest samræmi sje í reikningunum.

Um 19. gr.

Hjer er aðeins að ræða um almenna tryggingarráðstöfun gegn því, að misfellur í sparisjóðsrekstri geti dulist til lengdar.

Um 20. gr.

Hjer er að nokkru leyti farið eftir erlendri venju. En vera má að hjer á landi þyki það fulllangt farið, að heimila stjórnarvöldum rjett til að svipta sparisjóð til bráðabirgða leyfi til að halda áfram störfum sínum. Svo kann þó að koma fyrir, hjer eins og annarsstaðar, að slíkar ráðstafanir, sem ræðir um í greininni, sjeu nauðsynlegar eður alveg óhjákvæmilegar, ef stór hætta á eigi að vera búin innstæðufje því, er sparisjóðurinn geymir. Og að sjálfsögðu mun mega treysta því, að stjórnarráðið muni því að eins beita ákvæðum greinar þessarar, að brýna nauðsýn beri til.

Um 21. gr.

Að jafnaði mun ákveðið í lögum eða reglugerðum sparisjóða hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, ef hann legst niður. En sje þetta eigi gert þykir sanngjarnt að skipa svo fyrir, að mestum hluta af eignum skuli varið til einhverra nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn hefir starfað í. Aftur á móti þykir full ástæða til, þegar svo ber undir, að láta nokkurn hluta af eigum sjóðsins renna í landssjóð til endurgjalds kostnaði þeim, er landssjóður hefir af rekstri sparisjóða (sbr. 22. gr.).

Um 22.—24. gr.

Hingað til hefir eigi verið um neitt opinbert eftirlit eður umsjón með sparisjóðum af hálfu hins opinbera að ræða, annað en það, að sparisjóðum, sem fengið hafa hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk 5. janúar 1874, hefir verið gert að skyldu að senda stjórnarráðinu (áður landshöfðingja) samrit af reikningum sjóðanna fylgiskjalalaust, og án allra nánari upplýsinga um hagi sparisjóðanna og rekstur þeirra.

Þegar nú á að leiða í lög sjerstök ákvæði um aukið allýtarlegt eftirlit með sparisjóðum, lægi máske næst, fljótt á að líta, að fela stjórnarráðinu eftirlit þetta. En með því stjórnarráðið er allskonar störfum hlaðið, myndi nokkur hætta á, að slíkt eftirlit gæti eigi orðið að tilætluðum notum, í öllu falli eigi án þess að það hefði í för með sjer aukinn skrifstofukostnað fyrir landssjóð. Fyrir því er hjer stungið upp á því nýmæli að fela alla umsjón og eftirlit með sparisjóðum sjerstökum launuðum manni, undir yfirumsjón stjórnarráðs. Þessi maður yrði þá jafnframt einskonar ráðunautur stjórnarinnar í öllum þeim málefnum, er sparisjóðsrekstur snerta og til stjórnarinnar þurfa að koma.

Vegna hins sjerstaka ástands hjer á landi og kostnaðar við ferðalög, þykir rjett að heimila umsjónarmanni með samþykki stjórnarráðs, að veita öðrum manni í einstökum tilfellum umboð til að framkvæma sparisjóðseftirlit það, sem ræðir um í lögum þessum. Þetta skal gert á ábyrgð umsjónarmanns sjálfs. Ferðakostnaður, er sparast við þetta fyrirkomulag, ætti að nema talsvert meiru en þóknun sú, er verja má til eftirlits þessa.

Umsjónarmaður sparisjóða verður að hafa greiðan aðgang að öllum upplýsingum um rekstur sjóðanna. Fyrir því eru dagsektir viðlagðar.

Nánari reglur um störf umsjónarmanns verður að setja í erindsbrjef hans, sem sjálfsagt þykir að stjórnarráðið semji.

Árslaun umsjónarmanns sparisjóða eru ákveðin 1200 kr. með það fyrir augum, að hann geti haft önnur störf á hendi. Hjá því verður eigi komist að veita umsjónarmanni nokkurt fje til kostnaðar við eftirlitsferðir. Það er æskilegt, að eftirlitsmaður sem fyrst geti komið því við að ransaka bækur og skjöl allra sparisjóða, sem hann tekur við umsjóninni yfir; en ekki ætti kostnaðurinn við það að þurfa að fara fram úr 600 kr. á ári, þó dagpeningar sjeu taldir með.

Óhjákvæmilegt virðist, að árslaun umsjónarmanns og ferðakostnaður sje greiddur úr landssjóði.

Aftur á móti verður að telja rjett og sanngjart, að sparisjóðurinn greiði landssjóði nokkurt endurgjald fyrir kostnað þann, er landssjóður hefir af sparisjóðsrekstrinum, og fyrir eftirlit það og umsjón, er landssjóður lætur í tje, sparisjóðum til gagns, og miðar að því að efla traust manna í starfsemi þeirra, og hvetja menn til að trúa þeim fyrir fje því, er menn hafa aflögu en vilja geyma á tryggum stað, til þess að geta gripið til þess þegar á þarf að halda.

Það getur verið álitamál hve hátt árgjaldið frá sparisjóðum til landssjóðs eigi að vera, en þegar á að ákveða árgjaldið, er aðallega á það tvent að líta, að gjaldið standi í nokkru hlutfalli við kostnað þann, er landssjóður hefir af eftirliti með sparisjóðunum, og þá eigi síður hitt, að sjóðunum sje ekki ofþyngt með upphæð árgjaldsins, sem rjettast hefir þótt að miða við upphæð innstæðufjárins.

Það verður naumast sagt, að gengið sje nærri sparisjóðunum þó árgjaldið sje ákveðið 1‰ af innstæðufjenu, eins og það er í hver árslok. Gjald þetta mætti þá skoða sem mjög lítilfjörlega hækkun á innlánsvöxtum af sparisjóðsfjenu. Eftir síðustu skýrslu um sparisjóði, sem prentaðar eru í Landshagsskýrslum fyrir Ísland 1911, var innstæðufje allra sparisjóða á landinu, þegar bankar og Söfnunarsjóðir eru frátaldir, í árslok 1910: c. 1198 þúsund krónur, og árgjaldið yrði þá, miðað við þetta innstæðufje, eigi fullar 1200 krónur, eða tæplega árslaun umsjónarmanns eingöngu, og virðist þá nokkurnveginn hóflega farið í sakirnar.

Gjalddagi árgjaldsins er ákveðinn með það fyrir augum, að þá sjeu reikningar sjóðanna næsta ár á undan endurskoðaðir og úrskurðaðir.

Það þótti sjálfgefið að leggja árgjald þetta eingöngu á hina reglulegu sparisjóði, sem lög þessi ná að eins til (sbr. 27. gr.), en ekki t. d. á bankana eður útibú þeirra, þó þar sjeu rekin sparisjóðsstörf, með því að þessar stofnanir eru háðar opinberu eftirliti og greiða árlegt gjald til landssjóðs samkvæmt sjerstökum lögum, og heldur eigi til Söfnunarsjóðs, sem er alveg sjerstaklegs eðlis og einnig er háður opinberu eftirliti.

Um 25. og 26. gr.

Ef að lög þessi, sem hjer er um að ræða, koma til framkvæmda, virðist sjálfsagt, að tilskipun 5. janúar 1874 sje numin úr gildi. Fyrir því eru tekin í lög þessi þau ákvæði úr nefndri tilskipun, sem nokkra þýðingu hafa, eins og nú er komið.

# Frumvarp til laga

um

## hagstofu Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Það skal falið sjerstakri stofnun að safna skýrslum um helstu landshagi Íslands, vinna úr þeim og koma þeim fyrir almennings sjónir. Stofnunin nefnist hagstofa Íslands, og stendur beint undir ráðherranum.

2. gr.

Meginatriði landshagsins, þau er hagstofunni ber sjerstaklega að afla sannfróðleiks um, teljast þau er nú skal greina:

1. Fólksfjöldinn: a, manntöl, b, fæðingar, hjónabönd, mannslát og fólksflutningar.
2. Löghlýðni: dómsmál, þar með einkamál, sáttanefndarmál, sakamál og lögreglumál.
3. Atvinnuhagir landsins: a, landbúnaður, b, iðnaður, c, fiskiveiðar allskonar, d, siglingar og verslun, þar með viðskifti banka og sparisjóða og annara opinberra lánsstofnana.
4. Stjórnmálaástand: a, fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitarfjelaga, b, notkun kosningarjettar til alþingis.
5. Efnahagur og fjárhagsleg kjör landsmanna; a, tekjur af eign og atvinnu, b, virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim, c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim, d, verð skipa og báta og veðskuldir á þeim.
6. Opinberar eignir til almenningsnytja, a, vegir og brýr, b, ritsímar og talsímar, c, póstflutningar.

Auk skýrslna um framangreind atriði vinnur hagstofan að skýrslum, er hjer eftir kunna að verða lögboðnar eða fyrirskipaðar af landsstjórninni, eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

3. gr.

Hagstofan á að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað.

Landshagsskýrslur skulu koma út svo fljótt sem unt er, jafnóðum og þær eru tilbúnar frá hendi hagstofunnar.

Árlega skal gefa út stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs, með þýðingum á eitthvert hinna þriggja aðal-mentamála.

4. gr.

Öll þau störf viðvíkjandi söfnun og móttöku landshagsskýrslna, sem samkvæmt gildandi lögum, reglugjörðum o. fl. nú hvíla á stjórnarráði Íslands, hefir hagstofan á hendi eftirleiðis.

Heimilt er hagstofunni að fyrirskipa, að skýrslur, sem hingað til hafa verið sendar frá hreppstjórnarvöldum eða einstökum mönnum til sýslumanns, sjeu sendar beint til hagsstofunnar, og getur hún endursent til leiðrjettingar skýrslur, er henni þykja ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um vanrækslu í því, að inna af hendi lögmælt skýrsluskil.

5. gr.

Hagstofunni stýrir forstjóri, skipaður af konungi, og hefir hann sjer við hönd 1 aðstoðarmann, sem skipaður er af ráðherra.

Forstjóri hagstofunnar hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. er hækka um 200 kr. þriðja hvert ár upp í 4200 kr.

Aðstoðarmaður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., er hækka um 200 kr. þriðja hvert ár, upp í 3000 kr.

6. gr.

Til stofnsetningar hagstofunnar veitast alt að 3000 kr. af landssjóði.

Árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögunum fyrir hvert ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með lögum 8. nóv. 1895 er landsstjórninni falið að annast um, að samdar sjeu árlega hagfræðisskýrslur um atvinnuvegi landsins. Þetta annaðist landshöfðingjaskrifstofan fram að 1904, en síðan stjórnarráðið var stofnað hjer í Reykjavík hefir 3. skrifstofa stjórnarráðsins annast það. Skrifstofan eða starfskraftar hennar hafa þó að miklu leyti verið uppteknir við reikningsmál og endurskoðun. Þetta starf hefir aukist mjög mikið hin síðari árin við hinar stórlega vaxandi framkvæmdir í stjórn landsins, og það hefir að sjálfsögðu orðið að sitja í fyrirrúmi, en öll vinna að landshagsskýrslunum hefir orðið að sitja á hakan-

um. Að þeim hafa aftur ýmsir unnið, sem í það og það skiftið hafa fengist; þetta hefði getað gengið með nægilegu eftirliti og umsjón, en skrifstofan hefir ekki vegna annara anna haft nægilegan tíma til þess, enda líka vantað húsrúm í stjórnarráðinu til að láta aukavinnu fara þar fram.

Afleiðingin hefir, svo sem við mátti búast orðið sú, að skýrslurnar hafa ekki orðið eins rjettar og skyldi, þær hafa á stundum verið óþarflega langar, en þar á móti ekki þannig unnar, að auðhlaupið hafi verið að því að fylgjast með í hinum árlegu breytingum í atvinnulífi og hag þjóðarinnar, og útkoma þeirra hefir oft dregist um of. Að þessu hefir verið fundið hin síðari árin, og er stjórnarráðinu fullljóst, að þær aðfinslur hafa átt við rök að styðjast. Á alþingi 1909 var samþykt þingsályktun um, að stjórnarráðið skyldi að öllu leyti taka manntalið 1910 og láta vinna úr því þann hagfræðislegan fróðleik, sem þörf er á. Verður að telja sjálfsagt að frá þessari stefnu verði ekki horfið aftur, en við þetta hefir starfið að hagfræðisskýrslum aukist mjög og verður að telja líklegt, að eftirleiðis vekist upp ný og ný verkefni, og nýjar kröfur verði gerðar til hagskýrslna landsins.

Það þarf væntanlega ekki að eyða orðum að því, að lýsa hver nauðsyn er á samningu og útgáfu hagskýrslna fyrir landið. Eins og það er nauðsynlegt fyrir hvern mann, er atvinnu rekur, eða nokkuð hefir umleikis, að hafa stöðugt ljóst yfirlit yfir atvinnu sína og gera upp hag sinn árlega, eins er það ekki síður nauðsynlegt fyrir hvert land, að hafa glögt yfirlit yfir þjóðarbúskapinn og alt ástand landsins. Þetta er nauðsynlegt fyrst og fremst inn á við, sem stuðningur og leiðbeining við löggjafarstarfið og fyrir landsstjórnina og fyrir fjölda af einstaklingum þjóðfjelagsins, og þar næst einnig út á við, því á hagskýrslum hvers lands byggist fyrst og fremst lánstraust landsins, og álit þess í augum erlendra manna.

Til þess að koma hagskýrslum landsins, í viðunanlegt horf, verður stjórnin að telja nauðsynlegt, að hætt sje að hafa þetta starf í hjáverkum, það sje falið sjerstakri stofnun, sem hafi það sem aðalstarf sitt og beri ábyrgð á framkvæmd þess.

Í annari grein frumvarps þessa eru talin þau aðalverkefni er hagstofan á að hafa með höndum, en auk þess er í niðurlagi greinarinnar alment ákvæði um, að hagstofan vinni að skýrslum er hjer eftir verða lögboðnar, fyrirskipaðar af landsstjórninni eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld. Er meðal annars haft í huga að hagstofan búi út hentug eyðublöð og leiðbeiningar um samning búreikninga, útvegi frá einstökum bændum, ef tækifæri gefst, nægar upplýsingar til að geta gert nákvæman búreikning í eitt skifti fyrir það sjerstaka bú o. fl.

Þá er í 3. grein frumvarpsins ákveðið að hagstofan skuli aðstoða landsstjórnina með hagfræðilegum útreikningum og skýringum og gefa álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað. Þar er og það nýmæli sett, að hagstofan skuli, auk hinna venjulegu landshagsskýrslna, gefa út ár hvert stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs. Þessi útdráttur á að vera með þýðingu á einhvert hinna þriggja aðal-mentamála.

Útgáfa slíkrar árbókar er hin besta leiðbeining handa erlendum mönnum, er vilja kynna sjer hagi og ástæður landsins.

Á hagsstofunni verður að hafa 2 fasta menn, sem báðir verða að hafa sjermentun í hagfræði, og auk þess þarf nokkurt fje til aukavinnu, sem verður að veitast árlega á fjárlögunum. — Þar sem hjer er um nýja stofnun að ræða, sem sennilega verður skipuð ungum mönnum, virðist haganlegast að laun hinna föstu starfsmanna sjeu lág í byrjun, en fari hækkandi. Telur stjórnin hæfilegt að laun forstöðumannsins, sem sje skipaður af konungi, sjeu 3000 kr. að byrjunarlaunum en hækki með 200 kr. á hverjum 3. ára fresti upp í 4200 kr. Laun aðstoðarmannsins 2000 kr. í byrjun, en hækki með 200 kr. þriðja hvert ár uppí 3000 kr.

Til stofnsetningar hagsstofunnar þarf að veita 3000 kr. Sundurliðast þessi upphæð þannig:

1. Reikningsvjel ..... Kr. 1500,00
2. Skrifvjel..... — 400,00
3. Skrifstofugögn (stólar borð, skjalaskápar o. fl.) ... ..... — 1100,00

Auk þess verður að veita árlegt fje til húsaleigu, ljóss, ræstinga, svo og til aukavinnu og prentunarkostnaðar.

Að endingu má taka það fram, að þótt samningi hagsskýrslna verði komið fyrir á þann hátt, sem lagt er til í frumvarpi þessu, verða laun forstjórans og kostnaður við húsnæði aðalútgjöldin við hagstofuna fram yfir það, sem nú er varið til landshags skýrsna, því við það að þessi störf eru leyst frá stjórnarráðinu sparast væntanlega að bæta við að minsta kosti einum aðstoðarmanni, um fram það sem nú er á 3. skrifstofu stjórnarráðsins, sem ella mundi óhjákvæmilegt.

Svo gæti og komið til mála að hætta að senda öllum landshagsskýrslur með stjórnartíðindunum en láta nægja að senda árbók hagstofunnar. Væri horfið að því mætti minka upplagið, en þá væri sjálfsagt að hafa ritin til sölu einhversstaðar. Sumar skýrslur, sem gefnar eru út árlega, mætti að skaðlausu gefa út í styttra formi 4 ár í röð, en gefa þær út í fyllra formi 5. árið. Undirbúningurinn yrði hinn sami en prentun og pappír minni. Með þess háttar sparnaði mætti vega upp á móti kostnaði við útgáfu árbókarinnar. Auðvitað eru þessháttar breytingar mest undir hagstofunni sjálfri komnar á aðra hliðina, og samþykki stjórnarráðsins á hina.

# Frumvarp til laga

um

## breyting á tolllögum fyrir Island nr. 54, 11. júli 1911, 1. gr. 15.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

15. liður í 1. gr. tollaganna frá 11. júlí 1911 orðist svo:

15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum og öðrum sætindatilbúningi, sem notaður er á sama hátt og brjóstsykur og konfekt, þar með taldir sykurgervingar af ávöxtum (kandiseraðir ávextir) . . . 80 aura af hverju kílógr.

---

Athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur lagabreytingar þessarar er aðallega sá, að setja skýrari ákvæði um það, hverjar vörur sjeu tollskyldar samkv. 15. lið í 1. gr. tollaganna.

Í raun og veru má skilja liðinn í tolllögunum svo, að samkvæmt honum sje alt það tollskylt, er hjer er talið í breytingartillögunni, því að til brjóstsykurs og konfekts virðist mega telja bæði sykurgervinga af ávöxtum og sætindatilbúning, sem notaður er á sama hátt og brjóstsykur og konfekt. En nokkrir sýslumenn hafa talið það vafasamt og sent fyrirspurnir til stjórnaráðsins um ýmsar tegundir af sætindatilbúningi, hvort þær væru tollskyldar samkvæmt tollllögunum. Og nokkrir aðrir sýslumenn munu alls eigi hafa innheimt toll af sykurgervingum (kandiseruðum ávöxtum), þareð þeir hafa talið það vafasamt, að þeir teldist til konfekt. Ennfremur hefir það þótt vafa undirorpið, hvort svonefndar »karamellur« væru tollskyldar og eru þó flestar tegundir af þeim brjóstsykur og ekkert annað og allar »karamellu«tegundir eru sætindatilbúningur, sem eigi er ástæða til að sje tollfrjáls fremur en hver annar brjóstsykur.

Til þess því að taka af allan vafa á tollskyldu vörutegunda þessara, er nefndar hafa verið, og til þess að tilgangi tollaganna verði náð, að allur sá sætindatilbúningur sje tollskyldur, er notaður er á sama hátt og brjóstsykur og konfekt, þá hefir stjórnin álitið hyggilegast að gerð yrði orðabreyting á þessum lið tollaganna.

# Frumvarp til laga

um

## ábyrgðarfjelög.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Auk lífsábyrgðarstofnunar ríkisins og ábyrgðarfjelaga, sem stofnuð eru samkvæmt sjerstökum lögum, mega ekki aðrir reka hjer á landi ábyrgðarstarfsemi en hlutafjelög, innlend eða útlend, eða fjelög með gagnkvæmri ábyrgð, er fullnægja skilyrðum þeim, sem hjer fara á eftir. Það er ábyrgðarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, að taka að sjer gegn iðgjöldum lífsábyrgðir og vátryggingar, hverju nafni sem nefnast. Starfsemin telst því aðeins rekin hjer á landi, að framboðin sjeu á einhvern hátt af ábyrgðarfjelags hálfu viðskifti innanlands, en ekki þó hjerlendir menn leiti til ábyrgðarfjelaga í öðrum löndum, sem ekki hafa erindsreka hjer í landi, og fái ábyrgðir hjá þeim.

2. gr.

Nú vill útlent ábyrgðarfjelag reka starfsemi hjer á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, búsettan hjer, þann er stjórnarráðið löggildir. Áður en slík löggilding er gefin skal fjelagið setja þá trygging fyrir greiðslu ábyrgða, sem stjórnarráðinu þykir nægja, og á þann hátt, er það telur tryggilegt, og afhenda stjórnarráðinu yfirlýsing um, að fjelagið hafi varnarþing hjer á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður er búsettur, í öllum þeim málum, sem rísa kunna út af ábyrgðum, sem fjelagið tekst á hendur gagnvart hjer búsettum mönnum, eða stofnunum hjer á landi. Þetta skal sjerstaklega tekið fram í ábyrgðarskírteinunum.

Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður með samþykki stjórnarráðsins sett út um landið, þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist fyrir hönd fjelags síns allar gjörðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi fjelagsins hjer á landi.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku nje til annara fjelaga, sem hafa rekið ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 20 ár, þá er lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Ef hjerlendir menn vilja stofna fjelag til þess að reka starfsemi þá, sem sem um ræðir í 1. gr., enda sje fjelagið eigi stofnað samkvæmt sjerstökum lögum, skulu sjerlög fjelagsins því að eins gild, að stjórnarráðið samþykki þau. Til þess að slíkt samþykki verði gefið, skal þar meðal annars ákveðið:

a ð stjórn fjelagsins eða meiri hluti hennar skuli vera búsett hjer á landi,

a ð fjelagið hafi varnarþing hjer, og

a ð því sje skylt að endurtryggja, að minsta kosti að helmingi, skuldbindingar sínar í erlendum fjelögum, er stjórnarráðið tekur gild og álítur fjárhagslega trygg, þangað til fjelagið hefir komið sjer upp varasjóði, er stjórnarráðið telur standa í hæfilegu hlutfalli við skuldbindingar þær, er fjelagið tekst á hendur. Auk þess skal sannað, að fjelagið hafi svo mikið tryggingarfje auk endurtryggingar, sem nægja þykir, og lög fjelagsins mæla fyrir um.

4. gr.

Öll ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skulu háð eftirliti stjórnarráðssins um það, að ekki sjeu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma í bága við gildandi lög, svo og að öll ákvæði í ábyrgðarskírteinunum sjeu svo ítarleg, skýr og greinileg, að ekki geti neinn efi leikið á skyldum og rjettindum hlutaðeigandi ábyrgðarfjelags gagnvart viðskiftamönnum þess.

5. gr.

Verði ábyrgðarfjelag, er starfar hjer í landi samkvæmt 2. eða 3. gr., uppvíst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, eða ef það sannast, að það hafi eigi ætíð fyrirliggjandi tryggingarfje það, sem áskilið er, hefir fjelagið fyrirgert rjetti sínum til þess að taka að sjer nýjar ábyrgðir hjer á landi eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins í hvert skifti.

6. gr.

Sjerhverju ábyrgðarfjelagi, er starfar hjer á landi, er skylt að senda stjórnarráðinu á ári hverju fyrir aprílok skýrslu um starfsemi fjelagsins undanfarið ár í því formi, sem stjórnarráðið ákveður, sbr. lög nr. 20, 3. okt. 1903.

7. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 500—5000 krónum, sem renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta alþingi samþykti neðri deild þingsályktun um að skora á landsstjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er banni öðrum ábyrgðarfjelögum, svo sem lífsábyrgðarfjelögum, brunabótafjelögum, slysaábyrgðarfjelögum, sjóvátryggingarfjelögum o. s. frv. að starfa hjer á landi, en þeim, er hafi hjer umboðsmenn, er stjórnarráðið samþykkir, hafi varnarþing hjer og hafi sett tryggingarfje fyrir ábyrgðum þeim, er þau takast á hendur hjer á landi.

Eins og kunnugt er hafa lög nr. 58, 22. nóvbr. 1907 um stofnun brunabótafjelags Íslands, ekki enn getað komist til framkvæmdar vegna þess, að ekki hefir tekist að fá endurtrygging hjá útlendum brunabótafjelögum. Það er viðbúið, að menn í kaupstöðum og kauptúnum verði enn um hríð að vátryggja í útlendum fjelögum hús og lausafje. Jafnvel þótt á því kunni að hafa brytt í einstökum tilfellum, að ástæða sje til að tryggja hjerlenda viðskiftamenn útlendra ábyrgðarfjelaga betur en gert hefir verið, með lagaákvæðum í líka átt sem áminst þingsályktun fer fram á, þá er þó að áliti stjórnarráðsins mjög varhugavert að gera mjög strangar kröfur í þessu efni nú sem stendur. Hinir tíðu brunar hjer hin síðari árin hafa vakið óhug hjá fjelögunum, svo að búast má við, að verði krept að þeim með lögum, muni þau annað tveggja hætta alveg starfsemi hjer, eða hækka iðgjöldin enn meir. Mætti því af ströngum lagareglum leiða, að menn hjer yrðu enn harðara úti með iðgjöld en nú er, eða fengju alls ekki vátrygðar eigur sínar.

Stjórnin telur þó eigi frágangssök að gera þær kröfur, sem frumvarp þetta fer fram á, til nýrra fjelaga, sem annaðhvort byrja starfsemi sína eftir að lögin koma í gildi, eða þá hafa byrjað fyrir eigi alllöngu, en henni þykir varhugavert, að beita þeim til fulls gegn þeim fjelögum, sem starfað hafa hjer í marga áratugi og jafnan staðið í skilum að uppfylla skuldbindingar sínar. Virðast þau geta skoðað það sem óþarfa tortrygni við sig, að heimta tryggingarfje, varnarþing hjer o. s. frv., og gæti það leitt til þess, að þau dragi sig í hlje. En þar sem þau eru viðurkend mjög öflug og áreiðanleg fjelög, gæti það spilt lánstrausti manna, er þeir gætu eigi lengur vátrygt eigur sínar hjá þeim, heldur neyddust til að gera það í miður þektum og eigi eins öflugum fjelögum. Stjórnin hefir því álitið, að undanskilja bæri frá ákvæðum 2. greinar laganna þau fjelög, sem hafa starfað full 20 ár hjer á landi þá er lögin öðlast gildi auk þeirra stofnana, sem starfa hjer samkvæmt gildandi lagaboðum. Með því að ábyrgðarfjelög hafa ekki verið skyld að senda landsstjórninni skýrslur fyr en eftir að lögin frá 3. okt. 1903 komu í gildi, verður ekki um það sagt með vissu, hve mörg þau fjelög eru, sem starfað hafa hjer í 20 ár, auk þeirra stofnana sem undanskildar eru með berum orðum, en það er víst, að eftirnefnd fjelög hafa rekið hjer starfsemi þann tíma eða lengur:

1. Nye danske Brandforsikring. Byrjaði 1876 eða 1878 á Ísafirði, en skömmu eftir 1900 í Reykjavík; tók þá við ábyrgðum þeim, sem Commercial Union hafði áður haft. Aðalumboðsmaður bankastjóri Sighv. Bjarnason.
2. Det kgl. octr. Brandassurance-Compagni for Varer og Effecter. Byrjaði árið 1884. Umboðsmaður í Reykjavík, J. P. T. Brydesverzlun.

3. Nederlandene. Byrjaði um 1892. Umboðsmaður í Reykjavík konsúll Jes Zimsen.
4. Star. Byrjaði um 1894. Tekur engar nýjar ábyrgðir á Suðurlandi lengur.

Slysaábyrgðarfjelög hafa engin starfað full 20 ár hjer á landi.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Við 2. gr.

Það er kunnugt, að ýms fjelög hafa marga umboðsmenn hjer, alla jafn rjettháa, en hvern með sitt afmarkað umboðssvæði; þetta fellur niður fyrir þau fjelög, sem lögin ná yfir, verði þetta frumvarp að lögum, en hinsvegar virðist það eðlilegt, að aðalumboðsmaður hafi rjett til með samþykki stjórnarráðsins að setja undirumboðsmenn út um land, en þó þannig, að hann ábyrgist starfsemi þeirra fyrir hönd fjelags síns.

Við 5. gr.

Það má vel búast við því, að innlend einkafjelög verði stofnuð til að reka ábyrgðarstarfsemi, og virðist auðsætt, að það þarf einnig að hafa trygging fyrir því, að slík fjelög geti fullnægt skuldbindingum sínum; er því sett hjeraðlútandi tryggingarákvæði í þessari grein.

Við 7. gr.

Það virðist sjálfsagt, að verði innlent eða útlent fjelag uppvíst að því að hafa í *verulegum* atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, eða hafa eigi nægilegt tryggingarfje fyrirliggjandi, þá eigi það að hafa fyrirgert rjetti sínum til frekari starfsemi hjer í landi. Þetta ætti ekki að geta valdið neinum erfiðleikum við brunaábyrgðir, sem eru endurnýjaðar árlega, nje heldur við slysaábyrgðir, sem eru jafnast enn oftar endurnýjaðar, en við lífsábyrgðir er öðru máli að gegna. Það væri tjón fyrir þá, sem hafa greitt iðgjöld til fjelags um lengra árabil, að verða að sleppa rjettindum sínum gagnvart því, og leita sjer tryggingar annarstaðar. Skuldbinding fjelagsins hlyti að halda áfram, meðan viðskiftamenn standa í skilum af sinni hálfu, og má ekki sleppa tryggingarfjenu fyrr en lokið er öllum skuldbindingum. Það hefir því ekki þótt fært að fara lengra en að banna nýjar ábyrgðir.

Aðrar greinar frumvarpsins virðast ekki þurfa skýringar við.

# Frumvarp til laga

um

## breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Islands.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Í 7. gr. laga 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands bætist aftan við 1. málsgrein: sbr. þó 8. gr.

2. gr.

Í 8. gr. sömu laga bætist við á eftir orðunum: »þó ekki lengri en 30 árum« ný málsgrein svohljóðandi: Áfallna vexti og afborganir af láni þessu eða lánum skal greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum er varið til annars.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með 8. gr. laga nr. 25 frá 22. október 1912 er landsstjórninni heimilað að taka nægilega stór lán til þess að framkvæma lagning og kaup á símum og talsímakerfum o. fl., sem ræðir um í 5. og 6. gr. sömu laga, og jafnframt er það ákveðið, að lánunum og kostnaðinum, er þau ganga til, skuli haldið fyrir utan landsreikninginn. Hinsvegar er það ekki tekið fram, að kostnaðurinn við ávöxtun og endurgreiðslu lánanna skuli tekinn af tekjuafganginum af rekstri síma landsins, sem þó virðist eðlilegast að fyrst yrði greiddur af tekjuafgangnum áður en nokkru af honum er varið til lagninga og kaupa talsíma og talsímakerfa þeirra, sem samkvæmt 4. gr. laganna teljast til 3. flokks og 7. gr. laganna heimila að verja honum til að kaupa og koma upp. Með því að setja í lögin ákvæði um, að áfallnir vextir og afborganir skuli greiðast af tekjuafgangnum áður en honum

er varið til nýnefndra framkvæmda, ávinst það, sem er aðalundirstaða tjeðra símalagningalaga, að símarnir fyrst og fremst standi sjálfir straum af sjer, og tryggir það, að ekki verði farið of freklega út í það að kaupa og leggja 3. flokks símana og verja svo miklu af tekjuafgangnum til þeirra, að fá verði fjárveiting af öðrum tekjuliðum landssjóðs til greiðslu á vöxtum og afborgunum af símalánunum og auk þess gjörir slíkt ákvæði auðveldara fyrir að fá lán með góðum kjörum. Í lagafrumvarpi þessu er því farið fram á það, að ákvæði í framangreinda átt sjeu sett inn í símalagningalögin.

---

# Frumvarp til laga

um

## breyting á lögum um vörutoll. 22. okt. 1912.

(Lagt fyrir alþingi 1913)

---

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda sem taldar eru í 2. lið 1. greinar vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, netatvinni og allskonar netagarn, strigi, lausar umbúðir, mottur, ofnar, eldavjelar, járnpípur og járnbrautarteinar, gips, hefilspænir og sag.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

---

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir að vörutollslögin öðluðust gildi hafa stjórninni borist margar fyrirspurnir um skilning á lögunum. Svörin hafa verið prentuð í Stjórnartíðindunum B-deild 1913. nr. 4, 27. jan. nr. 7, 6. febrúar, nr. 8, 25. febrúar og nr. 9, 28. febrúar 1913. Síðan hefir fyrirspurnum um skilning þessara laga verið svarað, en svör stjórnarinnar eru ekki prentuð enn, þegar þetta er skrifað (seint í apríl 1913). Í þessum stjórnarbrjefum hafa þær vörur, sem eftir eðli sínu áttu heima í einhverjum tolllið vörutollslaganna verið heimfærðar þangað, en sumum vörum hefir ekki verið unt að skipa í þann flokk, þar sem þær eftir tilgangi vörutollslaganna áttu heima í. Vörutollslögin gjöra ráð fyrir að hey sje lágt tollað, en það er ekki nóg, því hingað flyst nokkuð af öðru skepnufóðri en heyi, og sje hár tollur á því, er það sama sem að banna aðflutninginn, sem væri til skaða fyrir skepnueigendur. Á segldúk segl og striga er lagður hæsti tollurinn, þar sem hvorttveggja er vefnaðarvara, en hár tollur á segldúk og seglum íþyngir sjáfarútveginum, og gæti ollað tjóni á sjó. Til þess að íþyngja honum ekki um of, er jafnframt lagt til að tollur á ýmsu veiðarfæraefni verði lækkaður. Strigi er svo ódýr vara að hann þolir naumlega hærri toll en hjer er stungið upp á. Strigi og mottur eru notaðar mjög mikið til fiskiumbúða, hinar sömu fiskiumbúðir eru fluttar inn aftur, hvað eftir annað, og tollur greiddur í hvert skifti, án þess að kaupmenn segist sjá sjer fært, að leggja fram þær sannanir sem þarf eftir 11. gr. vörutollslaganna til að fá endurgoldinn tollinn af útfluttum fiskiumbúðum. Þar sem lagt er til, að ofnar, eldavjelar, járnpípur og járnbrautarteinar sjeu tollaðir eftir 1. gr. 2 í vörutollslögunum, þá er það í samræmi við ýms ákvæði laganna sjálfra.

Ennfremur er það lagt til, að lækka tollinn á gipsi úr 1 krónu niður í 25 aura af 50 kg. og er það gjört fyrir þá sök, að æskilegt þykir að kókólít sem er ágætt veggfóður, og hefir þann kost að það brennur ekki, gæti orðið búið til hjer á landi, sem er útilokað, ef greiða þarf hæsta toll af gipsinu.

Um hefilspæni og sag hafa stjórnaráðinu borist fyrirspurnir, og hefir það orðið að svara, að þessar vörur ættu að tollast eins og »aðrar vörur« (1 kr. 50 kg.), en þær eru hinsvegar svo verðlausar, að hætt er við að þessi tollur verki eins og aðflutningsbann.

# Frumvarp til laga

um

## sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Einkamál og refsimál um þau efni, sem ræðir um í siglingalögunum, að undanskildum málum um rjettindi yfir skipum samkvæmt 2. kap. siglingalaganna, eiga undir sjódóm. Ennfremur eiga undir sjódóm mál út af vátryggingu á skipi, farmi og öðrum hagsmunum, sem vátrygðir eru gegn hættum á sjó, sjóferðaskýrslur, sjóferðapróf og vitnamál, ef nota á vitnisburðinn í máli, sem á undir sjódóm, svo og störf þau, sem á dómstólum hvíla að því er snertir skoðunar-, álits- og matsgerðir, er ræðir um í siglingalögunum.

Sjódóm skipa hlutaðeigandi hjeraðsdómari, og er hann formaður dómsins, og tveir menn aðrir, sem sjerþekkingu hafa á siglingamálefnum.

Nú er kröfu, sem samkvæmt framansögðu á undir sjódóm, lýst í bú, sem tekið hefir verið til opinberrar skiftameðferðar, og rís þræta um kröfuna, sem ekki snertir skiftin sjerstaklega, og á þá skiftaráðandi að vísa þrætunni til sjódóms, ef hann telur það nauðsynlegt vegna þess hvernig þrætunni er varið, eða einhver aðila krefst þess.

Frjálst er aðilum að semja svo um, að einkamál, sem samkvæmt þessari grein á undir sjódóm, skuli rekið fyrir og dæmt af venjulegum dómi.

2. gr.

Fastur sjódómur skal vera í kaupstöðunum, og má með konunglegri tilskipun leggja þær sveitir, sem næstar eru, undir sjódóm kaupstaðarins. Ennfremur má með konunglegri tilskipun ákveða fastan sjódóm utan kaupstaða í þeim þinghám, þar sem kauptún er og sjávarútgerð, og má jafnframt ákveða, að fleiri en ein dómþinghá skuli vera ein sjódómsþinghá. Áður en skipað er sjódómaþinghám, skal þó ávalt leitað álits sveitarstjórna þeirra og sýslunefnda, sem hlut eiga að máli, um takmörk þingháarinnar.

Ráðherra tiltekur hve margir skuli vera sjódómsmenn í sjódómsþinghá hverri, en leita skal áður um það álits sveitastjórna þeirra eða bæjarstjórnar, sem hlut á að máli. Þó mega sjódómsmenn aldrei fleiri vera en 12 í neinni sjódómsþinghá.

Þá eina má tilnefna og skipa sjódómsmenn, sem eru 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, búsettir innan sjódómsþinghárinnar og hafa sjerstaklega þekking á siglingum, útgerð, vjelastörfum, vörum eða vátryggingarmálefnum.

Ráðherra skipar sjódómsmenn, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórna og sveitarstjórna í sjódómsþinghánni, til 4 ára í senn og má enginn kjörgengur maður skorast undan skipun, nema hann sje 65 ára að aldri eða ráðherra taki afsökun hans gilda. Sá, sem gegnt hefir sjódómsmannsstöðu um að minsta kosti eitt kjörtímabil, má skorast undan endurskipun um jafn langan tíma.

Hjeraðsdómarinn útnefnir tvo hinna skipuðu sjódómsmanna til að sitja dóminn í hverju tilfelli. Skulu hinir skipuðu sjódómsmenn sitja dóminn í sömu röð sem þeir eru skipaðir, og má hjeraðsdómarinn ekki bregða út af röðinni, nema nauðsynlegt sje vegna sjerþekkingar, er mál það, sem um er að ræða, útheimtir, eða forföll eða aðrar tálmanir banni þeim að sitja dóminn, sem næstur er í röðinni. Nú er þess ekki kostur, að útnefna nægilega marga sjódómsmenn meðal hinna skipuðu sjódómsmanna, og skal þá útnefnt samkvæmt ákvæðum næstu greinar.

Ef brugðið er út af rjettri röð við útnefning sjódómsmanna, eða gengið er fram hjá hinum skipuðu sjódómsmönnum, þá skal ástæðunnar til þess getið í þingbókinni.

3. gr.

Nú er ekki fastur sjódómur í þinghá, og þinghá sú hefir heldur ekki verið lögð undir sjódóm annarar þinghár, og skal þá tilnefna sjódómsmenn hvenær sem mál rís um þau efni, sem eiga undir sjódóm, fyrir það mál sjerstaklega. Hjeraðsdómarinn nefnir sjódómsmenn á þann hátt, sem tíðkast um dómkvaðning manna. Það leysir ekki dómara undan að dómkveðja sjódómsmenn, að málsaðilar sjeu á einu máli um það, hverjir þeir kjósi að sitji dóminn, enda er dómara aldrei skylt að fara eftir tillögu málsaðila um mennina.

4. gr.

Áður en sjódómsmaður tekur til starfa í fyrsta sinn í sjódóminum, skal hann vinna drengskaparheit samkvæmt 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911 að því, að hann muni rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann.

5. gr.

Fyrir starf sitt í sjódómi eiga hinir útnefndu sjódómsmenn 4 kr. kaup fyrir hvern dag, sem þeir sitja í sjódómi, eigi þeir heima í þeim kaupstað, kauptúni eða þorpi, þar sem sjódómur er háður. Eigi sjódómsmaður heima utan kaupstaðarins, kauptúnsins eða þorpsins, þar sem sjódómurinn er háður, ber honum auk þess 2 kr. í fæðispeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, sem dómarinn úrskurðar í einkamálum um leið og málinu er lokið, en í refsimálum úrskurðast reikningurinn á venjulegan hátt.

6. gr.

Sækjanda er frjálst að stefna útgerðarmanni á persónulegt varnarþing hans eða þar sem skipið á heima. Sama er um mál gegn skipstjóra eða skipshöfn út af skyldustörfum þeirra.

Nú á maður kröfu að heimta, sem skip eða farmur er að veði fyrir, og er skipið eða farmurinn kyrsett hjer á landi vegna kröfunnar, og má þá höfða mál til greiðslu kröfunni á þeim stað, þar sem kyrsetningin var gerð.

Mál út af ákvörðun eða skifting björgunarlauna, má höfða þar sem bjargað var eða þar sem björgunargóssið var flutt á land.

7. gr.

Sjódómur skal háður, þá er mál eru fyrir hendi, sem eiga undir sjódóm. Málshöfðanda eða gerðarbeiðanda ber að sýna formanni dómsins stefnu sína, eða beiðast sjódóms skriflega, og á hann í beiðninni að skýra frá efni málsins. Formaður ákveður þá fyrirtekt málsins með áritun á stefnuna eða beiðnina.

Formaður kveður síðan meðdómsmenn sína til dómhaldsins, og á hann enga sjerstaka þóknun fyrir, ef meðdómsmennirnir búa innan sama kaupstaðar, kauptúns eða þorps. Formaður skal þó ekki kveðja meðdómsmenn sína til dómhalds, ef líklegt er að áliti hans, að að eins verði lögð fram skrifleg skjöl og beðið um frest. Ennfremur má formaður einn taka við sjóferðaskýrslu, sem ekki þolir bið og að áliti hans er ekki mikils varðandi, og taka til rannsóknar, sem ekki má fresta, ef ekki verður náð til sjódómsmanna nægilega snemma.

Formanni ber að sjá um, að stefnan eða innköllunin sje birt hlutaðeigendum, ef gerðarbeiðandi óskar þess og greiðir kostnað þann, sem af því leiðir.

8. gr.

Stefnufrestur til sjódóms í einkamálum er bæði að því er kemur til málsaðila og vitna hinn sami sem til gestarjettar; sömuleiðis gilda sömu reglur sem í gestarjettarmálum um sáttir, fresti, dómsuppsögn og aðför. Í þessum málum má ennfremur koma fram gagnkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar. Ákvæði N. L. 1—13—13 um skyldu til að stefna á ný vitnum, sem áður hafa gefið skýrslu um málið, þá er nýjum vitnum er stefnt, skal ekki gilda um sjódómsmál, sjóferðaskýrslur nje vitnaleiðslur, sem nota á í málum, sem eiga undir sjódóm. Reglan eftir N. L. 1—4—1, að óstefndur skuli vera ónefndur, gildir ekki um sjóferðaskýrslur.

Í málum milli skipstjóra og skipshafnar, eða útgerðarmanns og skipshafnar, mega málsaðilar ekki láta málflutningsmann mæta fyrir sína hönd, nema dómurinn leyfi.

Að öðru leyti gilda um sjómál almennar rjettarfarsreglur.

9. gr.

Formaður stjórnar öllum störfum sjódóms, og heldur þingbókina.

Ef þörf er á túlk, og enginn sjódómsmanna getur og vill túlka, þá skal kveðja til málfróðan mann til aðstoðar dóminum; skal sá maður staðfesta á þann hátt, sem lög nr. 29, 11. júlí 1911 um eiða og drengskaparorð mæla fyrir, að hann muni rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann. Túlkur á borgun fyrir starf sitt; dómurinn ákveður borgunina, en gerðarbeiðandi greiðir.

10. gr.

Heimilt er sjódómi að taka við sjóferðaskýrslu, láta skoðunargerð og matsgerð á skipi og gössi fram fara og aðrar gerðir, sem að áliti dómsins ekki þola bið, þó eiganda, vátryggjanda og öðrum þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, hafi ekki verið tilkynt gerðin. Hinsvegar skal þess gætt af dómnum, að hlutaðeigendur sjeu ávalt kvaddir til gerðarinnar, ef þeir eru staddir á staðnum, eða umboðsmenn þeirra, eða svo nærri, að auðvelt er að kveðja þá til, án þess gerðinni sje seinkað óhæfilega mikið, og gerðarbeiðanda eða dóminum var kunnugt um það. Nú næst ekki til hlutaðeiganda, og á dómurinn þá að gæta þess vandlega, að ekki sje gengið á rjett fjærstaddra.

11. gr.

Skipstjóri skal hafa með sjer leiðarbækur skipsins, þá er hann gefur sjóferðaskýrslu, og ber dóminum að bera þær saman við afrit það, sem fylgja skal skýrslunni samkvæmt 45. gr. siglingalaganna. Fyrst tekur dómurinn við munnlegri skýrslu skipstjóra; síðan skulu leidd vitni þau, sem skipstjóri hefir með sjer eða dómurinn hefir stefnt til. Skal þess ávalt gætt, að enginn þeirra hlusti á skýrslu hinna.

Vitnin eiga að því leyti sem auðið er, að gefa samfelda skýrslu um atvik þau, sem um er að ræða; ef nokkuð vantar á skýrsluna, eða hún er ógreinileg eða óákveðin, þá ber dóminum að spyrja vitnin sjerstaklega, og reyna þannig að fá áreiðanlega vitneskju um það, sem hver um sig hefir sjálfur komist að raun um. Áður en tekið er til að spyrja vitnin, ber dóminum að áminna vitnin alvarlega um sannsögli og um að leyna engu, og að brýna fyrir þeim þýðing staðfestingarinnar og lagahegning þá, sem þau verða að þola, ef þau bregða út af hinu sanna í nokkru atriði. Að jafnaði má ekkert vitnanna staðfesta framburð sinn, sbr. lög nr. 29, 11. júlí 1911, II. kafla, fyr en öll hafa borið.

12. gr.

Nú hefir íslenskt skip farist, eða skipshöfnin hefir yfirgefið það á hafi úti, eða það hefir tekið grunn svo, að það komst ekki á flot aftur nema með aðstoð annara eða með því að kasta fyrir borð eða höggva siglutrjen, eða það hefir beðið tjón af eldsvoða, eða rekist á annað skip og hlotið tjón af árekstrinum, eða það varð fyrir óhappi, sem mannsbani hlaust af, og skal dómurinn þá jafnframt sjóferðaskýrslunni halda próf til þess að reyna að komast fyrir orsakir óhappsins; próf þetta heldur dómurinn fyrir hönd hins opinbera með valdi því, sem dómar eiga við opinberar rannsóknir. Sjerstaklega skal það rannsakað, hvort orsakir óhappsins eru þær, sem nú skal greina:

1. Gallar á skipi, siglingaverkfærum þess, útbúnaði eða mannafla.
2. Gallar á fermingu skipsins, svo sem að skipið hafi verið ofhlaðið, eða farmurinn hafi verið hættulegs efnis, eða skift ranglega niður í skipinu, eða ófor-

svaranlega búlkaður eða skorðaður, eða seglfesta hafi verið ónóg, óhæf, illa skift eða óforsvaranlega skorðuð.

3. Gáleysi eða hirðuleysi skipstjóra eða skipshafnar, eða skipstjóra eða skipshafnar annars skips.
4. Gáleysi eða hirðuleysi hafnsögumanns, gallar á sjóbrjefum eða vitum, sjómerkjum eða öðrum tilfærum, sem ætlaðar eru siglingum til öryggis.

13. gr.

Nú er ástæða til að gruna eftir því sem fram hefir komið við sjóferðaskýrslu eða sjóferðapróf, að um hegningarvert athæfi sje að ræða, og skal þá sjódómurinn fara með málið og dæma það, ef það á undir sjódóm samkvæmt lögum þessum, en að öðrum kosti senda stjórnarráðinu útskrift úr sjóferðaskýrslunni og sjóferðaprófinu með tillögum sínum til frekari aðgerða.

14. gr.

Nú eru einhver þau atvik fyrir hendi, sem um er rætt í 12. gr., og það kemur í ljós, að sjóferðaskýrsla hefir ekki verið gefin, til dæmis af því, að enginn þeirra, sem bar skylda til að tilkynna óhappið, hefir komist lífs af, eða óhappið hefir af öðrum ástæðum ekki verið rannsakað, og skal þá sjódómur rannsaka málið þar sem því verður best við komið. Þannig á rannsókn fram að fara á heimili skipsins, hafi það horfið, en ella að jafnaði þar sem skipið kemur til hafnar eftir óhappið, eða þar sem skipshöfn, skip eða skipsflak kemur á land.

15. gr.

Um áfrýjun dóma og úrskurða sjódóms fer eftir almennum lögum um áfrýjun.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914. Þau taka ekki til þeirra mála, sem stefnt er til dóms, nje þeirra gerða, sem tekið er til að framkvæma fyrir þann dag.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að dæma sjómál og framkvæma önnur dómstörf viðvíkjandi siglingum, þarf sjerþekking á siglingamálefnum, sem ekki er hægt að ætlast til að almennir dómarar hafi ávalt til að bera. Hefir þetta leitt til þess, að víðast hvar eru sett sjerstök lög um sjódóma og rjettarfar í sjómálum, sem auka sjerfróðum mönnum við hina almennu dóma, þá er dæma á sjómál, og kveða á um hraðara og óbrotnara rjettarfar í sjómálum en alment gerist í dómsmálum. Svo hefir einnig verið gert á Norðurlöndum. Í *Danmörk* hafa verið sett lög um »Sö- og Handelsret« í Kaupmannahöfn 19. febr. 1861 og »Lov om Oprettelse af Söretter udenfor Köbenhavn

samt om Söforklaring og Söforhör« nr. 72, 12. apr. 1892, í *Noregi* »Lov om Sjöfarten« 20. júlí 1893, 312—333 gr., sbr. lög 6. ágúst 1897, 92—93 gr., og í *Svíþjóð* »Sjölagen« 12. júní 1891, 313—332 gr., sbr. lög 27. apr. 1906 og lög 14. júní 1901. Öll eru lög þessi að efni til að mestu eins.

Hjer á landi hafa aftur á móti engin lög verið sett um sjómálarjettarfar. Kgbr. 2. júní 1747 (5. gr.) lögleiddi hjer á landi N. L. 4—8—1 (um sjórjettinn) í málum milli kaupmanna annarsvegar og landsmanna hinsvegar (verslunarmálum). Síðar tóku dómstólarnir að beita þessu ákvæði í siglingamálum, og nú eru sjómál alment talin gestarjettarmál.

Fyrirkomulag þetta hefir nú um nokkurn tíma verið alment talið óviðunandi af þeim, sem stunda sjávaratvinnu, sjerstaklega í Reykjavík, en þar er þörfin á heppilegum lögum í þessa átt mest. Óskum um endurbætur á sjórjettarfarslögunum hefir verið hreyft í tímaritinu »Ægir« og á síðasta alþingi kom fram og var samþykt þingsályktunartillaga um að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um skipun siglingafróðra manna til aðstoðar hjeraðsdómurum við sjómál (sjá Alþ.tíð. 1912 A. þgskj. 186, 322, 374, B. 855—859).

Stjórnarráðið verður að vera þinginu samdóma um, að æskilegt sje, að ráðin sje bót á þeim göllum, sem nú eru á meðferð sjómála, og að sett sjeu samfeld lög um alt efnið, að dómstólunum sje trygður sjerfróðleikur við meðferð sjómála og að rjettarfarið sje gert svo óbrotið og hraðsótt, sem unt er. Er lagafrumvarp þetta því lagt fyrir þingið, og er í því aðallega bygt á hinum dönsku og norskum lögum, sem áður eru nefnd, en vikið frá þeim, þar sem íslenskir staðhættir og íslensk lög útheimta.

Skal svo vikið að hverri grein frumvarpsins um sig.

### Við 1. gr.

Þessi grein, og frumvarpið í heild sinni, gerir ráð fyrir, að frumvarp það til siglingalaga, sem lagt er fyrir alþingi, verði lög. Að öðrum kosti verður auðvitað að breyta grein þessari algjörlega og telja upp öll þau mál, sem eiga undir sjódóm. Meginregla laganna er, að þau mál eigi undir sjódóm, sem venjulega þarf sjerþekking til að dæma eða fara með. Því eru mál um venjuleg rjettindi yfir skipum (2. kap. siglingalagafrumvarpsins) ekki tekin með, en hinsvegar mál um sjóvátrygging, þó enginn ákvæði sjeu um það efni í siglingalagafrumvarpinu. Það er ekki ætlast til, að dómurinn framkvæmi sjálfur álits- og skoðunargerðir, heldur kveðji menn til þess á venjulegan hátt.

### Við 2. gr.

Það þykir nægja að hafa aðeins í kaupstöðum fasta sjódóma og heimila jafnframt, að leggja megi sveitir þær, er næstar liggja kaupstaðnum, undir sjódóminn þar. En auk þess þykir rjett að veita heimild til þess að setja með konunglegri tilskipun fasta sjódóma annarsstaðar, þar sem búast má við, að mál komi fyrir að jafnaði, sem heyri undir sjódóm.

### Við 3. gr.

Ef sjómál kemur fyrir í þinghám, þar sem ekki er fastur sjódómur og ekki hafa verið lagðar undir sjódóm annarar þinghár, er ætlast til að hjeraðsdóm-

arinn útnefni sjódómsmenn í því máli á sína ábyrgð, og mun ábyrgð sú nægileg trygging fyrir því, að tryggilega verði útnefnt. Álit aðila má ekki vera einhlítt, vegna þess að sjódómurinn á einnig sjálfstæðra hagsmuna hins opinbera að gæta, jafnvel gagnvart málsaðilum.

Við 4. gr.

Samkvæmt meginreglu íslenskra laga um að dómarar skuli jafnan vinna eið áður en þeir taka til starfs síns, er hjer sett samsvarandi ákvæði um sjódómsmenn, þó svo að drengskaparheit kemur nú í stað eiðs, sbr. lög nr. 29, 11. júlí 1911.

Við 5. gr.

Það þykir eðlilegt, að sjódómsmenn fái kaup fyrir störf sín, og fæðispeninga og ferðakostnað, ef þeir eiga ekki heima þar sem sjódómur er háður.

Við 6. gr.

Hin sjerstaklegu varnarþingsákvæði, sem hjer eru sett, teljast fullnægja rjetti sækjanda án þess að ganga á rjett þess, sem sóttur er.

Við 7. gr.

Það þykir ekki þörf á, að meðdómsmenn sjeu viðstaddir öll rjettarhöld, myndi oft baka málsaðilum töluverðan óþarfan kostnað (dagpeninga, ferðakostnað).

Við 8. gr.

Samkvæmt þessari grein verður rjettarfarið í sjómálum hjerumbil hið sama sem nú er. Þó hefir þótt rjettara að taka til hin einstöku ákvæði um gestarjettarfar, sem gilda eiga um sjómál, en heimfæra ekki gestarjettarfarið í heild sinni á sjómál, og þarf þá ekki að gera sjer grein fyrir hvort allar gestarjettarreglurnar eigi við um sjómál. Auk gestarjettarreglnanna eru nokkur önnur afbrigði frá almennu rjettarfari, og miða þau að því að flýta fyrir sjómálum og tryggja heppileg málsúrslit. Það leiðir af sjálfu sjer, að þó gagnkröfur megi koma fram *til skuldajafnaðar*, þá verður ekki fenginn sjálfstæður dómur fyrir neinum hluta þeirrar kröfu án gagnsóknar. Af almennum rjettarfarsreglum, (sbr. tilskipun 15. ág. 1832, 10. gr.) leiðir, að dómarinn á ótilkvaddur að leiðbeina, sjerstaklega í því tilfelli, sem ræðir um í 2. hluta greinarinnar.

Við 9. gr.

Samkvæmt greininni má sjódómsmaður túlka, ef hann getur og vill, en honum ber engin skylda til þess.

Við 10. gr.

Þessi grein er í samræmi við ákvæðið í 8. gr., að reglan »óstefndur — ónefndur« skuli ekki gilda um sjómál, en gengur góðu feti framar.

Við 11. gr.

Um sjóferðaskýrslur eru engin ákvæði til í núgildandi lögum. Með 45.

gr. siglingalagafrumvarpsins og þessari grein þessa frumvarps er bætt úr þessum skorti, og eru reglurnar að mestu leyti í samræmi við reglur þær, sem beitt hefir verið, sjerstaklega nú á seinni árum.

Við 12. gr.

Sjóferðaprófin eru nauðsynleg aðallega vegna 287. og 288. gr. hegningarlaganna, en um þau eru engin bein ákvæði í núgildandi lögum. Ákvæði það, sem hjer er stungið upp á, er í samræmi við gildandi lög um öll Norðurlönd.

Við 13. gr.

Þá er það kemur í ljós, að um brot á móti lögum er að ræða, á málið út af því annaðhvort undir sjódóm samkvæmt 1. gr. þessa frumvarps, og fer sjódómurinn þá með málið og dæmir það, eða það á undir almenna dómstóla, og á sjódómurinn þá að fá ákæruvaldinu málið til frekari meðferðar.

Við 14. gr.

Greinin tekur bæði til þess, að vanrækt er af ásettu ráði að gefa sjóferðaskýrslur, og til þess að það verður af afsakanlegum orsökum.

Við 15. gr.

Um áfrýjun sjódómsmála hefir ekki þótt ástæða til að víkja frá almennum lögum.

Við 16.

Ætlast er til þess, að frumvarp þetta, ef það verður að lögum, öðlist gildi samtímis siglingalagafrumvarpinu, ef það nær fram að ganga.

# Frumvarp til laga

um

## breyting á I. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

1. gr.

Auk herskipa eru undanþegin vitagjaldsgreiðslu skemtiferðaskip, og skip sem leita hafnar í neyð, annaðhvort til þess að fá bættar sjóskemdir, eða til þess að flýja sjávarháska, og ekki taka neinar vörur frá landi nje úr öðrum skipum, nje skila af sjer neinum vörum, hvorki í land nje í önnur skip.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

---

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Þegar hin nýju lög um vitagjald frá 11. júlí 1911, voru kominn út, sneri hið breska stórfjelag, *National Sea Fisheries Protection Association* í London sjer til stjórnardeildar þeirra á Bretlandi, sem um siglingarmál og fiskiveiðar hefur að fjalla Board of Trade, með kvörtun yfir lögunum, sjerstaklega því, að ekki væri gjörð nein undanþága fyrir skip, er leita hafnar í neyð; en það sje mjög títt, að fiskiskip er stunda veiðar hjer við land þurfi að leita sjer hjer hafnarskýlis í viðlögum, aðeins til þess að flýja opinn háska. Bar fjelagið fram ósk um, að ráðstafanir yrðu gjörðar til, að ákvæði væri tekið upp í lögin um að skipin þyrftu eigi að greiða vitagjald, þegar svo ber undir og er það í samræmi við vitagjaldsreglur þær, er í Bretlandi gilda.

Breska stjórnin sneri sjer sjer þá til utanríkisráðaneytis Danaveldis með málaleitun í þessa átt, og óskaði þess jafnframt, að almennur samningur væri gerður samkvæmt heimild þeirri, er vitagjaldslögin veita, um niðurfærslu á vitagjaldinu fyrir bresk fiskiskip.

Í brjefaskriftum, sem um þetta mál urðu milli utanríkisráðaneytisins og stjórnarráðs Íslands, var því synjað af Íslands hálfu, að gjöra tilslakanir um vitagjald alment, nema aðrar tilslakanir kæmu móti af Bretlands hálfu, er síðar er komið í ljós, að ekki fást. Hinsvegar ljet þáverandi ráðherra í ljósi, í brjefi dags. 13. April 1912, að stjórnarráð Íslands mundi geta lagt það til á næsta reglulegu alþingi, að vitagjaldslögunum væri breytt þannig, að skemtiskip og skip, sem leita hafnar í neyð, væri undanþegin gjaldinu.

Til þess að fullnægja þessum ádrætti, er þetta frumv. fram borið.

Ástæðan fyrir undanþágu að því er skemtiskip snertir er sú, að stjórnarráðinu hefir verið tjáð, að ferðamannaskip þau, sem komið hafa hjer til lands um hásumarið að undanförnu, sem eru mjög stór að tonnatali, og koma ekki í neinum öðrum erindum en þeim, að gefa mönnum, er ferðast vilja sjer til skemtunar, kost á því að sjá Ísland og koma hjer við, muni hætta að koma hingað, ef heimtað verði af þeim gjald þetta, er numið getur yfir 2000 kr. fyrir hvert skip Með því að landsmenn hafa töluverðan viðskiftahagnað á ýmsan hátt af komu skipanna, og það einnig óbeinlínis getur verið landinu til hagsmuna, að greiða heldur fyrir, en hefta ferðmannastraum hingað, en hinsvegar lítil hagnaðarvon fyrir landið af vitagjaldi af þessum skipum, ef viðkomur þeirra leggjast niður að öllu eða miklu leyti, þá hefir þótt rjett að láta þau vera laus við gjaldskylduna. Með því að skip þessi eru ekki skemtiskip (lystiskip, *Yacht*) í sjálfu sjer, heldur flutningaskip, sem leigð eru sjerstaklega til skemtiferða, hefir þótt rjettara að viðhafa orðið *skemtiferðaskip*, sem getur gengið yfir bæði þessi ferðamannaskip og eiginleg skemtiskip einstakra manna (Yachts).

Til þess að koma í veg fyrir það, að gjaldfrelsið fyrir skip, sem leita hafnar í neyð verði of víðtækt í framkvæmd, hefir verið álitið nauðsynlegt, að setja í lagagreinina og skýringu á því, hvað við er átt. Ef skip ættu að vera gjaldfrjáls fyrir það, þó að þau tjáist hafa neyðst til að leita hafnar til þess að afla sjer kolaforða eða vista, þá er hætt við, að helst til mörg skipin slyppi við gjaldið, án þess að hin sanna ástæða fyrir undantekningarákvæðinu væri fyrir hendi, eigi er heldur nægilegt, að miða við það, hvort skipin hafa viðskipti við land, flytja vörur í land eða frá landi, því það er mjög títt að útlend fiskiskip taka bæði kolaforða sinn og vistaforða úr öðrum skipum, og koma í höfn í því skyni aðeins. En í slíkum tilfellum virðist engin ástæða til þess, að veita sjerstakar ívilnanir vegna neyðar. Það er því strax tekið fram, að skip sem leita hafnar til að flýja sjávarháska, sjeu því aðeins laus við gjaldið, að þau taki ekki neinar vörur úr öðrum skipum nje láti vörur yfir í önnur skip. Hitt er sjálfsagt, að skip sem kemur til þess, að fá viðgjörð á sjóskemdum, telst eigi hafa flutt vörur, þótt það leggi til efni, eða tæki til viðgjörðarinnar.

# Frumvarp til laga

um

**vatnsveitingar.**

(Lagt fyrir alþingi 1913.)

---

1. gr.

Við áveitu og framræslu skal vatni veita svo á land eða af landi, að öðrum sje ekki mein að.

Nú telur einhver sjer mein af áveitu eða framræslu annars og samkomulag verður ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt úttektarmenn til skoðunar- og matsgerðar á þessu. Ef úttektarmenn komast að þeirri niðurstöðu, að honum sje ekkert mein að áveitunni eða framræslunni, skal hún hinum heimil bótalaust. Telji úttektarmenn gjörðarbeiðanda að vísu skaða af áveitunni eða framræslunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en úttektarmenn skulu þá meta fullar bætur fyrir, enda verði henni ekki breytt þannig, með ekki meiri kostnaði en skaði gjörðarbeiðanda telst, að hún gjöri sama gagn en sje honum meinlaus.

Ef úttektarmenn meta gjörðarbeiðanda engar bætur, greiði hann matskostnað, en að öðrum kosti sá, er áveituna eða framræsluna hefir gjört.

2. gr.

Sá, sem veita vill vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars eða þarf að leiða vatnið yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt úttektarmenn til gjörðar um málið. Álíti úttektarmenn hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt í gegnum það, skal það heimilt án þess endurgjald komi fyrir. Telji þeir hinsvegar landeiganda að vísu baga að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef úttektarmenn telja skaða landeiganda minni en hag hins af vatnstökunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið annarsstaðar eða leitt með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn gjöri. Gjörðarbeiðandi greiði matskostnað.

3. gr.

Vötn öll, stór og smá, skulu svo renna sem að fornu hafa runnið, og má ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, sem breytingin snertir hagsmunalega, og það sje gjört til þess að afstýra landbroti, sandágangi eða öðrum skemdum, eða breytingin miðar að því að gjöra hægra fyrir að ná vatni til áveitu eða gjöra beina farvegi á landamerkjum með því að nema burtu króka eða fara yfir nes. En sje um mikið vatnsmegn að ræða, skal áður um það leita álits verkfróðs manns, sem landsstjórnin hefir tekið gildan eða sett til þess, og skal farið að hans ráðum um framkvæmd verksins. Borgun til hans telst til kostnaðar við verkið.

4. gr.

Ekki má öðruvísi en eftir samkomulagi gerstifla ár, læki eða aðra vatnsfarvegi, og halda þannig vatni fyrir öðrum.

5. gr.

Nú fellur vatn milli tveggja jarða, og eiga þá hvor um sig, þeir er land eiga að, rjett á að nota vatnið að helmingi. Ef vatnið er svo lítið, að ekki nægi hvorumtveggju til áveitu, skal hvor, nema öðruvísi um semji, hafa það ekki skemur en tvo sólarhringa og ekki lengur en viku í senn, eftir úrskurði úttektarmanna. Borgun til úttektarmanna greiði hvor um sig að helmingi.

Ef fleiri jarðir liggja að á, læk eða öðru vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag næst ekki um hvernig nota skuli, má útkljá það með löggiltri samþykt samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land, og geta þá þeir, er landið eiga, krafist þess, að úttektarmenn skifti landinu milli þeirra til afnota og eignar. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðarmatinu, og skal ekki aðeins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu. Rjett til að heimta yfirmat eða yfirúrskurð um skiftin hefir hver jarðeigenda og ábúenda, og auk þess hver veðhafi í landi því, er skift var, um eitt ár frá skiftadegi. Kostnaðinn við skiftin greiða jarðeigendur að tiltölu við jarðarstærð, svo og kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð, ef breyting verður gerð á skiftum, ella greiðir gerðarbeiðandi þann kostnað.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns til áveitu, um viðhald skurða og annara vatnsfarvega, um vörn gegn skemmdum af vatnságangi og um samáveitu.

8. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokk-

urn hluta hennar, semur hún frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metinn er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefur kosið til þess boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, bera honum 2 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnaður að auki, eftir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

9. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 8. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefur gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefur ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

10. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

11. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþyktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

12. gr.

Ákveða má í samþykt 1—200 kr. sektir fyrir brot gegn henni, og þá jafnframt tiltaka í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeig-

endur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sje krafist, og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það. Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar, en náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

14. gr.

Þegar gerðar eru mælingar til undirbúnings samáveitu, er þeim, sem það gera, heimilt að fara að ósekju yfir lönd manna hvar sem er, hvort heldur gangandi eða með hesta, en varast skulu mælingamenn óþarfa troðning á túnum eða engjum. Merki þau og vörður, er mælingamenn þessir setja, skulu teljast til hluta þeirra, er friðaðir eru samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

15. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal skifta milli jarðanna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver jörð liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar jarðir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna.

16. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi úttektarmanna er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til úttektarmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Nú er samþykt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landsdrottinn um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landsdrottinn leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og ennfremur eftirgjaldsauka eftir samkomulagi eða eftir mati úttektarmanna, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landsdrottinn ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna,

og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar tólffóldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

18. gr.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkvæmt 17. gr., getur stjórn samáveitunnar krafizt þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa áveitufjelaginu. Snýr stjórnarnefndin sjer í því efni til hjeraðsdómarans, sem dómkveður 3 óvilhalla menn utansveitar og utan áveitusvæðisins til að meta jörðina til eignarnáms. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna. Nú er landeigandi eða áveitufjelagsstjórnin óánægð með matsverðið, og má þá hvor um sig skjóta gerðinni til yfirmatsnefndar þeirrar, sem greinir um í 20. gr. Matsnefndirnar skulu láta birta landeiganda og áveitustjórn matsgerðir á sama hátt og dómar eru birtir; kostnaður við það telst til matskostnaðar. Áfrýjunarfrestur eru 3 mánuðir frá birting. Áður en 5 mánuðir eru liðnir frá birting matsgerðar, enda sje undirmatsgerð ekki áfrýjað, skal stjórn áveitufjelagsins krefjast að eignarnámið fari fram og leggja fram matsverðið. Eftir að áveitufjelagið hefir eignast jörðina, má það selja hana, án þess nokkur eigi forkaupsrjett. Áveitufjelaginu eða þeim, er síðar eignast jörðina, er skylt að leggja fram áveitukostnaðinn og öðlast þá þann rjett gagnvart leiguliða, sem segir í 17. gr.

19. gr.

Þar sem ákveðið er í lögum þessum, að úttektarmenn skuli skoða, meta, skera úr o. s. frv., skulu það gjöra úttektarmenn í því umdæmi, þar sem það liggur, sem meta á, skoða eða skera úr um. Nú liggur það í tveim úttektarmannaumdæmum eða fleiri, en í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá sýslumaður tilnefna tvo af úttektarmönnum umdæmanna til gerðarinnar. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Ef úttektarmenn geta ekki orðið á eitt sáttir, kveður sýslumaður oddamann til gerðarinnar. Nú er svæði það, sem gerðina varðar, í tveim lögsagnarumdæmum eða fleiri, og heyrir þá tilnefning gerðarmanna, sú, sem á undan greinir, undir hjeraðsdómarann í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðarbeiðandi býr, ef hann býr á svæðinu, eða, ef hann býr utan þess, þar er sú fasteign liggur, sem hann beiðist gerðar vegna. Má dómarinn í þessu tilfelli útnefna menn úr hverju umdæmanna sem er.

Fyrir skoðunar- og matsgerðir o. s. frv. eftir lögum þessum fá úttektarmenn sömu borgun og þeim ber að lögum fyrir áþekk störf, og greiðist hún af gerðarbeiðanda, ef ekki er öðru vísi kveðið á í lögum þessum.

20. gr.

Öllum matsgerðum og úrskurðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, má hver sá, sem málið varðar, skjóta til yfirmats eða yfirúrskurðar dómara þess, sem útnefning úttektarmanna samkvæmt 19. gr. ber undir, og 4 manna annara, óvilhallra, sem hann kveður til þess fyrir rjetti og mega þeir

vera úr öðrum lögsagnarumdæmum, ef dómaranum þykir ástæða til þess. Dómarinn er formaður yfirmatsmanna og stýrir matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 6 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð, ella skal ákveðið í yfirmatinu eða yfirúrskurðinn, hverir greiða skuli, sbr. þó 6. gr.

21. gr.

Skaðabætur þær, sem úttektarmenn eða yfirmatsnefnd meta samkvæmt lögum þessum, mega vera annaðhvort fjegjald í eitt skifti eða árlegt fjegjald, eftir því hvernig skaða þeim er varið, sem bæta skal.

Fjegjöld samkvæmt matsgjörðum og kostnað við matsgjörðir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki.

22. gr.

Úttektarmenn, matsmenn eftir 18. gr., og yfirmatsnefnd skulu gefa málsaðilum kost á að vera við mats- og skoðunargerðir þær, er þeir framkvæma eptir lögum þessum; skulu þeir því í tæka tíð tilkynna þeim hvenær matsstörfin eða skoðunargjörð byrja og er störfum lýkur í hvert sinn, hvenær þau verði tekin fyrir aftur. Aðilum skal gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu aðilar viðstaddir, er matsmenn ræða *málið sín* í milli til undirbúnings álits síns eða þegar álitið er samið.

23. gr.

Brot gegn 3. og 4. gr. laga þessara varða sektum 10—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir þessar renna í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr,

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþyktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir ákvæðum framanskráðra laga.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af neðri deild alþingis 1911 var samþykt þingsályktun, þar sem skorað var á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir alþingi, frumvarp til laga, er innihaldi almenn ákvæði um rjett til notkunar vatns til áveitu og framræslu, svo og um rjettindi og skyldur landsdrottna og leiguliða hvorra gagnvart öðrum, þegar um kostnaðarsöm vatnsveitingafyrirtæki er að ræða. Tillaga til ályktunar þessarar kom frá landbúnaðarnefnd deildarinnar, og mun aðaltilefnið til hennar hafa verið, að við undirbúning áveitu þeirrar, sem fyrirhugað er að koma á yfir Flóann úr Hvítá, hafa menn saknað ljósra og haganlegra ákvæða um þetta efni, enda hefur stjórnarráðinu á þessu ári borist beiðni frá nefnd þeirri, sem kosin hefur verið í Árnessýslu til að vinna að undirbúningi Flóaáveitunnar, um að stuðla að því að lög komi út um þau atriði, er þingsályktunin nefnir. Eftir því sem áhugi og framkvæmdir til jarðabóta, og þar á meðal vatnsveitinga og framræslu, hafa vaxið, hafa menn einnig alment fundið til þess, að þörf væri á ákvæðum í þessa átt.

Með lagafrumvarpi þessu er það tilætlunin að bæta úr þörfinni á ákvæðum um samáveitur og yfir höfuð um vatnsveitingar og framræslu til gróðurauka og varðveislu gróðurs, og gera það mögulegt að koma á bæði hinni framangreindu fyrirhuguðu Flóaáveitu, og öðrum áveitum og framræslum, sem snerta marga, og samtaka þarf til að koma á. Hinsvegar er það ekki titætlunin, þótt nokkur ákvæði almenns efnis sjeu í frumvarpi þessu, að setja ákvæði um rjett til notkunar vatns til annara þarfa, enda eru til lög frá síðari árum um ýms atriði í þá átt, svo sem lossalögin nr. 55, 22. nóvember 1907, sjerstaklega ákvæðin í 12.—14. gr. þeirra, og lög nr. 26, 22. október 1912 um vatnsveitur í verslunarstöðum, einkum 3. gr. þeirra laga.

Eftir að þetta hefur verið tekið fram um tilefnið til að lagafrumvarp þetta hefur verið samið og um aðalefni þess og tilgang, skulu eftirfarandi athugasemdir gerðar um hinar einstöku greinar frumvarpsins.

### Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru um áveitu og framræslu í eigin landareign, þegar þær að einhverju leyti snerta lönd eða mannvirki annara eða hagsmuni þeirra á annan hátt.

### Um 2. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er það tilætlunin að gera það mögulegt þó samkomulag náist ekki, að fá vatn úr landi annara eða leiða það gegnum það úr annars landi eða eigin landi til áveitu á sitt eigið land, er þess þarfnast til þess að koma áveitunni á, og taka vatnsins eða leiðsla er hinum bagalaus eða bagalítil í samanburði við gagnið af henni.

Þótt áveita, framræsla, vatnstaka eða vatnsveita hafi verið metin heimil eftir þessari grein eða næstu grein á undan, má auðvitað, ef það sýnir sig að hún gerir annan eða frekari skaða en þegar metið var eða þá var fyrirsjáanlegur, krefjast mats að nýju um lögmæti hennar eða á bótum hennar vegna.

Um 3. gr.

Ef að ræða er um breyting á vötnum eða ám með miklu vatnsmegni, sem getur orðið óviðráðanlegt og gert mörgum skaða ef ekki er rjett með farið, verður hið opinbera að hafa rjett til tilhlutunar um það mál.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru almenns efnis og þykja eðlileg og sjálfsögð, og við brotum gegn þeim og næstu grein á undan eru lagðar sektir í 23. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Ef það eru fleiri en tvær jarðir, sem eiga rjett til sama vatns, verður að reyna að útkljá ágreining um notkun þess til áveitu með því að koma á samþykt um hana eftir lögum þessum, því ekki þykir fært að setja ákvæði um skifting vatnsins, er komi alment að gagni.

Um 6. gr.

Þegar óskift land er tekið til ræktunar með áveitu, er nauðsynlegt að gera það hægt að fá því skift, því afnot þess fyrir sameigendurna munu oftast breytast við það.

Um 7.—12. gr.

Ákvæði þessara greina eru tekin úr lögum nr. 49, 20. des. 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar og um skurði, og ekki gerðar aðrar efnisbreytingar en þær, að þeir einir eigi atkvæðisrjett um samþyktir, sem jörð eða jarðarpart hafa til ábúðar, en eftir lögunum frá 1901 eiga allir alþingiskjóseudur á samþyktarsvæðinu atkvæðisrjett um samþyktir, og þykir þessi breyting eðlileg eftir efni samþyktanna. Svo er lágmark sekta fært niður í 1 kr. úr 5 kr. og hámarkið fært úr 100 kr. upp í 200 kr.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við áþekk ákvæði í öðrum gildandi lögum, svo sem símalaganna nr. 12, 20. október 1905, 9. gr., vegalaganna nr. 57, 22. nóvember 1907, 33. gr. og vatnsveitulaganna nr. 26, 22. október 1912, 3. gr.

Um 14. gr.

Með því að mælingar þessar oftast eru gerðar í almennings þarfir, þykir rjett að friða merki mælingarmanna, sem haft geta líka þýðing fyrir eftirtímann við síðari mælingar.

Um 15. gr.

Það eru gefnar hér nokkrar bendingar um hvernig jafna beri niður áveitukostnaði, bæði stofnkostnaði og reksturskostnaði á jarðir þær, þar

sem komið er á samáveitu, og eru þær jafnframt leiðbeining fyrir matsmenn ef til mats kemur.

Um 16. gr.

Það þykir rjett að veita þeim, er ekki hefir verið með í stofnun samáveitu, rjett til þess gegn sanngjörnum skilyrðum að gerast hluttakandi í henni, ef hann æskir þess og áveitufjelaginu telst það skaðlaust.

Um 17. gr.

Hjer eru sett ákvæði um rjettindi og skyldur landsdrottins og leiguliða hvors gagnvart öðrum, er um stofnun samáveitu er að ræða. Það er ætlast til þess, að landsdrottinn eigi forrjett á að leggja fram kostnaðinn ef hann vill. Ef leiguliði hinsvegar leggur stofnkostnaðinn fram þykir ekki fært að ákveða honum hærra endurgjald en eftirgjaldsaukan tólffaldan, og getur það orðið landsdrottni full erfitt að greiða hann, þegar litið er til lántökukostanna út á fasteignir, bæði lánshæðarinnar, sem fæst, vaxtakjaranna og afborgunartímans. Þetta er líka í samræmi við gildandi lög, sbr. 20. gr. ábúðarlaganna 12. janúar 1884.

Um 18. gr.

Það getur verið alveg nauðsynlegt að hafa þessa eignarnámsheimild til þess að hægt sje að koma samáveitu haganlega og vel fyrir. Og það er naumast hætta á því, að heimild þessari verði beitt nema full nauðsyn sje á fyrir áveitufjelagið, því það á nokkuð á hættu, þar sem því er skylt, ef það á annað borð krefst eignarnáms, að leysa jörðina inn fyrir það verð, er metið verður. Það hefir þótt rjett að láta eignarnámið ná ávalt til allrar jarðarinnar, því það mun oftast betra fyrir landsdrottinn að missa alla jörðina fyrir fult verð heldur en ef til vill bezta skikann af henni, er áveitan snertir. Til eignarnáms þarf auðvitað ekki að koma, ef samningar nást milli landsdrottins og áveitufjelagsins eða stjórnar þess um kaup jarðarinnar eða nokkurs hluta hennar, er áveitan nær til. Eins viðtæk eignarnámsheimild og þessi er t. d. í framan-nefndum ákvæðum fossalaganna frá 22. nóv. 1907, 12. gr.

Um 19. gr.

Það hefir þótt umsvifaminst en þó jafnframt tryggilegt að láta hlutaðeigandi úttektarmenn framkvæma skoðanir og mat, er fara skulu fram eftir lögum þessum, enda eru þeir áþekkum störfum vanir.

Um 20. gr.

Það hefir verið leitast við að koma yfirmatinu sem tryggilegast fyrir og í því skyni er ætlast til að hjeraðsdómari sje ávalt formaður yfirmatsnefndarinnar. Því það getur oft verið alveg nauðsynlegt fyrir matsnefndina að hafa

mann sín á meðal, sem þekkir lög og rjett, og tryggilegra fyrir aðila og hið opinbera.

Um 21. gr.

Hvort fjegjaldið beri að greiða í eitt skifti eða með ársgreiðslum, er ætlast til að fari eftir atvikum og dómi matsmanna.

Um 22. gr.

Í þessari grein eru ekki aðrar reglur en farið mun venjulega eftir við matsgerðir, er nokkuru varða.

Við 23. gr.

er ekkert að athuga.

Um 24. gr.

Ákvæði samþyktarlaganna frá 20. desember 1901 er, eins og getur í athugasemdunum hjer á undan, tekin upp í 7.—12. gr. þessa frumvarps, en rjett hefir þótt að taka það fram, að samþyktir þær, sem gefnar hafa verið út eftir lögunum og í gildi eru, haldi því þótt lögin sjeu feld úr gildi.

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um íslenzkan sjerfána.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Jón Jónsson og G. Eggerz.

Hjer á landi skal vera löggildur sjerfáni.
Sameinað alþingi ræður gerð fánans.

Nd. **36. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi, þm. Dalamanna.
Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísf. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903: »Ráðherra Íslands má eigi ..... falið að veita« falli burt; en í staðinn komi:

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir hans á konungs fund.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherra skal vera einn; konungur skipar hann og leysir frá embætti.

Ráðherra fer á konungsfund, þá er nauðsyn krefur, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það; þó skal engum vikið frá embætti til fullnaðar, nema honum sje áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

6. gr.

8. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til kosninga áður en tveir mánuðir sjeu liðnir frá því, er þingið var rofið, og skal Alþingi stefnt saman innan árs frá þingrofi.

7. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög riða í bág við stjórnarskrána og ætið skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

8. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir Alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

9. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri deild og neðri. Í neðri deild eiga 24 þingmenn sæti, en í efri deild 12. Skulu þeir kosnir í sameinuðu þingi úr flokki þingmanna til allra þinga, er háð verða á kjörtímabilinu, í fyrsta sinn sem Alþingi kemur saman eftir það, er nýjar kosningar hafa fram farið. Verði þingsæti autt í efri deild, kýs sameinað þing í skarðið, þá er þingmaður hefir kosinn verið í hins stað.

10. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára í sjerstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum, eftir því sem kosningarlög mæla fyrir. Nú deyr þingmaður á kjörtímabilinu, eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans.

Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögunum.

11. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar), falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarjett til Alþingis hafa karlar og konur, sem eru fædd hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár, og hafa náð lögaldri, er kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Nú hafa hjón óskilin fjárhag og missir konan eigi kosningarrjett fyrir það.

12. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur til Alþingis er hver sá, sem kosningarrjett á, ef hann er ekki þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu þess.

Kjósa má samt þann mann, sem ekki á heima í kjördæminu eða hefir verið þar skemur en eitt ár, en heimilisfastur skal hann hafa verið á Íslandi að minsta kosti síðasta árið áður en kosning fer fram.

13. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrir það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

14. gr.

Á undan 20 gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

15. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

16. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann

fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hefir mist kjörgengi.

18. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (34. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi svo látandi ný grein:

Ráðherra á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og rjett á hann á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Atkvæðisrjett hefir ráðherra því að eins, að hann sje jafnframt þingmaður.

19. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breyta má þessu með lögum.

20. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

21. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

22. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sjerrjettindi, er bundin sje við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

23. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þess-

ari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og Auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktnnina óbreytía, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

24. gr.

Með sjerstöku lagaboði má kveða á um, að þeim lagafrumvörpum, er Alþingi hefir samþykt, megi skjóta til leynilegrar atkvæðagreiðslu Alþingiskjósenda annaðhvort til samþykkis eða synjunar.

Heimild þessi er þó þeim skilyrðum bundin, að fullur þriðjungur hvorrar þingdeildar og þrjú þúsund kjósendur krefjist atkvæðagreiðslunnar, enda sje sú krafa komin í hendur stjórnarinnar fjörutíu dögum eftir að lögin voru afgreidd frá Alþingi. Konungsstaðfestingar skal þá fyrst leitað, er kjósendur hafa samþykt Alþingisfrumvarpið með atkvæðagreiðslu, eða hinn lögákveðni frestur er liðinn, án þess að atkvæðagreiðslu hafi verið krafist.

Undanþegin þessari atkvæðagreiðslu eru fjárlög og fjáraukalög, svo og þau lög, er öðlast skulu gildi áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því, er þau voru afgreidd frá þinginu.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falli niður, þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá þegar fara fram nýjar kosningar.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

Flutningsmenn: Kristinn Daníelsson, Björn Kristjánsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er

á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertíð hverja alt að einnar krónu gjald af hverjum hlut á opnum skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu.

6. gr.

Gjald það, er ræðir um í 5. gr., greiðist af óskiftum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþyktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 10. nóv. 1905 um stofnun Fiskveiðasjóðs Íslands.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Kristinn Daníelsson, Matthías Ólafsson og Skúli Thoroddsen.

1. gr.

Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, skal alt sektarfje, er í landssjóð rennur fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi, að meðtöldu andvirði þess, er landssjóði greiðist fyrir upptækan afla og veiðarfæri, renna í Fiskveiðasjóð Íslands.

2. gr.

Með lögum þessum er 2. málsliður í 1. gr. í lögum nr. 52, 10. nóv. 1905 um stofnun Fiskveiðasjóðs Íslands úr lögum numin.

Nd. **39. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 16. nóv. 1907 um skipun læknahjeraða o. fl.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Kristinn Daníelsson.

Sjerstakt læknishjerað, er nefnist Kjósarhjerað, skal vera: Þingvallahreppur, Kjósarhreppur, Kjalarnesshreppur og Hvalfjarðarhreppur út fyrir Hrafnabjörg.

Nd. **40. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga hag Landsbankans.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Kristinn Daníelsson, Valtýr Guðmundsson, Matth. Ólafsson og Stefán Stefánsson Eyf.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd.

1. Til þess að athuga, á hvern hátt að haganlegast mundi að efla hag Landsbankans, og að koma fram með tillögur þar að lútandi.
2. Til þess að íhuga fyrirkomulag veðdeildar Landsbankans, og koma fram með tillögur um, á hvern hátt hún verði styrkt, eða hvort tiltækilegra sje að stofna sjerstakan veðbanka.

Nd. **41. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga samgöngumál.

Flutningsmenn: Kristinn Daníelsson. Björn Kristjánsson. Valtýr Guðmundsson. Matth. Ólafsson og Stefán Stefánsson Eyf.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til þess að íhuga samgöngumál á sjó og að koma fram með tillögur um þær.

Nd. **42. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um íslenzkan sjerfána (þgskj. 35).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi, Skúla Thoroddsen og Benedikt Sveinssyni.

1. Fyrirsögnin orðist svo: »Frumvarp til laga um íslenzkan fána«.
2. Fyrir framan frumvarpsgreinina bætist: »1. gr.«.
3. Frumvarpsgreinin orðist svo: »Ísland skal hafa sjerstakan fána«.
4. Aftan við frumvarpið bætist:

2. gr.

Fáni sá, er getur í 1. gr., skal vera blár með hvítum krossi, þvert og endilangt, og nemi breidd krossálmanna einum sjöunda hluta af breidd fánans. Bláu reitirnir nær stönginni skulu vera rjettir ferhyrningar, og þeir jafnbreiðir, en tvöfalt lengri, sem fjær eru stönginni.

Opinberar stofnanir noti fána þenna tvíklofinn að framan um krossálmuna, er ganga skal fram í odda, en lengd fánans sje af því óskerð.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau ákvæði i íslenzkum lögum, er heimila íslenzkum skipum að nota annan fána.

Ed. **43. Frumvarp**

til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson, þm. Ísafjarðar.

1. gr.

Af sektarfje fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands.

2. gr.

Í sjóð þennan renna $^2/_3$ sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum $^2/_3$ netto andvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Til sjóðsins leggur og landssjóður 5000 krónur á ári, er telst með árstekjum hans.

4. gr.

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður alþingi, hve nær hann tekur til starfa og hve miklu af fje hans skal til þessara varna varið.

5. gr.

Til þess tíma, sem ákveðinn er í 4. gr., má ekki skerða sjóðinn, og skulu allir vextirnir af stofnfje hans leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal hún ávaxta fje hans í áreiðanlegum banka. Reikningur hans skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Nd. **44. Frumvarp**

til laga um samþyktir um hringnótaveiði.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson, Eyf., Ólafur Briem.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir um síldveiði með hringnót í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir alt að 500 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skulu renna.

7. gr.

Með hrot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed.

## 45. Frumvarp

til laga um breytingu á viðaukalögum frá 23. mars 1894 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson og Jósef Björnsson.

Í stað 2. greinar komi svohljóðandi grein:

Engir, hvorki varpeigendur nje aðrir, mega æðaregg selja nje kaupa, nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara. Brjóti nokkur móti þessu, skal hann gjalda 10 til 100 króna sekt. Sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin.

Ed. **46. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um friðun fugla frá 27. nóv. 1903.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson, Jósef Björnsson.

Rjúpur skulu friðhelgar vera allan tíma árs, fyrst um sinn í 5 ár frá 1. janúar 1914 að telja.

Nd. **47. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun landbúnaðarnefndar.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson, Stefán Stefánsson, Eyf., Þorleifur Jónsson, Ólafur Briem, Pjetur Jónsson, Einar Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til þess að íhuga landbúnaðarmál og önnur atvinnumál og gera tillögur um þau.

Nd. **48. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason og Jón Jónsson.

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju.

2. gr.

Kennarafjelagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri, styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Ed. **49. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ábyrgðarfjelög (stj.frv.).

Með frumvarpi þessu, verði það að lögum, er öllum erlendum ábyrgðarfjelögum, nema þeim, er hafa rekið ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 20 ár, gert að skyldu að setja tryggingu fyrir greiðslu ábyrgða, að hafa aðalumboðsmann hjer á landi og varnarþing þar sem hann er búsettur. Enn fremur verða öll þau fjelög, er ábyrgðarstarfsemi reka hér á landi, háð eftirliti stjórnarráðsins. Loks eru með 3. gr. frumvarpsins settar reglur um stofnun innlendra ábyrgðarfjelaga, er væntanlega tryggja fullkomlega skil og efnahag þeirra.

Nefndin lítur svo á, að þetta sjeu verulegar og þýðingarmiklar rjettarbætur, og ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 8. júlí 1913.

J. Havsteen. (form.).

Steingr. Jónsson, (skrifari og framsögumaður).

Guðjón Guðlaugsson.

Ed. **50. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík (stj.frv.).

Vjer, sem háttv. deild hefir kosið í nefnd til að athuga frumvarp þetta, erum sammála um, að rjett sje að breyta lögunum um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík frá 20. október 1905 í þá átt, er frumvarpið fer.

Sem stendur eru að minsta kosti nægilega margir yfirrjettarmálaflutningsmenn í Reykjavík, og alt útlit fyrir að framvegis verði þar nægilega margir vel hæfir lögfræðingar til að annast malflutning við landsyfirdóminn, þótt lögin geri það að skilyrði fyrir leyfi til málfærslustarfa við þennan dóm, að málafærslumaðurinn hafi, eftir að hann lauk lögfræðisprófi, um þriggja ára tíma fengist við lögfræðisleg störf. En ekki blandast oss hugur um, að málafærslan muni verða betur af hendi leyst hjá þeim, er slíkan undirbúning hafa fengið.

Vjer viljum því ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt að efni til, en jafnframt að gera við það 2 lítilfjörlegar orðabreytingar, er hjer fara á eftir og gerð verður grein fyrir í framsögunni.

BREYTINGARTILLÖGUR

1. Við 1. lið. Fyrir orðin »4. gr. laga nr. 38, 16. nóvember 1907« komi: lög nr. 35, 30. júlí 1909 um stofnun háskóla, 33. gr.

2. Við sama lið. Aftan við liðinn bætist: Um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

Alþingi, 9. júlí 1913.

J. Havsteen, (form.). Steingr. Jónsson, (skrifari og framsögumaður).

Sig. Eggerz.

Ed.

## 51. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild alþingis kvaddi til að íhuga þetta mál, höfum lokið starfi og leyfum oss að birta hjer álit vort.

Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, og sem er stjórnarfrumvarp, teljum vjer til bóta á gildandi lögum um lán til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum, af sömu ástæðum sem stjórnin færir fyrir því, og vjer því þurfum eigi að endurtaka. Vjer ráðum því til, að frumv. verði samþykt.

En vjer álítum rjett að breyta nefndum lögum í fleiri atriðum, en frumv. gerir, og auka nokkru í þau, og eru þau atriði þessi.

1. Í 3. gr. hinna gildandi laga um byggingarlán er svo kveðið á, að prestur skuli alt af sitja þar sem íbúðarhús er bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði. Þetta ákvæði þykir oss of einskorðað. Svo getur að borið, að aldraður prestur taki aðstoðarprest og vilji byggja honum staðinn, en hætta sjálfur búskap og setjast annarsstaðar að í prestakallinu, en annist þó prestsþjónustu og hafi ábyrgð á stað og kalli, og söfnuðir hans mæli ekki í móti. Er þá ekki rjett, að undanþágulaus lagastafur banni það. Enn fremur gæti svo farið, að prestakalli yrði breytt svo, að prestssetur væri rjett að hafa annarsstaðar en áður var, og væri þá óheppilegt, að prestur væri lögbundinn á hinu forna prestssetri fyrir það eitt, að þar hefir verið bygt íbúðarhús fyrir lánsfje úr landssjóði. Vjer leggjum því til, að við greinina verði bætt ákvörðun um, að landsstjórnin megi leyfa, að prestur sitji annarsstaðar, ef ástæða þykir til.

2. Það getur enn fremur staðið svo á, að prestur hafi bygt íbúðarhús úr timbri á prestssetri fyrir eigin fje, áður en lánslögin gengu í gildi, eða leiguliði á jörð, er síðar yrði tekin fyrir prestssetur, og sýnist þá rjett, að kaupa mætti þau hús fyrir samskonar lánsfje úr landssjóði, sem lögin tala um, ef húsin væru vönduð og haganleg og líkleg til endingar. Færi auðvitað um verð slíkra húsa eins og þá semdi milli landsstjórnar og eiganda. Gerum vjer því tillögu um viðauka við 2. gr. frumv., er veitir landsstjórninni heimitd til slíkra kaupa.

3. Í 8. gr. hinna gildandi lántökulaga er ákveðið, að víkja megi presti frá embætti um stundarsakir, ef hann bætir eigi úr göllum á byggingu húss eða við-

haldi þess, er fram koma við hina lögskipuðu skoðun, Þessi ákvörðun þykir oss of hörð, og sýnist nægja það aðhald, sem greinin að öðru leyti heimilar, að knýja prestinn til bótanna með dagsektum, eða bæta megi úr göllunum á kostnað hans, þó að eigi varði einnig frávikning frá embætti um stundarsakir. En af því að hugsast getur, að prestur hafi eigi efni á að bæta úr umræddum göllum svo að vel þyki, en sje þó góður prestur og kær söfnuðum sínum, þá sýnist nær liggja að svifta hann ábúðinni og byggja staðinn öðrum, er taka vildi að sjer að bæta úr göllunum, en láta prestinn og söfnuð hans ráða dvalarstað hans í sameiningu. Komum vjer því með tillögu í þá átt, ef hin háttvirta deild kynni að vilja aðhyllast hana, í stað ákvæðisins um frávikninguna.

4. Í síðara lið 5. gr. gildandi lántökulaga er svo ákveðið, að sæki 2 eða fleiri jafnsnemma um byggingarlán skuli sá hafa forgöngurjett, er mest kynni að vilja leggja fram til byggingarinnar úr eigin sjóði. En nú getur staðið svo á, að á einu af þeim prestssetrum sje mest þörf á byggingu, en presturinn miklu fátækari en hinir lánbeiðendurnir, og geti því minna fje lagt fram, og virðist þá eigi rjett, að láta hann gjalda þess, enda þótt hann þyrfti að fá hærra lán. Leggjum vjer því til, að inn í þessa ákvörðun um forgöngurjettinn sje bætt orðunum »að jafnaði«.

5. Í 11. gr. gildandi lántökulaga stendur, að þegar hús ónýtist af óviðráðanlegum öflum náttúrunnar, skuli landssjóður leggja fram efni í samskonar hús, en prestur allan annan kostnað. En í gildandi ábúðarlögum er ákveðið, að landsdrottinn skuli leggja fram efni og smíði, en leiguliði veggi og þök, og sjáum vjer eigi, að ástæða sje til, að hlífa landssjóði meir en landsdrotnum þeim, er ábúðarlögin tala um. Það er eigi líklegt, að þau tilfelli, er þessi grein ræðir um, komi oft fyrir, og því geti verið um mikil útgjöld að ræða fyrir landssjóð. En þá sjaldan, er þau mundu fyrir koma, mundu þau verða hlutaðeigandi presti býsna kostnaðarsöm, ekki síst þar sem hann mundi verða jafnframt fyrir miklu eignatjóni sjálfur. Sýnist því rjett, að hinn almenni sjóður, landssjóðurinn, ljetti hjer meira tjón einstaklingsins, að minsta kosti eins mikið og ábúðarlögin ætla eigendum bændaeigna að ljetta undir með leiguliðum sínum. Þess vegna leggjum vjer til, að landssjóður leggi fram efni og alt smíði, bæði trésmíði og starf við steinsteypu, en presturinn annan kostnað. Enn fremur leggjum vjer til, að hafi timburhús ónýtst, skuli byggja aftur úr steini eða steinsteypu, og er það í samræmi við ákvæði 2. gr. í frumv. því, er nú liggur fyrir.

Vjer leggjum því til, að frumv. verði samþykt með viðaukum þeim, er hjer fara á eftir:

1. Á eftir 1. gr. frumv. komi 2 nýjar greinar, er verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi:

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist: nema landsstjórnin leyfi eða skipi annað.

3. gr.

2. Í staðinn fyrir þessi orð í 5. gr. »skal sá hafa forgöngurjett« komi: skal sá að jafnaði hafa forgöngurjett.

3. Aftan við 2. gr. frumv., sem verður 4. gr. komi ný málsgrein:
Nú hefir verið bygt járnvarið timburhús á prestssetri, áður en lög þessi

ganga í gildi, en er ekki eign prestakallsins, eða slíkt hús er á jörð, eða síðar kynni að verða gerð að prestssetri, en fylgir eigi jörðinni, og er þá landsstjórninni heimilt að veita lán til að kaupa það með samskonar kjörum og lög þessi ræða um, ef ástæður mæla með, enda sje húsið vandað og hentugt til íbúðar og líklegt til sæmilegrar endingar.

4. 3. gr. verði 5. gr. og aftan við hana bætist þessar 2 nýjar greinar:

6. gr.

5. Þessi orð í 8. gr. falli burt: »eða með frávikningu frá embætti um stundarsakir«, en í stað þeirra komi: eða svift hann ábúð á prestssetrinu.

7. gr.

6. 11. gr. orðist þannig:

Nú ónýtist hús, er bygt hefir verið fyrir lánsfje samkvæmt lögum þessum, af einhverjum óviðráðanlegum öflum náttúrunnar, svo sem jarðeldi, landskjálfta eða þvílíku og skal þá landssjóður leggja til aðkeyft efni til endurbyggingar því og alt smíði, en prestur annan kostnað. Ef timburhús hefir ónýtst, skal byggja aftur hús úr steini eða steinsteypu, nema staðhættir banni.

. 4. gr. verði 8. gr., 5. gr. verði 9. gr. og 6. gr. 10. gr.

Alþingi, 9. júlí 1913.

Björn Þorláksson. (form.).

Einar Jónsson, (skrifari og framsögumaður).

Jósef Björnsson.

Ed. **52. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

Staðarhreppur í Húnavatnssýslu, Bæjarhreppur í Strandasýslu ásamt Óspakseyrarhreppi í sömu sýslu að Snartatungu skal vera sjerstakt læknishjerað. Læknissetur á Borðeyri.

Breyting þessi gengur í gildi þegar Borðeyrarhjerað verður veitt umsækjanda.

Nd. **53. Fyrirspurn**

til ráðherra.

Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Hvernig stendur á því, að frumvarp alþingis 1912 til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland, var ekki staðfest af konungi?

Ed. **54. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hagstofu Íslands.

Nefndin er stjórninni samdóma um nauðsyn þessa nýmælis. Það er auðsætt, að hagskýrslur landsins eru ein besta leiðsagan í allri framfaraviðleitni. En þær hafa ekki hingað til komið að fullum notum, ekki verið svo vandaðar sem vera skyldi og vera mætti, og þar að auki komið mjög dræmt, enda er óhugsandi að stjórnarráðið geti haft þessa miklu og vandasömu vinnu í hjáverkum.

Þess vegna er nefndin því eindregið meðmælt, að hagstofa sje sett á stofn á líkan hátt og frumv. fer fram á.

Það er álit okkar í nefndinni, að starfsvið hagstofunnar ætti að vera enn rýmra en frumv. tekur til; finst okkur, til dæmis, sjálfsagt að telja með hagskýrslum allar heilbrigðisskýrslur og skýrslur um allskonar tryggingarstarfsemi, líftrygging, heilsutrygging, eignatrygging.

Talnafræði (Statistik) er afarvandasöm vísindagrein; er það því álit okkar, að þeir einir eigi að vera tækir til forstjórnar á hagstofunni, er lokið hafa háskólaprófi í þjóðhagsfræði og stjórnfræði (Staatswissenschaft -- Political Economy). Hins vegar ætlum við að komast mætti af með einn embættismann, ef ætluð eru rífleg skrifaralaun handa föstum aðstoðarmanni, á borð við þau árslaun, sem goldin eru aðstoðarmönnum í skrifstofum stjórnarráðsins.

Enn fremur teljum við hugsanlegt, að koma mætti hagstofunni fyrir í einhverju af þeim húsum, sem eru þjóðareign. Í stjórnarráðshúsinu eru svo mikil þrengsli, að þar getur hún ekki verið. En við höfum litið á efstu bygð alþingishússins; þar er nú bókasafn Alþingis, alt í óreiðu og umgengnin herfileg; teljum við ráðlegast að flytja þær bækur flestar — sem aldrei eru notaðar — upp í Landsbókasafn, en setja upp vandaða lokaða skápa í skrifstofn og lesstofu þingsins, og geyma í þeim þær bækur, sem þingmenn þurfa á að halda. Þá mætti vel koma hagstofunni fyrir í austurenda efstu bygðar alþingishússins og þyrfti litlu til að kosta. Í öðru lagi gæti komið til mála að nota í svipinn gamla prestaskólahúsið. En það getur ekki dulist, að margskonar óþægindi og kostnaðarauki er því samfara að hafa stjórnarskrifstofurnar hingað og þangað og margar í leiguhúsum. Það mundi verða til mikilla þæginda fyrir almenning og mikils sparnaðar fyrir landssjóð, ef stjórnarráðshúsið væri stækkað, svo að hægt væri að hafa þar flestar þjóðmálaskrifstofur; þar ætti þá hagstofan að vera; þar ættu að vera

skrifstofur landsfjehirðis, biskups, landlæknis, vegagerðarstjóra, vitamálastjóra, fræðslumálastjóra, Búnaðarfjelags landsins, Fiskifjelags landsins o. fl.

Það er vitaskuld að hagstofan hefir talsverðan aukakostnað í för með sjer fyrir landssjóð. Í ástæðum stjórnarinnar, sem frumv. fylgja, er ekki gerð ljós grein fyrir þessum kostnaðarauka. Þess vegna hefir nefndin beðið stjórnarráðið um sundurliðað yfirlit yfir allan kostnað, sem hlotist hefir af landshagsskýrslunum undanfarin ár; látum við fylgja svar stjórnarráðsins dags. 7. þ. m. Þar má sjá, að árið 1912 hefir allur kostnaður við landshagsskýrslurnar orðið 7390 kr. 32 aur., og er þess getið, að starfsmenn stjórnarráðsins hafi ekki unnið neitt að landshagsskýrslunum sem skylduvinnu án sjerstaks endurgjalds, heldur hafi þeir starfað að skýrslunum í frístundum sínum, og fengið ritlaun fyrir, venjulega 40 kr. fyrir hverja örk, stundum þó meira, alt upp í 75 kr. Það hefir skrifstofustjóri Indriði Einarsson tjáð oss.

Ef frumvarpið verður samþykt með þeim breytingum, sem nefndin hefir í hyggju og hjer fara á eftir, þá mundi árs-kostnaðurinn verða í byrjun á þessa leið:

| | |
|---|---|
| Hagstofustjóri ... ... .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 3000 kr. |
| Aðstoðarmaður 1 eða 2 .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 2000 — |
| Aukavinna og skrifstofukostnaður ... ... ... ... ... ... ... ... | 2000 — |
| Pappír, prentun og útsending ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 4500 — |
| Samtals | 11500 kr. |

Kostnaðaraukinn er þá um 4000 kr., og verður fráleitt meiri en því nemi, vegna þess, að kostnaðurinn hlyti líka að aukast, þó að frumv. væri felt og stjórnarráðið látið annast landshagsskýrslurnar eins og áður.

Það er nú álit nefndarinnar, að hjer sje um svo nytsama nýjung að ræða, að ekki megi horfa í þennan kostnaðarauka.

Fyrir því leggjum vjer til, að frumv. verði samþykt með þeim breytingum, er nú skal greina:

## BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. orðið »helstu« á undan »landshagi« falli burtu.
2. Við 1. gr. fyrir »beint« komi: beinlínis.
3. Við 2. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

   Þessi eru meginatriði landshagsins, sem hagstofunni ber einkanlega að rannsaka:

   1. Fólksmagn: a, manntöl; b, fæðingar; c, hjónabönd; d, heilsufar; e, manndauði; f, fólksflutningar.
   2. Dómsmál, þar með talin einkamál, sáttanefndamál, sakamál og lögreglumál.
   3. Atvinnuvegir: a, landbúnaður; b, iðnaður; c, fiskiveiðar; d, siglingar og verslun; e, bankar, sparisjóðir og aðrar allsherjar lánsstofnanir.
   4. Efnahagur landsmanna: a, tekjur af eign og atvinnu; b, virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim; c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim eignum; d, verðmæti skipa og báta og veðskuldir, er á hvíla.
   5. Stjórnmál: a, notkun kosningarrjettar; b, starfsmenn þjóðfjelagsins.
   6. Fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitafjelaga.

7. Þjóðareignir til almenningsnytja: a, vegir og brýr; b, ritsímar og talsímar; c, póstflutningar.
8. Fræðslumál: a, barnafræðsla; b, unglingaskólar og aðrir alþýðuskólar.
9. Tryggingarstarfsemi: a, líftrygging; b, heilsutrygging; c, eignatrygging.

4. Við 5. gr.: 1. málsgrein orðist þannig:
Hagstofunni stýrir embættismaður, skipaður af konungi, og nefnist hagstofustjóri; hafa þeir einir rjett til þess embættis, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði.
5. Við 5. gr., aðra málsgrein: Í stað »Forstjóri hagstofunnar« komi: Hagstofustjóri.
6. Við 5. gr., 3. málsgr.: Málsgreinin orðist þannig:
Til aðstoðarmanna, eins eða fleiri, má verja alt að 2000 kr.

Efri deild Alþingis, 11. júlí 1913.

Sigurður Stefánsson, (form.) G. Björnsson, (skrifari og framsögum.).

Steingrímur Jónsson.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.
Reykjavík 7. júlí 1913.

Hin háttvirta nefnd, sem efri deild kaus til að íhuga frumvarp stjórnarinnar um hagstofu Íslands, hefur með brjefi 5. júlí óskað að fá vel sundurliðað yfirlit yfir allan kostnað við samningu og útgáfu Landshagsskýrslna árið 1911 og 1912; þess vegna hefur verið dregið út úr hinum sjerstöku reikningum eftirfylgjandi yfirlit:

Útgjöldin sundurliðast þannig:

| | 1911 | 1912 |
|---|---|---|
| 1. Prentun og pappír | 1857,70 | 3500,69 |
| 2. Ritlaun fyrir verslunarskýrslurnar | 800,00 | 800,00 |
| 3. Önnur ritlaun fyrir allar hinar skýrslurnar | 1325,00 | 2287,25 |
| 4. Prófarkalestur á verslunarskýrslunum | 94,50 | 117,00 |
| 5. Hefting á Landshagsskýrslum | 311,41 | 282,28 |
| | 4388,61 | 6987,22 |

1911 eru ennfremur tilfærðar kr. 1574,28, þ. e. aðalupphæðin þar er kr. 5942,89, en þó svo stæði sem þetta hefði verið greitt upp í prentun á Landshagsskýrslum, þá var það greitt fyrir prentun á lagafrumvörpum.

Fyrir utan hinn áður tilgreinda kostnað hefur verið greitt fyrir útsendingu á stjórnartíðindum og Landshagsskýrslum 1911 kr. 849,40, og fellur helmingurinn af því á Landshagsskýrslur, eftir því sem konsúll Kristján Þorgrímsson segir, en 1912 hafa verið greiddar kr. 1215,32, og fellur $^1/_3$ af því á Landshagsskýrslur eftir sömu heimild.

Fastir starfsmenn í stjórnarráðinu vinna ekkert að Landshagsskýrslunum á skrifstofutímanum, og þess vegna ekkert án endurgjalds, enda hafa þeir nægilegum önnum að sinna. Það var aðeins 2—3 fyrstu árin, eftir að stjórnarráðið var sett á fót, sem unt var að láta fóstu starfsmennina vinna að þessum skýrslum á skrifstofutíma, en úr því uxu störfin svo mikið, að til þessa voru engin tiltök.

F. h. r.
Kl. Jónsson.

Indr. Einarsson

Til nefndarinnar í frv. til laga um hagstofu Íslands.

Nd. **55. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi 22. nóv. 1907.

Flutningsmenn: Kristinn Daníelsson, Björn Kristjánsson.

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnafjarðar.

Viðhald þeirrar flutningabrautar skal landssjóður kosta að öllu.

Ed. **56. Frumvarp**

til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði.

Flutningsmenn: Þórarinn Jónsson, Guðjón Guðlaugsson.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja þjóðjörðina Reyki í Hrútafirði með sömu skilyrðum og aðrar þjóðjarðir.

Ed. **57. Frumvarp**

til laga um undanþágu frá lögum nr. 50, 27. nóv. 1903 um friðun fugla.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

Ráðherra Íslands getur, eftir tillögum sýslunefnda, veitt leyfi til að veiða lunda með netum í eyjum, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum.

Nd. **58. Þingsályktunartillaga.**

(Ræktun landsins til eflingar).

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að undirbúa, og semja lagafrumvörp, er lögð sjeu síðar fyrir alþingi, og fari í *meginatriðunum* í þá átt:

**A. að gjörbreyta ábúðarlöggjöfinni í þá átt, sem hjer segir:**

a, *að* eftirgjöld eftir jarðir sjeu æ greidd í tilteknum hluta af hvers konar arði, eða hlunnindum o. s. frv., er jörðin í hvert skifti gefur af sjer — verði því *breytileg*, eða mismunandi, eftir uppskerunni það eða það árið, eftir breytilegu, eða mismunandi verðmæti þess, sem aflað er af jörðinni o. s. frv.

Leiga af jarðarhúsum sje og í byggingarbrjefum einatt ákveðin *sjerstaklega*, þ. e. sje ekki á nokkurn hátt slegið saman við eftirgjaldið ella.

b, *að* ekki sjeu í byggingarbrjefum, nje ella, nokkur höft á það lögð, að selja megi eða flytja af jörðu hvað eina, er jörðin gefur af sjer, eða þar er aflað, hvort sem er hey, eldiviður, áburðarefni, eða hvað annað, hverju nafni, sem nefnist.

c, *að* heimilt sje æ landsdrotni einum, vilji leiguliði eigi — sem honum æ sje heimilt — vera í samlögum við hann (sbr. síðar) *að láta framkvæma hvers konar umbætur á jörðinni*, er — að áliti sjerfróðra manna — miða til þess, að auka framleiðslu hennar, enda beri landsdrotni þá og hluti af aukinni framleiðslu jarðarinnar, — miðað við fjeð, er hann lagði fram, og eftir sama hlutfalli, sem eftirgjaldið.

d, *að* skylt sje æ leiguliða að gefa landsdrotni kost á, að taka — alt að helmingi — þátt í hverri þeirri umbót á jörðinni, til að auka framleiðslu hennar, er þess eðlis er, eða svo kostnaðarsöm, að leiguliði vill endurgjalds krefjast af landsdrotni fyrir framlagt fé, er hann, eða ekkja hans, eða barn þeirra, fer af jörðu. —

e, *að* ekki sje heimilt, að taka í byggingarbrjef ákvæði, er banni leiguliða að taka húsmenn, nje heldur ákvæði, er leggi á hann þær kvaðir, að inna af hendi ákveðin persónuleg störf fyrir landsdrottinn, eða aðra, svo sem: að róa á ákveðnum útveg, eða því líkt.

f, *að* öll leiguliða-ábúð sje æ **lífstíðarábúð**, þ. e. jörðin heimiluð leiguliða æfilangt — sem og ekkju hans, og enn fremur, ef óskað er, því barnanna, sem til er tekið —, nema hann sitji jörðina svo illa, að rjett sje, að útbyggingu varði.

Heimilt sje og landsdrotni æ, að hagnýta, eða láta hagnýta, námur, eða foss-afl, eða því líkt, er á jörðu kann að vera, og eigi þarf að nota við rekstur búskaparins á jörðinni, enda fái leiguliði þá og að fullu bættan hvers konar skaða, er af kann að leiða.

**B. að styðja að því, að skapast geti sem fyrst sjálfstæð húsmanna- eða þurrabúðarmannastjett í landinu** — eða í frekari mæli, en nú er —, *sem nokkur afnot af landi hafi og við að styðjast*, — styðja að því með því:

að lögleiða, að af hverri jarðeign, er sýslunefnd telur þess um komna, megi — af óræktuðu, og ónotuðu landi, sem eigi telst jörðinni alómissandi, til búfjárhaga, eða ella — *taka land til húsmanna- eða þurrabúðarmanna-lóða* — eftir beiðni einstaklings, viðkomandi sveitar- eða sýslu-nefndar, eður og landstjórnarinnar —, *gegn hæfilegu*, **ævarandi**, *árlegu eftirgjaldi* til umráðanda jarðarinnar (þ. e. jarðeiganda — ef um jörð í sjálfsábúð ræðir —, en til jarðeiganda og leiguliða ella), og getur þá sá, er slíkrar útmælingar er að-

njótandi orðinn, bæði veðsett, og selt **rjett** sinn, ef vill (þ. e. rjettinn, að mega, gegn ákveðnu, ævarandi, árlegu eftirgjaldi, nota sjer landpettið).

Sjeu og að öllu samskonar reglur um framlög til ræktunar, eða umbóta slíkri lóð, sem þá og um hækkun á eftirgjaldi eftir aukinni framleiðslu, — um útbyggingu o. fl., sem að framan segir um jarðeignir.

Gætt sje þess æ, að lóðin sé nægilega umgirt. —

C. **að koma á nægilega öflugri útláns-stofnun, er eingöngu hafi það hlutverk, að lána út fje gegn veði í jarðeignum,** að með töldum húsmanna- eða þurrabúðar-lóðum — sem og húsum, og mannvirkjum þar, *eigi síst* steinsteypuhúsum —, og sé lánið veitt með sem vægustum kjörum, og til sem allra lengst tíma, er *aldrei* sje skemmri, en 60—120 ár, og megi lánið nema alt að $^3/_4$ virðingarverðsins, enda sje og æ afturtækt sje eigninni, og mannvirkjunum eigi haldið vel við.

Ed. **59. Frumvarp**

til laga um eyðingu svartbaks.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

1. gr.

Allir ábúendur jarða, er æðarvarp liggur undir, eru skyldir að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarða sinna.

Sömu skyldur hafa aðrir ábúendur jarða, er svartbaksvarp hafa, þó ekki hafi þeir æðarvarp, en þá geta þeir krafist 10 aura verðlauna fyrir hvert svartbakseggskurn, er þeir afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra eða hreppstjóra.

Vanræki nokkur þessa skyldu, annaðhvort af ásetningi eða vítaverðu skeytingarleysi, skal hann gjalda 5 til 100 kr. sekt. Sje vanrækslan ítrekuð, tvöfaldast sektin.

2. gr.

Hver maður, sem nær uppkomnum svartbak, fær 30 aura verðlaun fyrir að vinna hann, ef hann skilar lögreglustjóra eða hreppstjóra hægra væng svartbaksins.

3. gr.

Verðlaunin samkvæmt 1. og 2. gr. greiðast úr landssjóði í marsmánuði fyrir umliðið ár, enda sjeu sýslumenn og bæjarfógetar skyldir að senda stjórnarráðinu skýrslu um eyðingu svartbaks og töku svartbakseggja samkvæmt 1. gr. annari málsgrein, fyrir 15. febrúar ár hvert.

4. gr.

Af æðardún, sem til útlanda er fluttur, greiðist 30 aurar af hverju kíló-

grammi í útflutningsgjald á sama hátt og fyrir er mælt í lögum 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi.

5. gr.

Af sektum þeim, sem ákveðnar eru í 1. gr., rennur 1/3 hluti í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en 2/3 til uppljóstrarmanns.

6. gr.

Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr lögum numin lög 19. febrúar 1892 um eyðingu svartbakseggja.

Ed. **60. Frumvarp**

til laga um sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Þá er skáldið Steingrímur Thorsteinsson lætur af rektorsembætti við hinn almenna mentaskóla, veitist honum í viðbót við lögmæt eftirlaun kr. 1333,33 sem árleg heiðurslaun.

Nd. **61. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Nefndin kvaddi á sinn fund ræðismann Þjóðverja, til þess að tala við hann um undanþágu skemtiferðaskipa. Kvað hann hinum þýsku skemtiferðaskipum hafa orðið hermt við í fyrra, er þau skyldi greiða vitagjaldið. Þó kvaðst hann hafa átt hlut í við útgerðarmenn þeirra, að þau hætti eigi að koma hingað, og kvað eigi örvænt, að lögum þessum yrði breytt.

Nefndin telur rjett, að íþyngja slíkum skipum eigi um skör fram, því að landsmönnum væri það skaði, ef ferðir þessar legðist niður. Þó sýnist henni eigi þörf á að undanþiggja þau vitagjaldi með öllu, en hitt telur hún sanngjarnt, að undanþiggja þau skemtiferðaskip vitagjaldi, sem koma hingað á þeim tíma árs, sem vitar brenna eigi, frá 14. maí—15. ágúst.

Nefndin átti tal við Magnús Magnússon stýrimannakennara um hitt,

hvort rjett væri að undanþiggja vitagjaldi þau skip, er leita hafnar í nauðum. Taldi hann rjett að krefja þau vitagjaldsins, því að sjaldan væri meiri þörf vitanna en þá, og er skip leituðu hafnar eftir árekstur eða skemdir af sjávargangi, af veikindum, farmskekkju eða á flótta undan óvinveittum herskipum. Taldi og til þá ástæðu, að Ísland liggur eigi í farþjóða braut, og mundu því sjaldan önnur skip verða nauðulega stödd hjer við land, en þau, sem hjer stunda fiski og hafa dagleg not vitanna. Þetta þótti mörgum nefndarmönnum sanni nær, en þó vildu fleiri haga þessu nokkuð eftir því, sem tíðkast með öðrum þjóðum. Spurðist nefndin því fyrir um það, hverjar undantekningar væri gerðar hjá öðrum þjóðum:

Frakkar, Bandamenn og Spánverjar hafa engin vitagjöld, enda eru skip þeirra undanþegin vitagjaldi hjá flestum þjóðum.

Danmörk hefur engin vitagjöld, því að það var í samningum, er keypt var að þeim að ljetta Eyrarsundstollinum, að þeir lýstu skipum ókeypis.

Vjer getum eigi borið oss saman við neina af þessum þjóðum, en Noregur, Svíþjóð og England eru til samanburðar.

Noregur. Samkvæmt konunglegri auglýsingu 12. apríl 1907 greiða »laste- og fyrafgift« öll skip, sem flytja vörur til Noregs eða frá Noregi, nema fiskiskip gerð út frá norskum höfnum.

Svíþjóð. Samkvæmt tilskipun 15. febrúar 1881 eru undanþegin »fyr- och båkafgift«:

a. Sænsk ríkisskip og herskip (sænsk og erlend).
b. Skip undir 40 smál. að farmþoli.
c. Sænsk fiskiskip.
d. Skip, sem leita hafnar í nauðum eða til þess að sækja fyrirskipanir, án þess að ferma eða afferma eða hafa önnur mök við land, en að fá vistir eða viðgerð
e. Skip, sem sigla að eins á vötnum eða skipaskurðum.

England. Eftir lögum 12. ágúst 1898 eru þar undanþegin vitagjaldi:

a. Skip ríkisins.
b. Skip erlendra stjórna.
c. Seglskip, (sem eru ekki skemtiskip), minni en 100 smálestir og öll skip, (sem eru ekki skemtiskip), minni en 20 smál.
d. Skip (önnur en dráttarbátar eða skemtiskip), sem fara eingöngu og *bona fide* með seglfesti, sem ekkert farmgjald fæst fyrir, og flytja enga farþega.
e. Skip, sem lenda eftir neyslukolum, forða eða fæði til eigin notkunar á skipinu.
f. Skip, sem stunda haffiski eða eru í haffiskisþjónustu, að undanteknum þeim skipum, sem höfð eru til fiskifangs öðruvísi en í gróða skyni.
g. Skip sem hleypa undan ofviðri, eða til viðgerðar, eða sakir skemda, svo framarlega sem þau ferma eigi nje afferma, nema flytja í land það, sem ætlað er til slíkrar viðgerðar, enda sje flutt á skip aftur.
h. Skútur og skemtiskip með minna farmþoli en fimm lesta

Þessar skýrslur hefir nefndin fengið hjá Halldóri Daníelssyni yfirdómara, Jóni Kristjánssyni háskólakennara og Jóni Þorvaldssyni málfræðingi í þjónustu enska ræðismannsins.

Á þessu má sjá, að alstaðar eru innlend fiskiskip undanþegin gjaldinu,

og skip, sem eru í nauðum stödd og leita hafnar sjer til bjargar eða viðgerðar. En íslenzk lög undanskilja eigi íslenzk fiskiskip, og mætti hin því vel una sama hlutskifti. Þó hefur meiri hluti nefndarmanna viljað gera undanþáguna í vinganarskyni við nágrannaþjóðirnar, en vill þó reisa skorður við, að ákveðið verði skálkaskjól þeim, er skjóta vilja sjer undan lögmæltum gjöldum, og áskilur því sjópróf eður jafngilda sönnun þess, að skipið hafi verið í nauðum.

Nefndinni þykir allhart búið við íslensk fiskiskip, er þau skulu inna gjaldið af hendi, þótt aðrar þjóðir þiggi sín fiskiskip undan því. Verður þetta því harðneskjulegra sem meira er lagt á sjáfarútveg af öðrum gjöldum til landssjóðs. Mundi eðlilegast að fara með vitagerð og afnot þeirra sem vegabætur á landi, en það er kunnugt að notendur gjalda þar eigi fyrir notkunina. En þótt öll fiskiskip verði hart úti með þessu, þá er þó miklu verst farið með botnvörpunga, sem flytja fisk sinn sjálfir á markað erlendis, því að þeir verða að greiða vitagjald í hvert sinn, er þeir koma úr slíkum ferðum. Þetta telur meiri hluti nefndarmanna ranglátt, því að þeir hafa eigi meiri not vitanna, en þau skip, sem fara aldrei utan. Leggur hún því til, að þeir sjeu sömu lögum háðir sem önnur innlend fiskiskip, og greiði vitagjald einu sinni á ári.

Niðurstaða nefndarinnar er þá sú, að hún leggur til að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

## BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Í stað 1. greinar komi svolátandi grein:

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefur fullkomið þilfar eða gangvjel, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, skemtiferðaskip á tímabilinu 14. maí—15. ágúst, og skip, sem leita hafnar í neyð og taka engar vörur úr landi nje úr öðrum skipum, né flytja vörur í land eður önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er út til fiskjar af landsmönnum greiða vitagjaldið einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefur heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land.

Alþingi 11. júlí 1913.

Jón Jónsson, (form.).
Bjarni Jónsson, frá Vogi, (skrifari).

M. J. Kristjánsson. Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

Nd.

## 62. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.

Ísafjarðarlæknishjeraði skal skift í tvö læknishjeruð, svo sem hjer segir:

1. *Ísafjarðarhjerað:* Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi.
2. *Hólshjerað:* Hólshreppur (ásamt Bolungarvíkurverslunarstað) í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Lög þessi ganga þá fyrst í gildi, er sjerstakur læknir er skipaður í Hólshjerað.

Ed.

## 63. Frumvarp

til laga um ábyrgðarfjelög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk lífsábyrgðarstofnunar ríkisins og ábyrgðarfjelaga, sem stofnuð eru samkvæmt sjerstökum lögum, mega ekki aðrir reka hjer á landi ábyrgðarstarfsemi en hlutafjelög, innlend eða útlend, eða fjelög með gagnkvæmri ábyrgð, er fullnægja skilyrðum þeim, sem hjer fara á eftir. Það er ábyrgðarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, að taka að sjer gegn iðgjöldum lífsábyrgðir og vátryggingar, hverju nafni sem nefnast. Starfsemin telst því aðeins rekin hjer á landi, að framboðin sjeu á einhvern hátt af ábyrgðarfjelags hálfu viðskifti innanlands, en ekki þó hjerlendir menn leiti til ábyrgðarfjelaga í öðrum löndum, sem ekki hafa erindsreka hjer í landi, og fái ábyrgðir hjá þeim.

2. gr.

Nú vill útlent ábyrgðarfjelag reka starfsemi hjer á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, búsettan hjer, þann er stjórnarráðið löggildir. Áður en slík löggilding er gefin skal fjelagið setja þá trygging fyrir greiðslu ábyrgða, sem stjórnarráðinu þykir nægja, og á þann hátt, er það telur tryggilegt, og afhenda stjórnarráðinu yfirlýsing um, að fjelagið hafi varnarþing hjer á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður er búsettur, í öllum þeim málum, sem rísa kunna út af ábyrgðum, sem fjelagið tekst á hendur gagnvart hjer búsettum mönnum, eða stofnunum hjer á landi. Þetta skal sjerstaklega tekið fram í ábyrgðarskírteinunum.

Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður með samþykki stjórnarráðsins sett út um landið, þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist fyrir hönd fjelags síns allar gjörðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi fjelagsins hjer á landi.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku nje til annara fjelaga, sem hafa rekið ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 20 ár, þá er lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Ef hjerlendir menn vilja stofna fjelag til þess að reka starfsemi þá, sem um ræðir í 1. gr., enda sje fjelagið eigi stofnað samkvæmt sjerstökum lögum, skulu sjerlög fjelagsins því að eins gild, að stjórnarráðið samþykki þau. Til þess að slíkt samþykki verði gefið, skal þar meðal annars ákveðið:

a ð stjórn fjelagsins, eða meiri hluti hennar, skuli vera búsett hjer á landi,

a ð fjelagið hafi varnarþing hjer, og

a ð því sje skylt að endurtryggja, að minsta kosti að helmingi, skuldbindingar sínar í erlendum fjelögum, er stjórnarráðið tekur gild og álítur fjárhagslega trygg, þangað til fjelagið hefir komið sjer upp varasjóði, er stjórnarráðið telur standa í hæfilegu hlutfalli við skuldbindingar þær, er fjelagið tekst á hendur. Auk þess skal sannað, að fjelagið hafi svo mikið tryggingarfje auk endurtrygginga, sem nægja þykir, og lög fjelagsins mæla fyrir um.

4. gr.

Öll ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skulu háð eftirliti stjórnarráðsins um það, að ekki sjeu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma í bága við gildandi lög, svo og að öll ákvæði í ábyrgðarskírteinunum sjeu svo ítarleg, skýr og greinileg, að ekki geti neinn efi leikið á skyldum og rjettindum hlutaðeigandi ábyrgðarfjelags gagnvart viðskiftamönnum þess.

5. gr.

Verði ábyrgðarfjelag, er starfar hjer í landi samkvæmt 2. eða 3. gr., uppvíst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, eða ef það sannast, að það hafi eigi ætíð fyrirliggjandi tryggingarfje það, sem áskilið er, hefir fjelagið fyrirgert rjetti sínum til þess að taka að sjer nýjar ábyrgðir hjer á landi, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins í hvert skifti.

6. gr.

Sjerhverju ábyrgðarfjelagi, er starfar hjer á landi, er skylt að senda stjórnarráðinu á ári hverju fyrir aprílok skýrslu um starfsemi fjelagsins undanfarið ár í því formi, sem stjórnarráðið ákveður, sbr. lög nr. 20, 3. okt. 1903.

7. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 500—5000 krónum, sem renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Nd. **64. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ábyrgðarfjelög.

Frá Sig. Eggerz, Sigurði Stefánssyni, Jóni Jónatanssyni.

3. málsgrein 2. gr. falli burt.

Ed. **65. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum ur. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr. laganna orðist þannig:

Hverjum þeim, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn:

1. Að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi fullkomið lagapróf, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eiga að skipa, sbr. lög nr. 35, 30. júlí 1909 um stofnun háskóla 33. gr. og lög nr. 36, 11. júlí 1911 um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands til embætta.
2. Að hann hafi að loknu fullnaðarprófi fengist í 3 ár við málfærslustörf annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu málaflutningsmanns, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lögfræðisprófs er krafist til, eða unnið á skrifstofu við slík embætti.
3. Að hann fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta fengið embætti hjer á landi.

Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirrita eiðstaf um að hann skuli flytja þau mál, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samviskusemi.

Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

Ed. **66. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 2. gr. komi svolátandi grein:

Ekkert lán má fara fram úr 5000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir, en $^1/_2$% afborgun.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist: nema landsstjórnin leyfi eða skipi annað.

3. gr.

Í staðinn fyrir þessi orð í 5. gr. »skal sá hafa forgöngurjett« komi: skal sá að jafnaði hafa forgöngurjett.

4. gr.

Í stað 6. gr. komi svolátandi grein:

Hús, er lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, úr steini eða steinsteypu og þak varið járni eða eigi ótryggara efni. Timburhús, þótt aljárnvarin sjeu, má því að eins reisa fyrir lánsfjeð, að eigi sje annars kostur vegna staðhátta. Landsstjórnin ræður, eftir tillögu hins byggingarfróða ráðunauts landsstjórnarinnar, yfirsmið hússins.

Nú hefir verið bygt járnvarið timburhús á prestssetri, áður en lög þessi ganga í gildi, en er ekki eign prestakallsins, eða slíkt hús er á jörð, er síðar kynni að verða gerð að prestssetri, en fylgir eigi jörðinni, og er þá landsstjórninni heimilt að veita lán til að kaupa það með samskonar kjörum og lög þessi ræða um, ef ástæður mæla með, enda sje húsið vandað og hentugt til íbúðar og líklegt til sæmilegrar endingar.

5. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Helmingur lánsfjárins greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og efnið, sje það eldfimt, sje fullvátryggt. Hinn helmingurinn útborgast, þegar sýnd eru skilríki fyrir því, að húsið sje bygt eftir uppdrætti og áætlun, og vel frá smíði gengið, enda sje landsstjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi, sem umboðsmann hefir í Reykjavík, fyrir því að húsið sje vátrygt fyrir virðingarverði. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið.

6. gr.

Þessi orð í 8. gr. falli burt: »eða með frávikningu frá embætti um stundarsakir«.

7. gr.

Nú ónýtist hús, er bygt hefir verið fyrir lánsfje samkvæmt lögum þessum, af einhverjum óviðráðanlegum öflum náttúrunnar, svo sem jarðeldi, landskjálfta eða þvílíku, og skal þá landssjóður leggja til aðkeypt efni til endurbyggingar því og alt smíði, en prestur annan kostnað. Ef timburhús hefir ónýtst, skal byggja aftur hús úr steini eða steinsteypu, nema staðhættir banni.

8. gr.

12. gr. laganna falli burtu.

9. gr.

13. gr. orðist þannig:

Nú er hús bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $^1/_{2}{}^0/_0$ af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar. Sama er og, þá er hús, sem bygt hefir verið að öllu eða nokkru leyti fyrir lánsfje úr landssjóði, er byggt upp fyrir vátryggingarupphæð þess eða fyrningargjald samkvæmt 17. gr. Öllum slíkum húsum skal prestur ætið halda vátrygðum fyrir virðingarverð samkvæmt því, sem ákveðið er í 7. gr.

10. gr.

Lög þessi koma í gildi 1. janúar 1914.

Nd. **67. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr. 15.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með þessari breytingu:

BREYTINGARTILLAGA:

Í stað orðanna: »sykurgervingar af ávöxtum« komi: sykraðir ávextir.

Alþingi, 12. júlí 1913.

Jón Jónsson, (form.). Bjarni Jónsson, frá Vogi, (skrifari).

M. J. Kristjánsson. Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

Ed. **68. Frumvarp**

til laga um sölu á þjóðjörðinni Fossi í Suðurfjarðarhreppi.

Flutningsmaður: H. J. Kristófersson.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja þjóðjörðina Foss í Suðurfjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu, með sömu skilyrðum og aðrar þjóðjarðir.

Ed. **69. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ný nöfn manna og ættarnöfn (stj.frv.).

Nefndin, sem háttvirt efri deild kaus til að athuga frumvarp þetta, leyfir sjer að láta uppi eftirfarandi álit.

Eins og stjórnin getur um í athugasemdunum við frumvarpið var málefni þessu hreyft á aukaþinginu 1912 og lagt til, að lagaákvæði yrði sett um breytingar á nöfnum á býlum og um mannanöfn. Stjórnin telur þörf á lögum um þetta efni og hefir samið um það tvö frumv. og lagt fyrir þingið. Ástæðurnar, er stjórnin telur svo þungar á metum, að þörf sje á lögum um mannanöfn og nafnbreytingar á jörðum, eru, að nafnbreytingar valdi ýmsum erfiðleikum, glundroða og rjettarmissi, sjeu þær ekki reglubundnar. Um þetta er nefndin stjórninni samdóma, en telur fleiri gildar ástæður liggja til grundvallar þörfinni á lögum um mannanöfn, eins og drepið verður á síðar.

Á undanförnum áratugum hefir orðið allmikil breyting á mannanöfnum hjer á landi. Menn hafa breytt fornöfnum sínum, tekið sjer kenningarnöfn eða ættarnöfn og ýms ný miður falleg mannanöfn hafa komið upp. Og þótt ekkert verði um það fullyrt, hvort þessu muni halda áfram, þá eru talsverðar líkur til, að tilhneiging manna til nafnbreytinga sje ekki í rjenun yfirleitt.

Í fornöld var það venja, að hver maður og kona kendi sig við föður sinn. Oft tóku menn sjer þó kenningarnafn eða var gefið kenningarnafn. Kenningarnafn var vanalega haft á eftir fornafni, en föðurnafni slept, bæði í ræðu og riti, svo sem Þórður gellir, Guðmundur ríki o. s. frv. Stöku sinnum var kenningarnafnið skeytt framan við fornafnið, t. d. Berlu-Kári, Mána-Ljótur, Völu-Steinn. Fróðir menn telja, að í fornum ritum finnist yfir 2 þúsund kenningarnöfn, en ekki urðu þau að ættarnöfnum, en áttu að eins við einstakan mann eða konu. Geta má þess, að kenningarnöfn karlmanna eru ekki ávalt karlkynsorð. Þau eru oft kvenkynsorð eða hvorugkynsorð, t. d. Loðbrók, Járnsíða, Tjúguskegg. Annars eru kenningarnöfnin mjög oft lýsingarorð.

Síðar á öldum breyttist þetta og ýmsir Íslendingar tóku upp ættarnöfn á þann hátt, að þeir færðu föðurnafn sitt í latneskan búning (t. d. Thorlacius) eða danskan búning (t. d. Thoroddsen), eða þeir kendu sig við heimkynni sitt, bæ eða sveit (t. d. Melsteð, Blöndal). Smámsaman hafa ættarnöfnin fjölgað, bæði á þennan hátt og með því að útlend ættarnöfn hafa borist hingað, og eru nú ekki svo allfá. Nefndin spurði Jóhann ættfræðing Kristjánsson um, hve mörg ættarnöfn hefðu komið fram við síðasta manntal. Kvaðst hann ekki hafa rannsakað það til hlítar, en taldi líklegt, að þau væri um eða yfir 100.

Þessi ættarnöfn eru mörg alkunn og svo rótföst, að ekki er við því að búast, að þau leggist niður, eða þeim verði útrýmt. Hitt er sennilegra, að ættarnöfnum fjölgi, bæði af innlendri rót og með því að útlend ættarnöfn berist hingað með erlendum mönnum, er hjer setjast að og blandast íslenskum ættum.

En ættarnöfnin eru ekki einu nafnbreytingarnar á síðari tímum.

Það er nú allmjög að færast í vöxt, að menn taki sjer ýmiskonar kenningarnöfn og hafi í stað föðurnafns. Við þetta er greinarmunurinn á ættarnafni og kenningarnafni orðinn óljós. Hjer við bætist, og að talsvert hefir bólað á því á síðustu áratugunum, að menn breyti fornafni sínu svo, að ópekkjanlegt verður,

eða leggja niður fornafn sitt og nefnast öðrn nafni. Og alt er þetta gert, án nokkurrar lagaheimildar og reglulaust. Þessar nafnbreytingar geta því valdið vafningum og glundroða í viðskiftalífinu og gjöra það vafalaust stundum, enda ekki gott að fullyrða nema nafnbreytingar kunni stundum að vera gerðar í lævísum tilgangi.

Á ruglingnum, sem af þessu leiðir, ræður frumvarpið bót.

En auk nafnbreytinganna, sem þegar er getið, má nefna, að í höfuðstað landsins og víðar er sú venja að verða allrík, að giftar konur sleppi föðurnafni sínu, en noti föðurnafn manns síns í þess stað, og kalli sig son tengdaföður síns, t. d. Árnason, Bjarnason, Daðason, ef tengdafaðirinn heitir Árni, Bjarni eða Daði o. s. frv. Þetta herma svo dæturnar eftir mæðrum sínum. Kalli kona Jóns Árnasonar sig frú Árnason, þá er dóttir þeirra hjóna kölluð ungfrú Árnason í stað þess að nefna hana Jónsdóttur, sem er hið rjetta nafn hennar.

Þessi nýi siður er afskaplega óviðfeldinn í íslensku máli, þótt vel geti gengið í öðrum málum. Nefndin vill því láta banna þenna sið eða öllu heldur *ósið*, og kemur með breytingatillögu þess efnis við frumvarpið.

Þegar um mannanöfn er að ræða og umbætur á því efni, þá er ekki hægt að komast hjá, að minnast á skrípanöfnin.

Því verður ekki neitað, að talsvert er til af skrípanöfnum hér á landi, og æskilegt væri, að þau færu fækkandi.

Nefndin átti tal við Jóhann ættfræðing Kristjánsson um þessi nöfn, en hann er manna kunnugastur mannanöfnum hjer á landi. Hann kvað skrípanöfn tæplega vera borin af eins mörgum tiltölulega nú eins og um miðja 19. öld, þótt þeim raunar hefði fjölgað, því góðum, þjóðlegum nöfnum hefði mikið fjölgað á síðari árum.

Skrípanöfnin eru með ýmsu móti.

Fyrst má nefna þau nöfn, sem telja verður beinlínis hneykslanleg, og sem því miður er töluvert til af. Mjög algeng eru og ljót kvenmannsnöfn, sem dregin eru af karlmannsnöfnum, svo sem: Þorsteinsa, Þorláksína o. s. frv., og sagði Jóhann Kristjánsson, að tæplega yrði fundið karlmannsnafn, sem ekki væri kvenmannsnafn myndað af. Þá er og talsvert til af útlendum nöfnum, sem flest eru tekin úr útlendum skáldsögum, og fara afar illa í íslensku máli, t. d. Kapítóla, Ibsen, Guðmundsson, Alfred Dreyfus, Jónsson o. s. frv. Og loks má nefna, að ekki fer vel á því, að börn sjeu skírð föðurnafni annara manna, svo að maðurinn t. d. heiti Árni Gíslason Jónsson o. s. frv.

Við ljótum nöfnum verða naumast aðrar skorður reistar en að heimila prestum að neita að skíra börn ljótum nöfnum og hneykslanlegum, og leyfir nefndin sjer að koma með breytingartillögu þess efnis.

Nefndinni er kunnugt, að sumir þeir, er láta sjer ant um íslenskt þjóðerni, vilja láta banna öll ættarnöfn. Aftur eru aðrir, sem telja æskilegt, að ættarnöfnum fjölgi sökum kosta þeirra, er þau hafi.

Með öðrum þjóðum var það venja fyr á tímum, að hver maður kendi sig við nafn föður síns. Sá siður hefir lagst niður, en í þess stað eru komin ættarnöfn. Sumstaðar eru það lög, að hver maður skal eiga sjer ættarnafn, og börn hans bera sama nafnið, og nafnið haldast óbreytt í beinan karllegg. Þetta

er bygt á því, að ættarnöfnin sjeu hagkvæm fyrir allan mannfjelagsskap og viðskifti.

Af þessum ástæðum og því, sem ættfróðir menn hafa tjáð nefndinni, að föst ættarnöfn sjeu mikill hægðarauki fyrir ættvísina, ef lögskorðað skipulag er á þeim, gæti komið til mála, að landsmönnum yrði skipað að taka upp ættarnöfn. En ekki telur nefndin það ráðlegt.

Á hinn bóginn telur nefndin ekki rjett að varna því, að ættarnöfnum fjölgi; að banna þau með öllu, teljum vjer jafn ófært eins og að lögskipa öllum að taka þau upp.

En sjeu ættarnöfn löghelguð, þá er nauðsynlegt, að þeim sjeu settar þær skorður, að þau spilli ekki íslenskri tungu, en geri viðskiftum og ættvísi sem mest gagn.

Í þessa átt stefna tillögur nefndarinnar um, að taka upp í 7. og 8. gr. ákvæði um, að samin skuli skrá yfir orð og heiti, sem hæf þykja til að vera ættarnöfn, og að stjórnarráðið skuli leita álits íslenskukennara mentaskólans um, hvort nöfn, sem um er beðið, sjeu hafandi í íslensku máli. Að banna að nota »son« í enda ættarnafns, er sjerstaklega nauðsynlegt, af því, að væri það gert, þá yrði oft erfitt að vita, hvort um föðurnafn eða ættarnafn væri að ræða, en slíkt rýrði gagn það, er ættfræði og viðskifti geta haft af ættarnöfnum.

Nefndin er stjórninni samdóma um, að þörf sje á lögum um mannanöfn og hún er sammála um, að þeirra þurfi bæði vegna *viðskiftalífsins* og til þess að *vernda móðurmálið*. Þess vegna leyfir nefndin sjer að leggja til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með breytingum þeim, er nefndin leggur til að gerðar sjeu á því og hjer fara á eftir.

Fyrir breytingartillögunum verður nánari grein gerð við framsögu málsins.

## BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Framan við frumv. komi ný gr., sem verði 1. gr., svohljóðandi:

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, er hjer fara á eftir, hvert um sig, þá merkingu, er nú skal greina:

*Fornafn* er löglegt eiginheiti hvers manns.

*Föðurnafn* hvers manns er fornafn föður hans haft í eignarfalli að viðbættum *son* ef karlmaður er, en *dóttir* ef kvenmaður er.

*Kenningarnafn* er hvert það heiti, er maður hefir í viðbót við fornafn og föðurnafn, en gengur ekki til afkomenda hans.

*Ættarnafn* er hvert það heiti, auk fornafns og föðurnafns, er ganga skal óbreytt mann fram af manni í beinan karllegg.

*Nafnfesti* er leyfisbrjef, sem maður fær frá stjórnarráðinu eftir þessum lögum, til að breyta nafni sínu eða taka upp nýtt nafn.

2. 3. gr. frumv. verði 2. gr. og orðist þannig:

2. gr.

Hver sá, er hlotið hefir 2 fornöfn eða fleiri, er skyldur til, að nota sama

fornafn eða sömu fornöfn alla æfi, og skal hann rita þau fullum stöfum, nema stytting sje heimiluð, sbr. 8. gr., og sleppa að öllu þeim fornöfnum sínum, sem hann notar ekki. Fornafn skal ávalt rita á undan föðurnafni og ættarnafni.

Hver maður skal venjulega rita föðurnafn sitt fullum stöfum á eftir fornafni, og alla æfi nota sama nafn föður síns, ef faðirinn hjet fleiri nöfnum.

Nú hefir maður löglegt kenningarnafn eða ættarnafn, og skal þá rita það fullum stöfum á eftir föðurnafni, en þá má skammstafa föðurnafnið eða hafa upphafsstaf þess einn.

Ef maður er skírður nafni, sem er löglegt ættarnafn annarar ættar, þá er honum óheimilt að hafa það fyrir kenningarnafn eða ættarnafn.

3. 2. gr. frumv. verði 3. gr. og orðist þannig:

3. gr.

Þá er kona giftist, skal hún taka upp ættarnafn manns síns, ef til er, á eftir föðurnafni sínu, ella nota föðurnafn sitt eitt og þá sleppa ættarnafni sinnar ættar, ef nokkurt var.

Nú skilur kona við mann sinn að lögum, og er henni þá frjálst að taka upp aftur ættarnafn sitt, ef til var, en fá verður hún nafnfesti samkvæmt 10. gr. Þessi nafnskifti mega ná til barna hennar, sem hún hefir foreldraráð yfir og yngri eru en 18 ára, og eins þó eldri sjeu, ef þau æskja þess sjálf, þó má hún ekki fá börnunum ættarnafn sitt, nema foreldrar hennar og systkini gefi leyfi til, þau er lifa hjer á landi.

4. 4. gr. frumv. falli burt, en í hennar stað og fyrir upphaf á 2. gr. frumv. komi ný grein, er verði 4. gr., svohljóðandi:

4. gr.

Öllum er heimilt og skylt að nota löglegt ættarnafn föður síns, og tekur það jafnt til óskilgetinna barna sem skilgetinna.

Ef barn er föðurlaust, skal það bera föðurnafn móður sinnar, og ættarnafn, ef til er.

5. 1. gr. frumv. verði 5. gr. og orðist þannig:

5. gr.

Enginn má breyta fornafni sínu, föðurnafni, kenningarnafni eða ættarnafni, eða taka upp og nota nokkurt nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þessara laga.

6. Við 5. gr. sem verði 6. gr.

a. Í stað orðanna »taka upp ættarnafn« í 1. og 2. línu komi: taka upp kenningarnafn eða ættarnafn.

b. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi ný málsgrein:
Enginn getur fengið nafni sínu breytt oftar en einu sinni.

7. Við 6. gr. sem verði 7. gr.

a. Í stað fyrstu málsgreinar »Undanskilin . . . 5. gr., eru«: komi:
Enginn getur fengið heimild til að taka upp og hafa að kenningarnafni eða ættarnafni nein þau nöfn, er nú skal greina:

b. Fyrir »c. Ættarnöfn, er álíta . . . « og til enda greinarinnar komi:

c. Nöfn, er telja verður óhæf í íslenzku máli, svo sem ættarnöfn, er enda á *son, sen* eða *dóttir,* eða hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er getur um í staflið a. og b., að villum geti valdið.

Stjórnarráðið skal skera úr öllum deilum, er rísa kunna út af fyrirmælum þessarar greinar. Nú vill einhver taka upp nýtt kenningarnafn eða ættarnafn og finst það ekki í þeirri skrá, sem um getur í 8. gr. 1, og skal þá jafnan leita og hlíta úrskurði íslenskukennara Mentaskólans um það, hvort nafnið, sem um er beðið, sje hafandi í málinu.

8. Við 7. gr. sem verði 8. gr.

a. Í stað »6« í fyrstu línu komi: 7.

b. Aftan við greinina bætist:

Ennfremur skal stjórnarráðið láta semja og gefa út:

1. Skrá yfir orð og heiti, sem hæf eru til að hafa að ættarnöfnum.
2. Skrá yfir skammstafanir þær á fornöfnum manna, sem heimilt skal vera að nota.

9. Við 8. gr., sem verði 9. gr.

a. Í stað orðsins »auknefni« komi: kenningarnöfn.

b. Í stað orðsins »stjórnarráðsskírteini« komi: nafnfesti.

10. Við 9. gr., sem verði 10. gr.

Greinin orðist svo:

Sje ekkert nafntökunni eða nafnbreytingunni til fyrirstöðu gefur stjórnarráðið út nafnfesti, sem umsækjandi fær afhent gegn gjaldi því, er ákveðið er í 12. gr. Jafnframt sendir stjórnarráðið hlutaðeigandi sóknarpresti eftirrit af nafnfestinni, og skal hann geta nafntökunnar í kirkjubókinni við skírnarnöfn þeirra, er nafntakan eða nafnbreytingin nær til.

11. Við 10. gr.

Greinin falli burt, en í hennar stað kæmi svolátandi gr., sem verði 11. gr.:

11. gr.

Breytingar á nöfnum eða ný nöfn geta menn eftir sem áður fengið með konungsleyfi á þann hátt, er tíðkast hefir.

Prestum er heimilt og skylt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg.

12. Við 11. gr.; 11. gr. verði 12. gr. og orðist svo:

12. gr.

Fyrir hverja nafnfesti, sem út er gefin samkvæmt 10. gr., hvort heldur fyrir einn mann aða heila fjöldskyldu, skal greiða 5 kr., er renna í landssjóð.

Fyrir skrásetningu ættarnafna þeirra, sem getið er í upphafi 8. gr. (sbr. 7. gr. a.) skal gjalda 2 kr. fyrir hvert nafn og rennur gjaldið í landssjóð.

13. Við 12. gr.

Greinin verði 13. gr.

14. Við 13. gr.

Greinin verði 14 gr. og orðist svo:

Heimild stjórnarráðsins til að gefa út nafnfestar um upptöku ættarnafna gengur í gildi 1. jan. 1915. 9. gr. laganna gengur í gildi 1. jan. 1916. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi 1 jan. 1914.

15. Við fyrirsögn frumv.:

Nafnið verði:

Frumvarp til laga um mannanöfn.

Efri deild Alþingis, 14. júlí 1913.

G. Björnsson, (formaður). Jósef Björnsson, (skrifari og framsögum).

Sigurður Stefánsson.

Nd. **70. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (þskj. 37).

Vjer, sem háttvirt neðri deild Alþingis skipaði í nefnd til að athuga frumvarp til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi, höfum komist að þeirri niðurstöðu, að það mundi koma að miklu gagni landhelgisvörninni, að slik heimild, sem farið er fram á í frumvarpinu, yrði veitt.

Oss þykir það hafa sýnt sig af tilraun þeirri, er gerð var á Suðurnesjum síðastliðinn vetur og í vor sem leið, að það hafi komið að miklu gagni, og það er álit þeirra, sem til þess þekkja á Vestfjörðum, að firðina þar vestra mundi mega verja á líkan hátt, og er þá varla að efa, að líkt fyrirkomulag einnig mundi reynast vel í öðrum landshlutum. Hins vegar erum vjer á því, að gjald það, er ætlast er til að leggja megi á hvern hlut á samþyktar svæði, sje helst til lágt, og leggjum því til, að það sje ákveðið alt að helmingi hærra; því þar sem slíkt gjald kynni að þykja of hátt, mundi eigi neinn verulegur áhugi fyrir málinu.

Vjer erum því á einu máli um að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri einni breytingu,

að í stað orðanna í 5. grein: »alt að einnar krónu gjald«, komi: alt að tveggja krónu gjald.

Neðri deild Alþingis 14. júlí 1913.

Kristinn Daníelsson, (form.). Matth. Ólafsson, (skrifari og framsögum.).

Jón Jónsson. Tryggvi Bjarnason. Halldór Steinsson.

Nd.

# 71. Frumvarp

til laga um girðingar.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði og Ræktunarsjóði, svo og aðrar girðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 meter á hæð, þó skulu kynbótagirðingar, nautagirðingar og graðhestagirðingar ekki vera lægri en 1,12 metra.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum. Garð má hlaða undir vírinn og skal hann vera 0,50—1 metra á hæð, og 3 stengir ofan á honum, ef hann er 0,50 metra, en 2 strengir, ef garðurinn er 1 meter á hæð.

2. gr.

Stuðlar, sem vírinn er festur á, mega vera með 5—6 metra millibili, eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Girðing, sem lán er veitt til úr landssjóði eða Ræktunarsjóði, sje gerð að öðru leyti samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur.

3. gr.

Þegar einhver vill girða, hvort sem það er einstakur maður eða fjelag, og leitar um lán úr opinberum sjóði til þess, skal hann láta fylgja lánbeiðninni skýrslu um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Nægi eigi fé það, sem ætlað er á ári hverju til girðingarefniskaupa, samkvæmt gildandi fjárlögum, til að fullnægja öllum, er um lán hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Girðing, sem lánað er til úr opinberum sjóði, skal vera fullger innan þriggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda stjórnarráðinu vottorð um, að hún sje gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerðum þeim, er um getur í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið þegar þrjú ár eru liðin, fellur lánið í gjalddaga með 6% vöxtum.

5. gr.

Skylt er sjerhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða fjelög, er fengið hafa lán til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar á einstökum jörðum, sem lán er veitt til, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú er girðing gerð, samkvæmt 1. og 2. gr., og lánað til hennar úr Rækt-

unarsjóði eða landssjóði, og skal þá girðingin fylgja jörðinni og má ekki flytja hana í burt, þó að eigandaskifti eða ábúandaskifti verði á henni.

7. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi eða ábúandi losað sig við þá skyldu að halda henni við. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af girðingaláninu.

8. gr.

Nú vill jarðeigandi eða leiguliði með ráði landsrottins girða land jarðar sinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerð, er um getur í 2. gr., á landamerkjum, og tilkynnir hann það þeim, er land á í móti honum, og leitar samkomulags um girðinguna og kostnað við að gera hana. Komi þeir sér ekki saman, getur sá er girða vill, eigi að síður girt, og ber þá sá, er land á móti honum, helming áætlaðs kostnaðar. Þó nær þetta ekki til afrjettagirðinga eða girðinga um víðlend beitilönd, nema þær liggi að samfeldum engjum, og getur þá sá, er vill girða, krafist helmings framlags af þeim, er land á móti á því svæði. Þó verður af einni jörð eigi krafist meira framlags á þenna hátt á hverjum 5 árum, en sem svari eins árs afgjaldi jarðarinnar, og er gjalddagi í byrjun hvers 5 ára tímabils, uns kostnaðurinn er greiddur að fullu. Um greiðslu þessa kostnaðar fer sem um viðurkenda skuld, er hvílir á jarðeiganda, og flytst hún yfir á nýjan eiganda, ef eigandaskifti verða.

Úttektarmenn skera úr, hvort landið samkvæmt þessu, sje undanþegið girðingarskyldu.

9. gr.

Þegar jarðeigandi eða ábúandi með samþykki jarðeiganda vill girða á landamerkjum og eigi getur orðið samkomulag við þann, er land á móti, skal hann láta úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, mæla fyrir girðingunni, gera áætlan um kostnað við hana og ákveða legu hennar. Skal girðingin liggja beint yfir nes, þar sem merki liggja í smákrikum, en þó þannig, að hvorugur missi slægju eða beitiland, eftir því sem við verður komið. En rjettur til annara afnota helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skifti löndum til fullnustu. Að öðru leyti skulu girðingar á landamerkjum liggja í mörkum, þar sem því verður viðkomið. Kostnaðurinn við girðinguna skiftist milli þess, er vill girða og hins er land á móti honum, samkvæmt 7. gr.

10. gr.

Eign og viðhald girðinga þeirra, sem getur um í 7. og 8. gr. er sameiginleg báðum jörðum frá því að hún er uppkomin og fullgerð. En skifta skal girðingum jafnt milli jarðanna til eignar og viðhalds, svo að sinn hlut annist hvor. Sje viðhald girðingarinnar vanrækt af öðrum hvorum, þá á hinn rjett á að krefjast nauðsynlegra umbóta á kostnað þess, sem vanrækslunni er valdur.

Úttektarmenn skulu skifta girðingunni og meta, hvort henni er haldið við svo fullnægjandi sje.

11. gr.

Girðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 1 metri sje milli vegarjaðarins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 4 metrar sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Eigi má nota gaddavír í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema metershár garður sje hlaðinn undir vírinn.

12. gr.

Skylt er að hafa hlið á girðingum yfir alla vegi, svo sem landssjóðsvegi, sýsluvegi og sveitavegi, svo og yfir vegi til afrjetta og forna fjallavegi, þó ekki sjeu í tölu þeirra vega, sem landssjóði er skylt að annast. Skal búið svo um hliðin, að þau verði opnuð og þeim lokað. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur til að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu og vísvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum.

13. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

14. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 12. gr., og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

15. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 13. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefdinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni, með $^2/_3$ hlutum atkvæða, þeirra er á fundi mæta, og samþyktin nær til, sendir sýslumaðurinn það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 12. gr. Er öll meðferð samþyktar þá hin sama og 13. og 14. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvervetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

17. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga

eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend ásamt synjunaráæstæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitasjóð, ef brotið er móti hreppssamþykt.

19. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 52, 30. júlí 1909, um girðingar, úr gildi numin.

Ed. **72. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um landhelgissjóð Íslands.

Nefndin er sammála um, að frumvarp þetta eigi fram að ganga á þessu þingi.

Skorturinn á nægilegri landhelgisvörn fyrir yfirgangi útlendra fiskimanna verður með hverju ári æ tilfinnanlegri. Verði landhelgisvörnin ekki aukin að miklum mun sem allra fyrst, er fiskiveiðum vorum á landhelgissvæði bráður háski búinn.

Fiskiveiðar vorar eru, enn sem komið er, að miklu leyti reknar með bátum, sem mestmegnis eru bundnir við landhelgissvæðið. Bátaútvegurinn hefir lengst um reynst landsmönnum notadrjúgur. Mikill hluti sjómannastjettar vorrar lifir aðallega á honum og af honum hefir drjúgum dropið í landssjóðinn.

Þrátt fyrir hinn mikla vöxt innlendrar botnvörpuútgerðar nú hin síðustu árin, eru ekki mikil líkindi til, að sá útvegur leysi bátaútveginn bráðlega af hólmi.

Þessi útvegur er ekki annara manna meðfæri en þeirra, sem ráða yfir miklu meira fje en alment gerist hjer á landi. Peningastofnunum landsins er enn ekki þannig varið, að þær geti veitt landsmönnum hagkvæm lán í stórum stíl til þessa útvegs, enda vansjeð, hvort mjög skjótur vöxtur hans er heppilegur, þegar á alt er litið.

Síðastliðin ár hefir orðið gagngerð breyting á bátaútvegnum með upp-

töku vjelarbátanna í stað róðrarbátanna. Að vísu er vjelarbátaútvegurinn vænlegri til meiri fiskifanga en róðrarbátaútvegurinn, en hann er og miklu dýrari. Landsmenn hafa lagt offjár í þennan útveg og eru því ekki vel undir það búnir, að leggja bráðlega aftur stórfje í botnvörpuútgerð, jafnframt því að tapa mestöllu því fje, er þeir hafa lagt í vjelarbátana. Á hinn bóginn eru flestir hinna nýuppteknu vjelarbáta ekki stærri en svo, að þeir, mikinn hluta ársins, eru bundnir við landhelgissvæðið, og eru því, er afli bregst þar, arðlaus eign.

Með eyðileggingu landhelgisveiðinnar, eru því öll sund lokuð til bjargar hins mikla fjölda landsmanna, sem ekki eiga annars úrkosti en að reka fiskiveiðar sínar með róðrar- og vjelarbátunum.

Ár frá ári vex yfirgangur og veiðispjöll botnvörpungaflotans hjer við land, sökum þess, hve landhelgisvörnin er ófullkomin; eru hinar sáru kvartanir landsmanna, er sífelt verða háværari og háværari, þess ljóst vitni. Landhelgisveiðinni er á stórum svæðum árlega gerspilt með þessum yfirgangi og lögbrotum, og verði ekkert aðgert, horfir til stórvandræða fyrir sjávarútveg mikils hluta landsmanna.

Frá Dönum, sem hafa á hendi landhelgisvörnina hjer við land, er ekki aukningar að vænta á þessari vörn; það er þegar fullsjeð, að þeir þykjast gera jafnvel meira en skyldu sína með þeirri vörn, er þeir nú veita, svo ófullkomin sem hún er, þrátt fyrir hin miklu hlunnindi, sem þeir hafa hjá oss fyrir hana.

Þetta vitum vjer vel, en þrátt fyrir það höfum vjer enn ekki sjeð oss fært að leggja fram það fje, er nægði til verulegrar bóta í þessu efni.

En þingið má ekki lengur horfa aðgerðarlaust á þetta mál. Það er auðsætt, að hjer á verða engar verulegar bætur ráðnar, nema vjer sjálfir hefjumst handa, til að taka sem allra fyrst verulegan þátt í landhelgisvörnum vorum.

Í þá átt fer þetta frumvarp. Að vísu er með því ekki farið fram á, að landssjóður leggi þegar fram stórfje í þessu skyni. Til þess væri að vísu full ástæða, en eins og fjárhag landsins er varið, mun varla gerandi ráð fyrir því á þessu þingi, nema tekjur landsins væru jafnframt auknar að miklum mun með nýjum sköttum.

En frumvarpið bendir á ráð til þess, að vjer innan skams getum tekið allverulegan þátt í landhelgisvörninni, án stórkostlegra útgjalda fyrir landsjóðinn, með því að verja sektarfjám fyrir ólöglegar fiskiveiðar hjer eftir til verndunar fiskimiða vorra.

Hefði þetta ráð verið upptekið fyrir nokkrum árum, t. d. um síðustu aldamót, hefðum vjer nú getað aukið þessar varnir með nýju varðskipi, líklega eins nothæfu og hið núverandi varðskip er, og þá hefði að öllum líkindum aldrei til þess komið, að nokkuð af þessu fje rynni annað en í þennan sjóð, sem hjer er nú ráðgerður.

Flutningsmaður frumvarpsins leitaði upplýsinga hjá stjórnarráðinu um hve miklu sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar hafa numið síðan árið 1900, og leyfir nefndin sjer að birta þá skýrslu hjer:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1901 | námu sektirnar | ... ... ... ... ... | kr. | 3240,00 |
| 1902 | — — | ... ... ... ... ... | — | 8340,00 |
| 1903 | — — | ... ... ... ... ... | — | 10049,00 |
| 1904 | — — | ... ... ... ... ... | — | 10094,25 |
| | | Flyt: | kr. | 31723,25 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fluttar: kr. | 31723,25 |
| 1905 | námu sektirnar ... ... ... ... ... ... — | | 47339,49 |
| 1906 | — — ... ... ... ... ... ... — | | 10671,15 |
| 1907 | — — ... ... ... ... ... ... — | | 87619,16 |
| 1908 | — — ... ... ... ... ... — | | 43786,58 |
| 1909 | — — ... ... ... ... ... ... — | | 14603,47 |
| 1910 | — — ... ... ... ... ... ... — | | 27222,90 |
| 1911 | — — ... ... ... ... ... .. — | | 31271,33 |
| 1912 | samkvæmt fjárlagafrv. stjórnarinnar — | | 28000,00 |
| | | Samtals... kr. | 322137,33 |

Frumvarpið ákveður, að $^2/_3$ sektanna skuli renna í Landhelgissjóðinn; er þetta ákveðið sökum þess, að samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1907 um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, á $^1/_3$ sektanna árlegu að renna í þann sjóð. Þessu vill nefndin ekki breyta, þótt hún ella hefði talið sjálfsagt, að allar sektirnar hefðu runnið í Landhelgissjóðinn. Fiskiveiðasjóðurinn getur með góðri stjórn orðið til mikils stuðnings fyrir sjávarútveginn, þótt hann geti tæplega orðið honum að eins almennum notum og fje það, sem beinlínis er varið til landhelgisvarnanna.

Verði sektir þessar svipaðar og að undanförnu, má gera ráð fyrir, að Landhelgissjóðurinn verði áður en mjög langt líður fær um að styðja landhelgisvarnirnar að góðum mun, t. d. með auknu eftirliti úr landi með fiskiveiðum útlendinga á þeim stöðum, þar sem bátaútvegurinn er mest stundaður. Reynslan hefir þegar sýnt, að af því eftirliti má töluvert gagn verða. En fyrst þá, er landið er orðið þess megnugt, að halda úti reglulegu varðskipi, er mál þetta komið í vænlegt horf og það verður því fljótar, sem þessi sjóður nær skjótari vexti, enda þá hægra fyrir landssjóð að hlaupa undir bagga til eflingar landhelgisvörninni en að leggja alt fjeð fram með nýrri fjárveiting.

Nefndin telur þessum sektum á engan hátt betur varið en með því, að verja þeim á þennan hátt. Þótt ekki sje hugsað svo hátt, að Landhelgissjóðurinn dugi til þess að annast útgerðarkostnað nýs varðskips, má gera ráð fyrir að sektirnar aukist með aukinni vörn og ljetti landssjóði því allverulega útgerðarkostnaðinn.

Hið árlega tillag frá landssjóði telur nefndin ekki mega minna vera en ákveðið er í frumvarpinu.

Sjálfsagt er, að skipulagsskrá og reglugerð fyrir sjóðinn verði samin jafnskjótt og hann tekur til starfa.

Þá eina breyting vill nefndin gera á frumvarpinu, að þar sje beinlínis tekið fram, að sjóðurinn skuli ávaxtaður í Landsbankanum.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessari breytingu.

Í stað orðanna »áreiðanlegum banka« í 6. gr. komi: »Landsbankanum«.

Alþingi 14. júlí 1913.

Jósef Björnsson, (form.). Sigurður Stefánsson, (skrifari og framsögum.).

Jón Jónatansson.

Ed. **73. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ábyrgðarfjelög á þingskjali 63.

Frá nefndinni.

Fyrir: »20 ár« í síðasta lið 2. gr. komi: 10 ár.

Ed. **74. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

Frá nefndinni.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna: »Nú hefir verið bygt járnvarið timburhús« komi: Nú hefir verið bygt hús úr steini eða steinsteypu, eða járnvarið timburhús.

2. 6. gr. orðist þannig:
Í staðinn fyrir 2 síðustu málsgreinar í 8. gr. komi þessi grein:
Komi það í ljós við skoðun, að hús sje eigi bygt, eða því viðhaldið, sem skyldi, getur landsstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum með dagsektum, eða jafnvel látið bæta úr þeim á kostnað prests, en þá skal prestur að skaðlausu endurgreiða allan kostnað, er af því hlýtst, þar með talinn innheimtukostnað.

Ed. **75. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum (stj.frv.).

Frumvarp þetta byggist á líkum ástæðum og frumvarp stjórnarinnar um mannanöfn. Á síðari árum hefir nöfnum á býlum verið breytt í heimildarleysi, en slíkt er til óhagræðis í viðskiftalífinu. Og þótt ekki sje hægt að segja, að mjög mikil brögð hafi verið að þessu, þá verður nefndin að álíta, að rjett sje að girða framvegis fyrir slíkar óheimilar nafnbreytingar. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist, að ný nöfn þurfi á nýbýlum; er sjálfsagt að slík nöfn verði löghelguð og nái festu. Nefndin er því samdóma stjórninni um, að reglur þurfi að setja um þetta efni, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið, með breytingum þeim, er hjer fara á eptir.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr.
   Í stað orðanna »býlum, . . . húsmenskubýlum«, komi: höfuðbólum, hjáleigum, grasbýlum og þurrabúðum.

2. Við 2. gr.
   Orðin »hinu eldra« falli burt.

3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna »sama hreppi« komi: sömu sýslu.
   b. Í stað orðanna »leyfisbrjef til nafntökunnar« komi: nafnfesti; í stað orðsins »Leyfisbrjefið« komi Nafnfestina; og í stað orðsins »það« í niðurlagi greinarinnar komi: hana.
   c. Aftan við greinina bætist: gegn venjulegu þinglestrargjaldi.

4. Við 5. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Fyrir nafnfestina greiðir beiðandi 25 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð.

5. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins »lögbýli« komi: landeign.
   b. Í stað orðanna »sama hreppi« komi: sömu sýslu.

Efri deild Alþingis, 14. júlí 1913.

G. Björnsson, form. — Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Ed. **76. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson, Guðjón Guðlaugsson, G. Björnsson.

Í stað »5000 kr.« í 1. gr. komi: 4000 kr.

Nd. **77. Frumvarp**

til laga um hvalveiðamenn.

Flutningsmenn: G. Eggerz og Jón Ólafsson.

1. gr.

Enginn hvalveiðamaður má hafa bækistöðvar hjer á landi fyrir útveg sinn.

2. gr.

Enginn máður má flytja á land hjerlendis hval, sem hann hefir drepið, nje neinar óunnar afurðir hvala, nema þeirra, er dauðir finnast.

3. gr.

Enginn maður má leigja, selja nje ljá nokkrum manni land til hagnýtingar við nokkra þá athöfn, er bönnuð er í lögum þessum.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 1000—4000 kr., er renna í landssjóð. Svo skulu og öll veiðafæri og afli upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

5. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915 og gildi til 1. janúar 1925.

Nd. **78. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr. laganna orðist þannig:

Hverjum þeim, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn:

1. Að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi fullkomið lagapróf, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eiga að skipa, sbr. lög nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, 33. gr., og lög nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

2. Að hann hafi, að loknu fullnaðarprófi, fengist í 3 ár við málfærslustörf annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu málaflutningsmanns, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lögfræðisprófs er krafist til, eða unnið á skrifstofu við slík embætti.
3. Að hann fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta fengið embætti hjer á landi.

Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirrita eiðstaf um, að hann skuli flytja þau mál, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samviskusemi.

Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 2. gr. komi svolátandi grein:

Ekkert lán má fara fram úr 4000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir, en $^1/_2$% afborgun.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist: nema landsstjórnin leyfi eða skipi annað.

3. gr.

Í staðinn fyrir þessi orð í 5. gr. »skal sá hafa forgöngurjett« komi: skal sá að jafnaði hafa forgöngurjett.

4. gr.

Í stað 6. gr. komi svolátandi grein:

Hús, er lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, úr steini eða steinsteypu og þak varið járni eða eigi ótryggara efni. Timburhús, þótt aljárnvarin sjeu, má því að eins reisa fyrir lánsfjeð, að eigi sje annars kostur vegna staðhátta. Landsstjórnin ræður, eftir tillögu hins byggingarfróða ráðunauts landsstjórnarinnar, yfirsmið hússins.

Nú hefir verið bygt hús úr steini eða steinsteypu, eða járnvarið timburhús á prestsetri, áður en lög þessi ganga í gildi, en er ekki eign prestakallsins, eða slíkt hús er á jörð, er síðar kynni að verða gerð að prestssetri, en fylgir eigi jörðinni, og er þá landsstjórninni heimilt að veita lán til að kaupa það með sams-

konar kjörum og lög þessi ræða um, ef ástæður mæla með, enda sje húsið vandað og hentugt til íbúðar og líklegt til sæmilegrar endingar.

5. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Helmingur lánsfjárins greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og efnið, sje það eldfimt, sje fullvátryggt. Hinn helmingurinn útborgast, þegar sýnd eru skilríki fyrir því, að húsið sje bygt eftir uppdrætti og áætlun, og vel frá smíði gengið, enda sje landsstjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi, sem umboðsmann hefir í Reykjavík, fyrir því að húsið sje vátrygt fyrir virðingarverði. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið.

6. gr.

Í staðinn fyrir 2 síðustu málsgreinar í 8. gr. komi þessi grein:

Komi það í ljós við skoðun, að hús sje eigi bygt, eða því viðhaldið, sem skyldi, getur landsstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum með dagsektum, eða jafnvel látið bæta úr þeim á kostnað prests, en þá skal prestur að skaðlausu endurgreiða allan kostnað, er af því hlýtst, þar með talinn innheimtukostnað.

7. gr.

Nú ónýtist hús, er bygt hefir verið fyrir lánsfje samkvæmt lögum þessum, af einhverjum óviðráðanlegum öflum náttúrunnar, svo sem jarðeldi, landskjálfta eða þvílíku, og skal þá landssjóður leggja til aðkeypt efni til endurbyggingar því og alt smíði, en prestur annan kostnað. Ef timburhús hefir ónýtst, skal byggja aftur hús úr steini eða steinsteypu, nema staðhættir banni.

8. gr.

12. gr. laganna falli burtu.

9. gr.

13. gr. orðist þannig:

Nú er hús bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $^1/_{20}$ o af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar. Sama er og, þá er hús, sem bygt hefir verið að öllu eða nokkru leyti fyrir lánsfje úr landssjóði, er byggt upp fyrir vátryggingarupphæð þess eða fyrningargjald samkvæmt 17. gr. Öllum slíkum húsum skal prestur ætíð halda vátrygðum fyrir virðingarverð samkvæmt því, sem ákveðið er í 7. gr.

10. gr.

Lög þessi koma í gildi 1. janúar 1914.

Nd. **80. Tillaga**

til þingsályktunar um skoðun vitastæðis á Straumnesi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að láta, svo fljótt, sem unnt er, skoða vitastæði á Straumnesi í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og gera áætlun um kostnaðinn við vitabyggingu þar.

Nd. **81. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 80, 22. nóvember 1907, um breyting á lögum um prentsmiðjur 4. des. 1886.

Flutningsmaður: Tryggvi Bjarnason.

1. gr.

Amtsbókasöfn Norðlendingafjórðungs, Austfirðingafjórðungs, Vestfirðingafjórðungs og bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, svo og sýslubókasöfn, eitt í hverri sýslu, er hefir sjerskilin fjárhag, skulu fá ókeypis eitt eintak hvert þeirra af þeim ritlingum, bókum og tímaritum (blöðum), sem tveim örkum eru stærri, og prentuð eru í prentsmiðjum hjer á landi, og skulu eintök þessi afhent ásamt skrá yfir þau, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, undir árslok hvert ár, en hann annast sendinguna til safnanna, þá er 1 ár er liðið frá útkomuárinu. Frá þessu er undanskilið alt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

Landssjóður borgar, eða leggur til pappír í eintök þau, sem skylt er að láta sýslubókasöfnum í tje.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 30. júlí 1909, um viðauka við lög nr. 80, 22. nóvember 1907.

Nd. **82. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Pjetur Jónsson, Matth. Ólafsson.

Í stað orðanna í 4. gr.: »til Staðar í Aðalvík um Hesteyri« komi: til Látra i Sljettuhreppi um Hesteyri.

Ed. **83. Nefndarálit**

í málinu frumv. til laga um breytingu á viðaukalögum frá 22. mars 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849.

Frumvarp þetta fer í þá átt að takmarka æðareggjatöku enn meir en gert er í gildandi lögum.

Með lögum 22. mars 1890 er bannað að selja eða kaupa æðaregg. Með banni þessu átti að koma í veg fyrir að varpeigendur sköðuðu æðarvarpsræktina með ofmikilli eggjatöku. Eggjatakan mun og hafa minkað töluvert síðan, en ekki þó sem skyldi, enda mun alls ekki örgrant um, að farið sje í kring um sölubannsákvæði laganna með því að selja egg undir því yfirskyni, að þau sjeu gefin. Eggjasölubannið hefir því ekki náð tilgangi sínum.

Það liggur í augum uppi, að því færri egg sem tekin eru, því örar hlýtur æðarfuglinum að fjölga og æðarvarpið þar af leiðandi að vaxa í landinu. Að vísu mun varpið hafa vaxið töluvert síðan 1890, en þó ekki nærri eins mikið og við hefði mátt búast, og telur nefndin eggjatöku varpeiganda valda allmiklu þar um.

Varpeigendum ætti að vera það hið mesta áhugamál, að æðarfuglinum fjölgaði sem mest, en þó mun æðarfuglinn vera árlega drepinn í fæðingunni svo tugum eða jafnvel hundruðum þúsunda skiftir með eggjatöku varpeigenda sjálfra, og þegar þar við bætast æðarfuglaskotin, sem mjög hafa farið í vöxt hin síðustu ár, að minstu í sumum hlutum landsins, er ekki að kynja þótt æðarvarpið í landinu vaxi ekki mjög ört.

Margir, bæði varpeigendur og aðrir, trúa því, að æðarfuglinn eigi fleiri egg en hann fái klakið út, og telja því ekki einungis skaðlaust, heldur sjálfsagt að taka eggin.

En þetta er kredda, sem kemur í algerðan bága við þá staðreynd í náttúrunni, að hún sér sjálfri sér að öllum jafnaði borgið, ef hún er látin sjálfráð og afskiftalaus af völdum mannanna. Flestir, sem nokkuð þekkja til villifuglanna, munu hafa tekið eftir því, að þeir eiga ekki fleiri egg en þeir fá klakið út, og hversvegna ætti æðarfuglinn einn þá að vera undantekning frá þeirri allsherjarreglu.

En það er ekki nóg með það, að eggjatakan út af fyrir sig tefur fjölgun æðarfuglsins, heldur verður hún og mörgum eggjum að bana, sem ætlast er til að lifi; veldur því handfjatlið á eggjunum, ógætileg meðferð þeirra, ónæði og stygð, er fuglinn verður fyrir af eggjatökunni, sem enda getur fælt ungar æðarkollur algerlega burt frá hreiðrum sínum.

Hin langbesta og öruggasta vörn gegn eggjadauðanum er að láta fuglinn hafa sem mest næði, þar til varpið er alsezt og dúntekjan byrjar, og ganga því sem minst um það framan af varptímanum eða þann tíma, sem eggjatakan annars fer fram.

Því heyrist oft varpað fram, að varpeigendurnir sjeu mestu æðarfuglamorðingjarnir, þeir drepi fuglinn unnvörpum með eggjatökunni, og því sje öðrum óvandara, þótt þeim verði það á að brjóta friðunarlögin. Því verður ekki neitað, að það er nokkur ósamkvæmni í því að leyfa varpeigendum takmarkalausa eggjatöku, en leggja afarháar sektir við, ef æðarfugl er drepinn, þegar hann er skriðinn úr egginu og víst er um það, að eggjataka varpeigendanna hefir ekki alllítið

aukið óvinsældir friðunarlaganna hjá almenningi og þannig ýtt undir æðarfuglaskotin.

Varpeigendur hafa að lögum engin veruleg hlunnindi af eggjatökunni. Það er því engin skerðing á atvinnu þeirra eða eignarjetti, þótt eggjatakan verði enn meira takmörkuð, eins og farið er fram á í frumvarpi þessu. Að vísu hverfa eggjagjafirnar þá úr sögunni, en þær verða ekki taldar varpeigendum til hlunninda, og þar sem hjer er að ræða um efling æðarvarpsræktarinnar, ættu hvorki gefendur nje þiggjendur að láta sjer það illa líka eða láta það hafa nokkur áhrif á afskifti sín af þessu máli. Öllum landsmönnum, og þá ekki síst varpeigendum, ætti að vera það áhugamál, að æðarvarpsræktin taki sem mestum og skjótustum framförum.

Hjer er um einn hinn arðmesta og jafnframt skemtilegasta atvinnuveg landsins að ræða, sem, ef vel er á haldið, getur átt mikinn þátt í efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar. Þess vegna er það líka sjálfsögð skylda löggjafarvaldsins að hlynna að honum á allan hátt.

Það er enginn efi á því, að koma má upp æðarvörpum á miklu fleiri stöðum á landinu en nú er til reynt, en aðalskilyrðið fyrir því er ströng friðun fugls og eggja.

Nefndin telur því frumvarp þetta, ef að lögum verður, mikla rjettarbót.

En jafnframt því sem eggjatakan er því nær algerlega heft að lögum, telur nefndin rjett, að hækka allar sektir fyrir brot á friðunarlögum æðarfuglsins.

Auk viðaukalaganna 22. mars 1890 við veiðitilskipunina, eru í henni ýms ákvæði, á víð og dreif, um friðun á æðarfugli. Nefndin telur rjett að safna öllum þessum ákvæðum í eina heild, ásamt ákvæðum viðaukalaganna, og hefir því samið nýtt frumvarp um friðun æðarfugla, sem hún leggur fyrir hv. efri deild; er frumvarp það sem nefndin fjekk til meðferðar tekið upp í þetta frumvarp með dálitlum breytingum. Auk þess hefir nefndin breytt hinum gömlu friðunarákvæðum í ýmsum greinum, og mun gerð grein fyrir þeim breytingum í framsögu málsins.

Flutningsmenn hins upphaflega frumvarps munu taka það aftur.

Vjer ráðum hinni háttvirtu deild því til að samþykkja frumvarp á þingskjali 88.

Alþingi 16. júlí 1913.

| | |
|---|---|
| Björn Þorláksson, (formaður). | Sigurður Stefánsson, (skrifari og framsögum.). |

Jósef Björnsson.

Ed. **84. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vatnsveitingar.

Vjer, sem hin háttv. deild kaus til þess að athuga frumvarp þetta, höfum rætt það og yfirfarið og gert við það nokkrar breytingar.

Vjer teljum aðalstefnu frumvarpsins rjetta og nauðsynlega, að fá almenn ákvæði um notkun vatns til áveitu og framræslu, sem og skyldur og rjettindi manna innbyrðis. — Þetta er því sjálfsagðara, sem þegar er byrjað á stórfyrirtækjum í þessa átt, sem krefjast nauðsynlega slíkra laga, og má búast við, að í náinni framtíð fari slíkt mjög í vöxt, þar sem víða mun svo til haga, að menn með samtökum og í fjelagi geti gert sjer arðvænleg stærri og minni svæði til áveitu, með meiri hagnaði en alment þekkist í okkar jarðabótatilraunum. Það má líka fullyrða það, að eins og fjelagsskapnum er varið á landi voru, þá hafi margt gott fyrirtæki farist fyrir í þessu efni, og mikið fyrir það, að lög vöntuðu, sem binda menn saman, svo að einstöku mönnum yrði ekki mögulegt að spilla framförum og hagsmunum fleiri eða færri manna.

Ákvæðum frumvarps þessa má aðallega skifta í tvent: Rjett einstakra manna til vatns, og notkunar vatns til áveitu. Er það hvorttveggja með ýmsum settum takmörkunum, og hið síðarnefnda jafnframt gert að samþyktarákvæði í höndum sýslunefnda.

Vjer leggjum til að nokkrar breytingar verði gerðar við frumvarpið, og viljum geta hjer hinna helstu.

Þar sem ákveðið er, að vötn öll stór og smá skuli svo renna sem að fornu hafa runnið, og megi ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, er það snertir hagsmunalega, álítum vjer þess þörf að bæta inn í ákvæði um, ef ár brjóta sjer farveg sjálfar öðrum til skemda, þá sje þeim, sem fyrir skaða verður, leyfilegt að veita þeim í sinn forna farveg. Leggjum vjer því til, að breytt verði í þessa átt. En hinsvegar álítum vjer ekki þörf að telja upp þau dæmi, sem fyrir kunna að koma og útheimta, að breyta þurfi farvegi vatns, en viljum fara eftir því, sem heimilað er í lögum þessum.

Þá sýnist oss einnig, að þar sem þessi ákvæði frumvarpsins eru undirstöðuatriði, sem hin almennu ákvæði um rjett manna til vatns byggjast á, þá verði þessi 3. gr. frumvarpsins 1. gr. þess, og greinatalan breytist eftir því.

Þar sem gert er ráð fyrir því í 1. gr. frumv., að sá sem telur sjer mein gert með áveitu eða framræslu, geti kvatt úttektarmenn til skoðunar og matsgerðar, og ef úttektarmenn álíta honum ekkert mein að, þá sje vatnsveitan hinum heimil bótalaust. Þykir oss rjett að fella úr það ákvæði, þar sem vjer lítum svo á, að það muni naumast fyrir koma, ef við vatnsveitu eða framræslu þarf að nota annars land, að það muni ekki einhverra bóta vert. Í samræmi er það, að vjer leggjum til, að meiri áhersla sje lögð á það, að skaði sá, sem gerðarbeiðandi verður fyrir, sje *mun* minni en hagur hins, ef honum á að vera heimil framkvæmdin, þótt fullar bætur komi fyrir. — Sama leggjum vjer til að gildi, ef taka þarf vatn úr annars landi, eða leiða yfir annars land sbr.. 2. gr. Og enn sýnist oss rjett, í sambandi hjer við, að gerðarbeiðandi sje því að eins skyldur að greiða matskostnað, að gerðarmenn meti honum ekki meiri bætur en honum hafa verið boðnar til samkomulags af hinum aðilanum. Þykir það auðsætt, að áður hafi verið leitað samkomulags og gerðarbeiðandi muni ekki biðja um matið, ef sæmilega hefir verið boðið til sátta.

Þar sem ákveðið er í 5. gr. tímatakmark um notkun vatns milli tveggja jarða, þykir oss rjett að leggja það algerlega á vald úttektarmanna, þar sem

kringumstæður þar að lútandi geta verið svo margvíslegar, að til skaða gæti orðið, eða hvorumtveggja gagnslaust, að ákveða slíkt.

Þá viljum vjer ákveða skýrar í 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir að vatni sje veitt á óskift land, því vel getur fyrir komið, að landi sje skift til *afnota*, þó ekki sje til eignar, og gætu þeir þá ekki krafist eignarskifta, sem hlut ættu að máli, eftir orðalagi greinarinnar.

Undirbúningi samþykta, sem ræðir um í 8. gr., viljum vjer breyta á þann hátt, að frumkvöðlar málsins semji uppkast að samþyktinni og geri það kunnugt hlutaðeigendum, áður en það er sent til sýslunefndar. Virðist oss, að undirbúningur málsins verði á þann hátt betri, sjerstaklega þar sem um lítil samtök er að ræða, er ekki ná yfir fleiri hreppa. Menn verða þegar í byrjun málinu kunnugri og setja sig því fljótar inn í breytingar þær, sem sýslunefnd kann að gera.

Þar sem kaup sýslunefndaroddvita, eða annars í hans stað, er ákveðið 2 kr. á dag á samþyktarfundum, þykir oss rjett að það sje ekki minna en 4 kr., eftir kaupi því, sem nú er greitt fyrir svipuð störf, og ætti það ekki að vera tilfinnanlegt fyrir sýslusjóðina.

Við 18. gr. höfum vjer leyft oss að gera allverulega breytingu, þar sem ákveðið er, að þegar áveitufjelag hefir fengið jörð tekna eignarnámi og greitt andvirði hennar, megi það selja jörðina, án þess nokkur hafi forkaupsrjett. Þetta forkaupsrjettarákvæði viljum vjer fella í burtu. Oss dylst ekki, að þar sem um efnalítinn leiguliða væri að ræða, sem ekki hefði sjálfur efnalegan kraft til þess að leggja fram stofnkostnað og landsdrottinn neitaði því, en hinsvegar gæti þó leiguliðinn af sjálfsdáðum lagt fram sinn skerf til viðhalds og stjórnarkostnaðar og hefði fullan vilja til þess, þá væri ranglátt að svifta þann leiguliða forkaupsrjetti og selja jörðina öðrum.

Aftur sýnist þetta í gagnstæðu tilfelli engin veruleg hætta, því vilji leiguliðinn ekki ganga að því boði, sem boðið er í jörðina, hefir hann fyrirgert forkaupsrjetti.

Þá leggjum vjer til, að við 19. gr. verði sú breyting gerð, að úttektarmenn þeir, sem meta eiga eftir frumvarpinu, tilnefni oddamann áður mat byrjar, til þess að skera úr, ef þá greinir á.

Álítum vjer, að það sje meiri trygging fyrir samkomulagi, að svo sje gert, heldur en draga það þar til sundrung er orðin, og yrði þá oftar komist hjá yfirúttekt.

Loks leggjum vjer til, að inn í 21. gr. sje bætt ákvæði um það, að meta megi upp aftur, ef það kemur í ljós, þegar frá líður, að áveitan eða framræslan gerir meiri skaða á annars landi en fyrirsjáanlegt var í fyrstu. Þykir oss sjálfsagt, að það sje tekið fram í lögunum, enda hefir háttv. stjórn gert ráð fyrir því í athugasemdum við frumvarpið.

Um smábreytingar og orðabreytingar hirðum vjer ekki að taka hjer neitt fram, en leggjum til að samþyktar verði þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.

1. 1. gr. verður 2. gr.
2. 2. málsliður 2. málsgr.: »Ef úttektarm.« o. s. frv. falli burt.
3. Fyrir orðið »þannig« í síðasta málslið 2. málsgr. komi: nema.
4. Orðið »ekki« næst á eftir falli burtu.
5. Síðustu orð málsgreinarinnar »að hún gjöri« o. s. frv. falli burtu.
6. Fyrir »engar bætur« í síðustu málsgr. komi: ekki meiri bætur en honum hafa verið boðnar.

Við 2. gr.

7. 2. gr. verður 3. gr.
8. Fyrir orðin í niðurlagi 2. málsliðar »án þess endurgjald komi fyrir« komi: gegn hæfilegu endurgjaldi.
9. Orðið »hinsvegar« í byrjun 3. málsliðar, falli burtu.
10. Orðið »að vísu« næst á eftir, falli burtu.
11. Á eftir orðunum: »skaða landeiganda« í sama málslið, komi: mun.

Við 3. gr.

12. 3. gr. verður 1. gr.
13. Orðunum: »breytingin snertir hagsmunalega« til enda málsliðarins, falli burtu, en í stað þess komi: eða heimild sje gefin til þess í lögum þessum.
14. Þar á eftir komi nýr málsliður svohlj.:

    Nú breyta vötn farvegi sínum, og er þá hverjum heimilt, sem fyrir skaða verður, að veita þeim í sinn forna farveg, og hefir hann jafnframt rjett til að nota til þess efni úr annars manns landi, ef nauðsyn krefur, gegn endurgjaldi.
15. Í stað orðanna; »En sje um mikið vatnsmegn« í byrjun 2. málsliðar komi: Þegar um mikið mannvirki er.
16. Orðið »áður« næst á eftir, falli burtu.

Við 5. gr.

17. Frá orðunum í 2. málslið 1. málsgr., »hvorum tveggju til áveitu« til enda málsgr. falli burtu, en í stað þess komi: þá skal með úrskurði úttektarmanna ákveða skifti og notkun vatnsins.

Við 6. gr.

18. Á eftir orðunum »óskift land« í byrjun fyrstu málsgr., komi: eða land, sem ekki er skift til eignar svo sannanlegt sje.
19. Fyrir orðin: »afnota og eignar« í enda 1. málsliðar, komi: eignar og afnota.
20. Þriðji málsliður aftur að orðunum: »og skal ekki að eins« orðist svo: Skiftin skulu miðast við jarðarmagn.
21. Fyrir »jarðarstærð« í síðasta málslið komi: jarðarmagn.

Við 8. gr.

22. Fyrsti málsliður orðist svo: Nú vilja menn koma á samþykt um samáveitu eða framræslu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til

samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar.

23. Fyrir »2 kr.« í síðasta málslið, komi: 4 kr.

Við 13. gr.

24. Orðin: »og álitið verði« til enda málsliðarins, falli burtu.

Við 15. gr.

25. Inn í 1. málslið bætist á eftir orðunum: »við samáveitu skal« stjórn hennar.

Við 18. gr.

26. Næst síðasti málsliður greinarinnar »Eftir að áveitufjelagið« o. s. frv. falli burtu.

Við 19. gr.

27. Í staðinn fyrir málsliðinn: »Ef úttektarmenn geta« o. s. frv. komi: Úttektarmenn tilnefna oddamann, áður mat byrjar, sem skeri úr, ef þá greinir á.

Við 20. gr.

28. Fyrir »yfirúrskurðinn« í enda greinarinnar, komi: yfirúrskurðinum.

29. Fyrir »6 kr.« komi: 4 kr.

Við 21. gr.

30. Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgr. svohlj.:
Nú kemur í ljós, er frá líður, meiri skaði en fyrirsjáanlegur var, þá mat fór fram, og er þá heimilt að láta meta upp aftur, og fer það mat fram á sama hátt og frummatið.

Alþingi 16. júlí 1913.

Jón Jónatansson, (form). Þórarinn Jónsson, (skrifari og framsögum). Steingrímur Jónsson.

Eiríkur Briem. Jósef Björnsson.

Nd. **85. Frumvarp**

til laga um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson og Jóh. Jóhannesson.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar veitist einkaleyfi til að leggja rafveitu um Seyðisfjarðarkaupstað, hvort sem er með raftaugum ofanjarðar eða neðan. Landeig-

endur og leiguliðar á því svæði, sem bæjarstjórnin ákveðnr að rafveitan skuli ná til, skulu skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir rafveituna. Verði svo á litið, að landeigandi eða leiguliði biði skaða af framkvæmdum rafveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan bæjarstjórnar, ef bæjarstjórn og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnaður allur greiðist úr bæjarsjóði.

2. gr.

Þegar rafveitan er á komin, skal bæjarstjórn Seyðisfjarðar hafa einkarjett til að selja rafmagn í lögsagnarumdæminu. Hún getur og áskilið sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum í lögsagnarumdæminu.

3. gr.

Gjald fyrir notkun rafveitunnar skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórnin semur og Stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal hún endurskoðuð að minsta kosti fimta hvert ár. Verði kostnaðurinn við rafveituna meiri en inn fæst fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar, úr bæjarsjóði. — Gjöld þessi öll má taka lögtaki, sem önnur bæjargjöld.

4. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að heimta gjald af hverjum húseiganda samkvæmt gjaldskránni, þegar búið er að leggja raftaug inn fyrir vegginn í húsi hans, en lagning raftauga innan húss verður hann sjálfur að kosta.

5. gr.

Bæjarstjórnin ein hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja raftaugar bæði utanhúss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeim vinnukaupstaxta, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er bæjarstjórnin fyrirskipar. Engir aðrir en þeir, sem bæjarstjórnin hefir þannig löggilt, mega fást við lagning raftauga eða önnur svipuð rafveitustörf, hvorki innan húss né utan.

6. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á raftaugum bæjarins eða öðrum mannvirkjum rafveitunnar, skal, auk fullra skaðabóta, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum. Séu skemdirnar gáleysisverk, skal hlutaðeigandi sæta sektum, og auk þess bæta skaðann að fullu.

7. gr.

Bæjarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun rafmagnsins, meðferð á raftaugum og önnur atriði viðvíkjandi rafveitunni, er nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir reglugjörðina.

8. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **86. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er út til fiskjar af landsmönnum, greiða vitgjald einu-sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **87. Frumvarp.**

til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr. 15.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

15. liður í 1. gr. tolllaganna frá 11. júlí 1911 orðist svo:

15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum og öðrum sætindatilbúningi, sem notaður er á sama hátt og brjóstsykur og konfekt, þar með taldir sykraðir ávextir (kandiseraðir ávextir) ..... 80 aura af hverju kílógr.

Ed. **88. Frumvarp**

til laga um friðun æðarfugls.

Frá nefndinni í málinu:

Frv. til laga um breytingu á viðaukalögum frá 22. mars 1890 við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849.

1. gr.

Hver, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal gjalda í sekt 50—100 krónur fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítrekun brotsins.

2. gr.

Enginn má selja eða kaupa æðaregg nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara utan heimilis síns, nema eggskurn til vísindalegra þarfa.

3. gr.

Enginn má hirða, kaupa eða selja dauða æðarfugla eða hluta af þeim.

4. gr.

Brot gegn 2. og 3. grein varða 25—50 króna sektum, sem tvöfaldast samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Frá 15 apríl til júlímánaðarloka eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 4 km.

6. gr.

Frá 1. apríl til júlímánaðarloka má enginn án leyfis varpeiganda leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varpi hans en $^1/_2$ km.

7. gr.

Brot gegn 5 og 6. grein varðar 10—25 króna sektum. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem drepnir eru með skotunum eða netunum fer eftir ákvæðum 1. greinar. Varpeigandi þar, sem brotið er framið, má taka upp netin, en láta skal hann þau af hendi við þann, er þau lagði, er hann hefir goldið sekt sína og kostnað við upptöku netanna eftir óvilhallra manna mati.

8. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfugla net. Nú gerir einhver það, og varðar það 50—100 króna sektum. Netin skulu upptæk og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð þar sem brotið var framið. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem í þau voru veiddir, fer eftir ákvæðum 1. gr.

9. gr.

Sýslumenn skulu hvert ár á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypis friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að

hlýða lögum þessum. Nú vill einhver koma á fót nýju æðarvarpi, og segir hann sýslumanni til, en hann skal friðlýsa varpinu á næsta manntalsþingi og síðan árlega.

10. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sjerstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frakknesku.

11. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að $^1/_3$ í sveitarsjóð, en að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns.

12. gr.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld viðaukalög 22. mars 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og öll þau ákvæði í þeirri tilskipun, er snerta friðun á æðarfugli.

Ed. **89. Breytingartillaga**

við frv. til laga um ábyrgðarfjelög á þingskj. 63.

Frá G. Björnssyni, Eiríki Briem, Birni Þorlákssyni.

Orðin: »nje til annara« o. s. frv. í niðurlagi 2. gr. falli burt.

Ed. **90. Frumvarp**

til laga um hagstofu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Það skal falið sjerstakri stofnun að safna skýrslum um landshagi Íslands, vinna úr þeim og koma þeim fyrir almennings sjónir. Stofnunin nefnist hagstofa Íslands, og stendur beinlínis undir ráðherranum.

2. gr.

Þessi eru meginatriði landshagsins, sem hagstofunni ber einkanlega að rannsaka:

1. Fólksmagn: a, manntöl; b, fæðingar; c, hjónabönd; d, heilsufar; e, manndauði: f, fólksflutningar.
2. Dómsmál, þar með talin einkamál, sáttanefndarmál, sakamál og lögreglumál.
3. Atvinnuvegir: a, landbúnaður; b, iðnaður; c, fiskiveiðar; d, siglingar og verslun; e, bankar, sparisjóðir og aðrar allsherjar lánsstofnanir.
4. Efnahagur landsmanna: a, tekjur af eign og atvinnu; b, virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim; c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim eignum; d, verðmæti skipa og báta og veðskuldir er á hvíla.
5. Stjórnmál: a,notkun kosningarjettar; b, starfsmenn þjóðfjelagsins.
6. Fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitarfjelaga.
7. Þjóðareignir til almenningsnytja: a, vegir og brýr; b, ritsímar og talsímar; c, póstflutningar.
8. Fræðslumál: a, barnafræðsla; b, unglingaskólar og aðrir alþýðuskólar.
9. Tryggingarstarfsemi: a, liftrygging; b, heilsutrygging; c, eignatrygging.

Auk skýrslna um framangreind atriði vinnur hagstofan að skýrslum, er hjer eftir kunna að verða lögboðnar eða fyrirskipaðar af landsstjórninni, eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

3. gr.

Hagstofan á að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað.

Landshagsskýrslur skulu koma út svo fljótt sem unt er, jafnóðum og þær eru tilbúnar frá hendi hagstofunnar.

Árlega skal gefa út stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs, með þýðingum á eitthvert hinna þriggja aðal-mentamála.

4. gr.

Öll þau störf viðvíkjandi söfnun og móttöku landshagsskýrslna, sem samkvæmt gildandi lögum, reglugjörðum o. fl. nú hvíla á stjórnarráði Íslands, hefir hagstofan á hendi eftirleiðis.

Heimilt er hagstofunni að fyrirskipa, að skýrslur, sem hingað til hafa verið sendar frá hreppstjórnarvöldum eða einstökum mönnum til sýslumanns, sjeu sendar beint til hagstofunnar, og getur hún endursent til leiðrjettingar skýrslur, er henni þykja ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um vanrækslu í því, að inna af hendi lögmælt skýrsluskil.

5. gr.

Hagstofunni stýrir forstjóri, skipaður af konungi, og hefir hann sjer við hönd 1 aðstoðarmann, sem skipaður er af ráðherra.

Hagstofustjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka um 200 kr. þriðja hvert ár upp í 4200 kr.

Til aðstoðarmanna, eins eða fleiri, má verja alt að 2000 kr.

6. gr.

Til stofnsetningar hagstofunnar veitast alt að 3000 kr. af landssjóði.

Árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar, svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögunum fyrir hvert ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

Nd. **91. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Fjárlaganefndin hefir athugað frumvarpið og leyfir sjer að gera við það þessar athugasemdir.

Við 2. gr.

Þar er nefnt: »til Þinghússins á Seyðisfirði« á að vera: til fangahússins.

Við 3. gr.

Þar er fjárveiting, kr. 3000,00, til að kaupa Röntgensáhöld handa Vífilsstaðahælinu. Nefndinni virðist fullmikið í ráðist að kaupa slík áhöld, tvenn í einu, til þessa hælis og til háskólans (sbr. 5. gr. frv.), en lítur svo á, að rjettara sje, að háskólinn sitji í fyrirrúmi, með því að þar verði meiri og almennari not áhaldanna. Hefir nefndin einnig orðið þess vör, að hvorug fjárveitingin fyrir sig muni nægilega hátt tiltekin í frumvarpinu, og er það enn ástæða til þess, að ráðast einungis í annað fyrirtækið. Þess vegna ræður nefndin til, að þessi fjárveiting til Vífilsstaðahælisins sje feld burtu.

Við 4. gr.

Nefndin viðurkennir, að fjárveiting til þess að bæta við pósthúsið, sje óhjákvæmileg, en með því litlar líkur eru til, að unnið verði nokkuð verulega að slíkri byggingu á þessu ári, varð niðurstaðan í nefndinni sú, að liður þessi falli burtu, en að fjárveiting verði tekin til yfirvegunar við meðferð fjárlaganna.

Nefndin hefir fallist á fjárveitingu til brúarinnar á Steinslæk í Holtum, með þá ástæðu fyrir augum, að brúin hefir vafalaust verið í mjög ófullkomnu standi, þegar vegurinn var afhentur hjeraðinu til viðhalds 1909.

Í samræmi við endurgreiðsluna á tillagi Árnessýslu til Eyrarbakkasímans, virðist nefndinni rjett að á aukafjárlögin sje einnig tekin endurgreiðsla til Rang-

árvallasýslu á tillagi til Garðsaukasímans, alt að 4000 kr., samkvæmt ráðagerð Alþingis 1911 (sjá álit fjárlaganefndar E. d. 1911 Alþt. 1911, A. þingskj. 166), en að sjálfsögðu með því skilyrði, að Rangárvallasýsla leggi til Víkursímans sinn skerf á sínum tíma.

Við 5. gr.

Nefndinni hefir borist erindi frá læknadeild Háskólans, þar sem skýrt er frá, að 5000 kr., sem í frv. þessu standa, muni ekki nægja til þess að útvega Röntgensáhöld handa deildinni. Nú hefir stjórnin tiltekið þessa upphæð, eftir tillögum háskólaráðsins, og vill nefndin vísa því til hennar, að fara fram á hæfilega hækkun, ef nýrri upplýsingar sýndu, að þess væri full nauðsyn.

Nefndin er sammála stjórninni um það, að hús gagnfræðaskólans á Akureyri þurfi rækilegra umbóta við, enda er þegar búið að kosta til þess hátt á 4. þús. kr. af þeim 8188 kr., sem hér er farið fram á að veita. Nefndin hefir nú rætt um þetta mál við skólameistara og fengið ýmsar upplýsingar, þar á meðal, að enginn undirbúningur sé til þess, að geta á þessu ári komið í framkvæmd meiri umbótum en þegar eru gerðar. Sýnist nefndinni því rjettara að frekari fjárveiting bíði fjárlaganna.

Um fjáveitinguna til aukakenslu við Kennaraskólann vill nefndin geta þess, að eftir atvikum verður hún að vera henni samþykk, sökum þess hve óvenjulega stendur hér á um kringumstæður kennarans, sem hlut á að máli, enda fordæmi til þessa.

Við 6. gr.

Nefndinni þykir ástæða til að brýna það fyrir landsstjórninni, út af 49. lið og fleiri atriðum, að fara mjög varlega í greiðslur úr landssjóði, sem eigi er fyrirfram gefin heimild fyrir.

Við 7. gr.

Nefndin hefir eigi á móti fjárveitingunni til trjesmíðakenslu í Hólaskóla, en væntir þess, að eigi þurfi aðra slíka upphæð til járnsmíðakenslu, sem þar er fyrirhuguð eða komin á samkv. fjárlagafrv. stjórnarinnar. Þess vegna leggur nefndin til, að liður þessi sé nefndur »til smíðakenslu«.

Út af fjárveitingunni til leikfimishúss á Hvanneyri vill nefndin taka fram, að aðferð skólastjórans í þessu efni er næsta óviðfeldin, sú sem sje, að taka ekkert tillit til fjárheimildar þeirrar til hússins, sem fyrir lá í fjárlögunum, og byggja húsið, án alls samkomulags við stjórnina fullum helmingi dýrara, en heimilað fje og efni vannst til, og loks, að gera enga grein fyrir því á byggingarreikningi hússins, hverju efnisleifarnar frá skólahúsinu námu, eða hvort þær gengu allar til leikfimishússins. eins og gert var ráð fyrir 1911. Nefndin verður þó eftir atvikum að fallast á fjárveitingu þessa með því skilyrði, að stjórnin fái greinileg skil á nefndum efnisleifum.

Eins og kunnugt er, hefir Sigurgeir Einarsson unnið að umbótum á ullarverkun samkvæmt fjárveiting á gildandi fjárlögum, bæði með utanferðum og störfum innanlands. Haustið 1911 fór hann utan í þessu skyni, og varð þá úr, að hann fór alla leið til Ameríku. Hefir hann farið fram á að fá allan ferða-

kostnað sinn kr. 2359,70 borgaðan aukreitis, með því að fjárveitingin var eigi miðuð við ferðaleg til Ameríku. Nefndin felst á, að ferðin til Ameríku hafi verið nauðsynleg, og að full sanngirni sje því, að hann fái borgað það, sem ferðin var dýrari en ferðalag það erlendis, sem fjárveitingin var miðuð við. Þess vegna leggur nefndin til, að Sigurgeir fái upp í ferð þessa það, sem hún kostaði umfram fjárveitinguna til hans 1912 eða kr. 1159,70. Þar sem hann jafnframt fær borgaða ferð þá, sem hann fór til Englands og Þýzkalands í vetur, verður að skoða þær 1200 kr. sem hann fær nú í ár, samkvæmt fjárlögunum, sem borgun fyrir störf hans innanlands í þarfir ullarmálsins.

Jakob Björnsson síldarmatsmaður ber sig upp undan því við þingið, að hann hafi 1910 farið varhluta af fjárveiting þeirri, er þá stóð á fjárlögum til utanfarar 2 síldarmatsmanna, 800 kr., því þar af fjekk hann einungis 200 kr. Að rjettu lagi mun hann hafa átt að fá 400 kr., og þetta skakkafall vill nefndin leiðrjetta nú með 200 kr. fjárveiting.

Sömuleiðis vill nefndin veita fiskimatsmanni Árna Gíslasyni styrk nokkurn, eða 400 kr., upp í kostnað hans við ferð til Spánar og Ítalíu, er kostaði alls eftir sögn hans kr. 850,00.

Við 9. gr.

Fundarhald í Reykjavík fyrir nokkra þingmenn kostaði samkvæmt reikningum þeirra samanlagt 100 kr. meira en fjárveitingin hjer nemur. Varð það niðurstaða í nefndinni eftir atvikum, að leggja til, að liður þessi sje samþyktur með 100 kr. hækkun. Á reikningunum hafa þingmennirnir utan Reykjavíkur talið sér fæðispeninga (6 kr. á dag), auk ferðakostnaðar, og vill nefndin að orðalag þessa liðs beri með sér, að svo er.

Viðvíkjandi skipbrotsmannaskýlinu, sem fyrirhugað er í Máfabót, vill nefndin bæta inn í frumvarpsgreinina því skilyrði, að húsið sje vandlega bygt og skilað í fullu standi samkvæmt skoðunargerð.

Samkvæmt framanrituðum athugasemdum gerir nefndin við frumvarpið þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. Við A. 3. Í staðinn fyrir »þinghússins á Seyðisfirði« komi: fangahússins á Seyðisfirði alt að.

2. — 3. — Við 9. Liðurinn falli burt.

3. — 4. — Við A. Sömuleiðis.

4. — 4. — Á eftir fyrri liðnum »Við D.« komi nýr liður:
Til endurgreiðslu á tillagi Rangárvallasýslu til Garðsaukasímans alt að kr. 4000,00 gegn því, að sýslan leggi á sínum tíma hlutfallslega til Víkursímans.

5. — 5. — Við B. III. b. 1. Í staðinn fyrir »Til aðgerðar á skólahúsinu kr. 8188,00« komi: Til byggingar á úthýsi og aðgerðar á skólahúsinu eftir reikningi, alt að kr. 4000,00.

6. — 7. — Við 1. Í staðinn fyrir »Til trjesmíðakennslu« komi: Til smíðakennslu.
7. — 7. — Við 30. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til sama upp í kostnað við Ameríkuferð 1911, kr. 1159,70.
8. — 7. — Við 30. Á eftir þessum lið komi nýir liðir:
Við 37. Til Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns upp í utanfararkostnað 1910, kr. 200,00.
Til Árna Gíslasonar fiskimatsmanns upp í ferðakostnað til Spánar og Ítalíu kr. 400,00.
9. — 7. — Við 54. Aftan við »Gilsfjörð (endurveiting)« komi: alt að.
10. Við 8. gr. Orðin: »frá 1. nóv. 1912 að telja 30 kr. á mánuði« falli burt.
11. — 9. — Á eftir »Ferðakostnaður« í 1. lið komi: og fæðispeningar, og fyrir »kr. 654,80« í sama lið komi: kr. 754,80.
12. — 9. — 3. liður falli burt.
13. — 9. — Aftan við 5. lið, sem verður 4. liður, bætist: Þó með því skilyrði, að húsið sje traustlega bygt og við skoðunargerð skilað í fullu standi.

Alþingi, 16. júlí 1913.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Pjetur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Eggert Pálsson. Jóh. Jóhannesson. Kristján Jónsson.

Sigurður Sigurðsson. Skúli Thoroddsen.

Nd. **92. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 1. gr. Aftan við orðin »minna broti slept« komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Herskip eru undanþegin vitagjaldi.

Nd. **93. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr.
Hnappadalssýsla og syðsti hreppur Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknis-

hjerað og heita Hnappdælahjerað. Í hjeraði þessu eru: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Miklaholtshreppur og Staðarsveit. Læknissetur í austanverðum Miklaholtshreppi eða vestanverðum Eyjahreppi.

2. gr.

Þá er Hnappdælahjerað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjeraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólmshjeraði, að til þess liggi ekki Miklaholtshreppur og á Ólafsvíkurhjeraði, að til þess liggi ekki Staðarsveit.

Ed. **94. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni.

Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

Ed. **95. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor (þskj. 60).

Vjer undirskrifaðir vorum kosnir í nefnd, til að íhuga frumvarp til laga um sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor.

Frumvarp þetta er komið frá stjórninni og hefir gengið óbreytt gegnum neðri deild Alþingis. Er það orðað svo, að skáldinu Steingrími Thorsteinsson skuli, er hann lætur af rektorsembætti við hinn almenna mentaskóla, veitast í viðbót við lögmælt eftirlaun kr. 1333,33, sem árleg heiðurslaun.

Í ástæðum stjórnarinnar fyrir frumvarpinu er framtekið, að honum beri í eftirlaun 2666,67 kr., er hann færi frá embætti. Svo lýsir stjórnin og yfir því áliti sínu, að manni þessum, sem kominn sje á níræðisaldur, og hafi að sjá fyrir framfærslu talsverðrar fjölskyldu og verði auk þess að borga alt að 700 kr. ár-

lega, til að inna af hendi lögboðna lífeyristryggingu handa konu sinni, muni verða afkoman erfið með eftirlaunum sínum einum.

Loks segir stjórnin, að þau sjerstök eftirlaun, sem fram á er farið í frumvarpinu, geti ekki talist nema lítilsháttar viðurkenning til hans fyrir þann auð og unun, er hann hefir veitt íslensku þjóðinni með skáldskaparverkum sínum og öðrum bókmentalegum störfum.

Í máli þessu er ekkert komið fram, er sýni, að rektor Steingrímur Thorsteinson sje ráðinn í því að segja af sjer embætti. En þó svo væri, getur nefndin ekki fallist á, að hin lögmæltu eftirlaun hans 2666,67 kr. mundu ekki nægja honum og fjölskyldu hans. Miklu heldur verður hún að álíta, að hann mundi komast mjög vel af, ekki síst, er þess er gætt, að efnahagur hans mun vera í besta lagi. Nefndin telur og mjög varhugavert að hækka lögmælt eftirlaun, eins og hjer er ætlast til að gert verði, þar sem stefna tímans virðist ella heldur vera sú, að afnema öll eftirlaun.

Þar á móti felst nefndin algerlega á það, að rektor Steingrímur Thorsteinsson eigi skilið sjerstaka viðurkenning fyrir starf sitt sem skáld og rithöfundur. En hún álítur og heldur því fast fram, að slík viðurkenning eigi að koma fram alveg út af fyrir sig og án nokkurs tillits til þess, hvort og hvenær hann ljeti af rektorsembætti. Nefndin getur ekki stilt sig um að lýsa yfir, að slíka viðurkenningu hefði þing og þjóð þegar fyrir löngu átt að láta honum í tje. Lengur má það alls ekki dragast. Skáldið er komið á svo háan aldur. Sje það dregið enn, eða sje viðurkenningin bundin við þann tíma, er hann láti af rektorsembætti, getur svo farið, að ekkert verði úr framkvæmdinni.

Til þess nú að sýna hinu mæta gamla skáldi einhverja viðurkenningu, telur nefndin ekki illa tilfallið, að gefa honum í eitt skifti heiðursgjöf. Skáldið er ekki fjárþurfi, svo að gjöfin þurfi að vera mikil. Og viðurkenningin er hin sama hvort heiðursgjöfin er 1000 kr. meiri eða minni.

Nefndin hefir því komist að þeirri niðurstöðu, að hafna frumvarpi neðri deildar. En í þess stað leyfir hún sjer að koma fram með nýtt frumvarp á þingskjali 96, er hún ræður deildinni til að samþykkja.

Efri deild Alþingis, 17. júlí 1913.

| | |
|---|---|
| Jósef Björnsson, form. | Björn Þorláksson skr. og frs.m. |

H. J. Kristófersson.

Ed.

## 96. Frumvarp

til laga um heiðursgjöf handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson.

Frá nefndinni í málinu:

Frumvarp til laga um sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor.

Skáldinu Steingrími Thorsteinsson veitist 4000 króna heiðursgjöf úr landssjóði.

Ed. **97. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um hagstofu Íslands.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson, Jósef Björnsson, Þórarinn Jónsson og Guðjón Guðlaugsson.

1. 5. gr. orðist þannig:
   Hagstofunni stýrir maður, skipaður af ráðherra, og nefnist hagstofustjóri. Vanalega hafa þeir einir rjett til þessa starfs, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði.
   Hagstofustjóri hefir í laun 3000 kr. Til aðstoðarmanna má verja alt að 2500 kr.
2. Við 6. gr.:
   Í stað orðsins »Árskostnaður« í byrjun 2. málsgreinar komi: Laun starfsmanna og árskostnaður.

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Síðasti málsliður fyrstu málsgreinar 36. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 orðist þannig:
Sömuleiðis má leggja útsvar á verzlanir í hreppnum, sem reknar eru að minsta kosti 4 vikur af gjaldárinu, og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, sem rekin eru að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi ekki haft þar fast aðsetur.

Nd. **99. Frumvarp**

til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn

hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertíð hverja alt að tveggja króna gjald af hverjum hlut á opnum skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu.

6. gr.

Gjald það, er ræðir um í 5. gr., greiðist af óskiftum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþyktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885.

Nd. **100. Breytingartillaga**

við frv. til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (þskj. 99.).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 2. gr. Á eftir orðunum »til alþingis« komi: eða stunda fiskiveiðar.

Ed. **101. Frumvarp**

til landskiftalaga.

Flutningsmenn: Jón Jónatansson, Guðjón Guðlaugsson, Jósef Björnsson.

1. gr.

Öll heimalönd sveitabýla, sem fleiri jarðir hafa til samnota, tún, engi og úthagi, og sem ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota svo sannanlegt sé, eða viðurkend merki eru til um, geta komið til skifta samkvæmt lögum þessum. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðaparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Úttektarmenn skulu gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Sýslumaður skal og nefna oddamann til skiftagerðar, og skal hann vera formaður úttektarmanna og stýra skiftunum, hann skal bóka skiftagerðina og skera úr, ef úttektarmenn greinir á.

Úttektarmenn fá í dagpeninga 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum, en oddamaður 4 kr.

3. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sjerstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sjerstakt býli, og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiði sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað, að út sje skift nema nokkrum hluta lands þess, er býli hans fylgir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

4. gr.

Skifti þau, er um ræðir í 3. gr., skulu vera til fullrar eignar, og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal að vera við skiftin. Þeim skal einnig gefinn kostur á að vera við yfirmat og upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu þó aðilar viðstaddir, er úttektarmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín að síðustu úrslit skiftanna. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í landi því, sem skift er, um 1 ár frá því honum hafa verið tilkynt skiftin.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla, til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður yfirmatsmanna og stýra matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess beiðist, sje engin breyting gerð á skiftum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

5. gr.

Áður en skifti byrja, skulu þeir, sem skifta eiga landi, rannsaka, ef þörf er á, að land það, er skifta skal, sje með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Sje landi því, er skifta skal, að einhverju leyti áður skift, skulu þeir einnig gera sjer glögga grein fyrir merkjum þeim, er sett hafa verið við þau skifti. Leita skulu þeir og upplýsinga um rjettindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess.

Sjeu merki milli lands þess, er skifta skal, og annara jarðar eða jarða, krókótt og óhagkvæm fyrir skiftin, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting merkjanna.

6. gr.

Skifta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi. Verði þessu ekki við komið, skal tilgreina ástæður fyrir því.

7. gr.

Nú hefir einhver eigandi að óskiftu sameignarlandi tekið og ræktað einhvern hluta þess, án samþykkis þeirra, er land eiga með honum. Skulu þá úttektarmenn við skiftin annaðhvort láta hann halda þessu landi, móti því að hinir sameigendurnir fái hvor um sig að tiltölu samsvarandi hluta af sameignarlandinu, eða meta honum hæfilegar bætur fyrir ræktunarkostnað. Sje land þetta sjerstaklega girt, skal eiganda girðingarinnar heimilt að taka hana upp og flytja burtu.

8. gr.

Nú liggja tún- eða engjavegir yfir land það, er skifta skal, eða úttektarmenn álíta nauðsynlegt, að slíkir vegir verði þar lagðir. Skal þá í skiftagerðinni ákveðið hvar nýja vegi skuli leggja, og hvernig vera skuli aðstaða landeiganda innbyrðis um lagning, viðhald og notkun slíkra vega.

9. gr.

Skiftagerðir allar, er úttektarmenn framkvæma samkvæmt lögum þessum, skulu þeir rita í sjerstaka bók, er sýslumaður löggildir. Andvirði bókarinnar greiðist úr sýslusjóði. Landstjórnin semur og útbýtir, á landsjóðs kostnað, fyrirmynd fyrir bókfærslu slíkra skiftagerða.

10. gr.

Þegar úttektarmenn hafa skift landi samkvæmt 3. gr. laga þessara, skulu þeir, áður en þeir fara frá skiftum, láta setja glögg merki fyrir því, hvernig þeir hafa skift landinu. Skulu allir þeir, er hlut eiga að máli, skyldir til að gera merki þessi. Úttektarmenn skulu lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega í skiftagerðinni, að ekki verði um vilst.

Með merki þau, er ákveðin eru til fullnaðar með skiftum úttektarmanna eða með yfirmati, skal farið svo sem landamerkjalög mæla fyrir.

11. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver óskar þess; kostnaðinn greiði þeir allir eftir jarðastærð.

12. gr.

Landeigendum er frjálst að skifta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum, og leiguliðar, allir er notkunarrjett hafa á landinu, og skiftin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Um slík skifti skal skrá greinilega skiftagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiftin, takmörkum þess og rjettindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiftin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skift var. Skiftagerð þessari skal þinglýsa.

Sjeu ekki gerð jöfn skifti, en einhver eigenda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða rjettindum innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, skal líta á það sem afsalað eða selt, og breytist þá jarðamat eða skattskylda jarðanna eða jarðapartanna samkvæmt því.

13. gr.

Nú hafa eigendur sameignarlands skift eða látið skifta landinu milli sín, en ábúandi telur leiguliðanotum sínum spilt með skiftunum, og verður um það ágreiningur milli hans og landsdrottins. Skulu þá úttektarmenn skera úr og meta leiguliða bætur, ef þeir telja hann hafa beðið skaða. Úrskurði þeirra má skjóta til yfirmatsmanna, sbr. 4. gr.

14. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiftu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Þar sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn þeirra nota beitina nema fyrir sinn eiginn búpening eða eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektarmönnum.

Nd. **102. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar.

Flutningsmenn: G. Eggerz, Halldór Steinsson, Lárus H. Bjarnason, Jón Ólafsson og Jón Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til þess að íhuga mál, er snerta sjerstaklega sjávarútveg landsins.

Nd. **103. Frumvarp**

til laga um líftrygging sjómanna.

Flutningsmenn: Matth. Ólafsson, M. J. Kristjánsson, Skúli Thoroddsen, Kristinn Daníelsson.

1. gr.

Allir menn á landi hér, þeir er sjó stunda um lengri eða skemmri tíma, hvort heldur á fiskiskipum, farmskipum, mannflutningaskipum eða róðrarbátum, skulu kaupa sér líftrygging gegn drukknun í sjó.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 1. febrúar ár hvert skulu allir þeir menn, er nefndir eru í 1. gr., láta innrita sig sem sjómenn.

Í sveitum fer innritun fram hjá hreppstjórum, en í kaupstöðum hjá bæjarfógetum.

3. gr.

Nú er einhver eigi ráðinn í því, hvort hann stundi sjómensku að nokkru leyti á því tímabili, er um ræðir í 2. gr., og hefir hann þá rétt til að fá sig innritaðan, þótt síðar sé, með sömu réttindum og skyldum, sem lög þessi ákveða.

4. gr.

Þrjú líftryggingartímabil eru í ári hverju, þannig:

1. frá 1. janúar til 30. apríl að báðum dögum meðtöldum,
2. frá 1. maí til 31. ágúst að báðum dögum meðtöldum og
3. frá 1. september til 31. desember að báðum dögum meðtöldum.

Enginn fær sig líftrygðan fyrir styttri tíma en eitt af þessum tímabilum.

5. gr.

Iðgjöld greiðist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir 1. tímabil frá 1. janúar til 30 apríl . . . . | kr. | 5,00 |
| — 2. tímabil frá 1. maí til 31. ágúst . . . . . | — | 3,00 |
| — 3. tímabil frá 1. september til 31. desember . | — | 4,00 |
| — heilt ár í einu . . . . . | — | 10,00 |

Sjómenn greiða iðgjöld þessi við innritun, en þeir eiga heimting á $^1/_5$ gjaldsins hjá útgerðarmanni um leið og lögskráning fer fram.

6. gr.

Auk innritunarskírteinis, er jafnframt skal gilda sem kvittun fyrir iðgjaldi, skal hverjum innrituðum sjómanni afhent merki, er aðeins gildi fyrir það tímabil, sem hann er innritaður.

Merkin sé úr málmi og á þau skráð ártal þess árs, er þau eru afhent á, svo og fyrsti og síðasti dagur tímabils þess, er þau gilda fyrir.

Landstjórnin sér um tilbúning merkjanna og gerð og annast um, að þau sé komin til hreppstjóra og bæjarfógeta fyrir hver árslok.

7. gr.

Engan mann má lögskrá á Íslandi, hvort heldur er á innlend skip eður útlend, er eigi getur sýnt innritunarskírteini og merki, og skal þess getið, við lögskráning, hvar hver einstakur er innritaður.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar skráningarstjóra alt að 500 króna sekt.

Farist sjómaður ólíftrygður fyrir vanrækslu skráningarstjóra, fellur sekt þessi til þess eða þeirra, er tilkall eiga til líftryggingarfjárins samkvæmt lögum þessum, að öðrum kosti fellur sektin til líftryggingarsjóðsins.

8. gr.

Enginn formaður má taka neinn mann á skip sitt eða bát, hvort heldur er um lengri eða skemmri tíma, nema hann geti sýnt merki það, er nefnt er í 6. gr., og varðar það formann alt að 200 kr. sekt fyrir hvern mann, ef út af er brugðið.

Undanskildir ákvæðum þessarar greinar eru þó skipstjórar á mannflutningaskipum, að því er farþega þeirra snertir.

Um sekt fer svo sem segir í 7. grein.

9. gr.

Nú hefir sjómaður keypt sér lífsábyrgð í einhverju lífsábyrgðarfélagi, og er hann þá undanþeginn ákvæðum laga þessara, enda sé sú lífsábyrgð eigi lægri en lög þessi ákveða, en skylt er honum að sanna fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta skýlausan rjett sinn til greiðslu úr lífsábyrgðarfjelaginu, ef dauða hans ber að á líftryggingartímabili því, er í hönd fer.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti rita hjá sjer nafn mannsins og fjelags þess, er hann er líftrygður hjá, svo og tölu lífsábyrgðarskírteinisins.

Að því búnu fær sjómaðurinn merki, er vera skal frábrugðið að gerð merkjum þeim, er getur í 6. grein.

10. gr.

Af iðgjöldum þeim, er nefnd eru í 5. grein, skal mynda líftryggingarsjóð, er standi undir umsjón landstjórnarinnar. Sjóður þessi eignast sjóð þann, er þegar er myndaður, samkvæmt lögum 30. júlí 1909, enda tekur á sig skyldur þær, er á þeim sjóði hvíla.

Landstjórnin skipar forstöðumann fyrir hinn nýja sjóð og skulu laun hans ákveðin 1200 kr. á ári, er greiðist úr landssjóði.

Bæjarfógetum og hreppstjórum ber 2% af iðgjöldum fyrir innheimtu og innritun, og skulu þeir senda skýrslur sínar ásamt iðgjöldum, að frádregnum þeim 2% er þeim ber, beint til forstöðumanns sjóðsins.

11. gr.

Landstjórnin sjer um, að ávalt sje fyrir hendi nægar bækur og innritunarskírteini og skipar fyrir um form á þeim.

12. gr.

Líftryggingarsjóðurinn greiðir námennum þeirra, er farast í sjó og líftrygðir eru samkvæmt lögum þessum, 800 kr., er greiðist með 200 kr. á ári í næstu 4 ár eftir drukknun hins líftrygða.

Námenni teljast: foreldrar og börn, hvort heldur skilgetin eða óskilgetin, ekkja og systkini hins líftrygða. Sje eigi slík námenni á lífi fellur fjeð til sjóðsins, nema viðkomandi hafi með erfðaskrá gefið það öðrum eftir sinn dag.

Landsjóður Íslands hefir ábyrgð á, að sjóðurinn standi í skilum.

13. gr.

Nú kemst maður, sem líftrygður er samkvæmt lögum þessum, í skipreika, tekur út af skipi eða báti eða fellur í sjó og næst með lífi, en veikist og deyr af afleiðingum slyssins, og ber þá að álíta sem slíkur maður hafi farist í sjó.

14. gr.

Nú hverfur maður af skipi og finst eigi, lífs nje liðinn, og skal þá settur rjettur yfir skipverjum, til að rannsaka, hvort nokkur þeirra hafi grun um, að viðkomandi hafi strokið. Komi það fram við rannsókn, að enginn grunur sje um strok, skal álítast sem maðurinn hafi farist í sjó. Komi hinsvegar fram grunur um strok, en ekki full vissa, má frestá útborgun um næstu 4 ár, en komi ekkert fram á þeim tíma, er bendi til að maðurinn hafi strokið, skal upphæðin borgast út á næstu 4 árum.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um vátrygging fyrir sjómenn 30. júlí 1909 svo og þau ákvæði í öðrum lögum, er koma kunna í bág við þau.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed. **104. Breytingartillaga**

við frv. til laga um ábyrgðarfjelög.

Frá Sig. Eggerz, Sigurði Stefánssyni, Jóni Jónatanssyni.

Við 1. gr. Eftir orðið »ríkisins« í 1. línu komi: hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku.

Nd. **105. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingu á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Frá vitagjaldsnefndinni.

Við 1. gr.

1. Aftan við 1. málsgrein komi: Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun annan en farþega, skulu greiða 10 aura í vitagjald af hverri smálest.
2. Á eftir fyrstu málsgrein, aukinni þessu eða óaukinni, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum nje heldur flytja farm í land eður í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Nd. **106. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða. frá 12. jan. 1884.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Jörð skal ávalt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það brjef gera, og er það byggingarbrjef fyrir jörðinni. Í byggingarbrjefi skal skýrt tekið fram um það, hvað langur ábúðartíminn sje, og má ekki byggja jörð til skemri tíma en 10 ára. Sje ekkert tekið fram um ábúðartímann, skal svo álitið, að jörð sje bygð æfilangt, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið. — Ekkja heldur ábúðarrjetti manns síns, og giftist hún aftur, helst ábúðarrjetturinn óbreyttur næstu 10 árin.

2. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem ekki er áskilin í byggingarbrjefi, og skal hann þá leita um það samkomulags við landsdrottinn. Nái hann eigi samkomulagi við hann, er rjett, að hann fái óvilhalla menn á sinn kostnað til að meta, hver not muni verða að jarðabótinni. Skulu þeir jafnframt gera áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eftirgjaldið eftir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrotni skal bjóða að vera við mat þetta. Leiguliði skal því næst bjóða, að landsdrottinn láti gera jarðabótina, og borga jafnframt hálfan kostnað við matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við, og greiða þá hækkun á eftirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, getur leiguliði gert jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðina megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gera hana, enda sje hún í fullu standi eða álag gert á hana. Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er fimtán sinnum hærri en hækkun eftirgjaldsins nemur.

3. gr.

Við úttekt jarða, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta til dagsverka eftir gildandi reglum um það efni jarðabætur þær, sem fráfarandi hefir gert á jörðinni, og til fullra nytja hafa komið. Gjalda skal svo landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. og 50 aurum fyrir hvert dagsverk í jarðarbótum, er lúta að túnrækt og útgræðslu, girðingu um tún og áburðarhirðingu, og ekki eru áskildar í byggingarskilmálum eða stofnaðar á þann hátt, er mælir fyrir um í 2. gr. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðarbótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 11 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðarbótin var unnin.

Ákvæði þessarar greinar svo og 2. gr. gilda jafnt um leiguliða á jörðum einstakra manna og opinberra sjóða eða stofnana.

4. gr.

Þegar jarðeigandi byggir jörð sína, eftir að lög þessi öðlast gildi, þá skal hann láta jörðinni fylgja öll bæjarhús, sem nauðsynleg eru til ábúðar á henni. Húsin skulu að mati úttektarmanna vera í viðunanlegu standi, og að stærð við hæfi jarðarinnar, og er landsdrotni skylt að bæta úr því á sinn kostnað, sem ávant þykir. Mati úttektarmanna getur hann þó skotið til yfirúttektar.

Til byggingar bæjarhúsanna, er landsdrottinn þó ekki skyldur að leggja fram meira fje en samsvari áttföldu afgjaldi jarðarinnar, eins og það hefir verið að meðaltali síðustu 5 árin.

5. gr.

Bæjarhúsum þeim, er leiguliði tekur við og jörð fylgja, er hann skyldur það halda við á sinn kostnað, svo að ekki rýrni þau að öðru en fyrningu. Landsdrottinn getur látið úttektarmenn meta, hvort húsunum sje haldið við,

en bera verður hann allan kostnað við matið, nema svo reynist, að leiguliði hafi ekki fullnægt skyldu sinni um viðhaldið, en þá ber leiguliði kostnaðinn hálfan. — Vanrækslu á viðhaldi húsanna af hendi leiguliða varðar útbyggingu og skaðabótum.

Vextir af húsverðinu og fyrningargjald skal vera innifalið í landskuld jarðarinnar, nema öðruvísi hafi umsamist.

Þegar bæjarhús eru svo forn orðin, að þau samkvæmt mati úttektarmanna þurfa að endurbyggjast, er jarðeigandi skyldur að byggja þau upp að nýju á sinn kostnað samkvæmt niðurlagi 4. gr. — Mati úttektarmanna getur hann þó skotið til yfirúttektar.

6. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin, gegn því að leggja jörðinni til aðra eign jafngóða, sem hún þarfnast:

a. Í húsum er leiguliði á, og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni.
b. Í jarðabótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð, og eru full eign leiguliða, eða þeim hluta jarðabótanna, sem er lögmæt eign hans samkvæmt 2. og 3. gr.

Úttektarmenn meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema meira verði en kúgildin. — Kúgildaleiga telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

7. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti, og er honum það heimilt, hvenær sem hann vill, að áskildu samþykki leiguliða. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldar hækkun meta úttektarmenn, nema hlutaðeigendur komi sjer saman.

Hvíli veð á jörðinni, skal leita samþykkis veðhafa til þess að taka af henni kúgildi, án þess að annað, sem jörðinni fylgir, komi í þeirra stað.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 2. gr., 6. gr. og 20. gr. í lögum 12. janúar 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ed. **107. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ábyrgðarfjelög (63).

Frá nefndinni.

Síðasti liður 2. gr. orðist á þessa leið:

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra fjelaga, sem rekið hafa ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 10 ár, þá er lög þessi öðlast gildi.

Ed. **108. Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar í málinu um nöfn manna og ættarnöfn á þskj. 69.

Frá Einari Jónssyni, 2. þm. N.-Múl.

Við 2. br.till.: a. Upphaf 2. gr. orðist þannig:
Hver sá maður, er hlotið hefir 2 fornöfn eða fleiri, er skyldur til, frá því er hann verður 18 ára, að nota sama fornafn, eða sömu fornöfn alla æfi, nema leyfi fái til breytingar.
b. Orðin »og skal hann rita . . . . notar ekki« í fyrstu málsgrein sömu gr. falli burt.
c. Orðið »venjulega« í 2. málsgr. falli burt.

Ed. **109. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 97 (við frumv. til laga um hagstofu Íslands).

Frá Birni Þorlákssyni.

Við 1. lið, síðari málsgrein:
Í stað »Til aðstoðar« komi: Til aðstoðarmanna.

Ed. **110. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um ábyrgðarfjelög á þgskj. 63.

Frá nefndinni.

Við 4. gr. Á eftir orðinu »greinileg« bætist inn í orðin: sem framast er unt, svo

Ed. **111. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu.

Flutningsmaður: H. J. Kristófersson.

1. gr.

Í Karlseyjarvík og í Hagabót í Barðastrandarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar á hvorum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **112. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga samgöngumál á sjó.

Flutningsmenn: Sig. Eggerz, Jón Jónatansson, Sigurður Stefánsson.

Efri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga samgöngumál á sjó og gera tillögur um þau.

Nd. **113. Frumvarp**

til laga um járnbrautarlagning.

Flutningsmenn: Jón Magnússon, Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast að veita samkvæmt fyrirmælum þessara laga einkaleyfi um 75 ár frá dagsetningu leyfisbrjefsins að telja til þess að leggja og reka járnbraut frá Reykjavík austur í Rangárvallarsýslu, að henni meðtaldri, með hliðarálmu niður á Eyrarbakka.

2. gr.

Einkaleyfið má eigi veita öðrum en íslenskum mönnum búsettum á Íslandi eða hlutafjelagi, þar sem meiri hluti fjelagsstjórnarinnar er skipaður slíkum mönnum.

3. gr.

Hver landeigandi er skyldur að láta af hendi land það, sem einkaleyfishafi telur þurfa undir járnbrautina, til járnbrautarstöðva, til húsa við brautina handa eftirlitsmönnum og öðrum starfsmönnum við hana, til kola- og vatnsgeymslu og vatnsleiðslutækja, til talsíma-, ritsíma- og afliþráðatækja meðfram brautinni. Enn fremur er hver landeigandi skyldur til að leyfa, að efni til allra ofangreindra mannvirkja, viðhalds þeirra og breytinga á þeim, sje tekið í landi hans eftir því sem einkaleyfishafi telur þörf á, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, svo og vatn til afnota fyrir brautina og starfsmenn hennar. Bætur fyrir jarðrask og landnám í óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist og álitið verði að landeigandi hafi beðið skaða við það. Bæturnar skal sveitarfjelag það greiða, þar sem landnám fer fram og náist ekki samkomulag um upphæð þeirra, skal ákveða þær með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefir verið boðin en því, sem hann hefir krafist, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum. Nú vill annarhvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því matsgjörð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiði landeigandi, ef hann hefur krafist þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði. Mat skal fara fram á vættvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afraksturs af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja, og athuga vandlega alt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal. Sjerstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má að land hækki í verði við brautargjörðina. Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask eða átroðning, en sje jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 4 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sjerstaklega. Bótanna skal krefjast innan eins árs frá því, er verkið var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur rjetturinn til bótanna niður.

Sje landssjóður landeigandinn, greiðast engar bætur, en land landssjóðs getur einkaleyfishafi ekki tekið nema með samþykki stjórnarráðsins.

4. gr.

Í einkaleyfið skal setja ákvæði um:

a) að lega brautarinnar og gerð hennar og alls sem henni tilheyrir liggi undir samþykki stjórnarráðsins,
b) að einkaleyfishafi skuli leggja fyrir stjórnarráðið fullkomnar áætlanir um járnbrautarlagninguna ásamt sönnunargögnum, er stjórnarráðið taki gild, fyrir því að nægilegt fje verði útvegað til stofnkostnaðar við lagning járnbrautarinnar að minsta kosti milli Reykjavíkur og Þjórsár,
c) að hámark fargjalda og flutningsgjalda á járnbrautinni skuli ákveðið fyrir þrjú ár í senn af 5 manna nefnd óvilhallra manna, en þrír þeirra

skuli útnefndir af landsyfirdóminum, einn af stjórnarráðinu og einn af einkaleyfishafa,

d) að einkaleyfishafi hlýti ákvæðum stjórnarráðsins um ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að fyrirbyggja eldsvoða af neistaflugi frá brautinni,

e) að einkaleyfishafi hlýti ákvörðunum stjórnarráðsins um notkun innlends vinnulýðs við bygging og rekstur brautarinnar,

f) að rekstur brautarinnar frá Reykjavik og að minsta kosti austur að Þjórsá skuli byrja innan fimm ára frá dagsetning einkaleyfisins,

g) að landssjóði sje áskilinn rjettur til þess, þegar 10 — tíu — ár eru liðin frá því, að rekstur járnbrautarinnar byrjaði á öllu svæðinu frá Reykjavik austur að Þjórsá, að taka við járnbrautinni með öllu, sem henni fylgir og tilheyrir, ásamt skuldbindingum þeim, er á henni hvíla, gegn því að greiða upphæð, sem samsvarar fje því, er sannanlega hefir verið varið til byggingar og útvegunar á brautinni með öllu tilheyrandi,

h) að tryggja stjórnarráðinu, að það geti aflað sjer nákvæmra upplýsinga um stofnkostnað járnbrautarinnar og hagnaðinn af rekstri hennar,

i) hvernig skuli skorið úr ágreiningi um útreikning nettóhagnaðar af rekstri járnbrautarinnar,

j) að ferðaáætlun brautarlestanna hvert ár liggi undir samþykki stjórnarráðsins.

5. gr.

Í einkaleyfið er heimilt að setja ákvæði um:

a) að landssvæði þau, sem notuð verða til járnbrautarinnar og bygginga þeirra, sem henni tilheyra, svo og slíkar byggingar sjálfar, skuli vera lausar við alla skatta og opinber gjöld, og að hið sama skuli gilda um fjelag það, sem hefir einkaleyfið á hendi,

b) að eigi þurfi að greiða neinskonar aðflutningsgjald af efni til byggingar járnbrautarinnar og þeirra bygginga og annara mannvirkja, sem henni tilheyra, nje heldur af kolum þeim, olíu og öðrum efnum, sem þurfa við rekstur brautarinnar, svo og að einkaleyfishafa verði endurgreitt úr landssjóði aðflutningsgjald það, sem greitt hefir verið af slíkum vörum, er nú var getið og hann kaupir innanlands,

c) að landssjóður ábyrgist einkaleyfishafa, að hann með rekstri járnbrautarinnar fái borgaða, auk alls reksturs- og viðhaldskostnaðar, alt að 5 — fimm — af hundraði í ársvexti af fje því, sem varið hefir verið til járnbrautarinnar og þess, sem henni tilheyrir, enda fari byggingarkostnaðurinn eigi fram úr upphæð, sem stjórnarráðið ákveður í einkaleyfisbrjefinu fyrir hvern kílómeter brautarlengdarinnar. Verði heimild þessi notuð, skal setja í einkaleyfið nánari ákvæði um það, frá hvaða tíma vaxtatrygging þessi byrji og hvernig henni verði fyrir komið að öðru leyti,

d) að með reksturskostnaði brautarinnar skuli árlega telja alt að $^1/_2$% af stofnkostnaði brautarinnar, sem leggist í vara- og endurnýjunarsjóð, og megi ekki verja honum til annars en aukningar og endurnýjunar á brautinni eftir ákvörðun stjórnarráðssins. Ef landssjóður innleysir brautina samkv.

4. gr. g, eignast hann sjóðinn og það, sem fyrir hann hefir verið keypt, án sjerstaks endurgjalds,

e) að einkaleyfishafi skuli hafa forgangsrjett fyrir öðrum, að öðru jöfnu, til þess að leggja aðrar járnbrautir í sambandi við járnbraut þá, er hjer ræðir um, í framhaldi af henni eða til hliðar við hana, en vilji einkaleyfishafi eigi neyta forgangsrjettar síns, skuli hann skyldur að hlíta fyrirmælum stjórnarráðs Íslands um samband milli brauta hans og hinna nýju brauta, nema landssjóður vilji sjálfur leggja hinar nýju brautir, því þá hefir einkaleyfishafi engan forgangsrjett, og skal þá sambandinu milli hinna nýju brauta og brauta einkaleyfishafa hagað eins og fyrirskipað verður af 5 manna nefnd óvilhallra manna, sem sjeu útnefndir á sama hátt og segir í 4. gr. c,

f) að einkaleyfishafi megi nota staura landssímans undir símaleiðslur og afliþráðaleiðslur sínar með þeim skilyrðum, er stjórnarráðið telur við þurfa,

g) að einkaleyfishafi megi selja almenningi afnot tal- og ritsíma síns meðfram brautinni samkvæmt þeim reglum, sem stjórnarráðið setur,

h) að rekstrarafl brautarinnar megi vera gufa eða rafmagn,

i) að eigi þurfi að setja girðingar meðfram brautinni, nema þar sem hún verður lögð í gegnum land, sem afgirt var, og girðing rofnar við brautarlagninguna.

6. gr.

Af verðhækkun þeirri á fasteignum manna, sem járnbraut sú, er einkaleyfishafi byggir, hefir í för með sjer, skal greiða verðhækkunargjald til landssjóðs. Verðhækkunargjald þetta ber að greiða án tillits til eigenda- eða notendaskifta á fasteignum áður eða eftir að lög þessi ganga í gildi. Nánari reglur um verðhækkunargjaldið skulu settar með sjerstökum lögum. Verðhækkunargjaldinu skal fyrst og fremst varið til þess að endurgreiða landssjóði það, sem hann hefir orðið og verður að borga vegna vaxtatryggingarinnar (sbr. 5. gr. c).

Ed.

## 114. Frumvarp

til laga um mannanöfn.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, er hjer fara á eftir, hvert um sig, þá merkingu, er nú skal greina:

*Fornafn* er löglegt eiginheiti hvers manns.

*Föðurnafn* hvers manns er fornafn föður hans haft í eignarfalli að viðbættum *son*, ef karlmaður er, en *dóttir*, ef kvenmaður er.

*Kenningarnafn* er hvert það heiti, er maður hefir í viðbót við fornafn og föðurnafn, en gengur ekki til afkomenda hans.

*Œttarnafn* er hvert það heiti, auk fornafns og föðurnafns, er ganga skal óbreytt mann fram af manni í beinan karllegg.

*Nafnfesti* er leyfisbrjef, sem maður fær frá stjórnarráðinu eftir þessum lögum, til að breyta nafni sínu eða taka upp nýtt nafn.

2. gr.

Hver sá maður, er hlotið hefir 2 fornöfn eða fleiri, er skyldur til, frá því er hann verður 18 ára, að nota sama fornafn eða sömu fornöfn alla æfi, nema leyfi fái til breytingar, og skal hann rita þau fullum stöfum, nema stytting sje heimiluð, sbr. 8. gr., og sleppa að öllu þeim fornöfnum sínum, sem hann notar ekki. Fornafn skal ávalt rita á undan föðurnafni og ættarnafni.

Hver maður skal rita föðurnafn sitt fullum stöfum á eftir fornafni, og alla æfi nota sama nafn föður síns, ef faðirinn hjet fleiri nöfnum.

Nú hefir maður löglegt kenningarnafn eða ættarnafn, og skal þá rita það fullum stöfum á eftir föðurnafni, en þá má skammstafa föðurnafnið eða hafa upphafsstaf þess einan.

Ef maður er skírður nafni, sem er löglegt ættarnafn annarar ættar, þá er honum óheimilt að hafa það fyrir kenningarnafn eða ættarnafn.

3. gr.

Þá er kona giftist, skal hún taka upp ættarnafn manns síns, ef til er, á eftir föðurnafni sínu, ella nota föðurnafn sitt eitt og þá sleppa ættarnafni sinnar ættar, ef nokkurt var.

Nú skilur kona við mann sinn að lögum, og er henni þá frjálst að taka upp aftur ættarnafn sitt, ef til var, en fá verður hún nafnfesti samkvæmt 10. gr. Þessi nafnskifti mega ná til barna hennar, sem hún hefir foreldraráð yfir og yngri eru en 18 ára, og eins þó eldri sjeu, ef þau æskja þess sjálf, þó má hún ekki fá börnunum ættarnafn sitt, nema foreldrar hennar og systkini gefi leyfi til, þau er lifa hjer á landi.

4. gr.

Öllum er heimilt og skylt að nota löglegt ættarnafn föður síns, og tekur það jafnt til óskilgetinna barna sem skilgetinna.

Ef barn er föðurlaust, skal það bera föðurnafn móður sinnar, og ættarnafn, ef til er.

5. gr.

Enginn má breyta fornafni sínu, föðurnafni, kenningarnafni eða ættarnafni, eða taka upp og nota nokkurt nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þessara laga.

6. gr.

Nú vill maður, sem fæddur er á Íslandi og er þar búsettur, taka upp kenningarnafn eða ættarnafn eða breyta eldra ættarnafni, og skal hann þá senda stjórnarráði Íslands beiðni um það, og láta henni fylgja skírnarvottorð sitt eða þau vottorð, er samkvæmt gildandi lögum koma í þess stað. Sje umsækjandi yngri en 18 ára, verður hann að láta beiðninni fylgja samþykki þess foreldranna, er foreldraráð hefir yfir honum.

Hjón geta, meðan hjónabandinu er ekki slitið með lögum, því að eins fengið heimild til nýs ættarnafns, að þau sjeu því bæði samþykk.

Systkini mega í sameiningu sækja um sameiginlegt ættarnafn, og verður þá að fylgja umsókninni skírnarvottorð þeirra, er hið nýja nafn á að ná til.

Eigi umsækjandi börn á lífi, er lögum samkvæmt bera nafn hans, skal nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef þau eru yngri en 18 ára og hann hefir foreldraráð yfir þeim. Sjeu þau eldri en 18 ára, má nafntakan eða nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef umsækjandi hefir haft foreldraráð yfir þeim innan 18 ára aldurs og þau sjálf samþykkja.

Faðir eða móðir geta einnig, ef framangreind skilyrði eru fyrir hendi, fengið heimild til ættarnafnstöku eða ættarnafnsbreytingar fyrir börn sín, þótt þau sjálf breyti ekki ættarnafni sínu. Skal þá nafntakan eða nafnbreytingin ná til þeirra barna allra, sem umsækjandi hefir foreldraráð yfir.

Hafi hjón fengið nýtt ættarnafn upptekið fyrir sameiginleg börn sín, hljóta seinni börn í því hjónahandi sama ættarnafn.

Enginn getur fengið nafni sínu breytt oftar en einu sinni.

7. gr.

Enginn getur fengið heimild til að taka upp og hafa að kenningarnafni eða ættarnafni nein þau nöfn, er nú skal greina:

*a.* Ættarnöfn, sem eru lögleg eða viðurkend eign íslensks manns, ef hlutaðeigandi sjálfur eða fjárhaldsmaður hans hefir með brjefi til stjórnarráðsins fyrir 1. jan. 1915 tilkynt ættarnafnið, og lagt bann við, að það sje notað.

Ættarnafn, sem upp hefir verið tekið fyrir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), telst viðurkend eign þess, er það hefir notað. Upplýsingar um það, hvenær ættarnafn hefir verið tekið upp, skal fylgja tilkynningunni, og getur stjórnarráðið heimtað þær sannanir fyrir upptöku nafnsins, er því finst ástæða til.

*b.* Ættarnöfn, sem eru löglega upptekin eftir 1. jan. 1915.

c. Nöfn, er telja verður óhæf í íslenzku máli, svo sem ættarnöfn, er enda á *son, sen* eða *dóttir,* eða hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er getur um í staflið a. og b., að villum geti valdið.

Stjórnarráðið skal skera úr öllum deilum, er rísa kunna út af fyrirmælum þessarar greinar. Nú vill einhver taka upp nýtt kenningarnafn eða ættarnafn og finst það ekki í þeirri skrá, sem um getur í 8. gr. 1, og skal þá jafnan leita og hlíta úrskurði íslenskukennara Mentaskólans um það, hvort nafnið, sem um er beðið, sje hafandi í málinu.

8. gr.

Skrá um ættarnöfn, er ekki má taka upp samkvæmt 7. gr. staflið a., semur stjórnarráðið og lætur prenta í B-deild Stjórnartíðindanna. Við hver árslok skal prenta viðauka við skrá þessa, og skal þar innfæra þau ættarnöfn, sem leyfi hefir verið veitt til að taka upp á árinu. Nafnaskráin og viðaukarnir skulu vera til sölu hjá bóksala í Reykjavík. Stjórnarráðið ákveður söluverðið.

Ennfremur skal stjórnarráðið láta semja og gefa út:

1. Skrá yfir orð og heiti, sem hæf eru til að hafa að ættarnöfnum.

2. Skrá yfir skammstafanir þær á fornöfnum manna, sem heimilt skal vera að nota.

9. gr.

Ættarnöfn eða kenningarnöfn, sem upp hafa verið tekin án löglegrar heimildar eftir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), má því að eins nota eftirleiðis, að hlutaðeigandi fái heimild til að nota þau, annaðhvort með nafnfesti eða konunglegu leyfisbrjefi.

10. gr.

Sje ekkert nafntökunni eða nafnbreytingunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út nafnfesti, sem umsækjandi fær afhenta gegn gjaldi því, er ákveðið er í 12. gr. Jafnframt sendir stjórnarráðið hlutaðeigandi sóknarpresti eftirrit af nafnfestinni, og skal hann geta nafntökunnar í kirkjubókinni við skírnarnöfn þeirra, er nafntakan eða nafnbreytingin nær til.

11. gr.

Breytingar á nöfnum eða ný nöfn geta menn eftir sem áður fengið með konungsleyfi á þann hátt, er tíðkast hefir.

Prestum er heimilt og skylt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg.

12. gr.

Fyrir hverja nafnfesti, sem út er gefin samkvæmt 10. gr., hvort heldur fyrir einn mann aða heila fjölskyldu, skal greiða 5 kr., er renna í landssjóð.

Fyrir skrásetningu ættarnafna þeirra, sem getið er í upphafi 8. gr. (sbr. 7. gr. a.) skal gjalda 2 kr. fyrir hvert nafn og rennur gjaldið í landssjóð.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er falla í landssjóð. Með mál útaf þeim skal farið sem með almenn lögreglumál.

14. gr.

Heimild stjórnarráðsins til að gefa út nafnfestar um upptöku ættarnafna gengur í gildi 1. jan. 1915. 9. gr. laganna gengur í gildi 1. jan. 1916. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi 1 jan. 1914.

Nd. **115. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld.

Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson og Matthías Ólafsson.

1. gr.

Fyrsta grein orðist þannig:

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, og veidd er í herpinót eða reknet, og söltuð er á landi eða hjer við land.

Auk þess skal öllum gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

2. gr.

Orðin: »og metið« í niðurlagi 2. málsgreinar í 5. grein falli burt.

Aftan við sömu grein bætist:

Undir sjerstökum kringumstæðum má yfirmatsmaður leyfa skoðun á síld, er ekki hefir í fyrstu verið ætluð til útflutnings, og það af henni, er þá kynni að reynast góð vara má senda til útlanda á venjulegan hátt.

3. gr.

Orðin í 8. grein: »útvegsmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir«, falli burt, en í þeirra stað komi: þeim er síldina lætur salta.

4. gr.

10. grein orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 11. júlí 1911 um skoðun á síld, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt, sem lög um skoðun á síld.

Ed. **116. Frumvarp**

til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af sektarfje fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands.

2. gr.

Í sjóð þennan renna $^2/_3$ sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum $^2/_3$ netto andvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Til sjóðsins leggur og landssjóður 5000 krónur á ári, er telst með árstekjum hans.

4. gr.

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður alþingi, hve nær hann tekur til starfa og hve miklu af fje hans skal til þessara varna varið.

5. gr.

Til þess tíma, sem ákveðinn er í 4. gr., má ekki skerða sjóðinn, og skulu allir vextirnir af stofnfje hans leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal hún ávaxta fje hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Nd. **117. Frumvarp**

til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja þjóðjörðina Reyki í Hrútafirði með sömu skilyrðum og aðrar þjóðjarðir.

Ed. **118. Frumvarp**

til laga um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Nöfnum á býlum, afbýlum, grasbýlum eða húsmenskubýlum, utan kaupstaða og kauptúna, er jarðabók telur, má enginn breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

2. gr.

Nú vill eigandi býlis, er jarðabók telur, taka upp nýtt nafn á býlí sínu eða breyta því, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýra frá nafni býlisins og dýrleika, og tilgreina ástæður fyrir nafnbreytingunni, og skal henni fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda. Beiðnina með fylgiskjölum sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir hana til stjórnarráðsins.

3. gr.

Telji stjórnarráðið nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu, fyrir

einhverjar sakir óheppilegt, endursendir það sýslumanni beiðnina, og skal beiðanda þá gefinn kostur á að velja annað nafn á býlinu. Samnefni á býlum í sömu sýslu má eigi leyfa.

Sje nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út nafnfesti. Nafnfestina sendir stjórnarráðið sýslumanni, og ber honum að þinglesa hana á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Nýnefni á býlum, er jarðabók telur, sem upp hafa verið tekin áður en lög þessi öðlast gildi, mega því að eins haldast, að fengið sje leyfi stjórnarráðsins til nafnbreytingarinnar. Beiðni um nafnbreytinguna skal senda stjórnarráðinu innan 12 mánaða frá því lög þessi öðlast gildi, og gilda um þá beiðni þau ákvæði, sem sett eru í 2. og 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Fyrir leyfisbrjefið greiðir beiðandi 25 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning leyfisbrjefsins greiðir beiðandi sýslumanni 2 kr. auk hins lögákveðna þinglestrargjalds. Sje býlisnafnið eldra en lög þessi, skal þó ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið, nema skrásetningargjaldið til sýslumanns og þinglestrargjaldið.

6. gr.

Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefir í jarðabókinni, og skal hann þá afhenda sýslumanni til þinglesturs yfirlýsingu sína um nafn býlisins. Í yfirlýsingu þessari skal skýrt frá, á hvaða landeign og hvaða ár það er bygt, landstærð þess, ummerkjum og dýrleika. Yfirlýsingunni skal fylgja afsalsbrjef fyrir eigninni eða önnur skilríki fyrir eignarrjetti umsækjanda.

Ekki má taka upp nafn, sem samnefnt er öðru býli í sömu sýslu.

Þinglesnu nafni á býli má ekki breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er renna í landssjóð. Skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa eftirlit með að lögum þessum sje hlýtt.

8. gr.

Mál útaf lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Ed. **119. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um hagstofu Íslands, á þgskj. 90.

Frá nefndinni.

Við 5. gr. 1. málsgr. orðist þannig:

Hagstofunni stýrir embættismaður, skipaður af konungi og heitir hagstofustjóri; hafa þeir einir vanalega rjett til þess embættis, sem staðist hafa háskólapróf í stjórnfræði.

Ed. **120. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 107 við frumv. til laga um ábyrgðarfjelög á þskj. 63.

Frá nefndinni.

Aftan við tillöguna bætist: þó þannig, að öllum slíkum fjelögum er skylt að hafa varnarþing hjer á landi.

Nd. **121. Nefndarálit**

um hvað gera megi til að efla Landsbankann. (Sbr. till. til þingsál. á þskj. 40).

Nefnd sú, sem kosinn var til að íhuga, á hvern hátt haganlegast mundi að efla hag Landsbankans, og að koma fram með tillögur þar að lútandi m. m., hefir nú íhugað það mál á nokkrum fundum, að því er Landsbankann sjálfan snertir.

Það er einróma álit nefndarinnar, að nauðsyn beri til að auka veltufje bankans, og að ljetta af honum þeim kvöðum, sem þingið, án ofmikilla erfiðleika, getur af honum ljett. Veltufje Landsbankans er, eins og kunnugt er, að eins 750 þús. krónur í seðlum, greiðir Landsbankinn skatta af þeim, 1% í landssjóð og 1% í Byggingarsjóð. Auk þess verður hann að greiða kostnað, fullan $^1/_4$% á ári fyrir flutning seðlanna milli Danmerkur og Íslands. Loks verður bankinn samkvæmt gildandi lögum og reglugjörðum að hafa framt að því tvöfalda þessa veltufjárupphæð standandi í verðbrjefum — þar á meðal stóra fúlgu í ríkisskuldabrjefum, sem gefa ekki af sjer nema $3^1/_2$% — sumpart sem veð fyrir veðdeildunum, og sumpart til tryggingar sparisjóði bankans.

Með veltufje má ennfremur teljast *nú sem stendur* 2 miljóna króna lán það, sem bankanum var heimilað að taka samkvæmt lögum nr. 82. 22. nóvember 1907; var lán þetta tekið árin 1909—1911 með þeim kjörum, að af því skyldi greiða $4^1/_2$% vexti, lánið skyldi vera afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en

greiðast svo með jöfnum afborgunum á 20 árum, eða 100 þúsund krónur á ári. Fyrstu afborgunina á að greiða 1. júlí 1914.

Annað veltufje hefir bankinn ekki, nema sparisjóðsfje, sem telja má alls óábyggilegt veltufje, eins og hjer hagar til. Allir munu kannast við, að atvinnuvegum vorum getur farið fram, og fer fram. Það lítur jafnvel út fyrir, að þeir nái hröðum þroska, ef eigi kemur kyrkingur í vöxt þeirra, vegna fjárskorts bankanna.

En eigi virðist verða hjá því komist, að menn alment komist í mestu fjárkreppu, ef Landsbankinn verður nú að fara að *draga saman* lán, í staðinn fyrir að auka þau, eftir því sem atvinnufyrirtækjum fjölgar og atvinnuvegir þroskast.

Full bót yrði því eigi ráðin á fjárþörf almennings og bankans, nema með því móti, að afhenda bankanum nú þegar allmikið veltufje, og sem þá yrði að gerast með því, að landið tæki stór-lán til þess.

En vegna þess, hvað peningar eru nú dýrt leigðir í heiminum, og að ekki er útlit fyrir, að vextir lækki að mun í náinni framtíð, og ennfremur að gjöra mundi þurfa talsverða breytingu á skattalöggjöf landsins, ef tekið yrði nægilega stórt lán handa Landsbankanum, þá sjer nefndin sjer eigi fært eins og nú stendur, að ráða til þess, að landið taki nú slíkt lán til eflingar Landsbankanum, en hyggur, að til bráðabirgða megi hlynna að honum með því, að láta landssjóð taka að sjer ábyrgðina á sparisjóði bankans og útbúa hans, svo bankinn eigi þurfi stöðugt að hafa fje standandi í verðbrjefum til tryggingar sparisjóðnum, eins og hann nú verður að hafa, og sem um síðasta nýjár nam 566,200 krónum, en ef sparisjóður útbúanna hefði verið talinn með, mundi upphæð þessi hafa numið 672,700 krónum.

Nefndin leyfir sjer því að koma fram með frumvarp þess efnis, að landið taki að sjer ábyrgðina á sparisjóði bankans og útbúa hans. Þetta virðist landið geta gert sjer að meinfangalitlu.

Að vísu er nefndinni það ljóst, að bankinn eigi geti nú sem stendur selt þau verðbrjef, sem með þessu móti losnuðu úr böndum, en styrkur ætti bankanum þó að vera að því, að hafa þau handbær, til þess að setja sem tryggingu fyrir skyndilánum, sem tekin væru á meðan á sumar-viðskiftunum stendur. Og árlega dregst þó eitthvað inn af bankavaxtabrjefum þeim, sem þannig leysast úr veðböndum.

Þegar landið hefir þannig tekið ábyrgðina að sjer á sparisjóði bankans, virðist sjálfsagt, að bankinn megi hafa varasjóð sinn í veltu, enda mun hann vera hafður í veltu í flestum eða öllum bönkum.

En með þessu frumvarpi er þó engan veginn fyrir það girt, að bankinn verði að draga saman lán sín að miklum mun, ef hann verður árlega að skila aftur 100 þúsund krónum í 20 ár af því starfsfje, sem nú er í veltu hans; virðist nefndinni því óhjákvæmilegt að ljetta þessari greiðslu af bankanum með því að láta landssjóð leggja bankanum til 100 þúsund krónur á ári í 20 ár.

Með því móti safnaðist bankanum 2. miljóna króna eigið veltufje á 20 árum, auk seðlanna, $^3/_4$ miljón.

Og þar sem fje þetta yrði safnfje, *en ekki eyðslufje,* og sem yrði áfram eign landsins, þó það flyttist úr landssjóði í Landsbankann, ætlað til þess að

tryggja landsmönnum meiri arð af atvinnuvegunum og til þess að firra þá vandræðum, þá teljum vjer ekki líklegt að landsmenn teldu á sig að leggja bankanum til, svona smámsaman, þetta bráðnauðsynlega veltufje.

Nefndin leyfir sjer því að koma fram með frumvarp um það, að landið greiði Landsbankanum 100 þúsund krónur á ári í 20 ár til greiðslu á þessu 2 miljóna króna láni hans, en að hann haldi þó áfram að greiða vextina af láninu á meðan það stendur.

Þessar umbætur á hag bankans virðist mega gera án þess að landið taki nýtt lán; byggir nefndin það álit sitt á því, að bæði virðist fjárhagur landsins vera í góðu lagi eins og stendur, og svo má búast við að tekjur landsins vaxi óðum, enda sjest það af fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, og að allar líkur eru til, að vörutollurinn verði að miklum mun hærri en áætlað er í fjárlagafrumvarpinu.

Og til þess að koma á þessum bráðnauðsynlegu umbótum á hag Landsbankans, virðist nefndinni ekki frágangssök að fela stjórninni að taka smálán til næsta þings, ef með þyrfti og fjárlögin í þinglok gæfu tilefni til þess.

Að því er síðari liðinn í þingsályktuninni á þingskjali nr. 40 snertir, þar sem nefndinni er falið að íhuga fyrirkomulag veðdeilda Landsbankans o. s. frv., þá mun nefndin síðar koma fram með tillögur sínar um, hvað gera megi til þess að greiða fyrir veðdeildarlánum.

Neðri deild Alþingis, 19. júlí 1913.

| | |
|---|---|
| Jón Ólafsson, (formaður). | Björn Kristjánsson, (skrifari og framsögumaður). |

Ólafur Briem. M. J. Kristjánsson. Valtýr Guðmundsson.

Nd. **122. Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 5. gr.

1. Við A. b. 5. fyrir töluna »5« komi: 6.
2. Á eftir liðnum komi nýr liður:
   7. Til Ásólfsstaðakirkju, eftirgjöf á viðlagasjóðsláni . . . . kr. 803,56 að því tilskildu, að söfnuðurinn taki kirkjuna að sjer.

Nd. **123. Frumvarp**

til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

Frá nefndinni í Landsbankamálinu.

Landssjóður leggur Landsbankanum til árlega næstu 20 ár 100 þúsund krónur til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóvember 1907.

Landsbankinn heldur áfram að greiða vextina uns lánið er greitt að fullu.

Nd. **124. Frumvarp**

til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfje og innlánsfje Landsbankans og útbúa hans og um meðferð á varasjóð bankans.

Frá nefndinni í Landsbankamálinu.

1. gr.

Frá þeim degi, er lög þessi koma í gildi, tekur landssjóður að sjer að öllu leyti ábyrgð á sparisjóðsfje og innlánsfje Landsbankans og útbúa hans.

2. gr.

Frá sama tíma, er lög þessi öðlast gildi, má Landsbankinn hafa allan varasjóð sinn í veltu.

Nd. **125. Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Kristni Daníelssyni.

Á eftir 2. gr. komi:

Við B, 6. Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum í Garðssjó innan landhelgi gegn jafnmiklu annarstaðar frá . . . . . kr. 500,00.

Ed. **126. Frumvarp.**

til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr. 15.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

15. liður í 1. gr. tolllaganna frá 11. júlí 1911 orðist svo:

15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum og öðrum sætindatilbúningi, sem notaður er á sama hátt og brjóstsykur og konfekt, þar með taldir sykraðir ávextir (kandiseraðir ávextir) ..... 80 aura af hverju kílógr.

Ed. **127. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 10 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eður önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er út til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **128. Frumvarp**

til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertíð hverja alt að tveggja króna gjald af hverjum hlut á opn-

um skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu.

6. gr.

Gjald það, er ræðir um í 5. gr., greiðist af óskiftum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþyktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885.

Ed. **129. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju.

2. gr.

Kennarafjelagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri, styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Nd. **130. Frumvarp**

til laga um ábyrgðarfjelög.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk lífsábyrgðarstofnunar ríkisins, hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku og ábyrgðarfjelaga, sem stofnuð eru samkvæmt sjerstökum lögum, mega ekki aðrir reka hjer á landi ábyrgðarstarfsemi en hlutafjelög, innlend eða útlend, eða fjelög með gagnkvæmri ábyrgð, er fullnægja skilyrðum þeim, sem hjer fara á eftir. Það er ábyrgðarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, að taka að sjer gegn iðgjöldum lífsábyrgðir og vátryggingar,

hverju nafni sem nefnast. Starfsemin telst því aðeins rekin hjer á landi, að framboðin sjeu á einhvern hátt af ábyrgðarfjelags hálfu viðskifti innanlands, en ekki þó hjerlendir menn leiti til ábyrgðarfjelaga í öðrum löndum, sem ekki hafa erindsreka hjer í landi, og fái ábyrgðir hjá þeim.

2. gr.

Nú vill útlent ábyrgðarfjelag reka starfsemi hjer á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, búsettan hjer, þann er stjórnarráðið löggildir. Áður en slík löggilding er gefin skal fjelagið setja þá trygging fyrir greiðslu ábyrgða, sem stjórnarráðinu þykir nægja, og á þann hátt, er það telur tryggilegt, og afhenda stjórnarráðinu yfirlýsing um, að fjelagið hafi varnarþing hjer á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður er búsettur, í öllum þeim málum, sem rísa kunna út af ábyrgðum, sem fjelagið tekst á hendur gagnvart hjer búsettum mönnum, eða stofnunum hjer á landi. Þetta skal sjerstaklega tekið fram í ábyrgðarskírteinunum.

Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður með samþykki stjórnarráðsins sett út um landið, þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist fyrir hönd fjelags síns allar gjörðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi fjelagsins hjer á landi.

3. gr.

Ef hjerlendir menn vilja stofna fjelag til þess að reka starfsemi þá, sem um ræðir í 1. gr., enda sje fjelagið eigi stofnað samkvæmt sjerstökum lögum, skulu sjerlög fjelagsins því að eins gild, að stjórnarráðið samþykki þau. Til þess að slíkt samþykki verði gefið, skal þar meðal annars ákveðið:

a ð stjórn fjelagsins, eða meiri hluti hennar, skuli vera búsett hjer á landi,

a ð fjelagið hafi varnarþing hjer, og

a ð því sje skylt að endurtryggja, að minsta kosti að helmingi, skuldbindingar sínar í erlendum fjelögum, er stjórnarráðið tekur gild og álítur fjárhagslega trygg, þangað til fjelagið hefir komið sjer upp varasjóði, er stjórnarráðið telur standa í hæfilegu hlutfalli við skuldbindingar þær, er fjelagið tekst á hendur. Auk þess skal sannað, að fjelagið hafi svo mikið tryggingarfje auk endurtrygginga, sem nægja þykir, og lög fjelagsins mæla fyrir um.

4. gr.

Öll ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skulu háð eftirliti stjórnarráðsins um það, að ekki sjeu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma í bága við gildandi lög, svo og að öll ákvæði í ábyrgðarskírteinunum sjeu svo ítarleg, skýr og greinileg sem framast er unt, svo að ekki geti neinn efi leikið á skyldum og rjettindum hlutaðeigandi ábyrgðarfjelags gagnvart viðskiftamönnum þess.

5. gr.

Verði ábyrgðarfjelag, er starfar hjer í landi samkvæmt 2. eða 3. gr., uppvíst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, eða ef það sannast, að það hafi eigi ætíð fyrirliggjandi tryggingarfje það, sem áskilið er, hefir fjelagið fyrirgert rjetti sínum til þess að taka

að sjer nýjar ábyrgðir hjer á landi, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins í hvert skifti.

6. gr.

Sjerhverju ábyrgðarfjelagi, er starfar hjer á landi, er skylt að senda stjórnarráðinu á ári hverju fyrir aprílok skýrslu um starfsemi fjelagsins undanfarið ár í því formi, sem stjórnarráðið ákveður, sbr. lög nr. 20, 3. okt. 1903.

7. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 500—5000 krónum, sem renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Nd. **131. Þingsályktun**

um skoðun vitastæðis á Straumnesi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Samþ. í Nd. 21. júlí).

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að láta, svo fljótt, sem unnt er, skoða vitastæði á Straumnesi í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og gera áætlun um kostnaðinn við vitabyggingu þar.

Nd. **132. Skipulagsskrá**

**fyrir minningarsjóð Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum.**

INNGANGUR.

Við undirritaðir, sem á sínum tíma gengumst fyrir að safna samskotum til minnisvarða yfir Jón sál. Sigurðsson frá Gautlöndum, er andaðist 26. júní 1889, vörðum fje því, er þannig kom inn til okkar viðsvegar að, til að láta reisa minnisvarða úr steini með ígreiftri marmaraplötu á leiði hans. En afganginn af samskotafjenu settum við þegar á vöxtu, og mun það verða á næsta ári með gjöfum, er síðar hafa bætst við, um 1500 kr.

Allmargir gefendanna tóku það fram, að þeir óskuðu, að samskotafjeð gengi eigi einungis til minningar Jóns sál., þar sem hann hvílir, heldur einnig til

minningar um hann í Reykjavík eða við Alþingi, þar sem hann hefði starfað mest að því að verða þjóðkunnur.

Í anda þessara gefenda, sem við erum fyllilega samdóma, gjörum við eftirfarandi

## SKIPULAGSSKRÁ.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita:
Minningarsjóður Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og vera innborgaður í hann fyrir 26. júním. 1914.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Forseti neðri deildar alþingis og 2 menn, er neðri deild kýs til 6 ára í senn.

4. gr.

Sex tíundu hlutum af vöxtum sjóðsins skal varið til verðlauna fyrir hinar bestu ritgerðir um búnaðarmál, samvinnumál, stjórnmál eða framfarir Íslands, sem fram koma í tímaritum eða beint til stjórnarnefndarinnar, og dæmi hún um það, hvaða ritgerðir eru verðlauna hæfar. Við verðlaunaveitinguna skulu menn af bændastjett sitja fyrir.

5. gr.

Verðlaun skulu veitt þá er stjórnarnefnd þykir ástæða til, þó eigi sjaldnar en tvisvar á hverjum 10 árum, og á því tímabili skal alls veita til verðlauna $^{6}/_{10}$ hluta vaxtanna, sem fallið hafa á þessum 10 árum. Hinir $^{4}/_{10}$ hlutar vaxtanna leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Þegar stundir líða — þó eigi innan næstu 50 ára — má neðri deild Alþingis breyta til um verðlaunaveitingar úr sjóðnum, eftir því sem kröfur tímans þá kunna að heimta. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn og eigi ganga nær vöxtunum á næstu 100 árum, en að $^{1}/_{10}$ þeirra leggist árlega við höfuðstólinn.

7. gr,

Reikningar sjóðsins skulu samdir fyrir 2 ár í senn, og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna. Skulu þar nafngreindir þeir menn, sem fengið hafa verðlaun úr sjóðnum og fyrir hvað þau verðlaun hafa veitt verið.

Leita skal konungsstaðfestingar á Skipulagsskrá þessari.

Gjört að Skútustöðum 8. maím. 1913.

Árni Jónsson. Steinþór Björnsson.

Ed.

## 133. Frumvarp

til laga um vatnsveitingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Vötn öll, stór og smá, skulu svo renna sem að fornu hafa runnið, og má ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, sem breytingin snertir hagsmunalega, eða heimild sje gefin til þess í lögum þessum.

Nú breyta vötn farvegi sínum, og er þá hverjum heimilt, sem fyrir skaða verður, að veita þeim í sinn forna farveg, og hefir hann jafnframt rjett til að nota til þess efni úr annars manns landi, ef nauðsyn krefur, gegn endurgjaldi. Þegar um mikið mannvirki er að ræða, skal um það leita álits verkfróðs manns, sem landsstjórnin hefir tekið gildan eða sett til þess, og skal farið að hans ráðum um framkvæmd verksins. Borgun til hans telst til kostnaðar við verkið.

2. gr.

Við áveitu og framræslu skal vatni veita svo á land eða af landi, að öðrum sje ekki mein að.

Nú telur einhver sjer mein af áveitu eða framræslu annars og samkomulag verður ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt úttektarmenn til skoðunar- og matsgerðar á þessu. Telji úttektarmenn gjörðarbeiðanda að vísu skaða af áveitunni eða framræslunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en úttektarmenn skulu þá meta fullar bætur fyrir, enda verði henni ekki breytt nema með meiri kostnaði en skaði gjörðarbeiðanda telst.

Ef úttektarmenn meta gjörðarbeiðanda ekki meiri bætur en honum hafa verið boðnar, greiði hann matskostnað, en að öðrum kosti sá, er áveituna eða framræsluna hefir gjört.

3. gr.

Sá, sem veita vill vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars eða þarf að leiða vatnið yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt úttektarmenn til gjörðar um málið. Áliti úttektarmenn hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt í gegnum það, skal það heimilt gegn hæfilegu endurgjaldi. Telji þeir landeiganda baga að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef úttektarmenn telja skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstökunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið annarsstaðar eða leitt með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn gjöri. Gjörðarbeiðandi greiði matskostnað.

4. gr.

Ekki má öðruvísi en eftir samkomulagi gerstífla ár, læki eða aðra vatnsfarvegi, og halda þannig vatni fyrir öðrum.

5. gr.

Nú fellur vatn milli tveggja jarða, og eiga þá hvor um sig, þeir er land eiga að, rjett á að nota vatnið að helmingi. Ef vatnið er svo lítið, að ekki nægi, þá skal með úrskurði úttektarmanna ákveða skifti og notkun vatnsins. Borgun til úttektarmanna greiði hvor um sig að helmingi.

Ef fleiri jarðir liggja að á, læk eða öðru vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag næst ekki um, hvernig nota skuli, má útkljá það með löggiltri samþykt samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land eða lönd, sem ekki er skift til eignar svo sannanlegt sje, og geta þá þeir, er landið eiga, krafist þess, að úttektarmenn skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við jarðarmagn og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu. Rjett til að heimta yfirmat eða yfirúrskurð um skiftin hefir hver jarðeigenda og ábúenda, og auk þess hver veðhafi í landi því, er skift var, um eitt ár frá skiftadegi. Kostnaðinn við skiftin greiða jarðeigendur að tiltölu við jarðarmagn svo og kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð, ef breyting verður gerð á skiftum, ella greiðir gerðarbeiðandi þann kostnað.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns til áveitu, um viðhald skurða og annara vatnsfarvega, um vörn gegn skemdum af vatnságangi og um samáveitu.

8. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt um samáveitu eða framræslu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metinn er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber honum 4 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað að auki, eftir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

9. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 8. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefur

gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefur ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

10. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

11. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþyktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

12. gr.

Ákveða má í samþykt 1—200 kr. sektir fyrir brot gegn henni, og þá jafnframt tiltaka, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sje krafist. Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar, en náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

14. gr.

Þegar gerðar eru mælingar til undirbúnings samáveitu, er þeim, sem það gera, heimilt að fara að ósekju yfir lönd manna hvar sem er, hvort heldur gangandi eða með hesta, en varast skulu mælingamenn óþarfa troðning á túnum eða engjum. Merki þau og vörður, er mælingamenn þessir setja, skulu teljast til hluta þeirra, er friðaðir eru samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

15. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli jarðanna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver jörð liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar jarðir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna.

16. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi úttektarmanna er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til úttektarmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Nú er samþykt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landsdrottinn um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landsdrottinn leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og ennfremur eftirgjaldsauka eftir samkomulagi eða eftir mati úttektarmanna, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landsdrottinn ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna, og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar tólfföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

18. gr.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkvæmt 17. gr., getur stjórn samáveitunnar krafizt þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa áveitufjelaginu. Snýr stjórnarnefndin sjer í því efni til hjeraðsdómarans, sem dómkveður 3 óvilhalla menn utansveitar og utan áveitusvæðisins til að meta jörðina til eignarnáms. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna. Nú er landeigandi eða áveitufjelagsstjórnin óánægð með matsverðið, og má þá hvor um sig skjóta gerðinni til yfirmatsnefndar þeirrar, sem greinir um í 20. gr. Matsnefndirnar skulu láta birta landeiganda og áveitustjórn matsgerðir á sama hátt og dómar eru birtir; kostnaður við það telst til matskostnaðar. Áfrýjunarfrestur eru 3 mánuðir frá birting. Áður en 5 mánuðir eru liðnir frá birting matsgerðar, enda sje undirmatsgerð ekki áfrýjað, skal stjórn áveitufjelagsins krefjast, að eignarnámið fari fram og leggja fram matsverðið. Áveitufjelaginu eða þeim, er síðar eignast jörðina, er skylt að leggja fram áveitukostnaðinn og öðlast þá þann rjett gagnvart leiguliða, sem segir í 17. gr.

19. gr.

Þar sem ákveðið er í lögum þessum, að úttektarmenn skuli skoða, meta, skera úr o. s. frv., skulu það gjöra úttektarmenn í því umdæmi, þar sem það liggur, sem meta á, skoða eða skera úr um. Nú liggur það í tveim úttektarmannaumdæmum eða fleiri, en í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá sýslumaður tilnefna tvo af úttektarmönnum umdæmanna til gerðarinnar. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Úttektarmenn tilnefna oddamann, áður mat byrjar, sem sker úr, ef þá greinir á. Nú er svæði það, sem gerðina varðar, í tveim lögsagnarumdæmum eða fleiri, og heyrir þá tilnefning gerðarmanna, sú, sem á undan greinir, undir hjeraðsdómarann í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðarbeiðandi býr, ef hann býr á svæðinu, eða, ef hann býr utan þess, þar er sú fasteign liggur, sem hann beiðist gerðar vegna. Má dómarinn í þessu tilfelli útnefna menn úr hverju umdæmanna sem er.

Fyrir skoðunar- og matsgerðir o. s. frv. eftir lögum þessum fá úttektarmenn sömu borgun og þeim ber að lögum fyrir áþekk störf, og greiðist hún af gerðarbeiðanda, ef ekki er öðru vísi kveðið á í lögum þessum.

20. gr.

Öllum matsgerðum og úrskurðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, má hver sá, sem málið varðar, skjóta til yfirmats eða yfirúrskurðar dómara þess, sem útnefning úttektarmanna samkvæmt 19. gr. ber undir, og 4 manna annara, óvilhallra, sem hann kveður til þess fyrir rjetti og mega þeir vera úr öðrum lögsagnarumdæmum, ef dómaranum þykir ástæða til þess. Dómarinn er formaður yfirmatsmanna og stýrir matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð, ella skal ákveðið í yfirmatinu eða yfirúrskurðinum, hverir greiða skuli, sbr. þó 6. gr.

21. gr.

Skaðabætur þær, sem úttektarmenn eða yfirmatsnefnd meta samkvæmt lögum þessum, mega vera annaðhvort fjegjald í eitt skifti eða árlegt fjegjald, eftir því hvernig skaða þeim er varið, sem bæta skal.

Nú kemur í ljós, er frá líður, meiri skaði en fyrirsjáanlegur var, þá mat fór fram, og er þá heimilt að láta meta upp aftur, og fer það mat fram á sama hátt og frummatið.

Fjegjöld samkvæmt matsgjörðum og kostnað við matsgjörðir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki.

22. gr.

Úttektarmenn, matsmenn eftir 18. gr., og yfirmatsnefnd skulu gefa málsaðilum kost á að vera við mats- og skoðunargerðir þær, er þeir framkvæma eptir lögum þessum; skulu þeir því í tæka tíð tilkynna þeim hvenær

matsstörfin eða skoðunargjörð byrja og er störfum lýkur í hvert sinn, hvenær þau verði tekin fyrir aftur. Aðilum skal gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu aðilar viðstaddir, er matsmenn ræða málið sín í milli til undirbúnings álits síns eða þegar álitið er samið.

23. gr.

Brot gegn 3. og 4. gr. laga þessara varða sektum 10—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir þessar renna í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþyktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir ákvæðum framanskráðra laga.

Nd. **134. Frumvarp**

til laga um hagstofu Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Það skal falið sjerstakri stofnun að safna skýrslum um landshagi Íslands, vinna úr þeim og koma þeim fyrir almennings sjónir. Stofnunin nefnist hagstofa Íslands, og stendur beinlínis undir ráðherranum.

2. gr.

Þessi eru meginatriði landshagsins, sem hagstofunni ber einkanlega að rannsaka:

1. Fólksmagn: a, manntöl; b, fæðingar; c, hjónabönd; d, heilsufar; e, manndauði: f, fólksflutningar.
2. Dómsmál, þar með talin einkamál, sáttanefndarmál, sakamál og lögreglumál.
3. Atvinnuvegir: a, landbúnaður; b, iðnaður; c, fiskiveiðar; d, siglingar og verslun; e, bankar, sparisjóðir og aðrar allsherjar lánsstofnanir.
4. Efnahagur landsmanna: a, tekjur af eign og atvinnu; b, virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim; c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim eignum; d, verðmæti skipa og báta og veðskuldir er á hvíla.
5. Stjórnmál: a, notkun kosningarjettar; b, starfsmenn þjóðfjelagsins.
6. Fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitarfjelaga.

7. Þjóðareignir til almenningsnytja: a, vegir og brýr; b, ritsímar og talsímar; c, póstflutningar.
8. Fræðslumál: a, barnafræðsla; b, unglingaskólar og aðrir alþýðuskólar.
9. Tryggingarstarfsemi: a, líftrygging; b, heilsutrygging; c, eignatrygging.

Auk skýrslna um framangreind atriði vinnur hagstofan að skýrslum, er hjer eftir kunna að verða lögboðnar eða fyrirskipaðar af landsstjórninni, eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

3. gr.

Hagstofan á að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað.

Landshagsskýrslur skulu koma út svo fljótt sem unt er, jafnóðum og þær eru tilbúnar frá hendi hagstofunnar.

Árlega skal gefa út stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs, með þýðingum á eitthvert hinna þriggja aðal-mentamála.

4. gr.

Öll þau störf viðvíkjandi söfnun og móttöku landshagsskýrslna, sem samkvæmt gildandi lögum, reglugjörðum o. fl. nú hvíla á stjórnarráði Íslands, hefir hagstofan á hendi eftirleiðis.

Heimilt er hagstofunni að fyrirskipa, að skýrslur, sem hingað til hafa verið sendar frá hreppstjórnarvöldum eða einstökum mönnum til sýslumanns, sjeu sendar beint til hagstofunnar, og getur hún endursent til leiðrjettingar skýrslur, er henni þykja ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um vanrækslu í því, að inna af hendi lögmælt skýrsluskil.

5. gr.

Hagstofunni stýrir maður, skipaður af ráðherra, og nefnist hagstofustjóri. Vanalega hafa þeir einir rjett til þessa starfs, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði.

Hagstofustjóri hefir í laun 3000 kr. Til aðstoðarmanna má verja alt að 2500 kr.

6. gr.

Til stofnsetningar hagstofunnar veitast alt að 3000 kr. af landssjóði.

Laun starfsmanna og árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar, svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögunum fyrir hvert ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

Ed. **135. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vatnsveitingar.

Frá nefndinni.

Við 7. gr.

1. Fyrir orðið »áveitu« komi: samáveitu
2. Á eftir orðinu »vatnsfarvega« bætist inn: og
3. Orðin: »og um samáveitu« í enda greinarinnar falli burtu.

Ed. **136. Frumvarp**

til laga um veiðiskatt.

Flutningsmenn: G. Björnsson. Þórarinn Jónsson.

1. gr.

Hver sem vill fást við fuglaveiðar, skal vera skyldur að sanna veiðiheimild sína fyrir lögreglustjóra og kaupa veiðimerki og hafa það á sjer í hvert sinn, er hann fer til veiða, og sýna hverjum þeim, er þess krefst, til sönnunar á heimild sinni.

2. gr.

Hver maður á rjett á að fá veiðimerki hjá lögreglustjóra, ef hann færir gilda sönnun fyrir veiðiheimild sinni.

Á veiðimerki skal standa fult nafn heimildarhafa, tilgreint hvar fuglaveiðin er honum heimil og nefndur heimildartíminn.

3. gr.

Lögreglustjórar skulu halda skrá yfir alla þá, er fá hjá þeim veiðimerki, og gera aðvart um hvert nýtt veiðimerki sveitarstjórn þeirri, er veiðigjald á að heimta, sbr. 8. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um skrásetningu fuglaveiðimanna og lætur gera eyðuspjöld undir veiðimerkin; skulu þau spjöld vera fyrirferðarlítil og haldgóð.

4. gr.

Um veiðirjett jarðeigenda og landseta í heimalöndum skulu haldast öll ákvæði í tilskipun um veiði á Íslandi 1849.

5. gr.

Ef land er almenningseign, má enginn veiða þar fugla, nema rjettir umráðamenn landsins veiti heimild til.

6. gr.

Nú vill maður stunda fuglaveiði á sjó fyrir utan veiðihelgi landeigenda, og skal hann sækja um þá veiðiheimild til sveitarstjórnar í þeirri sveit, þar sem hann á lögheimili.

7. gr.

Fyrir hvert veiðimerki skal greiða lögreglustjóra 1 kr., og fær hann helming gjaldsins fyrir skrásetningu, en helmingur rennur í landssjóð.

8. gr.

Hver sá, er veiðimerki hefir fengið, skal greiða veiðiskatt fyrir hvert ár eða árshluta meðan heimildin helst; skal greiða skattinn fyrir fram og er veiðimerki ekki gilt fyr en fyrsti skattur er goldinn. Skatturinn rennur í sveitarsjóð þeirrar sveitar, þar sem veiðiheimild er veitt.

Hver landseti skal greiða 1 kr. á ári fyrir veiðiheimild í landareign sinni, og sama skatt skal hann greiða fyrir hvern heimamann sinn, er stundar veiði þar í hans þarfir.

Allir aðrir skulu greiða 5 kr. á ári.

9. gr.

Nú er skatturinn ekki greiddur á rjettum gjalddaga, og skal þá sveitarstjórn tafarlaust heimta til sín veiðimerkið, og er eigandi þess skyldur að láta það af hendi, enda missir hann þá heimild sína. Rjett er að hann fái veiðimerkið aftur ef hann geldur skuld sína.

10. gr.

Hver sá, er veiðir fugla og hefir ekkert veiðimerki, skal sæta sektum, 20—50 kr., og renna þær sektir að $^1/_3$ í sveitarsjóð, en að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns. Sektin skal tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins.

Sömu sektum skulu þeir sæta, er hafa veiðimerki, ef þeir veiða fugla fyrir utan heimildarsvæði sitt.

11. gr.

Nú verður maður tvisvar brotlegur við þessi lög eða fuglafriðunarlög, og hefir hann þá fyrirgert veiðiheimild sinni og veiðimerki, ef til var, í 3 ár, og getur því að eins fengið veiðimerki aftur, að hann hafi ekki á þeim tíma orðið sekur við þessi lög eða fuglafriðunarlög.

12. gr.

Mál sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

13. gr.

Með þessum lögum er numin úr gildi 2. gr. í tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

Ed. **137. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands á þgskj. 116.

Frá Steingrími Jónssyni og G. Björnssyni.

Við 3. gr. Greinin falli burt og greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **138. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar (þskj. 102).

Frá G. Eggerz, Halldóri Steinssyni, Lárusi H. Bjarnason, Jóni Ólafssyni og Jóni Jónssyni.

Í stað orðanna »5 manna nefnd« komi: 7 manna nefnd.

Nd. **139. Frumvarp**

til laga um umboð þjóðjarða.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, öðrum en þeim, er standa undir umsjón sýslumanna.

2. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á þjóðjörðum þeim, er hann hefir umráð yfir. Þó skal bygging þeirra því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

3. gr.

Þjóðjarðir skulu bygðar æfilangt. Eftirgjald þeirra skal ákveðið í peningum, og gjalddagi 31. desember ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, skal ávalt ákveðinn leigutími til nefndur, eigi lengri en 100 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

4. gr.

Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að þjóðjarðir sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefir og fylgja ber.

Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þetta.

5. gr.

Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld þjóðjarða þeirra, er hann hefir umráð yfir, og skilar sýslumanni þeim innan þriggja manaða frá gjalddaga, en sýstumaður greiðir þær í landssjóð. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.

6. gr.

Nánari ákvæði um umboð þjóðjarða skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Ákvæðin í konungsstaðfestingu 4. október 1831 á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, sbr. gjafabrjef 8. júlí 1830, 5. lið, skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim, sje varið til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu eftir tillögum sýslunefndar, til að koma í veg fyrir hallæri.

Ed. **141. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um friðun æðarfugls.

Frá G. Björnssyni.

1. Við 1. gr.
   a) Framan við greinina komi:
   »Æðarfugl skal friðaður á öllum tímum árs. Þó er heimilt að veiða æðarblika frá 15. júlí til 15. september.
   b) Fyrir »50—100« komi 5.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ef æðarvarp er á leigujörð, má leiguliði ekki selja eða gefa æðaregg nema landsdrottinn leyfi, og varðar 25—100 kr. sekt, ef út af er brotið.

3. Við 3. gr. Greinin falli burtu.
4. Við 4. gr. Greinin falli burtu.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Frá 15. apríl til júlímánaðarloka má enginn, nema nauðsyn beri til, skjóta af fallbyssu nær friðlýstu æðarvarpi en nemi 4 röstum.

Á sama tíma má enginn skjóta af smábyssum, án leyfis varpeiganda, nær friðlýstu varpi hans en nemi 2 röstum.

6. Við 6. gr. Fyrir »1/2 km.« komi: Nemi 1/2 röst.
7. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Ef jarðir í grend við varpjörð eiga fuglaveiðirjett nær æðarvarpinu en nemi 2 röstum, eða netveiðirjett nær en nemi 1/2 röst, og bannar varpeigandi landsetum veiðina, þá er hann skyldur að bæta þeim það tjón, er þeir bíða af veiðibanni hans.

Nú verða þeir eigi ásáttir varpeigandi og nágranni hans, sem bóta krefur, og skulu þeir þá leggja málið í gerð, og nefni sinn mann hvor þeirra, og skulu báðir aðilar una því, er þeir menn gera. Ef gerðarmenn verða ekki samdóma skal lögreglustjóri nefna oddamann.

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Af sektarfje fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands.

2. gr.

Í sjóð þennan renna 2/3 sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum 2/3 netto andvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Til sjóðsins leggur og landssjóður 5000 krónur á ári, er telst með árstekjum hans.

4. gr.

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður alþingi, hve nær hann tekur til starfa og hve miklu af fje hans skal til þessara varna varið.

5. gr.

Til þess tíma, sem ákveðinn er í 4. gr., má ekki skerða sjóðinn, og skulu allir vextirnir af stofnfje hans leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal hún ávaxta fje hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed. **143. Frumvarp**

til laga um friðun fugla og eggja.

Frá nefndinni í málinu:

Frumvarp til laga um viðauka við lög um friðun fugla frá 27. nóv. 1903.

1. gr.

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: Maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, silkitoppar, óðinshanar, þórshanar, kríur, tildrur, sandlóur, jarðrakan, rauðbrystingar, svanir, hettumáfar, haftyrðlar, himbrimar, svölur, starrar, sendlingar.

2. gr.

Ernir skulu vera friðaðir allan tíma árs, og hvervetna nema þegar, og þar sem þeir sækja í vörp æðar og anda, þá hafa varpeigendur rétt til að drepa þá, en afhenda skulu þeir hlutaðeigandi lögreglustjóra, nef, vængi og klær hinna drepnu fugla.

3. gr.

Þessar fuglategundir skulu ekki vera friðaðar á neinum tíma árs: Valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar, hvítmáfar, skarfar, súlur, langvíur, stuttnefjur, teistur, ritur, skarfar, álkur, sefandir, fiskiandir, lómar.

4. gr.

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar, svo sem hjer segir:

a. Rjúpur alfriðaðar fyrir skotum í 2 ár að telja frá 1. jan. 1914 og, að þeim tíma liðnum, á tímabilinu frá 20. desember til 20. semptember.
b. Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hver í sínu hjeraði, þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. mars og ekki enda fyr en 10. ágúst.
c. Lundi frá 10. maí til 20. júní.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði. Þó getur ráðherra Íslands eftir tillögum sýslunefnda veitt leyfi til að veiða lunda með netum í eyjum, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum,

enda sje það sannað að lundanum verði ekki útrýmt með háfaveiði. Fyrir slíku leyfi skal það þó ávalt gert að skilyrði, að netaveiði þessi fari fram á þann hátt, að verið sje yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum. Skal sýslumaður annast um, að stöðugt eftirlit sje haft með veiðinni, og greiða varpeigendur allan kostnað við eftirlitið. Brot gegn þessum ákvæðum varða 10—15 kr. sektum. Allar fuglategundir sem hjer hafa ekki verið taldar, skulu friðaðar vera frá 1. apríl til 1. ágúst.

5. gr.

Egg allra fugla skulu friðuð vera, nema egg kríu, lunda, fýls, duggandar, húsandar, hávellu, hrafnsandar, grágæsar og allra þeirra fugla, er taldir eru í 3. gr.

6. gr.

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 32 kr., en fyrir örn skal greiða 10 kr., er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 60 kr.

7. gr.

Fyrir hvert friðað egg, er tekið er, skal sá er brotlegur verður greiða 1 kr. sekt, nema fyrir egg arnar skal greiða 10 kr.

8. gr.

Ráðherra getur veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum, og náttúrufræðiskennurum við skóla landsins, undanþágu frá ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Mál þau, er rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál. Sektirnar renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en að $^2/_3$ til uppljóstanda.

10. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1914, og eru um leið úr gildi numin lög um friðun fugla frá 27. nóvember 1903.

Ed. **144. Nefndarálit**

í málinu: Frumv. til laga um viðauka við lög um friðun fugla frá 24. nóv. 1903.

Í frumvarpi því, sem nefndinni í fyrstu var falið til athugunar, var farið fram á þá einu breyting á gildandi lögum um friðun fugla, að rjúpur væru alfriðaðar fyrst um sinn í 5 ár. Við athugun málsins virtist nefndinni ástæða til að taka lögin frá 27. nóv. 1903 í heild sinni til athugunar, og komst nefndin við

þá athugun að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að breyta þessum lögum í ýmsum greinum, og með því breytingar þær, er nefndin hefir gert, eru allmargar, hefir henni virst rjettara, að koma fram með nýtt frumvarp, en fella eldri lögin úr gildi.

Það sem sjerstaklega verður að hafa í huga við lagasetningu um þetta efni er:

a ð vernda svo sem þörf er á þær fuglategundir, sem til nytja mega verða, og setja hæfilegar takmarkanir fyrir drápi þeirra,

a ð friða stranglega alla þá fugla, sem að vísu ekki eru til beinna nytja, en sem eru til fjölbreytni, prýði og unaðar í íslenskri náttúru, en engum eru til meins,

a ð vernda þá fugla, sem hjer eru gestir, og æskilegt væri að ílendust hjer.

a ð friða þær fuglategundir, sem hjer eru orðnar mjög sjaldgæfar, og hætt er við að verði gereytt, jafnvel þó ekki sjeu nytjafuglar.

Eftir þessum reglum hefir nefndin reynt að fara við samning þessa nýja frumvarps, og um leið hefir hún haft í huga, að hefta á engan hátt skynsamleg afnot manna af nytjafuglunum. Skulu hjer tilgreindar ástæður fyrir breytingum þeim eða viðaukum á gildandi lögum, er gerðar hafa verið, við hverja grein fyrir sig.

Við 1. gr.

Hjer er aukið við 8 tegundum, er vera skulu alfriðaðar. 4 af þeim, silkitoppar, hettumáfar, svölur og starrar, eru gestir, sem ef til vill ílendast hjer, en friðun þessara fugla er öllum bagalaus; sendlingum er óðum að fækka, og dráp þeirra er meir til að svala drápgirni einstakra manna, en til nytja. Haftyrðill er sjaldgæfur orðinn, sjest varla nema í Grímsey, og fer þar fækkandi, himbrimar eru líka mjög sjaldgæfir orðnir, og er friðun beggja þessara tegunda því sjálfsögð.

Þá er svanurinn, og um alfriðun hans má búast við að verði skiftar skoðanir, en nefndin er í engum vafa um, að rjett sje að friða hann. Svanurinn er einhver hin mesta prýði í íslensku fuglalífi, nytjar hans munu mestar í fjaðratöku, og þær nytjar vaxa við friðunina, nytjar af drápi fuglsins sjálfs eru svo litlar, að þeirra vegna verður friðunin að teljast fyllilega rjettmæt. Þess ber og að gæta, að sje svanurinn friðaður, mun hann verða spakari og algengari, verða víðar til yndis og prýði.

Við 2. gr.

Ástæða nefndarinnar fyrir friðun arnarins er sú, að hann er nú mjög sjaldgæfur orðinn t. d. má geta þess, að Hörring, fuglafræðingurinn danski, sem ferðast hefir hjer um land, hefir á ferðum sínum um landið á 4 árum að eins orðið var við 6 eða 7 arnarhjón, og flestum mönnum ber saman um það, að í flestum bygðarlögum landsins sjáist örninn mjög sjaldan og sumstaðar jafnvel alls ekki nú í mörg ár. En það verður að teljast óviðfeldið, að örninn verði hjer útdauður með öllu; þykir nefndinni því rétt að friða hann, með þeim takmörkum, sem hjer eru sett.

Við 4. gr.

Nefndin í heild sinni gat ekki fallist á, að rjettmætt væri að alfriða rjúpur í 5 ár, eins og farið var fram á í frumvarpinu á þingskjali 46, en hefir fallist á,

að rjett væri að friða rjúpur algerlega fyrir skotum fyrst um sinn í 2 ár, og síðan á tímabilinu frá 20. des. til 20. september. Í gildandi lögum er friðunartíminn frá 15. febr. til 15. sept., en nefndinni virðist ekki ástæða til, að leyft sje að skjóta rjúpur á tímabilinu frá 20. des. til 15. febr., í flestum hjeruðum landsins mun erfitt að gera rjúpur að verslunarvöru um það leyti, því skipaferðir eru þá ýmist strjálar eða alls engar. Þá virðist nefndinni óþarft, að veiðitíminn byrji fyr en 20. sept., því rjúpur verða ekki gerðar að verslunarvöru fyr en þær hafa látið sumarlitinn og eru orðnar hvítar.

Tveggja ára friðunin er bygð á því, að það er alment álit, að í flestum hjeruðum landsins fari rjúpum fækkandi, vegna vaxandi veiði; að vísu verður ekki sjeð af verslunarskýrslunum að útflutningur rjúpna fari þverrandi, en það sannar ekkert í þessu máli, því þegar veiðin er aukin, getur útflutningurinn aukist, og rjúpan þó farið fækkandi. En vegna þess að rjúpnaveiði er til mikilla hagsmuna landsmönnum, og því tjón, ef henni fækkar, þykir nefndinni rjett að alfriða rjúpuna fyrir skotum um 2 ár, en sá tími verður að teljast fullnægjandi, því rjúpum fjölgar fljótt við friðunina. Snöruveiði þykir nefndinni ekki rjett að banna, því að sú veiði verður altaf svo lítil, að hennar gætir alls ekki.

Nefndin hefir tekið upp í þessa grein frumvarpsins efni frv. á þingskjali 57, er henni var falið til athugunar, hefir hún fallist á, að rjett sje að heimila þessa undanþágu frá banni gegn lundaveiði með netum, þegar um er að ræða að vernda eða efla svo arðsaman atvinnuveg sem æðarvarp er. En nefndin telur hinsvegar sjálfsagt, að setja ströng skilyrði fyrir þessari undanþágu, því sje netaveiðin framkvæmd, án þess fuglinn sje hirtur úr netunum jafnóðum, er sú veiðiaðferð svo grimdarleg, að þinginu væri vansæmd að leyfa slíkt. Þegar hinsvegar er um mikilvæga hagsmuni að ræða fyrir varpeigendur, er þeim vorkunnarlaust að greiða kostnaðinn við eftirlit það, sem hjer er heimtað.

Við 5. gr.

Eggjafriðunin er nýmæli, en nefndinni virðist sjálfsagt að bæta úr því augljósa ósamræmi í gildandi lögum, að friða fugla, en ekki egg þeirra. Að friða fuglinn sjálfan er ekki nægileg vernd, ef eggjum er rænt takmarkalaust, því með eggjaráninu má hindra fjölgun fuglanna og jafnvel útrýma sjaldgæfum fuglum, þó fuglarnir sjálfir sjeu friðaðir. Og nú á seinni árum er hin takmarkalausa græðgi útlendra eggjasafnara farin að láta á sjer bera eigi alllítið, einkum hjer á Suðurlandi, og virðist þörf á að gæta varúðar gegn henni.

Undantekin friðun eru egg þeirra fugla, sem helst mynda vörp til nytja, og svo þeirra fugla, sem ekki þykir ástæða til að friða á neinn hátt. Nefndinni er ekki kunnugt um, að ástæða sje til að undanskilja, vegna nytjavarps, aðrar fuglategundir en þær sem hjer eru nefndar.

Við 6. gr.

Sektaákvæði fyrir fugl eru svipuð og í gildandi lögum, en nefndinni þykir betur fara, að hámarkið sje 32 kr. en eins og það er sett í gildandi lögum. Samkvæmt þessu verður sektin við ítrekun brota 4, 8, 16, 32 kr. Þar sem ástæðan fyrir friðun arnarins er sú, að varna því að honum verði gereytt, má sektin varla vera lægri en hjer er sett.

Við 7. gr.

Sektarákvæðin fyrir brot móti eggjafriðun mega ekki vægri vera, ef nokkurt gagn á að vera að þessari lagavernd á eggjunum, en ekki virðist þó ástæða til að láta sektina fara hækkandi við ítrekun brota.

Við 8. gr.

Þessi undanþága er nauðsynleg, því æskilegt er, að við alla skóla landsins, þar sem náttúrufræði er kend, gæti komist upp dálítil söfn af fuglum og eggjum; yrði það til mikils gagns við kennsluna, og yrði ekki aðeins til að auka þekkingu nemendanna í þessari grein, heldur einnig til að auka velvild þeirra til fuglanna, og um leið hlýðni og virðingu fyrir þeim lögum, sem sett eru þeim til verndar.

Þeim atriðum frumvarpsins, sem hjer er ekki minst á sjerstaklega, mun, eftir því sem ástæða þykir til, verða gerð nánari grein fyrir við framsögu málsins.

Flutningsmenn beggja þeirra frumvarpa, er nefndinni voru athent munu taka þessi frumvörp sín aftur.

Vjer leyfum oss að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið á þingskjali 143.

Alþingi 22. júlí 1913.

| | |
|---|---|
| Björn Þorláksson, (formaður). | Jón Jónatansson, (skrifari og framsögum.). |

Þórarinn Jónsson.

Ed. **145. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um mannanöfn á þingskj. 114.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr.
   Orðin »frá stjórnarráðinu« í síðustu málsgrein falli burtu.
2. Við 3. gr.
   a, Í stað orðsins »skal« í fyrstu málsgrein komi: má.
   b, Í stað orðanna »sinnar ættar« komi: sínu.
   c, Í stað orðanna »mega ná« komi: getur stjórnarráðið, ef sjerstök ástæða er til, leyft að nái.
3. Við 4. gr.
   a, Orðin »heimilt og« falli burt.
   b, Fyrir orðið »jafnt« komi einnig.
   c, Í stað orðanna »sem skilgetinna« komi: ef faðerninu er játað.

4. Við 6. gr.
   a, Orðin í 1. málsgrein »og þar búsettur« falli burt.
   b, Á eftir »eða ættarnafn« í 1. málsgrein bætist inn í: hjer á landi.
   c, Aftan við síðustu málsgrein bætist: eftir 18 ára aldur.
5. Við 8. gr.
   Á eftir tölulið 1 komi svohljóðandi nýr liður og liðatalan breytist samkvæmt því:
   2. Skrá yfir góð íslensk forn og ný fornöfn karla og kvenna, er sjerstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni.
6. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna »ný nöfn« komi: ný fornöfn.
   b. Orðin: »eftir sem áður« í 1. málsgrein falli burt.
   c. Orðin »og skylt« í síðari málsgrein falli burt.
   d. Aftan við greinina bætist: eða rangmynduð.
7. Á eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 13. gr og hljóðar svo:
   Fullveðja mönnum, sem nú eru uppi, er frjálst að rita fornafn sitt eða fornöfn, á þann hátt, sem þeir hafa tíðkað.
   Útlendingum, sem hingað koma, er frjálst að rita löglegt heiti sitt á sinn vanahátt.
8. 13 gr. verði 14. grein.
9. 14. gr. verði 15. grein.

Ed. **146. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum á þingsk. 118.

Frá nefndinni

1. Við 5. gr.

   a. Í stað orðsins: »leyfisbrjefið« komi: nafnfestina á báðum stöðum, og í stað »leyfisbrjefsins« komi: nafnfestinnar.

   b. Á eftir orðinu «þessi« í síðustu setningu greinarinnar, bætist inn í: eða eldra heiti þess en úrelt.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um bæjarnöfn.

Ed. **147. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum (þgskj. 118).

Frá Jóni Jónatanssyni.

Við 6. gr. 1. Á eftir orðunum »í jarðabókinni« komi: eða húsi eða þurrabúð kaupstað eða sjóþorpi.
2. Á eftir orðinu »dýrleika« komi: ef metið er
3. Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:
Sýslumanni er heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt.

Nd. **148. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 15. október 1875 um laun íslenskra embættismanna.

(Frá meiri hluta nefndarinnar).

Nefnd sú, er neðri deild Alþingis skipaði til þess að athuga frumvarp þetta, hefir átt með sjer nokkra fundi og komist að þeirri niðurstöðu, að ráða deildinni til að fella frumvarpið.

Ástæður nefndarinnar eru í stuttu máli þessar:

Nefndin telur laun alls þorra þeirra manna, sem teknir eru upp í frumvarp stjórnarinnar, nægilega há nú, móts við hag þjóðarinnar og annara starfsmanna, svo að ekki beri bráða nje brýna nauðsyn að breyta þeim. Verður á það að líta, að flest þessi störf eru ekki mjög erfið, en allmjög eftirsótt, ef eitthvert þeirra losnar, og enn, að margir starfsmennirnir hafa góðar aukatekjur, sumir jafnvel svo miklar, að margir mundu telja sig fullhaldna af þeim einum.

Á hinn bóginn neitar nefndin því ekki, að laun einstakra manna, sem taldir eru í frumvarpinu, þurfi lagfæringar við, og að svo muni vera um laun fleiri starfsmanna þjóðarinnar. Mætti drepa á það, að þegar fram í sækti, mætti bæta kjör margra hinna lágt launaðri starfsmanna, ef varið væri til þess þótt ekki væri meira en helmingi þess eftirlaunafjár, sem nú gengur til fátækra og ríkra, verðugra og óverðugra, liggur oss við að segja.

Þjóðin er um fátt betur sammála en það, að lækka beri eftirlaun embættismanna, eða helst afnema þau með öllu. — Þetta er svo alkunnugt og vitanlegt, að nefndin sjer ekki ástæðu til að sanna það með yfirlýsingum þingmálafunda ár frá ári. Samkvæmt þessum almennu kröfum var borið fram frumvarp hjer í deildinni árið 1911 um lækkun eftirlauna. Málið komst í nefnd og varð nefndin á því, að rjettast mundi að verða við óskum þjóðar-

innar og afnema eftirlaun með öllu, en jafnframt kynni þá að þurfa að bæta launakjör einhverra þeirra starfsmanna þjóðfjelagsins, sem minstar tekjur hefði. Nefndin sá sjer alls ekki fært að bera fram sundurliðaðar tillögur í því efni, og bar því fram svofelda tillögu til þingsályktunar, og var hún samþykt í deildinni:

»Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að taka til rækilegrar athugunar framkomnar óskir landsmanna um afnám lögákveðinna eftirlauna embættismanna, og í sambandi við það íhuga, hvort eigi verði hægt að nálgast þessar óskir með nýju skipulagi, er fari í þá átt, að embættismenn tryggi sjer sæmilegan ellistyrk, og leggja síðan tillögur um þetta mál fyrir alþingi«.

Stjórnin hefir þó alls ekki tekið aðalatriði þessarar áskorunar til greina, og án þess að hafa rannsakað málið til nokkurrar hlítar, eða búa það viðunanlega í hendur þinginu, hefir hún borið fram frumvarp það, er hjer liggur fyrir.

Því heyrist stundum barið við gegn afnámi eftirlauna embættismanna, að það komi í bága við stefnu tímans. Aðrar þjóðir sjeu nú óðum að koma því horfi á, að *allir* fái eftirlaun eða ellistyrk, og Íslendingar hafi sjálfir sett lög um almennan ellistyrk. Það sje því mótsögn við þessa stefnu að amast við eftirlaunum embættismanna.

Þessa viðbáru getur nefndin ekki fallist á, því að hjer er ólíku saman að jafna. Styrk úr ellistyrktarsjóðnum fá ekki *allir*, heldur að eins þeir, sem á honum þurfa að halda. Eftirlaun fá aftur allir, sem lausn fá í náð, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir. — Það er og síður en svo, að nefndin sje andvíg því, að embættismenn hafi styrktarsjóði sjer til stuðnings í ellinni; hún telur einmitt sjálfsagt, að stuðlað verði að því, að þeir tryggi sjer ellistyrk.

Nefndin hyggur, að það væri hagfeldara þjóðinni í heild sinni, að eftirlaun væri afnumin, bæði af því, að við það sparaðist stórfje, eftirlaunalöggjöfin væri ekki misbrúkuð, sem helst til oft þykir við brenna, og við það mundi samhugur almennings og embættismanna verða meiri og betri en áður.

Oss finst því, að stjórninni hafi yfirsjest, er hún tók ekki þessar margítrekuðu óskir almennings og þingsályktunartillögu síðasta reglulegs Alþingis til greina.

En eins og drepið hefir verið á, þá er þetta launa- og eftirlauna mál svo gersamlega óundirbúið til nokkurrar hlítar, að nefndin telur ókleift og ekki forsvaranlegt að fara að grauta í launalögunum að svo vöxnu máli. Launakjör embættismanna í Reykjavík eru varla verri, — heldur munu að jafnaði betri — en annara embættismanna í landinu. Og að minsta kosti ber það ekki vitni um mikið harðæri hjer umfram aðra staði landsins, hve flestir eru óðfúsir að sækjast hingað annarsstaðar af landinu, ef nokkur staða losnar.

Nefndin telur því mjög vandfarið í þetta mál og skaðlegt að hrapa að breytingum. Áður en alþingi getur farið að hækka sem nokkru nemur laun embættismanna, þarf það að hafa í höndum fullkomna skýrslu um núverandi laun allra embættismanna landsins og nákvæmt yfirlit yfir það, hversu launabreytingarnar eða launahækkanirnar næmi miklu, ekki einungis fyrsta árið, heldur og þegar komið væri í hámarkið, eftir því, sem ítrast er unnt að gefa skýrslur um slíkt. — Þing og þjóð þarf að vita með vissu, út í hvað verið er að ganga með lagabreytingunum. Þess vegna þarf, ef nokkrar verulegar

breytingar á að gera, að taka fyrir *í einu* til rannsóknar launakjör allra opinberra starfsmanna þjóðfjelagsins, en það er vitanlega svo mikið verk að stjórninni veitir varla af tíma þeim, er líður milli tveggja reglulegra þinga til slíks undirbúnings.

Stjórnarfrumvarpinu fylgir »Skrá um núverandi laun embættismanna þeirra, er ræðir um í breytingarfrumvarpi þessu, byrjunarlaun þeirra, samkvæmt lagafrumvarpinu og laun þeirra með aldursviðbót 1. janúar 1914«.

Þessi skrá er því miður mjög ófullkomin og óljós, bæði af því, að hún sýnir að eins aldursviðbót í byrjun næsta fjárhagstímabils. en ekki, hvað launahækkunin nemur alls á fjárhagstímabilinu og því síður á seinni fjárhagstímabilum, og í annan stað af því, að hún er takmörkuð við þá embættismenn, sem þar er um að ræða, en sleppir jafnvel tímakennurum, sem nefndir eru í þessu frumvarpi, og öðrum þeim, sem stjórnin vill nú í öðrum sjerstökum frumvörpum láta hafa hærri laun. Vantar því alla greinagerð fyrir því, hvað miklu nemi launahækkanir þær, sem stjórnin fer fram á nú, hvað þá, að hún hafi minstu hliðsjón af því, hversu önnur laun hljóta að hækka á næstu þingum, ef þessari stefnu væri haldið.

Nefndin hefir gert áætlun um þá embættismenn, er stjórnin telur í skránni. Er talið frá veitingardegi hvers starfs og síðan reiknað, hve miklu hækkunin nemi á næsta fjárhagstímabili og, hve miklu hún gæti numið hæst. Er oss að vísu ljóst, að »hæstu laun« hafa líklega aldrei *allir* þessir embættismenn í einu, og ætlumst því ekki til að sú hækkun sje skilin of bókstaflega. Vjer höfum ekki reynt að reikna út, hve miklu hækkun þessi mundi nema til jafnaðar um langt tímabil, enda verður það ekki sagt nákvæmlega.

| Tók við embætti: | Núverandi laun kr. | Byrjunarlaun samkv. frv. kr. | Mism. 1914—1915 kr. au. | Mesti mismunur á fjárhagstímab. kr. |
|---|---|---|---|---|
| Biskup $^{13}/_{9}$ 1908 ... ... ... | 5000 | 5000 | 984 17 | 3000 |
| Landritari $^{2}/_{3}$ 1904.. ... ... | 6000 | 5000 | | 1000 |
| 1. Skrifstofustjóri $^{2}/_{3}$ 1904 ... | 3500 | 3600 | 1400 00 | 2600 |
| 2. Skrifstofustjóri $^{2}/_{3}$ 1904 ... | 3500 | 3600 | 1400 00 | 2600 |
| 3. Skrifstofustjóri $^{26}/_{10}$ 1908.. | 3500 | 3600 | 635 56 | 2600 |
| Justitiarius $^{30}/_{3}$ 1908 ... ... | 4800 | 5000 | 1525 00 | 3400 |
| 1. Meðdómandi ... | 4000 | 4000 | 2000 00 | 2000 |
| 2. Meðdómandi $^{19}/_{11}$ 1908 ... | 3500 | 4000 | 1622 78 | 3000 |
| Póstmeistari $^{7}/_{7}$ 1897 ... ... | 4000 | 4000 | 2000 00 | 2000 |
| Landsímastjóri .. | 3500 [1] 1500 | 4000 | | [2] 3000 |
| Verkfræðingur landsins $^{1}/_{2}$ 1905 | 3000 | 4000 | 3182 78 | 4000 |
| Forstöðum. mentaskólans ... | 3600 | 3200 | (÷ [3] 800 00) | 1200 |
| Yfirkennari $^{14}/_{10}$ 1905 ... ... | 3200 | 3600 | 1842 22 | 2000 |
| 1. Kennari ... ... | 2800 | 2400 | 1600 00 | 1600 |
| 2. Kennari ... ... | 2800 | 2400 | 1600 00 | 1600 |
| 3. Kennari $^{21}/_{4}$ 1900 ... ... | 2400 | 2400 | 1738 33 | 2400 |
| 4. Kennari $^{30}/_{12}$ 1904 .. ... | 2400 | 2400 | 1200 00 | 2400 |
| 5. Kennari $^{14}/_{10}$ 1905 ... ... | 2000 | 2400 | 1842 22 | 3200 |
| | | Samtals | kr. 24573 06 | kr. 43600 |
| | | | ÷ 800 00 | |
| | | | kr. 23773 06 | |

1) Persónuleg launaviðbót.
2) Hjer miðað við hin lögákveðnu laun (3500).
3) Þetta því að eins, að nýr maður hafi þá tekið við starfinu.

Skrá þessi ber það með sjer, að hækkunin nemur á næsta fjárhagstímabili, að eins á þessum embættum, kr. 23773,06.

Þætti þinginu brýn nauðsyn á að bæta kjör einhvers sjerstaks manns, væri unt að gera það með persónulegri launaviðbót í fjárlögunum.

Neðri deild alþingis, 22. júlí 1913.

G. Eggerz, (formaður). Sigurður Sigurðsson, (skrifari).

Benedikt Sveinsson. Ólafur Briem.

Ed. **149. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 146. (við frv. til laga um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum).

Frá nefndinni.

Við 1. lið. b. Liðurinn falli burt. En í stað þess komi tveir liðir svohljóðandi:

b. Á eftir orðinu »býlisnafnið« bætist inn í: 10 árum.

c. Á eftir orðinu »þessi« bætist inn í: eða það sje gamalt en úrelt heiti á býlinu.

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóvbr. 1907.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason. Benedikt Sveinsson. Matth. Ólafsson.

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. orðist svo:

Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, og hefir hann að launum úr bæjarsjóði 4500 kr. á ári, auk 1500 kr. í skrifstofufje.

2. gr.

Upphaf 2. gr. orðist svo:

Bæjarfulltrúarnir skulu vera 15 að tölu o. s. frv.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem hjer um ræðir, inn í meginmál laga nr. 86, 22. nóv. 1907.

Nd. **151. Nefndarálit**

um frv. til laga um verkfræðing landsins.

Nefndin er andvíg því, að stofnuð sje nú ný embætti með eftirlaunarjetti, þvert ofan í óskir þjóðarinnar og þar sem það er mjög almenn krafa, að eftirlaun sje afnumin með öllu eða minsta kosti lækkuð mjög.

Verður nefndin því að ráða, til að háttvirt deild felli frumvarpið.

Að öðru leyti vísum vjer til nefndarálits um laun embættismanna, á þingskjali nr. 148.

Neðri deild Alþingis, 22. júlí 1913.

G. Eggerz, formaður. Sigurður Sigurðsson, skrifari. Benedikt Sveinsson.

Ólafur Briem. M. Kristjánsson (með fyrirvara).

Nd. **152. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á 33. gr. í lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna.

Nefndin getur ekki fallist á, að brýna nauðsyn beri til þess að hækka laun umsjónarmanns fræðslumála upp úr 3000 kr., sem þau eru nú, og ræður hinni háttvirtu deild til að fella frumvarpið.

Að öðru leyti vísast til nefndarálits um »frumv. til laga um breyting á lögum um laun ísl. embættismanna», á þingskjali, nr 148.

Neðri deild alþingis, 22. júlí 1913.

G. Eggerz, (formaður). Sigurður Sigurðsson, (skrifari).

Ólafur Briem, Benedikt Sveinsson, M. J. Kristjánsson. (með fyrirvara).

Nd. **153. Nefndarálit**

um frumv til laga um breyting á lögum nr. 56, 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins.

Nefndin sjer eigi brýna ástæðu til þess að fara nú þegar að breyta lögum þessum, sem ekki eru orðin 6 ára gömul, og því geta varla verið orðin mjög á eftir tímanum.

Laun landsbókavarðar telur nefndin viðunandi, þótt ekki sje hækkuð, þar sem hann hefir 3000 kr. Laun aðstoðarmanna eru að vísu heldur lág, en þeir, sem nú gegna störfum þessum, hafa báðir nokkrar aukatekjur úr landssjóði, annar fyrir bókaútgáfu, hinn eftirlaun.

Geta má þess, að aldrei hefir verið hörgull á sæmilegum mönnum í þessar stöður, ef einhver þeirra hefir losnað.

Að öðru leyti vísum vjer til nefndarálits um frumv. til laga um laun embættismanna á þingskjali 148.

Nefndin verður því að ráða hinni háttv. deild til að fella frumvarpið.

Neðri deild Alþingis, 22. júlí 1913.

G. Eggerz, (form.). Sigurður Sigurðsson, (skrifari).

Benedikt Sveinsson. Ólafur Briem. M. J. Kristjánsson, (með fyrirvara).

Nd. **154. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum 15. október 1875 um laun íslenskra embættismanna.

(Álit minni hlutans).

Jafnvel þótt álit meiri hluta nefndarinnar hafi við nokkur rök að styðjast, get jeg þó ekki verið honum í öllu sammála, og verð því, með sem fæstum orðum, að gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli. Mjer virðist, að kröfur þær, sem fram hafa komið, frá ýmsum embættismönnum, um launahækkun, sjeu þannig lagaðar, að tæplega geti ein regla átt við þær allar. Það eru þó sjerstaklega kvartanir kennaranna við hinn almenna mentaskóla, sem mjer virðast ekki ástæðulausar, og tel því rjett, að launakjörum þeirra verði breytt á þann hátt, sem farið er fram á í frumvarpi stjórnarinnar.

Eins og kunnugt er, sendu áðurnefndir kennarar beiðni um launahækkun til alþingis árið 1909. Beiðni þessi kom fyrir fjárlaganefnd neðri deildar, og farast henni orð á þá leið, að hún viðurkenni, að nú sjeu laun þeirra orðin stórum

ódrýgri þeim til framfæris og þeirra skylduliði, en fyrstu árin, er þeir áttu við þau að búa. Það er svo að sjá, sem nefndiuni hafi þótt mikil ástæða til, að laun þessara kennara yrðu hækkuð sem fyrst, en ástæðan fyrir því, að það komst ekki til framkvæmda þá, mun hafa verið sú, að nefndin leit svo á, að rjettara væri að málaleitun um hækkun á launum embættismanna kæmi frá landsstjórninni til alþingis, en ekki frá embættismönnunum sjálfum.

Með þessu virðist landsstjórninni hafa verið gefin bending um að undirbúa málið og leggja það fyrir þingið, svo þessi breyting gæti sem fyrst komist á. Þetta var því sjálfsagðara, sem varla er gerandi ráð fyrir, að launalöggjöfin í heild sinni verði tekin til endurskoðunar að svo stöddu, því eins og kunnugt er, hafa nú síðustu árin laun margra embættismanna og annara starfsmanna landsins tekið miklum breytingum fyrir aðgerðir löggiafarvaldsins. Hafa þá verið teknir einstakir flokkar embættismanna, hver út af fyrir sig, svo sem læknar, prestar, háskólakennarar o. fl. Það eru að eins fáir embættismenn, aðrir en kennarar við mentaskólan, sem hafa átt við sömu launakjör að búa nú yfir 20 ár. Á þessu tímabili hafa launakjör margra embættismanna breytst til batnaðar.

Samkvæmt undanfarinni venju getur það því varla talist óviðeigandi, þótt launum kennaranna við mentaskólan, einum út af fyrir sig, væri breytt.

Þegar litið er á stefnu launalöggjafarinnar að undanförnu, þá kemur það fram, að launin eru yfirleitt hækkuð, einkum lægri launin, og nú síðast í lögum um laun presta og háskólakennara eru þau látin fara hækkandi eftir embættisaldri, sem flestir munu álíta eðlilegt. Launahækkunin virðist ekki ástæðulaus, þegar launin hafa verið fremur lágt sett í fyrstu, eins og hjer á sjer stað, enda vitanlegt, að ráðdeildarmenn, er búa við lægri launin eiga í vök að verjast með að framfleyta sjer og fjölskyldu sinni á þeim.

Af skýrslum, sem samdar hafa verið fyrir tilhlutun landsstjórnarinnar, kemur það í ljós, að nú sje c. 50% dýrara að lifa í Reykjavík, en verið hafi árið 1875, þegar launalögin komu í gildi, og 35—40% dýrara en árið 1889 þegar þeim var breytt, og hefir þó vöruverð og jafnvel kaupgjald hækkað til muna síðan þessi skýrsla var samin.

Mjer vitanlega hafa ekki verið bornar brigður á, að skýrslur þessar væru svo nákvæmar, sem frekast var kostur á, enda eru þeir, sem að þeim hafa unnið, manna fróðastir um þesskonar hluti. Þegar litið er á vinnulaun, yfirleitt, má segja, að þau hafi hækkað hjá flestum jafnframt því, sem dýrara hefir orðið að lifa. Kaup daglaunamanna og vinnufólks hefir hækkað til muna. Margir atvinnurekendur og starfsmenn við atvinnufyrirtæki hafa að mun hærri tekjur, en þeir kennarar, sem hjer er um að ræða, og því ekki ólíklegt, að þeir fari að leitast fyrir um aðra stöðu, ef engin breyting verður gerð á launakjörum þeirra, en að margra áliti mundi heppilegast, að skólinn gæti notið starfskrafta þeirra sem lengst.

Vegna þess, að jeg hefi haft mjög nauman tíma til, að kynna mjer álit meirihluta nefndarinnar, má vel vera að margt fleira hefði þurft að taka hjer fram, því viðvíkjandi, en úr því kynni að mega bæta, að einhverju, leyti við umræðurnar.

Með tilliti til þess, sem hjer að framan er sagt, leyfi jeg mjer að koma fram með eftirfylgjandi breytingartillögur við frumvarpið:

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 4 fyrstu greinarnar falli burt.
2. 5. gr. verði 1. gr. o. s. frv.
3. Við 6. gr. Fyrir »þeir embættismenn«, í upphafi greinarinnar komi: þeir kennarar mentaskólans.
   Síðari málsgreininn falli burt.
4. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
   Þau ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi, eru feld úr gildi.

Alþingi, 23. júlí 1913.

M. J. Kristjánsson.

Ed. **155. Breytingartillaga**

við breytingartillögu 7, á þingskjali 145.

Frá Eiríki Briem, Birni Þorlákssyni, H. J. Kristóferssyni.

Fyrir »fornafn sitt eða fornöfn« komi: nafn sitt.

Ed. **156. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Frá nefndinni.

I. Við 2. gr. a. Orðið »tveim« í 3. l. 2. málsgr. til »þá« falli burt, en í stað þess komi: 2 nóttum fyrir kjörfundardag.
   b. Í stað »í röð eftir bókstöfum sínum« í 5. l. 4. málsgr. komi: þversum í stafrofsröð.
   c. Í stað »aðskilin« í 6. l. 4. málsgr. komi: aðgreind.
   d. Í stað »lágrjettum strikum« í sömu málsgr. komi: þverstrikum.
   e. Eftir »bil« í sömu línu komi: fyrir skrifaðan tölustaf.

II. Við 3. gr. a. Fyrir »strik« í 2. l. 4. málsgr. komi: kross.
   b. Orðin »rjettir seðilinn« í 4. málsgr. 3. l. að neðan út að »og« í 2. l. að neðan falli burt.
   c. Orðin »kjósandi svo« í 4. málsgr. 2. l. að neðan falli burt.
   d. Eftir »seðlinum« í 4. málsgr. síðustu línu komi: þannig samanbrotnum.

e. Fyrir »blindu« í 6. l. 5. málsgr. komi: sjónleysi.
f. »handarmeins« í sömu línu falli burt.
g. Fyrir »af öðrum slíkum ástæðum« í 6. og 7. l. 5. málsgr. komi: annarar líkamsbilunar.
h. Orðin »úr kjörstjórninni« í 3. l. að neðan í 5. málsgr. falli burt.
i. Fyrir »skaddast« í fyrstu línu 6. málsgr. komi: skemmist.
j. Á eftir »að« í 1. l. 6. málsgr. komi: kjósandi tók við honum, þá getur kjósandinn afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðirnar eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði. Orð málsgreinarinnar eftir »að« falli burt.

III. Við 5. gr. a. Í 2. l. 3. málsgr. í staðinn fyrir »auðkendur hefir verið á kjörseðlinum« komi: krossað er við á kjörseðli.
b. Fyrir orðin í 3. málsgr. 4. l. »sami listabókstafur er auðkendur á« komi: eru sammerktir.
c. Fyrir orðin »tölu—sig« í 1. og 2. l. 3. málsgr. að neðan komi: hvað margir seðlar fari í hvern bunka.
d. Fyrir »strik« í 2. l. 4. málsgr. komi: krossa.
e. »Enginn« í 1. l. 5. málsgr. falli burt, en eftir »Nú er« í sömu línu komi: ekki krossað við neinn.
f. Fyrir »listabókstafur« í sömu línu komi: listabókstaf.

IV. Við 6. gr. a. Eftir »skal taka« í 2. l. 2. málsgr. að neðan komi: þá er vantar af hinum listunum eftir sömu reglu. Orðin frá «það« og út greinina falli burt.
b. Í staðinn fyrir »eitt« í 9. l. 4. málsgr. komi: heilt.
c. Frá »Hafi« í 13. l. sömu málsgr. til »Þeir« í 17. línu falli burt.

Ed.

## 157. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosninga til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Það er höfuðkostur allra hlutfallskosninga, að þær tryggja minni hluta kjósenda, ef ekki er um því færri að ræða, gegn einræði meiri hlutans eða meiri hlutanna.

Fyrir þessu er og sjeð með listakosningum þeim, sem ákveðnar eru í gildandi lögum um kosningar til bæjarstjórna. Sá annmarki er þó á kosningaraðferð þessari, að kjósandi með atkvæði sínu að eins getur aukið atkvæðamagn þess lista, sem hann fylgir, eða með öðrum orðum, að eins stutt þann flokk eða þá stefnu, sem listinn er borinn fram af, en hinsvegar getur hann ekki breytt röðinni á listanum eða valið stefnunni eða flokknum, sem hann fylgir, málsvara. Úr þessu er bætt með frumvarpi því, sem hjer ræðir um, á tvennan hátt:

1. Með því að kjósandinn um leið og hann krossar við ákveðinn lista,

getur raðað fulltrúaefnum, sem á listanum standa, með því að bæta tölustöfum fyrir framan nöfn þeirra, þannig að sá sem hann

setur 1 við fær heilt atkvæði.
2 —»— 1/2 —»—
3 —»— 1/3 —»— o. s. frv.

2. Með því hann getur strikað út þá menn á listanum, sem hann vill ekki kjósa, og fá þeir, sem þannig eru útstrikaðir á kjörseðli, ekkert atkvæði þess kjósanda. Hvorugt þetta ákvæði hefir áhrif á atkvæðamagn listans, og breytir í engu grundvallareglum þeim, sem hlutfallskosningar byggjast á, veitir kjósandanum að eins víðtækari áhrif á kosninguna, þannig að hann bæði getur stutt stefnuna og valið þann fulltrúa af listanum, sem hann best trúir fyrir að fylgja henni fram.

Kosningaraðferð þessi er mjög einföld fyrir kjósandann og getur varla orðið honum að fótakefli, og telur nefndin því, að hjer sje um verulegar rjettarbætur að ræða.

Enn er það nýmæli frumvarps þessa, að atkvæði, sem sami maður fær á fleiri listum, sem til greina koma samkvæmt atkvæðamagni þeirra, teljast honum á þeim lista, sem fær flest atkvæðin, ekki þó þannig að skilja, að þau atkvæði auki atkvæðamagn listans, heldur hafa þau að eins áhrif á röð mannsins á listannm. Því verður nú ekki neitað, að nokkur sanngirni mælir með því, að maður, sem á svo mikil ítök í kjósendum, að hann fær atkvæði á fleirum listum, njóti atkvæðastuðnings þessa á þann hátt, sem í frumvarpinu greinir, en hinsvegar virðist það ljóst, að ákvæði þetta kemur í bága við þá sjálfsögðu reglu, að kjósendaflokkur, sem stendur um hvern lista, ráði því, hverjum á listanum hann sjerstaklega vill fela að standa fyrir málum sínum, en samkvæmt fyrnefndu ákvæði getur farið svo að kjósendur utan listans ráði málsvörum hans.

Nefndin leggur því til, að umgetið ákvæði sje felt úr frumvarpinu. Þá getur nefndin ekki heldur felt sig við það ákvæði frumvarpsins, að fulltrúaefni skuli kosin á þeim lista, sem hefir mest atkvæðamagn, ef fulltrúaefni reynast svo fá á einhverjum lista, að honum samkvæmt útkomutölunni beri fleiri fulltrúaefni en á honum eru. Þykir nefndinni rjettast, þegar svo er ástatt, að fulltrúaefnin sjeu kosin á þeim lista eða listum, sem flest atkvæði eiga aflögum samkvæmt aðalreglunni í 6. gr. frumvarpsins.

Enn leggur nefndin til, að gerðar sjeu nokkrar smávægilegar efnisbreytingar við frumvarpið og allmargar orðabreytingar, en fyrir breytingartillögum þessum virðist nægja að gera grein í framsögunni.

Um kosningarathöfnina þykir nægja að vísa til hinnar ítarlegu skýringa við stjórnarfrumvarpið. Að eins þykir nefndinni rjett að benda á, að við samtalning atkvæða þeirra, sem hvert fulltrúaefni hefir fengið á listanum, virðist fljótlegast að rita að eins einu sinni hvert atkvæði, heilt eða brot, sem fulltrúaefnið fær, en marka síðan strik aftan við hverja atkvæðategund, jafnótt og fulltrúaefnum eru greidd samskonar atkvæði, og telja síðan er öll atkvæðin, hafa verið lesin upp, strikin saman fyrir atkvæði hverrar tegundar og deila hinni samanlögðu upphæð, ef um brot er að ræða með nefnara brotsins, og leggja síðan allar útkomutölurnar saman, en þær sýna samanlagðar atkvæðamagn hvers fulltrúaefnis á listanum þannig:

| | Álfgeir | | | Ámundi | | | Árni | | | Ásgeir | | | Áskell | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | [illegible] | 15 | 15 | [illegible] | 10 | 10 | [illegible] | 6 | 6 | [illegible] | 10 | 10 | [illegible] | 19 | 19 |
| 1/2 | [illegible] | 14 | 7 | [illegible] | 16 | 8 | [illegible] | 16 | 8 | [illegible] | 6 | 3 | [illegible] | 8 | 4 |
| 1/3 | [illegible] | 12 | 4 | [illegible] | 15 | 5 | [illegible] | 12 | 4 | [illegible] | 15 | 5 | [illegible] | 6 | 2 |
| 1/4 | [illegible] | 8 | 2 | [illegible] | 10 | 2 1/2 | [illegible] | 20 | 5 | [illegible] | 12 | 3 | [illegible] | 12 | 3 |
| 1/5 | [illegible] | 11 | 2 1/5 | [illegible] | 11 | 2 1/5 | [illegible] | 6 | 1 1/5 | [illegible] | 17 | 3 2/5 | [illegible] | 15 | 3 |
| | | | 30 1/5 | | | 27 7/10 | | | 24 1/5 | | | 24 2/5 | | | 31 |

Loks þykir rjett að benda á, að hlutverk kjörstjórna samkv. frumvarpi þessu virðist nokkuð örðugra en samkv. gildandi lögum, en þar sem kjörstjórnir eru að öllum jafnaði skipaðar færum mönnum, telur nefndin örðugleika þessa smáræði í samanburði við rjettarbætur þær, sem í frumvarpinu felast.

Þess ber líka að gæta, að verk kjörstjórnarinnar verður að mun auðveldara, ef breytingartillaga um tilfærslu á listanum nær fram að ganga.

Breytingartillögur þær, sem nefndin ræður háttvirtri deild til að gera á frumvarpinu eru á þingskjali 156.

Efri deild Alþingis, 23. júlí 1913.

| Guðjón Guðlaugsson, form. | Sig. Eggerz, skrifari og framsögum. | G. Björnsson. |
|---|---|---|

Nd. **158. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um samþyktir um hringnótaveiði (þskj. 44.).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Heimilt er sýslunefndum Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu að gera samþykt um síldveiði með hringnót á Eyjafirði innan, línu, er hugsast dregin um Eyjafjörð þveran, þannig að hún snerti nyrðri enda Hríseyjar.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna í byrjun greinarinnar »þegar sýslunefnd« komi: þegar sýslunefndunum.
   Orðalag frumvarpsins breytist samkvæmt því.
3. Við fyrirsögn frumvarpsins. Hún verði þessi: Frumvarp til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði:

Ed. **159. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heiðursgjöf handa skáldinu Steingr. Thorsteinsson, (96).

Frá nefndinni

Fyrir »4000« komi: 5000.

Ed.

## 160. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um mannanöfn (þgskj. 114).

Frá Jóni Jónatanssyni, og H. J. Kristóferssyni.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 13. gr. svohljóðandi:

Í öllum opinberum skrám og skýrslum, skal ávalt rita fornöfn manna á undan föðurnafni eða ættarnafni.

13. gr. verði 14. gr. og 14. gr. 15. gr.

Ed.

## 161. Nefndarálit

um frumvarp til siglingalaga.

Með þingsályktunartillögu, sem Nd. Alþingis samþykti 1909, var skorað á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um sjómensku á íslenskum þilskipum, er stunda fiskiveiðar eða flutninga með ströndum fram.

Í stað þess að setja nokkur sjerstök lagaákvæði um sjómensku við fiskiveiðar, lagði stjórnin út á íslensku hin dönsku siglingalög frá 1. apríl 1892 og lagði þau fyrir þingið 1911. Á því þingi var sett nefnd í málið í Nd., er útvegaði sjer strax lögfræðislega aðstoð Jóns prófessors Kristjánssonar. Tók hann frumvarpið til rækilegrar athugunar og benti á, að gera þyrfti á því margar og mikilvægar breytingar í ýmsum greinum, einkum að því er snerti samræmi við gildandi íslensk lög, og að betur yrði að sjá fyrir, að frumvarpið fullnægði fiskiveiðunum, en gert væri ráð fyrir, enda hefði það verið tilgangur þingsályktunartillögunnar. Þingdeildin vísaði því frumvarpinu aftur með rökstuddri dagsskrá til stjórnarinnar, til þess að það yrði athugað betur og fengi ítarlegri undirbúning. Stjórnin lagði því næst frumvarpið fyrir þingið 1912 í endurbættri útgáfu. Fylgdi frumvarpinu þá ítarlegt álitsskjal frá Jóni Kristjánssyni prófessor. Hafði hann gert margar og mikilvægar breytingar á því og samið rækilegar ástæður fyrir þeim, og jafnframt hafði hann samið ítarlega skýringu við frumvarpið í heild sinni.

Nefnd var þegar í þingbyrjun sett í Ed., til að athuga frumvarpið, og vann hún mikinn hluta þingtímans að því. Gerði hún ýmsar breytingar á frumvarpinu, er stjórnin hefur fallist á í frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir.

Frumvarp þetta snertir að mjög litlu leyti þá hlið siglinga, sem að hinu opinbera veit, enda gilda á því sviði ýms lög all ítarleg, sem ekki virðist ástæða til að auka við eða breyta að svo stöddu. Þannig eru ákvæði um tilhögun á skrásetning skipa. Um lögin 13. des. 1895 um mæling skipa, í tilskipun 25. júní 1869. Um eftirlit með því, að skip sjeu sjófær l. 22. oktbr. 1912, um atvinnu við siglingar l. 10. nóv. 1905, um strönd og björgun 14. jan. 1876. Þá eru

og til sjerstakar siglingareglur, löggjöf um botnvörpuveiðar og fl., sem að mestu leyti einnig veit að því opinbera.

Um einkarjettarmálefni siglinga eru aftur á móti að eins dreifð og ósamstæð ákvæði í núgildandi íslenskum lögum Í raun og veru er að eins um tvenn lög að ræða, sem nokkru máli skifta, farmannalögin frá 22. mars 1890, sem tekin voru eftir dönskum lögum, sem þá giltu, en í þeim eru ákvæði um ráðning í skiprúm, lögskráningar, kaup skipverja, leiðarbækur skipa o. fl., og lög 16. nóv. 1907 um veð í skipum og ýms önnur rjettindi yfir skipum. Farmannalög Jónsbókar munu hins vegar að miklu leyti feld úr gildi. Í einstöku lögum öðrum munu og vera sjerstök ákvæði, þannig um árekstur í lögum 9. september 1899. Þá má og nefna 2. tilskipanir, aðra 28. des. 1792 um boðmerilán, hina 14. des. 1794 um repondentialán.

Af þessu er augljóst, að um mörg einkarjettarefni siglinga eru engin ákvæði og um fjölda mörg að eins ófullnægjandi ákvæði. Þannig eru nálega engin ákvæði um ábyrgð útgerðarmanna á gjörðum skipstjóra og skipshafnar, um skipstjórasamninga og skyldur skipstjóra, um ábyrgð hans á brotum skipverja nje um umboð skipstjóra fyrir útgerðarmenn og vátryggingar.

Enn fremur eru engin ákvæði um farmsamninga og farmskrár, sameiginlegt sjótjón (Groshavari), um skaðabætur fyrir ásiglingar, og upphæð björgunarlauna, nema um strand sje að ræða. Úr þessu er bætt með frumvarpi því sem hjer liggur fyrir. Í því er safnað saman í eina heild ítarlegum reglum um flest einkarjettarefni siglinga og sjómensku. Í sjálfu sjer er það atriði eins til mikilla þæginda, að dreifðum lögum er safnað í eina heild, en aðalatriðið verður þó alt af, hvernig lögin eru úr garði gerð. Viðfangsefni það, sem löggjafinn hefur hjer, er all erfitt, af því að gefa þarf lög um atvinnurekstur, sem er mjög ósamkynja, eins og kaupsiglingar og fiskiveiðar.

Ákvæði þau, sem um kaupsiglingar gilda á meðal siglingaþjóða, eru alstaðar mjög lík. Vissar alþjóðareglur hafa myndast, og er því að sjálfsögðu, að taka þarf fult tillit til þeirra í samskonar löggjöf hjá oss, engu síður en annarsstaðar. Að því er þessa hlið siglinganna snertir, virðist nefndinni, að frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, sje fullnægjandi. Í sjálfu sjer er hjer um mikla rjettarbót að ræða, því þó það megi að vísu með rjettu segja, að vjer Íslendingar tökum enn lítinn þátt í kaupsiglingum, þá snerti þó ýms ákvæði um kaupsiglingar alt viðskiftalíf vort, eins og reglurnar um flutningssamninga í 6. kafla. Ákvæðin þar t. d. um farmskírteini eiga stöðugt meira og meira erindi til vor, hvort sem vjer siglum eða ei. Auk þess virðist rjett að geta þess, að áhugi landsmanna á því að taka kaupsiglingar í hendur sínar virðist fara sívaxandi, og rætist úr þeim áhuga, er ljóst að því meiri þörf verður á löggjöf þessari. Örðugra er aftur á móti að samrýma kaupsiglingareglurnar við ákvæðin um fiskiveiðarnar. Að vísu eru nú æðimargar sameiginlegar reglur, sem gilda um allar siglingar, og á því svæði virðast ákvæði frumvarps þessa vera fullnægjandi, en aðalvandinn er að gæta þess að setja ekki ákvæði í lögin, miðuð aðallega við kaupsiglingar, sem geti orðið fiskiveiðunum til skaða. Þar sem slík ákvæði hafa komið fyrir, hefir við undirbúning þessa frumvarps verið reynt að laga þau eftir hinum sjerstöku kröfum um fiskiveiðarnar. Má í þessu sambandi minna á, að í 40. gr. eru gefin sjerstök ákvæði um bækur þær, er skip brúka, sem fiskiveiðar og flutning stunda hjer við land og eru yfir 12 tonn.

Nefndin lítur yfir höfuð svo á, að í frumvarpi þessu sjeu mörg ákvæði til stórhagsmuna fyrir fiskiveiðarnar, en hinsvegar virðist nefndinni, að frumvarpið í þeirri mynd, sem það nú er, feli ekki í sjer ákvæði, sem óttast þurfi, að verði fiskiveiðunum að tjóni. Hinsvegar er nefndinni það ljóst, að ástæða gæti verið til að gefa ýms sjerstök ákvæði um fiskiveiðarnar, en á því eru miklir erfiðleikar, að búa til fullnægjandi löggjöf fyrir þennan atvinnuveg, og síst treystandi öðrum til að undirbúa þá löggjöf til fullnaðar, en þeim sem sjerþekkingu hafa. Reynslan mun og best sýna það, ef frumvarp þetta verður að lögum, hvort nýrra ákvæða og hverra sje þörf um fiskiveiðarnar, og eins hins hvort nokkur ákvæði sjeu í frumvarpinu, sem ástæða væri til að undanskilja fiskiveiðarnar frá.

Nefndinni þykir að eins ástæða til að minnast á tvær af breytingum þeim sem hún hefir gert, með því flestar hinar eru að eins orðabreytingar. Er önnur þeirra við 25. gr. Samkvæmt henni fá sameigendur að skipi rjett til innan ákveðins tíma að innleysa skipshluta er einhver þeirra kann að selja. Ákvæði um innlausnarrjett þennan eru tekin nálega óbreytt úr norsku siglingalögunum, að eins lengdir sumir frestir, sem eftir staðháttum hjer þóttu of stuttir.

Nefndinni þótti hart, að fjelagsmenn gætu ekki á einhvern hátt komið í veg fyrir, að óheppilegur maður væri tekinn upp í fjelagsskapinn, en vildi þó hinsvegar ekki ganga svo langt, að taka upp forgangsrjett, með því athugavert þykir að leggja of mikið band á viðskiftalífið.

Hin breytingartillagan er við 40. gr. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar eiga skip, sem eru við fiskiveiðar og flutninga hjer við land, og eru 30 tonn að ummáli, að halda dagbók. Breytingin fer í þá átt að skylda þessi hvíli á skipum, sem eru 12 tonn eða þar yfir. Ástæðan til breytingarinn er sú, að nefndinni er kunnugt um, að fiskiskip á Vestfjörðum eru flest undir 30 tonnum, og þótti athugavert að þeim væri slept við að halda dagbók.

Nefndinni þykir rjett að benda á samning 24 þjóða í Bryssel 1910, er inniheldur ýmsar reglur um björgunarlaun og árekstur. Enn þá hefir samningur þessi ekki verið staðfestur, og þótti nefndinni því ekki ástæða til að breyta reglum frumvarpsins samkvæmt honum að svo stöddu, enda enginn verulegur munur á honum og ákvæðum frumvarpsins um sama efni. Nefndin treystir því hinsvegar, að greindum ákvæðum frumvarpsins verði breytt í samræmi við áminstan samning, jafnskjótt og unt er, eftir að hann kann að verða staðfestur.

Samkvæmt ofanrituðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með breytingum þeim, sem eru á þingskjali, 170.

Alþingi, 24. júlí 1913.

Eiríkur Briem, formaður. Sig. Eggerz, skrifari og framsögumaður. Sigurður Stefánsson.

H. J. Kristófersson. Einar Jónsson.

Nd. **162. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 16. nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins. (þskj. 79).

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, en hefir tekið nokkrum breytingum í Efri deild. Ástæður stjórnarinnar fylgja frumvarpinu í A-deild alþtíð. þ. á. bls. 106—108 og vísast til þeirra. Nefndarálit frá Efri deild er á þingskjali 51.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og orðið ásátt um að ráða deildinni til að samþykkja það með nokkrum breytingum.

Hámark láns þykir nefndinni ekki mega lægra vera en 5000 kr., þar sem áhersla er lögð á, að húsin verði gerð úr steini eða steinsteypu og frá þeim gengið á sem varanlegastan hátt.

2. gr. þykir nefndinni óþörf og vald það of rúmt, sem stjórninni er fengið. Það virðist auðsætt, að presti, sem tekur sjer aðstoðarprest, mundi als ekki meinað sjálfum að flytja á aðra jörð, ef hinn starfandi prestur byggi á prestssetrinu, svo að til þess þarf ekki lagabreyting. Ef breytt er skipun prestakalla, leiðir það og af sjálfu sjer, að ráðstafa verður húsum á hinu forna prestssetri án þess að presti, er þjónar kallinu, en á annarstaðar heima, verði það til byrði.

Niðurlagsorð 3. gr.: »og líklegt til sæmilegrar endingar« draga heldur úr því, sem felst í orðinu »vandað« og er rjettara að sleppa þeim.

7. gr. kemur í stað 11. gr. í gildandi lögum, og þykir nefndinni þær breytingar eigi til bóta. Grein frumv. ákveður, að landssjóður skuli leggja til aðkeypt efni og alt smíði til endurbyggingar húsi, er lánað hefir verið til samkv. lögum þessum, en ónýtist af einhverjum óviðráðanlegum öflum náttúrunnar, »en prestur annan kostnað«. Þessi »annar kostnaður« verður ekki annað en aðflutningur efnis. Ákvæði ábúðarlaganna, að landsdrottinn leggi til efni og smíði, en leiguliði veggi og þök, er ekki rjett til samanburðar í þessu efni, því að þar er um torfbæi að ræða, þar sem »veggir og þök«, að meðtöldu verkinu að koma þeim upp, eru mjög verulegur hluti af kostnaðinum við bæjargerðina.

Nefndin ber því fram þessar breytingartillögur við frv. á þingskjali 79:

Við 1. gr.: Í stað »4000 kr.« komi: 5000 kr.
2. gr. falli burt. Greinatalan breytist samkvæmt því.
Við 4. gr. sem verður 3. gr.: Niðurlagsorðin: »og líklegt til sæmilegrar endingar« falli burt.
7. gr. falli burt. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Neðri deild alþingis, 24. júlí 1913.

Lárus H. Bjarnason, formaður. — Benedikt Sveinsson, skrifari og framsögum.

Ólafur Briem. — Matth. Ólafsson. — Einar Jónsson.

Nd.

# 163. Frumvarp

til laga um vatnsveitingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Vötn öll, stór og smá, skulu svo renna sem að fornu hafa runnið, og má ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, sem breytingin snertir hagsmunalega, eða heimild sje gefin til þess í lögum þessum.

Nú breyta vötn farvegi sínum, og er þá hverjum heimilt, sem fyrir skaða verður, að veita þeim í sinn forna farveg, og hefir hann jafnframt rjett til að nota til þess efni úr annars manns landi, ef nauðsyn krefur, gegn endurgjaldi. Þegar um mikið mannvirki er að ræða, skal um það leita álits verkfróðs manns, sem landsstjórnin hefir tekið gildan eða sett til þess, og skal farið að hans ráðum um framkvæmd verksins. Borgun til hans telst til kostnaðar við verkið.

2. gr.

Við áveitu og framræslu skal vatni veita svo á land eða af landi, að öðrum sje ekki mein að.

Nú telur einhver sjer mein af áveitu eða framræslu annars og samkomulag verður ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt úttektarmenn til skoðunar- og matsgerðar á þessu. Telji úttektarmenn gjörðarbeiðanda að vísu skaða af áveitunni eða framræslunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en úttektarmenn skulu þá meta fullar bætur fyrir, enda verði henni ekki breytt nema með meiri kostnaði en skaði gjörðarbeiðanda telst.

Ef úttektarmenn meta gjörðarbeiðanda ekki meiri bætur en honum hafa verið boðnar, greiði hann matskostnað, en að öðrum kosti sá, er áveituna eða framræsluna hefir gjört.

3. gr.

Sá, sem veita vill vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars eða þarf að leiða vatnið yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt úttektarmenn til gjörðar um málið. Áliti úttektarmenn hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt í gegnum það, skal það heimilt gegn hæfilegu endurgjaldi. Telji þeir landeiganda baga að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef úttektarmenn telja skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstökunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið annarsstaðar eða leitt með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn gjöri. Gjörðarbeiðandi greiði matskostnað.

4. gr.

Ekki má öðruvísi en eftir samkomulagi gerstífla ár, læki eða aðra vatnsfarvegi, og halda þannig vatni fyrir öðrum.

5. gr.

Nú fellur vatn milli tveggja jarða, og eiga þá hvor um sig, þeir er land eiga að, rjett á að nota vatnið að helmingi. Ef vatnið er svo lítið, að ekki nægi, þá skal með úrskurði úttektarmanna ákveða skifti og notkun vatnsins. Borgun til úttektarmanna greiði hvor um sig að helmingi.

Ef fleiri jarðir liggja að á, læk eða öðru vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag næst ekki um, hvernig nota skuli, má útkljá það með löggiltri samþykt samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land eða lönd, sem ekki er skift til eignar svo sannanlegt sje, og geta þá þeir, er landið eiga, krafist þess, að úttektarmenn skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við jarðarmagn og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu. Rjett til að heimta yfirmat eða yfirúrskurð um skiftin hefir hver jarðeigenda og ábúenda, og auk þess hver veðhafi í landi því, er skift var, um eitt ár frá skiftadegi. Kostnaðinn við skiftin greiða jarðeigendur að tiltölu við jarðarmagn svo og kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð, ef breyting verður gerð á skiftum, ella greiðir gerðarbeiðandi þann kostnað.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns til samáveitu, um viðhald skurða og vatnsfarvega, og um vörn gegn skemdum af vatnságangi.

8. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt um samáveitu eða framræslu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metinn er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber honum 4 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað að auki, eftir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

9. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 8. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefur

gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefur ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

10. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

11. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþyktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

12. gr.

Ákveða má í samþykt 1—200 kr. sektir fyrir brot gegn henni, og þá jafnframt tiltaka, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sje krafist. Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar, en náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

14. gr.

Þegar gerðar eru mælingar til undirbúnings samáveitu, er þeim, sem það gera, heimilt að fara að ósekju yfir lönd manna hvar sem er, hvort heldur gangandi eða með hesta, en varast skulu mælingamenn óþarfa troðning á túnum eða engjum. Merki þau og vörður, er mælingamenn þessir setja, skulu teljast til hluta þeirra, er friðaðir eru samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

15. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli jarðanna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver jörð liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar jarðir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna.

16. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi úttektarmanna er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til úttektarmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Nú er samþykt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landsdrottinn um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landsdrottinn leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og ennfremur eftirgjaldsauka eftir samkomulagi eða eftir mati úttektarmanna, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landsdrottinn ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna, og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar tólfföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

18. gr.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkvæmt 17. gr., getur stjórn samáveitunnar krafizt þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa áveitufjelaginu. Snýr stjórnarnefndin sjer í því efni til hjeraðsdómarans, sem dómkveður 3 óvilhalla menn utansveitar og utan áveitusvæðisins til að meta jörðina til eignarnáms. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna. Nú er landeigandi eða áveitufjelagsstjórnin óánægð með matsverðið, og má þá hvor um sig skjóta gerðinni til yfirmatsnefndar þeirrar, sem greinir um í 20. gr. Matsnefndirnar skulu láta birta landeiganda og áveitustjórn matsgerðir á sama hátt og dómar eru birtir; kostnaður við það telst til matskostnaðar. Áfrýjunarfrestur eru 3 mánuðir frá birting. Áður en 5 mánuðir eru liðnir frá birting matsgerðar, enda sje undirmatsgerð ekki áfrýjað, skal stjórn áveitufjelagsins krefjast, að eignarnámið fari fram og leggja fram matsverðið. Áveitufjelaginu eða þeim, er síðar eignast jörðina, er skylt að leggja fram áveitukostnaðinn og öðlast þá þann rjett gagnvart leiguliða, sem segir í 17. gr.

19. gr.

Þar sem ákveðið er í lögum þessum, að úttektarmenn skuli skoða, meta, skera úr o. s. frv., skulu það gjöra úttektarmenn í því umdæmi, þar sem það liggur, sem meta á, skoða eða skera úr um. Nú liggur það í tveim úttektarmannaumdæmum eða fleiri, en í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá sýslumaður tilnefna tvo af úttektarmönnum umdæmanna til gerðarinnar. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Úttektarmenn tilnefna oddamann, áður mat byrjar, sem sker úr, ef þá greinir á. Nú er svæði það, sem gerðina varðar, í tveim lögsagnarumdæmum eða fleiri, og heyrir þá tilnefning gerðarmanna, sú, sem á undan greinir, undir hjeraðsdómarann í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðarbeiðandi býr, ef hann býr á svæðinu, eða, ef hann býr utan þess, þar er sú fasteign liggur, sem hann beiðist gerðar vegna. Má dómarinn í þessu tilfelli útnefna menn úr hverju umdæmanna sem er.

Fyrir skoðunar- og matsgerðir o. s. frv. eftir lögum þessum fá úttektarmenn sömu borgun og þeim ber að lögum fyrir áþekk störf, og greiðist hún af gerðarbeiðanda, ef ekki er öðru vísi kveðið á í lögum þessum.

20. gr.

Öllum matsgerðum og úrskurðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, má hver sá, sem málið varðar, skjóta til yfirmats eða yfirúrskurðar dómara þess, sem útnefning úttektarmanna samkvæmt 19. gr. ber undir, og 4 manna annara, óvilhallra, sem hann kveður til þess fyrir rjetti og mega þeir vera úr öðrum lögsagnarumdæmum, ef dómaranum þykir ástæða til þess. Dómarinn er formaður yfirmatsmanna og stýrir matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð, ella skal ákveðið í yfirmatinu eða yfirúrskurðinum, hverir greiða skuli, sbr. þó 6. gr.

21. gr.

Skaðabætur þær, sem úttektarmenn eða yfirmatsnefnd meta samkvæmt lögum þessum, mega vera annaðhvort fjegjald í eitt skifti eða árlegt fjegjald, eftir því hvernig skaða þeim er varið, sem bæta skal.

Nú kemur í ljós, er frá líður, meiri skaði en fyrirsjáanlegur var, þá mat fór fram, og er þá heimilt að láta meta upp aftur, og fer það mat fram á sama hátt og frummatið.

Fjegjöld samkvæmt matsgjörðum og kostnað við matsgjörðir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki.

22. gr.

Úttektarmenn, matsmenn eftir 18. gr., og yfirmatsnefnd skulu gefa málsaðilum kost á að vera við mats- og skoðunargerðir þær, er þeir framkvæma eftir lögum þessum; skulu þeir því í tæka tíð tilkynna þeim hvenær

matsstörfin eða skoðunargjörð byrja og er störfum lýkur í hvert sinn, hvenær þau verði tekin fyrir aftur. Aðilum skal gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu aðilar viðstaddir, er matsmenn ræða málið sín í milli til undirbúnings álits síns eða þegar álitið er samið.

23. gr.

Brot gegn 3. og 4. gr. laga þessara varða sektum 10—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir þessar renna í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþyktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir á-kvæðum framanskráðra laga.

Nd. **164. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum um vörutoll 22. okt. 1912.

Nefndin leitaði álits Kaupmannaráðsins og bæjarfógetans í Reykjavík um þetta mál. Kaupmannaráðið sendi nefndinni tillögur sínar í brjefi, dagsettu 19. þ. m., en bæjarfógeti sendi á fund hennar Vigfús lögfræðing Einarsson, sem haft hefir á hendi tollheimtuna, og ræddi hann málið allítarlega við oss.

Niðurstaða nefndarinnar er sú, að hún leggur til að frumvarpið verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Framan við greinina komi: Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:
   Sóda, krít, bensin, þakhellur (skifer) og smjörsalt.
2. Við 1. gr. Eftir »lausar umbúðir« komi: þar á meðal umbúðapappír, prentaður og óprentaður, ullarsekkir, fljettuvoðir til umbúða (mottur), strigaábreiður (hvort sem þær eru tjargaðar, farfaðar eða eigi), vjelaáburður, húsapappi, alskonar kaðlar og öll veiðarfæri, þar á meðal netakúlur og flotholt, hjólklafar (blakkir), saumur, ljáblöð, brýni, hverfisteinar, járnkarlar, sleggjur, steðjar, kokolit, akkeri og akkerisfestar, járnbitar til húsagerðar.
3. Við 1. gr. Fyrir »járnbrautarteinar« komi: teinar, rær, gaddar og spengur til járnbrautargerðar.

4. Við 1. gr. Á eftir »sag« komi: olíufatnaður og gólfdúkur (linoleum).
5. Aftan við greinina bætist:

Þriðji liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alskonar vefnaðarvöru, fatnaði og tvinna 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. greinar vörutollslaganna, skulu þar taldir bátar.

Sjötti liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir: Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr.

Skip og bátar skulu því að eins undanþegnir vörutolli, að þeim sje siglt til landsins. Pappír skal undanþeginn tollinum.

6. Ný grein bætist við svo hljóðandi:

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 25 aurar.

7. Við 2. gr. Önnur grein verður 3. grein.

Alþingi 24. júlí 1913.

Jón Jónsson, (formaður). Bjarni Jónsson frá Vogi, (skrifari).

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson. M. J. Kristjánsson.

Nd. **165. Frumvarp**

til laga um mannanöfn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, er hjer fara á eftir, hvert um sig, þá merkingu, er nú skal greina:

*Fornafn* er löglegt eiginheiti hvers manns.

*Föðurnafn* hvers manns er fornafn föður hans haft í eignarfalli að viðbættum *son*, ef karlmaður er, en *dóttir*, ef kvenmaður er.

*Kenningarnafn* er hvert það heiti, er maður hefir í viðbót við fornafn og föðurnafn, en gengur ekki til afkomenda hans.

*Ættarnafn* er hvert það heiti, auk fornafns og föðurnafns, er ganga skal óbreytt mann fram af manni í beinan karllegg.

*Nafnfesti* er leyfisbrjef, sem maður fær eftir þessum lögum, til að breyta nafni sínu eða taka upp nýtt nafn.

2. gr.

Hver sá maður, er hlotið hefir 2 fornöfn eða fleiri, er skyldur til, frá því er hann verður 18 ára, að nota sama fornafn eða sömu fornöfn alla ævi, nema leyfi fái til breytingar, og skal hann rita þau fullum stöfum, nema stytting sje heimiluð, sbr. 8. gr., og sleppa að öllu þeim fornöfnum sínum, sem hann notar ekki. Fornafn skal ávalt rita á undan föðurnafni og ættarnafni.

Hver maður skal rita föðurnafn sitt fullum stöfum á eftir fornafni, og alla ævi nota sama nafn föður síns, ef faðirinn hjet fleiri nöfnum.

Nú hefir maður löglegt kenningarnafn eða ættarnafn, og skal þá rita það fullum stöfum á eftir föðurnafni, en þá má skammstafa föðurnafnið eða hafa upphafsstaf þess einan.

Ef maður er skírður nafni, sem er löglegt ættarnafn annarar ættar, þá er honum óheimilt að hafa það fyrir kenningarnafn eða ættarnafn.

3. gr.

Þá er kona giftist, má hún taka upp ættarnafn manns síns, ef til er, á eftir föðurnafni sínu, ella nota föðurnafn sitt eitt og þá sleppa ættarnafni sínu, ef nokkurt var.

Nú skilur kona við mann sinn að lögum, og er henni þá frjálst að taka upp aftur ættarnafn sitt, ef til var, en fá verður hún nafnfesti samkvæmt 10. gr. Þessi nafnskifti getur stjórnarráðið, ef sjerstök ástæða er til, leyft að nái til barna hennar, sem hún hefir foreldraráð yfir og yngri eru en 18 ára, og eins þó eldri sjeu, ef þau æskja þess sjálf, þó má hún ekki fá börnunum ættarnafn sitt, nema foreldrar hennar og systkini gefi leyfi til, þau er lifa hjer á landi.

4. gr.

Öllum er skylt að nota löglegt ættarnafn föður síns, og tekur það einnig til óskilgetinna barna, ef faðerninu er játað.

Ef barn er föðurlaust, skal það bera föðurnafn móður sinnar, og ættarnafn, ef til er.

5. gr.

Enginn má breyta fornafni sínu, föðurnafni, kenningarnafni eða ættarnafni, eða taka upp og nota nokkurt nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þessara laga.

6. gr.

Nú vill maður, sem fæddur er á Íslandi, taka upp kenningarnafn eða ættarnafn hjer á landi eða breyta eldra ættarnafni, og skal hann þá senda stjórnarráði Íslands beiðni um það, og láta henni fylgja skírnarvottorð sitt eða þau vottorð, er samkvæmt gildandi lögum koma í þess stað. Sje umsækjandi yngri en 18 ára, verður hann að láta beiðninni fylgja samþykki þess foreldranna, er foreldraráð hefir yfir honum.

Hjón geta, meðan hjónabandinu er ekki slitið með lögum, því að eins fengið heimild til nýs ættarnafns, að þau sjeu því bæði samþykk.

Systkini mega í sameiningu sækja um sameiginlegt ættarnafn, og verður þá að fylgja umsókninni skírnarvottorð þeirra, er hið nýja nafn á að ná til.

Eigi umsækjandi börn á lífi, er lögum samkvæmt bera nafn hans, skal

nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef þau eru yngri en 18 ára og hann hefir foreldraráð yfir þeim. Sjeu þau eldri en 18 ára, má nafntakan eða nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef umsækjandi hefir haft foreldraráð yfir þeim innan 18 ára aldurs, og þau sjálf samþykkja.

Faðir eða móðir geta einnig, ef framangreind skilyrði eru fyrir hendi, fengið heimild til ættarnafnstöku eða ættarnafnsbreytingar fyrir börn sín, þótt þau sjálf breyti ekki ættarnafni sínu. Skal þá nafntakan eða nafnbreytingin ná til þeirra barna allra, sem umsækjandi hefir foreldraráð yfir.

Hafi hjón fengið nýtt ættarnafn upptekið fyrir sameiginleg börn sín, hljóta seinni börn í því hjónahandi sama ættarnafn.

Enginn getur fengið nafni sínu breytt oftar en einu sinni eftir 18 ára aldur.

7. gr.

Enginn getur fengið heimild til að taka upp og hafa að kenningarnafni eða ættarnafni nein þau nöfn, er nú skal greina:

*a.* Ættarnöfn, sem eru lögleg eða viðurkend eign íslensks manns, ef hlutaðeigandi sjálfur eða fjárhaldsmaður hans hefir með brjefi til stjórnarráðsins fyrir 1. jan. 1915 tilkynt ættarnafnið, og lagt bann við, að það sje notað.

Ættarnafn, sem upp hefir verið tekið fyrir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), telst viðurkend eign þess, er það hefir notað. Upplýsingar um það, hvenær ættarnafn hefir verið tekið upp, skal fylgja tilkynningunni, og getur stjórnarráðið heimtað þær sannanir fyrir upptöku nafnsins, er því finst ástæða til.

*b.* Ættarnöfn, sem eru löglega upptekin eftir 1. jan. 1915.

c. Nöfn, er telja verður óhæf í íslensku máli, svo sem ættarnöfn, er enda á *son*, *sen* eða *dóttir*, eða hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er getur um í stafiið a. og b., að villum geti valdið.

Stjórnarráðið skal skera úr öllum deilum, er rísa kunna út af fyrirmælum þessar greinar. Nú vill einhver taka upp nýtt kenningarnafn eða ættarnafn og finst það ekki í þeirri skrá, sem um getur í 8. gr. 1, og skal þá jafnan leita og hlíta úrskurði íslenskukennara Mentaskólans um það, hvort nafnið, sem um er beðið, sje hafandi í málinu.

8. gr.

Skrá um ættarnöfn, er ekki má taka upp samkvæmt 7. gr. staflið a., semur stjórnarráðið og lætur prenta í B-deild Stjórnartíðindanna. Við hver árslok skal prenta viðauka við skrá þessa, og skal þar innfæra þau ættarnöfn, sem leyfi hefir verið veitt til að taka upp á árinu. Nafnaskráin og viðaukarnir skulu vera til sölu hjá bóksala í Reykjavík. Stjórnarráði ákveður söluverðið.

Ennfremur skal stjórnarráðið láta semja og gefa út:

1. Skrá yfir orð og heiti, sem hæf eru til að hafa að ættarnöfnum.
2. Skrá yfir góð íslensk forn og ný fornöfn karla og kvenna, er sjerstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni.
3. Skrá yfir skammstafanir þær á fornöfnum manna, sem heimilt skal vera að nota.

9. gr.

Ættarnöfn eða kenningarnöfn, sem upp hafa verið tekin án löglegrar heimildar eftir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), má því að eins nota eftirleiðis, að hlutaðeigandi fái heimild til að nota þau, annaðhvort með nafnfesti eða konunglegu leyfisbrjefi.

10. gr.

Sje ekkert nafntökunni eða nafnbreytingunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út nafnfesti, sem umsækjandi fær afhenta gegn gjaldi því, er ákveðið er í 12. gr. Jafnframt sendir stjórnarráðið hlutaðeigandi sóknarpresti eftirrit af nafnfestinni, og skal hann geta nafntökunnar í kirkjubókinni við skírnarnöfn þeirra, er nafntakan eða nafnbreytingin nær til.

11. gr.

Breytingar á nöfnum eða ný fornöfn geta menn fengið með konungsleyfi á þann hátt, er tíðkast hefir.

Prestum er heimilt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg eða rangmynduð.

12. gr.

Fyrir hverja nafnfesti, sem út er gefin samkvæmt 10. gr., hvort heldur fyrir einn mann eða heila fjölskyldu, skal greiða 5 kr., er renna í landssjóð.

Fyrir skrásetningu ættarnafna þeirra, sem getið er í upphafi 8. gr. (sbr. 7. gr. a.) skal gjalda 2 kr. fyrir hvert nafn og rennur gjaldið í landssjóð.

13. gr.

Fullveðja mönnum, sem nú eru uppi, er frjálst að rita nafn sitt á þann hátt, sem þeir hafa tíðkað.

Útlendingum, sem hingað koma, er frjálst að rita löglegt heiti sitt á sinn vanahátt.

Í öllum opinberum skrám og skýrslum, skal ávalt rita fornafn manna á undan föðurnafni.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er falla í landssjóð. Með mál útaf þeim skal farið sem með almenn lögreglumál.

15. gr.

Heimild stjórnarráðsins til að gefa út nafnfestar um upptöku ættarnafna gengur í gildi 1. jan. 1915. 9. gr. laganna gengur í gildi 1. jan. 1916. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi 1 jan. 1914.

Nd.

# 166. Frumvarp

til laga um bæjanöfn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Nöfnum á býlum, afbýlum, grasbýlum eða húsmenskubýlum, utan kaupstaða og kauptúna, er jarðabók telur, má enginn breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

2. gr.

Nú vill eigandi býlis, er jarðabók telur, taka upp nýtt nafn á býlí sínu eða breyta því, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýra frá nafni býlisins og dýrleika, og tilgreina ástæður fyrir nafnbreytingunni, og skal henni fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda. Beiðnina með fylgiskjölum sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir hana til stjórnarráðsins.

3. gr.

Telji stjórnarráðið nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu, fyrir einhverjar sakir óheppilegt, endursendir það sýslumanni beiðnina, og skal beiðanda þá gefinn kostur á að velja annað nafn á býlinu. Samnefni á býlum í sömu sýslu má eigi leyfa.

Sje nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út nafnfesti. Nafnfestina sendir stjórnarráðið sýslumanni, og ber honum að þinglesa hana á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Nýnefni á býlum, er jarðabók telur, sem upp hafa verið tekin áður en lög þessi öðlast gildi, mega því að eins haldast, að fengið sje leyfi stjórnarráðsins til nafnbreytingarinnar. Beiðni um nafnbreytinguna skal senda stjórnarráðinu innan 12 mánaða frá því lög þessi öðlast gildi, og gilda um þá beiðni þau ákvæði, sem sett eru í 2. og 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Fyrir nafnfestina greiðir beiðandi 25 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning nafnfestinnar greiðir beiðandi sýslumanni 2 kr. auk hins lögákveðna þinglestrargjalds. Sje býlisnafnið 10 árum eldra en lög þessi, eða það sje gamalt en úrelt heiti á býlinu, skal þó ekkert gjald greiða fyrir nafnfestina, nema skrásetningargjaldið til sýslumanns og þinglestrargjaldið.

6. gr.

Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefir í jarðabókinni. eða húsi eða þurrabúð í kaupstað eða sjóþorpi, og skal hann þá afhenda sýslumanni til þinglesturs yfirlýsingu sína um nafn býlisins. Í yfirlýsingu þessari skal skýrt frá, á hvaða landeign og hvaða ár það er bygt, landstærð

þess, ummerkjum og dýrleika, ef metið er. Yfirlýsingunni skal fylgja afsalsbrjef fyrir eigninni, eða önnur skilríki fyrir eignarrjetti umsækjanda.

Sýslumanni er heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt.

Ekki má taka upp nafn, sem samnefnt er öðru býli í sömu sýslu.

Þinglesnu nafni á býli má ekki breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er renna í landssjóð. Skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa eftirlit með að lögum þessum sje hlýtt.

8. gr.

Mál útaf lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Ed. **167. Lög**

um sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor.

(Samþ. í Ed. 24. júlí).

Þá er skáldið Steingrimur Thorsteinsson lætur af rektorsembætti við hinn almenna mentaskóla, veitist honum í viðbót við lögmælt eftirlaun kr. 1333,33 sem árleg heiðurslaun.

Nd. **168. Frumvarp**

til laga um stimpilgjald.

Frá skattamálanefndinni.

**I. Almenn ákvæði.**

1. gr.

Þá er skjöl þau, sem um ræðir í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd af embættismanni, sem til þess er bær, á hann að sjá um, að þau sjeu stimpluð, eins og fyrir er mælt í lögum þessum, á kostnað þess manns, sem biður um, að skjalið sje útgefið eða afgreitt.

2. gr.

Stjórnarráðið lætur búa til stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hvernig haga skuli sölu á

stimpilmerkjum. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2 af hundraði af þeirri upphæð, sem inn kemur við söluna.

Stjórnarráðið hefir heimild til þess að láta búa til pappír með áletruðu stimpilmerki, og má nota hann í stað stimpilmerkja.

3. gr.

Engin áhrif hefir það á stimpilskylduna, hvenær eða hvar skjal er útgefið, eða hvar útgefandi á heima. Við útreikning stimpilgjaldsins gilda þessar almennu reglur:

a. Þegar stimpilgjald skal reikna sem hundraðsgjald eftir verðhæð skjalsins, færist það niður í tölu, sem er deilanleg með 5, en má þó eigi vera minna en 10 aurar.
b. Hljóði skjalið um vöru, skal farið eftir almennu verðlagi, þar sem samningar fara fram.
c. Í afsals- og afhendingarskjölum og leigusamningum, sem þinglesin eru, skal ávalt tilfæra kaupverð, leigumála eða andvirðið, sem fyrir rjettindin kemur.

Nú inniheldur stimpilskylt skjal eigi nægilegar upplýsingar um verðmæti skjalsins, og getur valdsmaður þá heimtað af samningsaðilum nákvæmari upplýsingar eða álit þeirra um það, eins og þeir hyggja sannast og rjettast, og afgreiðir hann eigi skjalið fyr en hann hefir fengið þær upplýsingar í þessu efni, er honum þykir nægja.

d. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi, þá er skjalið er gjört, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, skal þá stimpilgjaldið reiknað af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, skal stimpilgjaldið vera af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef greiðsla er áskilin um æfitíð einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi, þá er skjalið er gjört, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu fimmföldu; ef árgjaldið er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

## II. Um stimpilgjald einstakra skjala.

4. gr.

Með $^1/_2$ % af verðhæðinni skal stimpla neðangreind skjöl:

a. *Afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum*, þar með talin afsöl við fógetagjörðir, skifti eða uppboð, svo og öll önnur skjöl um afsal fasteigna og skipa, hvort heldur eru kaupsamningar, makaskiftabrjef, gjafabrjef, próventusamningar eða önnur slík skjöl. Enn fremur erfðafestubrjef, ef þau veita kaupanda rjett til að selja og veðsetja eignina. Ef giftingarvottorð, erfðaskrá eða önnur slík skjöl, eru þinglesin sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema því að eins, að endurgjald sje áskilið til meðerfingja eða annara, því þá skal reikna stimpilgjaldið sem að framan greinir eftir endurgjaldinu.

Að öðru leyti skal reikna stimpilgjaldið fyrir öll slík heimildarskjöl eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í afsalsbrjefinu. Með kaupverðinu skal telja veðskuldir og aðrar kvaðir, sem kaupandi eða rjettþegi tekur að sjer. Föst kúgildi teljast með í kaupinu eða afsalinu, en fylgi því annar fjenaður eða lausafje, og verðhæð þess er sönnuð áður en skjalið er þinglesið, skal ekkert stimpilgjald greiða af því.

Þegar kaupsamningur er þinglesinn, má þinglesa afsalsbrjef til sama kaupanda án þess það sje stimplað á ný. Ef heimildarbrjef er framselt, er það skoðað sem sjerstakt afsalsbrjef og stimplað svo.

b. *Byggingarbrjef og leigusamninga* um fasteignir og skip, eftir þeim reglum, sem segir í 3. gr. d. Ef áskilinn er uppsagnarfrestur til þess að leigumálar falli niður, álítst samningurinn gjörður um óákveðinn tíma. Framsal á slíkum rjettindum skal stimpla eins og segir í staflið a. um framsal heimildarbrjefa.

c. *Skjöl, sem heimila rjett til fiskiveiða, eða veiðirjettindi, leggja ítök, iskyldur eða kvaðir á annars manns fasteign,* ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjald eftir endurgjaldinu. Ef ekkert endurgjald er greitt eða áskilið, skal stimpla skjalið sem yfirlýsingu. Framsal á þessum rjettindum skal stimpla á sama hátt, sem segir í staflið a. um framsal heimildarbrjefa.

d. *Erfðaskrár.* Um leið og látið er tilkynt skiftaráðanda, skal hann grenslast eftir því, hvort erfðaskrá sje til, og ef svo er, gjöra ráðstafanir til, að hún sje send sjer þegar í stað ásamt öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða stimpilgjaldið, en það skal gjört þannig: gjaldið skal reiknað eftir þeirri upphæð, sem samkvæmt erfðaskránni fellur til arfs, að frádreginni þeirri upphæð, sem að lögum hefði fallið í arf til hvers einstaks erfingja eða gjafþega. Minsta stimpilgjald er þó 2 krónur.

Ákvæði um, að ekkja skuli sitja í óskiftu búi, skal stimpla með 1 kr., ef þau eru sjerstaklega gjörð.

Um dánargjafir og gjafarfa gilda sömu reglur sem um erfðaskrár.

Eftirlátnar eigur arfleiðanda skal reikna til stimpilgjalds á sama hátt sem til erfðafjárgjalds. Stimpilgjaldið greiðist einungis einu sinni, eftir þeim erfðaskrár-ákvæðum, sem gilda við andlátið, jafnvel þó þau standi í fleiri skrám en einni. Gjaldið hvílir sameiginlega á öllum erfingjum, einum fyrir alla og öllum fyrir einn, en að öðru leyti hvílir skyldan, nema öðru vísi sje ákveðið í erfðaskránni, á hverjum erfingja út af fyrir sig, hlutfallslega við það, sem honum hlotnast eftir henni, fram yfir þann arf, sem honum hefði borið að lögum. Ef einn eða fleiri menn hafa með erfðaskránni hlotið rjett til að njóta vaxta eða þegið gjafir, skal skiftaráðandi ákveða, hvernig skifta skuli stimpilgjaldi milli þeirra, þó þannig, að sá, sem er óánægður með úrskurð hans, getur skotið málinu til stjórnarráðsins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

Stimpilgjaldið skal greiða um leið og erfðafjárgjaldið; afsalsbrjef og önnur heimildarbrjef fyrir skipum skal stimpla um leið og skip er skrásett; erfðaskrár, þegar arfleiðandi deyr, en öll önnur skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt þessari grein, um leið og þau eru þinglesin.

5. gr.

Með 1/4% af verðhæðinni skal stimpla þessi skjöl:

a. *Kaupmála* um leið og þeir eru staðfestir, eða þegar staðfestingar þarf eigi, þá þegar þeir eru þinglesnir. Stimpilgjaldið skal reikna eftir verðhæð þess, sem haldið skal utan fjárfjelags af annars eða beggja hálfu.

b. *Fjelagssamninga* um leið og þeir eru staðfestir eða þinglesnir. Gjaldið skal reiknað eftir upphæð alls þess fjár, sem aðilar leggja í fjelagið, en er þó eigi, þegar staðfestingar er leitað, lægra en 10 krónur. Sje fasteign eða skip afhent fjelaginu til eignar og umráða, skal þó reikna stimpilgjaldið 1/2% af verðhæðinni, en þegar svo á stendur, má þó þinglesa samninginn eða skrásetja hann sem eignarheimild án frekara stimpilgjalds. Nú leggur einn aðili fram peningaupphæð eða peningaígildi, en annar persónulega vinnu, og skal þá meta hana jafna peningaframlaginu, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum; sjeu peningaframlög mismunandi, skal telja vinnuna jafna lægsta framlaginu. Nú hljóðar samningur eigi um nein framlög, heldur að eins um persónulega vinnu aðila í einhverjum arðsömum tilgangi, og skal þá stimpla hann með 10 krónum.

Ef aðilar leysa upp fjelag sitt, og skjal um það er þinglesið eða skrásett sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal stimpla það sem eignarskjal, ef fasteignin eða skipið fellur til annars en þess, sem eftir stimpluðu heimildarskjali hefur lagt það í fjelagið, ella stimplast skjalið sem yfirlýsing.

c. *Skuldabrjef og veðskuldabrjef*, sem eru þinglesin með tryggingu í fasteign, skipi eða lausafje, svo og kyrsetningar og aðfarargjörðir, svo framarlega sem fasteign hefir eigi verið lögð út til eignar.

Stimpilgjaldið skal reikna eftir upphæð skjalsins. Sje veðrjettur stofnaður fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

d. *Framsal á skjölum þeim*, sem nú voru nefnd undir staflið c, ef framsalið er þinglesið, hvort sem framsalið er ritað á sjálft skjalið eða á sjerstakt skjal. Stimpilgjaldið skal reikna eftir þeirri skuldarupphæð, sem framseld er eða veðrjetti þeim, sem framseldur er.

e. *Yfirfærsla á skyldum skuldunauts til annars*, ef skjalið er þinglesið, jafnvel þó yfirfærslan sje rituð á skjal, sem áður hefir verið stimplað.

Ef stimpilskylt eignar- eða heimildarbrjef skyldar kaupanda til þess að taka að sjer veðskuldir, eða á annan hátt að greiða nokkurn hluta kaupverðsins til seljanda eða þriðja manns, og veðbrjef um þessa skyldu er eigi þinglesið, skal stimpla heimildarbrjefið að þessu leyti sem veðskuldabrjef, en þá má síðar þinglesa veðbrjefið án frekara stimpilgjalds. Nú er kaupsamningur þinglesinn, sem skyldar kaupanda til þess að greiða af kaupverðinu, áður en afsalsbrjef er gert, og skal þá ekkert stimpilgjald greiða, nema samningurinn sje sjerstaklega þinglesinn sem veðbrjef að þessu leyti.

6. gr.

Eftirnefnd skjöl og brjef skal stimpla með föstu gjaldi.

a. *Yfirlýsingar,* sem eru þinglesnar eða skrásettar, þær skal stimpla með einni krónu, ef þær falla ekki undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.
b. *Borgarabrjef til verslunar* með 10 krónum; borgarabrjef handiðnamanns eða skipstjóra með 5 krónum. Sveinsbrjef með 2 krónum. Málaflutningsleyfi með 20 krónum.
c. *Leyfisbrjef sem stjórnarráðið* eða *valdsmenn* gefa út, skal stimpla svo sem hjer segir:

*Einkaleyfis veitingarbrjef* með 50 krónum.

*Leyfisbrjef* sem veita *undanþágu* frá skilyrðum, sem sett eru í einkaleyfisveitingabrjefum með 25 kr. *Vígslubrjef* með 1 kr., önnur leyfisbrjef með 2 kr.
d. *Embættisveitingabrjef* eða sýslanabrjef, sem stjórnarráð, sýslumenn, bæjarstjórnir eða önnur stjórnarvöld veita, stimplast þannig: Ef árslaunin ekki yfirstíga 1000 kr. með 2 krónum, ef launin eru frá 1000 kr. til 2000 kr. með 4 kr., ef þau eru frá 2000 kr. til 3000 kr. með 8 kr., ef þau eru frá 3000 til 4000 kr. með 12 kr., og sjeu þau þar yfir (4000 kr.) með 16 krónum.
e. *Mælingabrjef* skipa frá 12—30 tons með 1 kr., frá 30—100 tons með 2 kr., og sjeu þau þar yfir með 5 kr.
f. *Sáttakærur, fyrirköll, stefnur og innlegg fyrir undirrjetti og prófastsrjetti,* skal stimpla með 50 aurum, um leið og þau eru lögð fram í rjettinn. Útdrætti, afrit og vottorð, sem einstakir menn biðja um úr dómsmálabókum, skiftabókum, uppboðs- eða notarialbókum, veðbókum, skipaskráningarbókum, firmaskránni og vörumerkjaskránni, skal stimpla með 50 aurum. Sama stimpilgjald skal greiða fyrir notarialgerðir og notarial-vottorð hverskonar sem eru, þar á meðal notarial-vottorð um undirskrift, um stefnubirtingu, afsögn á víxli o. s. frv.

Fullkomnar dómsgerðir eða aðrar rjettargerðir in forma fyrir hjeraðsrjetti stimplast með 2 kr. Þingsvitni stimplast með 1 kr. Stimpilfrjáls eru þó þingsvitni, sem tekin eru til þess að öðlast verðlaun fyrir björgun frá druknan, eða þegar slys ber að höndum. Stefna og innlegg til yfirrjettar, skipaðra (commissions) dómstóla og synodalrjettar stimplast með 2 kr. við framlagninguna. Dómsgerðir frá sömu rjettum með 4 kr.

Í opinberum málum og barnsfaðernismálum greiðist ekkert stimpilgjald. Í gjafsóknarmálum er gjafsóknarhafi undanþeginn því að greiða stimpilgjald bæði við rekstur málsins og fyrir útskriftir þær og vottorð, er hann kann að þurfa til upplýsingar í málinu, en verði hinn málsaðili dæmdur til þess að greiða honum málskostnað, skal hann einnig skyldur til þess að greiða þau stimpilgjöld, er greiða hefði átt, ef málið hefði ekki verið gjafsóknarmál.
g. *Löggiltar verslunarbækur* stimplast með 2 krónum.
h. *Útnefningar utanrjettar* stimplast með 1 krónu.

7. gr.

Öll önnur skjöl en þau, er nú hafa verið nefnd, eru stimpilfrjáls, svo eru og undanþegnar stimpilgjaldi þær bækur, brjef og skuldbindingar, sem um getur í 14. gr. laga nr. 11, 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafjelags-

banka á Íslandi, svo og samskonar bækur, brjef og skuldbindingar Landsbankans.

Þegar skjal, sem þegar er stimplað eftir einhverri af reglum þeim, sem að framan greinir, verður stimpilskylt á ný eftir annari reglu t. a. m. þegar veðskuldabrjef, sem er undirskrifað í viðurvist notarii er afhent til þinglesturs, þá skal skjalið stimplast að fullu eftir báðum reglum. Hinsvegar er skjal, sem þegar er stimplað við þinglestur þess eða skrásetning, ekki stimpilskylt á ný, þó það eða samrit af því sje þinglesið eða skrásett í öðrum lögsagnarumdæmum, og heldur eigi þó það vegna áteiknunar verði á ný afgreitt af yfirvaldi, nema áteiknun sje framsal eða á annan hátt hafi sjálfstæða stimpilskyldu í för með sjer.

## III. Ýms ákvæði.

8. gr.

Þegar skjal, sem er stimpilskylt samkvæmt framanskráðum reglum, er afhent embættismanni, skal hann skýra hlutaðeigandi frá upphæð stimpilgjaldsins, eða ef ekki er hægt að reikna það út, heimta þegar nauðsynlegar upplýsingar í því efni. Eigi má fresta afgreiðslu skjals af því að embættismaður tortryggir upplýsingar þær, er liggja til grundvallar fyrir verðhæðinni, en þegar svo stendur, á getur hann látið virðingu fram fara af útnefndum mönnum. Meti þeir verðmæti skjalsins að minsta kosti 10% hærra en skýrt var frá, skal sá, er stimpilskyldan hvílir á, borga virðingarkostnaðinn ella greiðist hann úr landssjóði.

9. gr.

Nú verður það uppvíst, að verðhæð skjals, sem er stimpilskylt, er sett lægri en rjett er, til þess að svíkjast undan gjaldi, eða ósannar skýrslur eru vísvitandi gefnar í sama skyni, og skal þá greiða fult gjald, og auk þess sekt, er sje að minsta kosti fimmfalt hærri en stimpilgjaldið. Sektina ákveður lögreglustjóri með úrskurði, er áfrýja má til yfirrjettar.

Sömu ábyrgð skal sá sæta, sem til þess að komast undan stimpilgjaldi á erfðaskrá, lætur fyrirfarast að leggja hana fram í skiftarjetti við andlát arfleiðanda.

10. gr.

Sektir og ógoldin stimpilgjöld má taka lögtaki. Gjöld þessi hafa sama forgöngurjett sem önnur gjöld til landssjóðs.

Sá einn svarar til sekta, er gjörst hefir sekur í brotinu.

Þegar um einkaskjöl er að ræða, bera þeir ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins, einn fyrir alla og allir fyrir einn, útgefandi skjalsins, viðtakandi og sá, sem beiðist afgreiðslu hlutaðeigandi stjórnarvalds á því. Þá er um önnur skjöl er að ræða, ber sá ábyrgð á greiðslunni, sem biður um afgreiðslu. Sektirnar renna í landssjóð. Stjórnarráðið getur fært sekt niður eða jafnvel látið hana falla alveg niður, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

11. gr.

Ákvæðum þeim og úrskurðum, sem yfirvöld gera um stimpilskylduna, má áfrýja til stjórnarráðsins, en þó er eigi að síður heimilt að leggja málið fyrir dómstólanna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 19.. Þau gilda um allar opinberar afgreiðslur, sem stimpilskylda er bundin við, ef afgreiðslu er beiðst eftir þann dag, og stendur þá á sama, hvenær skjalið er gjört og samið. Þegar stimpilfrjáls skjöl eru afhent til afgreiðslu vegna framsals eða áteiknana, skal reikna stimpilgjaldið eingöngu eftir framsalinu og áteiknaninni.

Nd. **169. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi 22. nóv. 1907.

(Frá meiri og minni hluta).

Nefnd sú, er kosin var af háttv. neðri deild til að íhuga þetta frumvarp, hefir — að einum undanskildum — orðið sammála um að ráða deildinni til að samþykkja fyrri málsgrein frumvarpsins, og taka veginn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar í tölu flutningabrauta.

Á vegi þessum mun, sem kunnugt er, vera meiri umferð og þar á meðal meiri vagnflutningar, en nokkurstaðar annars á landinu. Er því bæði eðlilegt, að hann sje hafður í flokki þeirra vega, þar sem slíkir flutningar eru mestir, og jafnframt mjög nauðsynlegt, að hann sje jafnan í góðu lagi. En bæði er lítil trygging fyrir því, að svo verði, meðan um hann er annast að mestu af litlum sýslufjelögum, sem, einkum annað þeirra, hefir *mjög* mikla aðra vegi að standa straum af, og hinsvegar varla heldur sanngjarnt, að þau geri það, þar sem þau að langminstu leyti hafa vegarins not. Hjer er þó að hinu leytinu ekki um svo langan veg að ræða, að landssjóði sje með þessu bundin þung eða alvarleg byrði.

Nefndin tekur fram, að í frumvarpinu er átt við veginn milli kaupstaðarlóða Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en innan kaupstaðarlóðanna annast þessir bæir veg sinn sem áður.

Á síðari málsgrein frumvarpsins gat nefndin ekki fallist, að viðhald þessarar brautar hvíli á landssjóði að öllu, gagnstætt því sem á sjer stað um allar aðrar flutningabrautir, sem engri er viðhaldið af landssjóði að meira leyti en $^1/_3$ hluta. Þykir ekki ráðlegt að breyta hjer út af þeirri reglu og gefa fordæmi, sem gæti verið varhugavert.

En þar sem þó vegur þessi mætir óvanalega miklu sliti, að minstu leyti í þarfir sýslufjelaganna, sem mest af viðhaldinu kemur niður á, þykir þó sanngjarnt, að landssjóður kosti viðhaldið að $^1/_3$ hluta.

Samkvæmt þessu ræður nefndin til að samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu, að:

Í stað niðurlagsorðanna »að öllu« komi: að 1/3 hluta.

Neðri deild alþingis, 23. júlí 1913.

| | |
|---|---|
| Kristján Jónsson, p. t. formaður. | Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum. |
| Halldór Steinsson. | Þorleifur Jónsson. |

## ÁLIT MINNI HLUTANS.

Jeg hefi ekki getað fylgt samnefndarmönnum mínum, hvorki hvað það snertir, að ráða deildinni til þess að samþykkja fyrri málsgrein frumvarpsins, sem ræðir um, að vegurinn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sje tekinn í tölu flutningabrauta, nje heldur að því er viðhald vegarins snertir, og er það af þessum ástæðum:

að vegarkafli þessi liggur í þremur lögsagnarumdæmum, sem nær eingöngu hafa not vegarins, og er því eðlilegt og sanngjarnt, að annist hann að öllu leyti.

að verkfræðingur landsins álítur viðhald vegarins engu kostnaðarminna, þótt hann yrði lagður steinmuli (púkkaður), því þá yrði krafist, að halda honum svo vel við, að hann væri jafnan sem nýr vegur og óskemdur,

að engin skýrsla eða álitsgjörð er fengin um það, hvað sú aðgerð mundi kosta, eða hvort þessi vegur yrði fremur notaður, en einhver önnur leið,

að til þessa tíma hafa þeir vegir einir verið teknir upp í tölu flutningabrauta, er liggja um landsveitir, en ekki þeir, sem liggja með sjó fram, enda þungavara jafnaðarlega flutt á sjó, þar sem því verður viðkomið,

að vegur sá, sem nú er, mun vera svo vel fær til aksturs, að jeg ætla að nauðsynlegustu endurbætur sjeu þeim er hlut eiga að, vel kleifar.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Ed. **170. Breytingartillögur**

við frumvarp til siglingalaga.

Frá nefndinni.

1. við 1. gr. Orðin »og í stjórn þess« í 4. línu og út greinina verði: og skal þá hver stjórnarnefndarmaður þess fullnægja skilyrðum þeim, er nú voru talin um heimilisfestu eða rjett innborinna manna,

enda sje aðsetur stjórnarinnar á Íslandi eða í Danmörku og heimilisfang fjelagsins þar.

2. Við 5. — Fyrir »eignarrjetta« komi: eignarrjettar.
3. — 8. — Fyrir »þinglestursins« komi: þinglestrarins.
4. — 9. — Fyrir »rjettindi því« komi: rjettindi yfir því.
5. — 10. — Fyrir »frá bráðabirgða- ... skipaskrárnar« komi: frá bráðabirgðaskrásetning skipsins í íslensku skipaskrárnar, eða frá fullnaðarskrásetning þess, ef það var eigi skrásett til bráðabirgða.
6. — 12. — Fyrir »gerða samninga ... umboði hans« í 4. l. komi: samninga, er útgerðarmaður hefir gert, eða aðrir menn í umboði hans.
7. — 14. — Fyrir »að rjettu hlutfalli« komi: að rjettri tiltölu.

*Þannig sje* **alls staðar** *breytt þessum orðum.*

8. — 15. — »að varnarþingi« í næst-síðustu línu verði: á varnarþingi.
9. — 18. — a. »hugaðar ... farir« í 5. l. verði: ætlaðar verulega ólíkar ferðir.
b. »setja hann frá« síðast í gr. verði: setja hann af.
10. — 19. — »setja frá« í 2. l. verði: setja af.
11. — 21. — »og er hann ... svik« í 5.—6. l. verði: og er þó eigi um misreikning eða svik að ræða.
12. — 23. — »för« í 1. l. verði: ferð.

*Svo verði og* **hvervetna** *í frv. þar sem* »**för**« *er haft um ferð.*

13. — 25. — 2. málsgrein falli burt, en í stað hennar komi:

Heimilt er fjelagsmanni að selja hlut sinn öðrum mönnum án samþykkis sameigenda; þó er ólögmæt sala skipshlutar, jafnvel þótt nauðungarsala sje, nema allir fjelagsmenn samþykki, ef salan sviftir skipið heimild til skrásetningar á íslenskar skipaskrár.

Nú er skipshlut afsalað öðrum manni til eignar en sameiganda, og á þá hver sameigandi rjett á að leysa til sín hlutinn, enda bjóði hann hinum nýja eiganda innlausnarfjeð, eða fullnægjandi tryggingu, ef lausnarfjeð er ekki að fullu ákveðið, innan hálfs mánaðar eftir þann dag, er eigandaskiftin voru tilkynt, samkvæmt 26. gr., 2. málsgr. Ef málsaðilar verða ekki á eitt sáttir um innlausnarfjeð, þá skal upphæð þess ákveðin með lögmætu mati; þó má hún aldrei lægri vera en kaupverð það, er hinn nýi eigandi greiddi. Ef hinn nýi eigandi vill ekki láta hlut sinn lausan án málssóknar, skal mál hafið áður en 3 mánuðir sje liðnir frá tilkynningunni samkv. 26. gr. Nú er skipshluti seldur á uppboði og útgerðarstjóri hefir fengið tilkynning um það viku áður en það er haldið, og eiga sameigendur þá ekki innlausnarrjett. Ef fleiri en einn sameigenda krefjast innlausnar samtímis, eiga þeir allir innlausnarrjett að rjettri tiltölu við hluta hvers þeirra í skipinu. Nú hefir einn sameigenda neytt innlausnarrjettarins að fullu, og eiga þá hinir sameigendurnir eigi framar innlausnarrjett að því sinni.

14. — 25. gr. »fylgja« í enda greinarinnar verði: hafa
15. — 27. — »að öðru« í 3. lið verði: að öðru leyti.
16. — 28. — »samútgerðar« síðast í gr. verði: fjelagsútgerðar.

17. Við 40. — a. »30« verði: 12.
b. »leiðarbókina« í 6. l. verði: leiðarbókina eða dagbókina
c. »bókina« í sömu l. verði: þær
d. »hún var sýnd« í síðustu línu verði: þær voru sýndar.
18. — 42. — Á eftir orðinu »afbrigði« í 11. l. komi: (deviation).
19. — 43. — a. Eftir »sje liðinn« í 4. l. í 2. lið komi: **ef því verður við** komið, annars svo fljótt, sem unt er.
b. »mætir« í næstu línu verði: verður fyrir.
20. — 45. — Aftan við greinina bætist nýr liður:
Öll þau fyrirmæli, er þessi grein og 41., 43. og 44. gr. **gefur** um leiðarbók, gilda og **um dagbók skips.**
21. — 48. — »leiðarbóka« í 4. l. verði: **skipsbóka.**
22. — 52. — a. Á eftir »leiðarbók« í 6. l. komi: eða **dagbók.**
b. »ef leiðarbók er ekki« í næstu l. verði: ef **bækurnar vantar.**
23. — 54. — Orðið »til« í 2. l. falli burt.
24. — 59. — a. »þeirri« í 5. l. falli burt.
b. »hann« á fyrra staðnum í síðustu línu verði: farmeigandi.
25. — 62. — »til þurftar farminum« verði: vegna farms.
26. — 64. — a. Á eftir »nema« í næstsíðustu l. komi: ætla megi að
b. »á« í síðustu línu: falli burt.
27. — 65. — »leigutaka skips« verði: framsendara.
28. — 66. — a. »starfi« í 1. l. falli burt.
b. »víkja honum frá« í 2. l. verði: setja hann af.
29. — 68. — a. »skipstjóri settur af starfi« verði: skipstjóri settur af
b. »starfinu« í 4. l. falli burt
c. »herhalds« verði: farbanns
d. »verði« í 3. l. bls. 16 verði: varð.
30. — 69. — a. »skipstjóri er settur af starfi« verði: skipstjóri er settur af
b. »honum var vikið burt . . . hjer á landi« verði: hann var settur af; þó ekki nema 4 vikur eftir afsetningu, ef hann vjek frá hjer á landi.
31. — 72. — a. »á« á eftir vafi í 2. l. falli burt
b. »skip, slíkt« í 4. l. verði: slíkt skip
32. — 73. — a. »farmi« í 2. l. verði: farmgjaldi
b. »víki hann« í sömu l. verði: víkur hann
c. »talið með öllu saman« verði: goldið að öllu samtöldu
33. — 74. gr. »eftir skipstjóra« í 2. l. verði: skipstjóra eftir
34. — 75. — a. »15« verði: 12.
b. »eða farleið« í 8. l. falli burt.
35. — 84. — »var« í 5. l. verði: er.
36. — 87. — »þeim sem« í 6. l. verði: er.
37. — 89. — »þeir geta« í 4. l. verði: geta þeir.
38. — 91. — »meir« í síðustu l. verði: meira.
39. — 94. — Á eftir: »ef hún er til« í 4. l. á bls. 21 að neðan komi: eða dagbók.
40. — 95. — a. »hljóti« í 2. l. 4. málsgr. verði: verður.
b. »og« á undan »útgerðarmenn« í næstu l. verði: en.

41. við 96. — a. »herhalds« verði: farbanns.
b. »aðflutnings« í 2. l. verði: aðflutningsbanns.
42. — 97. — »sje« í 2. l. verði: er.
43. — 99. — a. »að hlutfalli« verði: að tiltölu.
b. »dvelja« og »dvölinni« i 5. og 6. l. verði: tefja og töfinnni.
c. »herhalds« í 7. l. verði: farbanns.
d. »dvelst« og »dvöl« í 9. og 11. l. verði: tefst og töf.
44. — 103. — »ávalt« í 8. l. á bls. 24 falli burt.
45. — 108. — a. »sje« í 3. l. verði: eru.
b. eftir »leiðarbók« í 4. l. komi: eða dagbók.
c. »ef leiðarbók er á skipinu« í 5. l. verði: ef bækur þær eru á skipi.
46. — 110. — a. »ráðningarstjóra« verði: skráningarstjóra.
b. »nánar« verði: nánara.
47. Fyrirsögn 6. kap. verði: Um flutningssamninga.
48. — 114. — »Skipsleigusamning« verði: Farmsamning.
49. — 115. — a. »Skipsleigusamningur« verði: Farmsamningur.
b. »leigutaki« verði: farmsendari.
c. »leigusali« verði: farmflytjandi.

*Þannig breytist þessi orð* **annars staðar.**

50. — 119. — »þegar sem« í 2. l. bls. 28 verði: þegar er.
51. — 120. — »fararstað« í 7. l. verði: burtfararstað.
52. — 123. — »og taki« í 3. l. verði: en greiði þá.
53. — 125. — »farmbrjefinu« í síðustu l. verði: farmskírteini.

*Svo verði og* **hvervetna** *síðar, er orðið kemur fyrir.*

54. — 127. — »eftir það að« í 1. l. verði: eftir það er.
55. — 131. — »afgreitt« í síðasta lið verði: fullgert.
56. — 132. — »dvalið« í 4. l. verði: tafið.
57. — 133. — »dvalir« í 3. l. verði: tafir.
58. — 134. — »dvöl« og »dvelji« verði: töf og tefji.
59. — 137. — a. »gefa farmbrjef« verði: gefa út farmskirteini.
b. »hans« í næst-síðustu línu verði: sinni.
60. — 141. — »þó« í 5. l. verði: þá.
61. — 142. — a. »og taki« í 3. l. verði: en greiði.
b. síðustu 3 orðin verði: til affermingar og fermingar.
62. — 143. — »þegar« í 2. l. verði: þegar er.
63. — 145.[1] gr. »viðtakendum« í 5. l. verði: þeim.
64. — 154. — »til þurftar skipinu« verði: til skipsþarfa.
65. — 155. — »í það mund« í 3. l. verði: þá er hann tók farm.
66. — 156. — »sje« í 4. l. verði: hafi verið.
67. — 161. — a. »þegar« í 3. l. verði: þegar er.
b. »dvelur« í 7. l. verði: tefur.
68. — 164. — »herhald« verði: farbann.
69. — 165. — »að sama hlut ... förinni« verði: að sömu tiltölu, sem sú leið var mót allri ferðinni.

---

[1]) Breytingartill. við 147. gr. er að finna í tölul. 119 hjer fyrir aftan.

70. Við 166. — »dvelur« í 6. l. verði: tefur.
71. — 168. — »dvelur« og »dvöl« í 1. og 3. l. verði: tefur og töf.
72. — 170. — a. »seljandi« í 2. l. verði: framseljandi.
b. »selja hann« í 7. l. verði: selja hana.
73. — 173. — a. »fengið« verði: hafi fengið það.
b. »sá maður« í 3. l. verði: hann.
74. — 174. — a. »gat« í 1. l. verði: getur.
b. »dauða síns ... tálmunum« verði: sjúkleiks, eða annarar tálmunar, eða hann er dáinn.
75. — 180. — »sje með« í 4. l. falli burt.
76. — 181. — »þar sem hann er« falli burt.
77. — 182. — »Skilgreining« verði: Tilgreining.
78. — 187. — a. »skuldareiganda« verði: lánsala.
b. »innstæðu« verði: lánsfje.
79. — 190. — a. »þegar« í 1. l. verði: þegar er.
b. »skuldheimtumaður« verði: lánsali.
80. — 191. — »þó förin ... gefin upp« verði: þó að síðar sje hætt við ferðina.
81. — 192. — »svo og« í 4. l. verði: ennfremur.
82. — 193. — a. »orðinn var á« í 6. lið 5. l. verði: orðinn var.
b. »leið« í 7. lið 2. l. verði: ferð.
c. »af því ófriður ... áfram« verði: af því að halda ferðinni áfram, sakir þess, að ófriður er hafinn, eða ísrek ber skjótlega að hendi.
d. »á dvöl« í 7. lið, 2. málsgr. 3. l. verði: af töf.
e. »fermingu aftur« í næstu l. verði: endurfermingu.
f. »dvelst« í 3. l. að neðan á bls. 44 verði: dregst.
g. »að fastráðið« í 1. l. á bls. 45 verði: er fastráðið.
h. »Ekki er talinn heldur« í 9. l. verði: Ekki er heldur talinn.
i. »beðið var« í 9. lið verði: varð.
j. »á lækningu« í 10. lið verði: af lækningu.
k. »dvelst ... skipverja« í 10. lið verði: lækning þeirra skipverja varir.
l. »hve« í 14. lið neðstu l. verði: hvernig.
m. »svo og sá reiknings« og út gr. verði: enn fremur kostnaður við reikning yfir það og niðurjöfnun.
83. — 194. — a. »því skal ekki« í upphafi 5. l. verði: Eigi skal því.
83. — 194. gr. b. »dvaldi« í 8. l. verði: dvelur.
c. »dvalar« í síðustu l. verði: tafar.
84. Við 195. gr. a. »skilgreindir« í 1. lið verði: einkendir.
b. »nema varpað sje« í 2. lið verði: nema varpað hafi verið.
c. »rangakerfi« í sama lið verði: bandakerfi.
d. »(til að knýja skipið), þótt það sje gert« í 4. lið verði: þótt gerð sje.
e. »þá er ausa verður skipið« í sama lið verði: er verða við austur skips.
f. »var búinn« í 5. lið síðustu l. verði: er búin.
85. — 199. — »þurfti« í 2. l. verði: þarf.

86. Við 200. — »leiðarbókina ... leiðarbók« í 4.—5. l. verði: leiðarbókina eða dagbókina, eða rita það á annan hátt, ef bækurnar vantar.

87. — 201. — »því um líku ... hinni« síðast í gr. verði: slíku skal greind frá þeirri skemd.

88. — 202. — Greinin orðist svo:

Þá er ákveða skal, hve mikið sameiginlegt sjótjón á skipi og skipsbúnaði hefir orðið, skal matsgerð ráða, ef skemd er eigi bætt, eða matsupphæðin er lægri en aðgerðarkostnaður reyndist; en aðgerðarkostnaður ræður, ef hann reynist lægri en matsupphæðin.

89. — 206. — Greinin orðist svo:

Ef farmur skemmist við sameiginlegt sjótjón, skulu ákveðnar svo miklar bætur, sem nema verðmun á vörunni óskemdri og skemdri; skal meta verð vörunnar sem óskemd væri, eins og fyrir er mælt í 205. gr., og sami frádráttur gerður sem þar segir; en verð hinnar skemdu vöru fer eftir söluverði hennar, ef hún var seld, áður en sjótjónsreikningi var lokið, ella skal verðið ákveðið með lögmætu mati.

90. — 207. — a. »eður og vörur ... rýrnuðu« í 3. l. verði: eða vörur hafa skemst við sameiginlegt sjótjón og rýrnað.

b. »og skal þá ... nemur« í 4.—5. l. verði: og skal þá sú fjárupphæð, er samsvarar rýrnuninni, dregin frá skaðabótunum.

c. »þar« í 6. l. verði: þá.

91. — 209. — Upphaf greinarinnar: »Nú farast .. undir þær« orðist svo:

Farmgjald af vörum, sem farist hafa við sameiginlegt sjótjón, eða seldar hafa verið í neyðarhöfn, til þess að greiða sjótjónskostnað, skal bæta í sjótjónsreikningi með sömu fjárhæð, sem hefði átt að greiða undir þær.

92. — 211. — »eða kostnaður — — — báðum« verði: og stafar kostnaður af hvorutveggja.

93. — 212. — a. »hlut« í 1. l. verði: þátt.

b. »eftir« í 1. l. falli burt.

c. Á eftir liðatölunni 1. og 2. verði fyrsta orð í hvorum lið: eftir.

d. »það til« í 1. lið 2. l. verði: tjónið.

94. —, 213. gr. a. »hlut« í 1. l. verði: þátt.

b. »eftir« í sömu l. falli burt.

c. Á eftir liðatölunum öllum verði fyrsta orð: eftir.

d. »óskert« í 1. lið verði: á skipi.

e. »til þurftar skipinu« í 3. lið verði: til skipsþarfa.

95. — 214. — a. »hlut« í 1. lið verði: þátt.

b. »eftir helmingi« í sömu l. falli burt.

c. 1. liður orðist þannig:

Eftir helmingi þess farmgjalds, er greiða bar við ferðalok.

d. Á eftir »2« komi: eftir helmingi.

96. Við 216. — a. »til þess sameiginlega« í 2. l. verði: til sameiginlegs.
b. »varð« í sömu l. verði: kann að hafa orðið.
97. — 217. — »skaðabótareikningnum« í síðustu l. verði: sjótjónsreikningnum.
98. — 219. — »dvelja« verði: draga.
99. — 220. — a. »síðan« í 2. l. verði: síðar.
b. »gætu verið á« í 5. l. verði: gætu verið til.
100. — 223. - »kostnaðarins nutu« verði: kostnaðurinn reis af.
101. — 225. — »annað skipið« í 2. málsgr. verði: annaðhvort skipið.
102. — 226. — »að aðilar« og út gr. verði: að annarhvor aðila hafi verið sök í honum, fær hvorugt skipið bættan skaða sinn.
103. — 228. — »heimkynnis þess og úr« í 6. l. verði: til heimkynnis þess, úr.
104. — 232. — a. »meðan háskinn ... heimilt sá« í 2. l. verði: meðan hættan vofði yfir, og er þó þeim manni heimilt.
b. »að láta skuli ... bjarglaunin« í 6.—7. l. verði: að leggja skyldi bjarglaunin í gerð.
105. — 233. — »ómætur« verði: ógildur.
106. — 236. — »annara þóknana« í 2. lið verði: annarar þóknunar.
107. — 242. — a. »síðan« í 2. l. verði: síðar.
b. »áður« í 4. l. falli burt.
c. »þá sá, sem fjeð tók« verði: hann þá.
108. — 244. — »sem undir eru komnar við skuldbindingar« verði: sem stafa af skuldbindingum.
109. — 246. — »skal fara ... fyrir er mælt» í 3.—4. l. verði: gilda sams konar fyrirmæli, sem talin eru.
110. — 247. — »þá er fjeð« í næst-síðustu l. verði: ef fjeð.
111. — 249. — »á fleiri sjóveðrjetti en einn« verði: hefur fleiri veð en eitt.
112. — 251. — »skaðabóta annara« í 4. málsgr. verði: annara skaðabóta.
113. — 255. — a. »að geyma .. sæta þeir« í fyrri málsgr. verði: eða dagbók, geymslu þeirra og sýningu, varðar það.
b. »skift um hana« í síðari málsgr. verði: dregið hana undan.
c. Aftan við greinina bætist: Sama gildir um dagbók.
114. — 258. — Orðin í 3. l. »að vera á verði fyrir« falli burt.
115. — 264. — Talan »261« í 2. l. verði: 260, og talan »260« í 3. l. og 5. l. verði: 261.
116. — 270. — a. »þeim mönnum« í 3. l. falli burt.
b. »25 ... fangelsi« í sömu l. verði: alt að 100 kr.
117. — 271. — a. »orsökin að« í 7. l. verði: orsökin til.
b. »farmanni« í 8. l. verði: honum.
118. — 273. gr. a. »sem því stjórnar« í 6. l. verði: sem stjórn hefur.
b. »skipar til« í 5. l. á bls. 63 verði: stjórn hefur.
119. »Leigusali skips« í 147. gr. á 2 stöðum verði: farmflytjandi.
*svo og annars staðar.*
120. »braut« og »brott«, »brautför og« »brottför« **verði hvervetna:** *burt og burtför.*

Ed.

## 171. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Fossi í Suðurfjarðahreppi.

Nefnd sú, er efri deild Alþingis fól að athuga frumvarp þetta, hefir fengið upplýsingar frá stjórnarráðinu um mál þetta, og eftir að hafa íhugað það og rætt með sjer, vill hún hjer með skýra frá áliti sínu á þessa leið:

Fyrir nokkrum árum fór ábúandi jarðar þeirrar, er hjer er um að ræða, Sumarliði Jónsson, þess á leit, að fá jörðina keypta, en sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu lagði þá á móti sölunni, og mun ástæðan hafa verið sú, að þá virtust líkur til, að kolanáma væri í landi jarðarinnar, sem og að iðnaðarframleiðsla gæti komist á við allstóran foss, sem einnig er í landi nefndrar jarðar.

Nú fór ábúandinn aftur næstliðið ár þess á leit, að fá jörðina keypta, og þá lagði sýslunefndin ekki á móti því, með þeim ummælum: »að þótt nefndin liti enn svo á, eins og hún hafði áður gert, að fossinn hjá Fossi sje mjög álitlegur til að taka hann til atvinnureksturs, telur hún þó ekki líklegt eins og nú stendur á, að iðnaður muni rísa þar upp innan skamms«. Aftur á móti lagði hreppstjóri, er mun vera umboðsmaður yfir jörðinni, á móti sölunni, af þeirri ástæðu, að hann hyggur það gæti valdið óþægindum, að sinn væri eigandi að hvoru, jörðinni og fossi og námu.

Þegar svo málið kom til stjórnarráðsins, þá synjaði það næstliðið haust um sölu á jörðinni, að svo stöddu, og mun það hafa verið af því, að búast mætti við námugrefti og iðnaði í sambandi við fossinn.

Ábúandinn, sem nú hefir snúið sjer til þingsins, að því er þetta mál snertir, tekur það fram, að hann sje búinn að búa á Fossi í 15 ár, og hafi lagt mikla peninga í húsabætur, túngirðingar og túnasljettur. Jafnframt því, sem hann óskar kaups á jörðunni, tekur hann það fram, að undan mætti skilja sölunni svo nefnda »Fossgrund« c. 75 þús. □ metra að flatarmáli, og jafnvel meira af óræktaðri lóð, ef þess álitist þörf síðar.

Oss nefndarmönnum virðist, að það ekki þurfi að koma í bága við notkun fossins til iðnaðar og námugraftar, þótt ábúandanum væri seld jörðin, en fossinn, námurjettindi og nægileg lóð til bygginga væri undanskilin. Því verður ekki neitað, að ábúandi, sem ekki fær jörð sína keypta af því, að þar kann einhverntíma að rísa upp iðnaður eða námugröftur, verður harðara úti en aðrir ábúendur, sem hafa fengið ábýlisjarðir sínar keyptar, og það virðist mega tryggja það við söluna, að eigandi jarðarinnar geti ekki lagt neinar tálmanir í veginu fyrir iðnað eða námugröft, ef síðar kynni að verða um slíkt að tala. Fyrir því álítum vjer nefndarmenn æskilegt, eftir því sem fyrir liggur, að nefndur ábúandi, Sumarliði Jónsson, geti fengið ábýlisjörð sína, kirkjujörðina Foss í Suðurfjarðarhreppi keypta.

En þar sem frá laganna hálfu ekkert mun vera því til fyrirstöðu, að ráðherra Íslands geti selt ábúandanum nefnda jörð, þá sjáum vjer ekki þörf á að veita til þess sjerstaka heimild með lögum. En leggjum til, að deildin vísi máli þessu til stjórnarráðsins með meðmælum sínum.

Alþingi, 25. júlí 1913.

Eiríkur Briem, (form.). H. J. Kristófersson, (skrifari og framsögumaður).

Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **172. Viðaukatillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 4. gr.

Á eftir liðnum, »Við D. etc« komi: nýr liður þannig orðaður.

Til þess að styrkja símalínuna á Fjarðarheiði, Fljótsheiði og viðar, alt að kr. 7000,00.

Nd. **173. Frumvarp**

til laga um heimild til að selja hjáleiguna Mosfellsbringur í Mosfellssveit.

Flutningsmaður Björn Kristjánsson.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja hjáleiguna Mosfellsbringur í Mosfellssveit, með sömu skilyrðum og aðrar kirkjujarðir.

Ed. **174. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um friðun æðarfugls.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrir »50—100« komi: 10.
2. — 1. — Aftan við greinina bætist: alt að 400 kr.
3. — 1. — Ennfremur ný málsgrein svohljóðandi: Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð þar, sem brotið var framið.
4. — 3. — Orðið »hirða« falli burtu.
5. — 3. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein svolátandi:
   Nú finnst dauður æðarfugl í vörslum manns og skal hann þá færa sönnur á, að hann hafi ekki drepið fuglinn eða verið valdur að dauða hans, svo að honum verði gefin sök á, ella sektist hann samkvæmt 4. gr.
6. — 4. — Fyrir »25—50« komi: 5.
7. — 4. — Fyrir »samkvæmt 1. gr.« komi: við hverja ítrekun brotsins alt að 200 krónum.

8. Við 5. — Fyrir »júlímánaðarloka« komi: 15. júlí.
9. — 5. — Fyrir »4 km.« komi: 2 km.

10. — 6. — Fyrir »1. apríl til júlímánaðarloka« komi: 15. apríl til 15. júní.
11. — 6. — Á eftir orðinu »en« í niðurlagi greinarinnar komi: svo að $^1/_4$ km. sje þangað á báðar hliðar og á sjó út frá grynnra hálsi netanna að stórstraumsfjörumáli.

12. — 7. — Fyrir »10—25« komi: 5—15.

13. — 9. — Síðari málsgrein greinarinnar orðist þannig:

Nú vill maður koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það; skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sje rjett, og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu á næsta manntalsþingi, og greiðast 2 krónur fyrir þá friðlýsingu, er renna í landsjóð.

Nd. **175. Frumvarp**

til laga um síldarleifar.

Flutningsm. Pjetur Jónsson og Stefán Stefánsson Eyf.

1. gr.

Öllum síldarbræðslumönnum og lifrarbræðslumönnum á Íslandi er skylt að gæta svo til, að sjór taki eigi neinar leifar af bræddri nje óbræddri síld eða lifur frá bræðslustöðum þeirra, eða að óhollusta stafi af leifum þessum fyrir menn eða fjenað.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—500 króna sektum, er renna að hálfu í landssjóð, en að hálfu í sveitarsjóð, þar sem sektin fellur.

3. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Nd. **176. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr landssjóði alt að 83,000 — áttatíu og þrjú þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 167,000 króna lán, er sýslunefnd Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Nú vill annarhvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem umræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki sýslunefndar komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til sýslunefndar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10—200 krónur, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Sýslunefnd Vestmannaeyja hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er sýslunefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 sýslunefndarmenn og 2 utan sýslunefndar, annar úr tölu kaupmanna en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd sýslunefndar.

7. gr.

Sýslunefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Sýslusjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og sýslunefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Sýslunefndin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Vestmannaeyja, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.

4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er sýslunefnd Vestmanneyja semur, og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má sýslumanni Vestmannaeyja innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldastofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr,. hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá sýslunefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutingsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir löggæslumaður landssjóðs, og fær hann 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sýslunefnd frumvarp til ályktunar um tekjur eg gjöld hafnarinnur á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþykis fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir sýslunefnd í hyggju einhverjar meiri aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynnna það sýslunefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans, nema brýna nauðsyn beri til.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sýslusjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af sýslunefndinni, sendist síðan stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er sýslunefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Nd. **177. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Eggert Pálsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn. Þá getur og landsstjórnin leyft útlendingum, er vinna annaðhvort verk í þarfir landsstjórnarinnar eða reka annað erindi útlendrar stjórnar en um er getið næst á undan, leyfi til að flytja til sín frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til eigin notkunar, meðan þeir dvelja hjer á landi eða hjer við land. Öðrum en þeim, sem hjer eru taldir má eigi leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

2. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Þá er lög þessi eru staðfest, skal fella þau inn í texta laga nr. 44, frá 30. júlí 1909, og getur konungur þá gefið þau út þannig breytt sem lög um aðflutningsbann á áfengi.

Ed.

## 178. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja.

Frá J. Havsteen og Eiríki Briem.

1. Við 1. gr. a. Orðið »silkitoppur« falli burt.
   b. Orðin »svanir, hettumáfar, haftyrðlar, himbrimar, svölur, starrar og sendlingar« falli burt.

2. 2. gr. falli burt, og breytist greinatalan eftir því.

3. Við 3. gr. a. Á undan »Valir« bætist við orðið: Ernir.
   b. Við greinina bætast orðin: himbrimar, helsingjar og hrotgæsir.

4. 4. gr. falli niður og komi í hennar stað svolátandi grein:
   Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:
   a. rjúpur frá 15. febrúar til 15. september.
   b. allar andategundir aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
   c. svanir frá 1. apríl til 15. september.
   d. lundi frá 10. maí til 20. júní.

   Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði, þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyrr en 10. ágúst.

   Allar þær fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

   Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði.

5. 5. gr. orðist á þessa leið: Rjúpnaegg skulu friðuð vera.

6. Við 6. gr. Orðin »en fyrir örn skal greiða 10 kr., er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 60 kr.« falli burt.

7. — 7. — a. Í stað orðanna »friðað egg« komi: rjúpna egg.
   b. Orðin »nema fyrir« og til enda greinarinnar falli burt.

8. — 9. — Í stað orðanna »sektirnar renna« og til enda greinarinnar, orðist á þessa leið:

Helmingur sektarfjárins rennur í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

9. — 10. — 10. gr. orðist á þessa leið:
Hjer með eru úr gildi felld lög 27. nóvbr. 1903, um friðun fugla.

Nd. **179. Frumvarp**

til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

1. gr.

Fyrir Vestmanneyjasýslu eða hluta hennar má gjöra lögreglusamþykt og byggingarsamþykt. Semur sýslunefnd frumvarp til hvorrar samþyktar fyrir sig, og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir sýslunefnd, með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktirnar staðfestar skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktunum má í þeim ákveða sektir, er renni í sýslusjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþyktum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **180. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fasteignarskatt.

(Frá meiri hluta nefndarinnar).

Við fyrirhugaða endurskoðun á skattalöggjöf landsins hefir einkum það tvent verið haft fyrir augum, að bæta skattafyrirkomulagið og afla landssjóði tekna.

Að því er síðara atriðið snertir, munu ver skiftar skoðanir um það,

hvort landssjóður hafi nú sem stendur brýna þörf fyrir auknar tekjur. Þeir, sem andmæla því, geta vitnað til þess, að í frumvarpi því til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915, er stjórnin hefir lagt fyrir þingið, sje áætlaður tekjuafgangur nær 76 þús. kr. Þar við er þó að athuga, að sá tekjuafgangur stendur í sambandi við eyðslu höfuðstóls, þar sem afborganir af útlánum landsjóðs, 116 þús. kr., eru taldar með tekjum, og að þeim sleptum væri rúmlega 40 þús. kr. tekjuhalli. Að vísu má gera ráð fyrir, að tolltekjur landsins (vörutollurinn) fari talsvert fram úr áætlun, ef til vill alt að 100 þús. kr. á ári. En hvað sem því líður, eru litlar líkur til, að unt verði að sneiða hjá meiri eða minni tekjuhalla í fjárlögunum, ef ekki á að láta farast fyrir að fullnægja rjettmætum kröfum þjóðarinnar um ný fjárframlög til nytsemdarfyrirtækja. Að undanförnu hefir oft verið gripið til þess úrræðis, að velta tekjuhalla fjárlaganna yfir á viðlagasjóð. Þó að þetta hafi ekki hingað til orðið að tjóni, sökum þess, að tekjurnar hafa jafnaðarlega reynst hærri en áætlað var, er hætt við, að með líku áframhaldi geti innan skamms rekið að því, að tilfinnanlegur skortur verði á nauðsynlegu starfsfje landssjóðs. Þá er önnur leið til að bæta úr tekjuskorti, að taka lán. Að því leyti sem lántaka miðar til þess, að velta útgjaldabyrði yfir á eftirkomendurna, virðist hún því að eins rjettmæt, að fjenu sje varið til fyrirtækja, er gefa af sjer beinan arð, svo sem svarar vöxtum af láninu og jafnvel afborgunum á hæfilega löngum tíma. En hvernig sem á þetta er litið, virðist það liggja í augum uppi, að ekki sje ráðlegt að taka lán til að standast árleg útgjöld.

Engum, sem lætur sjer ant um fjárhag landssjóðs, mun því blandast hugur um, að nauðsynlegt sje að koma á því skipulagi til frambúðar, að tekjurnar jafnist á við útgjöldin. Þessu jafnvægi verður ekki náð með öðru móti en því, að útgjöldunum sje haldið innan hæfilegra takmarka, og að sjeð verði fyrir nægilegum tekjum, eftir því sem þröf krefur. Eins og kunnugt er, eru aðaltekjur landssjóðs fólgnar í óbeinum sköttum eða tollum af aðfluttum vörum, er nema sem næst $^{3}/_{5}$ af öllum tekjunum, þar sem á hinn bóginn beinu skattarnir gera ekki betur en að jafnast á við $^{1}/_{10}$ af tollunum. Þetta hlutfall á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að þegar á auknum tekjum hefir þurft að halda, hefir þeirra jafnaðarlega verið aflað með hækkun tolla eða fjölgun tollstofna. Og að nokkru leyti hefir þetta komið fram við það, að tolltekjur hafa stöðugt farið vaxandi jafnhliða fólksfjölgun og framförum í atvinnurekstri. Um beinu skattana er alt öðru máli að gegna, þar sem þeir hafa að mestu haldist óbreyttir um heilan mannsaldur. Þetta stafar meðal annars af því, að í skattalögunum frá 1877 er að eins að litlu leyti lagður beinn skattur á aðalverðmæti landsins, fasteignirnar, sem í mörgum löndum er ein helsta tekjugreinin, og hefur ýmsa mikilvæga yfirburði fram yfir flestar aðrar skattaálögur, eins og bent er til í álitsskjölum milliþinganefndarinnar í skattamálum frá 1908

Það sýnist því vera tími til kominn að stiga fyrsta sporið í þá átt, að jafna hið óeðlilega hlutfall milli hinna beinu og óbeinu skatta, því fremur sem tollarnir, að því leyti sem þeir eru neysluskattar, koma tiltölulega þyngst niður á fátækum fjölskyldumönnum, og eru auk þess dýrkeyptir gjaldendum, er hljóta að greiða af þeim hundraðsgjald til kaupmanna. Hins vegar getur ekki hjá því farið, að beinu skattarnir, ef þeim er haganlega fyrir komið, og þá

einkum fasteignarskattur, komi aðallega niður á mönnum, er hafa trygt sjer arðberandi eign eða aflað sjer nokkurs veltufjár. Til þess að fasteignaskattur komi að tilætluðum notum, verður að taka til greina tvö grundvallaratriði, annað það, að skatturinn sje bundinn við mat eða virðingu til peningaverðs, er fari fram með hæfilega löngu millibili, svo að fult tillit verði haft til verðhækkunar í sambandi við framþróun í atvinnuvegum og viðskiftalífi, annað, það, að skatturinn sje miðaður við verðmæti eignarinnar, án tillits til veðskulda, er rýra ekki afnotagildi eignarinnar sjálfrar, og hvíla stundum alls ekki á eigandanum eða þá ekki nema í orðni kveðnu. Enda er því síður ástæða til að láta veðskuldir koma hjer til frádráttar, þar sem búast má við að þegar fasteignir eru leigðar, fái eigandi skattinn endurgoldinn af leigjanda að meira eða minna leyti, og í annan stað er gert ráð fyrir, að vextir af skuldum sjeu dregnar frá skattskyldum tekjum.

Við einstakar greinir frumvarpsins er fátt að athuga. Þó skal þess getið, að sanngjarnt þykir, að fasteignarskattur skiftist til helminga milli eiganda og leigjanda þeirra jarða, sem eru í leiguábúð, þegar lögin koma til framkvæmda, í stað þess að eftir 1. gr. frumvarpsins getur eigandi aðeins krafist endurgjalds á $^1/_3$ skattsins af leigjanda.

Í 2. gr. eru húseignir, lóðir, ítök og hlunnindi undanþegin fasteignarskatti, ef þetta nemur eigi alls 300 kr. í eigu sama manns, en óþarft þykir að veita slíka undanþágu. Ennfremur virðist nægilegt, að forgöngurjettur fasteignarskatts fyrir veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á, sje bundinn við eitt ár frá gjalddaga í staðinn fyrir tvö ár samkvæmt 5. gr,

Af ástæðum þeim, sem að framan eru greindar, og með skírskotun til röksemda þeirra, sem teknar eru fram í athugasemdum stjórnarinnar og álitsskjölum milliþinganefndarinnar í skattamálum, hefir meiri hluti nefndarinnar komið sjer saman um að leggja það til, að fasteignarskattur verði lögleiddur, og að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir »$^1/_3$« komi: helmingi.
2. — - — Á eftir »þar til« komi: er.
3. — 2. — Fyrir »sjerskilin« komi: sjerstök.
4. — 2. gr. Orðin »Ennfremur eru undanþegnar . . . . . eign sama manns« falli burt.
5. — 3. — Fyrir »gildandi« komi: gildu.
6. — 5. — Fyrir »tvö ár« komi: eitt ár.

Neðri deild Alþingis 25. júlí 1913.

Jón Magnússon, (form.). Ólafur Briem, (skrifari og framsögum.).

Jón Ólafsson. Matth. Ólafsson.

Nd. **181. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um tekjuskatt.

Í frumvarpi þessu er tekið upp það nýmæli, að tekjuskattur nái til allra atvinnuvega, þar á meðal landbúnaðar og sjávarútvegs. Gegn því skipulagi hefir einkum verið hreyft þeirri mótbáru, að örðugt verði að ná rjettu tekjuframtali af landbúnaði, þar sem allmikill hluti afurðanna renni inn í búið reikningslaust. Því verður eigi neitað, að þessi mótbára hafi við mikil rök að styðjast, meðan búreikningar eru ekki alment haldnir. En jafnframt má ganga að því vísu, að þeir örðugleikar, sem þessu eru samfara, verði mestir fyrst í stað, og muni smámsaman hverfa við aukna menningu, eftir því sem almenningur fær betra skynbragð á fjármálum, og venst við að gera sjer reikningslega grein fyrir tekjum sínum og gjöldum. Slíkt efnahagsyfirlit er hverjum manni nauðsynlegt, til þess að geta haft gát á fjárhag sínum og varast að eyða meiru en aflað er. Í þessu efni er lögskipað árlegt tekjuframtal líklegt til að flýta fyrir góðum árangri.

Að öðru leyti skiftir það mestu í máli þessu, að almennur tekjuskattur er eina ráðið til að koma á samræmi í skattálögum á ýmsar atvinnugreinar landsins. Nefndin er því fylgjandi aðalstefnu frumvarpsins, en leggur til að einstökum atriðum sje breytt.

Með skattskyldum tekjum í 2. gr. c. er meðal annars talin landsskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, svo og leiga eftir hús og lóðir. Með því að tekjur þessar eru afrakstur af eignum, sem fasteignaskattur er lagður á, þykir eftir atvikum rjett að sleppa þeim undan tekjuskatti. En þar af leiðir, að einnig ber að fella úr það ákvæði í 3. gr. a., að draga skuli frá tekjum kostnað til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda.

Framfærslueyrir fyrir heimilisómaga í 3. gr. f. þykir heldur lágt metinn 75 kr. til jafnaðar, og er lagt til, að hann sje hækkaður upp í 100 kr.; sömuleiðis að draga megi frá tekjum meðlag með börnum utan heimilis og framlag manns til fráskilinnar konu. Um leið og tekjufrádráttur er þannig aukinn, þykir rétt að færa lágmark skattskyldra tekna í 4. gr. úr 500 kr. niður í 300 kr., með því að annars mundu alt of margir sleppa hjá skatti, og það ef til vill ýmsir þeir menn, er væru vel færir um að leggja nokkuð til landsþarfa.

Í 4. gr. er leyft að miða tekjuframtal af landbúnaði við fardagaár, í stað þess að aðrar tekjur eru miðaðar við almanaksár. Eðlilegra virðist, að allar skattskyldar tekjur sjeu taldar fram fyrir sama tíma, þannig, að almanaksárið sje lagt til grundvallar, og verður ekki sjeð, að það þurfi að valda neinum verulegum vandkvæðum.

Þá er svo kveðið á í 11. gr., að heimilisráðandi skuli inna af hendi tekjuskatt fyrir heimilismenn sína gegn endurgjaldi frá þeim. Með því að þetta ákvæði hlýtur að baka húsbændum allmikil umsvif og, ef til vill, fjártjón, án þess að það virðist beinlínis nauðsynlegt til léttis við innheimtu skattsins, þykir rjett að sleppa því.

Að öllu athuguðu, er það tillaga meiri hluta nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum, sem þegar er á minst, og nokkrum fleiri

breytingum, sem gerðar eru samræmis vegna eða til skýringar eða til lagfæringar á orðalagi:

1. Við 2. gr. Stafliður c. orðist svo: Leiga eftir skip, kúgildaleigur og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.
2. — 3. — Orðin í staflið a. »eða tryggingar ... eignum gjaldanda« falli burt.
3. — 3. — Aftan við sama staflið bætist: og gjaldi skatt af.
4. — 3. — Fyrir orðin í staflið c. »konu sinni lífeyri ... hærri lífeyrisupphæð« komi: konu sinni lífeyri eða til annarar persónutryggingar, iðgjöld fyrir slíkan lífeyri eða persónutryggingu, sem greidd hafa verið, þó ekki fyrir hærri lífeyrisupphæð
5. — 3. — Fyrir orðin »iðgjöld af« (á 4 öðrum stöðum í sama staflið) komi: iðgjöld fyrir.
6. — 3. — Á eftir orðunum í staflið f. »framfærslueyri fyrir« komi: heimilisómaga.
7. — 3. — Fyrir »75 kr.« (í sama staflið) komi: 100 kr.
8. — 3. — Á eftir staflið f. komi nýr liður: meðlag greitt með börnum og öðrum skylduómögum utan heimilis, svo og framlag manns til fráskilinnar konu sinnar.
9. — 4. — Orðin »þó má telja fram ... við almanaksár« falli burt.
10. — 4. — Fyrir »500 krónum« komi: 300 krónum.
11. — 5. — Orðin »skal greiða skatt« (í 2. línu) færist aftur fyrir orðin »í hvaða stöðu sem er« (í 3. línu).
12. — 6. — Á eftir orðunum »sem hjer er rekin« komi: eða aðrar tekjur hjeðan af landi.
13. — 9. — Fyrir »hlutaðeigendum« komi: aðiljum.
14. — 11. — Greinin falli burt.

Neðri deild Alþingis, 25. júlí 1913.

Jón Magnússon, (formaður). Ólafur Briem, (skrifari og framsögum.).

Matth. Ólafsson. Jón Ólafsson.

Með skírskotun til álits minni hlutans um frv. til laga um fasteignarskatt.

Kristinn Daníelsson. Halldór Steinsson. Tryggvi Bjarnason.

Nd. **182. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skattanefndir.

Með því að verksvið skattanefnda samkvæmt frumvarpi þessu er alt annað og miklu víðtækara en eftir núgildandi tekjuskattslögum, hefir þótt tryggilegra

að skipun þeirra sje hagað nokkuð á annan veg, og sjerstaklega, að nefndarmenn sjeu skipaðir til lengri tíma. Þó virðist helst til langt gengið í þessa átt, þar sem svo er ákveðið í 3. gr. frumvarpsins, að yfirskattanefndarmenn sjeu skipaðir æfilangt, og þykir nægja, að sama regla gildi um starfstíma þeirra sem skattanefndarmanna.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins getur skattanefnd kvatt sjerfróðan mann sjer til aðstoðar við virðingargerðir. Þetta ákvæði þykir rjett að fella burt, ekki fyrir þá sök, að neitt verulegt verði haft á móti því í sjálfu sjer, heldur af því, að hætt er við, að slík almenn heimild geti leitt til þess, að skattanefndir freistist til að velta af sjer vanda, og baka þar með landssjóði óþarfan kostnað. Á hinn bóginn leiðir það af sjálfu sjer, að nefndirnar hljóta að afla sjer allra nauðsynlegra upplýsinga og leiðbeininga, til þess að leysa verk sitt vel af hendi.

Eftir 6. gr. er það algerlega lagt á vald yfirskattanefndar, hverra upplýsinga hún leitar, áður en hún leggur úrskurð á kærur, en tryggilegra þykir að jafnan sje leitað álits skattanefndar, áður en fullnaðarúrskurður er upp kveðinn.

Aðrar þær breytingartillögur, er nefndin hefir komið sjer saman um, snerta fremur orðfæri en efni og eru svo augljósar, að ekki þurfa skýringa við. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með breytingum þeim, er hjer fara á eftir:

1. Við 3. gr. Í stað orðanna »skulu skipaðir æfilangt. Skattanefndarmenn« komi: og skattanefndarmenn.
2. — 5. — Fyrir »sjerskilin« (í 3. línu) komi: sjerstök.
3. — 5. — Fyrir »þær sem skattskyldar eru« komi: þau sem skattskyld eru.
4. — 5. — Orðin »Skattanefnd getur kvatt sjerfróðan ... þörf krefur« falli burt.
5. — 6. — Á eftir orðunum »Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kæruna« komi: að fengnu áliti skattanefndar.
6. — 7. — Í stað orðanna »upp á æru og samvisku« komi: undir drengskap sinn.
7. — 7. — Fyrir »eigandinn« komi: eigandi.
8. — 7. — Orðið »um« á tveim stöðum síðast í greininni falli burt.
9. — 8. — Fyrir »hvers eins« komi: hvers manns.
10. — 8. — Fyrir »þykir« komi: þyki.
11. — 9. — Orðin »samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið semur« færist fram fyrir orðin »yfir alla þá menn«.
12. — 10. gr. Fyrir »ákvörðun« komi: ákvæði.
13. — 10. — Fyrir orðin »kæra yfir því« komi: kæra það.
14. — 11. — Í stað orðanna »er því máli þar með lokið« komi: er það fullnaðarúrskurður.
15. — 13. — Orðin »hinir skipuðu« falli burt.
16. — 13. — Fyrir »tilbúa« komi: búa til.
17. — 16. — Fyrir »tapar« komi: fyrirgerir.

18. Við 16. — Í stað orðanna »yfir ákvörðun« komi: ákvæði.
19. — 16. — Fyrir »áætlaðar« komi: ákveðnar.
20. — 16. — Fyrir »hinni rjettu« (á 2 stöðum) komi: rjettri.
21. — 17. — Í stað orðanna »áætlaðar töluvert lægri« komi: ákveðnar mun lægri.
22. — 18. — Fyrir »einhvers af nefndarmönnum« komi: nefndarmanns.
23. — 18. — Í stað orðanna »yfir ákvörðun« komi: ákvæði.

Neðri deild alþingis, 25. júlí 1913.

Jón Magnússon, form. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Matth. Ólafsson. Jón Ólafsson.

Með skírskotun til álits minni hlutans um frv. til laga um fasteignarskatt.

Kristinn Daníelsson. Halldór Steinsson.

Tryggvi Bjarnason.

Nd. **183. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um jarðamat.

Nefndin er sammála um, að frumvarp þetta hafi við gild rök að styðjast, og telur það góða rjettarbót. Nokkrar orðabreytingar vill hún þó gera á frumvarpinu og eina efnisbreytingu á 7. gr., í þá átt, að áður en yfirskattanefnd kveður upp fullnaðarúrskurð um kærur, sé jafnan skylt, að gefa skattanefnd kost á, að segja álit sitt um málið. Er því lagt til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »endar á o« komi: stendur á tug.
2. — - — Fyrir »stórkostlega« komi: að miklum mun.
3. — 2. — Fyrir »álítst hæfilegur« komi: álíta má hæfilegan.
4. — 3. — Fyrir »sundurskift« komi: sundur skift.
5. — 4. — Í stað orðanna »nema þau sjeu í eigu annars en« komi: enda sjeu þau eign.
6. — 7. — Fyrir orðin »kæra yfir því« komi: kæra það.
7. — - — Á eftir orðunum »Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kæruna« komi: að fengnu áliti skattanefndar.
8. — 9. — Í stað orðanna »er gildir sem gjaldstofn . . . . . takmörkun, sem segir í 1. gr.« komi: Jarðabókin gildir frá 1. janúar árið eftir að jarðamat fer fram, til 31. desbr. það ár, sem næsta

jarðamat er framkvæmt. Eftir henni skal greiddur fasteignarskattur af jarðeignum og önnur þau gjöld til almennings þarfa, sem lögð eru á jarðeignir eða miðuð við jarðadýrleika.

Neðri deild Alþingis 25. júlí 1913.

Jón Magnússon, form. Ólafur Briem, skrifari og framsögum. Matth. Ólafsson,

Jón Ólafsson
(með þeim fyrirvara, að jeg er ósamþykkur efnisbreytingunni á 7. lið).

Með skirskotun til álits minni hlutans um frumvarp til laga um fasteignarskatt.

Kristinn Daníelsson. Halldór Steinsson. Tryggvi Bjarnason.

Nd. **184. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um laun hreppstjóra.

Laun þau, sem ætluð eru hreppstjórum í frumvarpi þessu, virðast alt of lág, þegar tekið er tillit til þeirra mörgu þýðingarmiklu og vandasömu starfa, sem þeim er skylt að vinna. Jafnvel þó hreppstjórar hafi nokkrar aukatekjur fyrir sjerstök verk, sýnast föstu launin varla mega minni vera en oddvitalaun samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Að öðru leyti hefir nefndin ekkert við frumvarpið að athuga, og leggur til, að það verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir »einni krónu« komi: 2 krónum.
2. — — — Fyrir »30« komi: 50.

Neðri deild alþingis, 25. júlí 1913.

Jón Magnússon, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Matth. Ólafsson. Jón Ólafsson. Tryggvi Bjarnasen.

Halldór Steinsson. Kristinn Daníelsson.

Nd. **185. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð.

Nefndin felst að öllu leyti á ástæður stjórnarinnar fyrir frumvarpi þessu, og leggur til, að það verði samþykt með einni lítilsháttar orðabreytingu.

Við 1. gr. Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar. »Þá skýrslu, er við þarf, um orsökina til þess« komi: skýrslu um ástæður fyrir því.

Neðri þeild Alþingis 25. júlí 1913.

Jón Magnússon, formaður — Ólafur Briem, skrifari og framsm.

Matth. Ólafsson, Jón Ólafsson, Kristinn Daníelsson.

Halldór Steinsson, Tryggvi Bjarnason.

Nd. **186. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verðlag.

Nefndin getur ekki sjeð neina verulega agnúa á því, að aðhyllast ákvæði frumvarpsins um fast verðlag, er fara skuli eftir, þegar reiknuð eru til peninga gjöld þau, sem ákveðin eru í landaurum eða álnatali.

Að öðru leyti hafa skýrslur um breytilegt verðlag á ýmsum tímum hagfræðilega þýðingu, en þeim skýrslum virðist mega safna á annan hagkvæmari hátt en fylgt er við undirbúning verðlagsskráa.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Neðri deild Alþingis 25. Júlí 1913.

Jón Magnússon, (form.). — Ólafur Briem (skrifari og framsögum.).

Matth. Ólafsson. Jón Ólafsson. Kristinn Daníelsson.

Tryggvi Bjarnason. Halldór Steinsson.

Nd.

# 187. Frumvarp

til laga um verðhækkunargjald út af járnbrautarlagningu.

Flutningsmenn: Jón Magnússon, Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Sigurður Sigurðsson.

## I. kafli.

1. gr.

Af verðhækkun þeirri, sem verður á bygðum og óbygðum jarðeignum í Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu út af leyfi til járnbrautarlagningar og járnbrautarlagninu frá Reykjavík til Þjórsár, með hliðarbrautum skal greiða sérstakt tímabundið gjald er nefnist verðhækkunargjald.

2. gr.

Eignir þær, sem gjald þetta hvílir á, eru:

a, jarðeignir, hvort heldur bændaeignir eða þjóðaeignir, eignir kirkna og prestakalla, kristfjárjarðir eða aðrar fátækra eignir, eignir sveitafjelaga og bæjarfjelaga eða stofnana, hverju nafni sem nefnast.

b, lóðir bygðar og óbygðar í kaupstöðum og verslunarstöðum, svo og lóðir sem ekki eru metnar með jörð t. d. þurrabúðir og grasbýli, lendur, sem eru fráskildar jarðeignum og eigi hafðar til ábúðarnota. Ennfremur sjerskilin jarðarítök og hlunnindi, svo sem námur, varplönd, veiðiár, vatnsafl, rekarjettindi o. fl.

Undanþegnar gjaldinu eru lóðir þær, ítök og hlunnindi, sem eru þjóðeign eða til almenningsþarfa svo sem kirkjustæði, skólahússstæði sjúkrahússstæði o. fl. Verði ágreiningur um, hvort eign sje undanþegin gjaldinu, sker stjórnarráðið úr. Ef þeir, sem hlut eiga að máli, vilja eigi hlíta þeim úrskurði, er þeim heimilt að leggja málið undir úrslit dómstólanna.

3. gr.

Gjaldið skal greiða af verðhækkun hinna gjaldskyldu eigna, talið eftir virðingarverði eignanna í heild sinni, að frádregnu virðingarverði húsa og annara mannvirkja, sem á eignunum kunna að vera, í því ástandi, sem mannvirki þessi eru þegar virðingin fer fram.

4. gr.

Gjaldið skal vera 2% af verðhækkun hinna gjaldskyldu eigna, talið samkvæmt 3. gr. laga þessara og greiðist það næstu 75 ár að telja frá hinni fyrstu verðhækkunarvirðingu. Gjaldið rennur í landssjóð og greiðist um leið og aðrir opinberir skattar og gjöld og innheimtist á sama hátt og hefur sama forgangsrjett.

Eigandi skal greiða gjald þetta, en á jörðum sem eru í leiguábúð, þegar lög þessi koma til framkvæmda, getur eigandi krafist endurgjalds á $^1/_2$ gjaldsins af leigjanda, þar til nýr samningur er gerður.

## II. kafli.

5. gr.

Virðingar samkvæmt lögum þessum framkvæmir sjerstök matsnefnd.

6. gr.

Í matsnefnd eiga sæti 5 menn, þrjá skipar stjórnarráðið. Eru þeir fastir matsnefndarmenn. Bæjarstjórn Reykjavíkur, sýslunefndir Gullbringu- og Kjósarsýslu, sýslunefnd Árnessýslu og sýslunefnd Rangárvallasýslu kjósa hver tvo matsmenn, sem taka sæti í matsnefnd með þeim þrem, sem stjórnarráðið skipar, í hvert skifti, sem virtar eru eignir í þeirra sýslum. Á sama hátt skipar stjórnarráðið 3 menn og sýslunefndirnar og bæjarstjórn Reykjavíkur kýs tvo menn hver, sem sjeu varamenn í forföllum hinna reglulegu matsmanna.

7. gr.

Við allar virðingar skal meta eignina eins og hún muni sanngjarnlega seld, og ennfremur verðhækkun þá, sem hún hefur orðið fyrir vegna járnbrautarlagningarinnar, og skal hvortveggja upphæðin tiltekin í skrám þeim, er um ræðir í 13. gr. laga þessara. Skal eignin metin til peningaverðs og skulu allar matsupphæðir deilanlegar með 100. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af eigninni, leigugjald það er álíst hæfilegt, verð það, er eignin hefur síðast verið seld fyrir svo og síðasta söluverð nágranna eigna. Við verðhækkunarvirðingar skal sjerstök hliðsjón höfð af legu eignarinnar og fjarlægð frá járnbrautarstöð.

8. gr.

Svo fljótt sem unt er eftir að lög þessi ganga í gildi, skulu fara fram virðingar á öllum eignum, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum. Skal við þá virðingu ekki tekið sjerstakt tillit til þeirrar verðhækkunar, sem kann að hafa átt sjer stað út af ákvörðuninni um járnbrautarlagninguna, en virðingin miðuð við eðlilegt verð nú.

9. gr.

Eftir að búið er að ákveða til fullnaðar og stjórnarráðið hefir endanlega samþykt legu brautarinnar og afstöðu járnbrautarstöðvanna, skal fara fram fyrsta verðhækkunarvirðing og síðan 3ja hvert ár. Virðingar þessar leggjast og til grundvallar við útreikning verðhækkunargjaldsins og greiðist gjaldið af verðhækkun þeirri, sem orðið hefir frá virðingu þeirri, er um ræðir í 8. gr.

Eigandi gjaldskyldrar eignar svo og landsstjórnin geta krafist nýrrar virðingar til verðhækkunargjalds á tímabilinn milli tveggja reglulegra virðinga. Ef beiðnin er framkomin frá hinum gjaldskylda, ber hann kostnaðinn við virðinguna, nema matsverðið verði lægra en hið fyrra matsverð.

Hlutaðeigendum skal senda sjerstaka tilkynningu um úrslitin,

10. gr.

Ef ætla má, að verðhækkunin sje misjöfn á einstöku hlutum gjaldskyldra eigna, skal matsnefndin ákveða verðhækkunarupphæðina fyrir hvern hluta eignarinnar fyrir sig.

11. gr.

Virðingar skulu fara fram á tímabilinu frá 1. júní—31. ágúst. Nánari reglur fyrir framkvæmd virðinganna setur stjórnarráðið. Skal samin skrá yfir virðingarnar í hverjum hreppi. 1. sept. skulu skrár þessar lagðar fram í hverjum hreppi á þingstað hreppsins, í Reykjavík á bæjarþingstofunni, eða öðrum stað, sem síðar kann að verða ákveðinn, og skal framlagningin auglýst fyrirfram á þann hátt, sem tíðkast á hverjum stað. Skulu virðingarnar liggja frammi í 3 vikur.

12. gr.

Öllum úrskurðum matsnefndar getur formaður nefndarinnar og sömuleiðis hinn gjaldskyldi og þeir, sem gjaldið eiga að fá, skotið til yfirmatsnefndar. Skal það gert brjeflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sú nefnd sker endanlega úr um matið. Skal kæran komin í hendur formanns yfirmatsnefndar fyrir 15. oktbr. virðingarárið, verður ella ekki tekin til greina.

Yfirmatsnefnd skipa 9 menn. Kjósa sýslunefndir Gullbringu- og Kjósarsýslu á sameiginlegum fundi 1, bæjarstjórn Reykjavíkur 1, sýslunefndir Árnes- og Rangárvallasýslu 1 hvor, hina 5 tilnefnir stjórnarráðið, og er einn þeirra formaður nefndarinnar.

Enginn getur með því að kæra undan virðingu komist hjá því að greiða á rjettum tíma þann hluta verðhækkunargjaldsins, sem þegar er fallinn í gjalddaga, en ef yfirmatsnefnd breytir virðingunni á að lagfæra misfellurnar á næsta gjalddaga. Úrskurð yfirmatsnefndar skal tilkynna öllum hlutaðeigendum bréflega og eins gjaldheimtumanni, ef nefndin gerir breytingu á upphæð gjaldsins.

13. gr.

Yfirmatsnefnd skal hafa lokið úrskurði á öllum kærum fyrir 1 desember virðingarárið. Fyrir 31. desember það ár skal sýslumanninum í hverri sýslna þeirra, er um ræðir í 1. grein, í Reykjavík bæjarfógetanum, send skrá yfir virðingarnar í hans umdæmi, skrá þessa semur matsnefnd. Skal hún skýra nákvæmlega frá einkennisnöfnum eignanna, nöfnum eigenda og upphæð verðhækkunargjaldsins. Greindir valdsmenn rita svo viðeigandi athugasemd um verðhækkunargjaldið á folio eignanna í efnisskrá afsals- og veðmálsbókanna; eftir það má eigi þinglýsa neinu afsalsbrjefi fyrir eignunum, nema sannað sje, að áfallið verðhækkunargjald sje greitt. Samkvæmt þessum virðingaskrám verður svo gjaldið fyrir næsta ár innheimt.

14. gr.

Matsnefndarmenn fá í dagpeninga og ferðakostnað 5 kr. fyrir hvern dag, er þeir gegna virðingarstörfum.

Kostnaðinn allan greiðir landssjóður til bráðabirgða.

Kostnaði við hverja virðingu má jafna niður á 3 ár.

Ed. **188. Frumvarp**

til laga um sauðfjárbaðanir.

Flutningsmenn: Þórarinn Jónsson, Guðjón Guðlaugsson, H. Kristófersson.

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfje á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á sínu sauðfje og því, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, sem getur um í 6. gr.

3. gr.

Stjórnarráðið felur stjórn Búnaðarfjelags Íslands að annast um árlega pöntun á nægilegum baðlyfjum fyrir landið, og skal hún í samráði við dýralækna landsins ákveða, hvaða baðlyf nota skuli, og jafnframt gefa út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra. Hún annast jafnframt um, að baðlyfjapantanirnar verði settar upp á þær hafnir, sem hreppsnefndir óska þegar þær senda pöntun.

4. gr.

Stjórnarráðið auglýsir í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, hvaða verð sje á baðlyfjum þeim, sem panta á hvert ár, svo snemma, að nægur tími sé fyrir hreppsnefndir til undirbúnings.

5. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu sjá um, að hver fjáreigandi hafi gert pöntun á nægum baðlyfjum á sitt sauðfje svo snemma, að komist geti til stjórnar Búnaðarfjelags Íslands fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu sauðfjáreigendur jafnframt borga baðlyfin og þeir gera pöntun. En farist það fyrir, að einhver greiði andvirði baðlyfjanna til sveitarstjórnar, skal hún greiða það úr sveitarsjóði til bráðabirgða. En innheimta skal það tafarlaust og fylgir því lögtaksrjettur.

6. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa eftirlitsmenn, 1 eða fleiri í hverjum hreppi eða kaupstað, til þess að hafa eftirlit með böðununum, og skulu það vera menn, sem hafa þekkingu og æfingu í því starfi. Þeir annast um, að hver sauðkind sje böðuð, og að baðlögur sje með þeim styrkleika, sem ákveðinn er í reglum þeim, sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands gefur út til leiðbeiningar við baðanirnar, og yfir höfuð fylgja þeim í öllu. Fyrir starf sitt fá þeir 2 kr. á dag, sem greiðist úr sveitarsjóði.

7. gr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

Ed.

## 189. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis

Flutningsmenn: H. J. Kristófersson, Björn Þorláksson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og tveir menn, er sýslunefnd kýs eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sjer, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn frambjóðandi í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar, sje hann ekki frambjóðandi í kjördæminu. Ef hann er frambjóðandi, skal hann tafarlaust, með hraðboða, ef þörf er á, kalla yfirkjörstjórnina saman á fund, og láta hana velja kjörstjórnaroddvita úr sínum flokki, er að öllu leyti gegni störfum hins reglulega oddvita, uns kosning er um garð gengin, og kjörbrjef hefir verið gefið hinum kosna eða kosnu þingmönnum.

2. gr.

19. grein laganna orðist svo:

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi, heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannaefni kosin eða kosna. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafn-stórir og eins í lagi og með sama lit. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Nafn hvers þingmannsefnis skal vera sjer í línu og svo ríflegt millibil á milli, að eigi sje minna en 2 centímetrar. Framan við nöfnin skal vera ferhyrndur reitur, er sje $^3/_4$ centímetra á hvern veg, og skal umgjörð reitsins vera 12 mm. Línurnar milli nafnanna sjeu 8 mm. á breidd.

Skal kjörseðill vera þannig:



3. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gjöra það torvelt, að halda þar kjörfund, er undirkjörstjórninni heimilt, að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal undirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum undan kjörfundi.

4. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með stimpli sem kjörstjórnin leggur til; og skal vera tveimur mm. stærri en auði reiturinn er. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þar til gerðum þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman einusinni, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 28. gr.

5. gr.

38. grein laganna orðist svo:

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn,

hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún umgjörðarinnar, sem myndar reitinn, er slíkur seðill ógildur.

6. gr.

40. gr. laganna falli burt; í hennar stað komi svohljóðandi grein:

Atkvæðagreiðsla skal standa yfir frá kl. 12 á hádegi til kl. 10 síðdegis í kaupstöðum, en frá hádegi til kl. 7 síðdegis alstaðar annarstaðar. Síðustu klukkustundina skulu þó eigi aðrir hafa rjett til að greiða atkvæði, en þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin sjálf, og þeir kjósendur, sem nefndir eru í 39. gr. fyrri málsgrein. Skulu þeir kallaðir fram eftir stafrófsröð, og þeim fengnir nýjir seðlar til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

Ef sjerstaklega stendur á, og tími er til, geta fleiri kjósendur fengið að greiða atkvæði á þessari síðustu klukkustund, ef meiri hluti kjörstjórnar leyfir.

7. gr.

Hvervetna þar sem orðið »landshöfðingi« kemur fyrir í kosningarlögum 3. október 1903, skal sett stjórnarráð, í þeim beygingum, sem málið krefur, þegar þessar breytingar verða færðar inn í meginmál laganna.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfesting, skal færa viðauka þá og breytingar á kosningalögum 3. október 1903, sem í þessum lögum eru, sem og breytingar á þeim lögum 9. júlí 1909, inn í meginmál þeirra; getur þá konungur gefið lögin þannig breytt út, sem »Lög um kosningar til alþingis«, og koma þau þá tafarlaust í gildi í stað nefndra laga.

Nd. **190. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög Nr. 24, 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Flutningsmenn: Pjetur Jónsson, Einar Jónsson, Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Nú vill hreppur eða sýsla tryggja sjer kornforða á þann hátt, að semja við kaupfjelag eða kaupmann um að hafa fyrirliggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. janúar til maímánaðarloka, til ráðstöfunar fyrir sveitarstjórn eða sýslunefnd, þá skal gera samþykt þar um fyrir hreppinn eða sýsluna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum um kornforðabúr til skepnufóðurs.

2. gr.

Kostnaður sá, er af slíkum samningi leiðir, endurgreiðist að hálfu úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóði, en að hálfu úr landssjóði, fyrir þann hluta kornsins, sem eigi er notaður að því sinni, þó eigi yfir 80 au. fyrir hver 100 kgr. korns í þessum hluta forðans.

3. gr.

Samning þann, sem hjer ræðir um, svo og reikningsskil fyrir notkun forðans og kostnaðinum, skal senda stjórnarráðinu, svo að glögglega verði sjeð, hvað landssjóði ber að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **191. Frumvarp**

til laga um hallærisvarnir.

Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson, Jósef J. Björnsson, H. J. Kristófersson.

1. gr.

Það er upphaf þessara laga, að stofna skal allsherjar sjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri, er hlýtst af hafís, eða eldgosum, eða öðrum stórfeldum orsökum.

Sjóðurinn skal heita hallærissjóður.

2. gr.

Hver maður á landi hjer, karl eða kona, sem er fullra 18 ára, skal greiða iðgjald í hallærissjóð, 1 krónu á ári, og heitir hallærisgjald.

Þó eru undanþegnir þessari gjaldskyldu:

a, Þeir, sem njóta sveitarstyrks.

b, Þeir, sem fyrir ómaga eða ómögum eiga að sjá sem og þeir, er fyrir heilsubrest, eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi, ef þessir menn hvorirtveggja að áliti hreppsnefndar eru fyrir fátæktar sakir ekki færir um að greiða gjaldið, enda greiði ekkert aukaútsvar.

c. Þeir, sem sæta hegningarvinnu.

3. gr.

Hallærissjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann það ár.

4. gr.

Þessir menn skulu vera í hallærisvarnastjórn, og hafa á hendi reikningshald hallærissjóðsins og geyma eignarskilríki hans: Forstjóri atvinnumálaskrifstofu stjórnarráðsins, formaður Búnaðarfjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á búnaðarþingi til 6 ára í senn, formaður Fiskifjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á fiskiþingi til 6 ára í senn.

Öllum tekjum hallærissjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum.

5. gr.

Hallærisvarnastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því, að afstýra hallæri.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir hallærisvarnastjórnina eftir tillögum Búnaðarfjelags og Fiskifjelags Íslands.

6. gr.

Búnaðarfjelag Íslands og Fiskifjelag skulu hvort um sig kjósa einn sjóðgæslumann til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka ársreikninga hallærissjóðsins, reikningsbækur hans og eignaskilríki.

Stjórnarráðið setur reglur fyrir sjóðgæslumennina.

Reikninga hallærissjóðsins skal jafnan leggja fyrir alþingi endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

7. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, er gjaldskyldir eru í hreppnum til hallærissjóðs. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eðu hreppnum hinn 1. janúar; sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin. Á skrána skulu þeir settir, sem eru fullra 18 ára hinn 1. janúar. Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð, er stjórnarráðið útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur til að láta nefndum þessum í tje skýrslur þær, er nauðsyn krefur, úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annarsstaðar.

8. gr.

Auk þess sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til hallærissjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra svo sem nú segir:

a, Kvongaðir menn eiga að inna af hendi hallærisgjald fyrir konur sínar, meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda sjeu þau til heimilis í sama hreppi.

b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi hallærisgjald fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.

c, Húsbændur eiga að greiða hallærisgjald fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt.

d, Iðnaðarmenn eiga að greiða hallærisgjald fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.

e, Kaupmenn, verzlunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða hallærisgjald fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim, ef þeir ekki sjálfir eiga heimili forstöðu að veita.

f, Húsráðendur eiga að greiða hallærisgjald fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar, að áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða hallærisgjaldið fyrir aðra, sem þá skulu sjálfir greiða gjaldið. Þeir, sem greiða hallærisgjald fyrir aðra, hafa rjett til þess, að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum.

9. gr.

Skrár þær, er gerðar hafa verið um gjaldskyldu manna til hallærissjóðsins, skulu liggja almenningi til sýnis frá 1. til 7. dags febrúarmánaðar ár hvert, á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, og skal auglýst með viku fyrirvara, hvar skrárnar verði lagðar fram.

10. gr.

Nú álítur einhver, að maður sje ranglega talinn á skránni eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúarmánaðar koma fram með mótbárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfs mánaðar þar frá.

Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns innan 15. dags marsmánaðar til fullnaðarúrskurðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan 15. dags aprílmánaðar.

Nú hefur sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfjelögum og goldið á báðum stöðum, og hefur hann þá rjett til að fá annað gjaldið endurgoldið hjá innheimtumanni.

11. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta hallærisgjaldið á manntalsþingum og koma því til gjaldkera hallærisvarnarstjórnarinnar. Innheimtumenn fá 2% fyrir gjaldheimtuna.

12. gr.

Hallærisgjöld má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak eða fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og hafa hallærisgjöld sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

13. gr.

Alt það fje, sem rennur úr landssjóði í hallærissjóðinn, samkvæmt 3. gr., skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það alt vera sjereign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn.

Skrifstofukostnað hallærisvarnastjórnar skal gjalda af sameigninni.

14. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að hækka hallærisgjaldið um tiltekið árabil, þó ekki upp úr 2 kr. á gjaldanda.

Nú á sýsla eða kaupstaður sjerstakan sjóð, sem eingöngu er ætlaður til hjálpar í hallæri, og getur þá stjórnarráðið veitt leyfi til að lækka hallærisgjaldið, ef hallærisvarnastjórnin mælir með því.

15. gr.

Í hverri sýslu skal sýslunefnd, en í kaupstað bæjarstjórn, gera samþykt um hagnýtingu þeirrar sjereignar, sem sýslan eða kaupstaðurinn á í hallærissjóðnum. Skal sú samþykt heita hallærissamþykt.

Þessum hallærissamþyktum skal haga eftir fyrirmyndum, sem hallærisvarnastjórnin semur, og þarf samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær öðlist gildi, en leita skal áður álits hallærisvarnastjórnar um hvert frumvarp.

Í þessum hallærissamþyktum má skipa fyrir um alt það, sem stjórnarráðið, eftir tillögum hallærisvarnastjórnarinnar, telur nauðsynlegt því til tryggingar, að hallærissjóðurinn komi að rjettum notum og verði ekki illa varið.

16. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í hallærissjóðnum.

Nú hrekkur ekki sjereign einhvers hjeraðs til hjálpar í hallæri, og má þá stjórnarráðið með ráði hallærisvarnastjórnarinnar veita því hjeraði bráðabirgðalán af sameignarfje sjóðsins, gegn veði í hallærisgjaldi hjeraðsins.

Ef mikil óáran gengur um land alt og hallærissjóðurinn kemst í fjárþröng, þá má landsstjórnin, ef hallærisvarnarstjórnin fer þess á leit, lána hallærissjóðnum fje úr landssjóði, eða útvega honum lán annarsstaðar, gegn veði í eigum og tekjum sjóðsins.

Ed. **192. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

frá Einari Jónssyni 2. þm. N.-M.

1. við 2. gr. a. Fyrir »teknir upp« í 4. málsgr. 1. l. komi: skráðir.
b. Fyrir »Listarnir — — — bókstöfum sínum« í sömu málsgr. 5. l. komi: Listarnir skulu skráðir á blaðið, hver við annars hlið, eftir stafrofsröð bókstafa sinna.

c. Fyrir »d. m. 19« síðast í sömu málsgr. komi: d. . . mán. 19.

2. — 3. gr. a. »er hver hefur« í 2. málsgr. 2. l. verði: og hefir hver þeirra

b. »fremst« í 4. málsgr. 4. l. verði: efst

c. »Strikið« í sömu málsgr. 8. l. verði: Krossinn

d. »ef svo ber undir« í næstu l. verði: ef hann vill út strika,

e. »úr kjörstjórninni« í 5. málsgr. 3. l. að neðan verði: maður,

3. — 5. gr. a. »auðkendur — — — kjörseðlinum« í 3. málsgr. 2. l. verði: krossað er við á seðlinum,

b. Fyrsta lína í 4. málsgr. orðist þannig:

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir.

Síðasta l. í sömu málsgr. falli jafnframt burt.

c. Orðin í 5. málsgr. 1. l.: »Nú er enginn — — — auðkendur« verði: Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf

d. »strikið« í 5. málsgr. 3. l. verði: krossinn

e. »Ef skakkar í tölunni« í síðustu málsgr. næstsíðustu línu verði: Ef samtölunum ber ekki saman,

f. Eftir: »kjörseðlana alla« í sömu l. komi: og atkvæðaskrána,

Nd. **193. Frumvarp**

til laga um lögskipaða endurskoðendur.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Opinberir sjóðir og hlutafjelög skulu láta lögskipaða endurskoðendur endurskoða reikninga sína.

2. gr.

Stjórnarráðið skipar endurskoðendur þá, er um getur í 1. grein, kveður á um starfssvið þeirra, hver laun þeir skulu hafa fyrir starfa sinn og hversu þau sje goldin.

3. gr.

Nú er öðruvísi ákveðið í lögum um endurskoðunarmenn opinberra sjóða eður hlutafjelaga, og ná þá eigi þessi lög til þeirra.

Nd. **194. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

2. gr.

Et maður vill öðlast þann rjett, sem getur í 1. grein, skal hann hafa sannað fyrir stjórnarráðinu, að hann hafi næga þekkingu á þeirri tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á. Heimilt er stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er getur í 1. grein, og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum, þýða skjöl fyrir menn og stofnanir og vinna eið að því, að ljósta eigi upp leyndarmálum nje halla máli í þýðingum sínum.

4. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðanda.

Nd. **195. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fasteignarskatt.

(Frá minni hlutanum).

Vjer höfum ekki getað orðið meiri hluta nefndarinnar samferða til enda í þessu máli.

Að vísu erum vjer að flestu leyti samþykkir þeim breytingum á þessu frumvarpi og hinum öðrum, sem við það standa í sambandi, er nefndin hefir komið sjer saman um, og þeim búningi, sem þau hafa fengið í höndum hennar, ef frömvörpin annars ættu að verða að lögum.

En þegar til þess kemur, þá getum vjer ekki ráðið háttvirtri deild til þess, að samþykkja sjerstaklega þetta frumvarp.

Skattarnir mundu verða mjög *óvinsælir*, koma *all-þungt* niður á marga, og afraksturinn þó *verða litill* á móts við þetta, og hinar gagngjörðu breytingar, sem þessu eru samfara frá því, sem nú er og menn eru orðnir vanir við, svo að

auðvelt mundi vera að *afla landssjóði*, ef brýn þörf væri til, álíka tekjuauka, með *fyrirhafnarminna* móti og þó minna tilfinnanlegu og óvinsælu.

Að vísu mun nú mega telja, að allar gjalda-álögur sjeu óvinsælar í fyrstu, og sje það ekkert sjerstakt einkenni fyrir þessa. En þess má gæta, að svo mjög skamt er síðan, er landsmönnum var íþyngt með vörutöllslögunum, svo að þeim þykir — ekki með öllu ástæðulaust — að verið sje að elta þá með öllu móti til að auka þeim byrðar, enda hafa þegar komið fram slíkar raddir, auk þess sem þess varð víða vart, þegar er tillögur skattanefndarinnar frá 1907 urðu kunnar, að menn hugðu ilt einkum til fasteignarskattsins, en hafa síðan búist við, að frá því ráði hafi verið horfið, og kæmi það því nú mjög á óvart, að það sje aftur upp tekið og framkvæmt umsvifalaust. Teljum vjer af þessari ástæðu rjett, þótt málið sje fram komið, að láta það ekki verða að lögum á þessu þingi.

Skattarnir mundu, einkum sá er hjer liggur fyrir, leggja tilfinnanlegan byrðarauka á ekki allfáa einstaka menn, sem hvergi nærri færi ávalt eftir gjaldþoli, og kæmi oft þar niður, sem fullkomnir erfiðleikar eru fyrir að sjá sjer og sínum borgið, svo að ekki væri á bætandi. Ætlast er til, að fasteignarskatturinn hvíli á jörðum, húsum og lóðum, þótt þessar eignir sjeu veðsettar fyrir skuldum, svo að þær eru ekki nema að nafninu eign þess, er skatturinn er krafinn af, og verður slíkt að teljast ófæra með öllu. Hins vegar mundu aftur, þar sem slíkar eignir eru í annars manns leigu, eigandinn svo fljótt sem hann gæti koma skattinum öllum af sjer á leigjanda, og hann þá verða beinn skattur á atvinnu leigjandans, auk þess sem hann af henni yrði að greiða tekjuskatt. Jafnframt mundi þetta geta haft rýrandi áhrif á *veðgildi* slíkra eigna, og er það út af fyrir sig mikilsvarðandi.

Tekjuskattinn teldum vjer aftur síður varhugaverðan og mundum geta fallizt á að leiða hann í lög, en þar sem hann stendur í nánu sambandi við fasteignarskattinn og hann einn út af fyrir sig gæfi lítið af sjer, búumst vjer við, að hann að svo stöddu yrði heldur ekki leiddur í lög.

Þá bendum vjer á, að töluverðum erfiðleikum yrði bundið, að láta skattana koma rjettlátlega niður, og að því er tekjuskattinn sjerstaklega snertir, að fá rjett tekjuframtal. Talsverður vandi og tímafrekt og flókið starf mundi hvíla á væntanlegum skattanefndum, svo að vafasamt væri, hve auðveldlega fyndust alstaðar menn, sem væru því fyllilega vaxnir, eða ekki þegar fyrir ofhlaðnir ýmsum öðrum störfum, mörgum lítt launuðum.

Í alt þetta væri þó ekki horfandi, ef það hins vegar aflaði landssjóði tekna, sem stóru munaði. En þar sem allur afraksturinn fram yfir það, sem nú er, er áætlaður innan við 60 þús. kr. á ári, þá svarar það ekki til þess erfiðisauka og óánægju, sem vjer verðum að telja, að skattálagan mundi nú valda. Fyrir landssjóð er auðvitað jafnan þörf og nóg verkefni fyrir tekjuauka. Svo mun verða í ófyrirsjáanlegri framtíð. En varla á það sjer neitt sjerstaklega stað nú, þar sem vörugjaldið mun fara langt fram úr áætlun, og eftir því sem fjárlög liggja fyrir, jafnvel þó að útgjaldahlið þeirra vaxi nokkuð í meðferð þingsins, sem vænta má.

Og þó að ekki yrði nú komist hjá nokkrum slíkum tekjuauka, mundi til þess vera hentugra ráð, sem minni óvinsældum mundi valda, að drýgja afrakstur vörutollslaganna með lágri hundraðsgjalds viðbót eða endurskoðaðri flokkun og jafnframt nákvæmari og rjettlátari, án þess vjer að þessu sinni ráðum til þess.

Að þessu athuguðu teljum vjer oss komast nær huga og óskum þjóðarinnar með því að ráða háttvirtri deild frá því, að samþykkja frumvarp þetta, og mundu þá hin önnur væntanlega verða að standa og falla með því.

Neðri deild Alþingis, 26. júlí 1913.

Kristinn Daníelsson, (framsögum. minni hlutans). Halldór Steinsson.

Með fyrirvara,
Tryggvi Bjarnason.

Ed. **196. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun æðarfugla á þingskj. 88.

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Engir, hvorki varpeigendur nje aðrir, mega selja nje kaupa æðaregg.

Nd. **197. Viðaukatillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá ráðherra.

Í 7. gr. bætist við nýr liður (milli 2. og 30.), svohljóðandi:

Við 20. Styrkur til manns til að læra dýralækningar erlendis, fyrir síðasta ársþriðjung 1913 kr. 200,00.

Ed. **198. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 196 við frumv. til laga um friðun æðarfugla.

Frá Einari Jónssyni 2. þm. N.-Múl.

Aftan við breytingartill. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Enginn sá maður, er umráð hefir yfir æðarvarpi, má heldur taka egg úr

varpi sínu fyr en 5 vikur eru liðnar frá því er fyrstu æður urpu, og þó eigi þaðan af, nema ný egg. Heimilt er þó allan varptímann að taka þau egg, er æður hefur yfirgefið (kaldegg).

Nd. **199. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að láta skoða veðin á kostnað lántakanda.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Heimilt er veðdeild Landsbankans á hverjum 5 ára fresti frá því er lán var tekið að láta skoða fasteignir þær á kostnað lántakanda, er hún hefir að veði, eða að heimta fullnægjandi skírteini fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað.

Nd. **200. Frumvarp**

til laga um málskostnað.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, 1. þm. S.-Múl.

Þegar teknar eru til greina í dómi í einkamáli allar kröfur stefnanda og þegar stefndi í einkamáli er algjörlega sýknaður, þá skal tildæma þeim aðila, sem þannig vinnur málið, málskostnað að skaðlausu frá hinum.

Sþ. **201. Skýrsla**

frá verðlaunanefnd »Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar«.

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á Alþingi 1911 samkvæmt 3. grein í »Reglum um gjöf Jóns Sigurðsson 24. ágúst 1881« (sbr. reglur um sömu gjöf 16. okt. 1912, 3. gr.), gat samkvæmt erindisbrjefi sínu út auglýsing, sem birt var í Lögbirtingablaðinu, um að þeim, sem óskuðu eftir að vinna til verðlauna af tjeðum sjóði, væri boðið að senda til vor fyrir árslok 1912 rit þau, er þeir hygðu til verðlauna fyrir.

Nefndinni bárust á þessum fresti þær tvær ritgjörðir, er nú skal greina:

1. »Um herferðir víkinga frá Norðurlöndum«, með einkunnarorðum: »Fram um heiminn veltast ótal aldir, undrastraumar jökulkaldir. Ben. Gröndal, Kvæðabók 142. bls.«

2. »Rjettarstaða Íslands að fornu og nýju«, merkt »$x^2 + y^2$«.

Nefndin varð ásátt um að veita 750 kr. verðlaun fyrir hvora af þessum ritgjörðum.

Höfundar þessara ritgjörða reyndust vera:

1. Jón prófastur Jónsson á Stafafelli að ritgjörðinni »Um herferðir víkinga frá Norðurlöndum«,
2. Einar prófessor Arnórsson í Reykjavík að ritgjörðinni »Rjettarstaða Íslands að fornu og nýju«.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vjer hjermeð þess heiðurs að leggja fyrir hið heiðraða alþingi.

Reykjavík 23. júlí 1913.

Björn M. Ólsen. Hannes Þorsteinsson.

Jón Þorkelsson.

Til alþingis 1913.

Nd. **202. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Karlseyjarvík og í Hagabót í Barðastrandarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar á hvorum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **203. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni.

Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

Ed. **204. Lög**

um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr. 15.

(Samþykt í Ed. 28. júlí).

15. liður í 1. gr. tolllaganna frá 11. júlí 1911 orðist svo:

15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum og öðrum sætindatilbúningi, sem notaður er á sama hátt og brjóstsykur og konfekt, þar með taldir sykraðir ávextir (kandiseraðir ávextir) ..... 80 aura af hverju kílógr.

Ed. **205. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Nefndin er sammála um það, að lög um eftirlit með sparisjóðum sjeu nauðsynleg, þar sem um er að ræða miklar fjárupphæðir sem menn um land alt eiga í sparisjóðunum. Og þó að enn hafi ekki orðið nema lítil brögð að því, að fje sparisjóðanna hafi farið forgörðum, þá er á hitt að líta, að aukning innstæðufjárins fer svo stórum vaxandi, að ekki verður álitið viðeigandi eða hættulaust, að það sje lengur án eftirlits frá hálfu hins opinbera, því það getur ekki kallast eftirlit, þó landsstjórnin hafi fengið reikninga sparisjóðanna til yfirlits.

Til þess að sýna fram á það, hve innstæðufje sparisjóðanna eykst hröðum fetum, má geta þess, að eftir skýrslum um sparisjóði í landinu árið 1910 eru

innlög í sjóðina orðin yfir 6⅕ milj. króna, og á 2 árunum næst á undan eða frá 1908 höfðu innlögin vaxið um hartnær 1 miljón króna. Það lætur því nærri, eftir aukningu þessara síðustu ára, að 1 milj. safnist á 2½ ári. Þannig er það, að á sama tíma, sem þurfti til þess fyrir 25 árum að safna 200 þús. kr., safnast nú 2 milj. kr. — Inneign í sparisjóðunum á hvern mann á landinu hefir á síðastliðnum 20 árum vaxið úr 11 kr. upp í 73 kr., eða því nær sjöfaldast. Þetta ætti að vera nægileg rök fyrir því, að hjer er mikið í hættu og því brýn þörf á eftirliti. Aftur hefir stefna sú, sem frumvarpið fer fram á með framkvæmd á slíku eftirliti, vakið allmikið umtal í nefndinni. Og þó að nefndin hafi ekki klofnað um þetta atriði, þá eru þó tveir nefndarmanna á því (E. B. og St. J.), að tryggilegra myndi máske reynast að fara þá leiðina sem frumvarpið fer, þó þeir hinsvegar vilji ekki útiloka það, að fá reynslu um, hvort þessi vegur, sem lagt er til að taka, muni ekki reynast fær.

Eftir frumvarpinu á eftirlitinu að vera þannig hagað, að einum manni með föstum launum er falið það, og auk þess ætlaður ferðakostnaður og ákveðnir dagpeningar á eftirlitsferðum; en jafnframt á þó þessi eftirlitsmaður að geta sett aðra menn fyrir sig, eða falið öðrum eftirlitið, ef honum sýnist svo. Þessu er lagt til að breyta þannig, að stjórnarráðið hafi með höndum eftirlitið og geti falið það hinum og öðrum færum mönnum út um land. Verður að álíta að eftirlitið sje á þennan hátt engu ótryggara. Nægilega marga færa menn myndi mega fá út um land til þessa, því nú hafa margir fengið þekkingu og reynslu í þessum efnum við störf í sparisjóðum og bönkum. Og hvað ábyrgðina snertir á starfinu, þá er hún mjög svo svipuð, þar sem umsjónarmaðurinn myndi oft og einatt hljóta að fela þetta starf öðrum, og yrði því fyrir hann að meira eða minna leyti aðeins sem kontórstarf, sem ekki sýnist tryggara eða betur viðeigandi í hans höndum en stjórnarráðsins.

Hvað kostnaðinn snertir við báðar þessar leiðir, þá verður ekki verulega sennileg áætlun um hann gerð. En ganga má út frá því sem áreiðanlegu, að það sem áætlað er til ferðakostnaðar og dagpeninga 600 kr. í frumvarpinu, sje alt of lítið, ef ekki ætti að standa því lengur á að rannsaka hag sjóðanna, en það leggur nefndin áherslu á, að kæmist sem fyrst í verk. — Aftur á móti mætti, með því fyrirkomulagi, sem vjer leyfum oss að fara fram á, rannsaka alla sparisjóði landsins þegar á fyrsta ári og koma þeim í skipulegt horf innbyrðis; því þegar eftirlitsmennirnir hafa ekki nema tiltölulega lítil svæði og hentug, geta þeir gripið hvert besta og hentugasta tækifæri til þessa, sem bæði verður ódýrara og fljótara. Vjer skulum taka til dæmis, að maður af Akureyri hefði sjóðina í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum og Sauðárkróki. Maður úr Reykjavík sparisjóðina í Hafnarfirði, Keflavík og í Árnessýslu og víðar, ef henta þætti. Þannig mætti skifta þessu niður, svo yfirferðin yrði auðveld og hvergi þyrfti að verða erfið eða dýr ferðalög. En með hinu fyrirkomulaginu er það óumflýjanlegt.

Ekki höfum vjer neitt viljað ákveða um kaup þessara eftirlitsmanna, treystum stjórnarráðinu til þess að greiða sanngjarnt fyrir það, eftir því sem störf eru borguð, og álítum að engin vandræði muni verða að fá menn til þess fyrir hæfilega þóknun.

Jafnframt því að breyta þessu eftirliti eins og nú hefir sagt verið, leggjum vjer til, að eins og stendur verði ekki lagður skattur á sparisjóðina. Ekki er það þó af því, að vjer álítum það ekki í sjálfu sjer rjettmætt, að þeir í fram-

tíðinni beri sjálfir uppi þann kostnað, sem eftirlitið hefir í för með sjer, heldur af hinu, að vjer álítum hann ekki rjettilega miðaðan við kostnaðinn, fyr en reynsla er fengin um það, og svo að öðru leyti af því, að margir af sjóðunum eru í bernsku með örlitla varasjóði, sem eiga að verða þeirra aðaltrygging í framtíðinni og þola því illa útgjöld, og enda gæti það leitt til þess, að draga úr stofnun nýrra sjóða og teldum vjer það mjög illa farið. Það sýnist því ekki illa viðeigandi að landssjóður kosti, að minsta kosti fyrst um sinn, eftirlitið.

Auk þessarar aðalbreytingar leggjum vjer til, að nokkrar fleiri verði gerðar og skulum geta hjer hinna helstu.

Í ákvæði þau, sem talin eru upp í 2., gr. að jafnan skuli vera í lögum eða reglum sparisjóða, viljum vjer bæta inn staflið um tryggingu sjóðsins og verði það 1. liður í þeirri upptalningu. Yrði þar tiltekið hvað innborgað væri af hlutafje eða tryggingarfje sjóðsins og hvað á ábyrgð einstakra manna eða fjelaga.

Í 6. gr. viljum vjer til skýringar bæta inn því ákvæði, að aldrei megi lán veita eða ráðstafa eignum sjóðsins nema með samþykki meiri hluta stjórnar hans.

Ákvæðum 9. gr. um það, að starfsmenn sparisjóðanna, fjehirðir og bókari, megi jafnframt eiga sæti í stjórn sjóðsins, ef þeir hafi enga borgun fyrir starf sitt, viljum vjer breyta þannig, að þegar innstæðufje sjóðsins sje orðið 50 þús. kr. eða yfir, megi þeir ekki eiga sæti í stjórninni. Eru þá störf sjóðsins orðin mikil og hann fær um að greiða þessum mönnum hæfilega borgun, og virðist þá rjett, að störf þeirra sjeu aðskilin frá störfum stjórnarinnar. En þar sem sjóðirnir eru litlir, eins og víða í sveitum og menn mjög dreifðir, getur valdið miklum erfiðleikum, ef slíkt er bannað, enda þótt ofurlítil þóknun væri borguð fyrir starfið.

Enn viljum vjer gera nokkra breytingu á sömu grein, viðvíkjandi inn- og útborgunum, gera undantekningar á því, að jafnan þurfi 2 af starfsmönnum sjóðanna að vera viðstaddir. Oss virðist að þetta yrði ill framkvæmanlegt í sparisjóðum til sveita, þar sem oftast mun svo vera, að ekki er nema 1 starfsmaður eða stjórnandi sjóðsins á sama bæ, eða þar sem sjóðurinn er. En jafnframt viljum vjer tryggja þessar undantekningar svo, að kvittanir fyrir innborgunum sjeu því að eins skuldbindandi fyrir *sjóðinn*, að þær sjeu undirskrifaðar af bæði bókara og gjaldkera. Verður þá sá sem innborgar að fá undirskrift bókarans, þó hann sje á öðrum bæ, et hann vill að kvittunin sje lögmæt gagnvart sjóðnum. Sömuleiðis viljum vjer ekki fyrirbyggja það, að gjaldkeri geti greitt *úr* sjóðnum gegn ávísun formanns. Getur það verið nauðsynlegt um ýmsar smærri upphæðir, svo að stjórnin þurfi ekki að koma saman í það sinn til þess. En um lán úr sjóðnum teljum vjer, að ekki geti komið til mála, að útborga á þennan hátt.

Þá viljum vjer taka fram viðvíkjandi ákvæðum 10. gr., þótt vjer leggjum ekki til að þeim sje breytt, að trygging sú, sem sparisjóðsfjehirðir á að setja, og stjórnarráðið að ákveða, sje með allri varúð ákveðin, því svo gæti það farið, ef um strangleika í því efni væri að ræða, að nýtur fjehirðir ekki fengist til starfans, því vanalega er þóknunin lítil, sem fyrir þetta er greidd.

Í 13. gr. er það ákveðið, að upphæð lána, sem eingöngu eru trygð með sjálfskuldarábyrgð megi aldrei nema meiru en $^1/_3$ af sparisjóðsinnstæðufjenu. Enda þótt vjer játum, að varasamt sje að ganga langt í því að veita lán þessi, þá þykir oss þó þetta allströng ákvæði. Og með því að líta yfir síðustu reikninga sparisjóðanna sjest það, að einungis 6 sparisjóðir af 25 fullnægja þessu, eða

sjálfskuldarábyrgðarlánin eru rjett við 1/3 af innstæðufjenu. Í 5 sjóðum eru þau alt að helming, í 9 yfir helming og í 5 *yfir* þrjá fjórðu.

Þetta sýnir að sjálfskuldarábyrgðarlánin eru lang algengust, og þó þau í sjálfu sjer sjeu varasöm, má þó treysta góðum sparisjóðsstjórnum, sem hafa náinn kunnugleika á lántakendum, til þess að viðhafa alla varúð. Vjer viljum þó setja takmörk fyrir þessu þannig, að samanlögð upphæð sjálfskuldarábyrgðarlána og víxillána, sem eingöngu eru trygð með ábyrgð einstakra manna, fari aldrei fram úr helming af sparisjóðs innstæðufjenu að viðbættu hlutafje. Víxillán eru enn sem komið er lítil í sparisjóðunum, eftir því sem næst verður komist, og sumstaðar engin, en miklar líkur eru til þess, að þau fari í vöxt, og viljum vjer því ekki takmarka meira hvorttveggja þessi lán og álítum það hættulaust; enda mjög lítið lengra gengið en í frumvarpinu. Sjerstökum ákvæðum þessarar greinar um víxillán, leggjum vjer til að verði slept samkvæmt þessu.

Hvað snertir tryggingarákvæði þessarar sömu greinar, fyrir sparisjóði, sem geyma 50 þús. kr. innstæðufje eða meira, þá þykir oss rjett og sjálfsagt að leyfa sparisjóðsstjórn að grípa til þessa tryggingarfjár, ef ófyrirsjáanlegar útborganir koma fyrir, því í þeim kringumstæðum geta það orðið megnustu vandræði fyrir sjóðina, ef tryggingarfje þetta ætti að vera óhreyfanlegt. En auðvitað á sparisjóðsstjórn að rjetta það svo fljótt sem verða má.

Hlutabrjefakaup sparisjóðanna viljum vjer útiloka með öllu. Álítum óviðeigandi, að þeir sjeu í nokkrum fjárhættufyrirtækjum.

Við 17. gr. viljum vjer gera sömu breytingu og við 13. gr., viðvíkjandi tryggingarfje sjóðanna, og af sömu ástæðum.

Leyfum oss því að gera þessar

## BREYTINGARTILLÖGUR:

### Við 2. gr.

1. Inn í stafliðina bætist nýr stafliður, sem verður a stafl. svohljóðandi: Trygging sjóðsins: Hvað sje innborgað hlutafje eða tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga.

   Stafliðirnir breytast eftir því.

### Við 3. gr.

2. Á undan orðinu »ábyrgðarfje« komi: innborgað.

### Við 6. gr.

3. Aftan við 1. málsgr. bætist: og má aldrei veita lán eða ráðstafa eignum hans án samþykkis meiri hluta stjórnarinnar.

### Við 8. gr.

4. Fyrir »umsjónarmanni sparisjóða« komi: stjórnarráði Íslands.

### Við 9. gr.

5. 2. málsliður 1. málsgr. »Ef þeir hafa« o. s. frv. falli burtu, en í staðinn komi:

mega þeir ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins ef innstæðufje hans er 50 þús. kr. eða yfir.

6. Síðustu 2 málsgreinarnar orðist svo:

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má gjaldkeri veita móttöku innborgunum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en skuldbindandi er kvittun hans því að eins fyrir sjóðinn, að hún sje meðundirrituð af bókara. Sömuleiðis getur gjaldkeri greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr.

Við 12. gr.

7. Orðin »eftir tillögum umsjónarmanns« í niðurlagi greinarinnar, falli burtu.

Við 13. gr.

8. 2. málsgr. orðist svo: Eigi má samanlögð upphæð víxillána og sjálfskuldarábyrgðarlána, er sparisjóður veitir og trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, nokkru sinni nema meiru en helming af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu innborguðu hlutafje.
9. 4. málsgr. falli í burtu.
10. Orðið: »jafnan« í 5. málsgr. falli burtu.
11. Aftan við málsgreinina bætist: Nú kemur það fyrir að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lagt aftur.
12. 6. málsgr. falli í burtu: »Hlutabrjef« o. s. frv.
13. Orðin: »eður hlutabrjef«í næstu málsgr. falli í burtu.
14. Orðin: »eða hlutabrjefa« í síðustu málsgr. falli í burtu.

Við 16. gr.

15. Orðin: »og umsjónarmanns sparisjóðanna« falli í burtu.

Við 17. gr.

16. Aftan við greinina bætist: Þó gilda um þetta sömu undantekningar og fram eru teknar í 13. gr. 5. málsgr.

Við 19. gr.

17. Orðið: »jafnan« í fyrstu málsgr. falli burtu.
18. Á eftir orðunum: »gætur að því« í sömu málsgr. komi: svo oft sem þörf er á.
19. Fyrir orðin: »umsjónarmanni sparisjóðanna« komi: stjórnarráðinu.

Við 20. gr.

20. Fyrir orðin: umsjónarmanns sparisjóða« komi: stjórnarráðs.
21. Orðin: »umsjónarmanni . . . síðan« í síðustu málsgr. falli burtu.

Við 22. gr.

22. Greinin orðist þannig:
Stjórnarráð Íslands hefir umsjón og eftirlit með öllum sparisjóðum landsins og starfsemi þeirra. Getur það falið einstökum, þar til hæfum mönnum, að hafa eftirlit og rannsókn á hag sparisjóðanna á stærri eða minni svæðum eftir því sem best hentar, gegn hæfilegri þóknun og ferðakostnaði, er veitt sje í fjárlögum. Skal eftirliti þessu jafnan hagað svo, ef kostur er, að menn þeir sem það er falið, hafi sem besta þekkingu á hag og kringumstæðum þeirra manna, sem mest nota sjóðina. Verði eftirlit þetta falið manni eða mönnum, sem á sæti í einhverri sparisjóðsstjórn, nær það ekki til ransóknar á þeim sjóði.
Stjórnarráðið semur erindisbrjef fyrir umsjónarmennina.
Vanræki umsjónarmenn skyldur sínar getur stjórnarráðið vikið þeim frá.

Við 23. gr.

23. Greinin orðist þannig:
Stjórnarráðið getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og alt fyrirkomulag. Samrit af ársreikningum allra sparisjóða skal senda stjórnarráðinu jafnskjótt og þeir eru samdir. Ennfremur athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara eða sparisjóðsstjórnar. Sama rjett til upplýsinga um rekstur sparisjóðanna hafa og umsjónarmenn þeir, sem stjórnarráðið skipar.
Tregðist stjórnendur sparisjóða við, að senda stjórnarráðinu eða hinum settu eftirlitsmönnum allar upplýsingar viðvíkjandi rekstri sparisjóðanna, má beita dagsektum, alt að 5 kr. á dag.
Stjórnarráðið semur á ári hverju skýrslu um alla sparisjóði á landinu og starfsemi þeirra. Ágrip af skýrslu þessari skal birta almenningi á þann hátt er stjórnarráðinu þykir best henta.

Við 24. gr.

24. Greinin falli burtu og greinatalan breytist eftir því.

Alþingi 28. júlí 1913

Eiríkur Briem. formaður.
Þórarinn Jónsson. (skr. og frams.m.)

Guðjón Guðlaugsson. H. J. Kristófersson. Steingrímur Jónsson.

Ed. **206. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja (þingskj. 143).

Frá nefndinni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:
Maríuerlur, steindeplar, þrestir, músarrindlar, auðnutitlingar, sólskríkjur, (snjótitlingar), þúfutitlingar, (grátitlingar) lóur, spóar, lóuþrælar, silkitoppar, hegrar, svölur, starrar, óðinshanar, þórshanar, tildrur, sandlóur, jarðrakan, rauðbrystingar, sendlingar, svanir, kríur, hettumáfar, haftyrðlar, drúðar, snæuglur, æðarkongar.

— 2. — Í staðinn fyrir orðin »þá hafa varpeigendur« komi: eða leggjast á lömb, þá hafa hlutaðeigendur.

— 3. — Greinin orðist þannig:
Þessar fuglategundir skulu ekki vera friðaðar á neinum tíma árs: Valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar, hvítmáfar, grámáfar, helsingjar, skarfar, súlur, svartfuglar, ritur, álkur, sefandir, toppandir, himbrimar.

— 5. — Í stað orðsins »duggandar« komi: dúkandar.

— 6. — Fyriri »60« komi: 80.

— 8. — Greinin orðist þannig:
Undanþágu frá ákvæðum laga þessara getur ráðherra Íslands veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum, og náttúrufræðiskennurum við skóla landsins, sem safna vilja fyrir skólana eða náttúrugripasafnið í Reykjavík.

Nd. **207. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 28. júlí. (Fyrirspurn til ráðherra, þingskj. 53).

Deildin telur frammistöðu ráðherra í lotterímálinu mjög aðfinsluverða, en tekur þó fyrir næsta mál á dagskrá í því trausti, að líkt komi eigi fyrir aftur.

Nd. **208. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913 veitast kr. 143066,53 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast kr. 1325,00.

| | | |
|---|---|---|
| Við A. 3. | Til viðgerðar fangahússins á Seyðisfirði alt að ... ... | kr. 700,00 |
| | Á eftir A. 4. komi nýr liður, er verði 5. liður: | |
| | Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Strandasýslu... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 125,00 |
| Við B. 6. | Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum í Garðsjó innan landhelgi gegn jafnmiklu annarstaðar frá ... ... ... | — 500,00 |
| | | kr. 1325,00 |

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (Læknaskipun) veitast kr. 1201,50.

| | | |
|---|---|---|
| Við 8. B. | Til að mála að utan geðveikrahælið á Kleppi ... ... | kr. 600,00 |
| Við 10. | lið (nýr liður): | |
| | Aðgerð á sóttvarnarhúsinu á Akureyri ... ... ... ... | — 601,50 |
| | | kr. 1201,50 |

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (Samgöngumál) veitast kr. 99207, 33.

| | | |
|---|---|---|
| Við A. | Til viðbótarbyggingar við pósthúsið ... ... ... ... ... | kr. 65000,00 |
| Við B. II. 3. | Reykjadalsbraut ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 10000,00 |
| Við B. II. | Til steinsteypubrúar á Steinslæk í Holtum $^2/_3$ hlutar kostnaðarins... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 1146,11 |
| Við B. XII. | (nýr liður): | |
| | Til fyrirhleðslu við Holtsá ... ... ... ... ... ... | — 2547,56 |
| Við D. | Til endurgreiðslu á tillagi til símalínu frá Selfossi að Eyrarbakka .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 3000,00 |
| | Til endurgreiðslu á tillagi Rangárvallasýslu til Garðsauka-símans alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 4000,00 |
| | gegn því, að sýslan leggi á sínum tíma hlutfallslega til Víkursímans. | |
| | | Flyt kr. 85693,67 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fluttar kr. | 85693,67 |
| | Til endurgjalds á sýslutillagi til Patreksfjarðarsímans ... | — | 5000,00 |
| | Til þess að styrkja símalínuna á Fjarðarheiði, Fljótsheiði og víðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 7000,00 |
| Við E. VII. | Til vitavarðarbústaðar á Siglunesi ... ... ... ... ... | — | 713,66 |
| Við E. XVII. | Til brunngraftar við Garðskagavita . ... ... ... ... | — | 800,00 |
| | | kr. | 99207,33 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (Kirkju- og kennslumál) veitast kr. 13103,62.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. b. 5. | Álag á Staðastaðarkirkju ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 1110,06 |
| | 7. Til Ásláksstaðakirkju, eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að því tilskildu, að söfnuðurinn taki kirkjuna að sjer | — | 803,56 |
| Við B. I. | Til þess að kaupa Röntgensáhöld handa læknadeild háskólans ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 5000,00 |
| — - - | Til hr. A. Courmont í viðurkenningarskyni fyrir kennslu hans í frakkneskri tungu og bókmentum skólaárin 1911—1913 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1440,00 |
| — B. III. b. 1. | Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til byggingar á úthýsi og aðgerðar á skólahúsinu eftir reikningi, alt að ... ... ... ... | — | 4000,00 |
| — B. IV. b. 2. | — aukakenslu við kennaraskólann ... ... | — | 750,00 |
| | | kr. | 13103,62 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. (Vísindi og bókmentir) veitast kr. 4553,33.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. c. (nýr liður): | Aðstoð við Landsbókasafnið . ... ... ... ... ... ... | kr. | 1053,33 |
| — 49. (nýr liður): | Styrkur til að sækja olympisku leikina í Stokkhólmi 1912 | — | 2500,00 |
| | Til kvennrjettindafjelags Íslands, styrkur til þess að senda fulltrúa á alþjóðamót í Buda-Pest í júní þ. á. um kosningarrjett kvenna ... ... ... ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | | kr. | 4553,33 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (Til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 17500,95.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. | Bændaskólinn á Hólum: | | |
| | Endurbætur á gamla skólahúsinu ... .. ... ... ... | kr. | 782,98 |
| | Til smíðakennslu .... ... ... ... ... ... ... .. ... | — | 500,00 |
| — 2. | Bændaskólinn á Hvanneyri: | | |
| | Viðbótarstyrkur til að reisa leikfimishús ... ... ... ... | — | 3258,27 |
| | | Flyt kr. | 4541,25 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fluttar: | kr. | 4541,25 |
| Við | 20. | Styrkur til manns til að læra dýralækningar erlendis, fyrir síðasta ársþriðjung 1913 ... ... ... ... ... ... | — | 200,00 |
| — | 30. | Ferðastyrkur til Sigurgeirs Einarssonar til að kynnast ullarþurkun í Englandi og Þýskalandi ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | | Til sama upp í kostnað við Ameríkuferð 1911 ... ... | — | 1159,70 |
| — | 37. | Til Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns upp í utanfararkostnað 1910 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 200,00 |
| | | Til Árna Gíslasonar fiskimatsmanns upp í ferðakostnað til Spánar og Ítalíu ... ... ... ... ... ... .. ... ... | — | 400,00 |
| — | 54 | (nýr liður): Til að mæla innsigling á Gilsfjörð (endurveiting) alt að | kr. | 10000,00 |
| | | | kr. | 17500,95 |

8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. veitist 420 kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Til | ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla ... ... ... ... | kr. | 420,00 |

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (Óviss útgjöld) veitast kr. 5754,80

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Ferðakostnaður og fæðispeningar nokkurra þingmanna á fund í Reykjavík í desember 1912 ... ... ... ... ... ... | kr. | 754,80 |
| 2. | Til endurgreiðslu á vörugjaldi af kolum, sem þau af skipum Hins sameinaða gufuskipafjelags, sem halda uppi umsömdum millilandaferðum samkvæmt 10 ára samningi, gerðum árið 1909, taka á Íslandi eftir 1. jan. 1913, eftir reikningi alt að | kr. | 5000,00 |
| | | kr. | 5754,80 |

3. Stjórninni veitist heimild til að lána Stokkseyrarhreppi og Eyrarbakkahreppi úr landssjóði kr. 4650,00,j til þess að bæta skemdir á sjógarðinum frá Óseyri austur fyrir Stokkseyri. Lánið ávaxtist með 4½ % á ári, og afborgist á 15 árum með jöfnum afborgunum.
4. Stjórninni veitist heimild til að veita viðtöku til viðhalds á landsjóðs kostnað skipbrotsmannaskýli í Máfabót í Hörgslandi, sem reist verður í sumar, með stikum frá húsinu til bygða, þó með því skilyrði, að húsið sje traustlega bygt, og við skoðunargerð skilað í fullu standi.

Nd. **209. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi 22. nóv. 1907.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Akfær þjóðvegur skal vera frá Höskuldsstöðum í Laxárdal í Dalasýslu til Laxalækjar, þar sem hefst fjallvegur yfir Laxárdalsheiði.

Nd. **210. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. (þingskj. 208).

Flutningsm: Benedikt Sveinsson, Skúli Thoroddsen, Valtýr Guðmundsson.

Við 9. gr. 1. tölulið.
Liðurinn falli burt.

Nd. **211. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Pjetri Jónssyni.

Síðari málsgrein frumvarpsins orðist svo:
Landsbankinn heldur áfram að greiða vexti af allri lánsupphæðinni, tveim miljónum króna, og rennur sá hluti vaxtanna í landssjóð, sem ekki gengur til lánveitanda, og vextirnir allir, þegar lánið er endurgreitt að fullu.

Ed. **212. Frumvarp**

til laga um friðun fugla og eggja.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:
Maríuerlur, steindeplar, þrestir, músarindlar, auðnutitlingar, sólskríkjur (snjótitlingar), þúfutitlingar (grátitlingar), lóur, spóar, lóuþrælar, silkitoppar, hegrar, svölur, starrar, óðinshanar, þórshanar, jarðrakan, rauðbrystingar, sendlingar, svanir, kríur, hettumáfar, haftyrðlar, drúðar, snæuglur, æðarkongar.

2. gr.

Þessar fuglategundir skulu ekki vera friðaðar á neinum tíma árs:
Ernir, valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar, hvítmáfar, grámáfar, helsingjar, skarfar, súlur, svartfuglar, ritur, álkur, sefandir, toppandir, himbrimar og hrotgæsir.

3. gr.

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

a. Rjúpur alfriðaðar fyrir skotum í 2 ár að telja frá 1. jan. 1914 og, að þeim tíma liðnum, á tímabilinu frá 20. desember til 20. september.
b. Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði, þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. mars og ekki enda fyr en 10. ágúst.
c. Lundi frá 10. maí til 20. júní.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði. Þó getur ráðherra Íslands eftir tillögum sýslunefnda veitt leyfi til að veiða lunda með netum í eyjum, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum, enda sje það sannað, að lundanum verði ekki útrýmt með háfaveiði. Fyrir slíku leyfi skal það þó ávalt gert að skilyrði, að netaveiði þessi fari fram á þann hátt, að verið sje yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum. Skal sýslumaður annast um, að stöðugt eftirlit sje haft með veiðinni, og greiða varpeigendur allan kostnað við eftirlitið. Brot gegn þessum ákvæðum varða 10—15 kr. sektum. Allar fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið taldar, skulu friðaðar vera frá 1. apríl til 1. ágúst.

4. gr.

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 32 kr.

5. gr.

Fyrir hvert rjúpnaegg, er tekið er, skal sá er brotlegur verður greiða 1 kr. sekt

6. gr.

Undanþágu frá ákvæðum laga þessara getur ráðherra Íslands veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum, og náttúrufræðiskennurum við skóla landsins, sem safna vilja fyrir skólana eða náttúrugripasafnið í Reykjavík.

7. gr.

Mál þau, er rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál. Sektirnar renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en að $^2/_3$ til uppljóstanda.

8. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1914, og eru um leið úr gildi numin lög um friðun fugla frá 27. nóvember 1903.

Nd. **213. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað 2. gr. komi svolátandi grein:

Ekkert lán má fara fram úr 5000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir, en $^1/_2$% afborgun.

2. gr.

Í staðinn fyrir þessi orð í 5. gr. »skal sá hafa forgöngurjett« komi: skal sá að jafnaði hafa forgöngurjett.

3. gr.

Í stað 6. gr. komi svolátandi grein:

Hús, er lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, úr steini eða steinsteypu og þak varið járni eða eigi ótryggara efni. Timburhús, þótt aljárnvarin sjeu, má því að eins reisa fyrir lánsfjeð, að eigi sje annars kostur vegna staðhátta. Landsstjórnin ræður, eftir tillögu hins byggingarfróða ráðunauts landsstjórnarinnar, yfirsmið hússins.

Nú hefir verið bygt hús úr steini eða steinsteypu, eða járnvarið timburhús á prestsetri, áður en lög þessi ganga í gildi, en er ekki eign prestakallsins, eða slíkt hús er á jörð, er síðar kynni að verða gerð að prestssetri, en fylgir eigi jörðinni, og er þá landsstjórninni heimilt að veita lán til að kaupa það með samskonar kjörum og lög þessi ræða um, ef ástæður mæla með, enda sje húsið vandað og hentugt til íbúðar.

4. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Helmingur lánsfjárins greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og efnið, sje það eldfimt, sje fullvátryggt. Hinn helmingurinn útborgast, þegar sýnd eru skilríki fyrir því, að húsið sje bygt eftir uppdrætti og áætlun, og vel frá smíði gengið, enda sje landsstjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi, sem umboðsmann hefir í Reykjavík, fyrir því að húsið sje vátrygt fyrir virðingarverði. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið.

5. gr.

Í staðinn fyrir 2 síðustu málsgreinar í 8. gr. komi þessi grein:

Komi það í ljós við skoðun, að hús sje eigi bygt, eða því viðhaldið, sem skyldi, getur landsstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum með dagsektum, eða jafnvel látið bæta úr þeim á kostnað prests, en þá skal prestur að skaðlausu endurgreiða allan kostnað, er af því hlýtst, þar með talinn innheimtukostnað.

6. gr.

12. gr. laganna falli burtu.

7. gr.

13. gr. orðist þannig:

Nú er hús bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $^1/_{20}$ o af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar. Sama er og, þá er hús, sem bygt hefir verið að öllu eða nokkru leyti fyrir lánsfje úr landssjóði, er byggt upp fyrir vátryggingarupphæð þess eða fyrningargjald samkvæmt 17. gr. Öllum slíkum húsum skal prestur ætíð halda vátrygðum fyrir virðingarverð samkvæmt því, sem ákveðið er í 7. gr.

8. gr.

Lög þessi koma í gildi 1. janúar 1914.

Ed. **214. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi (þskj. 128).

Frumvarp þetta er komið frá háttvirtri neðri deild og var þar borið fram af þingmönnum Kjósar- og Gullbringusýslu.

Erum vjer, sem háttvirt efri deild hefir falið að athuga málið, samdóma flutningsmönnum og nefnd þeirri, sem hafði málið til meðferðar í neðri deild, um að heimildarlög í þá átt, er frumvarpið fer, geti, ef vel er áhaldið, fyrirbyggt að nokkru leyti eða dregið úr ólöglegum veiðum í landhelgi. Viljum vjer því ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið með 2 smábreytingum, er hjer fara á eftir og gerð verður grein fyrir í framsögunni.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 6. gr. Á eftir orðunum »innheimtu gjaldsins« bætist inn í: og reikningsskil.
2. — 6. — Aftan við greinina bætist: um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Alþingi, 29. júlí 1913.

Sig. Eggerz, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson.

Ed.

## 215. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 39. 10. nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Orðin: »og nöfnin á hverjum lista — standa á listanum« í niðurlagi síðustu málsgreinar í 2. gr. laganna falli burt.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sje eigi stungið upp á fleiri fulltrúaefnum á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal bæjarfulltrúa, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórn þá, að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna, sem löglega hefir verið upp á stungið.

Sjeu aftur á móti fulltrúaefni á framkomnum, gildum listum fleiri samtals en kjósa skal fulltrúa, skal kjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kaupstaðinn og gera almenningi kunnugt með uppfestum auglýsingum, hverjir listar sjeu í kjöri, að tilgreindum nöfnum fulltrúaefna og bókstaf hvers lista.

Á kjörseðli skulu allir listar, er gildir hafa verið metnir, skráðir þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstrik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu skráðir á blaðið, hver við annars hlið, eftir stafrófsröð bókstafa sinna og nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista aðgreind með þverstrikum; hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þessa striks, sem takmarkar listann. Eigi tvö eða fleiri fulltrúaefni að öllu samnefnt, skal einkenna þau til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir bæjarstjórnarkosning í N.-kaupstað . . d. mán. 19 . . «, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

3. gr.

Aftan við 1. málsgrein 6. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

»Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn fyrir hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa«.

Í 2. málsgrein 6. gr. falli burt orðin: »ásamt umslagi« — til enda málsgreinarinnar, svo og 3. og 4. málsgreinin og í þess stað komi:

fer kjósandi með hann inn í kjörklefann (kjörherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill at-

kvæði gefa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæðanna. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrikun nafns, ef hann vill útstrika, skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í, er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu, og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar nema hann mæti sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá sá maður, sem kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist á einhvern hátt, eftir að kjósandi tók við honum, þá getur kjósandinn afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðirnar eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

4. gr.

Á eftir orðunum: »skemur en 3 tíma« í 1. málsgrein 7. gr. laganna bætist:

nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar.

5. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfninni er lokið; oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Sje kjósendum skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á kjörseðli; sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum meðmælendum og leggur þá svo frá sjer, þannig, að þeir kjörseðlar, sem eru sammerktir, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fari í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir

sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,

bætt nafni eða nöfnum við á lista,

skrifað nafn sitt á seðilinn,
sett á hann stryk eða rispu eða önnur slík einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan,
eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 6. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarjettar. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka það, sem vantar, af, hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá meðmælendum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði; sá, sem er annar í röðinni, eða talan 2 er mörkuð við, fær $^1/_2$ atkvæði; sá, sem er hinn þriðji í röðinni, eða talan 3 er mörkuð við, fær $^1/_3$ atkvæðis o. s. frv. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefur mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna, og úr þarf að skera, skal

hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

7. gr.

Í stað 12. gr. laganna komi svo látandi grein:

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa viðauka þá og breytingar á bæjarstjórnarkosningalögunum frá 10. nóvember 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra; getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem »Lög um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum«, og komi þau í gildi 1. janúar 1914 í stað nefndra laga.

Nd. **216. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld

Sjávarútvegsnefndin, sem mál þetta var vísað til, hefir nú athugað það og fallist á, að frumvarpið feli í sjer nauðsynlega breyting á umræddum lögum.

Aðalbreytingarnar eru tvær:

Önnur í 1. gr., að í stað þess, að lögin ná að eins yfir svæðið frá Horni til Langaness, skulu þau nú ná yfir land alt, með því að þörf er orðin á því og óskir komnar fram um það úr öllum landsfjórðungum. Hin breytingin í 4. gr., að þar sem lögin að eins skyldu gilda til loka yfirstandandi árs, skulu þau nú fá framhaldandi gildi.

Hinar aðrar breytingar eru gerðar samkvæmt reynslu, sem fengin er á framkvæmd laganna. Orðunum »og metið« í 5. gr. er ofaukið, með því að þar ræðir að eins um, að matsmaður skoði síldina til að segja um, hvort byrja megi að salta hana sem gilda vöru, en að öðru leyti er hún fullmetin um leið og saltað er. Viðbót frumvarpsins við 5. gr. laganna miðar að því, að fyrir getur komið, að í fyrstu vinnist ekki tími til að aðgreina gallaða og óskemda síld, megi síðar aðgreina hana, og þá einatt úr blandaðri síld fá töluvert, sem er góð vara. Breytingin í 3. gr. frumvarpsins stafar af því, að komið hefir fyrir vafi um, hver greiða ætti kaup matsmanna, og miðar til að fyrirbyggja þann vafa. Orðið »útvegsmönnum« í þessari grein er prentvilla fyrir útgerðarmönnum, sem í lögunum stendur.

Á 2. gr. laganna verður ennfremur að gera þá breyting, að orðin »á nefndu svæði« falli burt, þar sem lögin eiga að ná yfir alt land. Af sömu orsök þykir og ekki rjett að láta standa það ákvæði 8. greinar, að yfirmatsmenn hafi aðsetur á Siglufirði og Akureyri, heldur að stjórnarráðið ákveði aðsetur þeirra.

Samkvæmt framanskráðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Eftir 1. gr. frumvarpsins komi ný grein, sem verður 2. gr., svohljóðandi:
   Orðin »á nefndu svæði« í 2. gr. falli burt.
2. 2. gr. verður 3. gr.
3. 3. gr., sem verður 4. gr., hljóði þannig:
   Orðin í 8. gr.: »Annar þeirra . . . . starfsvið þeirra« falli burt og í staðinn komi: »Stjórnarráðið ákveður aðsetur þeirra og starfsvið«.
   Orðin í sömu grein: »Útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir« falli burt, en í þeirra stað komi: »þeim, er síldina lætur salta«.
4. 4. gr. verður 5. gr.

Neðri deild alþingis, 29. júlí 1913.

Valtýr Guðmundsson, (formaður). Kristinn Daníelsson, (skrifari og framsögum.).

M. J. Kristjánsson. Halldór Steinsson. Stef. Stefánsson Eyf.

G. Eggerz. Matth. Ólafsson.

Ed. **217. Nefndarálit**

um frumvarp til landskiftalaga.

Nefndin er sammála um það, að þetta frumvarp sje mjög þarft, og að brýna nauðsyn beri til að fá sett lög um þetta efni.

Mjög víða hjer á landi er svo ástatt, að meira eða minna af heimalöndum jarða er óskift, er það ýmist land sem eingöngu er notað til beitar, eða bæði til beitar og slægna. Meðan áhugi manna á því, að friða lönd sín með girðingum, var lítill, bar minna á ókostunum við þessi samnot fleiri býla á óskiftu landi, en eftir því sem áhuginn fyrir ræktun landsins vex og girðingar færast í vöxt, verða þessir ókostir augljósari, og valda meiri og meiri vandræðum. Samkomulag um samgirðingar gengur oft ekki sem greiðast, og þótt sumir hlutaðeigenda sjái, að æskilegast væri að skifta landinu, og girði svo hver sitt, verður ekki af skiftum, bæði af því að meiri hluti þeirra, er landið eiga, setur sig á móti, og lög vantar um framkvæmd skiftanna.

Alloft liggja óskift sameignarlönd rjett við túnin, og eru vel hæf til ræktunar, en ekkert verður úr því, að þessi lönd verði ræktuð, nema þeim verði skift, svo hver sje sjálfráður um sitt.

Stundum liggja slík ræktunarhæf óskift sameignarlönd nærri kauptúnum eða sjóþorpum, þar sem menn vilja gjarnan fá landbletti til yrkingar, en fá ekki vegna þess, að sumir af sameigendum neita um land, þó aðrir vilji leyfa. Væri slíku landi skift mundi oft greiðast fyrir þeim, er lands þarfnast til yrkingar.

Það teljum vjer mikilsvert höfuðatriði í frumvarpi þessu, að hver einstakur eigandi getur krafist skiftanna, því það, að einstakur eigandi sje háður vilja sameigenda sinna um það, hvort skifta skuli eða ekki, er óhæfileg takmörkun á eignarrjettinum. Og alloftast mun rjettur lítilmagnans með þessu móti verða fyrir borð borinn, og hann hindraður frá því, að geta notað eign sína eins og honum hentar best.

Með frumvarpi þessu er því stefnt í rjetta átt, og nái það fram að ganga, gæti það greitt fyrir ræktun landsins, og komið í veg fyrir misrjetti og deilur, sem alloft stafa af sameign eða samnotum á óskiftu landi.

Um leið og vjer ráðum háttv. deild til að samþykkja frumvarp þetta, leyfum vjer oss að bera fram nokkrar tillögur til breytinga á því, getum vjer hjer sjerstaklega þeirra, er mestu máli skifta.

Verulegasta efnisbreytingin er sú, að vjer leggjum til að fella burtu 13. gr. frumvarpsins, en taka upp í þess stað ákvæði í 4. gr. um það, að bjóða skuli leiguliðum að vera við skiftin, svo að þeim gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna. Vjer búumst við því, að þeir er gera skiftin, taki svo sem unt er tillit til hagsmuna leiguliða og upplýsinga þeirra, er hann gefur, og að varla þurfi þá að gera ráð fyrir, að skiftin spilli svo hagsmunum leiguliða, að ástæða sje til að halda 13. gr.

Þá leggjum vjer til, að aukið sje við 18. gr. tveim nýjum málsgreinum. Virðist betur fara á því, að lögin gefi þeim, er gera eiga skiftin, bendingu um að gera sjer grein fyrir því, ef landi því, er þeir skifta, er hætta búin af skemdum af náttúrunnar völdum, og að þeir taki tillit til þessarar hættu við skiftin sjálf eftir því, sem þörf gerist, og hinsvegar reyni að búa svo um, þegar skiftin eru gerð, að síður verði hætt við ágreiningi og vafa milli landeigenda, ef slík landspjöll verða eftir að landinu hefir verið skift.

Um síðari málsgreinina er hið sama að segja, að hún gefur bendingu um það, að gæta þess við skiftin, að þau á engan hátt hindri framkvæmd framræslu á landi, sem hennar þarfnast. Sje engin bending gefin um þetta, má búast við að þeir sem skifta landinu, láti sig þetta engu skifta, og gæti þá risið ágreiningur, og jafnvel skiftum orðið riftað út af slíku, sem auðvelt væri að koma í veg fyrir, ef þess er gætt, þegar skiftin eru gerð.

Þá er enn viðauki við 15. gr. Nefndinni þótti nauðsynlegt að kveða skýrar á um það, hvernig meta skuli ítölu í haga, og á hverju byggja skuli þetta mat. Það er fljótsjeð, að setja verður takmörk fyrir því, að sambeitareigendur fari í kapphlaup um ítölurjett sinn, án þess að gæta þess, hvað hafa má mest í högunum að skaðlausu. En hámark þeirrar fjenaðartölu, er hafa má í högunum að skaðlausu, ætti ekki að vera örðugt fyrir úttektarmenn að meta, er þeir hafa leitað þar um álits kunnugra manna. Þegar svo stendur á, að einhver sambeitareigenda hefir færri fjenað í högum en honum ber að tiltölu, virðist sanngjarnara, að meðeigendur hans hafi forgangsrjett að því að nota beitarrjett hans fyrir sama endurgjald og aðrir útífrá kynnu að vilja bjóða, á meðan hann þarf ekki á beitinni að halda fyrir sinn eigin fjenað.

Þær breytingar aðrar, sem nefndin ræður til, að gerðar sjeu á frumvarpinu, eru flestar að eins orðabreytingar eða þá mjög smávægilegar efnisbreytingar, og verður gerð grein fyrir þeim við framsögu málsins.

Samkvæmt ofanrituðu er það tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt með breytingum þeim, sem prentaðar eru á þingskjali 218.

Alþingi, 29. júlí 1913.

J. Havsteen (formaður). Jón Jónatansson (skrifari og framsögum.).

Jósef Björnsson. Guðjón Guðlaugsson. Einar Jónsson.

Ed.

## 218. Breytingartillögur

við frumvarp til landskiftalaga.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Orðin: »sveitabýla . . . . jarðir« komi: sveitajarða, sem fleiri býli.
2. — 4. — a. Á eftir orðunum: »skifta skal« í fyrsta málslið komi: svo og leiguliðum og öðrum þeim, er notkunarrétt hafa á landinu.
   b. Í stað orðanna í niðurlagi fyrstu málsgr.: »honum hafa« og til enda, komi: sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.
   c. Síðasta málsgrein 4. greinar verði sérstök grein, sem verði 5. gr. og breytist greinatalan samkvæmt því.
3. — 7. — a. Orðið: »annaðhvort« falli burt.
   b. Í stað orðanna: »eða meta honum« og til enda málsliðsins, komi: en verði því ekki við komið, skal meta þeim, er landið ræktaði, hæfilegar bætur fyrir ræktunarkostnað á því landi, er hann missir við skiftin, og greiða þeir bæturnar, sem landið hljóta.
4. — 8. — Fyrir: »úttektarmenn« komi: þeir er skiftin gera.
   Aftan við greinina bætist:
   Nú er land það, er skifta skal, að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblástri, skal þá við skiftin taka sérstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skift.
   Ef svo stendur á, að mýri eða votlend landspilda, sem þarfnast framræslu, er í hinu óskifta landi, skulu þeir, sem skiftin gera, sjá fyrir því, að þau geti á engan hátt hindrað fræmkvæmd framræslunnar.

5. — 9. gr. Fyrir: »úttektarmenn framkvæma« komi: gerðar eru.
Fyrir orðin: »skulu þeir« komi: skal.
6. — 12. — a. Fyrir »allir« í fyrstu málsgr. komi: og aðrir.
b. Fyrir orðið: »sjeu« komi: sje.
c. Fyrir orðin: »gerð jöfn skifti« komi: skift að tiltölu rjettri
7. — 13. — Greinin falli burt.
8. — 15. — a. Orðin: »fyrir sinn eigin búpening eða« falli burt.
b. Aftan við greinina bætist: Ítölu skal meta eftir jarðmagni, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fjenað má í högum hafa, án þess örtröð verði.

Nú hefir einhver sambeitareigenda minni fjenað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meir en þeim ber, skulu þeir þá hafa forgangsrjett til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurjett þess, sem of fátt hefir, meðan hann notar eigi sjálfur.

Nd. **219. Frumvarp**

til laga um friðun æðarfugla.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal gjalda í sekt 10 krónur fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítrekun brotsins alt að 400 kr. Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð þar, sem brotið var framið.

2. gr.

Enginn má selja eða kaupa æðaregg nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara utan heimilis síns, nema eggskurn til vísindalegra þarfa.

3. gr.

Enginn má hirða, kaupa eða selja dauða æðarfugla eða hluta af þeim.

4. gr.

Brot gegn 2. og 3. grein varða 5 króna sektum, sem tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins alt að 200 krónum.

5. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km.

6. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn án leyfis varpeiganda leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varpi hans en svo, að 1/4 km. sje þangað á báðar hliðar og á sjó út frá grynnra hálsi netanna að stórstraumsfjörumáli.

7. gr.

Brot gegn 5. og 6. grein varða 5—15 króna sektum. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem drepnir eru með skotunum eða netunum, fer eftir ákvæðum 1. greinar. Varpeigandi, þar sem brotið er framið, má taka upp netin, en láta skal hann þau af hendi við þann, er þau lagði, er hann hefir goldið sekt sína og kostnað við upptöku netanna eftir óvilhallra manna mati.

8. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfugla net. Nú gerir einhver það, og varðar það 50—100 króna sektum. Netin skulu upptæk og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið var framið. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem í þau voru veiddir, fer eftir ákvæðum 1. gr.

9. gr.

Sýslumenn skulu hvert ár á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypis friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum. Nú vill maður koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það; skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sje rjett, og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu á næsta manntalsþingi og greiðast 2 krónur fyrir þá friðlýsingu, er renna í landssjóð.

10. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sjerstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frakknesku.

11. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að 1/3 í sveitarsjóð, en að 2/3 til uppljóstrarmanns.

12. gr.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld viðaukalög 22. mars 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og öll þau ákvæði í þeirri tilskipun, er snerta friðun á æðarfugli.

Nd. **220. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Jón Jónsson og Lárus H. Bjarnason.

1. gr.

63. gr. orðist svo:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnvel þó hann sje ekki sveitlægur þar í hreppi, gegn fullu endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskildan framfærslumann, jafnvel innsveitis.

2. gr.

69. gr. orðist svo:

Nú hefir maður, sem á framfærslurjett annarstaðar, þegið 100 króna sveitarstyrk í dvalarsveit sinni, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rjett til að krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

3. gr.

74. gr. orðist svo:

Framfærslusveit ber kostnað við flutning þurfamanns, en ef dvalarsveit annast flutninginn greiðir hún kostnaðinn til bráðabirgða. Flutningskostnaðinn skal ekki telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

Nd. **221. Frumvarp**

laga um fasteignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum fasteignum skal gjalda skatt í landssjóð eftir matsverði $^{2}/_{10}$ af hundraði.

Eigandi skal greiða skatt þennan, en á jörðum, sem eru í leiguábúð, þegar lög þessi koma til framkvæmda getur eigandi krafist endurgjalds á helmingi skattsins af leigjanda, þar til er nýr samningur er gerður.

2. gr.

Eignir þær, sem skatturinn hvílir á, eru:

a. Jarðeignir, hvort heldur bændaeignir eða þjóðeignir, eignir kirkna og presta-

kalla, kristfjárjarðir eða aðrar fátækraeignir, eignir sveitarfjelaga og bæjarfjelaga eða stofnana, hverju nafni sem nefnast.

b. Húseignir með lóðum í kaupstöðum og verslunarstöðum, svo og önnur hús og lóðir, sem ekki eru metin með jörð t. d. þurrabúðir og grasbýli.

c. Óbygðar lóðir í kaupstöðum og verslunarstöðum, svo og aðrar óbygðar lóðir og lendur, sem eru fráskildar jarðeignum og eigi hafðar til ábúðarnota. Ennfremur sjerstök jarðarítök og hlunnindi, svo sem námur, varplönd, veiðiár, fossar, rekarjettindi o. fl.

Undanþegin skattinum eru hús þau og lóðir, ítök og hlunnindi, sem eru þjóðeign eða til almenningsþarfa, svo sem kirkjur, skólar, sjúkrahús o. fl. Enn fremur eru undanþegnar fasteignarskatti húseignir og lóðir, ítök og hlunnindi, ef þetta nemur eigi alls 300 króna virði í eigu sama manns. Verði ágreiningur um, hvort eign sje undanþegin skatti, sker stjórnarráðið úr. Ef þeir, sem hlut eiga að máli, vilja ekki hlíta þeim úrskurði, er þeim heimilt að leggja málið undir úrslit dómstólanna.

3. gr.

Á jarðeignir legst skatturinn eftir gildu jarðamati. A húseignir og lóðir, ítök og hlunnindi skal hann lagður eftir virðingu skattanefndar; sje hús og lóð ekki sameign, skal það virt hvort í sínu lagi. Öll nánari ákvæði um virðingu húsa og lóða, ítaka og hlunninda skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, skiftist í fleiri parta, og eigendur æskja þess, að hver hluti sje skoðaður sem sjálfstæð eign og talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera sig upp um það við lögreglustjóra, en hann leggur málið undir úrskurð stjórnarráðsins.

4. gr.

Fasteignarskatt skal eigandi og umráðamaður greiða í því lögsagnarumdæmi, þar sem eignin liggur. Ef eigandi eða umráðamaður er þar ekki heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann til að standa skil á skattinum.

5. gr.

Fasteignarskattur skal í eitt ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

6. gr.

Skatt þennann skulu sýslumenn og bæjarfógetar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skifti árið 1915.

Nd.

# 222. Frumvarp

til laga um tekjuskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum árstekjum af eign og atvinnu skal gjalda skatt í landssjóð svo sem hjer segir: Af hinum fyrstu 1000 krónum, er skattskyldar tekjur nema, skal greiða $^1/_2$ af hundraði, af því, sem tekjurnar nema yfir 1000 krónur og að 2000 krónum fullum, skal greiða 1 af hundraði og svo framvegis, þannig að skatturinn eykst um $^1/_2$ af hundraði á hverju þúsundi, sem tekjurnar hækka, alt að 6 af hundraði, sem greiðist af því, sem tekjurnar nema yfir 11000 krónur. Þó skulu hlutafjelög greiða í tekjuskatt 3 af hundraði af öllum skattskyldum tekjum.

Upphæð sú, sem skatturinn er talinn af, skal ávalt deilanleg með 50. Því, sem þar er fram yfir skal slept.

2. gr.

Skattskyldar tekjur teljast hverskonar laun, ávöxtur, arður eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verslun, veitingasölu, iðnaði, handiðnum, námurekstri og hverjum öðrum atvinnuvegi.
b. tekjur af embættum, sýslunum, biðlaunum, eftirlaunum, lífeyri og hverskonar styrktarfje, sem og tekjur af allskonar vinnu, andlegri og líkamlegri.
c. leiga eftir skip, kúgildaleigur og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.
d. arður af allskonar verðbrjefum, skuldabrjefum, vaxtabrjefum og hlutabrjefum þeirra fjelaga, sem eigi greiða tekjuskatt hjer á landi, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt brjef sje eigi fyrir, sparisjóðsinnlögum og hverri annari arðberandi innstæðu.
e. ágóði við sölu á eign, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlast hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefir ekki verið í eigu hans lengur en 3 ár.
f. gjafafje og vinningur í veðmáli og talnaspili.

Af tekjum þeim, sem fást með því að eyða stofnfje eða taka lán, skal eigi skatt greiða, nje heldur af fjárauka, er stafar af erfðum, stofnun hjúskapar, greiðslu lífsábyrgðar, brunabóta eða þess konar.

Endurgjald það, er sá er fjarverandi er frá heimili sínu í almenningsþarfir, fær í fæðispeninga og ferðakostnað, verður ekki talið með tekjum, er skatt skal greiða af.

3. gr.

Áður en skattur er á lagður skal draga frá tekjunum:

a. kostnað, er varið hefir verið til atvinnureksturs. Með kostnaði til atvinnu-

reksturs telst þó eigi það, sem gjaldandi hefir varið sjer og skylduliði sínu til framfæris og nauðsynja, eigi heldur kaup til neins af skylduliði hans, nema hann telji tekjur sínar fram sjer í lagi og gjaldi skatt af.

b. skrifstofukostnað, sem er samfara embætti eða sýslan, svo og eftirlaun og aðrar kvaðir, er á embættinu liggja.

c. iðgjöld fyrir lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sjer eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld fyrir hverja aðra lögboðna persónutryggingu. Ennfremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir til að tryggja sjer eða konu sinni lífeyri eða til annarar persónutryggingar, iðgjöld fyrir slíkan lífeyri eða persónutryggingu, sem greidd hafa verið, þó ekki fyrir hærri lífeyrisupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Aftur á móti verða iðgjöld fyrir lífsábyrgðir ekki dregin frá tekjunum, nema þau sjeu lögboðin eða komi í staðinn fyrir iðgjöld fyrir skyldulífeyri.

d. skatta og opinber gjöld, sem greidd hafa verið á árinu af fasteignum og atvinnurekstri, svo og aukaútsvar og aðra persónuskatta til sveitar, landssjóðs og kirkju.

e. vexti af skuldum gjaldanda. En það verður ekki talið frá tekjum, sem haft er til þess að borga skuld.

f. framfærslueyri fyrir heimilisómaga og börn undir 14 ára aldri, þar með talin fósturbörn, sem ekkert meðlag er greitt með, svo og aðra skylduómaga þeirra manna, sem heimilisfastir eru hjer á landi, 100 kr. fyrir hvern ómaga.

g. meðlag greitt með börnum og öðrum skylduómögum utan heimilis, svo og framlag manns til fráskilinnar konu sinnar.

h. frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum, á framfæri eða við nám, og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Nánari ákvæði um, hvað telja beri til kostnaðar við atvinnurekstur, skulu sett í reglugerð fyrir skattanefndir, sem stjórnarráðið semur.

4. gr.

Skatturinn skal á lagður eftir tekjum gjaldanda næsta almanaksár á undan tekjuframtalinu.

Af tekjunum skal greiða skatt til hvers sem þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sjer og skylduliði sínu til framfæris og nauðsynja, nytsemdar eða munaðar, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg eða til þess að afla sjer fjár, til gjafa eða hvers annars sem vera skal.

Ef allar tekjur gjaldanda eftir lögákveðinn frádrátt nema ekki fullum 500 krónum eru þær undanþegnar skattgjaldi.

5. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi, sem hefur tekjur skattskyldar eftir lögum þessum, hvort heldur karl eða kona, ungur eða gamall og í hvaða stöðu sem er, skal greiða skatt, þó svo, að hver heimilisfaðir sje talinn fyrir skatti af tekjum og eignum allra þeirra, sem heyra til sömu fjölskyldu. Til fjölskyldu telst kona manns, þótt hún hafi sjereign, nema þau sjeu skilin að borði og sæng eða hafi eigi samvistir að staðaldri. Enn fremur börn, kjörbörn og

fósturbörn heimilisföður, ef þau eru á framfæri hjá honum og vinna þeirra gengur til bús hans eða atvinnu.

Börnum, sem komin eru til lögaldurs og taka ákveðin starfslaun hjá foreldrum sínum, er heimilt að telja fram tekjur sínar sjer í lagi og eru þá sjálfstæðir skattgjaldendur. Sama er og um barn, þótt eigi sje fullveðja, ef það hefir tekjur af sjereign eða atvinnu, sem er utan við heimili eða atvinnurekstur foreldranna og tekjurnar nægja til framfæris því, enda verður eigi framfærslueyrir þess talinn frá skattskyldum tekjum heimilisföður samkvæmt 3. gr. f.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hjer á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann væri í landinu.

6. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hjer á landi, en á hjer eignir og hefir tekjur af þeim eða af atvinnu eða sýslan, sem hjer er rekin eða aðrar tekjur hjeðan af landi, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta mann í sýslunni eða kaupstaðnum, er greiði skattgjald hans.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hjer á landi, en hefur laun, biðlaun, eftirlaun eða styrk úr landssjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjársins.

7. gr.

Innlend hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu greiða skatt af öllum tekjum sínum að kostnaði frádregnum.

Útlend hlutafjelög og önnur útlend atvinnufjelög, sem eiga eignir hjer á landi og hafa tekjur af þeim eða af atvinnu, sem hjer er rekin, skulu greiða skatt af tekjum þessum. Þó eru vátryggingarfjelög undanþegin skattgjaldi, hvort sem þau eru útlend eða innlend.

8. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar sem þeir eru búsettir þegar skattanefndir taka til starfa. Hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu, ef þau eru innlend, sett í skatt þar sem þau hafa heimili, en sjeu fjelögin útlend skulu þau sett á skattskrá, þar sem aðalumboðsmenn þeirra hjer á landi eru búsettir, enda bera tjeðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

9. gr.

Undanþegin öllum tekjuskatti er landssjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, kirkjusjóðir, sveitarfjelög og bæjarfjelög, sparisjóðir, sem ekki eru eign einstakra manna, kaupfjelög, pöntunarfjelög og samskonar fjelög og framleiðslufjelög (smjörbú, sláturhús og önnur slík fjelög), nema að því leyti sem þau reka verslun, sem eigi er takmörkuð við fjelagsmenn eina, ennfremur sjóðir, fjelög og stofnanir, er vinna í almennings þarfir eða skattfrelsi er veitt með sjerstökum lögum eða samningum við landsstjórnina.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, eða vafasamt þykir, í hverju sveitarfjelagi tekjur eða eignir skuli settar í skatt, leggur

stjórnarráðið úrskurð á málið. Þó er aðiljum heimilt að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

10. gr.

Konsúlar annara ríkja, sem ekki eru íslenskir þegnar, eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti sem þeir njóta launa, biðlauna, eftirlauna eða styrks úr landssjóði eða frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eiga hjer fasteignir og hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hjer á landi. Sama er og um aðra útlenda menn, er dvelja hjer um stundarsakir, eða skemur en eitt ár.

11. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta sinn árið 1915. Enginn getur færst undan að greiða skattinn í gjalddaga vegna þess, að kært hafi verið yfir honum og úrskurður um kæruna sje ófallinn. En ef breyting verður síðar gerð á skattinum, verður endurborgað það, sem ofgreitt hefir verið, eða krafið það sem á vantar.

12. gr.

Um leið og lög þessi koma til framkvæmda eru úr gildi numin lög 14. desbr. 1877 um tekjuskatt, lög 3. oktbr. 1903 um viðauka við tjeð lög, lög 14. desbr. 1877 um ábúðar- og lausafjárskatt og lög s. d. um húsaskatt.

Nd. **223. Frumvarp**

til laga um skattanefndir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

## I. Um skipun skattanefnda.

1. gr.

Í hverjum hreppi og kaupstað skal vera skattanefnd. Í skattanefnd sitja 3 menn, í kaupstöðum bæjarfógeti og 2 menn, er hann kveður til, en í sveitum hreppstjóri og 2 menn, er sýslumaður tilnefnir. Á sama hátt skal skipa einn varanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanns.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarfógeti, en annarsstaðar hreppstjóri. Þar sem tveir eru hreppstjórar í sama hreppi, á sá þeirra sæti í skattanefnd, sem eldri er. Í forföllum formanns kýs skattanefndin sjálf formann um stundarsakir.

2. gr.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirskattanefnd. Í kaupstöðum skipar stjórnarráðið formann yfirskattanefndar og 2 aðra nefndar-

menn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og 2 menn, er stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni í forföllum eins af nefndarmönnum.

3. gr.

Sami maður má eigi sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd. Yfirskattanefndarmenn aðrir en formenn utan kaupstaða og skattanefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára, þannig að annar nefndarmanna fer frá 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum áður en starfstími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem hefir verið 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun að nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka móti nefndarskipun.

4. gr.

Hver sem skipaður er í skattanefnd eða yfirskattanefnd skal vinna eið að starfi sínu. Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 4 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

## II. Um verksvið skattanefnda.

5. gr.

Skattanefndir hafa á hendi jarðamatsstörf samkvæmt gildandi lögum.

Sömuleiðis er það skylduverk skattanefndar á 10 ára fresti, um sama leyti og jarðamat fer fram, að virða allar húseignir og lóðir, sjerstök ítök og hlunnindi í umdæmi sínu, þau sem skattskyld eru að lögum. Enn fremur er það skylda skattanefndar eftir nánari fyrirskipun valdstjórnarinnar að virða nýbygð hús og aðrar fasteignir, er af sjerstökum ástæðum þarf að meta upp að nýju. Eigandi hefir rjett til að krefjast endurvirðingar, hvenær sem vera skal, en skylt er honum að greiða kostnað við virðinguna, nema verðið breytist um $^1/_{10}$ eða meira. Upphæð virðingarverðs á fasteignum skal ávalt deilanleg með 100. Því, sem þar er fram yfir, skal slept. Virðing á húsum og lóðum, ítökum og hlunnindum skal framkvæma eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Hinar almennu virðingargerðir, sem um er rætt í 5. gr., skulu framlagðar 1. dag júlímánaðar, í kaupstöðum í bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, en annarsstaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis til loka sama mánaðar. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

Við virðingu húsa og lóða, ítaka og hlunninda, skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að vera viðstaddur. Sje hann óánægður með virðinguna, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirskattanefndar, fyrir 31. dag júlímánaðar, ef um almenna virðingargerð er að ræða, en sje virðingin framkvæmd á öðrum tíma, skal kæran vera komin til formanns yfirskattanefndar innan 15 daga frá því, er virðingargerð hefir fram farið. Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kæruna að fengnu áliti skattanefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda og skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, og er því máli þar með ráðið til lykta.

7. gr.

Allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða, ef þeir reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, í síðasta lagi 20. mars — í fyrsta sinn árið 1915, afhenda skattanefnd skriflega skýrslu undir drengskap sinn, eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, um tekjur sínar samkvæmt 2., 3. og 4. gr. tekjuskattslaganna. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandi er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórnum fjelaga og stofnana og á þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er kominn til lögaldurs.

Nú hefir framteljandi tekjur af landbúnaði eða sjávarútvegi og þykist eigi sjálfur fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar, og er þá skattanefnd skylt að veita honum aðstoð til þess. En hann er skyldur að láta skattanefnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjutramtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, kostnað til fjölskyldu hans, allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta o. s. frv.

8. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð hvers manns. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, getur hún krafist frekari skýringa og sannana, en fái hún ekki fullnægjandi skilríki innan þess tíma, er hún hefir tiltekið, skal hún áætla tekjur hans eftir því, sem hún veit sannast og rjettast.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans svo freklega, sem hún álítur fært, svo að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún á að vera í raun rjettri.

9. gr.

Innan marsmánaðarloka skal skattanefnd semja skrá, samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, yfir alla þá menn í hreppnum eða kaupstaðnum, er tekjuskatt eiga að greiða.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum í bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

10. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvæði skattanefndar um tekjur hans,

skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma, er hverjum gjaldanda heimilt að kæra það, að skattskyldum manni sje slept eða skattur einhvers sje of lágt settur, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum, formanni yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar.

11. gr.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert brjeflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sje kæra eigi komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sint.

Yfirskattanefnd sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefnda í umdæmi sínu og birtir bæði kæranda og skattanefnd úrskurðinn og er það fullnaðarúrskurður.

12. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi því, sem hún er skipuð yfir, og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni að ganga ríkt eftir rjettu tekjuframtali. Ef nefndinni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sje vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því, sem henni þykir rjett vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal formaður tilkynna það skattanefnd þeirri, er hlut á að máli.

13. gr.

Skattanefnd hefir gerðabók og ritar í hana allar matsgerðir, virðingargerðir og skattskrár. Í hana rita skattanefndarmenn eiðstaf sinn, þá er þeir hefja starf sitt. Gerðabækur skattanefnda lætur stjórnarráðið búa til á kostnað landssjóðs, og skulu þær löggiltar af sýslumanni eða bæjarfógeta.

14. gr.

Formaður skattanefndar skal árlega láta hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ókeypis í tje endurrit af skattskrá hreppsins og ágrip af virðingargerðum, til afnota við niðurjöfnun sveitargjalda.

## III. Almenn ákvæði.

15. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, svo og stjórnendur banka, sparisjóða eða annara stofnana og fjelaga eru

skyldir að láta skattanefndum og yfirskattanefndum ókeypis í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um kaupsamninga og virðingargerðir á fasteignum, um skuldabrjef, vaxtabrjef og hlutabrjef, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafje í bönkum og sparisjóðum, um embættislaun og annað því um líkt.

Skorist einhver undan að gefa slíka skýrslu, sker stjórnarráðið úr, hvort hann sje skyldur til þess, og má leggja við dagsektir uns þeim úrskurði er fullnægt. Sektirnar skal ákveða með brjefi til hlutaðeiganda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

16. gr.

Ef einhver vanrækir að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar skal formaður skattanefndar tafarlaust senda honum brjeflega áminningu um að bæta úr því innan 5 daga. Láti hann samt sem áður farast fyrir að fullnægja skyldu sinni, fyrirgerir hann rjetti til að kæra ákvæði skattanefndar um tekjur hans, nema því aðeins, að hann geti sannað, að tekjur hans hafi verið ákveðnar af skattanefnd meira en fjórðungi hærri heldur en þær voru í raun og veru. Sje munurinn 1/4 eða meira skal hann greiða skatt af rjettri upphæð, að viðbættum 1/4 af rjettri skattsupphæð.

17. gr.

Sá, sem móti betri vitund skýrir rangt frá tekjum sínum til skattanefndar, skal greiða sekt, er sje fimmföld við gjald það, sem undan er dregið. Komist undandrátturinn ekki upp fyr en eftir lát skattgreiðanda við skifti á búi hans, skal af búinu greiða tvöfalt gjald við það, sem undan var dregið.

Ef skiftaráðandi verður þess vís við skifti á búi, að tekjur hins látna hafi verið ákveðnar mun lægri til skattgjalds heldur en þær voru í raun og veru, skal hann þegar gera skattanefnd viðvart um það.

18. gr.

Þá er skattanefnd kveður á um skattskyldar tekjur nefndarmanns, barna hans, foreldra eða systkina, má hann ekki taka þátt í gerðum nefndarinnar.

Ef sá, er kærir ákvæði skattanefndar um tekjur hans, er sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, tekur varamaður sæti í nefndinni, þá er úrskurður er feldur um kæru hans.

19. gr.

Skýrslum þeim um efnahag gjaldenda, er skattanefndarmenn fá vitneskju um við það að gegna sýslan sinni, eru þeir skyldir að halda leyndum fyrir öllum út í frá. Brjóti nokkur á móti þessu, skal honum vikið frá tjeðu starfi, og auk þess skal hann sæta sektum alt að 100 kr., nema þyngri hegning liggi við.

20. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerðir fyrir skattanefndir og yfirskattanefndir og lætur prenta eyðublöð undir skattskrár og skýrslur um tekjuframtal. Prentunar-

kostnaðurinn greiðist úr landssjóði, svo og allur kostnaður við virðingargerðir og önnur störf skattanefnda með þeirri takmörkun, er segir í 5. gr.

21. gr.

Stjórnardeild sú, er hefir á hendi umboðslega endurskoðun, skal hafa vakandi auga á því við endurskoðun tekjuskattsreikninga, að skattanefndir ræki skyldur sínar og fylgi rjettum reglum í starfi sínu. Hefir hún rjett til að fá sendar tekjuframtalsskýrslur, eftir því sem þörf gerist, og leita umsagnar og skýringa skattanefnda á öllu því, er skattálagningunni við kemur.

22. gr.

Sektir eftir 17. og 19. gr. laga þessara renna í landssjóð. Með mál út af brotum gegn þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed. **224. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:
1. Erlur, 2. Steindeplar, 3. Þrestir, 4. Músarrindlar, 5. Auðnutitlingar, 6. Sólskríkjur (snjótitlingar), 7. Þúfutitlingar (grátitlingar), 8. Lóuþrælar, 9. Svölur, 10. Starrar, 11. Óðinshanar, 12. Þórshanar, 13. Jaðrakön, 14. Rauðbrystingar, 15. Sendlingar, 16. Hrossagaukar, 17. Hegrar, 18. Svanir, 19. Kríur, 20. Hettumáfar, 21. Haftyrðlar, 22. Snæuglur, 23. Æðarkongar.
2. Við 2. gr. Síðari málsgreinin orðist þannig:
Valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar og aðrir máfar en hettumáfar, toppandir, helsingjar, hrotgæsir, skarfar, súlur, himbrimar, svartfuglar og álkur.
3. Við 3. gr. Á eftir orðunum 10—15 kr. sektum komi:
d. Ernir skulu friðaðir vera frá 15. ágúst til 15. apríl.
e. Allar fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið taldar, skulu friðaðar vera frá 1. apríl til 1. ágúst.
4. Í stað 5. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
Egg þeirra fugla, sem taldir eru undir 1—7., 12.—14. og 18.—20. tölulíðum 1. greinar skulu friðuð vera, ennfremur skulu og arnaregg friðuð vera.
5. 5. gr. frumv., sem verður 6. grein, orðist þannig:
Fyrir hvert friðað egg, sem tekið er, skal sá, er brotlegur verður, greiða 1 kr. sekt, nema fyrir egg arnar skal greiða 10 kr.

Nd. **225. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 4. gr. Liðurinn við A. falli burt.
2. — 5. — Við B. fyrir »5000« komi: 6000.
3. — 6. — Á eftir liðunum 49 komi nýr liður:
Til stúdentafjelagsins í Reykjavík styrkur til þess að senda mann á 100 ára afmæli stúdentafjelagsins norska . . . kr. 600

Ed. **226. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja á þgskj. 212.

Frá Steingrími Jónssyni og Sigurði Stefánssyni.

Við 3. gr. staflið a: Orðin »alfriðaður fyrir skotum . . . liðnum« falli burtu.

Ed. **227. Breytingartillögur**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja á þingskjali 224.

Frá nefndinni.

1. Við 1. lið.
Greinin orðist svo:
Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:
1. Erlur. 2. Steindeplar. 3. Þrestir. 4. Músarindlar. 5. Þúfutitlingar (grátitlingar). 6. Auðnutitlingar. 7. Sólskríkur (snjótitlingar). 8. Svölur. 9. Starrar. 10. Óðinshanar. 11. Þórshanar. 12. Rauðbrystingar. 13. Sendlingar. 14. Lóuþrælar. 15. Hrossagaukar. 16. Jaðrakön. 17. Hegrar. 18. Svanir. 19. Æðarkongar. 20. Kríur. 21. Hettumáfar. 22. Haftyrðlar. 23. Snæugluf.
2. Við 4. lið: Fyrir: »12—14« komi: 11—12, 16.
3. — 4. — Fyrir: »18—20« komi: 18 og 21.

Nd. **228. Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Jóni Ólafssyni, 1. þm. S.-Múl.

Við 9. gr. 1. Aftan við »Desember 1912« bætist:
(án þess veiting þessi myndi nokkurt fordæmi).

Nd. **229. Viðaukatillaga**

við frumv. til laga um viðauka og breytingu á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

Eftir 3. gr. komi ný grein svohljóðandi:
Lögin öðlast gildi þegar er konungur hefir staðfest þau.
Greinatalan breytist eftir því.

Ed. **230. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja (á þskj. 212).

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr.
Greinin orðist svo:
Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:
1. Erlur. 2. Steindeplar. 3. Þrestir. 4. Músarrindlar. 5. Þúfutitlingar (grátitlingar). 6. Auðnutitlingar. 7. Sólskríkjur (snjótitlingar). 8. Svölur. 9. Starrar. 10. Óðinshanar. 11. Þórshanar. 12. Rauðbrystingar. 13. Sendlingar. 14. Lóuþrælar. 15. Hrossagaukar. 16. Tildrur. 17. Sandlóur. 18. Jaðrakön. 19. Hegrar. 20. Svanir, 21. Æðarkongar. 22. Kríur. 23. Hettumáfar. 24. Haftyrðlar. 25. Snæuglur.
2. Við 2. gr.
Síðari liðurinn orðist þannig:
Valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar og aðrir máfar en hettumáfar, toppandir, helsingjar, brotgæsir, skarfar, súlur, himbrimar, svartfuglar og álkur.
3. Við 3. gr.
a. liðurinn orðist þannig:

Rjúpur al-friðaðar á tímabilinu frá 20. desember til 20. september, og auk þess alt árið 1915 og úr því 7. hvert ár.

4. Við 3. gr. Á eftir orðunum: »10—15 kr. sektum« komi:
d. Ernir skulu friðaðir vera frá 15. ágúst til 15. apríl.
5. Í stað 5. gr. komi ný grein svohljóðandi:
Egg þeirra fugla, sem taldir eru undir 1.—7., 11.—12., 18., 20. og 23. tölulið 1. greinar skulu friðuð vera, enn fremur skulu arnaregg vera friðuð.
6. 5. gr. frumvarpsins, sem verður 6. gr., orðist þannig:
Fyrir hvert friðað egg, er tekið er, skal sá, er brotlegur verður, greiða 1 kr. sekt, en fyrir arnaregg skal greiða 10 kr.
7. 6. gr., sem verður 7. gr., orðist þannig:
Undanþágu frá ákvæðum laga þessara getur ráðherra Íslands veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum, náttúrufræðiskennurum, sem safna fyrir skólana og náttúrufróðum mönnum, er safna fyrir Náttúrugripasafnið í Reykjavík.

Ed. **231. Frumvarp**

til laga um sparisjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem allra tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eður sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eður reglugerð til staðfestingar og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eður reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje innborgað hlutafje eða tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;

d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1914 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eður reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eður aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje, hlutafje eða innborgað ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eður vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári, nema því að eins að varasjóður sparisjóðsins sje að minnsta kosti 20% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar eður leyfis stjórnarráðs mega engir aðrir en reglulegir sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Allar viðskiftabækur við sparisjóði skulu innihalda ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðs, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers einstaks sparisjóðs mega eigi færri vera en 3 menn. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Það skal jafnan nægilega kunngert, hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vítavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir augljósa handvömm eður óráðvendni sparisjóðsstjórnar eður einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eður annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum, nema fulltrygt fasteignarveð eða handveð sje fyrir. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

Enginn stjórnandi nje starfsmaður sparisjóðs má greiða atkvæði um lán handa sjálfum sjer úr sjóðnum.

8. gr.

Um stjórnarkosning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í lögum hvers

sparisjóðs um sig. Þó hefir stjórnarráðið heimild til að setja nánari reglur um stjórnarkosningar, sjeu ákvæðin í lögum sparisjóðsins í þessu efni eigi nógu skýr eða fullnægjandi.

Allar stjórnarkosningar skal tafarlaust tilkynna umsjónarmanni sparisjóða.

9. gr.

Við hvern einstakan sparisjóð skulu jafnan vera að minnsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari. Mega þeir ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, ef innstæðufje hans er 50 þús. kr. eða yfir.

Það skal vera aðalreglan að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má gjaldkeri veita móttöku innborgunum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en skuldbindandi er kvittun hans því að eins fyrir sjóðinn, að hún sje meðundirrituð af bókara. Sömuleiðis getur gjaldkeri greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir sem sparisjóðsfjehirði. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingarinnar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóða.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei borga út neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal hin útborgaða upphæð þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku þó viðskiftabók sje eigi sýnd. Skal þá gefa sjerstaka kvittun fyrir innlögunum og þess getið á kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til að upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Sjerhver innstæðueigandi í sparisjóði skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilfærð hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eður bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig færa yfir allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá yfir alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers einstaks gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Heimilt er stjórnarráðinu að fyrirskipa nánari reglur um bókfærslu sparisjóða, eftir tillögum umsjónarmanns.

13. gr.

Aldrei má veita neitt lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðarinnar.

Eigi má samanlögð upphæð víxilllána og sjálfskuldarábyrgðarlána er sparisjóður veitir og trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, nokkru sinni nema meiru en helming af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu innborguðu hlutafje.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og mega þau aldrei eldri verða en 10 ára áður innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið.

Víxillán, sem eigi eru tryggð með veði, má sparisjóður því að eins veita, að samanlögð upphæð víxlanna fari aldrei fram úr tíunda hluta af öllu sparisjóðsinnstæðufje sjóðsins.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eður meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 16. gr.), innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eður að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eður önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð.

Nú kemur það fyrir að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs.

Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis stjórnarráðsins mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eður verðbrjef til tryggingar slíkum lánum, sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði frádregnum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til innlausnar á hlutafje eður til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að eignir hans nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóðanna, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Af eignum varasjóðs hvers einstaks sparisjóðs skal jafnan vera svo mikið handbært í peningum, innieign hjá bönkum eður í auðseldum tryggum verðbrjefum, að það nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsfjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan. Þó gilda um þetta sömu undantekningar og fram eru teknar í 13. gr., 5. málsgr.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýjári til nýjárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera fullsaminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur form fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eður starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Ella sendi þeir umsjónarmanni sparisjóðanna skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðinu er heimilt að setja nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins, ábyrgðarmenn eður aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi umsjónarmanns sparisjóða, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins taka svo ákvörðun um það, hvort sjóðurinn skuli tekinn til gjaldþrotameðferðar eður eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður eigi muni fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það umsjónarmanni sparisjóða og hann síðan stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef að sparisjóður af einhverjum ástæðum leggst niður og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins þær, er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að alt að tveimur þriðjungum af eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í. Afgangurinn rennur í landssjóð.

22. gr.

Stjórnarráðið skipar umsjónarmann til að hafa eftirlit með öllum sparisjóðum og starfsemi þeirra. Nefnist hann umsjónarmaður sparisjóða. Árslaun hans eru 1200 krónur, og greiðast þau úr landssjóði. Í fjárlögunum skal veita hæfilega upphæð til ferðakostnaðar hans og dagpeninga á eftirlitsferðum. Dagpeningar teljast 5 kr. fyrir dag hvern, er hann er fjarverandi frá heimili sínu.

23. gr.

Umsjónarmaður sparisjóða hefur, undir yfirumsjón stjórnarráðsins, nákvæmt eftirlit með starfsemi allra sparisjóða á landinu og getur í því skyni krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og alt fyrirkomulag. Samrit af ársreikningum allra sparisjóða skal senda honum jafnskjótt og reikningarnir eru samdir. Ennfremur athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara eður sparisjóðsstjórnar.

Umsjónarmaður semur og sendir stjórnarráðinu á ári hverju skýrslu um alla sparisjóði á landinu og starfsemi þeirra. Ágrip af skýrslu þessari skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Heimilt er umsjónarmanni sparisjóða með samþykki stjórnarráðs í einstökum tilfellum að fela öðrum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð að reka eftirlit það með sparisjóðum, sem honum er falið samkvæmt lögum þessum. Kostnað við þetta má greiða af ferðakostnaðarfjenu eftir nánari ákvörðun stjórnarráðs.

Stjórnendum sparisjóða og starfsmönnum er skylt að láta umsjónarmanni og umboðsmanni hans svo og stjórnarráðinu í tje skýrslur þær og upplýsingar um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsyn kann að þykja á að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 krónum á dag, ef óhlýðnast er.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa umsjónarmanni sparisjóða.

Vanræki umsjónarmaður skyldur sínar getur stjórnarráðið vikið honum frá.

24. gr.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast á einhvern hátt, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar á Íslandi, með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, má útborga þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, þar fyrir geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

25 gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

26. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú eru reknar samkvæmt sjerstökum lögum, svo sem t. d. Söfnunarsjóðs, Landsbankans, Íslandsbanka nje útbúa tjeðra banka.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renna í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

29. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er hjer með úr lögum numin.

Nd. **232. Nefndarálit**

um frv. til laga um hvalveiðamenn (þgskj. 77.)

Nefnd sú, er skipuð var til þess að íhuga mál þetta, hefir fallist á að ráða deildinni til að samþykkja frv. með nokkrum breytingum.

Hvalveiðar Norðmanna hafa minkað mjög á seinni árum hjer við land sakir þess, að hvalurinn er nú nær gjördrepinn og fældur frá landinu. Landssjóður hefir því harla litlar tekjur af veiðum þessum, og minka þær með hverju ári. Síðastliðið ár mun útflutningsgjald af hvalafurðum hafa numið kr. 14000,40. Þetta árið verður það enn minna.

Nú eru hjer við land að eins þrjú hvalveiðafjelög, eitt vestra og tvö á Austfjörðum. Þykjast fjelög þessi skaðast á veiðunum, og má því líklegt telja, að þau hætti innan fárra ára. — Sumir nefndarmenn litu svo á, sem þá væri óþarfi að banna hvalveiðarnar, er þær mundu hætta af sjálfsdáðum, en aðrir hjeldu því fram, að vera mætti, að eitt fjelag gæti haldist við nokkur ár, er það væri eitt um hituna til þess að elta uppi síðustu hvalina.

Nefndinni þykir vera mega, að hvalir fjölguðu aftur hjer við land og hændist hingað, ef hvalveiðar legðist niður um nokkurt árabil. Má geta þess, að ekki alllítið virðist enn af hval í norðurhluta Atlandshafs, sem sjest af því,

að eitt hvalveiðafjelag hafði veitt á annað hundrað hvala við Hjaltland síðastliðið vor. Mætti og vera að hvalveiðar gæti orðið arðsamur atvinnuvegur landsmönnum sjálfum, þegar fram í sækir, ef menn vilja þá ekki endurnýja veiðibann.

Um skaðabætur til norskra hvalveiðimanna, er hjer kunna að verða, þegar lög þessi koma í gildi, getur ekki verið að ræða. Í Noregi fengu hvalveiðimenn engar skaðabætur, þegar veiðarnar voru bannaðar þar í landi árið 1904 og eiga þeir engu fremur kröfu til skaðabóta að íslenskum lögum. Í annan stað eru orð sjálfra hvalveiðimanna fyrir því, að þeir hafi bláberan skaða af veiðunum síðustu árin.

Nokkrar breytingar þykir nefndinni nauðsynlegt að gera við frv. Hún telur með öllu óþarft að banna veiðar smáhvelis, og vill því taka þau undan. Sjálfsagt er og, að hverjum sje heimilt að drepa hval, sem fastur er á grynningum eða í ísum og hagnýta hann, svo sem gert hefir verið síðan land bygðist.

Meiri hluta nefndarinnar þykir rjettast, að lögin komi ekki í gildi fyrr en 1. okt. 1915, til þess að gera hvalveiðafjelögum þeim hægra fyrir að umþólta sig, sem nú eru í landinu.

Nefndin ber því fram svofeldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

2. gr. orðist svo:

Enginn má flytja á land hval nje neinar óunnar afurðir hvala, nema þeirra, er dauðir finnast, hlaupið hafa á grunn eða kvíast í ísum. Heimilt skal þó að drepa andarnefjur, hnísur, höfrunga og önnur smáhveli, þau er almenningur hefir hingað til veitt og hagnýtt sjer.

Við 6. gr. Í stað: »1. janúar 1915« komi: 1. okt. 1915.

Neðri deild Alþingis, 31. júlí 1913.

G. Eggerz, form. | Benedikt Sveinsson, skrifari. | Þorleifur Jónsson.

Matth. Ólafsson, með fyrirvara. | Jón Jónsson.

Nd. **233. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um jarðamat.

Flutningsm. Þorleifur Jónsson. Stef. Stefánsson, Eyf.

1. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í jarðamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd og bæjarstjórn, en hinn 3. skipar stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jarðamatsnefndir hafa sömu laun fyrir starfa sinn eins og sýslunefndir.

Jarðamat skal fara fram samkvæmt reglugerð, er stjórnarráðið semur, og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí. Matsgerðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst á þingstað hreppsins, eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

2. Við 7. gr. Fyrir »31. d. júlím.« komi: 31. d. ágústm.
3. — - — Orðin »og skattanefnd þeirri, er hlut á að máli«, falli burt.
4. — 8. — Fyrir »septembermánaðarloka«, komi: októbermánaðarloka.

Nd. **234. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um jarðamat (þskj. 183).

Flutningsm. Þorleifur Jónsson, og Stefán Stefánsson, Eyfj.

Við 7. tölul.

Fyrir »skattanefndar« komi: jarðamatsnefndar.

Nd. **235. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Flutningsm.: Jón Ólafsson þm. S.-Múl., Sigurður Sigurðsson.

Orðin »þá getur« til »hjer við land« í 1. grein falli burt.

Ed. **236. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á og viðauka við tilsk. 15. ágúst 1832, 15. gr.

(Frá meiri og minni hluta).

Stjórnin ber þetta litla frumvarp fram eftir tilmælum málaflutningsmannafjelags Íslands. Hefir það verið borið undir álit bæjarfógetans í Reykjavík, er hefir fallist á það, og jafnframt látið í ljósi, að venjulega sje hagsmunum málsaðila betur borgið, ef lögfróðir menn flytja málin.

Vjer sem háttvirt deild hefir kosið í nefnd til að íhuga málið, höfum eigi getað orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að eins og nú hagar til hjer í Reykjavík, sje eðlilegast, að lögfræðingar einir fari með venjuleg einkamál fyrir bæjarþingsrjettinum, þegar málsaðilar ekki mæta sjálfir nje láta einhverja þá menn, sem nefndir eru í N. L., 1—9—14, mæta fyrir sína hönd. Það er nú mesti fjöldi lögfróðra manna hjer í bænum, og er meirihluti nefndarinnar bæjarfógetanum samdóma um, að málfærslunni sje að öllum jafnaði best borgið í þeirra höndum.

Þótt frumvarp þetta verði að lögum, eru menn alls eigi neyddir til, nema þá í örfáum tilfellum, að láta málfærslumenn fara með mál sín, því þeir hafa eftir sem áður rjett til að flytja mál sín sjálfir eða láta þjóna eða frændur mæta. Loks geta menn fengið ólögfróðum mönnum málfærsluna í hendur í skuldamálum með því að framselja kröfurnar.

Tilgangur frumvarpsins er að eins sá, að útiloka ólöglærða menn frá því, að gera málfærslustörf við bæjarþingið hjer í Reykjavík að atvinnu. En jafnframt er í frumvarpinu sjeð fyrir því, að þeir ólöglærðir menn, sem undanfarin ár hafa haft þessa atvinnu verði eigi sviftir henni. Eðlilegast væri, að hin sama regla um málfærslu fyrir undirrjetti gilti í öllum kaupstöðum landsins, en þar eð lögfræðingar, sem málfærslustörf geta haft með höndum, eru fáir utan Reykjavíkur, viljum við ekki ráða til breytinga á frumvarpinu í þá átt.

Af ástæðum þeim, sem að framan eru taldar, vill meiri hluti nefndarinnar ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 24. júlí 1913.

J. Havsteen,
formaður.

Steingrímur Jónsson,
skrifari og framsögum. meiri hl.

Frá minni hlutanum.

Minni hlutinn telur enga sjerstaka ástæðu til þess, að útiloka ólögfróða menn frá því, að flytja mál fyrir bæjarþingsrjett, Reykjavíkur. Gæti slíkt orðið almenningi til óþæginda, þegar um smámál er að ræða. Efnahagur fjölda margra þannig vaxinn, að þeir hafa ekki ráð á að fara til málaflutningsmanna, og

gæti þá farið svo, ef frumvarp þetta yrði að lögum, að þeir ættu erfitt með að koma fram málum sínum. Að því er aftur stærri málin snertir, mun reynslan hafa sýnt, að löglærðir menn fá þau nálega altaf til meðferðar. Það er heldur ekki með öllu útilokað, að lögfræðingarnir, er þeir hefðu fengið einkarjett til málaflutnings, hækkuðu verðskrá sína, og yrði þá hagur almennings í þessu efni þeim mun þrengri. Samkvæmt þessu þykir minni hlutanum engin ástæða til að breyta núgildandi lögum, um rjett manna til málaflutnings við undirrjettina, enda ósamræmi í því, að láta aðrar reglur gilda um bæjarþingsrjettinn hjer, en þær, sem gilda að minsta kosti við undirrjettina í öðrum kaupstöðum landsins. Ræður minni hlutinn þannig háttvirtri deild til að fella frumvarpið, það, er hjer ræðir um.

Alþingi 1. ág. 1913.

Sig. Eggerz.

Nd. **237. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík.

Flutningsm.: Jón Ólafsson og G. Eggerz þingmenn Sunnmýlinga.

Landstjórninni veitist heimild til að selja sóknarpresti að Kolfreyjustað sjera Jónasi Hallgrímssyni landspildu í svo nefndri Ytri-Skálavík í Kolfreyjustaðarlandi, 250 faðma með sjó fram og 90 faðma upp frá fjörumáli, fyrir ekki minna verð en 180 kr., eða eftir mati eiðfestra dómkvaddra virðingarmanna.

Ed. **238. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913 veitast kr. 79666,53 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast kr. 1325,00.

Við A. 3. Til viðgerðar fangahússins á Seyðisfirði alt að ... ... kr. 700,00
Á eftir A. 4. komi nýr liður, er verði 5. liður:
Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Strandasýslu... ... ... ... ... ... ... ... ... — 125,00
Við B. 6. Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum í Garðsjó innan landhelgi gegn jafnmiklu annarstaðar frá ... ... ... — 500,00
kr. 1325,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (Læknaskipun) veitast kr. 1201,50.

Við 8. B. Til að mála að utan geðveikrahælið á Kleppi ... ... kr. 600,00
Við 10. lið (nýr liður):
Aðgerð á sóttvarnarhúsinu á Akureyri ... ... ... ... — 601,50
kr. 1201,50

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (Samgöngumál) veitast kr. 34207, 33.

Við B. II. 3. Reykjadalsbraut ... ... ... ... ... ... ... ... — 10000,00
Við B. II. Til steinsteypubrúar á Steinslæk í Holtum $^2/_3$ hlutar kostnaðarins... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 1146,11
Við B. XII. (nýr liður):
Til fyrirhleðslu við Holtsá ... ... ... ... ... ... — 2547,56
Við D. Til endurgreiðslu á tillagi til símalínu frá Selfossi að Eyrarbakka .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 3000,00
Til endurgreiðslu á tillagi Rangárvallasýslu til Garðsaukasímans alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 4000,00
gegn því, að sýslan leggi á sínum tíma hlutfallslega til Víkursímans.
Til endurgjalds á sýslutillagi til Patreksfjarðarsímans ... — 5000,00
Til þess að styrkja símalínuna á Fjarðarheiði, Fljótsheiði og víðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... — 7000,00
Við E. VII. Til vitavarðarbústaðar á Siglunesi ... ... ... ... — 713,66
Við E. XVII. Til brunngraftar við Garðskagavita . ... ... ... — 800,00
kr. 34207,33

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (Kirkju- og kenslumál) veitast kr. 14103,62.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. b. 5. | Álag á Staðastaðarkirkju ... ... ... .. ... ... | kr. | 1110,06 |
| 7. | Til Ásólfsskálakirkju, eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að því tilskildu, að söfnuðurinn taki kirkjuna að sjer | — | 803,56 |
| Við B. I. | Til þess að kaupa Röntgensáhöld handa læknadeild háskólans ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 6000,00 |
| — - - | Til hr. A. Courmont í viðurkenningarskyni fyrir kennslu hans í frakkneskri tungu og bókmentum skólaárin 1911—1913 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1440,00 |
| — B. III. b. 1. | Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til byggingar á úthýsi og aðgerðar á skólahúsinu eftir reikningi, alt að ... ... ... ... | — | 4000,00 |
| — B. IV. b. 2. | — aukakenslu við kennaraskólann ... ... | — | 750,00 |
| | | kr. | 14103,62 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. (Vísindi og bókmentir) veitast kr. 5153,33.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. c. (nýr liður): | Aðstoð við Landsbókasafnið . ... ... ... ... ... ... | kr. | 1053,33 |
| — 49. (nýr liður): | Styrkur til að sækja olympisku leikina í Stokkhólmi 1912 | — | 2500,00 |
| | Til kvennrjettindafjelags Íslands, styrkur til þess að senda fulltrúa á alþjóðamót í Buda-Pest í júní þ. á. um kosningarrjett kvenna ... ... ... ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | Til stúdentafjelagsins í Reykjavík styrkur til þess að senda mann á 100 ára afmæli stúdentafjelagsins norska | — | 600,00 |
| | | kr. | 5153,33 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (Til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 17500,95.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. | Bændaskólinn á Hólum: Endurbætur á gamla skólahúsinu ... .. ... ... ... | kr. | 782,98 |
| | Til smíðakennslu .... ... ... ... ... ... ... .. ... | — | 500,00 |
| — 2. | Bændaskólinn á Hvanneyri: Viðbótarstyrkur til að reisa leikfimishús ... ... ... ... | — | 3258,27 |
| Við 20. | Styrkur til manns til að læra dýralækningar erlendis, fyrir síðasta ársþriðjung 1913 ... ... ... ... ... ... | — | 200,00 |
| — 30. | Ferðastyrkur til Sigurgeirs Einarssonar til að kynnast ullarþurkun í Englandi og Þýskalandi ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | Til sama upp í kostnað við Ameríkuferð 1911 ... ... | — | 1159,70 |
| — 37. | Til Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns upp í utanfararkostnað 1910 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 200,00 |
| | Til Árna Gíslasonar fiskimatsmanns upp í ferðakostnað til Spánar og Ítalíu ... ... ... ... ... ... .. ... ... | — | 400,00 |
| — 54 (nýr liður): | Til að mæla innsigling á Gilsfjörð (endurveiting) alt að | kr. | 10000,00 |
| | | kr. | 17500,95 |

8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. veitist 420 kr.

Til ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla ... ... ... ... kr. 420,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (Óviss útgjöld) veitast kr. 5754,80

1. Ferðakostnaður og fæðispeningar nokkurra þingmanna á fund í Reykjavík í desember 1912 (án þess veiting þessi myndi nokkurt fordæmi).. ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 754,80
2. Til endurgreiðslu á vörugjaldi af kolum, sem þau af skipum Hins sameinaða gufuskipafjelags, sem halda uppi umsömdum millilandaferðum samkvæmt 10 ára samningi, gerðum árið 1909, taka á Íslandi eftir 1. jan. 1913, eftir reikningi alt að kr. 5000,00

kr. 5754,80

3. Stjórninni veitist heimild til að lána Stokkseyrarhreppi og Eyrarbakkahreppi úr landssjóði kr. 4650,00, til þess að bæta skemdir á sjógarðinum frá Óseyri austur fyrir Stokkseyri. Lánið ávaxtist með 4½ % á ári, og afborgist á 15 árum með jöfnum afborgunum.
4. Stjórninni veitist heimild til að veita viðtöku til viðhalds á landsjóðs kostnað skipbrotsmannaskýli í Máfabót í Hörgslandi, sem reist verður í sumar, með stikum frá húsinu til bygða, þó með því skilyrði, að húsið sje traustlega bygt, og við skoðunargerð skilað í fullu standi.

Ed. **239. Frumvarp**

til laga um landssjóðsábyrgð á sparisjóðsfje og innlánsfje Landsbankans og útbúa hans og um meðferð á varasjóð bankans.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá þeim degi, er lög þessi koma í gildi, tekur landssjóður að sjer að öllu leyti ábyrgð á sparisjóðsfje og innlánsfje Landsbankans og útbúa hans.

2. gr.

Frá sama tíma, er lög þessi öðlast gildi, má Landsbankinn hafa allan varasjóð sinn í veltu.

Ed. **240. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað 2. gr. komi svolátandi grein:

Ekkert lán má fara fram úr 5000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir, en $^1/_2$% afborgun.

2. gr.

Í staðinn fyrir þessi orð í 5. gr. »skal sá hafa forgöngurjett« komi: skal sá að jafnaði hafa forgöngurjett.

3. gr.

Í stað 6. gr. komi svolátandi grein:

Hús, er lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, úr steini eða steinsteypu og þak varið járni eða eigi ótryggara efni. Timburhús, þótt aljárnvarin sjeu, má því að eins reisa fyrir lánsfjeð, að eigi sje annars kostur vegna staðhátta. Landsstjórnin ræður, eftir tillögu hins byggingarfróða ráðunauts landsstjórnarinnar, yfirsmið hússins.

Nú hefir verið bygt hús úr steini eða steinsteypu, eða járnvarið timburhús á prestsetri, áður en lög þessi ganga í gildi, en er ekki eign prestakallsins, eða slíkt hús er á jörð, er síðar kynni að verða gerð að prestssetri, en fylgir eigi jörðinni, og er þá landsstjórninni heimilt að veita lán til að kaupa það með samskonar kjörum og lög þessi ræða um, ef ástæður mæla með, enda sje húsið vandað og hentugt til íbúðar.

4. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Helmingur lánsfjárins greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og efnið, sje það eldfimt, sje fullvátryggt. Hinn helmingurinn útborgast, þegar sýnd eru skilríki fyrir því, að húsið sje bygt eftir uppdrætti og áætlun, og vel frá smíði gengið, enda sje landsstjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi, sem umboðsmann hefir í Reykjavík, fyrir því að húsið sje vátrygt fyrir virðingarverði. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið.

5. gr.

Í staðinn fyrir 2 síðustu málsgreinar í 8. gr. komi þessi grein:

Komi það í ljós við skoðun, að hús sje eigi bygt, eða því viðhaldið, sem skyldi, getur landsstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum með dagsektum,

eða jafnvel látið bæta úr þeim á kostnað prests, en þá skal prestur að skaðlausu endurgreiða allan kostnað, er af því hlýtst, þar með talinn innheimtukostnað.

6. gr.

12. gr. laganna falli burtu.

7. gr.

13. gr. orðist þannig:

Nú er hús bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $^1/_{20}$ o af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar. Sama er og, þá er hús, sem bygt hefir verið að öllu eða nokkru leyti fyrir lánsfje úr landssjóði, er byggt upp fyrir vátryggingarupphæð þess eða fyrningargjald samkvæmt 17. gr. Öllum slíkum húsum skal prestur ætíð halda vátrygðum fyrir virðingarverð samkvæmt því, sem ákveðið er í 7. gr.

8. gr.

Lög þessi koma í gildi 1. janúar 1914.

Nd. **241. Frumvarp**

til laga um friðun fugla og eggja.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:

1. Erlur. 2. Steindeplar. 3. Þrestir. 4. Músarrindlar. 5. Þúfutitlingar (grátitlingar). 6. Auðnutitlingar. 7. Sólskríkjur (snjótitlingar). 8. Svölur. 9. Starrar. 10. Óðinshanar. 11. Þórshanar. 12. Rauðbrystingar. 13. Sendlingar. 14. Lóuþrælar. 15. Hrossagaukar. 16. Tildrur. 17. Sandlóur. 18. Jaðrakön. 19. Hegrar. 20. Svanir. 21. Æðarkongar. 22. Kríur. 23. Hettumáfar. 24. Haftyrðlar. 25. Snæuglur.

2. gr.

Þessar fuglategundir skulu ekki vera friðaðar á neinum tíma árs:

Ernir, valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar, hvítmáfar, grámáfar, helsingjar, skarfar, súlur, svartfuglar, ritur, álkur, sefandir, toppandir, himbrimar og hrotgæsir.

3. gr.

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

a. Rjúpur alfriðaðar á tímabilinu frá 20. desember til 20. september, og auk þess alt árið 1915 og úr því 7. hvert ár.
b. Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði, þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. mars og ekki enda fyr en 10. ágúst.
c. Lundi frá 10. maí til 20. júní.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði. Þó getur ráðherra Íslands eftir tillögum sýslunefnda veitt leyfi til að veiða lunda með netum í eyjum, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum, enda sje það sannað, að lundanum verði ekki útrýmt með háfaveiði. Fyrir slíku leyfi skal það þó ávalt gert að skilyrði, að netaveiði þessi fari fram á þann hátt, að verið sje yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum. Skal sýslumaður annast um, að stöðugt eftirlit sje haft með veiðinni, og greiða varpeigendur allan kostnað við eftirlitið. Brot gegn þessum ákvæðum varða 10—15 kr. sektum.

d. Allar fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið taldar, skulu friðaðar vera frá 1. apríl til 1. ágúst.

4. gr.

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 32 kr.

5. gr.

Egg þeirra fugla, sem taldir eru undir 1.—7., 11.—12., 18., 20. og 23. tölulið 1. greinar skulu friðuð vera, enn fremur skulu arnaregg vera friðuð.

6. gr.

Fyrir hvert friðað egg, er tekið er, skal sá, er brotlegur verður greiða 1 kr. sekt, en fyrir arnaregg skal greiða 10 kr. sekt.

7. gr.

Undanþágu frá ákvæðum laga þessara getur ráðherra Íslands veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum, og náttúrufræðiskennurum, sem safna fyrir skólana og náttúrufróðum mönnum, er safna fyrir Náttúrugripasafnið í Reykjavík.

8. gr.

Mál þau, er rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál. Sektirnar renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en að $^2/_3$ til uppljóstanda.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914, og eru um leið úr gildi numin lög um friðun fugla frá 27. nóvember 1903.

Nd. **242. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Orðin: »og nöfnin á hverjum lista — standa á listanum« í niðurlagi síðustu málsgreinar í 2. gr. laganna falli burt.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sje eigi stungið upp á fleiri fulltrúaefnum á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal bæjarfulltrúa, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórn, að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna, sem löglega hefir verið upp á stungið.

Sjeu aftur á móti fulltrúaefni á framkomnum, gildum listum fleiri samtals en kjósa skal fulltrúa, skal kjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kaupstaðinn og gera almenningi kunnugt með uppfestum auglýsingum, hverjir listar sjeu í kjöri, að tilgreindum nöfnum fulltrúaefna og bókstaf hvers lista.

Á kjörseðli skulu allir listar, er gildir hafa verið metnir, skráðir þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstrik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu skráðir á blaðið, hver við annars hlið, eftir stafrófsröð bókstafa sinna og nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista aðgreind með þverstrikum; hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þessa striks, sem takmarkar listann. Eigi tvö eða fleiri fulltrúaefni að öllu samnefnt, skal einkenna þau til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir bæjarstjórnarkosning í N.-kaupstað . . d. mán. 19 . . «, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

3. gr.

Aftan við 1. málsgrein 6. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

»Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn fyrir hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa«.

Í 2. málsgrein 6. gr. falli burt orðin: »ásamt umslagi« — til enda málsgreinarinnar, svo og 3. og 4. málsgreinin og í þess stað komi:

fer kjósandi með hann inn í kjörklefann (kjörherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill at-

kvæði gefa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæðanna. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrikun nafns, ef hann vill útstrika, skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í, er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu, og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar, nema hann mæti sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá sá maður, sem kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist á einhvern hátt, eftir að kjósandi tók við honum, þá getur kjósandinn afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðirnar eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

4. gr.

Á eftir orðunum: »skemur en 3 tíma« í 1. málsgrein 7. gr. laganna bætist:

nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar.

5. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfninni er lokið; oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Sje kjósendum skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á kjörseðli; sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum meðmælendum og leggur þá svo frá sjer, þannig, að þeir kjörseðlar, sem eru sammerktir, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fari í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir

sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,

bætt nafni eða nöfnum við á lista,

skrifað nafn sitt á seðilinn,
sett á hann stryk eða rispu eða önnur slík einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan,
eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 6. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarjettar. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af, hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá meðmælendum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði; sá, sem er annar í röðinni, eða talan 2 er mörkuð við, fær $^1/_2$ atkvæði; sá, sem er hinn þriðji í röðinni, eða talan 3 er mörkuð við, fær $^1/_3$ atkvæðis o. s. frv. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefur mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna, og úr þarf að skera, skal

hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

7. gr.

Í stað 12. gr. laganna komi svo látandi grein:

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa viðauka þá og breytingar á bæjarstjórnarkosningalögunum frá 10. nóvember 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra; getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem »Lög um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum«, og komi þau í gildi 1. janúar 1914 í stað nefndra laga.

Nd. **243. Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Flutningsmenn: Kristinn Daníelsson og Björn Kristjánsson.

1. gr.

Kjörskrá sú, er um ræðir í 7. gr. laga 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, skal samin fyrir árslok og gilda fyrir almanaksárið næst eftir, þótt aukakosning í bæjarstjórn fari fram á því ári. Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, eða henni er full vitanlegt, að fullnægt hefir skilyrðum fyrir kosningarrjetti síðan kjörskrá var samin.

2. gr.

Ákvæðið í 20. gr. nefndra laga um 4 mánaða fast aðsetur skal vera 3 mánuðir.

Svo má og auk hvalveiða og síldveiða með nót leggja útsvar á önnur arðsöm fyrirtæki utanbæjarmanna, svo sem fiskiveiðar gufuskipa með botnvörpum eða lóðum, þótt rekin sje skemmri tíma en 3 mánuði. Má leggja á útsvarið á hverjum tíma árs, sem slík atvinna er rekin, og skal atvinnurekandi lúka því áður en hann fer brott úr bænum.

3. gr.

Aukaniðurjöfnun þá, sem eftir 22. gr. sömu laga á að fara fram í júní, má bæjarstjórn láta fara fram í maí.

4. gr.

Gjalddagi bæjargjaldanna skal vera einn á ári hverju, hinn 1. dag júlímánaðar.

Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann flutti sig til kaupstaðarins, nema hann fyrir nokkuð af þeim tíma hafi greitt útsvar annarstaðar.

Nd. **244. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. (Þingskjal 85).

I.

Nefndinni, sem háttvirt deild kaus í þessu máli, var það kunnugt, að fleiri kaupstaðir og kauptún en Seyðisfjörður hafa í hyggju að koma á hjá sjer raflýsingu á þessu ári eða næstu árum. Þótti nefndinni óviðfeldið og óþarflega umsvifamikið, að semja þyrfti sjerstök lög fyrir hvern stað í sitt skifti; þótti henni einsætt, að best hefði farið á að semja ein lög um þetta efni, er átt hefðu getað við um alt land, að minsta kosti um öll kauptún og kaupstaði. En við íhugun málsins varð það ljóst, að til þessa hefði þurft meiri undirbúning og meira starf, en kostur er á fyrir nefndina.

Með kauptún landsins hagar til með tvennu móti: Sum eru hreppsfjelög út af fyrir sig, en önnur eru aftur hluti úr öðru stærra hreppsfjelagi. Lög fyrir þessi síðarnefndu kauptún eru nú flóknari og vandasamari, heldur en fyrir þau kauptún, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, því að þau kauptún, sem vjer leyfum oss að kalla sjálfstjórnarkauptún, eru að öllu leyti á borð við kaupstaði.

Vjer höfum því tekið það ráð, að breyta orðalagi frumvarpsins á þann hátt, að það nái til allra kaupstaða og sjálfstjórnarkauptúna landsins.

Til þessa höfum vjer orðið að gera margar orðabreytingar á frumvarpinu, og fáeinar orðabreytingar höfum vjer gert fyrir máls sakir eða þá til að gera ákvæðin skýrari.

Efnisbreyting höfum vjer eiginlega enga gert á frumvarpinu aðra en þá, að vikka svæði það, sem það nær yfir.

Nánari grein þykir oss eigi þörf á að gera fyrir starfi nefndarinnar. En af því að breytingarnar eru nokkuð margar í samanburði við lengd frumvarpsins, höfum vjer tekið það ráð, að prenta fyrst breytingartillögurnar, eins og vjer ætlumst til að þær verði bornar upp, og prenta þar á eftir upp frumvarpið eins og það lítur út með breytingum vorum, ef þær verða samþyktar, og höfum vjer þar sett breytingar vorar með skáletri. Við það vonum vjer að yfirlitið verði glögt og samanburður auðveldur.

Neðri deild Alþingis, 29. júlí 1913.

Valtýr Guðmundsson, (formaður). Jón Ólafsson, (framsögumaður, skrifari).

Björn Kristjánsson. Jóh. Jóhannesson. Ólafur Briem.

II.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um rafveitu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað (þskj. 85).

1. Í stað »fyrir Seyðisfjarðarkaupstað« komi: »í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum«.

2. Framan við frumv. bætist ný grein þannig:

1. grein.

Lög þessi taka til kaupstaða og sjálfstjórnarkauptúna.

Orðið sjálfstjórnarkauptún táknar löggiltan verslunarstað, sem er hreppsfjelag út af fyrir sig.

Orðið sveitarfjelag táknar í lögum þessum kaupstað og (eða) sjálfstjórnarkauptún; sveitarfjelagsstjórn og sveitarfjelagsumdæmi táknar stjórn eða umdæmi slíks sveitarfjelags.

3. Við 1. grein, sem verður 2. grein.
   a. Í staðinn fyrir: »Bæjarstjórn Seyðisfjarðar veitist einkaleyfi til að leggja rafveitu um Seyðisfjarðarkaupstað« komi: Hver sveitarfjelagsstjórn hefir einkaleyfi til að veita rafstraumi um sveitarfjelagsumdæmið,
   b. Á eftir »ofan jarðar eða neðan« bætist við: (sbr. þó L. 10. okt. 1905 um ritsíma og talsíma o. fl., 11. gr.).

4. Í stað: »raftaug« komi: rafstraumstaug« hvervetna í frumvarpinu í þeirri tölu og í því falli sem við á á hverjum stað.

5. Í stað: »bæjarstjórn« komi: sveitarfjelagsstjórn, hvervetna í frumvarpinu (í rjettri tölu og rjettu falli).

6. Við 1. (2.) grein. Síðasta setningin orðist þannig: Matskostnað allan greiðir sveitarfjelagssjóður.

7. »Bæjarsjóður« breytist hvervetna í: sveitarfjelagssjóður.

8. Við 2. (3.) grein. Upphaf greinarinnar orðist svo: »Nú er rafstraumsveita á komin, og skal þá sveitarfjelagsstjórnin hafa einkarjett til að selja rafmagn í umdæmi sveitarfjelagsins.

9. Við sömu grein. Síðasta orðið í greininni: »lögsagnarumdæminu« verði: umdæminu.

10. Á eftir 2. (3.) grein komi ný grein þannig:

4. grein.

Sveitarfjelagið kostar lagning inn fyrir húsvegg, eða að mæli í húsi; en húseigandi eða húsráðandi kosta, eftir því sem þeim um semur, lagning tauganna innan húss og lýsingaráhöld, ef þeir vilja raflýsingu nota.

11. Við 3. (5.) grein (orðabreytingar):
   a. Í stað: »rafveitunnar« komi: rafstraumsins.
   b. Í stað: »skal hún endurskoðuð« komi: skal hana endurskoða.
   c. Í stað: »bæjargjöld« komi: sveitarfjelagsgjöld.

12. Við 4. (6.) grein. Greinin orðist þannig:

Heimilt er sveitarfjelagsstjórn að heimta gjald, samkvæmt gjaldskránni, af hverjum húsráðanda eftir að rafstraumstaug hefir lögð verið inn í hús hans.

13. Við 5. (7.) grein. Í stað: »þeim vinnukauptaxta« komi: þeirri verkkaupsskrá.

14. Við sömu grein. Síðasta málsgreinin orðist svo: Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafstraumstauga eða önnur svipuð störf sem að rafstraumsveitu lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

15. Við 6. (8.) grein. Í stað: »skal, auk fullra skaðabóta, sæta« komi: skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess.

16. Við sömu grein. Í stað: »ef verkið er ekki« komi: sje verkið ekki.

17. Við sömu grein. Í stað: »hinum almennu hegningarlögum« komi: almennum hegningarlögum.

18. Við sömu grein. Í stað: »hlutaðeigandi« komi: sakborningur.

19. Við sömu grein. Í stað: »viðvíkjandi rafveitunni« komi: er að rafstraumsveitunni lúta.

20. Við sömu grein. Í stað síðasta orðsins: »reglugjörðina« komi: hana.

21. Við 8. (10.) grein. Orðin: »sem rísa« falli burt.

## III.

(Frumvarpið, eins og það verður með breytingum nefndarinnar).

## Frumvarp til laga
## um
## *rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnar-kauptúnum.*

1. gr.

*Lög þessi taka til kaupstaða og þeirra kauptúna, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig.*

*Orðið »sveitarfjelag« táknar í lögum þessum kaupstað eða sjálfstjórnar kauptún. En orðið »sjálfstjórnarkauptún« táknar hjer það kauptún eða löggiltan verslunarstað, sem er hreppsfjelag út af fyrir sig.*

2. gr.

*Hver sveitarfjelagsstjórn hefir einkaleyfi til að veita rafstraumi um sveitarfjelagsumdæmið*, hvort sem er með raf*straums*taugum ofan jarðar eða neðan, *(sbr. þó lög 10. okt. 1905 um ritsíma, talsíma o. fl., 11. gr.)*. Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem *sveitarfjelagsstjórnin* ákveður, að raf*straums*veitan skuli ná til, skulu skyldir að þola hvers konar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir raf*straums*veituna. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum raf*straums*veitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan *sveitarfjelagsstjórnar*, ef hún og lóðareigandi eða leigu-

liði geta ekki komið sjer saman. *Matskostnað allan greiðir sveitarfjelagssjóður.*

3. gr.

*Nú* er rafstraumsveita á komin, *og* skal *þá sveitarfjelags-stjórnin* hafa einkarjett til að selja rafmagn í *umdæmi sveitarfjelagsins.* Hún getur og áskilið sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum í *umdæmi sveitarfjelagsins.*

*4. gr.*

*Sveitarfjelagið kostar lagning inn fyrir húsvegg, eða að mæli í húsi, en húseigandi eða húsráðandi kosta, eftir því sem þeim um semur, lagning tauganna innan húss og lýsingar-áhöld, ef þeir vilja raflýsingu nota.*

5. gr.

Gjald fyrir notkun rafstraumsins skal ákveðið í gjaldskrá, er *sveitarfjelags-stjórnin* semur og stjórnarráðið staðfestir, og *skal hana endurskoða* eigi sjaldnar en 5. hvert ár. Verði kostnaðurinn við rafstraumsveituna meiri en það er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem ávantar úr *sveitarfjelags-sjóði.*

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur *sveitarfjelagsgjöld.*

6. gr.

*Heimilt er sveitarfjelagsstjórn* að heimta gjald af hverjum húseiganda samkvæmt gjaldskránni, þegar búið er að leggja rafstraumstaug inn *í hús* hans; en lagningu rafstraumstauga innan húss verður hann sjálfur að kosta.

7. gr.

*Sveitarfjelagsstjórnin* ein hefir rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafstraumstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta *þeirri verkkaupsskrá,* sem *sveitarfjelagsstjórnin* kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er *sveitarfjelagsstjórnin setur.* Engir aðrir en þeir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafstraumstauga eða önnur *störf, er að slíkri rafstraumsveitu lúta,,* hvorki innan húss nje utan.

8. gr.

Hver sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafstraumstaugum *sveitarfjelagsins* eða öðrum mannvirkjum rafstraumsveitunnar, skal *greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess* fangelsisrefsingu eða sektum, *sje verkið ekki* þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt *almennum hegningarlögum.* Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal *sakborningur* sæta sektum, og bæti auk þess skaðann að fullu.

9. gr.

*Sveitarfjelagið* getur sett reglugerð um notkun rafmagnsins, meðferð á rafstraumstaugum og önnur atriði, *er að* rafstraumsveitunni *lúta,* og nauð-

synleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir *hana*.

10. gr.

Með *mál út af* brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **245. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 (þgskj. 127.)

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, þess efnis að undanþiggja skemtiferðaskip og skip, sem leita hafnar í neyð, vitagjaldi, sem ákveðið er með vitagjaldslögunum 11. júlí 1911.

Neðri deild, sem frumvarpið var lagt fyrir, hefir ekki viljað fallast á undanþágu þessa, að því er kemur til skemtiferðaskipanna, heldur að eins lækkað vitagjaldið fyrir þau um 15 aura á hverri smálest, svo að samkvæmt þessu frumvarpi eiga skip þessi að greiða 10 aura af smálestinni. Ennfremur hefir Nd. breytt vitagjaldsákvæðunum fyrir fiskiskip, sem gerð eru út af landsmönnum; eru þau ekki vitagjaldsskyld nema einu sinni á ári, þótt þau komi oftar frá útlöndum. Nefndin er samþykk þeirri breytingu og eins þeirri, að undanþiggja skip sem leita hafnar í neyð öllu vitagjaldi.

Aftur á móti var nokkur ágreiningur í nefndinni um undanþágu skemtiferðaskipanna eða um nokkura linun á vitagjaldinu fyrir þau. Eftir atvikum hefir nefndin þó getað orðið ásátt um þá miðlun í þessu atriði, að þessi skip greiði 10 aurum lægra vitagjald en önnur skip af smálest hverri, eða 15 aura; er það 5 aura hækkun frá frumvarpinu, en 10 aura lækkun frá vitagjaldslögunum, og ræður hún því hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri einni breytingartillögu að

Í stað »10« í fyrstu málsgrein 1. gr. komi: 15.

Alþingi 1. ágúst 1913.

| | | |
|---|---|---|
| Steingrímur Jónsson (formaður). | Sigurður Stefánsson (skrifari og framsögum.) | Guðjón Guðlaugsson. |

Nd. **246. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um umboð þjóðjarða.

Í frumvarpi þessu er farið fram á, að núverandi fyrirkomulagi á umboði þjóðjarða verði breytt í þrem verulegum atriðum:

*Í fyrsta lagi*, að umsjón þeirra sje falin á hendur hreppstjórum undir yfirumsjón sýslumanna. Þessi breyting hefir þann kost í för með sjer, að eftirlit með ábúð jarðanna verður auðveldara, þar sem hreppstjóri hlýtur að hafa náin kynni af öllum jörðum innan hrepps.

*Í öðru lagi*, að eftirgjald þeirra, landskuld og leigur m. m., sje ákveðið í peningum og gjalddagi 31. desbr. ár hvert. Þetta verður að teljast mjög til bóta og miða að því að gera skil greiðari.

*Í þriðja lagi*, að umboðslaun sjeu ákveðin 6 af hundraði, og er það nokkur fjársparnaður fyrir landssjóð.

Það ákvæði í 3. gr. frumvarpsins, að þjóðjarðir skuli bygðar æfilangt, þykir of einskorðað, t. d. ef jörð byggist ekki í bili með áskildum leigumála. Í sömu grein þykir rjett að taka skýrt fram, að hinn ákveðni eindagi eftirgjaldsins eigi jafnt við landskuld sem kúgildaleigur, lóðargjöld og rekaleigu.

Enn fremur virðist það ekki í fullu samræmi við algenga venju, að láta lögin koma til framkvæmda fyr en jafnóðum og umboðin losna.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum: »Þjóðjarðir skulu« komi: að jafnaði.
2. — - — Á eftir orðunum: »Eftirgjald þeirra« bætist inn í: (landskuld og kúgildaleigur), svo og lóðargjöld og rekaleiga.
3. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er verði 7. gr.:
   Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og umboð þjóðjarða losna, þó svo, að 3. gr. komi til framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eigi síðar en við næstu leiguliðaskifti á jörðunum.

Neðri deild alþingis 1. ágúst 1913.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Benedikt Sveinsson. Eggert Pálsson. Pjetur Jónsson.

Ed.

## 247. Frumvarp

til siglingalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

### Fyrsti kapituli.

### Um skip.

1. gr.

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og, að tveim þriðju hlutum minst, eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelags eign, og skal þá hver stjórnarnefndarmaður þess fullnægja skilyrðum þeim, er nú voru talin um heimilisfestu eða rjett innborinna manna, enda sje aðsetur stjórnarinnar á Íslandi eða í Danmörku og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

Halda skal opinbera skrá yfir íslensk skip, samkvæmt lögum um skrásetning.

3. gr.

Nú er skip skrásett, og ræður útgerðarmaður þess þá, hvar á Íslandi það skuli eiga heimili. Hafi útgerðarmaður ekki kveðið á um þetta, og eins ef skipið er ekki skrásett, þá telst heimili útgerðarmannsins heimili skipsins, og sjeu útgerðarmenn fleiri, ræður heimili útgerðarstjóra. Heimili skipsins skal letrað á það skýrum stöfum.

4. gr.

Skip er óbætandi:

1. Er engri viðgerð á því verður við komið;
2. er ekki verður gert við það, þar sem það er, eða á neinum þeim stað, er það verður flutt á;
3. er skipið er ekki talið þess vert, að við það sje gert.

Skulu öll þessi atriði sönnuð með löglegri skoðunargerð.

### Annar kapituli.

### Um rjettindi yfir skipum.

5. gr.

Um stofnun og vernd eignarrjettar og eignarhafta á skrásettu skipi eða skipshluta skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

Sjólánsveð, sbr. 7. kap., er þó undanþegið þessu ákvæði.

6. gr.

Nú er eigandi skips sviftur fjárforræði, og skal þá þinglesa fjárforræðissviftinguna eins og um fasteign væri að ræða. Sama er um hjónakaupmála um skip.

7. gr.

Þinglestur samkvæmt 5. og 6. gr. skal fara fram þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra skjala, sem þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu samkvæmt 5. og 6. gr., og vitnað til veðmálabókanna; koma skrárnar í stað fasteignaregistursins. Ef skipið er ekki skrásett á skipaskrá, skal þinglestrarins getið í dálki skipsins á smáskipaskránni eða fiskiskipaskránni.

9. gr.

Nafnbreyting á skipi og flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því að eins leyfa, að allir þeir, sem eiga þinglesin rjettindi yfir því, samþykki það.

Nú er samþykki veitt, og skal þá skrásetningarstjórinn í því umdæmi, sem skipið var skrásett í, sjá um, að skrásetningarstjóranum í því umdæmi, sem skipið er flutt í, sjeu send eftirrit af öllum eignarhaftaskjölum, sem þinglesin hafa verið um skipið, og ber skrásetningarstjóranum í hinu nýja umdæmi að sjá um, að skjölin verði þinglesin eða fyrirfram innrituð þar innan mánaðar frá flutningnum, og halda þau þá krafti sínum óskertum án tillits til flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur greiðist ekkert gjald. En verði skjölin þinglesin seinna en mánuði eftir flutninginn, þá telst lagakraftur þeirra einungis frá þinglestrar- eða innritunardegi.

10. gr.

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hjer á landi, halda gildi sínu, ef þau eru skrásett hjer á landi samkvæmt 5. og 6. gr., innan 3 mánaða frá bráðabirgðaskrásetning skipsins í íslensku skipaskrárnar, eða frá fullnaðarskrásetning þess, ef það var eigi skrásett til bráðabirgða.

11. gr.

Nú missir skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið eða skipshlutinn verður eign útlendings, og er því strikað út úr skipaskránni.

## Þriðji kapituli.

### Um útgerð skipa.

12. gr.

Sje ekki annan veg fyrir mælt í lögum þessum, ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum allar skuldbindingar, sem hann stofnar sjálfur eða aðrir fyrir hans hönd.

Rjúfi skipstjóri samninga, er útgerðarmaður hefir gert, eða aðrir menn í umboði hans, enda var það skyldukvöð skipstjóra að fullnægja þeim samningum, þá ábyrgist útgerðarmaður slík samningsrof einungis með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum sínum; svo er og um allar skuldbindingar sem skipstjóri gengst undir samkvæmt stöðu sinni og hefir ekki sjerstakt umboð útgerðarmanns til. En allar skiparáðningar og vistarsamninga við skipverja ábyrgist útgerðarmaður með allri eign sinni.

13. gr.

Tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi. Sama gildir um tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipsins þarfir, þótt ekki sje skipverjar.

Nú greiðir útgerðarmaður fje fyrir þessar sakir, og bæti honum aftur sá, er skaða vann.

14. gr.

Nú er fjelagsútgerð á skipi, og koma þá skuldbindingar allar, sem hvíla á fjelögum sem sjálfskuld, á þá að eins að rjettri tiltölu við eign þeirra í skipi.

15. gr.

Ef skip er fjelagseign, skulu fjelagar kjósa sjer útgerðarstjóra og sje hann heimilisfastur hjer á landi. Sje það skip skrásetningarskylt, skal senda tilkynning um kosninguna til innritunar á skipaskrána.

Sækja má útgerðarstjóra að lögum um öll mál, sem snerta útgerðina. Nú er ekki kosinn útgerðarstjóri, og er þá rjett að sækja hvern af fjelögum, er vill, í útgerðarmálum. Sækja má fjelaga hvort er vill á varnarþingi hans eða skipsins.

16. gr.

Útgerðarstjóri getur, samkvæmt stöðu sinni, gert alla löggerninga, sem útgerð alment krefur, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum. Hann getur því ráðið skipstjóra, látið hann fara og gefið honum fyrirskipanir; svo getur hann og veitt viðtöku fje, sem útgerðinni greiðist. Hann getur og verið rjettur sóknar- og varnaraðili útgerðarinnar. Hinsvegar er útgerðarstjóra ekki frjálst að taka fje að láni fyrir hönd útgerðarinnar, að selja skip eða veðsetja eða kaupa trygging á skipi, nema sjerstök heimild komi til.

Nú takmarka útgerðarmenn með sjerstökum fyrirmælum valdsvið útgerðarstjóra frá því, sem það er alment talið og hjer hefur verið greint, og er þá sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, sem við útgerðarstjóra semja og eru eigi vitandi um hana.

17. gr.

Nú skal útkljá einhver málefni útgerðarinnar með atkvæðagreiðslu fjelagsmanna, og ráða þá atkvæði þess eða þeirra, sem meira eiga en helming skipsins. Þó er nóg, að þeir eigi hálft skipið, ef útgerðarstjóri er þeim samþykkur, þó ekki sje hann fjelagsmaður. Nóg er og helft skipseignar til kosningar útgerðarstjóra; hljóti tveir jöfn atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fari samþyktir í bága við efni útgerðarsamnings eða taki út fyrir tilgang útgerðarinnar, eru þær því að eins lögmætar, að allir fjelagsmenn samþykki.

18. gr.

Um heimild útgerðarstjóra til samninga og annara athafna fyrir hönd útgerðarmanna skulu gilda gagnvart þeim hinar almennu reglur um umboð. Skylt er útgerðarstjóra, ef atvik og ástæður meina það ekki, að kveðja fjelagsmenn til ráðstefnu eða afla sjer á annan hátt vitneskju um vilja þeirra um öll mikilsverð málefni, sjerstaklega ef skipinu eru ætlaðar verulega ólíkar ferðir eða flutningar eða nýjar veiðiaðferðir, svo og ef ráða skal skipstjóra eða setja hann af eða bæta skip að mun.

19. gr.

Heimilt skal jafnan fjelögum þeim, sem meira eiga en hálft skip, að setja útgerðarstjóra af.

Nú á hann hálft skipið eða meira, og getur dómari þá svift hann stöðunni, ef hluthafi krefst og dómari finnur nægar sakir til, og skipað annan útgerðarstjóra til bráðabirgða.

20. gr.

Skylt er útgerðarstjóra að hafa sjerstaka reikninga yfir öll viðskifti útgerðarinnar, þau er undir hann koma, og gera á þeim öllum full skil. Hafi fjelagar ekki aðra skipan á gert, skal hann hafa gert þeim skil fyrir almanaksár hvert, áður mánuður sje liðinn frá lokum ársins.

21. gr.

Nú eru gerð reikningsskil, og er þá útgerðarstjóra skylt að senda reikningana hverjum einstökum fjelagsmanni eða leggja þá fram til sýnis. Rjett á hver fjelagsmaður á því, til tryggingar, að sjá reikningsbækur útgerðarinnar og fylgiskjöl og einkanlega reikninga skipstjóra.

Nú mótmælir einhver reikningum útgerðarstjóra og er þó eigi um misreikning eða svik að ræða, og skal þá fram fylgja mótmælunum með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá því er reikningsskil voru af hendi int og fjelagsmönnum sagt til þeirra.

22. gr.

Skylt er fjelagsmanni að greiða allan útgerðarkostnað að rjettri tiltölu við eign hans í skipi. Vanræki fjelagsmaður að greiða skylduhlut sinn og hafi þó verið krafinn, og greiði útgerðarstjóri þann hluta eða annar af fjelagsmönnum, og skal þá hinn lúka það tje og vexti, 8 af hndr. á ári, frá því greiðsla fór fram, og þar að auki þau tryggingariðgjöld, sem sá, er galt fyrir hann, kann að hafa greitt til tryggingar sjer. Veðrjett á lánssali í skipshluta þess, er hann galt fyrir, og ágóða þeim, sem í hans hlut kemur, og skal sá veðrjettur ganga fyrir öðrum eldri samningsveðrjetti í þeim skipshlut, en þoka skal hann fyrir sjóveði því, sem getur hjer í 11. kapítula, svo og fyrir eldra samningsveði í öllu skipi; en hafin skal málssókn til lúkningar kröfunni áður ár sje liðið frá því er hann greiddi fjeð, missi ella veðsins.

23. gr.

Nú er skipinu ráðin ný ferð eður ráðnar bætur á því að lokinni ferð og krafið framlaga til og einhver fjelagsmanna hefur ekki lagt þeim samþyktum atkvæði sitt, og skal honum þá heimilt að segjast úr þeim framlögum með því að láta af hendi sinn hlut í skipi endurgjaldslaust, svo framarlega sem ekki hvíla sjerstök eignarhöft á hluta hans. Nú vill hann neyta þessarar heimildar, og skal hann þá skýra útgerðarstjóra frá því brjeflega svo snemma, að útgerðarstjóri viti það áður 8 dagar sje liðnir frá því er samþyktin var gerð eða frá því er honum var skýrt frá henni, ef hann var ekki viðstaddur samþyktargerðina. Jafna skal hlut þess, er úr gekk, á hluti sameignarmanna hans að rjettri tiltölu við stærð þeirra hluta, er þeir áttu áður.

Ef keypt hefur verið vátrygging á hlut þess, er úr gekk, og hún er enn í gildi við eigendaskiftin, greiða hinir nýju eigendur iðgjald fyrir hana, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fyrir það sem eftir er tryggingartímans.

24. gr.

Jafna skal á fjelagsmenn skaða og ábata á útgerðinni að rjettri tiltölu við eign þeirra í skipi.

Nú reynist, að gerðum reikningsskilum, að tekjuleifar eru, og skal þeim þá skift upp meðal fjelagsmanna, sje þeirra ekki þörf til nauðsynja útgerðarinnar.

25. gr.

Ekki slítur það samútgerð skips þótt skipshlutur verði eign annara manna eða fjelagsmaður deyi, verði sviftur fjárforráðum eða gjaldþrota.

Heimilt er fjelagsmanni að selja hlut sinn öðrum mönnum án samþykkis sameigenda; þó er ólögmæt sala skipshlutar, jafnvel þótt nauðungarsala sje, nema allir fjelagsmenn samþykki, ef salan sviptir skipið heimild til skrásetningar á íslenzkar skipskrár.

Nú er skipshlut afsalað öðrum manni til eignar en sameiganda, og á þá hver sameigandi rjett á að leysa til sín hlutinn, enda bjóði hann hinum nýja eiganda innlausnarfjeð, eða fullnægjandi tryggingu, ef lausnarfjeð er ekki að fullu ákveðið, innan hálfs mánaðar eftir þann dag, er eigandaskiftin voru tilkynt, samkvæmt 26. gr., 2. málsgr. Ef málsaðilar verða ekki á eitt sáttir um innlausnarfjeð, þá skal upphæð þess ákveðin með lögmætu mati; þó má hún

aldrei lægri vera en kaupverð það, er hinn nýi eigandi greiddi. Ef hinn nýi eigandi vill ekki láta hlut sinn lausan án málssóknar, skal mál hafið áður en 3 mánuðir sje liðnir frá tilkynningunni samkvæmt 26. gr. Nú er skipshluti seldur á uppboði og útgerðarstjóri hefir fengið tilkynningu um það viku áður en það er haldið, og eiga sameigendur þá ekki innlausnarrjett. Ef fleiri en einn sameigenda krefjast innlausnar samtímis, eiga þeir allir innlausnarrjett að rjettri tiltölu við hluta hvers þeirra í skipinu. Nú hefir einn sameigenda neytt innlausnarrjettarins að fullu, og eiga þá hinir sameigendurnir eigi framar innlausnarrjett að því sinni.

Verði skipshlutur eign manns, sem ekki hefur rjett til þess að eiga íslenskt skip, sbr. 1. gr., á hver fjelagsmaður rjett á að krefjast sölu þess skipshlutar á uppboði, nema eigandi hafi gert þá ráðstöfun áður 6 mánuðir sje liðnir, að skipið haldi heimild sinni til skrásetningar á íslensku skipaskrána. Svo skal að öllu fara með þá sölu sem nauðungarsala væri og sama gildi hafa.

26. gr.

Nú verður maður eigandi skipshlutar, og eignast hann þegar gagnvart meðeigendum rjett þann og bindst skyldum þeim, sem bera rjettum sameignarmanni. Hlíta skal hann og svo sem formaður hans samþyktum þeim, er skipseigendur gerðu áður hann varð eigandi, svo og öðrum framkvæmdum þeim, er þeir höfðu hafið þá, og svo þeim skyldum, er þeim fylgja. Rjett er og, að sameignarmenn hans færi honum til skuldajafnaðar þær kröfur, sem þeir áttu á formann hans og af sameigninni stafa. Hann ábyrgist sem sameigandi gagnvart öðrum mönnum skuldbindingar þær allar, sem útgerðin tekst á hendur eftir það er hann varð fjelagsmaður.

Skylt er hlutsala að skýra útgerðarstjóra eða öllum sameignarmönnum frá eigendaskiftunum og sanna, að viðtakandi, sá er hann til nefnir, kannist við kaupin, en meðan hann gerir það ekki, getur hlutsali ekki skotið sjer vegna eigendaskiftanna undan neinum þeim skyldum við sameigendur, er af sameigninni stafa. Ábyrgjast skal hann skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigendaskiftin, ef þeir menn vissu þau ekki.

27. gr.

Þeir fjelagsmenn, einn eða fleiri, sem meira eiga en hálft skipið, geta ákveðið, að sameigninni skuli slitið.

Þá getur hver fjelagsmaður krafist, að slitið sje sameign:

1. Ef skip missir heimild til skrásetningar á íslensku skipaskrána án tilverknaðar hans eða samþykkis og er því máð af skipaskrá;
2. ef útgerðarstjóra er vikið frá með dómsúrskurði samkvæmt 19. gr.;
3. ef hann sannar, að útgerðarsamningurinn hafi verið verulega rofinn, eða gengið að öðru leyti á rjett hans í framkvæmdum eða forstöðu sameignarinnar;
4. ef það kemur í ljós við lok ferðar innanlands, að skuldir sameignar fari fram úr eignum hennar.

Verði ágreiningur í þessu síðasta atriði um verðmæti skips, skal það ákveðið með löglegu mati.

28. gr.

Nú er fjelagsútgerð slitið, og skal þá skipið selt á opinberu uppboði. Ef skipið er utanlands og greini menn á um, hvort það skuli flutt heim eða ekki, eða um uppboðsskilmálana, skal uppboðsrjetturinn á heimili fjelagsútgerðar skera úr.

## Fjórði kapituli.

### Um skipstjóra.

29. gr.

Útgerðarmenn ráða skipstjóra eða útgerðarstjóri fyrir þeirra hönd. Ef einhver þeirra á meira en helming skips, á hann rjett til skipstjórnar, enda hafi hann til þess lögfull skilyrði. Greini menn á um skipstjórakaup, er heimilt að leita dómsúrskurðar.

30. gr.

Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann, er hann veit að var ráðinn annarstaðar.

31. gr.

Skipstjóri annast um, áður ferð er byrjuð, að skip sje haffært, og sjer um það í tæka tíð, að það sje vel útbúið, nægilega vel ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf og kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Skylt er honum og að annast um, að lögboðin bendingaáhöld og björgunartæki, sæbrjef og siglingaverkfæri sjeu á skipi.

Skylt er honum að annast um, að skip sje ekki offermt og farmur vel búlkaður, og til að tryggja hann sje sjeð fyrir nægu refti, undirbreiðum, hlerum, skorðum o. s. frv., og að lestarop sjeu tryggilega lukt og fleiguð. Sje farmur fluttur á þilfari, skal tryggilega um hann búið, og svo settur, að hann hindri ekki að mun athafnir skipverja. Fari skipið með seglfestu, annast skipstjóri um, að hún sje sæmileg að gnægð og gæðum og svo tryggilega um hana búið, að ekki byltist á leið.

Konungur kveður nákvæmara á um birgðir skips að læknislyfjum, svo og um ferming, flutning og afferming sprengiefna, eldfimra og etandi hluta, og ábyrgist skipstjóri, að þeim fyrirmælum sje hlýtt.

Heimilt er og að láta ákvæði þau, er getur í næstu málsgrein hjer á undan, ná til erlendra skipa, er þau eru í landhelgi.

32. gr.

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

33. gr.

Ekki má skipstjóri án samþykkis útgerðarmanns hafa söluvarning sinn eða annara manna í skipsherbergi sínu nje í neinu því rúmi öðru, sem ekki er ætlað farmi. Nú gerir skipstjóri það, og gjaldi hann þá útgerðarmanni venjulegt flutningsgjald fyrir þann varning og bæti allan skaða.

34. gr.

Ekki má skipstjóri fara frá skipi, nema hann segi stýrimanni til áður um það, sem þörf er á, og gefi honum skipanir sínar eða skipverja öðrum, sje stýrimaður ekki á skipi. Sje skipið ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi, má skipstjóri ekki vera frá skipi, nema að nauðsynjaerindum, þótt hafnsögumaður sje á skipi. Svo er og ávalt, ef hætta er á ferðum.

35. gr.

Nú má skipstjóri ekki vera fyrir skipi sakir sjúkleika eða af öðrum brýnum ástæðum, og skal þá útgerðarmanni tafarlaust sagt til um það. Verði atkvæðis útgerðarmanns ekki beðið að skaðlausu, skal skipstjóra skylt að sjá fyrir nauðsyn skipsins, einkanlega að setja fyrir skipið til bráðabirgða stýrimann eður annan hæfan mann, og hafi við ráð konsúls, að því er hann getur, ef það er utanríkis. En sje skipstjóri ófær til, eða vanræki þessa skyldu sína, annast konsúll nauðsynjar skipsins.

36. gr.

Skipstjóri annast um, að ferming og afferming skips sje hraðað eftir þörfum og að burtför skips dragist ekki að því loknu. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af rjettri leið á ferð þess nje tefja það á annan hátt, nema til þess að bjarga mönnum úr sjávarháska, en ekki má tefja skipið til að bjarga öðrum skipum eða fjármunum, ef skipinu er stofnað með því í nokkurn háska, eða af því stafa veruleg óþægindi fyrir útgerðarmann eða aðra menn, og sje skipstjóra skylt að annast hagsmuni þeirra.

37. gr.

Skylt er skipstjóra að gera alt það, er hann má, til að halda skipi sjófæru á ferð. Nú hefur skip tekið grunn, eða annað að borið, svo að ætla má, að skip hafi laskast, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það, þar sem því verður fyrst við komið.

38. gr.

Skylt er skipstjóra að kynna sjer ákvæði og fyrirmæli um siglingar, er honum ber að gæta á viðkomustöðum á ferð sinni. Hann skal og afla sjer vitneskju um, hvers gæta ber til tryggingar skipi og farmi, ef við ófriði er að sjá eða herkvíun.

39. gr.

Skyldur er skipstjóri að veita viðtöku sjómönnum úr Danaveldi, þeim er konsúlum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eður til annarar

hafnar, þeirrar er skipið fer til í þeirri ferð, svo marga og fyrir það fargjald, sem konungur kveður á.

Þeim mönnum, sem svo eru sendir, ber að hlíta á skipi reglum þeim og háttum, sem skipverjum er skylt, og starfa á skipi eftir mætti, ef þörf krefur.

40. gr.

Öll skip, sem fara á milli landa, skulu halda leiðarbók. Skip, sem eru við fiskiveiðar, flutning aða annað hjer við land, þurfa ekki að halda leiðarbók, en sjeu þau yfir 12 tonn að rúmmáli, skulu þau halda dagbók. Gufuskip hafi að auki sjerstaka vjelarbók. Konungur setur nánari reglur um tilhögun og löggilding bókanna. Þegar skip er afgreitt úr höfn innanlands, skal sýna leiðarbókina eða dagbókina lögreglustjóra og skrifar hann ókeypis í þær vottorð um það, að þær voru sýndar.

41. gr.

Í leiðarbók skrifar skipstjóri, eða stýrimaður með umsjá skipstjóra, og ábyrgist þá báðir; en vjelarstjóri skrifar í vjelarbók með umsjá skipstjóra og ábyrgist báðir. Skrifa skal alt í bækurnar eftir rjettri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir varðtíðir. Skrifa má fyrst í bráðabirgðabók það, sem gerist á varðtíð hverri, en skrifa skal það í bækurnar, áður sá sólarhringur sje á enda.

Bóka skal í leiðarbók glögt og skipulega. Ekki má skafa það af, sem skrifað var, draga yfir það, eða gera það með öðru móti ólæsilegt; gerist leiðrjettingar þörf, skal henni bæta við sem athugagrein.

42. gr.

Skrifa skal í leiðarbók ítarlega alt það, er við ber á ferðinni, og hvað annað það, er útgerðarmönnum er gagn að vita eður eigendum farms eður vátryggjendum eður öðrum þeim mönnum, er ferðin snertir hagsmunalega.

Geta skal því þess í leiðarbók, nær starfstími skipverja hefst og endar, nær vistir og vatn er tekið á skip, nær ferming skips og afferming hófst, var frestað, og nær þeim lauk; bókað skal, hvað fermt er og affermt hvern dag, og ef tekin er seglfesta, hver hún var, hve þung og hversu um hana var búið, hvort aðrir unnu en skipverjar, djúpmál skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það ljet úr höfn, hverju skipið er fermt og ásigkomulag farmsins; ef búlki er á þilfari, skal sagt, hve mikill er og hve hár, um leiðrjetting áttavitans og afbrigði (deviation); nær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar; um vind,veðurfar, stöðu loftvogar, strauma, stefnu, skriðhraða, hvað haft var af seglum, hver vegalengd var farin, hver skipsljós höfð; djúpmál, miðun og athuganir; nær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi; um dælinguna, hve oft var dælt, hve lengi um sinn og með hve miklu afli og um vatnshæð í dælunum.

Leiðarreikning skal bóka um hvern sólarhring.

Sje ráðstefna haldin á skipi, skal bóka í leiðarbók tillögur manna svo og úrskurð skipstjóra og skrifa þeir nöfn sín undir bókun, sem á ráðstefnu voru. Þess skal og getið í leiðarbók, ef skipverji sýkist, deyr eða strýkur, eða vinnur glæp eða skipsagabrot, sbr. 52. og 108. gr., svo og hvenær og af hvaða ástæðum skipstjóra þykir nauðsyn að draga af matgjöfum, sbr. 50. gr.

Sjerstaklega ber að rita í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það óhapp, sem verða kann á skipi eða farmi, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hversu úr var ráðið.

Í vjelarbók skal greint frá kolabirgðum skips og annara vjelanauðsynja er skip ljet úr höfn, kolaeyðslu hvern sólarhring og alt annað, er vjelina snertir, gang hennar og gæslu.

Í dagbók skal rita greinilega frásögn um ferð skipsins, og skal, auk veðuráttu, skýrt frá öllum þeim atvikum, er verulega þýðing hafa fyrir ferðalagið, eða á einn eða annan hátt geta snert hagsmuni útgerðarmanna, eigendur farms eða vátryggjendur. Sje skipið við fiskveiðar, skal ennfremur greina daglega frá öllu því markverðasta, er snertir fiskveiðarnar, svo sem hvar skipið fiskar og hvernig aflast, dýpi, botnlag o. s. frv. Halda skal leiðarreikning, hvenær sem þörf krefur.

43. gr.

Þegar leiðarbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð annars vegna, fær skipstjóri nýja bók og lætur löggilda, og skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók sje löggilt og nær það var. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju, og sagt, hvað til þess bar.

Við slík bókarskifti ber rjettu yfirvaldi að rannsaka það, hvort hirðulega var bókað í hina eldri bók dag eftir dag og annast um, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Nú verða skipstjóraskifti, og skal þá leiðarbók send yfirvaldi til slíkrar rannsóknar áður næsti dagur á eftir sje liðinn, ef því verður við komið, annars svo fljótt, sem unt er, svo og ef skipið verður fyrir slysi, svo að sjóferðaskýrslu þurfi að krefja af þeim sökum (47. gr.), og skipstjóri leitar hafnar innanríkis eða utanríkis, þar sem skipaður er danskur konsúll; svo skal og vera, þegar menn eru skráðir úr skiprúmi eða skip tekur aftur innlenda höfn og affermir þar að öllu eða meiri hlut. Geta skal í leiðarbók nær hún var færð yfirvaldi og um þá rannsókn, er fram fór.

Ákveða má með konunglegri tilskipun linkind í eftirliti þessu á gufuskipum, sem eru í reglubundnum förum landa í milli.

44. gr.

Rjett á hver maður á að fá að kynna sjer leiðarbók skips, sá er sýnir, að hann eigi þar lögmætra hagsmuna sinna að gæta. Geyma skal leiðarbækur alskrifaðar ekki skemur en tvö ár eftir það er ferð var á enda. Nú rís dómsmál og snertir það ferðina, og skal þá varðveita leiðarbók til þess er því máli lýkur að fullu.

45. gr.

Nú gerist einhver sá atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við svo nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðaskýrslu; svo er og ef maður ferst voveiflega af skipinu og það varð ekki á innlendri höfn, eða skipið rekst á annað skip og vinnur því slíkar skemdir eða tjón, sem fyr greinir.

Nú verður slysið hjer í ríkinu, og skal þá skipstjóri segja til þess yfirvaldi á þeim stað svo fljótt sem unt er, eftir það er slysið bar að eða varð kunnugt. Fylgja skal frásögunni orðrjett afrit af því, sem bókað var um þann atburð í leiðarbókinni; ef ekki var leiðarbók eða hún hefur farist, skal gefa brjeflega skýrslu um atburðinn og skrá yfir skipverja og þá menn aðra, sem ætla má að skýrt geti málið, og til nefna, ef auðið er, þá menn, sem þetta mál kemur við, eða umboðsmenn þeirra. Dómari eindagar síðan þinghald til sjóferðaskýrslu og framkvæmir til undirbúnings það, er þörf krefur. Hafa skal skipstjóri leiðarbækurnar með sjer á þingið.

Utanríkis skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, gefa sjóferðaskýrslu því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, sem hann er þá staddur á, eða fyrir hlutaðeigandi dönskum konsúl, ef utanríkismálastjórnin hefir sjerstaklega fengið honum vald til að taka við slíkum skýrslum.

Ef sjóferðaskýrsla er gefin erlendu yfirvaldi og danskur konsúll er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið við staddur þinghaldið og annast um, að sjóferðaskýrslan sje sem glegst og fylst.

Skýrslu um það, sem fram hefur farið, sendir konsúll utanríkismálastjórninni, bæði er hann sjálfur hefur tekið við skýrslunni og er honum hefur verið veittur kostur á að vera við staddur þinghald. Skýrslan verður síðan send stjórnarráði Íslands, er skipar nánari rannsókn hjer á landi, ef þurfa þykir.

Öll þau fyrirmæli, er þessi grein og 41., 43. og 44. gr. gefur um leiðarbók, gilda og um dagbók skips.

46. gr.

Laskist skip á ferð, svo bæta verði að mun eða tefja það um hríð, er skipstjóra skylt að láta lögmæta matsgerð fram fara. Skulu matsmenn líta á skemdir og segja álit sitt um, hvað að hafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils skipið sje þá vert óbætt. Þá er skip er bætt, skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð, hvort skip er þá fært til að halda áfram ferð sinni.

Nú spillist farmur að mun á ferð, eða ráða má af líkum, að hann sje svo á sig kominn, að nauðsyn beri til að afferma skipið, eða hjálpa farmi við á annan veg, eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs, og skal þá skipstjóri láta fram fara lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemd á farmi, skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það, hvað ætla má, að valdið hafi og hversu hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög eru til eða venja á þeim stað; þar sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð, skal skipstjóri afla sjer yfirlýsinga skynbærra manna.

47. gr.

Ef grunur getur leikið á því, að skemdunum hafi valdið misfellur við hleðsluna, umbúnaðinn, lestarop vanlukt og annað þess háttar, skal kveðja til skoðunarmenn að sjá lestarrúm opnuð og skip affermt. Ef óttast má, að góss hafi spilst á ferð, skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en góssið er fengið í hendur viðtakanda.

48. gr.

Ef skip kemst í sjávarháska, er skipstjóra skylt að gera alt, sem hann

má, til bjargar skipinu, og má ekki hverfa frá því meðan nokkur von er um björg þess. Ef engin er bjargarvon en háskinn svo vís, að það eitt sje til, að hverfa frá skipi, þá er honum skylt einkanlega að annast björgun skipsbóka og skipsskjala; hann annast og björgun á skipi og góssi og leitar sjer til þess hjálpar, sem nauðsyn krefur.

Nú verður björg, og sjer þá skipstjóri um björgunina, nema það komi í bága við lög á þeim stað, eða sjerstakur björgunarsamningur sje til fyrirstöðu. Skrifað skal nákvæmlega, hverju bjargað er, svo og tölu þeirra manna, sem að björgun vinna og góssið flytja á geymslustað; skrifar skipstjóri það sjálfur, eða lætur stýrimann gera; skipstjóri rannsakar og, svo sem hann má við koma, reikninga alla fyrir björgun, flutning og geymslu, og vottar með nafni sínu, að rjettir sjeu.

Skipstjóri annast og, svo fljótt sem hann má, um lögmæta skoðunargerð á skipi og því góssi, sem bjargað var, og fær því þá varðveislu, sem hann má besta.

49. gr.

Skylt er skipstjóra að fara sæmilega með undirmenn sína og skipa þeim svo verk, að hann gæti stöðu hvers þeirra á skipi, svo sem hann má við koma. Líkamsrefsingu má hann engan mann láta sæta.

Á sunnudögum og öðrum lögskipuðum helgum dögum hjer á landi má ekki setja skipverja til neinna starfa fram yfir það, er trygging og meðferð skips krefur, eða gæsla og umsjá vjela, eða að þrífa skip sem títt er, þurkun segla, nauðsynleg bátstörf og svo matgerð; því að eins má þá skipa mönnum önnur störf, að ekki verði frestað.

50. gr.

Skipstjóri annast um, að skipverjar fái nægan mat og góðan og skal hann að því hlíta reglugerð, sem konungur setur. Nú ber nauðsyn til, að hann dragi mat af skipverjum í ferð og skulu þeim þá goldnar sanngjarnar bætur þess.

Í nefndri reglugerð skal og nákvæmar kveðið á um herbergi skipshafnar á skipi.

51. gr.

Nú andast einhver skipverja, og annast skipstjóri þá greftrun hans. Hann skal og láta skrásetja við votta alt það, er hinn látni maður ljet eftir á skipi; andist maðurinn utanríkis, er rjett, að skipstjóri fái skrána í hendur konsúl eða öðrum rjettum valdsmanni á þeim stað, eða selji munina, geti hann ekki varðveitt þá á skipi að bagalausu.

52. gr.

Drýgi skipverji eða farþegi glæp, sem opinber málsókn liggur við, og skipið er ekki í innlendri höfn, skal skipstjóri svo fljótt sem auðið er, taka skýrslu til bráðabirgða af sakborning, af skipshöfn sinni og þeim mönnum öðrum, sem það mál geta skýrt. Nú var glæpurinn unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, og skal þá sú rannsókn því að eins fram fara, að yfirvöld á þeim stað reki ekki málið. Skýrslur og vitnisburði skal skrifa í leiðarbók eða dagbók eða skrá á annan hátt, ef bækurnar vantar, og þeirra fyrirmæla gætt, sem getur í 108. gr.

Skipstjóri gætir þess, ef hann má, að sakborningur hverfi ekki á burt og er heimilt að byrgja hann inni, ef þörf krefur, eða hefta á annan hátt og ábyrgist skipstjóri, að hann sje ekki harðar leikinn en vera þarf.

Nú er glæpur unninn í utanríkis höfn, þar sem er danskur konsúll, eða skip kemur til slíkrar hafnar, eftir það er glæpurinn var unninn, og skal þá skipstjóri, svo fljótt sem hann má, skýra konsúl frá því, að glæpur var unninn og fá honum í hendur staðfest eftirrit af rannsóknarskýrslu sinni. Konsúllinn rannsakar þá málið og ákveður hvað frekara skuli gera. Hafi skipstjóri engan konsúl fundið að máli í utanríkishöfn, skal hann skýra yfirvöldum frá málinu við heimkomu sína, svo fljótt sem hann má.

53. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, gerir skipstjóri, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum, samkvæmt stöðu sinni í umboði útgerðarmanns alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd ferðar hans, svo sem útbúnað skips allan og viðhald og öflun vista; hann gerir farmsamninga og er sóknaraðili útgerðarmanna í málum, sem við koma skipinu.

Enga löggerninga getur skipstjóri gert á lögheimili skips, þá er skuldbindi útgerðarmenn, ef hann hefir ekki sjerstakt umboð þeirra til, nema að ráða menn í skiprúm.

54. gr.

Ef fjár er vant til framkvæmdar einhverju því, sem 48. gr. getur, er skipstjóra heimilt að taka fje að láni eða selja góss útgerðarmanna, eða jafnvel af farmi. Nú tók skipstjóri fje að láni eða seldi af góssi um þörf fram, og skerðir það að engu rjett hins, sem lánaði eða keypti, ef ætla má eftir atvikum, að hann vissi það ekki.

55. gr.

Óheimilt er skipstjóra að selja skip án samþykkis útgerðarmanns, nema skip sje dæmt óbætandi eftir að lögleg skoðunargerð fór fram, sbr. 46. gr., og eigi sje auðið að ná til útgerðarmanns. Selja skal á opinberu uppboði.

56. gr.

Nú hafa útgerðarmenn gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem 53. og 54. gr. heimila skipstjóra, og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

57. gr.

Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmönnum iðulega frá ásigkomulagi skips og hvernig ferðinni líður, hverir löggerningar voru gerðir, og frá öllum þeim atburðum í heild sinni, sem máli skifta fyrir þá. Hann skal og leita skipana útgerðarmanna sjálfra um öll mikilsverð málefni, að því er hann má við koma, eða þess manns, er útgerðarmenn vísuðu til. Skorti gjaldeyri til skipsþarfa og ekki megi bíða skipana útgerðarmanna, skal skipstjóri leitast við að afla þess fjár svo sem útgerðarmönnum er hagkvæmast; að eins í ítrustu nauðsyn má hann selja af farmi.

58. gr.

Skipstjóri skal meðan ferð stendur láta sjer ant um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeigenda.

59. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, er skipstjóra samkvæmt stöðu sinni heimilt að gera, svo fullgilt sje gagnvart þriðja manni, alla þá löggerninga, sem miða til að varðveita farm og koma honum áleiðis, svo og til að vera sóknaraðili þeirra í málum, sem farminn snerta. Nú skortir skipstjóra gjaldeyri til framkvæmda einhverri slíkri nauðsyn og er þá rjett, að hann taki fje að láni fyrir hönd farmeigenda eða selji jafnvel af farmi. Um slík lán og sölu gildir það, sem segir í síðari málsgrein 54. gr.

Skuldbindingar þær, sem skipstjóri þannig játast undir fyrir farmeigenda, ábyrgist farmeigandi að eins með góssi því, sem hann á á því skipi.

60. gr.

Nú ber þau atvik að hendi, sem ráð er gert fyrir í 46. gr., og það sannast við lögmæta skoðunargerð, að farmi er svo farið, að hætta er á, að spillist við geymslu, og er þá rjett, að skipstjóri selji farm. Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi, er og rjett að selja farm, ef skoðunarmenn dæma, að kostnaður á því að geyma farminn eða koma honum áleiðis, yrði of mikill í hlutfalli við verðmæti hans.

61. gr.

Nú hafa farmeigendur gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem skipstjóra er veitt í 59. og 60. gr., og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

62. gr.

Áður en skipstjóri aflar lánsfjár vegna farms, eða selur nokkuð af góssinu, eða gerir nokkurar aðrar sjerstaklegar ráðstafanir á kostnað farmeigenda, skal hann leita fyrirskipana þeirra, ef kostur er, eða þess manns, er þeir nefndu til.

Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi og eiga farmeigendur engan umboðsmann á þeim stað og ekki verður leitað skipana þeirra, og er skipstjóra þá skylt eftir atvikum, annaðhvort að senda góssið á ákvörðunarstað þess sem kostnaðarminst, eða fela það til geymslu eða selja.

Farm skal selja á opinberu uppboði, ef því verður við komið.

63. gr.

Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fje skuldbindingar þær, sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri.

64. gr.

Bæta skal skipstjóri skaða þann, sem hann olli útgerðarmönnum eða farmeigendum með svikum, hirðuleysi eða gáleysi við skyldustörf sín, og leysir það hann eigi úr ábyrgð, að hann fór eftir fyrirmælum annara, nema gagnvart þeim, er fyrirmælin gáfu. Þótt ályktun sje gerð á skipsráðstefnu ber skipstjóri engu að síður ábyrgð á framkvæmdunum.

Skipstjóri ábyrgist ennfremur skaða þann, er verður af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipverja við skyldustörf þeirra, nema ætla megi að frá hans hendi hafi hvorki skort næga athygli nje eftirlit.

65. gr.

Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil við heimkomu skips að lokinni ferð, og annars svo oft sem útgerðarmenn heimta. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi, skal það gert með lögsókn áður 6 mánuðir sje liðnir frá því, er hann fjekk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt, nema misreiknun eða svik sannist.

Ef ekki er annan veg tilskilið, skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanna á reikningum hverja sjerstaka uppbót, sem hann hefir tekið við af farmsendara, farmeiganda, birgðasala eða öðrum, þeim er hann átti skifti við sem skipstjóri.

66. gr.

Setja má skipstjóra af á hverjum tíma er vill. Nú á hann meira en hálft skip, og má þá dómari setja hann af, ef hluthafi skips krefst og nægar sakir eru til.

Nú hefir skipstjóri gengið í sjálfskuld til gagnsmuna skipi eða farmi, og var honum það ekki óheimilt, og er hann þá ekki skyldur að láta af stöðu sinni fyr en útgerðarmenn fá honum þá trygging, að hann verði skaðlaus af ábyrgðinni.

67. gr.

Ef skipstjóri var ekki ráðinn um ákveðinn tíma eða til tiltekinnar ferðar og ráðningarsamningur hans tekur ekki til um uppsögn eða burtför, getur hann sagt upp þjónustu sinni þegar skipið er í innlendri höfn og ferð á enda. Nú hefir hann gegnt starfinu í 3 ár og skipið hefir aldrei á þeim tíma lokið ferð hjer við land, og er skipstjóra þá heimilt að segja þjónustu sinni lokið við lok þeirrar ferðar, sem hann þá er í, og veiti hann svo langan frest, að útgerðarmenn fái sæmilegan tíma og tækifæri til að afla sjer annars skipstjóra. Nú ákveða útgerðarmenn, þegar þeir fengu uppsögn skipstjóra, að skipið skuli snúa hingað til lands úr þeirri höfn, sem það þá er í, og er þá skipstjóri skyldur til að vera fyrir skipinu heim, þá er það hefir tekið farm, þó afferma skuli á leiðinni í annari höfn.

Eigi að afferma skipið, má skipstjóri ekki hverfa burt fyrri en lokið er.

Missi skipið rjett til að sigla undir dönsku flaggi, á skipstjóri þegar heimila burtför.

68. gr.

Nú er skipstjóri settur af sakir óhæfileika hans, svika, hirðuleysis eða gáleysis við starfa sinn, og á hann þá kaup sitt einungis til þess tíma er hann var rekinn.

Svo er og, ef hann var settur af sakir þess, að ferðin varð ekki farin, eða henni varð ekki lokið, eða löng frestun varð á, sökum ófriðar, herkviunar, farbanns (embargo), aðflutnings- eða útflutningsbanns á vörum, eða sakir ísa eða skemda á skipi, svo að það varð ekki fært til ferðarinnar.

Farist skip, eða það er dæmt óbætandi, er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er skipstjórasamningurinn úr gildi, enda missir

hann rjett til frekara kaups. Þó má hann ekki fara burt af þeim stað, þar sem slys varð, áður öllu er ráðstafað, því er að skipi og farmi lýtur, og á hann rjett á hæfilegri þóknun fyrir þann tíma, sem hann ver til þess, og ekki minni en nam kaupi hans áður og að auki ókeypis dvöl og viðurværi eða fæðispeninga.

69. gr.

Ef skipstjóri er settur af, sakir sjúkleika eða meiðsla, sem geri hann ófæran til skipstjórnar, á hann kaup sitt til þess er hann er settur af.

Nú verður skipstjóri fyrir sjúkleik eða meiðslum á ráðningartíma sínum, og var sjálfur ekki sök í, og eru útgerðarmenn þá skyldir að kosta lækning hans og aðhlynning, og eins eftir það er hann var settur af; þó ekki nema 4 vikur eftir afsetningu, ef hann vjek frá hjer á landi eða á þeim stað í útlöndum, þar sem samningur sagði til, að hann færi, ella 8 vikur.

70. gr.

Ef skipstjóra er vikið frá starfi og af engum þeim sökum, sem nefndar voru í 68. og 69. gr., tekur hann alt það kaup sitt, sem áskilið var. Nú var ráðningartími hans látinn óákveðinn, og á hann þá kaup til þess, er hann vjek burt og að auki eins mánaðar kaup, ef hann vjek frá starfi hjer á landi og það var ekki á þeim tíma, sem honum var sjálfum heimilt að fara eftir 67. gr.; en 2 mánaða kaup, ef honum var vikið frá í öðrum höfnum í Norðurálfu, en 3 mánaða kaup, ef það var í höfnum utan Norðurálfu.

Þessi ákvæði taka og til þess, er skipstjóri víkur burt sakir þess, að skipið missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi.

71. gr.

Nú er starfstími skipstjóra á enda með þeim atvikum, sem getur í 70. gr., og á öðrum stað en til var tekið eða fyrir sjeð í ráðningarsamningi hans, og á hann þá rjett á endurgjaldi frá útgerðarmönnum fyrir ferðakostnað til ráðningarstaðar síns, ef hann var ráðinn hjer á landi, en ella til lögheimilis skipsins, og skulu fæðispeningar taldir til kostnaðar. Sama rjett á skipstjóri, ef honum var vikið frá erlendis með þeim atvikum, sem 2. hluti 68. gr. tekur til, svo og ef hann er látinn eftir utanlands sakir sjúkleika og útgerðarmenn voru skyldir til að kosta hjúkrun hans og lækning eftir 69. gr.

Ef skip ferst utanlands eða laskast svo, að það er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður heimfararkostnað skipstjóra; svo er og ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki, að ófriður væri hafinn, er hann ljet síðast í haf, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá.

72. gr.

Ef skipstjóri deyr, á hann kaup sitt til dánardags. Nú týnist skip og er vafi um, nær það bar að og svo um dánardag skipstjóra, og skal þá meta svo, sem slysið og dauða hans hafi að borið þá er liðinn var helmingur þess tíma, er slíkt skip, sem þetta var, þurfti á þeim tíma árs til ferðar sinnar þangað, sem ætlað var, frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins.

73. gr.

Nú er skipstjóra heitið sem kaupi eða auk kaups hundraðsgjaldi af farmgjaldi (kaplak) eða hlut í öðrum tekjum af ferðinni, og víkur hann burt áður sú ferð sje á enda, og skal hann þá hafa svo mikinn hluta fjár þess, er honum var heitið, sem koma mundi á þann tíma, sem hann gegndi stöðu sinni að rjettri tiltölu við ferðarlengd alla. Eigi hann rjett á kaupi fyrir lengri tíma eftir 70. gr., skal honum goldið að öllu samtöldu tvöfalt stýrimannskaup frá lokum starfstíma, en haldi þó ráðningarkaupi sínu, ef það var meira.

74. gr.

Þegar skip er afgreitt til ferðar og að öðru ferðbúið, má ekki halda skipstjóra eftir sakir skulda, nje leggja löghald á eða gera fjárnám í neinum munum hans, þeim sem á skipi eru og hann þarfnast til starfa síns á því.

## Fimti kapituli.

### Um skipshöfn.

75. gr.

Þá er skipstjóri á skipi, sem er meira en 12 tonn að rúmmáli, ræður mann á skip með sjer, skal hann gera um ráðninguna skriflegan samning við manninn, og skulu skipstjóri og sjómaður rita undir ráðningarsamninginn í viðurvist skráningarstjóra, sem skal votta það með áritun sinni á hann. Áður en samningurinn er undirritaður, skal skráningarstjóri gæta þess, að í samningnum sje skýrt tekið fram nafn skipsins, tonnatal og heimili, og sá staður, sem skipið er gert út frá, fult nafn sjómannsins aldur og heimili, ferð sú sem sjómaðurinn er ráðinn til, staða hans á skipinu og vistarkjör, þar á meðal, hvernig honum skuli goldið kaup hans, hlutur í afla og hlunnindi. Sje kaup ákveðið í einu fyrir ferðina, skal þess getið jafnframt, hve lengi á er ætlað að ferðin muni standa. Ennfremur skal ávalt, þar sem kaup er ekki miðað við mánuð eða aðra takmarkaða tímaeining, tekið fram, hve hátt mánaðarkaup megi teljast algengt eða hæfilegt á þeim stað og tíma er samningurinn er gerður; og skal þá jafnan farið eftir því, þegar reikna á kaup eftir tíma samkvæmt lögum þessum. Skráningarstjóri skal ennfremur gæta þess, að samningurinn sje að öðru leyti lögum samkvæmur, og benda sjómanninum á, ef í honum eru óvanaleg ákvæði.

Á samninginn skulu vera prentuð ákvæðin um skipshöfn í lögum þessum og erindisbrjefi danskra konsúla, og reglugerð um hibýli og fæði á skipum.

Hvor málsaðila getur krafist þess, að rituð sje á samninginn viðurkenning fyrir öllu því, sem greitt er upp í kaup, fyrirfram eða meðan á ferðinni stendur.

Skipstjóri gerir tvö eintök af skrá yfir skipshöfn sína (skipshafnarskrá) og skal á henni vera útdráttur úr ráðningarsamningnum. Öðru eintakinu heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skal það fylgja skipinu.

76. gr.

Í kaupstöðum eru bæjarfógetar skráningarstjórar, en annarsstaðar sýslumenn. Stjórnarráðið semur leiðarvísi fyrir skráningarstjóra.

Skráningarstjórar skulu gæta þess, að skipstjórar og stýrimenn fullnægi skilmálum laganna um atvinnu við siglingar, og að skilyrðum laganna fyrir ráðningu í skiprúm sje yfir höfuð fullnægt.

77. gr.

Nú leysir skipstjóri mann úr vist, eða einhver skipverja fer af skipi af öðrum ástæðum, og skal skipstjóri þá snúa sjer til skráningarstjóra og getur hann breytingarinnar á skipshafnarskránni.

78. gr.

Ef farmaður ræðst í fleiri skiprúm en eitt, gengur eldri samningur fyrir yngri.

79. gr.

Skyldur er skipráðinn maður að koma til starfs síns á skipi á þeim tíma, sem skipstjóri tók til, og má ekki fara leyfislaust frá skipi eftir það. Kaup á hann frá og með þeim degi, er hann kom á skip, ef ekki var um annað samið.

80. gr.

Nú er maður ráðinn í skiprúm með samningi samkvæmt 75. gr., og neitar að ganga á skip, eða kemur eigi til skips í ákveðna tíð, eða gengur af skipi í leyfisleysi, og getur þá skipstjóri þröngvað honum, eða látið þröngva honum með lögregluvaldi, til að uppfylla skuldbindingu sína.

Draga má af kaupi skipverja það, sem kostaði að færa hann á skip.

81. gr.

Fyrirmæli 74. gr. um skipstjóra, gilda og um skipshöfn.

82. gr.

Allir skulu skipverjar hegða sjer siðsamlega og friðsamlega og ekki gera sig seka í óreglu og gæta vandlega allra fyrirskipana til viðhalds siðsemi og reglu á skipi. Þeir skulu sýna virðing yfirmönnum sínum og hlýða með athygli á skipanir þeirra og láta á sjer skilja með skýrum svörum, þeim sem við eiga, að þeir skildu skipunina.

83. gr.

Skylt er hverjum skipverja að hlýða boðum yfirmanna sinna bæði á landi og á skipsfjöl, í höfn og í hafi, í öllu, sem lýtur að skylduverkum hans, og sýna í öllu umhyggju um skip og góss og vinna verk sín með áhuga og gaumgæfni jafnt á nóttu sem degi, helga daga og rúmhelga. Ef tjón hlýtst af svikum hans, hirðuleysi eða gáleysi, er hann skyldur að bæta.

Nú kemst skip í sjávarháska, og er skipshöfn þá skyld til að gera alt það, er hún má til bjargar skipinu, og fari ekki frá skipi á undan skipstjóra, nema hann leyfi.

84. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega að aðstoða skipstjóra við siglinguna og athuganir þær og mælingar, sem nauðsynlegar eru, og við bókun í leiðarbók eða dagbók; hann lítur og eftir öðrum skipverjum, vistum og skipi og áhöldum öllum; hann skal og skrásetja farmgóss, sem fer af skipi eða á skip, og ábyrgjast skipstjóra alt það, er hann tekur við, og svo hversu búlkað er. Riti stýrimaður leiðarbók, ábyrgist hann að rjett sje.

Nú er skipstjóri forfallaður eða fjarverandi og ber eitthvað það að, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, og skal þá stýrimaður ráða úr því, sem ekki má fresta. Ef skipstjóri deyr eða verður ófær til skipstjórnar eða gengur af skipi, skal stýrimaður koma í hans stað til þess ráðstöfun er gerð, svo sem 35. gr. mælir fyrir um.

85. gr.

Það er skylda vjelarstjóra einkanlega að líta eftir gufukötlum og vjelum; hann ábyrgist notkun þeirra og gæslu og hefir umsjón þeirra manna, er þeim gegna. Hann ritar í vjelarbók með eftirliti skipstjóra og ábyrgist að rjett sje ritað.

86. gr.

Enginn skipverja má hafa á skipi verslunarvörur fyrir sig eða aðra, nema skipstjóri leyfi. Nú hefur hann vöru, og fer um það sem fyrir er mælt í 33. gr.

Ef orsök er til að gruna, að vörur sjeu heimildarlaust á skipi eða eitthvað það sje komið á skip, sem skipi eða farmi geti stafað háski af eða áhætta, eða valdið þar óreglu, þá er skipstjóra heimilt að láta rannsaka hirslur skipshafnar.

Nú er góss tekið heimildarlaust á skip, og er þá rjett að færa það aftur á land eða varpa fyrir borð, ef skip var látið út þegar góssið fanst, ef það verður ekki haft á skipi háskalaust eða áhættulaust.

87. gr.

Ef skipverjar eru ráðnir um ótiltekinn tíma, og ekki er annan veg tilskilið, eru þeir skyldir til að fara með skipinu til þess ferð sú er á enda og það er komið á þann stað, þar sem skipverjar voru skipráðnir, eða til einhverrar hafnar innlendrar, ef þeir voru ráðnir á Íslandi. Ef þeir voru ráðnir um ákveðinn tíma og hann endar meðan á ferð stendur, geta þeir þó ekki krafist lausnar fyrri en á næsta stað, er skipið kemur á til fermingar eða affermingar. Ef þeir voru ráðnir til ákveðinnar ferðar, og breytt er síðan um ferðir áður skipið fer af ráðningarstaðnum, geta þeir krafist lausnar þá þegar. Nú er skift um ferð eftir það er skipið fór af stað, og stendur þá ráðningin til þess er skipið kemur á hinn nýja ákvæðisstað sinn, nema um hann sje svo skift, að hann verði útlend höfn í stað innlendrar eða annarar álfu höfn í stað Norðurálfu, því þá getur skipshöfn krafist lausnar á hinni fyrstu höfn, sem skipið kemur í, eftir það er breytt var til um ferð, enda eiga þeir ekki kaup lengur en þeir voru í þjónustu skipsins.

88. gr.

Nú hefir maður verið tvö ár háseti á sama skipi eftir það er vistartími hans samkvæmt síðasta ráðningarsamningi byrjaði, og getur hann þá, hvað sem ráðningarsamningur hans kveður á um það, krafist lausnar á næsta stað, sem skipið kemur á til affermingar eða fermingar, nema skipið fari þaðan beint til þess staðar, þar sem ráðningarsamningur hans heimilar honum burtför. Kaup á hann að eins til burtfarar sinnar.

89. gr.

Nú er skipverjum heimilt að fara úr skiprúmi eftir ráðningarsamningi sínum eða fyrirmælum 87. og 88. gr., og eru þeir þó skyldir til, ef skipstjóri vill, að vinna það, sem þörf krefur að affermingu eða ruðningu seglfestu, ofantöku reiða, festing skips eða umbúnaði, og geta þeir ekki krafist lausnar áður því starfi sje lokið. Ekki eru þeir skyldir til að starfa að þessu lengur en viku eftir það er skipið kom í höfn.

90. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, á hann heimilt að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað og auki það ekki kostnað útgerðarmönnum. Svo er og, ef maður á kost á yfirstýrimannsstöðu eða vjelarstjóra, sá er ráðinn var til óæðra starfs.

Krefja má og lausnar úr skiprúmi, ef ófrið ber að, svo að hætta sje á, að skipið geti orðið hernumið sakir þjóðernis síns, farms eða fararstefnu.

Þeir eiga kaup til burtfarar sinnar, sem lausn fá úr skiprúmi eftir þessari grein.

91. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hefur misþyrmt honum á skipi eða aðrir, og hafi skipstjóri þá ekki veitt honum vernd og verið þó beiddur til, eða skipstjóri meinaði honum sæmilegt fæði, og getur skipverji þá krafist burtfarar. Nú fer maður burt fyrir þessar sakir, og á hann þá kaup fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu, og að auki mánaðarkaup. Nú fær hann lausn á öðrum stað en ráðningarstað sínum, og á hann þá enn kaup fyrir þann tíma, sem þarf til að komast þangað, sem hann skal skráður úr skipi, eða til ráðningastaðar síns, ef ekki var samið um úrskráningarstað, og getur hann krafist að fá þann ferðakostnað og fæðiskostnað allan greiddan sjer í peningum. Nú var hann ráðinn til ferðarinnar fyrir ákveðna fjárhæð, og ber honum þá aldrei meira en það kaup og svo ferðakostnaður hans.

92. gr.

Nú er skip ófært til þeirrar ferðar, sem ætlað er, og skipstjóri vanrækir að ráða þær bætur á, að skip sje í góðu lagi, og má skipshöfn þá krefjast lausnar úr skiprúmi. Skyldur er skipstjóri til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipinu og meta, hversu fært það sje til ferðar, ef meiri hluti skipshafnar krefst; hann er og skyldur til að láta skoða vjel skipsins, þar sem því má við koma og vjelarstjóri krefst þess; synji skipstjóri þessara skoðunargerða, er skipshöfn heimil burtför úr skiprúmi. Um kaup og ferðakostnað fer í þessum atriðum svo sem fyrir er mælt í 91. gr.

Nú reynist það við skoðunargerðina, að skipið var fært til þeirrar ferðar og engir þeir gallar á, að skynsamleg rök væri til kærunnar, og eru þá þeir menn, sem skoðunargerðar kröfðust, skyldir að bæta kostnað þann og tjón, sem af henni leiddi.

93. gr.

Ef skip missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi, getur skipshöfn þegar krafist vistarslita, og á hún kaup og ferðakostnað sem segir í 91. gr. Ekki er skipverjum heimilt að bregða ráðningu, þótt breyting verði á útgerðarmönnum eða skift sje um skipstjóra.

94. gr.

Nú sannast það, að maður er óhæfur í þá stöðu, sem hann rjeð sig til, og má þá víkja honum úr skiprúmi, og taki sá maður kaup til þess er hann fór. Svo skal og vera, ef skipverji sýnir skipstjóra ofbeldi eða öðrum yfirmanni sínum, eða verður sekur um það, að hafa leynt á skipi tollskyldum vörum eða öðru því góssi, sem óheimilt var á útflutningur á burtfararstað skipsins, eða aðflutningur á ætlunarstað þess; svo skal og enn, ef skipverji hefur svo oft sætt refsingu fyrir yfirsjónir við störf sín, eða brot á siðsemi og reglusemi, að refsivald skipstjóra eftir 107. gr. hljóti að verða þýðingarlaust. Ekki má víkja manni utanríkis úr skiprúmi sakir ódugnaðar hans, nema danskur konsúll samþykki, ef hann er á þeim stað; nú er enginn konsúll á þeim stað, og er þá skipstjóri skyldur að sjá þeim manni fyrir ókeypis ferð til ráðningarstaðar hans, ef hann getur ekki fengið sjer skiprúm, þar sem hann er þá.

Nú getur skipstjóri ekki þegar vikið óhæfum sjómanni á burt, eða vill það ekki, og er rjett að skipstjóri lækki þá kaup hans alt að helmingi, svo sem efni liggja til; heimilt er þó sjómanni að kæra gerðir skipstjóra þann veg, sem segir í 109. gr.

Atvik þau, sem liggja til burtreksturs skipverja eða kauplækkunar, skal skrifa í leiðarbók, ef hún er til, eða dagbók, en að öðrum kosti sje skýrt frá þeim brjeflega og þau staðfest með vottorði tveggja hinna bestu manna á skipi, eftir að það, sem bókað var eða brjefað, hefur verið lesið manninum sjálfum og öðrum skipverjum, og er úrskurður um kauplækkun ógildur nema svo sje gert.

95. gr.

Ef skipverji sýkist eða slasast eftir að hann er kominn í skiprúm, er skipstjóra skylt að sjá honum fyrir sæmilegri hjúkrun á skipi eða á landi; en sje svo ástatt um hann, að hann verði óstarffær um langan tíma eða þjáist af fransós, má þegar víkja honum úr skiprúmi. Ef það ber að utanríkis, skal skipstjóri fá hann í hendur konsúl, og sje þar enginn danskur konsúll, skal hann fá manninum hjúkrun svo trygt sje.

Nú er manni vikið úr skiprúmi sakir meiðsla eða sjúkleiks, sem hann er sjálfur valdur að, eða sakir fransós, og fær hann þá kaup fyrir þann einn tíma, sem hann var í þjónustu skipsins, og má taka hjúkrunarkostnað af kaupi hans. Nú er honum ekki vikið burt, og fær hann þá ekki kaup fyrir þann tíma, sem hann var frá verki, og greiði sjálfur hjúkrunarkostnað sinn.

Ef meiðsli manns eða sjúkleiki er ekki af þeim orsökum, sem nú var sagt, og honum er ekki vikið úr skiprúmi, tekur hann kaup sitt fult meðan

hann var sjúkur og fær þá hjúkrun, sem hann þarfnast, á kostnað útgerðarmanna. Nú er honum vikið á burt, og tekur hann þá kaup sitt til þess hann er skráður úr skipi, eða ef hann er ekki úr skráður, til þess dags, er skipið lætur út, og auk þess hjúkrun á kostnað útgerðarmanna í 4 vikur, ef hann er hjer á landi eða á þeim stað utanlands, þar sem löglega mátti slíta ráðning hans, ella um 8 vikur, og sje talið frá úrskráningu hans, ef hún fer fram, annars frá burtför skipsins.

Nú er enginn danskur konsúll, sem hinn sjúki maður verði fenginn í hendur, og skipstjóri verður því að greiða fje erlendis til hjúkrunar íslenskum farmanni, en útgerðarmenn voru ekki skyldir til að kosta þá hjúkrun, og eiga þeir þá rjett á að fá það fje endurgoldið úr landssjóði, og á landssjóður enga endurgjaldskröfu á hendur farmanninum.

96. gr.

Nú er hætt við ferð sakir ófriðar, herkvíunar, farbanns, útflutningsbanns eða aðflutningsbanns, ístálmunar eða skemda á skipi, svo að það er ekki ferðafært, eða ferð verður að fresta eða gera hlje á henni svo stórum nemi af þessum sökum, og má þá rifta ráðningu skipshafnar, og heldur hún kaupi sínu til burtfarar.

Farist skip eða það meiðist og er dæmt óbætandi, eða það er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er ráðning skipshafnar slitið, enda tekur hún þá ekki lengur kaup. Ef skip ferst, er þó skipshöfn skylt, gegn hæfilegri þóknun, að taka þátt í björguninni og má ekki fara burt fyr en sjóferðaskýrsla er gefin.

97. gr.

Ef hætt er við ferð af öðrum sökum en þeim, sem getur í 96. gr., eða ráðning er slitið við skipverja án lögmætra saka og það er ekki sjerstaklega tilskilið í ráðningarsamningi, þá ber skipverjum kaup og ferðakostnaður svo sem fyrir er mælt í 91. gr.; svo er og, ef skipi er lagt utanlands í vetrarlægi og ráðningu slitið við skipverja, en þá fellur burt mánaðarauki sá við kaupið, sem greinin til tekur.

98. gr.

Ef skipverji deyr, er honum talið kaup til dánardags, hafi hann ekki áður glatað rjetti sínum til launa sakir sjúkleiks eða annars þess, sem áður er talið. Deyi skipverji af meiðslum eða sjúkdómi og útgerðarmenn áttu að kosta hjúkrun og læknishjálp, þá skulu þeir og kosta greftrunina.

Nú spyrst ekki til skips og engin vitneskja fæst um, á hverjum tíma slysið bar að, og skal skipshöfn þá talið kaup svo sem segir í 72. gr.

99. gr.

Nú er samið um ákveðna fjárhæð fyrir tiltekna ferð og er sú breyting gerð á ferðinni, að hún stendur lengur en ráð var fyrir gert í samningnum, og ber þá skipverjum kaupauki að tiltölu við lenging tímans; en einskis missa þeir af umsömdu kaupi, þótt ferð standi skemur. Þeir eiga og rjett á kaupauka, ef skipstjóri eða útgerðarmenn tefja ferð skips á eindæmi sitt, eða einhver þeirra er valdur að töfinni á annan hátt, svo og fyrir þann tíma, sem skipið er neytt til að halda kyrru fyrir sökum ófriðar, herkvíunar, farbanns, útflutn-

ingsbanns eða aðflutningsbanns eða ístálmunar, svo og ef skip hleypir í bjarghöfn og tefst þar við aðgerð eða sakir farmsins, eða lengur en hina ákveðnu biðdaga við ferming eða afferming; þó á skipshöfn ekki rjett á launaauka fyrir skemri töf en 8 daga samfelda, nje heldur, ef ferðin hefur ekki lengst meira en ráð var fyrir gert við ráðninguna.

100. gr.

Nú fækkar skipverjum meðan á ferðinni stendur og hinir, sem eftir voru, vinna skipsstörfin, og skal þá því kaupi, sem sparaðist við fækkunina þann tíma, sem skipið er í hafi, skift meðal hinna, sem eftir voru, að rjettri tiltölu við aukið starf hvers þeirra.

Þó er ekki skylt að skifta fjenu milli skipverja, ef fækkunin varð við strok skipverja, og það varð með þeim atvikum, að hinir hefðu getað varnað því.

101. gr.

Þyki skipstjóra brýna nauðsyn bera til að setja skipverja til starfa að fermingu skips eða affermingu á sunnudögum eða öðrum helgum dögum hjer á landi, skal hver maður, sem í því starfi var, fá sjerstaka þóknun fyrir, ef annað var ekki til tekið við hann, og skal sú þóknun metin jöfn ½ dags kaupi fyrir hverjar tvær klukkustundir eða hluta úr þeim. Þessi ákvæði gilda ekki um skip, sem fara reglubundnar ferðir milli ákveðinna staða eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.

102. gr.

Ef maður er ráðinn á skip til ákveðinnar ferðar, en breyting er síðar gerð á ferðinni, svo að henni skal nú ljúka á öðrum stað en þar, sem úrskráning átti að fara fram samkvæmt ráðningarsamningnum, og getur hann þá krafist fæðis og ferðakostnaðar til úrskráningarstaðar síns.

103. gr.

Nú slítur ráðningu íslenskra farmanna utanlands af þeim sökum einhverjum, sem getur í 96. gr., eða þeir eru látnir eftir utanlands sakir meiðsla eða sjúkleika, svo að þeim ber hjúkrun og lækning á kostnað útgerðarmanna samkvæmt 95. gr., og geta þeir þá krafist ókeypis flutnings og fæðis til næstu hafnar innlendrar. Ef skip týnist eða laskast og er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður kostnaðinn; svo er og, ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki um ófriðinn, þá er hann ljet í haf síðast, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá. Annars kostar greiði útgerðarmenn þann kostnað.

Nú á farmaður skyldan ókeypis heimflutning og verður honum fengið skiprúm á skipi, sem heldur til innlendrar hafnar eða annarar, sem auðvelt er að senda hann heim úr, og er hann þá skyldur til að taka við því skiprúmi, ef það er ekki verra en hitt, sem hann var ráðinn í.

104. gr.

Á ferðum geta farmenn krafist jafnóðum greiðslu á kaupi því, sem þeir hafa unnið fyrir, annaðhvort í peningum, þegar skip er í höfn, eða ávís-

un á útgerðarmenn; þó er skipstjóra jafnan heimilt að halda eftir einum þriðjungi kaups til þess er úrskráning fer fram.

Nú reynist, þá er gerður er upp reikningur manns, að honum var greitt meira fyrir fram en kaup hans nam, og er þá ekkert afturkræft af því, sem greitt var, ef svo stendur á, sem gert er ráð fyrir í 91.—93. gr., 3. lið 95. gr. eða 96.—98. gr.

105. gr.

Nú er skip utanríkis og rís ágreiningur milli skipstjóra og einhvers af skipverjum um eitthvað út af stöðu þeirra, og skal málið þá borið upp fyrir hinum danska konsúl á þeim stað, eða á fyrsta viðkomustað, þar sem danskur konsúll er.

Úrskurði konsúls verða báðir aðilar að hlíta til þess er málið getur komið fyrir rjett hjer á landi.

106. gr.

Neiti einhver skipverji að hlýða því, sem honum er skipað, eða sýni hann mótþróa við starf sitt, er skipstjóra heimilt, eða þeim, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, að þröngva þeim manni til hlýðni með valdi. Þá er skip er í háska, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri skipan, og er hver af skipverjum skyldur til að veita aðstoð sína yfirmanni, og jafnvel ótilkvaddur.

Biði sá tjón við þetta, sem mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti ekki meira harðræði en atvik kröfðu.

107. gr.

Ef maður verður sekur um yfirsjónir þær í þjónustu sinni, sem hjer skulu taldar, eða óhlýðni við góða háttsemi, getur skipstjóri látið það varða kaupmissi, sem hjer segir:

1. Ef maður er settur við stýri, eða honum er skipuð útsýn, og gengur hann af verði eða komið er að honum þar sofandi eða ölvuðum, eða maður fer óvarlega með eld eða ljós, eða breytir ósæmilega við yfirmenn sína, eða sýnir þeim óhlýðni, og varðar það kaupmissi alt að ½ mánuði.
2. Ef menn vanrækja vörð eða annað starf, sem þeim er falið, eða komið er að þeim þar sofandi eða ölvuðum, eða hafa brennivín á laun á skip eða annað áfengi, eða fara með fatnað sinn af skipi ólofað, missa þeir alt að ¼ mánaðar kaups síns.
3. Ef maður fer á land ólofað og hverfur aftur samdægurs, varðar það kaupmissi alt að ¼ mánaðar, en missi alt að ½ mánaðar kaups ef síðar kemur.
4. Ef manni er lofuð landför og kemur hann ekki aftur svo sem á var kveðið, og varðar það kaupmissi 1 dags eða 2, ef hann kemur sama dag, en alt að ¼ mánaðar kaups, ef síðar kemur.
5. Það varðar kaupmissi alt að 4 daga, ef maður fer frá báti, sem hann var sendur með til lands, eða vekur úlfúð eða illindi á skipi eða við skyldustörf manna, eða hleypir óviðkomandi mönnum á skip ólofað, eða leynir þeim á skipi eða gætir ekki í öðru reglu og góðrar háttsemi.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum eða vjelarstjóra, bæta þeir hálfu meira en aðrir skipverjar.

Tvöfalda má sektir, et maður, sem einu sinni hefur verið hegnt, gerir sig sekan í sömu yfirsjón.

Ekki má þó leggja á mann í einni ferð meiri sektir fyrir þessar sakir, en nema mundi helmingi kaups þess, sem við lokareikning reynist að maðurinn vann fyrir á ferðinni.

108. gr.

Áður en skipstjóri beitir refsivaldi því, sem 107. gr. heimilar honum, skal hann halda próf yfir hinum seka í viðurvist tveggja bestu manna á skipinu og ekki fyr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því, er yfirsjónin var framin, nema sjerstök rök liggi til, að fyr sje prófað. Rita skal í leiðarbók eða dagbók framburð hans og þá refsing, sem skipstjóri leggur á, ef bækur þær eru á skipi, ella skal það skrifa sjerstaklega, og skal það, sem ritað var, lesið hinum seka manni og vottunum, og sanna þeir, sem við voru staddir, með nöfnum sínum, að rjett sje. Ómætur er úrskurður skipstjóra um það, er hann dró af kaupi, nema hann gæti fyrirmæla þessara.

109. gr.

Nú refsaði skipstjóri manni með kaupmissi og vill sá kæra það, og skal hann þá hafa sent kæru sína dómara áður 3 dagar sje liðnir frá því, er skipið kom á innlenda höfn, þar sem ferma skal skip, afferma eða búa um það, og það er um kyrt að minsta kosti þrjá daga. Ef skráð er úr skiprúmi, telst fresturinn frá úrskráningu.. Ekki má skipstjóri synja honum farar á land með kæru sína.

Ef slitið er ráðningu farmanns í utanríkis höfn, ber hann fram kæru sína fyrir þeim dönskum konsúl, sem þar er, og skal fyrst um sinn hlíta úrskurði hans við samningu lokareiknings mannsins. Heimilt skal skipstjóra eða háseta á ársfresti þaðan frá að skjóta málinu til dóms að lögheimili skipsins; kært getur og háseti þangað úrskurð skipstjóra eða reikning hans, ef ekki var danskur konsúll á þeim stað erlendis, þar sem ráðning hans var slitið, og hefir háseti og ársfrest til, frá því er ráðningu sleit. Krafist getur háseti afrits af því, sem bókað var, eða annan veg ritað samkvæmt 108. gr. um refsingu þá, sem honum var úrskurðuð.

Með mál þau, sem ræðir um í þessari grein, skal fara sem einkalögreglumál.

110. gr.

Kaupi því, sem eftir var haldið eftir 107. gr., getur skipstjóri varið til endurgjalds kostnaði þeim og tjóni, sem hinn seki maður olli útgerðarmönnum, ef það, sem hann átti hjá þeim eftir af kaupi sínu, vanst ekki til þess. Það, sem þá kann að verða afgangs, verði eign stofnunar, sem gerð sje til gagnsmuna siglingum eða farmönnum og konungur skipar nánara fyrir um; fjeð skal greiða við úrskráning til skráningarstjóra, utanríkis til konsúls, eða skipstjóri sendir það stofnuninni sjálfri, ef háseti fór úr skiprúmi og var ekki lögskráður úr.

111. gr.

Ef maður strýkur frá skipi og hverfur ekki aftur áður skip lætur út, fyrirgerir hann til útgerðarmanna kaupi því, sem hann átti inni, og þeim fjemunum, sem hann ljet eftir á skipi; hrökkvi það ekki til að bæta útgerðarmönnum það tjón, sem þeir biðu við strokið, er hann skyldur að gjalda það, sem á skortir. Ekki taka skipverjar kaup fyrir þann tíma, sem þeir eru burtu frá skipi ólofað.

112. gr.

Ef gruna má af líkum, að menn búi yfir stroki, er skipstjóra heimilt að taka fatnað skipverja og geyma svo lengi, sem tækifæri er til stroksins eftir atvikum. Ef skipverji er staðinn að stroki eða gripinn eftir það er hann strauk, getur skipstjóri haft manninn í varðhaldi á skipi eða í landi til þess er skipið lætur út.

113. gr.

Menn, sem ráðnir eru á skip og þó ekki taldir til skipshafnar sjálfrar, eru skyldir að hlýða boðum skipstjóra um hátterni á skipi og reglusemi, og vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til tryggingar skipinu. Til þeirra taka og fyrirmæli 86., 106. og 107. gr.

Ef þeir voru ráðnir af skipstjóra eða útgerðarmönnum, eiga þeir jafnan rjett öðrum skipverjum; þó skulu þeir ekki teknir til greina þegar talinn er meiri hluti sá, sem getur í 92. gr.

## Sjötti kapituli.

### Um flutningssamninga.

114. gr.

Farmsamning skal jafnan gera skriflega (certeparti), ef annarhvor aðila æskir þess.

115. gr.

Farmsamningur tekur ekki til opins þilfars skipsins, nema sjerstaklega sje um samið; ekki heldur farrýmis eða herbergja þeirra annara, sem ætluð eru skipverjum, eða til geymslu skipsmunum, vistum, eldivið eða öðrum fararnauðsynjum.

Þó má ekki taka vörur af öðrum mönnum í þau herbergi nje á þilfar, nema farmsendari samþykki, ella greiði farmflytjandi venjulegt farmgjald fyrir þær vörur og allan skaða, er hinn hlaut af því.

116. gr.

Nú er skip ekki komið á fermingarstað og búið til að taka við farmi á þeim tíma, sem áskilið var í farmsamningi, og er farmsendara þá heimilt að rifta samningnum; hann á og heimting á bótum fyrir tjón það, er töfin olli honum, nema það vitnist, að útgerðarmaður átti ekki sök á töfinni og ekki skipstjóri nje skipshöfn.

Ef farmsamningur tekur engan tíma til, nær ferming skal hefja, skal framsendari þola bið, nema það vitnist, að útgerðarmaður, skipstjóri eða skipverjar áttu sök á.

Ekki getur farmsendari krafist neinskonar skaðabóta ef samningi er ekki rift og hann áskildi sjer ekki rjett til þess, áður hann ljet vörur af hendi til fermingar.

117. gr.

Heimilt er farmsendara að framselja öðrum manni rjett sinn eftir samningnum, en eigi að síður ábyrgist hann, að allar þær skuldbindingar haldist, sem samningurinn batt honum.

118. gr.

Ekki má senda góss farmsendara án samþykkis hans með öðru skipi en því, sem samið var um, nema skift verði um skip fyrir þeirra nauðsynja sakir, er 165. og 166. gr. til taka. Nú skiftir útgerðarmaður um skip, og bæti skaða þann allan, er af hlýtst.

119. gr.

Nú er ekki áskilinn neinn fermingarstaður í höfn og hefur maður samið um alt skipið, og skal þá skip liggja á þeim stað, sem hann vísar til, ef þar er ekki tálmun fyrir og skipið liggur þar á floti, og því er óhætt, og kemst þaðan hlaðið tálmunarlaust; vísa skal á þann stað, þegar er skipstjóri krefst þess, ella má hann sjálfur velja stað skipinu og sje þó almennur fermingarstaður. Nú hafa fleiri menn en einn samið um flutning á skipi, og á þá sá, sem samdi um meiri hluta skips, sama rjett og sá, er samdi um alt skipið. Svo er og ef þeir verða fleiri saman og ásáttir og sömdu um meiri hluta skips, og taka þeir þá til staðinn, ef skipstjóri flutti skipið ekki áður í annað lægi.

Sá, sem samdi um alt skipið eða meiri hluta skips, ef þeir voru fleiri, eiga og heimting á, að skip sje flutt á annan hagkvæman fermingarstað í sömu höfn, og greiði allan flutningskostnað, sbr. niðurlag 124. gr. Sama rjett á og hver maður sá, er semur um hluta úr skipi, ef aðrir farmsendarar hafa ekki óþægindi af flutningnum.

120. gr.

Nú fermir maður skip góssi, sem svo er háttað, að skipi eða öðrum farmi er háski eða tjón búið af, og hefur hann ekki sagt til, hversu háttað var góssinu eða gætt þeirra fyrirskipana, sem settar eru um slíkar sendingar, og ábyrgist hann þá skaða þann allan og kostnað, sem af hlýtst. Svo er og ef maður hleður skip góssi án vitundar skipstjóra eða segir rangt til um góssið, og er þá sendandi auk þess skyldur til að greiða hæsta farmgjald, sem þar var á burtfararstað skipsins.

Verði góssið ekki haft á skipi háskalaust, er heimilt að færa það á land á kostnað sendanda eða jafnvel varpa því fyrir borð, ef það fanst ekki fyr en eftir að skip ljet út, en greiði fult farmgjald, hvort sem gert var.

121. gr.

Skylt er sendanda að færa góss að skipsborði, en farmflytjandi annist þaðan af og kosti búlkun alla, undirbreiður og refti.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki á umsaminn stað eða á vanalegan fermingarstað í höfninni, ef enginn staður var tilskilinn, og kostar þá skipstjóri flutning góssins á skip úr landi.

122. gr.

Óheimilt er skipstjóra að búlka góss manns á þilfari ólofað (sbr. 195. gr.) eða í skipsbáta eða hengja það utan borðs á skipið.

123. gr.

Farmsendari á heimting á, að skipstjóri láti skipið vera búið til fermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) endurgjaldslaust, og þá enn annan tíma (aukabiðdaga), en greiði þó þóknun fyrir aukreitis.

Biðdaga skal telja frá fyrsta morgni rúmhelgum eftir að skipið er komið á rjettan stað og búið til að taka við farmi og skipstjóri hefir sagt sendanda til. Nú er honum sagt til eftir kl. 6 e. h. eða á helgum degi, og skal þá telja biðdaga frá öðrum morgni rúmhelgum. Sje sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til með auglýsingu í blaði þess staðar, eða þann veg, sem þar er títt.

124. gr.

Ef ekki er samið um tölu biðdaga, skal telja þá eftir nettótonnatali skips svo sem hjer segir:

| Þegar skip er ekki | tonn | seglskip | gufuskip |
|---|---|---|---|
| meira en 20 en minna en | 20 | 2 daga | 2 daga |
| — — 35 — — — | 35 | 3 — | 2 — |
| — — 50 — — — | 50 | 4 — | 2 — |
| — — 100 — — — | 100 | 6 — | 3 — |
| — — 150 — — — | 150 | 7 — | |
| — — 200 — — — | 200 | 8 — | |
| — — 250 — — — | 250 | 9 — | 4 — |
| — — 300 — — — | 300 | 10 — | |
| — — 400 — — — | 400 | 11 — | |
| — — 500 — — — | 500 | 12 — | 5 — |
| — — 600 — — — | 600 | 13 — | |
| — — 750 — — — | 750 | 14 — | 6 — |
| — — 900 — — — | 900 | 15 — | |
| — — 1100 — — — | 1100 | 16 — | 7 — |
| — — 1350 — — — | 1350 | 17 — | 8 — |
| — — 1650 — — — | 1650 | 18 — | 9 — |
| | 2000 | 19 — | 10 — |

Ef skip er meira en 2000 tonn, hvort sem er seglskip eða gufuskip, skal auka einum degi fyrir hver 400 tonn, sem afganga eða minna o. s. frv.

Ekki eru helgidagar taldir til biðdaga og ekki þeir dagar heldur, sem ekki varð unnið að fermingu sakir veðurs eða tálmana frá skipsins hálfu; tími, sem ekki tekur yfir meira en hálfan vinnudag, er að eins talinn hálfur dagur.

Ef til er tekin ákveðin tala samfeldra biðdaga, skulu og helgir dagar taldir.

Til biðdaga er og talin sú dvöl; sem leiðir af flutningi skips milli fermingastaða í höfn samkvæmt 2. lið 119. gr.

125. gr.

Aukabiðdagar skulu hálfu færri en biðdagar, ef ekki er annan veg um samið; þeir eru taldir samfeldir.

Ef ekki er annan veg um samið, er þóknun fyrir aukabiðdaga 30 aurar á dag fyrir seglskip og 40 aurar fyrir gufuskip fyrir nettótonn hvert. Þóknunin er talin fyrir hálfa daga, svo að það, sem nemur ekki meira en hálfs dags vinnutíma, er talið hálfur dagur, en heill ef meira er.

Krefja má kaups að kveldi fyrir hvern aukabiðdag. Nú er kaupið ekki greitt, þá er skip er ferðbúið, og er þá skipstjóra heimilt að geta þess á farmskírteini (konossement) hvað ógreitt var.

126. gr.

Ákvæði þau um tiltekna biðdaga og aukabiðdaga, sem hjer hafa verið talin, ná ekki til skipa, sem eru í reglubundnum ferðum milli ákveðinna staða og áætlun er birt um fyrirfram.

127. gr.

Ekki er skipstjóra skylt að bíða móttöku farms eftir það er aukabiðdagar eru á enda, en skyldur er hann að hafa með sjer það góss alt, sem honum var fengið þangað til, þótt hann verði að lengja biðina til að ferma góssið og búlka því, en þóknun skal hann fá fyrir þá bið, ekki minni en fyrir aukabiðdaga, og á heimilt að geta þess á farmskírteininu, ef hún var ekki greidd.

128. gr.

Ef varan er stykkjagóss, lætur sendandi hana af hendi eftir tilkynningu skipstjóra. Sje sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til á þann hátt, sem segir í 123. gr. Ef góssið er þá ekki látið svo snemma af hendi, að taka megi á skip og búlka jafnóðum, er skipstjóri ekki skyldur til að taka við því og taki þó fult farmgjald fyrir, sbr. þó 135. gr.

Ekki er skylt að segja til nær vara skal koma til skipa þeirra, sem um getur í 126. gr.

129. gr.

Skylt er skipstjóra að gefa sjálfur eða láta stýrimann gefa viðurkenning fyrir viðtöku góssins jafnóðum, ef sendandi krefst. Viðurkenningar þessar skulu fengnar aftur skipstjóra þegar er farmskírteini er undirskrifað eða góss fer af skipi, ef það verður áður, sbr. 132. gr.

130. gr.

Skylt er sendanda að fá skipstjóra öll þau skjöl, sem fylgja skulu góssinu, áður sá tími sje liðinn, sem ákveðinn var til viðtöku góssins. Nú vanrækir sendandi það og tefur með því burtför skipsins, og getur þá skipstjóri

krafist skaðabóta, ekki minni en fyrir aukabiðdaga og 'getið þess á farmskírteininu, ef ekki er greitt.

Annast skal skipstjóri um, að hann sje búinn til burtfarar þegar er hann hefur tekið við farmi og skjölum þeim, sem honum er nauðsyn að hafa. Nú vanrækir skipstjóri það eða tefur burtför sína, og getur sendandi þá krafist bóta fyrir tjón það, er af hlautst, og riftað samningi eftir atvikum.

131. gr.

Ef maður semur um heilt skip, er honum heimilt að rifta samningi og greiða hálft farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og tafir, ef meiri hafa orðið, en segja skal hann sundur við skipstjóra samningi áður skip sje farið af þeim stað, er það skal láta út frá. Ef enginn farmur er kominn til skips áður aukabiðdagar sje á enda, skal litið svo á, sem leigutaki hafi rift samningi. Nú er samið um skipið til fleiri ferða en einnar, og skal þá bæta hálfu farmgjaldi fyrstu ferð, en aðrar ferðir fjórðungi farmgjalds, en helming farmgjalds báðar ferðir, ef önnur er burtför en hin heimför.

Nú lætur farmsendari ekki af hendi alla vöru þá, er tilskilið var, og er skipstjóra þá ekki skylt að fara þá för, nema farmsendari greiði honum fult farmgjald fyrir vöru þá, sem ekki fer, svo og bætur fyrir kostnað, sem af því leiddi, að ekki kom sumt af farminum, fái ella skipstjóra trygging fyrir því, er greiða skyldi. Nú var endurgjalds krafist og ekki greitt og ekki trygging fengin fyrir lok aukabiðdaga, og er þá skipstjóra heimilt að líta svo á, sem farmsendari hafi rift samningi og greiði hann farmgjald og skaðabætur sem fyrr segir.

Nú er farmbrjef fullgert, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

132. gr.

Nú er riftað samningi með þeim atvikum, sem segir í 131. gr., og affermt aftur af þeim sökum góss það, er á skip var komið, og er þá farmsendari skyldur til að greiða skipstjóra allan fermingarkostnað og affermingarkostnað og bæta honum ef skipið var tafið lengur en aukabiðdaga og gjaldi ekki minna en fyrir þá.

133. gr.

Nú vill sá, er samið hefur um alt skip, rifta samningi eftir það er skip fór af þeim stað, þar sem ferð var hafin, og er hann þá skyldur að greiða fult farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og ef aðrar tafir urðu; þó skal að eins greiða þrjá fjórðunga farmgjalds, ef svo er um samið, að skipið skuli fara á annan stað til fermingar þar og samningi var sagt í sundur áður skip fór frá fermingarstað eða samningur raufst sakir þess, að farmsendari vanrækti skyldu sína með þeim atvikum, sem 2. liður 131. gr. til tekur. Nú var samið um fleiri ferðir en eina, og skal þá greiða fult farmgjald fyrir þá ferð, sem hafin var, og hálft fyrir hina næstu, en fyrir hinar að fjórða hlut; ef samið var um ferð á ákveðinn stað og afturkomu þaðan tafarlaust, skal greiða þrjá fjórðunga farmgjalds fyrir báðar leiðir, ef samningi var riftað áður skip fór þaðan heim á leið.

Ekki getur farmsendari krafist, að skip sje affermt eftir það er skip lagði út, nema á þeim stað sje, sem skip átti erindi til, og greiði skipstjóra farmgjald, svo sem sagt var, og bæti kostnað allan og skaða af affermingu á viðkomustað.

Nú er farmbrjef afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

134. gr.

Ef fleiri hafa samið um skip að hlutum og allir farmsendarar eru ásáttir um að rifta samningi, fer um hvern þeirra sem fyrir er mælt í 131.—133. gr. Nú koma þeir sjer ekki saman, og skal þá sá þeirra, sem samningi vill rifta, greiða fult farmgjald svo og aukabiðdagagjald eftir atvikum, og bæta auk þess, ef meiri töf verður, og allan kostnað, sem af því leiddi að hann gekk úr. Vöru sinnar getur einstakur farmsendari því að eins krafist aftur úr skipi, ef það getur orðið öðrum farmsendurum að skaðlausu, svo að það tefji ekki ferð eða skaði þá á annan hátt, og bæta skal hann ávalt skipstjóra skaða, tjón og kostnað, sem affermingin olli.

135. gr.

Sá, sem gert hefir farmsamning um skip og greiða skal samkvæmt 128., 131., 133. og 134. gr. fult farmgjald fyrir vöru, sem ekki fer á skipi til ætlunarstaðar, getur krafist, að dreginn sje frá greiðslufje hans kostnaður sá, sem hann sparaði skipinu við það, að hann tók aftur vöru sína. Taki skipstjóri aðra vöru í hinnar stað, skal helmingur farmgjalds fyrir þá vöru dreginn frá greiðslufje farmsendara.

136. gr.

Ef maður leggur löghald á eða gerir fjárnám í góssi, sem fermt hefur verið á skip, getur hann að eins krafist góssins með sömu skilyrðum og farmsendari gat.

137. gr.

Nú er farmur kominn á skip, og skal þá skipstjóri eða sá maður, sem er í hans stað, gefa út farmskirteini (konnossement), ef sendandi beiðist, og skal hann þar kannast við, að hann tók við vörunni og skyldu sína til að flytja hana til ætlunarstaðar og fá rjettum viðtakanda.

Undir brjefið skal sá maður rita nafn sitt, er gaf það út, stað og dagsetning, er það var gefið út, svo og nafn skipsins og hver varan var, og nafn viðtakanda og ætlunarstað vörunnar. Auk þess getur hver aðila krafist, að þar standi nafn skipstjóra, ef hann skrifaði ekki undir sjálfur, svo og nafn þess, er vöruna ljet af hendi, heimili skipsins, hvort það er gufuskip eða seglskip, tegund vörunnar og ásigkomulag, þungi hennar, mergð og hversu merkt, um samið farmgjald og að vísað sje til farmsamnings í heild sinni eða til einstakra ákvæða hans.

138. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af farmskirteini, sem sendandi telur nauðsyn á; hann getur og krafist, að farmskirteini sje gefið fyrir allri vörunni í heild

eða sjerstakt skírteini fyrir einstaka hluta hennar. Skylt er sendanda að fá skipstjóra svo mörg eintök, sem þarf, til undirskriftar, áður tími sá sje liðinn, sem 130. gr. tekur til, og getur skipstjóri krafist eins eintaks, sem sendandi skrifi undir með honum. Aldrei má skipstjóri gefa skírteini fyrir vöru, sem ekki er komin á skip.

Nú eru gerð af farmskírteini fleiri eintök en eitt, og skal þá eintakatalan til greind í sjálfu skírteininu, og þó ekki talið með eintak skipstjóra. Skírteinin skulu öll vera samhljóða; þó getur sendandi krafist, að eintökin sje í sjálfu meginmálinu merkt svo sem fyrsta eintak, annað, þriðja o. s. frv.

139. gr.

Farmskírteini má stíla til ákveðins manns, eða þess, sem hann tilvísar, eða til handhafa; sje það stílað »að tilvísun« að eins, merkir það tilvísun vörusendanda. Farmskírteini má framselja með áritun (endossement) til ákveðins manns eða eyðuframsali (in blanco), nema framsal þess sje berlega óheimilað með orðunum »ekki til framsals«, eða öðrum ákveðnum fyrirvara í meginmáli þess.

Nú er maður löglega að farmskírteini kominn eftir orðum sjálfs þess eða við framsöl sem í óslitinni röð ná til handhafa, eða við eyðuframsal (in blanco), og getur hann þá krafist, að varan sje fengin sjer í hendur sem rjettum aðila.

140. gr.

Ef ekki hefir verið tekinn til í höfn neinn ákveðinn staður til affermingar, getur viðtakandi farms krafist, að skipið sje fært til þess staðar, sem hann vísar til, ef ekkert tálmar þar og skipið getur legið þar á floti og óhult; þenna stað skal þó til taka jafnskjótt og skipstjóri krefst, ella er honum frjálst að kjósa sjer stað og sje þó vanalegur affermingarstaður. Nú eru viðtakendur farms fleiri en einn og tekur einn þeirra meira hluta þess farms, sem til þeirrar hafnar fer, og á hann þá sama rjett sem sá, er allan farm tekur. Svo er og ef fleiri viðtakendur eru saman um meiri hluta þess farms, og eru ásáttir, og nefna þeir þá til stað og skulu þó hafa gert það áður skipstjóri færði skipið í annað lægi.

Um skyldu skipstjóra til flutnings skips innan hafnar gildir það, sem mælt er fyrir um fermingu í 119. gr., eftir því sem við á.

141. gr.

Skyldur er skipstjóri til við affermingu að láta góssið af hendi við skipshlið, en annan affermingarkostnað greiðir viðtakandi.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki í ákveðið lægi, eða ekki á almennan affermingarstað í höfninni, ef ekkert lægi var tekið til, og skal þá skipstjóri færa góssið á hæfilegan affermingarstað í höfninni á sinn kostnað.

142. gr.

Viðtakandi farms á heimting á, að skipstjóri hafi skipið búið til affermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) án endurgjalds, og þá enn um annan tíma tiltekinn (aukabiðdaga), en greiði aukreitis þóknun fyrir. Þetta nær þó

ekki til skipa í þeim ferðum, sem getur í 126. gr. Gefa skal tilkynning um það, nær skip er búið til affermingar og fer um það áþekt því, sem fyrir er mælt um ferming í 123.—125. gr., svo og um það, hversu telja skuli biðdaga og aukabiðdaga, fjölda þeirra og gjald fyrir aukabiðdaga.

Ef affermt er og fermt í einu lagi fyrir sama manninn, hefjast ekki aukabiðdagar fyrri en hvorirtveggja biðdaga samantaldir eru á enda, þeir sem ákveðnir eru til affermingar og fermingar.

143. gr.

Sá, sem taka skal við stykkjagóssi, skal koma til að veita því viðtöku þegar er skipstjóri hefir gefið honum tilkynning um það. Ef viðtakandi er ókunnur eða hann finst ekki, skal honum sagt til svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Þá er stykkjagóss er flutt á þeim skipum, sem 126. gr. ræðir um, er skipstjóra heimilt að afferma tafarlaust án sjerstakrar tilkynningar um það.

144. gr.

Á ætlunarstaðnum skal skipstjóri fá farminn þeim manni, sem segir til sín og sýnir eintak af farmskírteininu, sem heimilar honum samkvæmt 139. gr. að kalla eftir vörunni sjer til handa. Þá er lokið er affermingu, skal fá eintak þetta skipstjóra og rita á viðurkenning um viðtöku vörunnar; til að tryggja sjer þetta getur skipstjóri krafist, að farmskírteinið sje falið öðrum mönnum til vörslu, áður en afferming hefst. Skipstjóri getur krafist, að skrifað sje á farmskírteinið jafnóðum og affermt er, eður og sjerstakra viðtökuvottorða.

145. gr.

Nú sýna fleiri menn en einn eintak af farmskírteini, sem heimilar þeim að krefjast farmsins sjer til handa, og má þá skipstjóri engum þeirra fá í hendur farminn, en hann skal fela hann til varðveislu svo óhult sje, ef aðilar verða ekki ásáttir um einn viðtakanda, sem hann geti fengið vöruna, og skal hann tafarlaust skýra þeim frá, hvar varðveitt sje. Nú eru eintök farmskírteinis tölusett svo sem síðasti kafli 138. gr. mælir fyrir, og skal þá skipstjóri fá þeim í hendur vöruna, sem lægsta hefir töluna á eintaki sínu.

146. gr.

Óheimilt er skipstjóra að láta farminn af hendi annarstaðar en á áætlunarstað hans, jafnvel þótt rift sje farmsamningi eða hætt við ferð, nema því að eins, að skilað sje þá aftur öllum þeim eintökum farmskírteinis, sem hann ljet af hendi, sbr. þó 172. gr. Þó nær þetta ákvæði ekki til þess, ef farmskírteinið óheimilar framsal á sjer, nje til þess, ef eintök farmskírteinisins eru tölusett svo sem síðasti hluti 138. gr. mælir fyrir, og getur þá löglegur handhafi þess eintaks, sem hefir merkið »fyrsta«. krafist, að varan sje fengin honum, þótt ókunnugt sje um hin eintökin.

147. gr.

Farmflytjandi ábyrgist allar skemdir á farminum og ef hann minkar frá því, er við honum var tekið á skip og til þess er hann kemur í hendur

viðtakanda, nema líkur sjeu leiddar að því, að skemdin eða rýrnunin stafi af sjóslysi, hernámi eða öðru óhappi, sem skipstjóri eða skipshöfn mátti ekki við gera, eða af ónógum umbúnaði vörunnar, spilling í henni sjálfri, rýrnun, af venjulegum leka íláta, eða dýr deyi, eða í heild sinni stafi af ásigkomulagi farmsins sjálfs.

Ef skemdir stafa af því, að skip var ekki svo í lagi til ferðar, sem vera bar, ábyrgist farmflytjandi það þó ekki, ef ekki fundust gallar á skipinu, hversu vel sem að var gætt.

148. gr.

Ef sendur er með skipi farmur, sem þarf við sjerstakrar umönnunar og gætilegrar meðferðar, skal skipstjóra sagt til þess og góssið glögglega einkent í þá átt. Nú er það vanrækt, og greiðir farmflytjandi þá engar bætur fyrir skaða, sem einungis varð girt fyrir, með umönnun þeirri og varfærni, sem nefnd var.

Ekki skal bæta peninga, verðbrjef eða aðra dýrgripi, nema sagt sje til þeirra greinilega og hversu mikils eru verðir.

149. gr.

Farmskírteinið er grundvöllur rjettarstöðu skipstjóra og viðtakanda farms sín á milli, og skal fá viðtakanda farminn eftir því, sem skírteinið mælir fyrir. Akvæði farmsamnings, þau er ekki voru sett í farmskírteinið, eru ólögmæt gagnvart viðtakanda, nema að svo miklu leyti sem farmskírteinið vitnar til þeirra.

Nú er vitnað til farmsamnings í farmskírteini um farmgjaldið, svo sem með orðunum »farmgjald eftir farmsamningi (certeparti)«, og tekur þá sú tilvitnun ekki til ákvæða samnings þess um biðdaga, aukabiðdaga og gjald fyrir þá.

Ekki getur skipstjóri krafið viðtakanda farms um ógreitt aukabiðgjald nje önnur gjöld, sem af fermingu skipsins stafa, nema fyrirvari sje hafður um það í farmskírteininu.

150. gr.

Skipstjóri ábyrgist viðtakanda eftir 149. gr., að rjett sje, það sem farmskírteinið greinir um góssið. Ef það er sent í luktri kistu eða umbúðum, svo að skipstjóri veit ekki hvað í er, eða ef til er tekið í farmskírteininu mál, þungi eða tala og skipstjóri mældi það ekki, vó eða taldi, þá er hann tók við því á skip, þá á hann heimilt að geta þess á farmskírteininu, og ábyrgist hann þá ekki, að rjett sje, nema hann hafi sjeð við fermingu, að rangt var sagt til eða hefði átt að sjá það við almenna athygli.

151. gr.

Þá er skipstjóri getur ekki sjeð við móttöku, hversu góssinu er háttað, eða hve tryggilega er um búið, getur hann skrifað á farmskírteinið» ábyrgist ekki leka, brot eða skemd«, eða annað því líkt, og áskilið sjer með því að vera úr ábyrgð þeirri, sem 147. gr. til tekur. Slíkur fyrirvari leysir hann þó ekki úr ábyrgð, ef ætla má, að skemd eða rýrnun yrði með þeim hætti, að útgerðarmenn ábyrgist hana eftir 147. gr.

152. gr.

Ef góss er flutt á skip og glögt verður sjeð, að spilt er eða óhæfilega um búið, er skipstjóra skylt að geta þess berum orðum í farmskírteininu. Nú vanrækir hann þetta, og ábyrgist hann þá hvorttveggja gagnvart viðtakanda, þótt hafður sje í farmskírteininu fyrirvari, slíkur sem 151. gr. getur.

153. gr.

Nú kemur skip til affermingarstaðar og má gruna af líkindum, að farmur sje spiltur eða glatað af, og er viðtakanda þá heimilt að láta fram fara skoðunargerð, og skal henni fylgja álitsgerð um það, hver orsök var til, ef það reynist, að spilst hefur varan.

Nú hefur viðtakandi látið fá sjer í hendur farminn og ekki látið skoðunargerð fara fram áður, og vill síðar kæra ásigkomulag hans, og skal hann þá áður næsti virkur dagur sje liðinn krefjast, að skoðunargerð fari fram sem fyrst. Nú vanrækir hann það, og getur hann þá ekki krafist skaðabóta nema það sannist, að skemdin eða rýrnunin sje orðin við svik, hirðuleysi eða gáleysi útgerðarmanns eða þeirra manna einhverra, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

154. gr.

Þá er greiða skal bætur eftir 147. gr. fyrir skemdan farm eða týndan, eða farmflytjandi skal bæta vöru, sem seld var í ferðinni til skipsþarfa eftir heimild 54. gr., skal meta bæturnar eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.

155. gr.

Ef skipstjóri tekur farm á skip og hefur ekki samið um farmgjald, hve mikið skuli vera, skal greiða það gjald svo sem alment var á fermingarstaðnum þá er honn tók farm. Nú var samið um farmgjald en meira fermt af góssinu en um var samið, og skal þá gjalda fyrir það, sem meira var, að rjettri tiltölu við hitt, sem um var samið.

156. gr.

Ekki skal greiða farmgjald fyrir það góss, sem kemur ekki til skila við ferðarlok, nema það hafi farist sakir ásigkomulags þess sjálfs (sbr. 147. gr.) eða af ónógum umbúnaði, eða sakir annarar yfirsjónar eða hirðuleysis sendanda, eða það hafi verið selt í ferðinni fyrir hönd eiganda þess.

Ef greitt er farmgjald fyrirfram fyrir góss, sem ekki skal gjalda fyrir, eftir því sem nú var sagt, má heimta það aftur, nema annað sje áskilið.

157. gr.

Ef ílát hefur lekið meiri hlut lagar, er rjett, að viðtakandi láti það, sem eftir er, vera farmgjald vörunnar. Heimild þessi nær til hvers íláts um sig, en neyta skal þeirrar heimildar áður viðtakandi taki við ílátinu, og ekki nær hún til þess, ef varan kom á skip í lömuðu eða óhæfu ílláti og skipstjóri gat þess sjerstaklega á farmskírteininu, sbr. 152. gr.

158. gr.

Farmflytjandi greiðir allan ferðarkostnað og gjöld frá því er við farmi er tekið og til þess hann var af hendi seldur á ætlunarstað; skipsgjöld, sóttkvíunarkostnaður, dráttargjald og annað þess kyns taka þannig ekki til farmsendara.

159. gr.

Nú tekur viðtakandi við farminum, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjald og annað það, sem skipstjóri getur krafist greiðslu á eftir farmskírteini eða öðru því skjali, sem segir fyrir um afgreiðslu farmsins til viðtakanda.

160. gr.

Ekki er skipstjóri skyldur til að láta farminn af hendi fyrri en viðtakandi greiðir eða tryggir í geymslu það, sem honum er skylt að greiða eftir 159. gr., svo og bætur fyrir aukabiðdaga eða aðrar affermingartafir, sjótjónsframlög og annað það gjald, sem á vörunni liggur, sbr. 244. gr. Þá er farmurinn er af hendi greiddur, getur skipstjóri kallað til geymslufjárins, þó að áskildri heimild viðtakanda til að sjá sjer borgið með kyrsetningu eða lögbanni, ef ósamþykki kemur upp. Nú er ekki kveðið á um sætjónsframlag, hversu mikið skuli vera, og má þá ekki halda farmi eftir af þeim sökum, ef viðtakandi setur trygging fyrir.

Ákvæði þessarar greinar gilda og, er krafist er affermingar á góssi á fermingarstað eða viðkomustöðum.

161. gr.

Ef maður, sem farmur er ætlaður, skorast undan að taka við honum, eða viðtakandi er ókunnur eða finst ekki, skal skipstjóri skýra sendanda frá því, þegar er hann má. Nú segir enginn löglegur viðtakandi til sín svo fljótt, að góssið geti orðið affermt fyrir lok aukabiðdaga, eða fyrir lok þess tíma, sem skipstjóri kveður á eftir 143. gr., ef það var stykkjagóss, og skal þá skipstjóri færa vöruna á land og fá til varðveislu svo óhult sje. Nú vanrækir viðtakandi að gegna skyldum sínum eftir fyrirmælum 160. gr. eða tefur svo afferming, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er þá skipstjóra heimilt að afferma og fela vöruna til varðveislu svo sem sagt var.

Þá er farmur er fallinn þannig til geymslu, skal skipstjóri skýra frá því þeim, sem hann var ætlaður. Sje viðtakandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal skýrt frá því svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Nú dvelst skipi, lengur en aukabiðdagar endast, við það að fá góssi varðveislu, eða því dvelst á annan hátt svo að skipið verður ekki sakað um, og getur hann þá krafist fullra bóta fyrir, ekki minni en aukabiðdagar væri.

162. gr.

Þá er góss er látið til varðveislu, svo sem 145. og 161. gr. ræða um, er skipstjóra heimilt að láta selja við opinbert uppboð svo mikið af því, sem þarf til að fullnægja kröfum þeim, sem 160. gr. getur um, svo og til greiðslu tolla og kostnaðar.

163. gr.

Eftir það er skipstjóri hefur fengið farminn í hendur viðtakanda, á skipstjóri enga kröfu á hönd farmsendara um það fje, sem viðtakanda var skylt að greiða; þó er rjett, að hann sæki farmsendara um þá upphæð, sem hann mundi vinna honum úr hendi, ef allar kröfur fjelli niður. Ef góssið er ekki selt af hendi og kröfum skipstjóra ekki fullnægt með sölu þess, ábyrgist farmsendari það, sem á skortir.

164. gr.

Heimilt er öllum aðilum að rifta farmsamningi ábyrgðarlaust, er skip hefir ekki látið út af þeim stað, þar sem ferð skyldi hefja,
ef ófriður kemur upp, svo að skip eða farmur eigi ekki frjálsa ferð,
eða farbann er lagt á skip,
eða fráfararhöfn eða ætlunarhöfn er herkvíuð eða flutningur góssins óheimilaður frá fararhöfn eða aðflutningur á ætlunarhöfn, eða ferð skipsins eða flutningur góssins sætir tálmun af nokkrum öðrum ráðstöfunum yfirvalda.

Ef slík tálmun tekur að eins til nokkurs hluta af farmi sendanda, er honum ekki heimilt að rifta samningi nema hann greiði farmgjald eftir reglum 131. og 134. gr.; sje samningi ekki riftað, má afferma aftur á kostnað sendanda þeirri vöru, sem tálmuninni sætir og áður var á skip færð. Nú segir farmsendari til áður aukabiðdagar sje á enda, að hann ætli að senda aðra vöru, og er skipstjóri þá skyldur til að taka við henni, ef hún er látin til tafarlaust og ekki er óhægra að flytja hana á skipi, en skyldur er farmsendari til að greiða kostnað allan, sem af því leiðir, og svo skaðabætur eftir 127. gr., ef dvöl verður lengri en aukabiðdagar. Ef fleiri menn eru farmsendarar en einn, má dvölin ekki lengjast af þessum sökum umfram aukabiðdaga, nema allir farmsendarar samþykki.

Nú eru farmsendarar fleiri en einn og samningi er rift við einn þeirra eða fleiri sakir tálmana á flutningi vöru þeirra, og er þá skipstjóra heimilt að rifta samningi við aðra farmsendara, ef það farmgjald, sem hann mundi fá fyrir ferðina, verður minna en helmingur þess farmgjalds alls, sem til var tekið.

165. gr.

Nú ferst skip í ferð, eða verður dæmt óbætandi, og er þá slitið farmsamningi; þó er skipstjóra skylt á kostnað farmeiganda að gera hagkvæmar ráðstafanir um farminn, svo sem fyrir er mælt í 62. gr.

Þá er svo ber að, skal greiða farmgjald eftir vegalengd, svo að goldið sje fyrir þá leið, sem farin var, að sömu tiltölu, sem sú leið var mót allri ferðinni þó svo, að þess sje gætt, hve miklum tíma var til varið og svo sjerstakra erfiðleika, sem á voru og kostnaðar, að rjettri tiltölu við sjerstakan kostnað og erfiðleika á því, sem ófarið var. Ef aðilar geta ekki orðið ásáttir um það, hvert farmgjald skal greiða, getur hver þeirra heimtað, að úr sje skorið með lögmætu mati.

Heimilt er eigendum að láta góssið koma fyrir vegalengdarfarmgjaldið, ef þeir kjósa það heldur.

166. gr.

Nú ber að slíka tálmun, sem 164. gr. ræðir um, eftir það er skip fór burt þaðan, sem ferð var hafin, og er hverjum aðila þá og heimilt að rifta samningi, en greiða skal þá farmsendari vegalengdarfarmgjaldið eftir fyrirmælum 165. gr. Ef rift er samningi, skal skipstjóri á kostnað eiganda annast svo um farminn sem 62. gr. mælir fyrir.

Nú tefur slík tálmun skipið á fermingarstaðnum eftir að það þar hefur tekið farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá þeim kostnaði af töfinni, sem á kom, til þess er samningi var slitið, skift niður á skip, farmgjald og farm, eftir því, sem mælt er fyrir um sameiginlegt sætjón.

167. gr.

Ef farmsamningi er riftað af þeim sökum, sem 164. gr. ræðir um, og verður því að afferma vöruna, er farmsendari skyldur til að greiða allan kostnað, sem af því leiðir, ef tálmunin á efndum samningsins snertir farminn einan saman. Nú snertir tálmunin einnig skipið eða það eitt saman, eða skipstjóri hefir neytt heimildar sinnar eftir síðasta lið 164. gr. til að segja sundur samningum, og fer þá um það eftir hinu almenna ákvæði í 141. gr.

168. gr.

Nú tefur eitthvað skipið á fermingarstað eða síðar á viðkomustað á ferðinni og ætla má, að sú töf muni nokkuð lengjast, og er þá farmsendara heimilt að láta afferma vöru sína í bráð, ef hann fær til trygging fyrir greiðslu krafa þeirra, sem 160. gr. skyldar hann til, ef varan kemur ekki aftur á skipið í tæka tíð, þegar skipstjóri segir til. Ef fleiri eru farmsendarar getur enginn þeirra krafist, að vara hans sje affermd, nema hinir leyfi, ef sú afferming skaðar þá.

169. gr.

Nú leitar skip hafnar í nauð sakir bilunar, og talið er víst, að farmurinn spillist allur eða að miklum hluta við þá dvöl, sem umbót skipsins krefur, og er þá farmsendara heimilt að rifta samningi og ráða vöru sinni, ef hann greiðir farmgjald eftir vegalengd, sem talin sje eftir fyrirmælum 165. gr. Þó nær þessi heimild ekki til farmsendara ef fleiri eru en einn, og einhver þeirra krefst, að fram sje haldið ferðinni.

170. gr.

Nú eru einstök eintök farmskírteinis framseld ýmsum mönnum, og veitir þá það eintak bestan rjett, sem framseljandi sendi fyrst eða seldi af hendi, ef handhafa er heimilt að krefjast þess eftir annari málsgrein 139. gr., að sjer sje fengin varan. Þó taka þessi ákvæði ekki til þess, ef eintökin eru tölusett eftir fyrirmælum 138. gr., því að þá gengur sá handhafi fyrir, sem eintak hefur með lægstri tölu. En nú er vara affermd og hún fengin löglega í hendur öðrum manni, og er hann þá ekki skyldur til að selja hana aftur af hendi, nema það sannist, að hann vissi, að kaup hans á farmskírteininu var ólögmætt, eða hann sýndi þar stórkostlegt gáleysi.

171. gr,

Rjettur sá, sem seljandi kann að eiga að lögum til að hefta afhending á góssi til kaupanda, er hann getur ekki greitt andvirðið eða fullnægir ekki skyldum þeim, er kaupin gerðu honum, fellur ekki niður, þótt kaupandi hafi fengið farmskírteinið í hendur.

Ef kaupandi hefur framselt öðrum manni farmskírteinið, á seljandi ekki þenna rjett gagnvart þeim manni, nema í skírteininu hafi staðið bann gegn framsali, eða það sannist, að handhafi skírteinisins hafi þekt málavexti, er hann fjekk það, eða sýnt stórkostlegt gáleysi.

172. gr.

Ef farmskírteini glatast, má fá það ónýtt með dómi á þeim stað, þar sem láta skyldi af hendi vöruna. Sá, sem ónýtingar æskir, skal senda beiðni um hana til dómanda og geri þar grein fyrir, hversu hann eignaðist hið glataða skírteini og lýsi því, að hann ljet það ekki af hendi til annara manna og bjóða eið sinn á. Ef veitt er beiðni hans, nefnir dómari til stefnufrest, og má hann ekki vera skemri en 12 vikur og ekki lengri en 1 ár. Stefnuna skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og sje ekki skemra milli hverra birtinga en ein vika.

Heimilt er manni að krefjast þess, að vara sú sje seld honum í hendur, sem farmskírteinið til tekur, ef hann fær til trygging og stefnan hefur verið löglega birt; en þangað til það er gert, þarf hann til þess sjerstakan úrskurð dómara.

173. gr.

Ef maður hefur farmskírteini í höndum og hafi fengið það svo sem 139. gr. segir, er hann ekki skyldur til að láta það af hendi við þann, sem mist hefur, nema það sannist, að hann hafi þekt málavexti er kaup fór fram, eða sýnt í því kaupi stórkostlegt gáleysi.

174. gr.

Nú er farsamningur ger um flutning á tilteknum manni og hann getur ekki farið af stað sakir sjúkleiks, eða annarar tálmunar, eða hann er dáinn, og skal þá að eins greiða hálft fargjald, ef sagt var til forfalla áður skipið hjelt af stað. Ella gjaldi maður það far fullu verði, er hann áskildi sjer, þótt hann geti ekki farið.

175. gr.

Slitið er farsamningi farþega, þegar skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða nokkura aðra tálmun ber að, þá er ræðir um í 164. gr., og á þar hvorugur aðila bótakröfur á annan. Ef ferð var hafin, er farþegi þó skyldur til að greiða gjald fyrir þann hluta leiðar, sem farinn var, og fer um það eftir fyrirmælum 165. gr.

176. gr.

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um reglu og góða háttsemi á skipi. Ákvæði 86. gr. taka og til þeirra.

177. gr.

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um skaðabætur fyrir týnt góss eða skemt, nær og til ábyrgðar á því góssi, sem farþegar hafa með sjer og fengið er skipstjóra í hendur eða þeim manni, sem settur er til að veita viðtöku góssi manna.

178. gr.

Heimilt er skipstjóra að halda góssi farþega til þess er fargjald er greitt og andvirði þess, er farþegi hefur neytt á skipi á ferðinni. Skipstjóri á og auk þess sama rjett á þessu góssi sem 160.—162. gr. veita honum á annari vöru, þeirri sem ekki er greitt farmgjald fyrir.

## Sjöundi kapituli.

### Um sjólán (bodmeri).

179. gr.

Þá er skipstjóri tekur peninga að láni í nauð til framhalds ferð sinni eða til bjargar farminum eða til að koma honum áleiðis og leggur skipið að veði fyrir láninu, farmgjald eða farm, með þeim hætti, sem hjer verður sagt, þá á lánsali að eins aðgang að hinum veðlögðu fjemunum að lokinni ferð, en í þeim á hann sjóveðrjett eftir 11. kapítula þessara laga.

180. gr.

Sjólán má taka gegn veði í skipi, farmgjaldi og farmi eða einu þeirra eða fleiru. Ef tekið er lán til greiðslu kostnaði á farminum einum, má veðleggja hann sjerstaklega, en fyrir öðrum kostnaði má ekki leggja farm að veði, nema ásamt skipi og farmgjaldi. Ef saman er veðlagt skip og farmur, er farmgjald og talið til veðsins, en ella að eins þar, sem það er sjerstaklega tekið til.

Nú er eitthvað af fjemunum þessum sjólánsveðlagt fyrir tilkostnaði, sem ekki snertir það veð sjálft, og lánsali leitar sjer lúkningar í veðinu, og getur þá eigandi veðsins aftur leitað sjer bóta fyrir missi sinn í þeim fjemunum, sem kostnaðurinn varð á, og á hann þá sömu heimild á þeim sem væri þeir sjólánsveð honum til handa.

181. gr.

Áður skipstjóri tekur sjólán, skal hann gera skýra grein fyrir þeim atvikum, sem neyddu hann til lántökunnar, og gera það með þeim hætti, sem 46. gr. ræðir um, ef hann má því við koma, en ella með yfirlýsingum konsúls eða annara yfirvalda.

182. gr.

Þá er sjólán er tekið, skal um það gera brjef. Það er því að eins lögmætt sjólánsbrjef, að í því standi:

1. Nafnið sjólánsbrjef eða önnur orð, sem skýra frá, að samningurinn sje gerður um sjólán.
2. Nafn lánsala.
3. Stærð veðskuldarinnar (lánsfje og tilgjöf).
4. Tilgreining hinna veðbundnu hluta.
5. Nafn skipsins.
6. Tilgreining ferðarinnar, sem lán er fengið til (sjólánsferð).
7. Nafn skipstjóra undirritað og tiltekinn staður og dagur.

183. gr.

Gera skal af sjólánsbrjefi fleiri eintök en eitt, ef lánsali vill; öll skulu eintökin vera samhljóða og taka til hversu mörg eintök gerð voru.

Nú er sjólánsbrjef framselt, og heftir það ekki andmæli gegn því, að lögmæt skilyrði sjeu fyrir sjólánstöku.

184. gr.

Sjótjónsframlög skulu greidd af hinum sjólánsveðlögðu fjemunum, án þess að sjólánsveðskuldin minki við það; en vinnist fjemunirnir við það ekki til fullrar greiðslu á veðskuldinni, skal sjólánssali bera hallann.

185. gr.

Skyldur er skipstjóri að annast um varðveislu og björgun hinna veðlögðu eigna. Ekki skal hann nema í ítrustu nauðsyn hafast neitt það að, sem stofnað geti þeim í annan nje meiri háska en þann, sem lánsali gat búist við eftir veðbrjefinu. Verði skipstjóra á í því, ábyrgist hann skaða þann, er af hlýtst.

Nú breytir hann að nauðsynjalausu ferð sinni, þeirri sem sjólánsveðbrjefið til tók, og án þess að gagnsmunir lánsala krefjist þess, eða hann víkur af venjulegri leið og ekki til að bjarga mönnum í sjávarháska, eða hann stofnar hinum veðlögðu fjemunum í nýja hættu eftir það er ferðinni var lokið, og reynist þeir eftir það ónógir til lúkningar sjólánsskuldinni, og ábyrgist skipstjóri þá það, sem á skortir, nema það sannist, að skaði hefði þó á orðið, þótt skipstjóri hefði gætt als þess, er honum var skylt.

186. gr.

Sje ekki annað tilskilið, skal gjalda sjólánsskuld á þeim stað, þar sem sú sjólánsferð er á enda eftir samningnum og er gjalddagi sjöunda daginn eftir það er skipið kom þangað, og án frestdaga.

Ef ferð endar áður skipið kom á ætlunarstað þann, sem sjólánsveðbrjefið til tekur, þá skal gjalddagi vera á láninu sjöunda daginn frá því, er ferð var lokið, og greiðast á þeim stað, þar sem henni lauk. Skylt er skipstjóra að skýra lánsala þegar frá breytingu þeirri, sem á er orðin. Nú voru önnur efni til breytingarinnar en þau, sem getið er í 164. og 165. gr., og getur þá lánsali krafist bóta fyrir þann kostnað, sem hann hafði af breytingunni.

187. gr.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga, og fæst ekki greiðsla á, og er þá lánsala heimilt að krefjast vaxta, 6 af hndr. á ári bæði af lánsfje og tilgjöf.

Ef tilgjöf var ákveðin eftir tímalengd, skal tími aðeins talinn til gjalddaga.

188. gr.

Þegar gjalddagi er kominn, má krefja skuldarinnar, eftir einu eintaki af sjólánsbrjefinu, gegn því, að selja það eintak af hendi með áritaðri kvittun. Nú segja til sín fleiri handhafar en einn, og krefjast þeir greiðslu, og skal þá engum þeirra greiða, en skipstjóri skal fela greiðslufjeð í trygga varðveislu og skýra frá því rjettum aðilum.

Ekki má skipstjóri greiða þá skuld fyrir gjalddaga, nema fram komi öll eintök sjólánsbrjefsins.

189. gr.

Nú er kominn gjalddagi á sjóláni, og er veðbrjefið þá ekki á þeim stað, þar sem greiða skal veðskuldina (sbr. 186. gr.), og er þá skipstjóra heimilt að fela skuldafjeð í örugga varðveislu, og leysa með því veðið. Nú felur skipstjóri fjeð til varðveislu, og er hann þá skyldur til að skýra lánsala frá því tafarlaust.

190. gr.

Þegar er skipið er komið á ætlunarstað sinn, þann sem sjólánsveðbrjefið nefnir til, eða þegar fullráðið er, að ferðin skuli enda á öðrum stað, getur kröfuhafi látið leggja löghald á hina veðlögðu eign, þótt skuldin sje þá ekki komin í gjalddaga. Ekki er þörf að reka löghaldsmál til staðfestingar haldinu, en ónýtt skal það löghald ávalt 8 dögum eftir gjalddaga.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga og er þá ekki greidd, og er þá kröfuhafa þegar heimilt að láta gera fjárnám í veðfjenu, án dóms og laga, til lúkningar skuld sinni og selja veðið því næst á opinberu uppboði. Þegar ætla má, að veðlagður farmur spillist ef hann er geymdur lengi, má beiðast úrskurðar fógeta um það, að halda skuli uppboðið sem fyrst. Þó má ekki boða það með skemri fyrirvara en eins dags. Nú er sjólánsveðbrjefinu mótmælt við fjárnámsgjörðina og talið fals í, eða mótmælt lögmæti kröfunnar, eða annar maður telst hafa lögmætara tilkall til veðsins, og getur þá dómarinn synjað um fjárnámsgjörðina, nema lánsali fái tryggíng fyrir.

191. gr.

Ef hætt var við sjólánsferðina áður af stað væri farið, er lánið þegar komið í gjalddaga á þeim stað, er farið skyldi frá, og greiði þá lánþegi 5 af hndr. á ári í vöxtu af höfuðstólnum og 3 af hndr. í ómakslaun í stað tilgjafar. Nú ljet skip út, og skal þá greiða hina áskildu tilgjöf þó að síðar sje hætt við ferðina.

## Áttundi kapituli.

### Um sjótjón.

192. gr.

Til sameiginlegs sjótjóns (groshavari) teljast hver þau spjöll, sem gerð eru með vilja á skipi eða farmi með þeirri fyrirætlan, að bjarga hvorutveggja úr yfirvofandi háska, svo og sjerhvað, sem lagt er í sölurnar með þeirri fyrirætlan; enn fremur skaði sá og kostnaður, sem var samfara slíkum viðbúnaði eða leiddi beinlínis af honum. Sameiginlegu sjótjóni skal jafna niður á skip, farmgjald og farm að rjettri tiltölu við verðmæti þeirra, og sje það ákveðið eftir fyrirmælum 212.—217. gr.

193. gr.

Þetta skal einkanlega bæta sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss og skipsbúnað allan, sem varpað er fyrir borð til að ljetta skip í sjávarháska eða til að forðast fjandmenn eða sjóræningja, svo og góss og búnað þann, er skolast útbyrðis við það að út er varpað, svo og annað það tjón, sem af því leiddi að varpað var út, eða af þeim viðbúnaði, sem hafa þurfti til þess.
2. Siglu, segl eða annan reiða, sem höggvinn er, akkeri og festi, sem laust er látið, svo og það tjón, sem af því leiðir, að af var höggvið eða laust látið, ef það var lagt í sölurnar til bjargar bæði skipi og farmi úr háska, svo sem að forða skipbroti eða árekstri.
3. Tjón, sem verður á skipi eða farmi við það, að verjast eldshættu eða slökkva eld, til að ná vatni í dælurnar eða veita burt ágjöf.
4. Það, sem kostað var til að fá hjálp í háska til að bjarga bæði skipi og farmi frá voða, svo og það tjón, sem skip eða farmur sætir af þeim skipum, sem kvödd voru hjálpar.
5. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að skipinu er hleypt með vilja á grynningar til að forða báðum við meira tjóni, og þó einungis að því leyti, sem kalla má, að slíkt væri lagt í sölurnar.
6. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að ná skipi af grynningum, og sjá borgið skipi og farmi, svo og þann kostnað, sem af því verður. Nú verður ferð ekki haldið áfram af því skipið næst ekki af grynningum, eða af því að það hefur verið dæmt óbætandi, og er þá talinn með sameiginlegu sjótjóni sá einn skaði, sem orðinn var áður augljóst yrði, að ferðinni varð ekki haldið áfram og kostnaður sá, sem þá var á kominn.
7. Kostnaður, sem á því varð að leita hafnar í neyð til bjargar skipi og farmi, svo sem þá er skip varð ósjófært á ferð, eða því og farminum er búinn auðsær háski af því að halda ferðinni áfram, sakir þess, að ófriður er hafinn, eða ísrek ber skjótlega að hendi.

Kostnaður sá, sem af þessu leiðir og telja ber til sameiginlegs sjótjóns, er þetta einkanlega: Hafnsögugjald, vitagjald, merkjagjald og hafnargjald, svo og annar kostnaður af töf skips í neyðarhöfn; kostnaður á affermingu farms, geymslu, endurfermingu og búlkun, ef affermt var til að

koma skipinu í lægi, eða afferma varð af sömu sökum og þeim, sem knúðu skipið til að leita hafnar, svo og fæðispeningar og mánaðarkaup skipstjóra og skipshafnar þann tíma, sem skipið hlýtur að liggja í neyðarhöfn af þeim sökum, sem knúðu það til að leita þangað, og þó einungis að svo miklu leyti sem ekki mátti spara sjer kostnað með því að leysa skipverja úr vist. Nú lengist dvöl skips í neyðarhöfn af öðrum sökum, svo sem þá er ís meinar að halda ferð áfram eða veðurfar, eða aðgerð skips dregst að nauðsynjalausu, og skal þá ekki telja með sameiginlegu sjótjóni fæði og mánaðarkaup þann tíma, sem dvölin lengist af þeim sökum. Nú er ferðinni lokið í neyðarhöfninni, og skal þá til sameiginlegs sjótjóns talinn kostnaðurinn að eins til þess tíma er fastráðið var, að ferðin skyldi enda þar.

Ekki skal telja til sameiginlegs sjótjóns skaða af rýrnun, leka íláta, eða skemdum á farmi, sem urðu við dvöl skipsins í neyðarhöfninni, nje heldur kostnað á því, að verjast þess háttar sköðum. Skemdir, sem verða á farmi við ferming eða afferming í neyðarhöfn, skulu einungis þá taldar með sameiginlegu sjótjóni, þegar þær stafa af því, að ferming eða afferming varð að fara fram á uppskipunarbátum eða með óvenjulegu móti.

Ekki er heldur talinn til sameiginlegs sjótjóns hin sjerstaki kostnaður í neyðarhöfn, sem verður við það, að farmurinn er sjálfur háskagóss.

Nú er bilun bætt til bráðabirgða í neyðarhöfn og hún telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, og skal þó endurgjalda þann kostnað, svo sem sameiginlegt sjótjón, ef komist varð við það hjá öðrum kostnaði, sem annars hlaut að verða og talist hefði með sameiginlegu sjótjóni.

8. Tjón það og skemdir, sem á farmi verða við það, að tekið er til hans í nauð til framkvæmdar ferðinni eða til bjargar skipi og farmi á annan hátt, svo og tjón og skemdir, sem urðu á skipsbúnaði við það að grípa til þess í nauð til einhvers annars en það var ætlað til frá upphafi.

Það, sem eytt er af kolabirgðum gufuskips og vjelanauðsynjum til þess að ná skipinu af grynningum og við dælingu, þá er skipið er lekt orðið, skal alt bæta sem sameiginlegt sjótjón, svo og það, sem eytt er til að flytja skipið, afferma það eða ferma á ný í neyðarhöfn, þá er kostnaður sá telst til sameiginlegs sjótjóns, en hitt skal ekki bæta, sem varið er til að leita inn til neyðarhafnar og láta aftur út þaðan, eða á annan veg er varið vegna lengingar ferðarinnar, þótt hún hafi leitt af sameiginlegu sjótjóni.

9. Tjón, sem með vilja er gert skipi eða farmi til að greiða fyrir vörn gegn fjandmönnum eða sjóræningjum, svo og tjón, sem varð meðan á vörninni stóð, hergögn öll, sem varið var til hennar, svo og góss og peningar, sem varið er til bjargar eða lausnar skipi og farmi.

10. Kostnaður af lækningu, hjúkrun og fæði þann tíma, sem lækning þeirra skipverja varir, sem mein hlutu af vörn móti óvinum eða sjóræningjum eða við framkvæmdir viðbúnaðar til að bjarga skipi og farmi, greftrunarkostnaður látinna manna og kostnaðarauki sá, sem verður við það, að ráða verður aðra menn í stað hinna særðu og dauðu.

11. Farmgjald, sem missist við sameiginlegt sjótjón.

12. Kostnaður og tjón, sem hlautst af því að afla nægra peninga til að greiða með úr sameiginlegu sjótjóni, einkanlega ómakslaun, vextir og ábyrgðar-

gjöld greiddra peninga, tilgjöf við neyðarlán, ef nauðsyn var á sjóláni, svo og tjón það, sem hlýtst af verðfalli vöru, sem seld er í neyðarhöfn til greiðslu á sjótjóninu.

13. Ómakslaun umboðsmanns, sem ráðinn var til framkvæmdar viðskiftum þeim, sem sjótjónið krafði.
14. Kostnaður, sem leiddi af sjóferðaskýrslu, skoðunargerð, álits- og matsgerð, svo og af að afla sannana, sem við þarf til að finna hvert sjótjónið var og hvernig því skal jafna niður, enn fremur kostnaður við reikning yfir það og niðurjöfnun.

194. gr.

Ekki skal telja með sameiginlegu sjótjóni þann skaða, sem verður af slysum, meðan framkvæmdur er sá viðbúnaður, sem hafður er til bjargar skipi og farmi, jafnvel þótt það forði sameiginlegu sjótjóni; ekki þann skaða heldur, sem af hendingu eða óbeinlínis snertir slíkan viðbúnað.

Eigi skal því bæta sem sameiginlegt sjótjón stöng, sem vindur braut, meðan verið var að höggva siglu, þótt brotið verði til þess, að ekki þarf að höggva sigluna; ekki heldur skemdir á skipi og farmi, af stormi, eldi, þjófnaði eða öðru, sem að ber meðan skipið dvelur í neyðarhöfn; ekki heldur fjártjón, sem stafar af því, að farmi varð ekki skilað í tæka tíð sakir sjótjónsins; ekki heldur aukin iðgjöld vátryggingar á skipinu nje tjón af því, að skipið misti væntanlegs farmgjalds sakir tafar, sem sjótjónið olli.

195. gr.

Þetta er ekki bætt sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss, sem látið er á skip án vitundar skipstjóra, svo og peningar, verðbrjef og dýrgripir, ef þeir voru ekki nægilega einkendir eftir fyrirmælum 148. gr.
2. Farmur á þilfari, þótt varpað sje útbyrðis, nje tjón á slíkum farmi, sem varð við það, að út var rutt, eða við annan viðbúnað, sem hafður var í sjávarháska, til bjargar skipi og farmi, nema varpað hafi verið út til ljettis skipi, eftir að það kom á grynningar.

   Með farmi á þiljum er ekki talið það góss eitt, sem hlaðið er á opið þilfar eða í báta skips, eða haft utan borðs, en til þess farms telst einnig það góss, sem hlaðið er í þau þakskýli á þilfari, sem ekki eru feld inn í bandakerfi skips, eða veita nægilega trygging með öðru móti fyrir því, að sjór skaði þar ekki góss nje taki út.
3. Skemdir, sem við slíkan viðbúnað, sem getið var, verða á skipsmunum, sem lágu á þilfari og voru þar ekki á sínum stað.
4. Skemdir af ofsiglingu, þótt gerð sje til að forðast skipbrot, fjandmenn eða sjóræningja; tjón á seglum eða á kötlum gufuskips og vjel, nema skemdin verði við tilraun til að ná skipinu af grynningum; svo og skemdir á skipsdælum, er verður við austur skipsins.
5. Tjón, sem hlýtst af því, að sigla er höggvin, sigluviðir eða önnur áhöld, sem brotnað hafa áður við einkasjótjón, þótt nauðsyn beri til að höggva þau þá, til að forðast háska, sem skipi er búin og farmi.
6. Tjón á farmi, sem kviknað hefur í af sjálfu sjer, eða hiti er í og tjónið

verður við það, að honum er varpað útbyrðis, eða steypt er á hann vatni eða aðrar tilraunir gerðar til að slökkva í honum, svo og tjón af eldi, hvernig sem hann kemur upp í skipi, og þær skemdir, sem við slíka athöfn verða á þeim hluta farmsins, sem eldur hafði gripið.

7. Kostnaður, sem leiðir af því, að skip varð að leita neyðarhafnar sakir skorts á vistabirgðum eður ferðanauðsynjum eða vegna ístálmunar eða annars, sem veðurátta var sök í.

196. gr.

Jafna skal niður sjótjónsbyrðinni fyrir því, þótt einstakur maður sje sök í þeim háska, sem tjóninu olli, en ekki getur sá maður krafist bóta fyrir missi þann, sem hann varð fyrir sjálfur. Ef skipstjóri er sök í háskanum eða annar sá maður, sem útgerðarmenn ábyrgjast eftir 13. gr., eiga þeir og ekki bætur fyrir skaða sinn.

Nú hefur skipstjóra, eða öðrum þeim manni á skipinu, sem eftir stöðu sinni gekk í stað skipstjóra, yfirsjest, er meta skyldi, hversu háskanum var háttað eða hversu verjast skyldi honum, og heftir það þá ekki niðurjöfnun sjótjónsins; en ekki getur útgerðarmaður þá heimtað sjer bættan þann skaða, sem hann beið, nema yfirsjónina megi telja afsakanlega, svo sem efni voru til.

Sá, sem missir rjett sinn til bóta af þessum sökum eða varð að greiða sjótjónsframlag sakir yfirsjónar annars manns, getur heimtað bætur af þeim, sem ábyrgð hefur á yfirsjóninni.

197. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt það, sem lagt var í sölurnar, yrði ekki að því gagni, sem ætlað var.

198. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt lagt sje í sölurnar skipið alt eða farmurinn allur, nje heldur það, þótt eftir slysið sje einungis bjargað einhverju af öðru hvoru einu saman, skipi eða farmi.

199. gr.

Þá er eitthvað verður að leggja í sölurnar, er skipstjóra skylt að annast um, að skaðinn verði ekki meiri en vera þarf. Ef varpað er fyrir borð af farmi eða skipsmunum, skal varpa ef unt er fyrst því, sem þyngst er og verðminst, fremur en hinu, sem ljettara er og dýrara.

Ef skipstjóri hefur ófyrirsynju gert skaðann meiri en þörf krafði, skal um það farið eftir fyrirmælum 196. gr.

200. gr.

Skylt er skipstjóra, ef atvik leyfa, að kalla til ráðs við sig þá menn, sem best skyn bera á og reyndastir eru af skipverjum, áður hann aðhafist nokkuð það, sem valda megi niðurjöfnun sjótjóns. Skipstjóri skal rita skýrslu um þetta svo fljótt sem hann má í leiðarbókina, eða dagbókina, eða rita það á annan hátt, ef bækurnar vantar, svo það megi bera fram þegar sjóferðaskýrsla er gefin. Í skýrslunni skulu til greind öll atvik, sem máli geta skift

við mat og niðurjöfnun sjótjónsins, og einkanlega hver nauðsyn bar til að leggja það í sölurnar, sem gert var, og svo nákvæma skrá sem við má koma yfir það, sem í sölurnar var lagt, eða þá skýrt með öðru móti frá víðtæki tjónsins.

201. gr.

Tjón á skipi og skipsbúnaði skulu meta skynbærir menn og til þess skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr. og á þeim stað, þar sem skip er bætt, ef það er gert á ferðinni, en ella á endastað ferðar.

Það skal til tekið um hverja einstaka skemd, hve mikið muni kosta að bæta, og þurfi nýrra muna við í stað hinna spiltu, þá skal hvorttveggja til greina, hve dýrir verði hinir nýju og hvers virði sje hinir spiltu.

Skemd öll af elli, hrörnun og öðru slíku skal greind frá þeirri skemd, sem af sjótjóninu stafar, og metin sjer.

202. gr.

Þá er ákveða skal, hve mikið sameiginlegt sjótjón á skipi og skipsbúnaði, hefir orðið, skal matsgerð ráða, ef skemd er eigi bætt, eða matsupphæðin er lægri en aðgerðarkostnaður reyndist: en aðgerðarkostnaður ræður, ef hann reynist lægri en matsupphæðin.

203. gr.

Þá er endurgjalda skal skemdir á járnskipi, skal bæta að fullu skemdir á skrokki skipsins, siglum og siglubúnaði af járni, ef skipið hefur ekki gengið 5 ár á sjó, þá er sjótjónið bar að, og sje talið frá því, er skipið ljet út í hina fyrstu ferð sína. Nú bar slysið að eftir þessi 5 ár, en áður skipið hafði verið í förum í 10 ár, og skal þá dreginn af $^1/_6$ hluti fyrir verðmun á hinu gamla og nýja og $^1/_3$ hluti, ef skipið hefur lengur verið í förum. Skemd á gufuvjel skal bæta að fullu, ef vjelin hefur ekki starfað 3 ár þá er slysið bar að; ef það varð síðar og þó áður vjelin hafði starfað 6 ár, skal dreginn af $^1/_6$ hluti og $^1/_3$ hluti, ef lengur var. Skemdir á siglu og siglubúnaði af trje svo og á reiða þeim, sem uppi er, skulu bættar að fullu, ef skipið hefur ekki verið eitt ár í förum og annar skaði, ef það hefur ekki verið missiri; beri tjónið síðar að, skal draga af $^1/_3$ hluta; þó skal bæta akkeri fullu, og af akkerisfesti skal draga einungis $^1/_6$ hluta.

Ef skipið er trjeskip, skal bæta að fullu skemdir á skrokki þess, ef það hefur ekki gengið 2 ár á sjó, þá er slysið bar að; ef það varð síðar, skal draga af $^1/_8$ hluta fyrir verðmun á gömlu og nýju. Aðrar skemdir skulu bættar svo sem fyr segir um járnskipin.

Af skaðabótafje því, sem svo er ákveðið, skal draga verð þeirra hluta, sem nýju voru bættir, eftir því, sem verð þeirra var gert í matsgerðinni, eða, ef á uppboði er selt, andvirðið að frádregnum kostnaði.

Ef leggja skal á skipið nýja málmhúð, skal svo meta skaðabætur, að draga skal málmvirði hinnar fornu húðar af kostnaði þeim, sem á því verður að leggja á nýja húð úr sama efni og jafnþunga hinni fornu húð, þá er hún var ný, og skal þá bæta afganginn, og sje þó af dreginn $^1/_{60}$ hluti, ef húðin var úr eir eða látúni (yellowmetal) og $^1/_{30}$, ef hún var úr sinki eða öðrum

málmi, fyrir hvern fullan mánuð, og sje talinn þrítugnættur, sem liðinn er frá því, er sú húð var á lögð, er bæta skal annari nýrri. Ef eirhúð eða látúns hefur verið meira en 5 ár í sjó eða húð af öðrum málmi meira en 2 ár og hálft, skal þær engu bæta.

204. gr.

Nú hefur skip farist með öllu við sameiginlegt sjótjón, eða laskast svo mjög, að það er dæmt óbætandi, og skal þá bæta það því verði, sem ætla má, að sannvirði þess væri þá er það fórst, og sje dreginn af verðinu ágóðinn af því, sem kann að hafa orðið bjargað.

205. gr.

Bætur fyrir góss, sem ferst við sameiginlegt sjótjón, skulu metnar eftir gangverði samkyns vöru á ætlunarstað skipsins við komu þess þangað, og komist það, sem eftir er af farmi skipsins ekki á ætlunarstað, skal metið eftir verðinu á þeim stað, þar sem endir var gerður á ferðinni, og skal þó af dregið farmgjald, tollur og annar kostnaður, sem eiganda sparast við það, að varan komst ekki á ætlunarstað hennar.

Verð vörunnar skal ákveðið með lögmætu mati, ef ekki er kostur að fá vitneskju um verð hennar með öðru móti.

Ef varan var seld í neyðarhöfn, má ávalt heimta bætur fyrir hana, að minsta kosti sem því verði nemur, sem hún var seld fyrir.

206. gr.

Ef farmur skemmist við sameiginlegt sjótjón, skulu ákveðnar svo miklar bætur, sem nema verðmun á vörunni óskemdri og skemdri; skal meta verð vörunnar sem óskemd væri, eins og fyrir er mælt í 205. gr., og sami frádráttur gerður sem þar segir; en verð hinnar skemdu vöru fer eftir söluverði hennar, ef hún var seld, áður en sjótjónsreikningi var lokið, ella skal verðið ákveðið með lögmætu mati.

207. gr.

Nú hafa vörur týnst eða spilst við sameiginlegt sjótjón og hafa þegar áður rýrnað að verðmæti við einkasjótjón, spilst af sjálfu sjer eða með öðru móti, eða vörur hafa skemst við sameiginlegt sjótjón og rýrnað síðan enn meira að verði við atburði, sem snertu ekki sjótjónið, og skal þá sú fjárupphæð, er samsvarar rýrnunni, dregin frá skaðabótum. Afdráttarfjeð skal ákveðið með lögmætu mati og skal þá einkanlega miðað við það tjón, sem aðrar vörur samkynja eða svipaðar hafa orðið fyrir við sömu atburði og af sömu sökum, en skemdust ekki við sjótjónið.

208. gr.

Við sameiginlegt sjótjón greiðast engar bætur fyrir vörur, sem ekki fylgir farmbrjef og ekki eru heldur fullnægjandi skýrslur um, að á skip kæmi, hvorki í farmskrá nje gósstökubók eða annarstaðar.

Bæta skal klæðnað og ferðanauðsynjar skipstjóra, skipshafnar og farþega, ef það vitnast, að mist sje við sjótjónið.

209. gr.

Farmgjald af vörum, sem farist hafa við sameiginlegt sjótjón, eða seldar hafa verið í neyðarhöfn, til þess að greiða sjótjónskostnað, skal bæta í sjótjónsreikningi með sömu fjárhæð, sem hefði átt að greiða undir þær, ef þær hefði verið í skipinu til ætlunarstaðar þeirra eða þangað, sem ferðin endar, ef ekki var farið alla leið. Af hinu mista farmgjaldi skal draga þann sjerstaka kostnað, sem kynni að hafa sparast útgerðarmanni við það, að vörunni var varið öðru til bjargar eða hún var seld.

210. gr.

Nú verða skemdir á einhverjum munum við sameiginlegt sjótjón og þeir ónýtast síðan eða skemmast við einkasjótjón, og falla þá niður bótakröfur að öllu eða nokkru fyrir þá muni, ef ætla má með vissu, að tjónið hefði að nokkru eða öllu hlotist af einkasjótjóninu síðar, þótt sameiginlega sjótjónið hefði ekki borið að.

Svo falla og niður eða lækka sjótjónsbætur, þegar ætla má með vissu, að munir þeir, sem fórust við sameiginlegt sjótjón, hefðu ónýtst eða spilst við einkasjótjón síðar, ef þeir hefðu verið þá enn á skipinu.

211. gr.

Nú hljótast skemdir sumpart af sameiginlegu sjótjóni og sumpart af einkasjótjóni og stafar kostnaður af hvorutveggja, og skal þá skifta skemdum og kostnaði milli þeirra eftir sanngjörnu mati.

212. gr.

Skip tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni:

1. eftir því verði, sem skynbærir menn skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr., meta tjónið við komu þess á þann stað, þar sem ferðin er á enda, og
2. eftir því fje, sem í sjótjónsreikningnum er gert í bætur fyrir skemdir á skipi, og þó einungis að því leyti, sem þær skemdir eru þá ekki bættar.

Ef gerðar hafa verið umbætur á skipi eftir það er sameiginlegt sjótjón bar að, eða ef gert hefur verið að skemdum, sem ekki urðu við sjótjónið, þá skal draga af matsverði skipsins svo mikið, sem virðingarverð umbótanna eða viðgerðarinnar nam.

213. gr.

Farmurinn tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni:

1. eftir verðmæti þeirrar vöru, sem á skipinu var þegar sjótjónið bar að og er á skipi við enda ferðar, og skal verðmætið ákveðið eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.,
2. eftir því fje, sem gert er í bætur fyrir góss, sem lagt var í sölur eða spiltist við sjótjónið í ferðinni, og
3. eftir því skaðabótafje, sem farmeigandi fær af útgerðarmanni fyrir vörur, sem farist hafa eða skemst í ferðinni, eða seldar voru til skipsþarfa, sbr. 154. gr.

214. gr.

Farmgjaldið tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni:

1. eftir helmingi þess farmgjalds, er greiða bar við ferðalok

2. eftir helmingi skaðabóta þeirra, sem gerðar eru í sjótjónsreikningnum fyrir mist farmgjald.

Ef ekki er tilskilið neitt ákveðið farmgjald, skal það talið eftir fyrirmælum 155. gr.

215. gr.

Ef farmgjald er greitt fyrir fram, þann veg, að það skuli ekki endurgreiða, þótt ekki verði unnið til neins farmgjalds sökum slysa, þá eru útgerðarmenn ekki skyldir til að taka þátt í sameiginlegu sjótjóni, að því er nemur því fje.

216. gr.

Af því framlöguskyldu fje, sem ákveðið er eftir fyrirmælum 212.—215. gr., skal draga bæði framlög til sameiginlegs sjótjóns, sem síðar kann að hafa orðið í ferðinni, svo og kostnað, sem á kann að hafa fallið við björgun eða verndun hinna framlöguskyldu fjemuna, ef sá kostnaður skal ekki endurgoldinn sem sameiginlegt sjótjón.

217. gr.

Þetta er undanþegið bótaframlögum við sameiginlegt sjótjón:

1. Vistir, kol og aðrar vjelanauðsynjar og hernaðargögn,
2. kaup skipstjóra og skipshafnar, og
3. klæðnaður og ferðanauðsynjar allra manna á skipinu og það, sem þeir bera á sjer.

Nú voru munir þeir einhverjir lagðir í sölurnar við sameiginlegt sjótjón, sem taldir voru til 3. liðar, eða þeir spiltust, og skal þá eigandi taka þátt í niðurjöfnun tjónsins með því fje, sem hann fjekk í bætur fyrir þessa muni í sjótjónsreikningnum.

218. gr.

Fullnaðarmat og niðurjöfnun skaðans, sem varð við sameiginlegt sjótjón, fer fram á þeim stað, þar sem skip og farmur skilja, og eftir því, sem á þeim stað eru lög.

Úrslitareikninga sjótjóns annast hjer á landi 2 menn kvaddir til þess af hlutaðeigandi dómara fyrir rjetti. Dómstólarnir dæma ágreining um rjettmæti sjótjónsreikninga.

219. gr.

Skylt er skipstjóra að annast um alt, er þörf krefur til þess að sjótjónsniðurjöfnunin geti farið fram, og má ekki draga það að nauðsynjalausu.

Hver sá, sem sjótjónið snertir, er skyldur til að sínu leyti að láta í tje allar skýrslur þær og sönnunargögn, sem hinir dómkvöddu niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf.

220. gr.

Nú koma síðar fram fjemunir þeir, er talið var við niðurjöfnunina, að farist hefðu við sameiginlegt sjótjón, eða sá, sem tjóni olli, bætir síðar eitthvað af þeim skaða, sem talin var til sjótjóns, og skal þá gera breyting með aukaniðurjöfnun á allri niðurjöfnun sjótjónsins. En ekki má fresta úrslitagerð sjótjóns af þeim sökum einum, að líkindi gætu verið til að fá aftur fjemuni, sem lagðir voru í sölurnar, eða skaða bættan, sem á varð.

221. gr.

Sjótjónsframlag ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim munum einum, en ekki sem sjálfskuld.

222. gr.

Skip, sem framlöguskylt er til sjótjónsbóta, má ekki fara af þeim stað, þar sem skip og farmur skildu, og góss, sem er í ábyrgð fyrir slíkum framlögum, má ekki fá í hendur eiganda, áður sjótjónsframlög sje greidd eða trygging fengin fyrir framlögunum, ef þau eru þá ekki ákveðin.

223. gr.

Nú verður á skipi eða góssi tjón eða kostnaður, sem stafar af óhappi á ferð, og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, eða skipað er fyrir um með sjerstökum ákvæðum, að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sjótjón (sbr. síðara lið 166. gr.), og skal það þá sem einkasjótjón (partikulært havari) koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms, og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fjemuni, sem kostnaðurinn reis af, og skal þar þá farið svo sem verða má eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður á björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því, sem greitt er af góssinu, sem bjargað varð.

Dómkvaddir menn (sbr. 218. gr.) framkvæma úrslitareikning og niðurjöfnun einkasjótjóns, ef þess krefst einhver sá, sem þar á hlut að máli.

## Níundi kapituli.

### Um tjón af árekstri.

224. gr.

Konungur gefur fyrirskipanir um það, hvers gætt skal á skipi til að forðast árekstur.

225. gr.

Þá er tjón varð af því á skipi eða farmi, að skip rákust á og annað þeirra var eitt saman sök í árekstrinum, þá bætir hið seka skaða þann allan, er af hlautst.

Nú eru bæði skipin sek, og skal þá dómur ákveða, hvort annaðhvort skipið skal greiða skaðabætur og hve miklar, eða hvort skipin skulu hvort sjer hafa skaða sinn óbættan, og skal það metið með hliðsjón á því, hversu þeim yfirsjónum var háttað, sem á urðu fyrir hvorum aðila um sig.

Þá er meta skal sök hvors skips, þá skal dómandi einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

226. gr.

Ef árekstur inn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki, að annarhvor aðila hafi verið sök í honum, fær hvorugt skipið bættan skaða sinn.

227. gr.

Skaðabætur þær, sem greiða skal eftir 225. gr., ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi, ef sá nokkur var valdur að árekstrinum, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

228. gr.

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti, sem það má verða, án þess að hafa sitt skip í háska, skipshöfn þess og farþega, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstur inn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, sem björg veitti, að segja hinum til nafns á skipi sínu og heimkynnis þess, úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

Nú leiðir skipstjóri hjá sjer að nauðsynjalausu að hlýða fyrirmælum þessum, og skal þá telja hann sekan í árekstrinum, nema annað sannist.

## Tíundi kapituli.

### Um björgunarlaun.

229. gr.

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefur eða er statt í nauð, eða farmi þess, eða nokkru af því skipi eða farmi þess, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um, hve mikil skuli vera björgunarlaunin, og sker þá dómur úr; þó sker stjórnarráðið úr ef andvirði þess, sem bjargað var, er ekki meira en 500 krónur.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

230. gr.

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt einkanlega:

1. Háskans, sem það var í statt, sem borgið var; hvort skipverjar höfðu skilist við skipið; hvort þeir áttu hlut í björguninni, eða hvort stutt var að björguninni í heild sinni með tækjum hins nauðstadda skips;
2. háska þess, sem björgunarmönnum og eigu þeirra var stofnað í, og þess tjóns, sem þeir hafa beðið á heilsu eða fjemunum;
3. hagvirkni þeirrar og atorku, sem unnið var með að björguninni, og tíma og áreynslu, sem til hennar var varið;
4. tölu björgunarmanna og tilkostnaðar og verðmætis björgunartækja þeirra;
5. verðmætis þess, sem borgið var.

231. gr.

Ekki má gera björgunarlaun hærri vanalega en þriðja hluta verðmætis þess, sem borgið var, og sje þó af dreginn tollur og önnur opinber gjöld, svo og kostnaður af geymslu, virðingargerð og sölu. Nú er verðmætið lítið og björgunin var mjög hættuleg eða óvenjulega erfið, og má þá hækka björgunarlaunin.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að færa góssið, sem borgið var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru við björgunina.

232. gr.

Nú hafa skipstjóri, útgerðarmaður eða farmeigandi gert samning um björgunarlaun meðan hættan vofði yfir, og er þó þeim manni heimilt, sem greiða skal björgunarlaunin, að skjóta því til dómsúrskurðar, hve mikil launin skuli vera; gera skal hann það, áður 3 mánuðir sjeu liðnir frá því samningurinn var gerður, og getur dómari fært niður hin tilskildu björgunarlaun, ef þau fara að mun fram úr því, sem hæfilegt sýnist. Nú var samningurinn á þá leið, að leggja skyldi bjarglaunin í gerð eða útkljá um þau á annan líkan hátt, og bindur sá samningur ekki þá menn, sem greiða skulu launin, ef þeir segja honum sundur áður mánuður sje liðinn frá því er hann var gerr.

233. gr.

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og þar gætt atvika þeirra, sem 230. gr. tilgreinir; þó sker stjórnarráðið úr að fenginni yfirlýsingu lögreglustjóra ef upphæð þess, sem bjargaðist, fer ekki fram úr 500 krónum, og sömuleiðis ef meiri hluti bjargenda hefur samið svo um.

Nú hefur skip bjargað einhverju í ferð, og skal þá af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, ef gufuskip bjargaði, en helming, ef það var seglskip, en á öðru fjenu skulu vera helmingaskifti milli skipstjóra og skipshafnar, og skal skifta milli hennar að rjettri tiltölu við kaup manna á skipinu. Nú var tilskilið, að skipstjóri eða skipshöfn skyldu hafa minni hlut í launanum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ógildur, nema skipið sje einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert tiltekið björgunarstarf.

234. gr.

Rjett er, að björgunarmenn mótmæli því, að skip, sem bjargað var, eða góss sje fært á burt þaðan, áður þeim sje greidd að fullu björgunarlaunin eða trygging er til fengin fyrir greiðslu þeirra.

## Ellefti kapituli.

### Um sjóveðrjett og fyrning á sjókröfum.

235. gr.

Þær kröfur, sem kröfuhafi á sjóveðrjett fyrir eftir þessum kapítula (sjókröfur), eiga forgangsrjett að veðinu næst eftir opinber gjöld, sem á veðinu hvíla, en ganga fyrir öllum skuldum öðrum.

236. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrjett í skipi og farmgjaldi:

1. Hafnsögumannskaup, björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknanar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins.
3. Kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnaður, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.), sjólánskröfur, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vöru, sem seld var í þágu skips í ferð.
4. Kröfur, til orðnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefur gengið í vegna stöðu sinnar, eða til orðnar við vanefndir á samningum, sem útgerðarmaður gerði sjálfur, eða fjekk öðrum umboð til, og skipstjóra skylda var að annast efndir á, sbr. 12. gr., svo og skaðabótakröfur fyrir tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi þeirra manna, sem ráðnir eru til þess að vinna í skipsins þarfir við skyldustörf þeirra, sbr. 13. gr.; og enn kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir það, sem hann hefur greitt sjálfur til lúkningar kostnaði í skipsins þágu, eða ábyrgst greiðslu á.

Sjóveðrjettur í skipi nær og til skipsbúnaðar, og telst ekki til hans vistabirgðir, eldiviður, kol nje aðrar vjelarnauðsynjar; sjóveðrjettur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald fyrir þá ferð, sem krafan stafar af. Sjóveðrjettur fyrir sjólánskröfum nær til skips eða farmgjalds eða hvorstveggja, eftir því sem sjólánsbrjefið til tekur, sbr. 180. gr.

237. gr.

Kröfum þeim, sem taldar eru í 236. gr., skal fullnægja eftir þeirri röð, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar á sömu ferð. Kröfur taldar í sama tölulið, eru jafnrjettháar sín á milli, en þó svo, að stafi kröfurnar í 1. og 3. lið ekki af sama slysinu, gengur yngri krafan fyrir eldri.

Nú stafa kröfurnar af ýmsum ferðum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari ferð stafar, fyrir hverri kröfu af eldri ferðum; þó heldur skipstjóri og skipshöfn forgangsrjetti sínum til skipsins fyrir svo miklu af inneign sinni eftir síðasta ráðningarsamningi, sem nemur í mesta lagi kaupi 12 síðustu mánaða, þótt skipið hafi farið fleiri en eina ferð á þeim tíma.

238. gr.

Nú ferst skip eða laskast, eða farmgjaldsmissir verður að nokkru eða öllu og með þeim atvikum, að útgerðarmaður á bótakröfu að þeim, er skaða olli, eða hann á þær eftir ákvæðum um sameiginlegt sjótjón, og á þá sá kröfueigandi, sem sjóveðrjett á í skipi eða farmgjaldi, einnig sama rjett í skaðabótafjenu. En ekki skulu þær bætur, sem ábyrgðarsali skal greiða fyrir skip eða farmgjald, koma í stað hins vátrygða veðs.

239. gr.

Þá er skip er selt á nauðungaruppboði, fellur niður sjóveðrjettur í því skipi, en veðhafi á þá í stað þess veðrjett í kaupverði skipsins, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Svo skal og vera, ef skip er selt eftir að það var dæmt á lögmætan hátt óbætandi. Nú verða önnur og sjálfráð eigandaskifti að skipinu, og eiga þá kröfur þær, sem nefndar eru í 236. gr., eftir sem áður veðrjett í því skipi.

240. gr.

Nú fellur sjóveðrjettur niður við það, að bótafje, söluverð eða farmgjald, sem sjókrafa er trygð með, er greitt af hendi til útgerðarmanns, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fje hrekkur, sem hann tók við, ef hann var þar ekki í sjálfskuld áður. Á sama hátt ábyrgist hann gagnvart þeim, sem sjóveðrjett eiga í farmgjaldi, venjulegt farmgjald af góssi, sem hann hefur sjálfur látið í skip.

Nú er þetta fje, sem nefnt var, greitt þrotabúi útgerðarmanns, og skal því þá varið til að fullnægja þeim kröfueigendum, sem sjóveðrjett áttu í fjenu.

241. gr.

Nú verður skip við frjálst afsal eign manns, sem ekki getur átt íslenskt skip, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim sjóveðrjettarkröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfskuldarmaður, þótt hann ábyrgðist þær áður að eins með skipi og farmgjaldi. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum þá er það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins.

242. gr.

Nú hefur útgerðarmaður greitt út til fullnægingar sjóveðrjettarkröfu alt það, er hann var skyldur til eftir 240. og 241. gr., og það kemur síðar fram, að önnur krafa átti þar forgangsrjett, og er þá útgerðarmaður ekki skyldur til meiri greiðslu, ef hann vissi ekki af þessari kröfu þá er hann greiddi hitt. Þó ná þessi ákvæði ekki til þeirrar greiðslu, sem útgerðarmaður innir af hendi til fullnægingar kröfum, sem hann ábyrgðist sem sjálfskuld.

Nú hefur kröfueigandi fengið með þessum hætti fje, sem öðrum bar að rjettu, og ábyrgist hann þá þeim manni kröfu hans, en þó ekki lengra en það fje hrökkur, sem hann tók við, og því að eins, að hann vissi af þeirri kröfu þá er hann tók við fjenu.

243. gr.

Þó eigandi leigi öðrum manni skip til siglinga á hans kostnað, breytir það í engu þeim rjetti, sem sjóveðhafi á eftir þessum kapítula til aðgangs að skipinu.

244. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrjett í farmi:

1. Björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur um framlög farms til sameiginlegs sjótjóns, eða til kostnaðar, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.); sjólán, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vörur, sem seldar voru í þágu annara farmeiganda.
3. Kröfur, sem stafa af skuldbindingum, sem skipstjóri hefur gengið í fyrir hönd farmeiganda vegna stöðu sinnar, svo og kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir fje, sem hann hefur sjálfur greitt eða tekið ábyrgð á til lúkningar kostnaði á farmi.
4. Kröfur fyrir farmgjald, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og dvalir þær, sem meiri verða við ferming og afferming.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær nú voru taldar í. Kröfur í sama lið eru jafnrjettháar, og þó því að eins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama slysi; ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

245. gr.

Sjóveðrjettur í farmi fellur niður þá er varan er seld í hendur sendanda eða viðtakanda. Svo er og ef varan er seld á nauðungaruppboði eða skipstjóri seldi hana í ferð í þarfir skips eða farms, en í stað þess á kröfueigandi veðrjett í söluverðinu, meðan það er ekki látið af hendi.

246. gr.

Um rjett sjóveðhafa til að leita sjer fullnægingar í skaðabótafje því, sem ógoldið er fyrir skemdir eða tjón á farmi, svo og skaðabótafje, sem farminum ber eftir ákvæðunum um sameiginlegt sjótjón, gilda samskonar fyrirmæli, sem talin eru í 238. gr. um sjóveð í skipi. Bótafje, sem ábyrgðarsali skal greiða, skal ekki heldur koma hjer í stað veðsins.

247. gr.

Nú hefur farmeigandi veitt viðtöku nokkrum hluta sölufjár eða bótafjár, sem sjóveðhafi á rjett til að leita sjer fullnægingar í eftir 245. og 246. gr., og ábyrgist þá farmeigandi honum sjóveðrjettarkröfu hans sem sjálfskuldarmaður, eftir sömu fyrirmælum, sem mælt er um útgerðarmann í 240. og 242. gr.

Ákvæðin í 2. lið 240. gr. koma og til greina á sama hátt, ef fjeð var greitt þrotabúi farmeiganda.

248. gr.

Nú lætur skipstjóri selja af hendi án samþykkis kröfueiganda vöru, sem sjókrafa á veðrjett í, og ábyrgist þá skipstjóri fullnæging á kröfunni, svo og viðtakandi, ef hann vissi af veðrjettinum, þá er varan var látin af hendi

við hann. Nú sannast það, að farmurinn var ónógur til fullnægingar kröfunni, þá er hann var látinn af hendi, og nær þá ábyrgðin ekki lengra en verðmæti farmsins hrökkur til.

249. gr.

Ef eigandi sjókröfu hefir fleiri veð en eitt fyrir kröfu sinni, á hann heimilt að ganga að hverju veðinu sem vill fyrir allri kröfu sinni.

Nú hefur hann leitað sjer í einu veðinu lúkningar á meira fje, en koma mundi á það veð að rjettri tiltölu, og getur þá sá eigandi, sem skaða bíður, svo og sá sjóveðhafi, sem veð sitt fjekk svo rýrt, að ekki hrökkur til lúkningar, gengið að hinum öðrum veðum með sömu heimild, sem sá kröfueigandi átti, er leitaði sjer lúkningar í veði því, sem getið var, og gengið að veðinu til lúkningar jafnmiklu fje, sem hitt var, er greitt var um of af eign hans eða veði.

Nú er sami eigandi að öllum hinum veðbundnu hlutum og einhver kröfueigandi á sjerstakan sjóveðrjett í einum þeirra, og annar maður hefur leitað sjer lúkningar í því veði, og er þá þeim manni, sem sjerstaka veðrjettinn á, heimilt að ganga að hinum öðrum veðum til lúkningar öllum þeim hluta skuldarinnar, sem hann fjekk ekki greiddan af veði sínu, sakir þess að það var skert; en ef það var ekki skert meira en koma skyldi á veð hans að rjettri tiltölu, þá skal hann þoka fyrir öðrum mönnum, sem trygging kunna að eiga í þeim fjemunum.

250. gr.

Sjálfráður er kröfueigandi að höfða mál hvort er hann vill á hönd útgerðarmanni eða skipstjóra til fullnægingar á sjókröfu, sem veð er fyrir í skipi eða farmgjaldi. Ef kröfueigandi, annar en útgerðarmaður eða skipstjóri, á sjóveðrjett í góssi, þá má lögsækja skipstjóra.

251. gr.

Nú eru kröfur, sem eiganda er heimilt eftir þessum lögum að leita sjer fullnægingar á í þeim munum einum, sem hann á sjóveðrjett í, og fyrnast þá þær kröfur hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðara lið 166. gr. og 2. lið 223. gr.), fyrnast áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagerðar sjótjónsins.

Kröfur til skaðabóta á glötuðum eða skemdum farmi fyrnast áður ár sje liðið frá því, er affermt var.

Kröfur til allra annara skaðabóta fyrnast áður tvö ár sje liðin frá því, er tjónið bar að.

Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur fyrnast áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfueigandi auk þess rjett á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir einhverjum af þessum kröfum, sem nefndar voru, og taka þá hin almennu fyrningarákvæði laga til þessa rjettar hans.

252. gr.

Sjóveðrjettur sá, sem 2. tölul. 236. gr. heimilar skipstjóra og skipshöfn, fellur niður, ef honum er ekki fylgt með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá þeim degi, er starfstíma þeirra lauk. Nú á skuldheimtumaður annars eftir lögum þessum sjóveðrjett í skipi, farmgjaldi eða farmi til tryggingar einhverri þeirri kröfu, sem skuldunautur ábyrgist sem sjálfskuld, og fellur þá sjóveðrjettur hans niður eftir tímatakmörkum þeim, sem 251. gr. til tekur.

## Tólfti kapituli.

### Um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl.

253. gr.

Ef skipstjóri ræður til sín nokkurn þann mann, sem honum er kunnugt um, að annar maður hefur áður ráðið á annað skip, sætir hann alt að 200 kr. sektum.

254. gr.

Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eitt eintak af lögum þessum og af reglugerðum þeim og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann alt að 100 kr. sektum.

Sömu sektum varðar það, ef skipstjóri vanrækir þær skyldur, sem 76. gr. leggur á hann.

255. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr., sbr. 84. og 85. gr., um skráning í leiðarbók, eða dagbók, geymslu þeirra og sýningu, varðar það 10 til 500 kr. sektum.

Nú hefur skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, dregið hana undan eða gert ólæsilega, og varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, nema þyngri refsing liggi við. Sama gildir um dagbók.

256. gr.

Nú er svo ástatt, sem ræðir um í 45. gr., og vanrækir skipstjóri að gefa skýrslur þær, sem þar er boðið, og varðar það þá 10 til 500 kr. sektum.

257. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 2. lið 52. gr. eða í 106. gr., eða refsar skipverja án lögmætra saka, eða svo, að hann hefur ekki þá aðferð, sem boðin er í 108. gr., eða leggur á harðari refsing en 107. gr. heimilar, þá varðar það sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að almennum lögum.

Dragi skipstjóri lögboðið fæði af skipverjum, eða beiti við þá óþarfa hörku, skal hann sæta 10 til 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

258. gr.

Nú fremur skipstjóri launflutninga eða annað athæfi ólöglegt og skaðar með því útgerðarmann, farmeigendur, ábyrgðarsala eða aðra, sem þessi lög skylda skipstjóra til að annast hagsmuni þeirra, og varðar það þá sektum eða fangelsi, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Ef skipstjóri flytur án leyfis útgerðarmanns vöru, sem stofnar skipi eða farmi í háska eða áhættu, varðar það og 25 til 500 kr. sektum eða fangelsi.

259. gr.

Ef skipstjóri skilur við skipið og hefur ekki sagt upp stöðu sinni í tæka tíð eða á rjettan hátt, þá sætir hann fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru. Ef hann skilur við skipið í sjávarháska og gætir ekki fyrirmæla 48. gr., eða ef svo er ástatt, að skipið komist við það í augljósa hættu, getur refsingin orðið betrunarhúsvinna.

260. gr.

Nú leggur skipstjóri út skipi án þess sjerstök atvik knýi hann til og stofnar með því öllum, sem á eru í bersýnilegan lífsháska, sakir þess, hve skipið er gallað að skrokki, vjel eða útbúnaði, eða er svo ofhlaðið eða óhæfilega, eða svo illa skipað, að hann hlaut að sjá þetta fyrir, og sætir þá skipstjóri fangelsi eða sektum, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Vanræki skipstjóri að öðru þær skyldur, sem hann skal gegna eftir 31. gr., skal refsa honum með 10 til 500 kr. sektum.

Refsingum þeim, sem til eru teknar hjer á undan, skal einnig beitt við útgerðarmenn og aðra, sem ráða fyrir burtför skips fyrir þeirra hönd, þegar þeir einir eða með öðrum mönnum hafa ábyrgð á slíkum glæpum eða yfirsjónum.

Nú vanrækir farmsendari skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglum þeim og fyrirskipunum, sem settar eru með tilskipun samkvæmt 31. gr. um ferming o. s. frv. á sprengiefnum, eldfimum og etandi hlutum, og skal honum þá refsað með þeirri hegning, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, ef hann hlaut að sjá það fyrir, að hann með atferli sínu stofnaði þeim, sem á skipi eru í ferðinni, í bersýnilegan lífsháska. Vanræki sendandi að öðru leyti þær skyldur, sem á honum hvíla samkvæmt greindum ákvæðum, skal refsa honum með þeirri hegningu, er ákveðin er í 2. lið greinarinnar.

261. gr.

Ef skipstjóri hefur orðið valdur að tjóni á sjó með ónytjungshætti, ofdrykkju eða öðru hirðuleysi um skyldur sínar, skal hann sæta fangelsi eða sektum, nema atferli hans sje svo háttað, að þyngri refsing liggi við.

262. gr.

Vanræki skipstjóri það, sem 228. gr. skyldar hann til að gera, ef skip rekast á, varðar það fangelsi eða sektum ekki minni en 100 kr.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 224. gr. um það, hvers gætt skal á skipi, til þess að forðast árekstur, varða 5 til 200 kr. sektum.

263. gr.

Ef skipstjóri færist undan að taka við farmönnum á skip sitt, þá er svo er ástatt sem 39. gr. ræðir um, og hefur ekki lögmæta afsökun, sætir hann 15 til 500 kr. sektum.

264. gr.

Nú hefur skipstjóri orðið sekur eftir síðari lið 255. gr. eða eftir 257. gr. og eru miklar sakir til, eða eftir 2. málsgr. 259. gr. eða 1. lið 260. gr. eða 261. gr., og má þá auk refsingar dæma hann óhæfan til skipstjórnar. Ekki frestar áfrýjun til æðri dóms framkvæmd dómsins að þessu leyti; en ef sök skipstjóra ber undir 261. gr. og málið er tekið upp aftur, þá getur nýr dómur ónýtt hinn eldra dóm, og líði þó ekki skemri tími en ár milli dómanna og færi hann fram sönnur, sem mæla með því, að trúa megi honum fyrir heimild til að ráða fyrir skipi.

265. gr.

Ef maður kemur ekki í skiprúm sitt á til teknum tíma, sætir hann 5 til 200 kr. sekt. Sömu sekt varðar það, ef maður ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, sem hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi.

266. gr.

Ef maður strýkur úr skiprúmi, varðar það 14 daga til 3 mánaða einföldu fangelsi. Ef skipverjar strjúka saman fleiri eða höfðu samtök um að strjúka, skal lengja fangelsisvistina eftir atvikum, eða þeir látnir sæta fangelsi við vatn og brauð.

Nú strýkur skipshöfn eða meiri hluti hennar, eða högum var svo háttað þá er menn struku, að strokumenn hlutu að sjá það fyrir, að skipið kæmist við það í háska, og getur það þá varðað fangelsi við vatn og brauð alt að því, sem það verður mest, eða betrunarhúsvinnu alt að einu ári.

Ef strokumaður hverfur aftur til skips að sjálfs síns vild áður skipið lætur út frá þeim stað, sem hann strauk frá, má færa sekt hans niður, svo að hún verði frá 10 til 400 kr., og sje málsbætur að öðru leyti.

267. gr.

Nú strýkur maður með kaup sitt, sem hann hefur enn eigi unnið fyrir, og skal honum þá hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann hafði tekið við skipsstörfum sínum eða ekki, nema málavextir geri það sennilegt, að það væri ekki ásetningur hans að draga undir sig kaup það, sem honum var greitt en hann var ekki búinn að vinna fyrir.

268. gr.

Nú er maður fjarstaddur er skip lætur úr höfn eða er burtu lengur en sólarhring, eða sólarhring lengur en honum var lofað, og er hann þá strokumaður, nema ætla megi af atvikum, að það væri ekki tilgangur hans að skjótast undan skipsstörfum sínum.

269. gr.

Nú fer maður frá skipi, og er skipið í háska statt, og gætir hann ekki fyrirmæla 2. liðs 83. gr. eða þess, sem góður sjómaður er skyldur til að gæta, og varðar það þá sektum eða einföldu fangelsi.

270. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi eftir 92. gr. og það reynist við skoðunargerðina, að engin sennileg rök voru til að telja skipið ósjófært, og varðar það alt að 100 kr. sektum eða fangelsi.

271. gr.

Nú rís farmaður upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, og beitir þó ekki ofbeldi eða ógnar með því, og sætir hann þá 10 til 500 kr. sektum eða einföldu fangelsi, eða fangelsi við vatn og brauð, ef miklar sakir eru.

Nú var skipið í höfn eða við festar í tryggu lægi, og skoraðist farmaður þá undan hlýðni við skipstjóra eða þann mann, sem var í hans stað, og það reynist, að orsökin til óhlýðni farmanns var sú, að skipstjóri eða staðgöngumaður hans vildu meina honum að fara frá skipi til að kæra við rjett yfirvald atferli skipstjóra eða ásigkomulag skipsins, og geta þá sektir fallið niður, ef málsbætur voru að öðru leyti.

272. gr.

Ef nokkur skipverji ræðst á skipstjóra á skipi eða í landi með ofbeldi eða ógnunum um ofbeldi, varðar það fangelsi, nema atferli skipverja væri svo háttað, að meiri refsing lægi við, eða sektum, ef málsbætur eru, einkanlega ef skipstjóri var sjálfur sök í árásinni með óhæfilegu atferli sínu.

Nú verður skipstjóri eða annar yfirmaður fyrir slíkum árásum þá er þeir eru að skyldustörfum sínum, eða á að þröngva honum til að vinna eitthvert start, er að köllun hans lýtur, eða tálma honum frá að vinna það, eða var ráðist á þá, sakir þess, sem þeir gerðu eða ljetu ógert, og skal það þá varða hegningarvinnu alt að þremur árum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir atvikum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki skemra en 2 mánaða einföldu fangelsi.

273. gr.

Nú gerir skipshöfn eða nokkur hluti hennar samblástur til að ná skipstjórninni á vald sitt, eða það er gert til þess að þröngva skipstjóra eða þeim manni, sem stjórn hefur í hans stað, til þess að hafast eitthvað að sjerstaklega eða láta það ógert, eða samblástur var vakinn í þeim tilgangi, að menn heftu í sameiningu með ofbeldi einhverja þá ráðstöfun, sem skipstjóri hafði gert um skylduverk sín, eða sá maður, sem hefur stjórn í stað skipstjóra, og samblástursmenn hverfa ótilkvaddir aftur til hlýðni og reglu, eða af því skorað var á þá, og hvorki hefur verið unnið ofbeldisverk á mönnum nje munum, og varðar það þá forgöngumenn eða foringja samblástursins fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, og skal þá ekki refsað öðrum mönnum.

Nú hverfa uppreistarmenn ekki þann veg aftur til hlýðni og góðrar háttsemi, heldur þrjóskast þeir við skipunum skipstjóra, eða þess manns, sem

stjórn hefur í hans stað, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar samblásturs, ef ekkert ofbeldi var framið, sæta fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, og aðrir samsærismenn fangelsi. Ef samsærið varð þá, er svo stóð á, sem ráð er fyrir gert í 2. lið 271. gr., getur refsingin orðið vægari, og þó ekki minni fyrir forgangsmennina en fangelsi.

Nú var ofbeldi framið á mönnum eða munum, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar sæta hegningarvinnu alt að 6 árum, ef verknaðinum var ekki svo farið, að þyngri refsing varði, en aðrir samsærismenn sæti fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum.

274. gr.

Verði farmaður valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, sætir hann sömu refsingu sem skipstjóra var gerð í 261. gr. Verði stýrimanni það eða vjelarstjóra, þá má, með sömu afleiðingum og fyrir er mælt í 264. gr., úrskurða þá með dómi óhæfa til starfa síns og óheimila þeim þann starfa.

275. gr.

Ef einhver skipverja hefur góss með sjer án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af því góssi, varðar það 10 til 200 kr. sektum eða fangelsi.

276. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðru móti en áður er sagt, eða raskað góðri háttsemi og reglu, og varðar hann það þá 5 til 200 kr. sektum.

277. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 107. gr. og verður mál höfðað um það á hendur honum, og skulu dómendur þá kveða á um sekt hans með rjettmætri hliðsjón á hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

278. gr.

Ákvæði 253.—264. gr. taka og til þess manns, sem gegnir starfi skipstjóra í forföllum hans.

279. gr.

Yfirsjónir þær, sem um er rætt í 253. gr., í fyrri lið 257. gr., í 258. gr., í fyrri málsgrein 259. gr., í 265., 266., 269., 270., 271., 275. og 276. gr., skulu ekki sæta opinberri málshöfðun, nema sá krefjist, sem misboðið var, skipstjóri eða útgerðarmaður. Mál, sem ekki varða meira en sektum, svo og mál, sem koma undir fyrri málsgrein 259. gr., 266. og 270. gr., skal fara með sem opinber lögreglumál; en komi til þess, að dæmd geti orðið á hendur manni betrunarhúsvinna eftir 266. gr. eða fangelsi við vatn og brauð, þá skal skipa talsmann sakborningi, ef hann æskir þess þá er hann er spurður.

280. gr.

Sektir, sem dæmdar eru á hendur mönnum eftir þessum kapítula, renna í landssjóð og ef sektir eru ekki greiddar, sæti menn fangelsisvist eftir almennum fyrirmælum um afplánun sekta í öðrum málum en sakamálum.

Þar sem fyrirskipuð er fangelsisrefsing í þessum kapítula, skal farið eftir ákvæði 26. gr. hinna almennu hegningarlaga.

## Þrettándi kapítuli.

### Um hvenær lög þessi öðlast gildi og um afnám eldri lagaákvæða.

281. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirfarandi lagaákvæði:
10. og 25. kap. farmannalaga Jónsbókar,
26. gr. rjettarbótar 1314,
5. kap. 4. bókar dönsku laga Kristjáns 5.,
tilsk. 28. des. 1792 um krófur farmanna í þrotabúum,
tilsk. 19. des. 1794 um respondentiabrjef,
tilsk. 3. febr. 1836 I um skyldu skipstjóra til að flytja menn á alþjóðakostnað,
lög nr. 2, 14. jan. 1876 um skipströnd, 7. og 8. gr, nema síðasti partur 8. gr.,
lög nr. 25, 9. des. 1889 um varúðarreglur til að forðast ásiglingar,
farmannalög nr. 13, 22. mars 1890,
lög nr. 31, 13. des. 1895 um skrásetning skipa, 1. gr.,
lög nr. 13, 9. sept. 1899 um dag- og næturbendingar, 2. gr.,
fátækralög 10. nóv. 1905, 23.—26. gr.,
lög nr. 20, 16. nóv. 1907 um veð í skipum,
og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

282. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed.

# 248. Frumvarp

til landskiftalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Öll heimalönd sveitajarða, sem fleiri býli hafa til samnota, tún, engi og úthagi, og sem ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota svo sannanlegt sé, eða viðurkend merki eru til um, geta komið til skifta samkvæmt lögum þessum. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðaparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Úttektarmenn skulu gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Sýslumaður skal og nefna oddamann til skiftagerðar, og skal hann vera formaður úttektarmanna og stýra skiftunum; hann skal bóka skiftagerðina og skera úr, ef úttektarmenn greinir á.

Úttektarmenn fá í dagpeninga 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum, en oddamaður 4 kr.

3. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sjerstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sjerstakt býli, og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiði sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað, að út sje skift nema nokkrum hluta lands þess, er býli hans fylgir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

4. gr.

Skifti þau, er um ræðir í 3. gr., skulu vera til fullrar eignar, og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, og svo leiguliðum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á landinu, að vera við skiftin. Þeim skal einnig gefinn kostur á að vera við yfirmat og upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu þó aðilar viðstaddir, er úttektarmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín að síðustu úrslit skiftanna. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í landi því, sem skift er, um 1 ár frá því er sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla, til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður yfirmatsmanna og stýra matinu.

5. gr.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag, meðan þeir eru að skiftum og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess beiðist, sje engin breyting gerð á skiftum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

6. gr.

Áður en skifti byrja, skulu þeir, sem skifta eiga landi, rannsaka, ef þörf er á, að land það, er skifta skal, sje með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Sje landi því, er skifta skal, að einhverju leyti áður skift, skulu þeir einnig gera sjer glögga grein fyrir merkjum þeim, er sett hafa verið við þau skifti. Leita skulu þeir og upplýsinga um rjettindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess.

Sjeu merki milli lands þess, er skifta skal, og annarar jarðar eða jarða, krókótt og óhagkvæm fyrir skiftin, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting merkjanna.

7. gr.

Skifta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi. Verði þessu ekki við komið, skal tilgreina ástæður fyrir því.

8. gr.

Nú hefir einhver eigandi að óskiftu sameignarlandi tekið og ræktað einhvern hluta þess, án samþykkis þeirra, er land eiga með honum. Skulu þá úttektarmenn við skiftin láta hann halda þessu landi, móti því að hinir sameigendurnir fái hvor um sig að tiltölu samsvarandi hluta af sameignarlandinu, en verði því ekki við komið, skal meta þeim, er landið ræktaði, hæfilegar bætur fyrir ræktunarkostnað á því landi, er hann missir við skiftin, og greiða þeir bæturnar, sem landið hljóta. Sje land þetta sjerstaklega girt, skal eiganda girðingarinnar heimilt að taka hana upp og flytja burtu.

9. gr.

Nú liggja tún- eða engjavegir yfir land það, er skifta skal, eða þeir, er skiftin gera, álíta nauðsynlegt, að slíkir vegir verði þar lagðir. Skal þá í skiftagerðinni ákveðið, hvar nýja vegi skuli leggja, og hvernig vera skuli aðstaða landeiganda innbyrðis um lagning, viðhald og notkun slíkra vega.

Nú er land það, er skifta skal, að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblástri, skal þá við skiftin taka sjerstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skift.

Ef svo stendur á, að mýri eða votlend landspilda, sem þarfnast framræslu,

er í hinu óskifta landi, skulu þeir, sem skiftin gera, sjá fyrir því, að þau geti á engan hátt hindrað framkvæmd framræslunnar.

10. gr.

Skiftagerðir allar, er gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skal rita í sjerstaka bók, er sýslumaður löggildir. Andvirði bókarinnar greiðist úr sýslusjóði. Landstjórnin semur og útbýtir, á landsjóðs kostnað, fyrirmynd fyrir bókfærslu slíkra skiftagerða.

11. gr.

Þegar úttektarmenn hafa skift landi samkvæmt 3. gr. laga þessara, skulu þeir, áður en þeir fara frá skiftum, láta setja glögg merki fyrir því, hvernig þeir hafa skift landinu. Skulu allir þeir, er hlut eiga að máli, skyldir til að gera merki þessi. Úttektarmenn skulu lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega í skiftagerðinni, að ekki verði um vilst.

Með merki þau, er ákveðin eru til fullnaðar með skiftum úttektarmanna eða með yfirmati, skal farið svo sem landamerkjalög mæla fyrir.

12. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver óskar þess; kostnaðinn greiði þeir allir eftir jarðastærð.

13. gr.

Landeigendum er frjálst að skifta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum, og leiguliðar og aðrir, er notkunarrjett hafa á landinu, og skiftin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Um slík skifti skal skrá greinilega skiftagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiftin, takmörkum þess og rjettindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiftin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skift var. Skiftagerð þessari skal þinglýsa.

Sje ekki skift að tiltölu rjettri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða rjettindum innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, skal líta á það sem afsalað eða selt, og breytist þá jarðamat eða skattskylda jarðanna eða jarðarpartanna samkvæmt því.

14. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiftu landi, má enginn eiganda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn þeirra nota beitina nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektarmönnum.

Ítölu skal meta eftir jarðarmagni, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fjenað má í högum hafa, án þess örtröð verði.

Nú hefir einhver sambeitareigenda minni fjenað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meir en þeim ber, skulu þeir þá hafa forgangsrjett til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurjett þess, sem of fátt hefir, meðan hann notar eigi sjálfur.

Ed.

## 249. Nefndarálit

um frv. til laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

Landsstjórnin hefir samið þetta frumvarp eftir áskorun Alþingis 1912.

Nefndin er ánægð með frumvarpið í öllum aðalatriðum og telur nauðsynlegt að það nái fram að ganga.

Í athugasemdum stjórnarinnar eru nægar skýringar á öllum frumvarpsgreinunum. Breytingartillögur nefndarinnar eru flestar að eins orðabreytingar og engar verulegar efnisbreytingar; mun framsögumaður gera grein fyrir þeim þegar málið kemur til umræðu.

### BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. a) Fyrir: »þær sveitir sem næstar eru« komi: þær þinghár, sem næstar eru, að öllu eða nokkru leyti.
   b) Fyrir: »sveitarstjórna þeirra« komi: bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda.
   c) Orðin: »eða bæjarstjórnar« í 2. málsgr. falli burtu, og »á að máli« verði: eiga að máli.
   d) Á eftir: »sjódómsmenn« í upphafi 4. málsgr. komi. í tiltekinni röð.
   e. Orðin: »bæjarstjórna og« í 4. málsgr. falli burtu.
   f) Orðið »um« á tveim stöðum í síðustu setningu 4. málsgr. fallt burtu.
   g) Upphaf 5. málsgr. »Hjeraðsdómarinn . . . . . sem þeir eru skipaðir« orðist þannig: Hjeraðsdómari kveður tvo hinna skipuðu sjódómsmanna til að sitja í dómi um hvert mál, sem fyrir kemur; skal kveðja sjódómsmennina hvern af öðrum eftir útnefningarröð.
2. — 4. — Fyrir »muni rækja« komi: skuli rækja.
3. — 7. — a) Fyrir »síðan« í upphafi 2. málsgr. komi: jafnan.
   b) Orðin »og á hann enga . . . eða þorps« í 2. málsgr. falli burtu.
   c) Fyrir »Formaður skal þó ekki kveðja meðdómsmenn sína« í 2. málsgr. komi: þó skal hann ekki kveðja þá.
   d) Fyrir »ekki þolir bið« í 2. málsgr. komi: eigi má dragast, og fyrir »taka til rannsóknar» komi: byrja rannsókn.
4. — 10. — Fyrir »ekki þola bið« komi: ekki mega bíða.
5. — 11. — Fyrir »leiðarbækur skipsins« í 1. málsgr. komi: skipsbækurnar.
6. — 12. — a) Fyrir »tekið grunn« komi: farið á grynningar.
   b) Fyrir »ranglega« í 2. tölulið komi: skakt.

Alþingi, 1. ágúst 1913.

| Sig. Eggerz, | G. Björnsson. | Eiríkur Briem. |
|---|---|---|
| (formaður). | (skrifari og framsögumaður). | |

Nd. **250. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um hringnótaveiði.

Frá meiri og minni hluta nefndarinnar.

Nefndin er — að flutningsmanni undanskildum — þeirrar skoðunar, að ekki geti komið til mála, að heimila samþyktir þær, er hjer ræðir um, svo sem farið er fram á í frumvarpinu, og það af ástæðum þeim, er nú skal greina.

Hringnótaveiði er nú stunduð innan landhelgi bæði af gufuskipum, vjelaskipum og að nokkru af vjelabátum, með veiðarfærum sem kosta um 3—4000 kr.

Ef hringnótaveiðin yrði bönnuð með öllu í landhelgi —, sem gjöra mætti ráð fyrir, ef lögin öðlast gildi — yrði afleiðingin sú, að minni skipin — vjelabátarnir —, yrðu að líkindum með öllu að hætta veiðinni, og keypt veiðarfæri yrði þeim þannig lítilsvirði, og síldarafli gufuskipanna mundl minka að mun, því það mun engum vafa undirorpið, að gufuskip geta oft verið að umræddum veiðum í landhelgi, þótt ekki sje þeim fært að stunda veiðar fyrir utan landhelgina, sökum stórviðris og stórsjóa, því alkunnugt er að logn og sjóleysi getur verið dögum saman á fjörðum inni, en stórsjóað í hafinu. Þá athugast einnig, að komið getur fyrir, að síld aflist fyrir innan landhelgislínuna, en ekki fyrir utan.

En meiri hluti nefndarinnar telur framangreindar ástæður ekki því til fyrirstöðu, að samþyktir um hringnótaveiði verði heimilaðar innan línu, sem hugsast dregin um þveran Eyjafjörð, þannig, að línan snerti ytri enda Hríseyjar, því nokkurnvegin áreiðanleg vissa þykir fengin fyrir því, að gufuskip muni örsjaldan veiða innan umræddrar línu, en hins vegar mundu vjelabátarnir geta sótt út fyrir hana.

Meiri hlutinn vill því leggja til, að samþykt í ofangreinda átt sje heimiluð á umræddu svæði, og leyfir sjer því að bera fram breytingartillögur við frumvarpið á þingskjali 158.

Að meiri hlutinn yfirleitt hefir hallast að tillögum þessum — takmarkaðri samþyktarheimild —, styðst við það, að ekki þykir ósennilegt, að síldargöngurnar geti truflast við hringnótaveiði í jafnmjóum álum og þeim, er að Hrísey liggja, og sömuleiðis, er innar á Eyjafjörð kemur.

Þá hefir það og vegið nokkuð hjá meiri hlutanum, að útvegsbændur þeir, er búa við hið fyrirhugaða samþyktarsvæði, hafa allmikinn áhuga í þá átt, að útrýma hringnótaveiðinni í Eyjafirði.

Stefán Stefánss., Eyf. G. Eggerz.
formaður og framsögumaður meiri hlutans.

Tryggvi Bjarnason.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Við höfum eigi getað orðið sammála samnefndarmönnum okkar í þessu máli, og leyfum okkur að færa nokkur rök fyrir áliti okkar. Við getum yfir höfuð ekki fallist á, að nein sönnun sje fyrir því, að hringnótaveiði spilli fyrir veiðiskap manna með lagnetum eða fyrirdráttarnótum. Sú kenning, að hringnótin styggi síldina svo að hún hlaupi úr fjörðum til hafs, virðist okkur afar óaðgengileg.

Fyrst er það að athuga, að með hringnót er síldin að eins tekin í yfirborði sjávarins, og sú eina hreyfing, sem á síldinni verður, er sú, að hún dýpkar á sjer og leitar til botnsins, en þýtur eigi til hliða í allar áttir, og þá ekki heldur eingöngu til hafs eins og andstæðingar hringnótaveiðarinnar virðast hugsa sjer. Í þessu sambandi mætti minna á þá kenningu þeirra manna, er halda því fram, að hvalir sje nauðsynlegir fyrir síldarveiðina, að þegar hvalur komi inn á fjörð, þá leiti síldin að löndunum beggja megin fjarðarins, og verði því auðveldara að ná henni í nót. En ef nú hvalurinn getur orðið þess valdandi, að síldin hlaupi undir land, þá ætti og hver annar usli er gerður væri í síldartorfunum úti á firðinum að gjöra slíkt hið sama, en eins og áður er sagt, hyggjum við að usli sá sje lítill, er hringnótin veldur, og viljum því eigi beinlínis halda því fram, að hún sje til bóta fyrir lagnetaveiði eða nótveiði við land.

Hinsvegar er okkur það fulljóst, að slík samþykt, sem hjer er farið fram á, mundi stórum hefta hringnótaveiðina, og það teljum við illa farið.

Eins og nú stendur, er hringnótin fullkomnasta veiðarfærið við síldveiði, sem nú þekkist, og gerir aflann miklu fljótteknari en nokkurt annað veiðarfæri, enda er sá útvegur alldýr, eins og meiri hluti nefndarinnar tekur með rjettu fram.

Við verðum því að telja það mjög hættulega tilraun. að hefta þennan útveg á nokkurn hátt, þótt ekki væri nema um fárra ára bil.

Meiri hluti nefndarinnar kannast við það, að oft megi veiða síld í mynni Eyjafjarðar, þótt eigi sje unt að vera að veiði á hafi úti, sökum storms, en hins lætur hann ógetið, að oft má vera við veiði innan við Hrísey, þótt eigi sje unt að fiska utan við hana sökum storms. Eyjan dregur því nær úr öllum hafsjó, og þess utan getur síldin haldið sjer innan við eyna, þótt síldarlaust eða síldarlítið sje utan við hana.

Okkur er það og kunnugt, að hringnótagufuskipin frá Reykjavík eru alloft við síldarveiði á því svæði, og má nærri geta að þau gera það eigi af öðru en því, að þau telja sjer það hagkvæmara en aðra staði.

Þá má og geta þess, að Akureyringar telja eigi slíka samþykt, sem hjer er farið fram á, æskilega.

Álíta þeir, að það mundi minka að mun atvinnu bæjarmanna, ef hringnótaveiðimenn yrði að sækja síldina lengra burtu; því þá yrði þeir neyddir til að hafa uppsátur annarsstaðar t. d. á Siglufirði.

Þótt almenningsvilji töluverður virðist koma fram í þessu máli, þá viljum við þó benda á þingmálafundargjörð frá Akureyri, er gengur í gagnstæða átt við samþykt þá, er hjer um ræðir.

Af framanskráðum ástæðum og sökum hinnar dýrkeyptu reynslu hjer

á landi í fiskisamþyktamálum, verðum við að ráða háttvirtri neðri deild til að fella frumvarp þetta.

Neðri deild Alþingis, 1. ág. 1913.

Matth. Ólafsson, skrifari og framsögum. Kristinn Daníelsson.

Ed. **251. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30, 16. nóv. 1907 um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.
(Eins og það varð við 3. umr. í Nd.).

Frumvarpi þessu hefir verið breytt í Nd.

1. hefir hámarki láns verið breytt úr 4000 í 5000 kr., eins og var í stjórnarfrv.
2. hefir 2. gr. verið feld burt, en þar var stjórninni heimilað að veita presti leyfi til að búa annars staðar en þar, sem hús það væri, er bygt hefði verið fyrir lán úr landssjóði, ef sjerstakar ástæður mæltu með því.
3. hafa verið feld burtu síðustu orð 3. gr., er ákveða, að þau hús, er keypt kynnu að verða samkvæmt þeirri gr., skuli vera »líkleg til sæmilegrar endingar«.
4. hefir verið feld burt 7. gr., þar sem rætt var um, hvernig skifta skyldi endurbyggingarkostnaði húss, er færist af óviðráðanlegum völdum náttúrunnar.

Nefndin álítur enga þessa breytingu til bóta, nema hina fyrstu, og ástæður þær, er nefndin í Nd. færir fyrir 2.—4. breytingunni á þingskj. 162, ekki fullnægjandi, allra síst ástæður hennar fyrir 4. breytingunni um burtfelling 7. gr. Sú gr. átti að koma í staðinn fyrir 11. gr. í lögunum nr. 30, 16. nóv. 1907; en þar er landssjóði að eins ætlað að leggja fram efni í *sams konar* hús, sem það er ferst, en presti allan annan kostnað. Sje það timburhús, er ferst, skal því landssjóður leggja fram efni í *timburhús* og presturinn byggja húsið úr timbri, jafnvandað hinu eldra. En það er í ósamræmi við frv., sem vill gera byggingu úr steini eða steinsteypu að aðalreglu. Farist steinhús verður það tiltölulega lítið, sem landssjóður leggur til, nema orðin »leggja fram« eigi að skiljast um að leggja fram efnið alt, aðflutt á staðinn. Auk þess er svo, að það er ekkert vafamál, að 11. gr. hinna gildandi laga leggur tiltölulega miklu þyngri kvöð á prest, er fyrir skaða verður á þann hátt, sem um er að ræða, en ábúðarlögin leggja á leiguliða í samskonar tilfellum, og verður eigi sjeð, að það sje rjett, einkum þar sem um miklu dýrari hús er að gera en ábúðarlögin tala um.

En þar sem líklegt er, að það komi afarsjaldan fyrir, að hús farist á þann hátt, sem hjer ræðir um, vill nefndin eigi gera það að kappsmáli, að fá

aftur tekna upp 7. gr., en telur 2. og 3. breytinguna, sem frv. hefir fengið, eigi skipta miklu máli.

Nefndin ræður því háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 1. ág. 1913.

| Björn Þorláksson, formaður. | Einar Jónsson, skrifari og framsögum. | Jósef Björnsson. |
|---|---|---|

Ed.

## 252. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breytingu á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands (stj. frv.).

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. a. Í stað orðanna, »laga 22. október . . . Íslands« komi: sömu laga.
   b. Greinin verði 2. gr.
2. Við 2. gr. Greinin verði 3. gr.
3. Við 3. gr. Greinin verði 5. gr.
4. Framan við frumvarpið bætist svohljóðandi ný grein, sem verði 1. gr.:

Á eftir 7. tölulið í 2. gr. laga 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands bætist inn í nýr töluliður er hljóðar þannig:

8. Talsímalínan Sauðárkrókur—Siglufjörður. Jafnframt falli burtu 8. töluliður í 3. gr. sömu laga og eftirfarandi töluliðir þeirrar greinar breytast samkvæmt því.

5. Á eftir 2 gr. (3. gr.) frumvarpsins komi ný grein svo hljóðandi, er verði 4. gr.:

9. gr. sömu laga orðist þannig:

Það skal ávalt vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar séu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna um 5 ár eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppar við stofnun venjulegrar talsímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í reksturskostnaðinum, er útrunnin, á það að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn taki að sjer og ábyrgist starfræksluna fyrir 20—60 kr. ársþóknun, ef stöðin er 3. flokks stöð með tveggja klukkustunda daglegum starfstíma, en fyrir 60—200 kr. ársþóknun, ef starfstími stöðvarinnar er 6 klukkustundir daglega og stöðin er 2. flokks stöð.

Upphæð ársþóknunar til talsímastöðvanna ákveður landsstjórnin fyrir hvert einstakt tilfelli innan þeirra takmarka, sem sett eru í þessari grein, þó getur ársþóknunin orðið ákveðin hærri eða lægri, ef alveg sjerstaklega stendur á.

Til ársþóknunar telst ekki þóknun sú, er stöðvarnar nú fá fyrir burtfarin símtöl og símskeyti eftir þeim reglum, er hingað til hefir fylgt verið.

Ed.

## 253. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (Stj. frv.).

Frumvarp þetta fer fram á, að sú breyting verði gerð á 7. og 8. gr. hinna gildandi laga um ritsíma og talsíma, að vextir og afborganir af láni, sem tekið sje til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 5. og 6. gr. laganna, skuli greiðast af tekjuafgangi símanna *áður en honum er varið til annars.* En eins og ritsíma- og talsímalögin nú eru, þá á að nota tekjuafganginn til að leggja símalínur, er teljast til 3. fl.

Þegar ræða er um, hvort rjett sje að gera þessa breytingu á lögunum, þá virðist nefndinni þau atriði vera tvö, sem mestu máli skifta, sem sje:

1, Hvort breytingin hafi áhrif á lánskjörin á láni, sem stjórninni er heimilað að taka til framkvæmda þeirra, er 5. og 6. gr. símalaganna ræðir um.
2, Hvort breytingin ekki verði þess völd, að dráttur verði á því um of, að símalínur 3. fl. verði lagðar.

Um fyrra atriðið tekur stjórnin fram í athugasemdunum við frumvarpið, að auðveldara verði að fá lán með góðum kjörum, sje ritsíma- og talsímalögunum breytt á þann veg, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin játar fúslega, að þetta mæli mjög með því, að frumvarpið nái fram að ganga, því hún telur það sjálfsagða skyldu þingsins að stuðla að því, að hvert það lán, sem afráðið er, að landið taki, fáist með svo vægum kjörum sem unt er, ef lánskjörin jafnfram eru í alla staði hagkvæm landinu.

En þótt nefndin játaði þetta samstundis og hún tók að ræða frumvarpið, og þótt hún á engan hátt efaðist um að umsögn stjórnarinnar um lánskjörin væri á rökum bygð, þá hafði hún þó ekki fyrir sjer ástæður stjórnarinnar, af því þeirra er látið ógetið í athugasemdunum við frumvarpið. Þetta þóttist nefndin þó þurfa að hafa, til þess að geta á því bygt tillögur sínar á málinu, og því ritaði hún stjórnarráðinu, og óskaði eftir skýringum um þetta atriði málsins.

Stjórnin hefir nú skýrt nefndinni frá, að lán það, sem hjer ræðir um, geti fengist gegn ábyrgð landssjóðs hjá Stóra norræna ritsímafjelaginu af varasjóði þess, ef Alþingi setur þau ákvæði í talsíma og ritsímalögin, sem farið er fram á í frumvarpinu. Í uppkasti að samningi um lánið, sem nefndin hefir haft með höndum frá stjórninni, hefir hún kynt sjer lánskjörin, sem fáanleg eru. Lánið, að upphæð 500 þúsund krónur, fæst afdráttarlaust (til pari kurs) gegn ábyrgð landssjóðs og með 4% ársvöxtum, ef stofnsett er loptskeytastöð hjer á landi til loftskeytasambands við önnur lönd eða gegn $4^1/_2$% ársvöxtum án skuldbindingar í því efni. Lánstíminn er 30 ár, og endurgreiðsla lánsins er ætlast til að fari fram með jöfnum afborgunum á misseri hverju yfir allan lánstímann, þó svo, að hinn ógreiddi hluti lánsins sje þegar uppsegjanlegur, ef stjórnirnar taka sæsímann til eignar, þegar einkaleyfistími fjelagsins er útrunninn.

Þessi lánskjör telur nefndin eftir atvikum væg, því vextirnir eru lágir eftir því, sem nú gerist, og uppsegjanlegleiki lánsleifanna, sem eftir eru, þegar

einkaleyfistími fjelagsins er á enda, ætti ekki að væra hættulegur, svo framt að fjárhagur landsins sje þá þolanlegur.

Og með því að stjórnin hefir skýrt nefndinni frá, að hún telji óhugsandi, að lán fáist annarstaðar með eins vægum kjörum og þetta, og nefndin er stjórninni á hinn bóginn sammála um, að rjett sje að viðhafa alla varfærni á fjárframlagi til símalagninga framvegis, en í þá átt stefnir það, ef vextir og afborganir af láninu eru greiddar af tekjuafgangi símanna, og það eitt haft til að leggja 3. fl. símalínur, sem afgangs er, þá felst nefndin á að lánskjörin, sem í boði eru, mæli með frumvarpinu.

En þótt þannig sje á þetta litið, þá duldist nefndinni þó ekki, að varhugavert væri, að seinka því of mjög, að fyrirhugaðar símalínur 3. fl. yrðu lagðar. Hún leitaðist því við að gera sjer svo ljósa grein fyrir þessu atriði, sem föng voru á, og skal nú að því vikið nokkrum orðum.

Þar eð ljóst var að landssímastjórinn hlaut í þessu efni að geta gefið nefndinni fylstar skýringar, þá sneri hún sjer til hans og óskaði eftir að fá hann til viðtals í nefndinni. Við þessari ósk varð hann góðfúslega og mætti tvívegis á fundum nefndarinnar.

Í viðtali sínu við nefndina gat landsímastjórinn þess, að sitt álit væri, að tekjuafgangur símanna myndi áður langt um liði verða um 100 þús. kr. á ári, og nefndin verður, fyrir sitt leyti, að telja þetta mjög sennilegt. Á 5 ára bilinu 1907—1912 hafa »brutto«-tekjur af símanum um það bil þrefaldast. Þær voru 46 þúsund kr. árið 1907 en um 150 þúsund kr. árið 1912, og ýmislegt mælir með því, að tekjurnar vaxi framvegis, þótt ekki sje hægt að vænta þess, að vöxtur þeirra verði eins hraður hjer eftir eins og hingað til.

Þótt nú yrði tekið af þessum tekjuafgangi vextir og afborganir af 500 þús. krónu láni því, sem hjer ræðir um, þá yrði afgangurinn allríflegur eða 60—70 þús. krónur.

Sú upphæð sem telja má líklegt, að afgangs verði til að byggja nýjar símalínur af 3. fl., má því búast við að nægi nokkurn veginn til að setja upp þær línur árs árlega, sem aðrar ástæður mæla með, að komið sje upp. Um þetta vill nefndin láta þess getið, að landsímastjórinn skýrði svo frá, að hann áliti, að ekki yrði árlega afkastað meira með þeim vinnukrafti, sem fyrir hendi væri, en að byggja 70—80 kilom. langa símalínu, eða fyrir 70—80 þús. krónur.

Eftir þessu er því ekki um neina verulega töf á byggingu 3. fl. símalínanna að ræða.

Að þessu athuguðu og með skýrskotun til þess, sem hjer að framan er sagt um lánskjörin, er nefndin frumvarpinu meðmælt og ræður háttv. deild til að samþykkja það óbreytt að efni til.

En auk þeirra breytinga, sem frumvarp stjórnarinnar fer fram á að gerðar sjeu á lögunum um ritsíma og talsíma, leggur nefndin til, að gerðar sjeu breytingar á tveim atriðum nefndra laga og þeim aukið við frumvarpið.

Um þessar breytingar skal farið nokkrum orðum.

Fyrri breytingin er um, að símalínan: Sauðárkrókur—Siglufjörður verði færð úr 2. fl. og í 1. fl. Um þetta atriði kom fram tillaga í efri deild á aukaþinginu 1912, þegar ritsíma- og talsímalögin voru til umræðu. Þá voru rök leidd að því, að engu síður bæri að taka þessa línu í 1. flokk en línuna til Vestmannaeyja, ef miðað væri við tekjur af báðum línum og kostnað við að leggja þær

(Alþ.t. 1912, B. II. 75.—77. dálki). Þessar tvær línur gefa bestar tekjur af aukalínum landsímans, og að miklum mun. En þetta verður að sjálfsögðu að ráða mestu um það, í hvern flokk línunum er skipað. Þetta var líka játað í báðum deildum þingsins 1912, bæði beint og óbeint, og á því bygt aðallega að skipa Vestmannaeyjasímanum í 1. fl. (Alþt. 1912, B. III. 61.—62. dálki) þótt Siglufjarðarlínan fengi ekki að því sinni sama rjett. En að þetta fór svo, mun mest hafa stafað af því, að málið kom ekki til efri deildar fyr en mjög var liðið á þingtímann. Óttuðust því sumir, ef gerðar yrðu miklar breytingar á frumvarpinu í efri deildinni, þá kynni það að valda því, að málið hrektist milli deilda og dagaði uppi að lokum, en það töldu þeir illa farið.

Um þetta atriði talaði nefndin við landsímastjórann, O. Forberg, og leitaði hjá honum upplýsinga um tekjur af Siglufjarðar- og Vestmannaeyjasímanum yfir árið 1912, og er skrá sú, er hann ljet nefndinni í tje yfir þetta prentuð hjer á eftir sem fylgiskjal (fgsk. 1).

Í samtali sínu við nefndina ljet landsímastjórinn í ljós, að hinar miklu tekjur af Siglufjarðarlínunni mæltu í raun og veru með henni, og að hann teldi ekki órjettlátt, að endurborgað yrði meira eða minna af fje því (10 þús. kr.), er viðkomandi hjeruð hefðu lagt til símans, af því *það væri hlutfallslega hærri upphæð miðað við tillag landssjóðs*, en átt hefði sjer vanalega stað annarstaðar, þótt línan yrði ekki tekin í 1. fl. En þrátt fyrir þetta getur nefndin ekki sagt, að landsímastjórinn væri þess fýsandi, að línan yrði sett í 1. fl., og síst þegar nefndin ræddi málið fyrst við hann.

Sjeu tekjurnar af Siglufjarðarsímanum og Vestmannaeyjasímanum athugaðar eins og þær eru settar af landsímastjóranum í skýrslu hans (fgsk. 1) í samanburði við kostnað til símanna, þá ber Siglufjarðarsíminn hærra hlut. Tekjur Vestmannaeyjasímans eru að vísu sumpart settar eftir áætlun, og ef til vill of lágt, eins og skýrslan ber með sjer, en þetta mun vart hafa mikla þýðingu fyrir samanburðinn.

Siglufjarðarsíminn kostaði *alls* nokkuð yfir 35 þús. kr.

Vestmannaeyjasíminn kostaði nokkuð yfir 45 þús. kr.

Sje nú miðað við þessar upphæðir, þá verða tekjurnar reiknaðar sem vextir af kostnaði:

| | | |
|---|---|---|
| Af Siglufjarðarlínunni | »brutto«-tekjur | 33,2% |
| | »netto«- — | 13,3% |
| Af Vestmannaeyjasímanum | »brutto«- — | 21,9% |
| | »netto«- — | 12,5% |

En hjer við bætist og, að síminn frá Ölfusárbrú til Garðsauka er líka tekinn í fyrsta flokk, sem hluti af Vestmannaeyjasímanum eða viðbót við hann, sem ella hefði naumast gert verið, en sú lína kostaði 24 þús. kr., og því öll línan frá Ölfusárbrú til Vestmannaeyja ca. 70 þús. kr., eða rjett um það **tvöfalt meira** en Siglufjarðarlínan frá Sauðárkrók. Á þessum hluta þessarar 1. fl. línu eru tekjurnar litlar, og gerir það muninn á vöxtunum, sem tekjurnar nema miklu meiri en hjer hefir sýnt verið og bygt er á skýrslu landsímastjórans.

Það, sem hjer hefir sagt verið, mælir mjög með því að símalínan milli Sauðárkróks og Siglufjarðar verði gerð 1. fl. lína. Með því mæla og ennfremur eindregnar óskir manna á öllum þingmálafundum, sem haldnir voru í sumar í Skagafirði, eins og sjá má af þingmálafundargjörðum þaðan, er fram hafa verið

lagðar á lestrarsal alþingis. Hins sama hafa og Siglfirðingar farið á leit í brjefi til stjórnarráðsins, dagsettu 31. marts þ. á., og er sú málaleitun því líka til stuðnings, að umrædd breyting sje gerð á hinum núgildandi lögum.

Brjefið, sem hjer er vitnað til, barst einum nefndarmanna í eftirriti frá Siglufirði, og er nú lagt fram á lestrarsal alþingis.

Síðari breytingin er á 9. gr. í lögunum um ritsíma og talsíma.

Ákvæði þessarar greinar hafa ekki átt almennum vinsældum að fagna, hvorki á alþingi nje meðal manna úti um land. Á þinginu 1912 var því hreyft, að rjettast væri að starfræksla allra talsímastöðva væri kostuð af fje símans, og hinu sama hefir verið hreyft á nokkrum þingmálafundum nú í sumar. Því verður og ekki á móti mælt með fullum rökum, að þetta styðjist við sanngirni og miði að því, að veita landsmönnum meira jafnrjetti í því, er símann snertir en verið hefir að þessu.

Í byrjun þessa árs voru 105 talsímastöðvar starfandi hjer á landi. Af þeim eru 7 stöðvar 1. flokks, og starfræksla þeirra að fullu borguð af símafje. Af þeim 98 talsímastöðvum, sem þá eru eftir, er um $^1/_5$ stöðvar 2. flokks, en $^4/_5$ eða tæpar 80 stöðvar eru 3. flokks.

Á öllum 2. og 3. flokks stöðvum hefir það verið venja frá byrjun, að stöðvarnar fengju 5 aura af hverju útförnu símskeyti og símtali. Þetta má skoða sem þóknun fyrir gjaldheimtu og reikningshald, og er af mörgum skoðað svo. Að öðru leyti var sú regla upptekin í byrjun, að viðkomandi hreppar kostuðu starfrækslu stöðvanna.

Í framkvæmdinni hefir því þó ekki fylgt verið, nema að nokkru leyti, að hrepparnir kostuðu starfræksluna. Frá fyrstu byrjun fengu sumar talsímastöðvar nokkra ársþóknun, auk 5 aura gjaldsins, og nú eru þær stöðvar allmargar, er slíka þóknun hafa, eins og sjá má af skýrslu þeirri um þetta efni frá landsímastjóranum, sem prentuð er hjer á eftir sem fylgiskjal (fskj. 2).

Af ca. 100 stöðvum, sem starfandi voru í árslok 1912, er ársþóknun greidd á hjer um bil $^1/_3$ allra stöðvanna eða 32 einstökum stöðvum. Á 3. flokks stöðvunum er þessi þóknun allvíðast 60 kr., á fáeinum stöðvum eigi nema 30 kr. og á 2 stöðvum hærra en 60 kr., sem sje 75 kr. (Vopnafirði) og 240 kr. (Hofi í Vopnafirði). Á 2. flokks stöðvunum er þóknun þessi hærri, sem eðlilegt er, þegar athugað er, að daglegur starfstími þeirra er þrefalt lengri en 3. flokks stöðvanna; nemur hún lægst 60 kr. (Húsavík) en hæst 360 kr. (Eskifirði).

Þótt ekkert sje miðað við 1. fl. stöðvar og aðstöðu þeirra manna, er þær nota, þá verður ekki á móti því mælt, að hjer eigi sjer *misrjetti* stað, þar sem *sumar stöðvar*, er annars standa líkt að vígi, *fá ársþóknun af símafje* til starfrækslu en *aðrar ekki*. Fullkominn jöfnuður er og ekki á milli stöðvanna, er þóknun hafa, því sumar þeirra hafa haft hana frá byrjun, en aðrar fyrst fengið hana, þegar þær höfðu starfað nokkur ár.

Nefndinni þykir sjálfsagt, að reynt sje að koma sem mestum jöfnuði og sanngirni á í þessu efni, og hún getur ekki sjeð, að það verði á annan hátt gert, en með því, að greidd verði ákveðin ársþóknun fyrir starfrækslu á öllum talsímastöðvum landsins, því naumast getur til mála komið að svifta þær stöðvar ársþóknuninni, er þegar hafa fengið hana. En jafnframt því sem þetta er ákveðið, finnst nefndinni rjett, að engin ársþóknun um fram 5 aura gjaldið sje greidd

fyrstu 5 árin, sem stöðvarnar starfa, því þetta er í fylsta samræmi við það, sem á undan er gengið um margar af stöðvum þeim, er nú starfa.

Um upphæð þóknunar til stöðvanna má hafa hliðsjón á því, sem nú á sjer stað og nauðsynlegt að fastsetja hámark hennar, sem ekki verði farið fram yfir, nema *alveg sjerstaklega* standi á. Fyrir 3. fl. stöðvar með tveggja klukkustunda daglegum starfstíma þykir nefndinni þóknunin hæfilega ákveðin 20—60 kr. til hverrar stöðvar, en fyrir 2. fl. stöðvar með 6 klukkustunda daglegum starfstíma 60—200 kr.

Um þetta er aðalefnisbreyting sú, er nefndin leggur til að gerð verði á 9. gr. símalaganna.

En auk þessa vill nefndin láta þess getið, að það mun orka tvímælis, hvernig skilja beri orðið »jafnan« í 1. línu 9. greinar. Í vanalegri nútíðarmerkingu er jafnan = ávalt, og þannig skilur nefndin orðið. En í dönsku þýðingunni af ritsímalögunum er það þýtt með orðunum: »i Reglen«, og því eins og staðið hefði: jafnaðarlega.

Hvað sem öðrum atriðum greinarinnar líður, þarf að breyta þessu orði svo, að fullvíst sje um meiningu laganna, því orðið »jafnaðarlega« í þessu sambandi leggur í hendur símamálastjórnarinnar allmikið vald, sem tæplega er hægt að búast við, að ætíð yrði beitt svo, að ekki mætti að finna, af því það í sjálfu sjer inniheldur misrjetti, að gera mismun stöðvanna þann, að sumar hafi þóknun, en aðrar enga.

Þess vegna er það, að nefndin leggur til að í stað orðsins »jafnan« komi: ávalt.

Út af því sem nú hefir sagt verið, ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem prentaðar eru á þingskj. 252.

Efri deild alþingis, 1. ágúst 1913.

| Björn Þorláksson, formaður. | Jósef Björnsson, skrifari og framsögum. | Þórarinn Jónsson. |
|---|---|---|

**Fylgiskjal 1.**

## Siglufjarðarsíminn 1912.

| | Bruttotekjur | Hluti útlanda og gjöld við stöðina samtals | Nettótekjur |
|---|---|---|---|
| Vatnsleysa | 53 50 | 29 20 | 24 30 |
| Kolkuós | 186 80 | 88 55 | 98 25 |
| Hofsós | 620 35 | 97 75 | 522 60 |
| Fell í Sljettuhlíð | 78 25 | 9 20 | 69 05 |
| Haganesvík | 313 15 | 83 85 | 229 30 |
| Siglufjörður | 10378 15 | 6667 63 | 3701 52 |
| Samtals . . | 11630 20 | 6985 18 | 4645 02 |
| | **Vestmannaeyjasíminn okt., nóv., des. 1912, jan., febr., mars, apríl 1913.** | | |
| Hemla | 60 60 | 32 75 | 27 85 |
| Miðey | 95 45 | 16 40 | 79 05 |
| Hólmar | 78 15 | 11 70 | 66 45 |
| Vestmannaeyjar | 6728 18 | 2927 60 | 3800 58 |
| Samtals . . | 6962 38 | 2988 45 | 3973 93 |
| + $^{5}/_{12}$ fyrir eftirstandandi 5 mánuði | 2900 95 | 1240 00 | 1660 95[1] |
| Samtals kr. . . | 9863 33 | 4228 45 | 5634 88 |

Síminn frá Ölfusárbrú að Garðsauka kostar ca 24000 krónur.

Reykjavík 11. júlí 1913.

**O. Forberg.**

Til símanefndarinnar í efri deild Alþingis Rvík.

1) Líklega of lítið, af því að bestu mánuðina maí, júní, júlí, ágúst og september vanta.

Fylgiskjal 2.

# SKRÁ

yfir hvað mikið Landssíminn, sem stendur, borgar árlega 2. og 3. flokks stöðvum landsins í laun og 5 aura gjald ásamt Vestmannaeyjum og Hafnarfirði, og yfir ritsíma- og talsímastöðvar Landssímans í árslok 1912.

| Nöfn stöðvanna | Merki | Gæslu-stöð | Laun kr. au. | 5 aura gjald | Samtals kr. au. |
|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | Ak | R | | 61 40 | 61 40 |
| Akureyri | A | A | | | |
| Arngerðareyri | Ag | Is | 60 00 | 20 05 | 80 05 |
| Auðnar á Vatnsleysuströnd | Ad | R | | 11 90 | 11 90 |
| Bíldudalur | Bd | Is | | 83 80 | 83 80 |
| Blönduós | Bl | Bo | 120 00 | 101 15 | 221 15 |
| Bolungarvík | Bu | Is | | 122 65 | 122 65 |
| Borðeyri | Bo | Bo | | | |
| Borgarnes | Bg | R | | 98 80 | 98 80 |
| Breiðabólsstaður á Skógarströnd | Bs | Bo | | 5 20 | 5 20 |
| Breiðumýri | Br | A | 60 00 | 10 25 | 70 25 |
| Breiðuvík | Bk | Sf | | 8 85 | 8 85 |
| Bugðustaðir | Bug | Bo | | 15 60 | 15 60 |
| Búðardalur | Bdl | Bo | 30 00 | 44 40 | 74 40 |
| Dalvík | Dl | A | 60 00 | 18 80 | 78 80 |
| Efri-Hvoll | Ehl | R | | 26 10 | 26 10 |
| Egilsstaðir | Eg | Sf | 120 00 | 48 15 | 168 15 |
| Esjuberg | Es | R | | 10 20 | 10 20 |
| Eskifjörður | Esk | Sf | 360 00 | 243 85 | 603 85 |
| Eyrarbakki | Eb | R | 30 00 | 150 40 | 180 40 |
| Eystri Garðsauki | Ga | R | | 16 70 | 16 70 |
| Fagriskógur | Fg | A | 60 00 | 7 00 | 67 00 |
| Fáskrúðsfjörður | Fa | Sf | 160 00 | 116 10 | 276 10 |
| Fell í Sljettuhlíð | Fell | A | | 5 90 | 5 90 |
| Ferjukot | Fk | R | | 23 75 | 23 75 |
| Fjall í Aðaldal | Fj | A | | 7 10 | 7 10 |
| Fjörður í Mjóafirði | Mf | Sf | | 38 70 | 38 70 |
| Flateyri | Fl | Is | | 176 45 | 176 45 |
| Fornihvammur | Fv | Bo | 60 00 | 2 95 | 62 95 |
| Fossvellir | Fs | Sf | 60 00 | 6 40 | 66 40 |
| Geitaberg | Gb | R | | 8 90 | 8 90 |
| Geithála | Gh | R | | 5 70 | 5 70 |
| Gerðar | G | R | | 100 55 | 100 55 |
| Grafarholt | Gf | R | | 4 40 | 4 40 |
| Grímsstaðir | Gm | A | 60 00 | 9 55 | 69 55 |
| Grund í Skorradal | Gr | R | 60 00 | 11 90 | 71 90 |
| Hafnarfjörður | Hf | R | 1200 00 | | 1200 00 |
| Hafranes | Ha | Sf | | 12 80 | 12 80 |
| Haganesvík | Hg | A | | 20 95 | 20 95 |
| Harrastaðir | Hrs | Bo | | 15 00 | 15 00 |
| Hábær í Vogum | Hb | R | | 13 85 | 13 85 |
| Háls í Fnjóskadal | Hl | A | | 9 20 | 9 20 |
| Hemla | Hml | R | | 8 15 | 8 15 |
| Hjalteyri | Hj | A | | 30 80 | 30 80 |
| Hjarðarfell | Hjf | Bo | | 8 80 | 8 80 |
| Hnífsdalur | Hd | Is | | 95 55 | 95 55 |
| Hof í Vopnafirði, Haugstaðir og Sunnudalur | Hv | Sf | 240 00 | 5 95 | 245 95 |
| Hofsós | Hfs | A | | 39 90 | 39 90 |
| Holt í Önundarfirði | Ho | Is | | 8 70 | 8 70 |
| Hólar í Hjaltadal | Hr | A | | 18 25 | 18 25 |
| Hólmar í Landeyjum | Hrm | R | | 8 20 | 8 20 |
| Hólmar í Reyðarfirði | Hm | Sf | | 5 55 | 5 55 |
| Hólmavík | Hk | Bo | | 42 00 | 42 00 |
| Hraungerði | Hrg | R | | 7 05 | 7 05 |
| Húsavík | Hu | A | 60 00 | 100 85 | 160 85 |
| Flyt | . . | . . | 2800 00 | 2075 15 | 4875 15 |

Fylgiskjal nr. 2 (framh.).

| Nöfn stöðvanna | Merki | Gæzlu-stöð | Laun kr. au. | 5 aura gjald | Samtals kr. au. |
|---|---|---|---|---|---|
| Flutt | . . . . | . . . . | 2800 00 | 2075 15 | 4875 15 |
| Hvassahraun | Hs | R | | 8 20 | 8 20 |
| Ísafjörður | Is | Is | | | |
| Kalastaðakot | Ka | R | 60 00 | 6 10 | 66 10 |
| Keflavík | Kf | R | | 103 85 | 103 85 |
| Kiðjaberg í Grímsneshreppi | Kb | R | | 8 45 | 8 45 |
| Kleifar við Ísafjarðardjúp | Klf | Is | | 2 60 | 2 60 |
| Kolkuós | Kol | A | | 10 10 | 10 10 |
| Kolviðarhóll | Klv | R | 60 00 | 15 35 | 75 35 |
| Kotströnd | Ks | R | | 16 90 | 16 90 |
| Laxamýri | Lx | A | | 10 15 | 10 15 |
| Lágafell | Lf | R | | 13 70 | 13 70 |
| Leira | Lr | R | | 8 90 | 8 90 |
| Ljósavatn | Lj | A | | 6 75 | 6 75 |
| Lækjamót | Lk | Bo | 60 00 | 23 45 | 83 45 |
| Lögberg í Seltjarnarneshreppi | Lg | R | | 11 45 | 11 45 |
| Melar í Hrútafirði | Ml | Bo | | 6 25 | 6 25 |
| Miðey | Md | R | | 10 65 | 10 65 |
| Mýrar | My | Is | | 9 10 | 9 10 |
| Norðtunga | Ng | R | | 11 75 | 11 75 |
| Ólafsfjörður | Óf | A | | 20 90 | 20 90 |
| Óspakseyri | Ós | Bo | 30 00 | 9 65 | 39 65 |
| Patreksfjörður | Pt | Is | | 112 75 | 112 75 |
| Ratnseyri | Rf | Is | 60 00 | 20 50 | 80 50 |
| Reyðarfjörður | Rfd | Sf | | 45 90 | 45 90 |
| Reykjahlið | Rd | A | 60 00 | 14 10 | 74 10 |
| Reykjavík | R | R | | | |
| Sauðárkrókur | Sr | A | 200 00 | 180 55 | 380 55 |
| Seyðisfjörður | Sf | Sf | | | |
| Siglufjörður | Sg | A | 305 48 | 230 30 | 535 78 |
| Skálavík | Sl | Is | | 9 65 | 9 65 |
| Skriðuland | Sn | A | 60 00 | | 60 00 |
| Staður í Hrútafirði | St | Bo | | 9 60 | 9 60 |
| Stokkseyri | Stk | R | | 86 40 | 86 40 |
| Stóri Kroppur | Skr | R | | 13 95 | 13 95 |
| Stykkishólmur | Stm | Bo | 230 00 | 116 00 | 346 00 |
| Súðavík | Sk | Is | | 19 35 | 19 35 |
| Sveinatunga | Sv | Bo | | 5 30 | 5 30 |
| Sveinseyri í Tálknafirði | Svy | Is | | 10 15 | 10 15 |
| Urðir í Svarfaðardal | Ur | A | 60 00 | | 60 00 |
| Útskálahamar | Út | R | | 9 75 | 9 75 |
| Vatnsleysa | Vs | A | | 5 05 | 5 05 |
| Vellir í Svarfaðardal | Vl | A | 60 00 | 12 55 | 72 55 |
| Vestmannaeyjar | Vm | R | 1400 00 | | 1400 00 |
| Vogatunga | Vg | R | | 9 30 | 9 30 |
| Vopnafjörður | Vp | Sf | 75 00 | 72 15 | 147 15 |
| Þingeyri | Þi | Is | | 160 05 | 160 05 |
| Þjórsárbrú | Þb | R | | 20 60 | 20 60 |
| Ægisíða | Æg | R | | 29 00 | 29 00 |
| Ögur | Ö | Is | 30 00 | 10 75 | 40 75 |
| Ölfusárbrú | Öf | R | | 30 05 | 30 05 |
| Samtals | . . . . | . . . . | 5550 48 | 3623 15 | 9173 63 |

Reykjavík 11/7 1913.

**O. Forberg.**

Nd. **254. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 211.

Frá nefndinni í Landsbankamálinu.

Aftan við tillöguna bætist:
Þó skulu vextir til landssjóðs ekki nema meiru en 4%.

Ed. **255. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sparisjóði (þingskj. 231).

Frá Jóni Jónatanssyni. Jósef Björnssyni. Sig. Eggerz.

Við 13. gr. Önnur málsgrein: »Eigi má . . . . . hlutafje« falli burt.

Ed. **256. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá nefndinni.

1. Við 13. gr. 4. málsgrein falli burtu.
2. — 17. — Fyrir »5. málsgr.« komi: 4. málsgr. (í niðurlagi greinarinnar).

Nd. **257. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um girðingar (þingskjal 71).

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landsjóði og ræktunarsjóði, svo og aðrar vírgirðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 metri á hæð. Þó skulu girðingar fyrir kynbótagripi ekki vera lægri en 1 metri og 12 sentímetrar.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild nema hún sje með 5 strengjum. Nú er garður hlaðinn undir vírinn, og þarf þá eigi fleiri strengi en fjóra, ef að garðurinn er að minsta kosti 30 sentimetra hár, þrjá strengi, ef hann er 60 sentimetrar, og eigi fleiri en tvo strengi, ef hann er 75 sentimetrar á hæð.

2. Við 2. gr. Í stað orðanna í fyrstu línu »stuðlar — millibili« komi: Milli stuðla má vera alt að 6 metra bil.

3. — 2. gr. Í stað 2. málsgreinar komi:

Að öðru leyti skal gera girðingar samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur, sje lán veitt til hennar úr landssjóði eða ræktunarsjóði.

4. — 3. gr. Greinin orðist svo: Nú vill einstakur maður eða fjelag girða og leitar um lán til þess úr áðurnefndum sjóðum, skal þá fylgja lánbeiðninni skýrsla um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Sje eigi á fjárlögum ætlað nægilegt fje öllum umsækjendum til kaupa á girðingarefni, skulu þeir, að öðru jöfnu, hafa forgangsrjett næsta ár, sem komast eigi að fyrra skiftið.

5. — 4. gr. Í stað »Girðing — var veitt« í upphafi greinarinnar komi: Nú er lánað til girðingar úr nefndum sjóðum, og skal hún þá vera fullgerð innan þriggja ára frá því lánið var veitt.

6. — 4. gr. Í stað »reglugerðum þeim« í 4. línu komi: reglugerð þeirri.

7. — 4. — Í stað »þegar þrjú ár« til enda greinarinnar komi: innan þriggja ára er lánið alt afturkræft, og skal þá greiða 6% í vexti af því.

8. — 5. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Girðingar, sem einstakir menn hafa tekið lán til, skulu teknar út við ábúendaskifti, og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

9. — 6. gr. Aftan við greinina bætist: enda sé girðingin gerð í samræmi við landsdrottin, ef leiguliði á í hlut.

10. — Í stað orðanna »og getur þá — henni við« komi: og losnar jarðeigandi eða ábúandi þá við þá skyldu, að halda henni við eða láta hana standa á jörðinni.

11. — 8. gr. Í stað 8. greinar komi svohljóðandi grein:

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri jarða saman, og jarðeigandi eða ábúandi með samráði við jarðeiganda vill girða á mörkum samkvæmt lögum þessum og reglugerð þeirri, er um getur í 2. grein, og samkomulag næst ekki við þann jarðeiganda eða ábúanda, sem á tún eða engi á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það, og skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppmótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir báða, og skifta girðingarkostnaðinum á milli málsaðila að tiltölu við gagn hvers um sig. Þó skal sá, er girðir, aldrei eiga rjett til frekari endurgreiðslu en svari helming girðingarkostnaðarins.

Verð girðingar liggur undir mat úttektarmanna, og kaup þeirra telst til girðingarkostnaðar.

Um viðhaldskostnað fer eftir sömu reglum.

12. — 9. gr. Í stað 9. greinar komi svohljóðandi ný grein:

Nú er vírgirðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sje gengið, sem land á að henni. Sje garður hlaðinn undir

vírinn, skal efni og grundvöll taka að jöfnu úr þeirra löndum, sem að henni liggja.

Vilji maður girða beint, og þarf til þess inn á annars manns land, þá er það því að eins heimilt, að til komi samþykki jarðeiganda og ábúanda þeirrar jarðar. En synji þeir um samþykki, skal kveðja til úttektarmenn, og skulu þeir ákveða girðingunni stað og meta skaðabætur, ef meira sneiðist annað landið en hitt. Rjettur til annara afnota en engja og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skifti löndum til fullnustu.

13. Við 10. gr. Greinin falli burt, og greinatalan breytist samkvæmt því.

14. — 11. gr. er verður 10. grein.

Í stað »1 metri sje« í 1. línu komi: 65 sentimetrar sjeu.

15. — 11. gr. er verður 10. grein frá »4 metrar« til enda greinarinnar falli burt en í þess stað komi: 5 metrar og 65 sentimetrar sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 3 metrar og 77 sentimetrar sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Þetta nær og til gaddavírsgirðinga meðfram tröðum og heimreiðum.

16. — 12. gr. er verður 11. gr.

Greinin orðist þannig:

Eigi má gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum, nema með leyfi sýslunefnda, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, en með leyfi stjórnarráðsins ef um flutningabraut, þjóðveg eða fjallveg er að ræða. Eigi má heldur girða fyrir afrjettarvegi eða farna fjallvegi, þó ekki sjeu þeir í tölu þeirra vega, sem landssjóði er skylt að annast.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur til að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu og vísvitandi skemdum á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum.

17. — 14. gr. er verður 13. grein. Á eftir »til fundar« í 2. línu komi: með nægum fyrirvara.

18. — 14. gr. Á eftir »ná yfir« í 3. línu komi: Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota.

19. — 15. gr. er verður 14. grein.

Í stað »á fundi mættu« í 3. línu, komi: fundinn sækja.

Nd. **258. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um girðingar (þgskj. 71).

Landbúnaðarnefndin, er falið var að athuga frumvarp til laga um girðingar, hefir íhugað málið á mörgum fundum, og orðið ásátt um að ráða háttv. deild til þess að samþykkja það með allverulegum breytingum.

Nefndin felst á þá skoðun flutningsmannsins, að þótt lögin sjeu ung, þá sje nauðsynlegt að endurskoða þau, því reynsla sú, er fengist hefir síðan núverandi girðingalög komu í gildi, hefir leitt í ljós nokkra galla, er voru á lögunum, og eins það, að ýms ákvæði vantaði í þau.

Helstu breytingum, sem með frumvarpi þessu og breytingartillögum nefndarinnar eru gerðar á núverandi girðingalögum, skal gerð stutt grein fyrir.

Í fyrstu grein frumvarpsins er lækkuð hæð girðinganna um 10 sentim. frá því sem áður hefir verið, og er nefndin samþykk þeirri breytingu, með því að reynslan hefir sýnt, að hærri gaddavírsgirðingar muni óþarfar nema þar sem er að ræða um girðingar fyrir kynbótagripi.

Í lögunum, og eins í frumvarpinu, er ekki heimtað að hafa nema 2—3 strengi, sje garður hlaðinn undir vírinn. En samkvæmt fenginni reynslu og óskum manna þykir nefndinni einnig ástæða til að gera ráð fyrir 4 strengjum með lægri undirhleðslu, og leggur því til, að tekið sje upp í 1. grein ákvæði þar að lútandi. Nefndin lítur svo á, að það geti undir ýmsum kringumstæðum verið hagfelt.

Það nýmæli er í frumvarpinu, að er einhver óskar að girða land sitt á landamerkjum, þá sje nágranna-landeigandi hans skyldur að kosta landamerkjagirðingu þessa að nokkru leyti, en þó er ekki ætlast til, að þessi skylda nái til afrjettarlanda eða víðlends beitarlands. Nefndin getur fallist á, að ákvæði um landamerkjagirðingar sjeu jafnvel nauðsynleg, eins og nú er komið girðingum hjer. En meiri hluti nefndarinnar álítur hins vegar, að hjer sje oflangt farið í girðingaskyldunni, og leggur til að hún sje takmörkuð við samliggjandi tún og engi. Um þetta efni eru 8.—10. grein frumvarpsins og 8. og 9. grein eftir breytingartillögum nefndarinnar.

Þá er enn fremur það nýmæli í frumvarpinu, að ekki megi girða fyrir afrjettavegi eða farna fjallavegi, þó þeir ekki heyri undir þá vegi, sem landssjóði er skylt að annast. Nefndin lítur svo á, að þetta ákvæði sje nauðsynlegt samkvæmt þeirri reynslu, er fengist hefir um girðingar. Það hefir komið fyrir, að slíka vegi hefir átt að þvergirða, og getur slíkt valdið mestu erfiðleikum fyrir ferðamenn. En ef girðingarinnar er nauðsyn, þá á að hafa hlið, þar sem vegir þessir eru.

Að öðru leyti eru ákvæði 11. og 12. gr. frumvarpsins í samræmi við 44. gr. vegalaganna.

Þá hefir nefndin bætt inn ákvæði um, hverjir ættu atkvæðisrjett, er um samþyktir eftir frumvarpinu væri að ræða. Ákvæði um það vantaði í girðingalögin.

Að öðru leyti eru breytingartillögur nefndarinnar að eins orðabreytingar.

Að öllu athuguðu, verður nefndin að ráða hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með þeim breytingartillögum, er nefndin hefir gert á þingskjali 257.

Neðri deild alþingis, 2. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Eggert Pálsson, (formaður). | Sigurður Sigurðsson, (skrifari og framsögum.). |

Bjarni Jónsson, frá Vogi, (með fyrirvara). Kristján Jónsson. Halldór Steinsson.

Ed. **259. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Nefndin telur þetta laganýmæli gott og þarflegt.

Í athugasemdum landlæknis og brjefi hans til Stjórnarráðsins, sem hvorttveggja fylgir frumvarpinu, er gerð ítarleg grein fyrir því, að mannskaðaskýrslum hjer á landi hefir verið mjög ábótavant, enda óhugsandi, að prestar geti gert þær skýrslur svo rjettar og glöggar, sem skyldi.

Mannskaðar eru ægilega miklir hjer á landi og brýn nauðsyn, ef unt er, að draga úr þeim. En þá hlýtur það að verða fyrsta sporið, að afla sjer nákvæmrar vitneskju um alla mannskaða og tildrög þeirra.

Ef lögreglustjórum og hreppstjórum er falið þetta verk, eins og fyrir er mælt í frumv., þá má telja víst, að saman safnist mikill og nytsamur sannfróðleikur um orsakir slysfara, tildrög sjálfsmorða og annað það, er hjer að lýtur.

Landlæknir getur þess, að 1901—1910 hafi orðið að meðaltali 87 vofeifleg mannslát á ári, eftir skýrslum að dæma, en telur víst, að þau hafi verið fleiri. Engu að síður er það ljóst, að þó að þetta eftirlitsstarf, sem hjer er til stofnað, sje mjög mikilsvert fyrir þjóðfjelagið, þá er það ekki mikið að vöxtunum; en þó að vinnan komi vitanlega misjafnt niður á löggæslumennina, sem yrðu rúm 200, þá er fljótsjeð, að hjer getur aldrei orðið um mikla fyrirhöfn að ræða fyrir neinn þeirra, nje heldur mikinn kostnað.

Nefndin hefir athugað hverja grein frumvarpsins og telur ekki þörf á breytingum nema á tveim stöðum.

Í 4. gr. er kveðið á um, hvar rannsaka skuli þá mannskaða, sem verða á sjó. Þar sem nefndin býst við, að frumv. til laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum verði að lögum, þykir henni rjett að bæta við þessa grein ákvæði þess efnis, að þegar sjódómur rannsakar mannskaða, þá heyri skýrslugerðin um mannskaðann að sjálfsögðu undir þann löggæslumann, sem á forsæti í sjódómnum.

Í öðru lagi vill nefndin gera breytingu á 9. gr. frumvarpsins. Nefndin gerir ráð fyrir, að hagstofa verði sett á stofn, og telur langrjettast, að allir löggæslumennirnir sendi ársskýrslu sína beina leið til hagstofunnar, sjer enga þörf á því, að hreppstjórar sendi sínar skýrslur til sýslumanna og þeim sje ætlað að semja aðalskýrslu fyrir sýsluna. Með því móti gengi öll skýrslugerðin miklu ógreiðar; og þar að auki telur nefndin þá leið rjettasta yfirleitt, og vænlegasta til sannfróðleiks, að unnið sje úr öllum frumskýrslum á einum stað af vönum mönnum.

Nefndin hefir veitt eftirtekt þeirri athugasemd, sem fylgir 7. gr. frumvarpsins, að full ástæða gæti verið til þess að skipa svo fyrir, að kryfja skuli lík allra sjálfsmorðingja. Oss er kunnugt, að síðan sá siður var tekinn upp í Svíþjóð, hefir sjálfsmorðum stórum fækkað þar í landi. En hjer eru þau, eins og víðast gengur, óðum að færast í vöxt. Þó viljum vjer ekki gera breytingartillögu um þetta að svo stöddu, en heyra undirtektir deildarinnar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein: Þessi ákvæði koma ekki til greina, ef sjódómur rannsakar málið.
2. — 9. gr. Greinin orðist þannig: Í janúarmánuði ár hvert skal hver löggæslumaður semja mannskaðaskýrslu fyrir liðna árið og senda hagstofunni.

Efri deild alþingis, 1. ág. 1913.

Sig. Eggerz, (formaður). G. Björnsson, (skrifari og framsögum.).

Eiríkur Briem.

Nd. **260 Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um fasteignarskatt.

Frá Ólafi Briem og Jóni Magnússyni.

Á eftir 2. gr. komi þessi viðbót:

Landsjóður telst eigandi allra prestakallaeigna og kirknaeigna, annara en bændakirkna.

Nd. **261. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 1. gr.: Fella skal úr orðin: »Þá getur og landstjórnin . . . . . eða hjer við land«.

Nd. **262. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

Vjer, sem háttvirt neðri deild Alþingis skipaði í nefnd, til að athuga frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 52, 10. nóv. 1905 um stofnun Fiski-

veiðasjóðs Íslands, höfum og fengið til athugunar frumvarp það, er efri deild Alþingis hefir samþykt um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

Frumvarp þetta, og það frumvarp, er vjer höfðum áður til meðferðar, hafa það sameiginlegt, að báðum er þeim ætlað að koma sjávarútveginum að gagni, þótt á sinn hátt sje hvoru þeirra.

Um það ber og báðum þessum frumvörpum saman, að sektum fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi, svo og andvirði upptæks afla, beri að verja til stuðnings fiskiveiðum landsmanna.

Vjer höfum að vísu fremur kosið, að sektum og andvirði upptæks afla yrði skift jafnt milli þessara tveggja sjóða, með því vjer teljum Fiskiveiðasjóðinn koma fiskiveiðum mun fyr að gagni, enda þótt vjer viðurkennum nytsemi og nauðsyn Landhelgissjóðsins, en vjer þykjumst sjá það fyrir, að ef vjer nú breyttum, eða rjettara sagt, legðum til að breyta frumvarpi efri deildar í þá átt, þá gæti svo farið, að það yrði báðum frumvörpunum að falli. Oss er það ljóst, að ekki getur liðið langur tími þar til vjer Íslendingar þurfum að auka landhelgisgæsluna að miklum mun, og teljum því hyggilegt, að nú þegar sje byrjað á að safna fje til þess, enda mundi það flýta fyrir framkvæmdum í þá átt, að þó nokkuð fje safnaðist til þess, í stað þess að þurfa þá að leggja fram stórfje af landssjóði í einu, auk árlegs kostnaðar.

Vjer leyfum oss því að ráða háttvirtri neðri deild til að samþykkja frumvarp þetta, eins og það liggur fyrir óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 2. ágúst 1913.

Kristinn Daníelsson, (formaður). Matth. Ólafsson, (skrifari og framsögumaður).

Tryggvi Bjarnason. Halldór Steinsson. Jón Jónsson.

Ed. **263. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hallærisvarnir.

Það er einróma álit nefndarinnar, að þetta sje eitt hið þarfasta mál, sem upp hefir verið borið á þessu þingi. Fyrir því höfum vjer athugað það svo vandlega, sem vjer best gátum, enda lengi áður um það hugsað, og ráðum vjer eindregið til þess, að þingdeildin aðhyllist frumvarpið. Að vísu berum vjer upp allmargar breytingartillögur, en þær raska ekki að neinu leyti meginefni frumvarpsins, og miða eingöngu að því, að gera málið sem aðgengilegast fyrir þing og þjóð.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, hafa á öllum öldum, upp aftur og aftur, orðið fyrir afskaplegum áföllum; þessi *hallæri* hafa jafnan staðið þjóðinni fyrir þrifum, dregið kjark úr henni og veiklað trú hennar á sjálfa sig og landið.

Því er ekki að neita, að atvinnuvegir landsmanna hafa að mörgu leyti komist í nýtt og betra lag á síðustu mannsöldrum, enda er það sumra manna

mál, að nú úr þessu sje þeim engin hætta búin, það því síður, sem fengnar sjeu margar og miklar samgöngubætur bæði á sjó og landi.

En þeir fara villir vegar, sem þetta mæla. *Það er síður en svo, að þjóðin sje komin úr öllum hallærishættum. Þær eru sumar þess eðlis, að við þeim má búast um aldur og æfi.*

Mikil hallæri hafa hjer á landi hlotist af mörgum og ólíkum orsökum. Er oss ekki unt, og ekki heldur þörf á því, að rekja það mál út í æsar. En vjer teljum oss skylt að vekja athygli á fáeinum meginatriðum, sem mestu varða að vorri hyggju.

Það hefir oft viljað til, að þjóðin hefir beðið stórtjón af *samgönguteppingu*, og því fer fjarri, að sú hætta sje úti fyrir fult og alt. Í verstu hafísárum má jafnan búast við, að engin skip geti komist að landinu norðan og austan frá útmánuðum og fram á sumar, og er auðsætt, að af því getur hlotist hættulegur bjargarskortur bæði fyrir menn og skepnur í þeim landsfjórðungum, og orðið að stórtjóni. Og það er öldungis víst, að þessi hætta er nú *meiri* en fyr á tímum. Þá byrgðu menn sig á haustin til næsta sumars; nú treysta menn á miðsvetrarskipin, og haustbirgðirnar því orðnar *minni* en áður.

Úr þessu *má* bæta með *járnbrautum*; þær eru eina *örugga* tryggingin fyrir því, að samgöngur teppist ekki á vetrum. En meðan þær eru þjóðinni um megn, *verður* að sjá við *þessari* hættu með öruggum *matvörubirgðum* á verslunarstöðum, þar sem hafís getur tept skipagöngur vetur og vor, og kornforðabúrum í þeim sveitum sem lengst eiga í kaupstað, eða erfitt um aðdrætti á vetrum.

En vjer viljum einkum og aðallega leiða athygli að *þeim hættum, sem ávalt hljóta að vofa yfir atvinnuvegum manna hjer á landi og ekki verður undan stýrt, en þær eru þessar: ilt árferði* (tíðarfar) *og eldgos með öskufalli yfir mannabygðir.*

Við og við koma *óvenju strangir vetrar*, svo að bændur geta þurft alt að því *helmingi meira fóður en í meðalári*, til þess að halda lífi í öllum búpening sínum. Verður það jafnan geysimikill atvinnuhnekkir — gífurlegur aukakostnaður frá því, sem vanalega gerist.

Þar við bætist, að eftir þessa ströngu vetra koma stundum mikil *sumarharðindi*, svo að *heyskapur getur* vafalaust *orðið alt að því helmingi minni en í meðal sumri*, annaðhvort að vöxtum, eða að fóðurgildi. *Er þá aftur um gífurlegt atvinnutjón að ræða.* Árin 1906—10 segja landshagsskýrslur, að heyjast hafi að meðaltali á ári 623,000 hestar af töðu og 1,324,000 hestar af útheyi; ef töðuhestur er metinn á 4 kr. og útheyshestur á 2 kr., þá er taðan 2,492,000 kr. virði og útheyið 2,648,000 kr., samtals 5,140,000 kr. Komi nú óvenjumikil sumarharðindi og *verði heyskapur helmingi minni en í meðalsumri*, þá *er það tjón* fyrir bændur, *sem nemur 2 miljónum króna í minsta lagi.* Og því miður koma þessi vondu sumur einna helst á eftir hörðum vetrum, svo að fyrningar eru þá líka í langminsta lagi.

Það tjáir ekki að loka augunum og látast ekki sjá þetta; menn verða að sjá það — gá að því — og vera við því búnir.

Þá er að líta á *sjávarútveginn.*

Sumir hafa orð á því, að þeim atvinnuveg verði framvegis lítil eða engin hætta búin af illu árferði, af því að skipakosturinn er orðinn miklu betri en áður gerðist.

En þar kemur annað upp, ef vel er að gáð.

Árið 1910 gengu 148 stórskip (skútur og gufuskip) til fiskiveiða, og voru á þeim 2065 hásetar; þorskafli þessara skipa var 4,008,000 talsins. Á því sama ári er talið að 1724 bátar (bifbátar og róðrarbátar) hafi gengið á fisk og á þeim 7254 hásetar; þorskafli bátanna er sagður 5,115,000 talsins.

Nú má ekki gleyma því, að *bátaútgerðin er atvinnuvegur alþýða manna, en stórskipaútgerðin* veitir miklu færri alþýðumönnum atvinnu og er í eðli sínu *fremur gróðavegur fárra manna.*

Þá er að líta á það, að *í miklum ísárum getur tekið fyrir alla sjósókn mánuðum saman vetur og vor á öllu Norður- og Austurlandi og enda líka á Vestfjörðum.* En í þeim landsfjórðungum er sjávarútvegnrinn orðinn atvinna fjölda fólks. Með þetta fyrir augum höfum vjer athugað tölu fiskiskipa 1910 og er sem hjer segir:

*Fiskiskip 1910.*

| | Stórskip | Bátar: | | | | Athugasemdir. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Skútur og gufuskip | 2 manna-för | 4 manna-för | 6 manna-för | Stærri bátar, þar með bifbátar | |
| *Suðurströnd* . . . . Skaftafellssýslur Vestmannaeyjar Árnes- og Rgvsýsl. | 0 | 2 | 16 | 59 | 64 | Sjaldan íshætta. |
| *Faxaflói og Breiðafj.* . og Vestfirðir norð-ur fyrir Arnarfjörð. | 76 | 137 | 160 | 131 | 83 | Engin íshætta. |
| *Vestfirðir* . . . . . Dýrafj., Önundarfj. og Ísafjarðardjúp. | 30 | 75 | 68 | 14 | 97 | Nokkur íshætta. |
| *Norðurland*. . . . . Stranda- Húnavatns- Skagafjarðar- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur | 38 | 247 | 132 | 39 | 54 | Mjög mikil íshætta. |
| *Austfirðir* . . . . . Múlasýslur | 4 | 204 | 35 | 25 | 82 | Allmikil íshætta. |
| *Alt landið* . . . . . | 148 | 665 | 411 | 268 | 380 | |

Ennfremur hötum vjer aðgætt, hve margir lifðu *eingöngu á sjáfarafla* í Norðurlandi 1880 og 1910 og er sem hjer segir (eftir fólkstalsskýrslunum):

| | *1880* | *1910* |
|---|---|---|
| Strandasýsla ... ... .. | 8 | 112 |
| Húnavatnssýsla ... ... | 69 | 121 |
| Skagafjarðarsýsla ... ... | 40 | 323 |
| Eyjafjarðars. og Akureyri | 214 | 1640 |
| Þingeyjarsýslur ... ... | 166 | 533 |
| Samtals | 497 | 2729 |

Þó ekki sje litið á annað en þetta eitt, þá er augljóst, að sjávarútvegurinn getur fengið þunga skelli af illu árferði.

Þar að auki er það auðsætt, að *bíði annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar stórhnekki, þá sleppur hinn aldrei með heilu og höldnu.* 2 eða 3 afarhörð ár geta hæglega hrakið þjóðina langt aftur á bak — *ef hún er óviðbúin* — og hún þá þurft marga áratugi til að ná sjer upp aftur í sama farið.

1882—1887 var ilt árferði, oft harðir vetrar og vond sumur, eins og kunnugt er, og kom hart niður á *allri* þjóðinni. Verslunarskýrslurnar bera þess ljósan vott einar um sig.

Allar *útfluttar vörur* taldar *á mann*, námu þá *í krónum:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1880 ... ... ... ... ... ... ... ... | 92.9 | 1888 ... ... ... ... ... ... ... ... | 56,7 |
| 1881 ... ... ... ... ... ... ... | 101,0 | 1889 ... ... ... ... ... ... ... | 70,1 |
| 1882 ... ... ... .. ... ... ... ... | 85,1 | 1890 ... ... ... ... ... ... ... .. | 72,9 |
| 1883 ... ... ... ... ... ... ... | 80,8 | 1891 ... ... ... ... ... ... ... | 79,1 |
| 1884 ... ... ... ... ... ... ... ... | 61,3 | 1892 ... ... ... ... ... ... ... ... | 63,7 |
| 1885 ... ... ... ... ... ... ... | 60,5 | 1893 ... ... ... ... ... ... ... | 88,1 |
| 1886 ... ... ... ... ... ... ... ... | 52,5 | 1894 ... ... ... ... ... ... ... ... | 94,3 |
| 1887 ... ... ... ... ... ... ... | 43,3 | 1895 ... ... ... ... ... ... .. | 102,0 |

Í þessari harðindaskorpu 1882—87 *fækkaði stórum búpeningur bænda,* nautpeningur um 19%, sauðfjenaður um 29%, hross um 28%. Á þeim árum flosnaði fólk upp mjög víða, og fóru *um 6000 manns af landi burt.*

Vjer teljum óþarft, að fara hjer orðum um þau miklu atvinnuspell, sem hlotist geta af *eldgosum og öskufalli.*

Móðuharðindin ættu aldrei að líða þjóðinni úr minni.

En vjer viljum nú víkja að því, *hver ráð muni vænlegust til þess, að tryggja atvinnuvegi þjóðarinnar gegn þessum hættum, sem jafnan hljóta yfir þeim að vofa.*

Það hefur lengi verið talinn einn versti þjóðarlösturinn hjer á landi, að menn sjeu *óforsjálir* og *fyrirhyggjulausir*; því verður ekki neitað. Bændum hefur jafnan hætt við að setja of djarft á heyforða sinn, treysta á útbeitina; fyrir þá sök hefir oft orðið mikill fjárfellir, ef jarðbann hefir haldist á vetrum mun lengur en venja er til.

Að vísu er búskaparlagið nú víðast orðið miklu betra en áður; en þó er *ófyrirsjálnin enn á mjög háu stigi.* Er auðvelt að færa sönnur á það, að mjög víða gefa ýmsir bændur upp öll hey sín í hverjum meðalvetri; og enn í dag eru þess dæmi, og þau mörg, að *horfellir* verður, og sumstaðar eigi alllítill, ef nokkuð ber út af; má þar vitna í ritgerðir Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, sem nýlega hafa birst í Búnaðarritinu. Komi nú mjög strangur vetur, verður þessi algenga óforsjálni afar háskaleg.

Sje nú gætt að lifnaðarháttum *sjómanna,* þá virðist svo, sem *ófyrirsjálnin* sje þar *engu minni, heldur öllu meiri.* Þó að þeir fái ágætar vertíðir ár eftir ár, er

því líkast, sem þess sjái engan stað; eyðslan verður þeim mun meiri og fæstir hafa hug á því, að safna fje í góðu árunum til þess að standast vondu árin. Reynslan er jafnan sú í sjávarsveitum, að bregðist aflinn eitt ár, þá verður búþröng hjá fjölda sjómanna, og vandræðin öllu meiri, en í landsveitum, þegar þar árar illa. Og menn skyldu síst ætla, að höfuðstað landsins, Reykjavík, sje með öllu óhætt, þar geti aldrei komið atvinnuleysi, eymd og bágindi. Nú á dögum er *bæjarbúum yfirleitt* **mest** *hætta búin af atvinnuskorti.* Þess vegna er það orðið alsiða í öðrum löndum, að vinnulýðurinn í bæjunum hefur *sjálfur* stofnað *tryggingarsjóði — hallærissjóði* — til að tryggja sig gegn vinnuskorti. Og sumstaðar er nú þessi atvinnutrygging *lögboðin,* og þessum hallærissjóðum ætlaður ríflegur styrkur úr ríkissjóði. Kaupstaðirnir hjer á landi mundu að sjálfsögðu nota sjereign sína í hallærissjóðnum í þessar þarfir, sem tryggingarsjóð gegn vinnuskorti.

Í því illa árferði, sem gekk yfir landið 1882—87, flosnaði ólk upp hópum saman og stökk af landi burt þúsundum saman.

Við fáum ekki sjeð, að búhyggindi manna hafi tekið neinum gagngerðum stakkaskiftum á síðasta mannsaldri, og hyggjum, að þessi almenna óforsjálni sveitabænda og sjómanna hljóti enn sem fyr að verða þjóðinni til stórhnekkis, hvenær sem óvenju ilt árferði ber að höndum.

En þess ber líka vel að gæta, að meginþorri alþýðu manna hlýtur jafnan að eiga við erfið kjör að búa; svo er í öllum löndum; margir eru fátækir, fáir ríkir; *fjöldamargir berjast ávalt í bökkum og geta með engu móti búið svo í haginn fyrir sig, að þeim sje óhætt, hvað sem uppá kemur.* Þeim er og verður jafnan um megn, að þola nokkurt verulegt atvinnutjón. Fyrir allan þann fjölda manna er það ein hin *brýnasta lífsnauðsyn,* að geta átt kost á því, að kaupa sjer einhvers konar *tryggingu gegn atvinnutjóni* — hallæristryggingu — fyrir iðgjöld, sem þeim eru ekki ofviða. Þetta hefur nú alþýða manna fundið í *öðrum löndum,* og *sjálf* mjög víða komið sjer upp hallærissjóðum, einkum í bæjunum, sem fyr var getið, en líka nú orðið víða til sveita. Hjer á landi hefur alþýða manna ekki haft hugsun á þessu.

Þegar ræða er um hallærisvarnir hjer á landi, verður því aðallega og fyrst og fremst um tvent að tala. — 1) *leita ráða til þess, að glæða forsjálni manna og fyrirhyggju.* — 2) *koma á fót almennri atvinnutryggingu eða hallærissjóði.*

Þessi eru þá líka þau tvö nytsömu markmið, sem frumvarpið stefnir að.

Þar er farið fram á, að stofna *hallærissjóð* fyrir alla þjóðina.

Og þar er ætlast til, að gerðar sjeu *hallærissamþyktir* í hverri sýslu og hverjum kaupstað, og þjóðin með því hvött til þess og uppörfuð að athuga vandlega þær hættur, sem vofa yfir atvinnuvegum hennar — og sjá við þeim.

Þessar eru ástæðurnar fyrir því, að vjer teljum frumvarpið svo einkar þarflegt og nauðsynlegt, að það nái fram að ganga.

Það er mikið álitamál, hvað hallærissjóður muni þurfa að vera stór, til þess, að hann komi að fullum notum, eða með öðrum orðum, hversu mikið muni þurfa að leggja í hann á hverju ári.

En oss virðist sem árstekjur sjóðsins megi naumast vera miklum mun minni, en til er ætlast í frumvarpinu. Við álítum, að þjóðin *þyrfti* að eiga *4—5 miljónir kr.* í þessum sjóði — til tryggingar atvinnuvegum sínum í illu árferði. Hjer hefur verið leidd í lög almenn ellitrygging. En oss kemur saman um, að þessi trygging — atvinnutrygging — sje enn nauðsynlegri.

Mikil hallæri, bitna jafnan á *öllum* landsmönnum að meira eða minna leyti, og því eiga *allir* að vera gjaldskyldir á þennan tryggingarsjóð. Er líka rjettast, að allir greiði sama gjald, því að vitanlega fer eins um þennan sjóð, eins og ellistyrktarsjóðinn, að hann verður aðallega *styrktar*-sjóður þeim til hjálpar, sem erfiðast eiga þegar hallæri ber að höndum. Þess vegna er jafnrjettmætt, að þessi sjóður fái tillag úr landssjóði, eins og ellistyrktarsjóðurinn.

Þá verðum vjer að álíta það mjög hyggilegt, að *hvert hjerað búi að sjereign sinni í sjóðnum*, því að þar með er fengin öflug trygging fyrir því, að fjenu verði vel varið. *Landssjóðstillagið* verður þá einskonar *varasjóður*.

Sömuleiðis mælum við eindregið með því fyrirkomulagi, að hafa *eina hallæris-varnastjórn fyrir alt landið*, en *hallærissamþyktir í hverju hjeraði*. Við ætlum, að þar með sje fundið öflugt ráð til þess, að *vekja þjóðina til umhugsunar um atvinnuvegi sína og áhuga á því, að tryggja þá sem best*.

En við teljum ráðlegt að gera nokkra breytingu á gjaldskyldunni, og er það eina verulega efnisbreytingin á frumvarpinu, sem við sjáum þörf á.

Í frumvarpinu er lagt jafnt gjald á alla, sem orðnir eru fullra 18 ára, og gjaldskyldu og innheimtu hagað á líkan hátt og í lögum nr. 17, 1909 um almennan ellistyrk, en gjaldið þó sama fyrir konur sem karla, 1 kr. á mann. Gjaldendur mundu verða um 44000, og ráðum við það af þessu: Árið 1911, er greitt úr landssjóði í ellistyrktarsjóð 19198 kr. eða 50 aura fyrir hvern af 38396 gjaldendum; en hjer bætast við þeir, sem eru yfir sextugt, og í fólkstalinu 1910 eru taldir 5638 framfærendur yfir sextugt. Lætur þá nærri að gjaldendur til hallærissjóðsins yrðu um 44000, eða hallærisgjöld hjeraðanna 44000 kr., og tillagið úr landssjóði þá 22000 kr., árstekjur hallærissjóðsins 66000 kr.

Að vísu er það öldungis jafn rjettmætt hjer, sem um ellistyrktarsjóðinn, að heimta nefskatt; því að hjer fer sem þar, að þótt allir greiði sama gjald, ríkir og fátækir, þá verða það fátæklingarnir, sem sitja fyrir mestu hlunnindunum.

Hins vegar teljum vjer rjett, að konur greiði minna en karlmenn. Og sömuleiðis viljum vjer leggja til, að hverju sveitarfjelagi sje í sjálfsvald sett, hvort það vill heldur heimta sama gjald af öllum, eða jafna niður gjaldinu eftir efnum og ástæðum eða gjalda beint úr sveitarsjóði. En við teljum nauðsynlegt, að þessar aðferðir sjeu glögt afmarkaðar í frumvarpinu. Ef nefskattur er heimtaður, ætlum við langeinfaldast og brotaminst að hafa þá aðferð, sem tekin var upp í lögum nr. 40, 1909 um sóknargjöld, en miða þó gjaldskylduna við tvítugs aldur. Fyrir því leggjum við til að fella burtu 7.—10. gr. frv., sem eru sniðnar eftir ellistyrktarsjóðslögunum, en setja í þeirra stað 4 nýjar greinar, sem eru sniðnar eftir sóknargjaldalögunum.

Af allri þjóðinni voru innan tvítugs:

| | |
|---|---|
| 1801 ... ... | 40,3 % |
| 1835 ... ... | 42,8 - |
| 1840 ... ... | 44,3 - |
| 1850 ... ... | 44,1 - |
| 1860 ... ... | 43,4 - |
| 1870 ... ... | 47,2 - |
| 1880 ... ... | 42,7 - |
| 1890 ... ... | 40,8 - |
| 1901 .. .. | 43,5 - |
| 1910 ... ... | 44,1 - |
| Meðaltal | 43,3 % |

Eftir manntalinu 1910 voru 37532 innan tvítugs, en yfir tvítugt 47651.

Eftir þessu yrðu hallærisgjöld hjeraðanna um 38000 kr á ári, og tillagið úr landssjóði þá 19000 kr. á ári.

Þær aðrar breytingartillögur, sem nefndin gerir, eru svo smáfeldar, að vjer teljum ekki þörf á að skýra frá þeim hjer; það munum vjer gera þegar málið kemur til umræðu.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Hver maður á landi hjer, sem er fullra 20 ára, skal greiða iðgjald í hallærissjóð, karlmaður 1 kr., en kvenmaður 60 aura á ári, og heitir hallærisgjald.

2. Við 3. gr.

Fyrir »50 aurum« komi: 40 aurum.

3. Við 4. gr.

Aftan við greinina bætist:

Með þeim skilyrðum, sem landsstjórnin setur því til tryggingar, að fjeð glatist ekki og taka megi til þess, hvenær sem þörf gerist.

4. Við 6. gr.

Fyrir »Búnaðarfjelag . . . . hvort um sig kjósa« komi: Stjórnarráðið, Búðaðarfjelag Íslands og Fiskifjelag skulu hvert um sig velja.

5. Við 7., 8., 9. og 10. gr.

Greinarnar falli burtu, en í þeirra stað komi 4 nýjar greinar svohljóðandi.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka hallærisgjaldi á manntalsþingum fyrir sveitunga sína, en eiga tilkall til gjaldsins hjá þeim, sem gjaldskyldir eru.

8. gr.

Nú þykir sveitarstjórn óráðlegt að heimta sama gjald af öllum, og er þá rjett að hún jafni hallærisgjaldinu niður á þá, sem gjaldskyldir eru, eftir efnum og ástæðum, eða greiði það beint úr sveitarsjóði.

9. gr.

Hver húsráðandi skal greiða hallærisgjald fyrir þá, sem eiga lögheimili hjá honum og ekki greiða útsvar, og skal svo vera, þótt gjaldinu hafi verið jafnað niður samkvæmt 8. gr., en rjett á húsráðandi til endurgjalds hjá öllum öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum.

Nú er húsráðandi öreigi að dómi sveitarstjórnar, og á hún þá aðgang að gjaldanda sjálfum.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

10. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í tje manntalsskýrslur til afnota við útreikning og innheimtu hallærisgjalda

Gjaldskyldir eru þeir fyrir aldurssakir, sem voru fullra *20* ára um síðustu áramót á undan gjalddaga.

6. Við 11. gr.

a. Orðið »Innheimtulaun« til enda greinarinnar falli burt.
b. greinin verði 12. gr.

7. Við 12. gr.

Greinin verði 11. gr.

8. Við 14. gr.

Fyrir »þó ekki upp úr 2 kr. á gjaldanda« komi: þó ekki meira en um helming hins upphaflega gjalds.

9.

Fyrirsögnin verði: Frv. til laga um hallærissjóð.

Alþingi, 4. Ágúst 1913.

Guðjón Guðlaugsson, (formaður). G. Björnsson, (skrifari og framsögum.). Björn Þorláksson.

Jón Jónatansson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **264. Breytingartillögur**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um samþyktir um hringnótaveiði (þingskj. 158).

Frá Ólafi Briem.

Við 1. tölul. Aftan við liðinn bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að gera samþykt um síldveiði með hringnót á Skagafirði innan línu, er hugsast dregin úr Kögurnöf á Þórðarhöfða um Drangey í Reykjadisk.

Við 3. tölul. Fyrir »samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði« komi: samþyktir um hringnótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði.

Ed. **265. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum. (Þingskjal 129).

Frumvarp þetta, sem er komið hingað í deildina frá háttvirtri neðri deild, er að öllu samhljóða samskonar frumvarpi, sem samþykt var í neðri deild á þinginu 1912, en ekki varð útrætt hjer í þessari háttvirtu deild.

Um ákvæðin í 2. og 3. gr. frumvarpsins skal það eitt tekið fram, að nefndin lítur svo á, að þau sjeu eðlileg og rjettlát, og felst því eindregið á að ráða háttvirtri deild til að samþykkja þau.

Um ákvæði 1. gr., um upphæð styrksins úr landssjóði, getur verið meira álitamál, og um það atriði vill nefndin því fara nokkrum orðum.

Um landssjóðsstyrkinn getur þrent komið til mála:

1. Að auka hann ekkert úr því, sem hann er ákveðinn í gildandi lögum.
2. Að auka hann eins og fram á er farið í frumvarpinu um 1500 kr. á ári um óákveðinn tíma.
3. Að auka hann um ákveðið árabil eða með einhverri upphæð annari en þeirri, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um fyrsta atriðið kemur það til athugunar, hvort styrktarsjóður barnakennara sje líklegur til að geta fullnægt tilgangi sínum í framtíðinni, án þess við sje bætt landssjóðs tillagi.

Nú er svo ákveðið, að þar til sjóðurinn er orðinn 20 þús. kr., má eigi öðru úthluta í styrk úr honum en ársvöxtunum. En þegar hann hefir náð þessari upphæð, má árlega veita styrk, er nemur $^3/_4$ allra ársvaxta hans.

Tekjur sjóðsins eru nú:

| | |
|---|---|
| Tillag frá kennurum er mun nema ... ... ... | 13—1500 kr. |
| — úr landssjóði ... ... ... ... ... ... | 1000 — |

og eru því árstekjurnar auk vaxta 2300—2500 kr.

Eftir reikningum sjóðsins voru eignir hans:

| | |
|---|---|
| Í árslok 1910 um ... ... ... ... ... ... ... | 7570 kr. |
| - — 1911 — ... ... ... ... ... ... ... ... | 10000 — |

og með líkum vexti má því búast við að eignir hans verði í lok þessa árs um 15000 kr. og að hann verði búinn að ná 20000 kr. upphæðinni á árinu 1916.

Að þeim tíma liðnum, má búast við, að árstekjurnar verði:

| | |
|---|---|
| Vextir $4^1/_2$% af 20000 kr. ... ... = | 900 kr. |
| Tillög frá kennurum .. ... ... ... ... | 1500 — |
| Tillag úr landssjóði ... ... ... ... .. | 1000 — |
| Samtals | 3400 kr. |

Eftir þessu ætti að geta komið bráðlega til úthlutunar alt að 2600 kr. á ári eða ca. þreföld vaxtaupphæðin af 20000 kr., en það færi lítið vaxandi, af því sjóðurinn stækkaði seint úr því þessu marki væri náð, eða ekki nema um 8—900 kr. á ári fyrst fram eftir.

Á landinu eru nú sem stendur um 300 barnakennarar. Af þessum kennarahóp eru vafalaust mjög margir ungir kennarar og nýlega komnir að stöðunni, og fyrst um sinn er líklegt, að ekki verði mjög margir kennarar, sem þurfi styrks og sem jafnframt fullnægi skilyrðunum til þess að geta notið hans. Þetta verður alt

annað, þegar lengra líður frá og hinn núverandi kennaraflokkur, sem er allstór, fer að eldast, þá hlýtur þeim mjög að fjölga, sem styrks þarfnast og styrks geta orðið aðnjótandi.

Á næstu árunum eftir 1916 er ólíklegt, að þeir, er heimilt væri að veita, næðu þeirri tölu, að verða 20, og styrkþurfar þaðan af færri, og ættu því að geta fengið árlegan styrk, er nemur allmikið meira en 100 kr. á hvern styrkþega, sje öllu því úthlutað er lögin leyfa. Þetta er ekki all-lítil styrkur á mann, sem ekki virðist brýn nauðsyn bera til að auka. Hitt er annað mál, að þegar frá líður og styrkþurfum fjölgar, þá er sennilegt, að ekki yrði hægt að veita hverjum einstökum styrkþega jafnmikið fje og á meðan þeir voru mun færri, því engar líkur eru til, að sjóðurinn hefði aukist svo, að árlegar greiðslur gætu vaxið jöfnum skrefum og aukin þörf.

Um annað atriðið er ekki ástæða til að fjölyrða mikið.

Það er fljótsjeð að með 1500 kr. auknu ársgjaldi úr landssjóði yrði sjóðurinn orðinn alt að 20000 kr. í árslok 1914.

Eftir þann tíma gæti því komið til úthlutunar $^3/_4$ af árstekjunum, sem yrðu samkvæmt áður sögðu:

| | | |
|---|---|---|
| Tillög frá kennurum og úr landssjóði áætlað. ... | kr. | 4000 |
| Vextir áætlaðir ... ... ... ... ... ... .. ... | — | 900 |
| Samtals | kr. | 4900 |

eða til árlegrar úthlutunar 3670 kr., en þetta væri fjórföld upphæð við það, sem næsta ár á undan hefði verið handbært, meðan að eins mátti úthluta vöxtunum ca. 900 kr. Þetta er svo mikið fje, að samkvæmt áður gerðri áætlun um styrkþega fyrst framan af, mætti búast við, að það næmi alt að 200 kr. að jafnaði á hvern mann, er styrk gæti fengið úr sjóðnum.

Aukning sjóðsins færi og ekki miklu hraðara fyrir þetta, þótt hann ykist um 1200—1300 kr. árlega í stað 800—900 kr., og mætti því búast við enn meiri afturkipp til lækkunar á styrk til hvers einstaks styrkþega, þegar frá liði og styrkþurfum fjölgaði, en með því að halda gildandi lögum óbreyttum í þessu efni.

Um þriðja atriðið er fyrst það að segja, að alt ber að sama brunni og á hefir verið drepið, ef ætlast er til, að jöfn upphæð greiðist árlega úr landssjóði um óákveðinn tíma, án þess hámarki sjóðsins sje breytt áður leyfilegt sje að nota $^3/_4$ af árstekjum hans.

Það er hámark sjóðsins, þegar farið er að úthluta $^3/_4$ af tekjunum, sem er óhæfilega sett, ef landssjóðstillagið er nokkuð aukið. Að áliti nefndarinnar verður styrkþörfin miklu meiri þegar frá líður, en hún verður fyrst um sinn, og því lítur nefndin svo á, að gott væri, að sjóðurinn væri orðinn allhár og eigi minni en 50 þús. áður leyfilegt sje að úthluta $^3/_4$ af árstekjum hans.

Sje því landssjóðstillagið aukið á þann hátt, sem frumvarpið fer fram á, þá álítur nefndin þannig, að ekki eigi að nota annað en vöxtu sjóðsins til árlegrar úthlutunar, fyr en hann er orðinn 50 þósund kr.

Ef tillagið úr landssjóði er 2500 kr. árlega, þá eykst sjóðurinn um 4000 kr., svo framt tillagið frá kennurunum er 1500 kr. og engu er eytt nema vöxtum. Eftir 9 ár frá þessu ári að telja, yrði þá 50 þús. krónu markinu náð, eða í árslok 1922.

En þegar svo er komið, þá nema ársvextirnir með $4^1/_2\%$ 2250 kr. og þótt

tillag landssjóðs hætti þá með öllu, myndi sjóðurinn aukast alt að 1000 kr. árlega þótt $^3/_4$ allra árstekna yrði eytt.

Að þessu er þannig varið er ljóst, því:

| | |
|---|---|
| Ársvextir at 50 þús. kr. $4^1/_2$% eru . ... | 2250 kr. |
| Tillög kennara áætluð ... ... ... ... | 1500 — |
| Árstekjur | 3750 kr. |

$^3/_4$ af þessari upphæð er kr. 2812,50 og afgangurinn, sem legðist til sjóðauka þegar í byrjun, kr. 937,50.

Þegar svo er komið, er því alt upp undir 3000 kr. árlega til úthlutunar, og því að vísu nokkru meira en áður var, þegar um vextina eina, 2250 kr., var að ræða. Og þetta er ekki svo lítið fje, því þótt styrkþurfar væru um 30 eða 10% af tölu kennaranna, þá væri það þó um 100 krónur að jafnaði á hvern styrkþurfa.

Hjer við bætist og, að fje það, sem varið er til styrks, fer frá upphafi smávaxandi og heldur áfram að vaxa nokkuð jafnt og þjett, án þess stór stökk eigi sjer stað, en þetta verður nefndin að telja eðlilegast.

Af þessum ástæðum aðhyllist nefndin þá leiðina, að landssjóðstillagið til sjóðsins sje hækkað upp í 2500 kr. á ári, þar til hann hefir náð 50 þús. kr., en hætti þá með öllu.

Þetta er til ekki óverulegra hagsmuna fyrir styrktarsjóðinn, en er líka hagur fyrir landssjóð, þegar fram í sækir, að því leyti sem það losar hann við árgjald til styrktarsjóðsins, eftir að hann er orðinn 50 þúsund kr.

Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með þeirri breytingu á 1. gr., sem eftirfarandi breytingartillaga fer fram á.

BREYTINGARTILLAGA.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist þannig:

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 kr. Innan þess tíma má ekki verja öðru til árlegra útgjalda en vöxtum af sjóðnum.

Árgjaldið úr landssjóði fellur niður þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr.

Efri deild Alþingis, 4. ágúst 1913.

| | | |
|---|---|---|
| Eiríkur Briem, (formaður). | Jósef Björnsson, (skrifari og framsögum.). | Þórarinn Jónsson. |

Nd. **266. Breytingartillaga**

við br.till. á þgskj. 164.

Frá nefndinni.

Við 2. lið. Orðin »og óprentaður« falli burt.

Nd. **267. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Vjer undirritaðir, sem virðuleg neðri deild Alþingis kaus í nefnd, til að íhuga ofangreint frumvarp, höfum rætt það á nokkrum nefndarfundum, og leyfum oss nú að láta uppi álit vort um það á þessa leið:

Það er upplýst af flutningsmanni frumvarpsins, að það hafi orðið af ógáti, er lögin frá 22. okt. 1912 voru til meðferðar í neðri deild Alþingis, að prestssetrið Staður í Aðalvík var nefnt, sem endastöð væntanlegar símalínu til Aðalvíkur, í stað þess að nefna Látra, þar sem fjölmennið er mest, og þar sem nú eru þegar reknar nokkrar verslanir. — Á Látrum er og skipalægi ágætt, og kemur þangað því æ öðru hvoru fjöldi innlendra og útlendra skipa, enda aðal-fiskistöðvar innlenda fiskiveiðaflotans þar út undan, eigi hvað síst um þann tíma ársins, sem skammdegið er mest. — Ennfremur má og geta þess, að þegar reistur verður viti á Straumnesinu, sem væntanlega verður mjög bráðlega, þar sem sjómenn telja nú orðið hvergi ríkari þörf vita, en þar, þá er það mun hentugra, að símastöðin sje á Látrum, en á Stað í Aðalvík, — óliku skemmra til hennar að ná fyrir vitavörðinn, ef eitthvað verður að vitanum, sje hún á Látrum.

En þó að málið lægi þannig ljóst fyrir, þótti nefndinni þó engu að síður rjett að leita álits símastjórans um málið, áður en hún rjeði deildinni til þess, að samþykkja frumvarpið, og barst henni síðan álit hans með brjefi, dags. 19. júlí þ. á. — Getur hann þess þar, að annríkis vegna hafi línuleiðin til Staðar í Aðalvík, um Hesteyri, enn ekki verið rannsökuð, og mælist því til þess, að engin breyting sje gerð á lögunum frá 22. okt. 1912, fyr en búið sje að skoða og rannsaka leiðirnar nánar.

Á þetta getur nefndin og, eftir atvikum, fallist, þar sem eigi getur, hvort sem er, til neinna framkvæmda komið, fyr en símaleiðirnar hafa verið rannsakaðar. — En sjálfsagt telur nefndin, að þá verði símaleiðin rannsökuð alla leið að Látrum, eins og þörf íslenska fiskiveiðaflotans krefst, enda landsjóði og þá fyrst, er síminn er kominn að Látrum, veruleg tekjuvon af honum.

Nefndin ræður deildinni því til þess, að ráða málinu til lykta á þann hátt, að samþykt verði svo látandi:

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Í trausti til þess, að stjórnin láti, svo fljótt, sem unt er, rannsaka, og gera kostnaðaráætlun, að því er snertir símalagningu milli Hesteyrar og Látra í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og leggi síðan fyrir Alþingi frumvarp sama efnis, sem fyrirliggjandi frumvarp, sýni rannsóknin símalagninguna tiltækilega, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Alþingi 4. ágúst 1913.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Skúli Thoroddsen, skrifari og framsögumaður.

Jón Jónsson. Þorleifur Jónsson. Stefán Stefánss., Eyf.

Nd. **268. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumv, er fyrst var lagt fyrir hv. efri deild, og er þaðan komið til neðri deildar. Nefndin sem hv. neðri deild hefir fengið frv. til meðferðar, hefir athugað það á nokkrum fundum, og orðið ásátt um að leggja það til, að frv. verði samþykt með einni breytingu. Nefndin er samdóma stjórninni og hv. efri deild um, að það horfi til bóta að heimta nokkurn verklegan undirbúning af lögfræðiskandídötum, áður en þeim veitist málflutningsleyfi samkvæmt lögunum frá 1905, og að ákvæði frv. hjer að lútandi sjeu hagkvæm; viljum vjer því ráða hv. deild til að samþykkja frumvarpið. En skilyrðið, sem þá verður sett, ætti að nefndarinnar álti eigi að ná til þeirra, sem þegar hafa byrjað lögfræðisnám við háskólann, og hafa því mátt búast við því, að eiga aðgang að yfirrjettarmálflutningsstörfum samkv. nýnefndum lögum, þegar að afloknu laganámi. Þykir oss rjett, að undanþága sje gerð fyrir þá í samræmi við það, sem ákveðið er í lögum nr. 3, 4. mars 1904, 4. gr., og lögum nr. 36, 11. júlí 1911, 4. gr., þannig, að ákvæðið nái eigi til þeirra kandídata frá lögfræðisdeild háskólans, er ljúka þar prófi innan 4 ára frá því lög þessi ganga í gildi.

Vjer viljum því ráða hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu, að

Við tölulið 2, bætist svohljóðandi málsgrein:

Þó nær ákvæði þetta eigi til þeirra lögfræðisnemenda, er ljúka fullnaðarprófi við Háskóla Íslands innan 4 ára eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.

Alþingi, 4. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Valtýr Guðmundsson, formaður. | Kristján Jónsson, skrifari og framsögum. |
| G. Eggerz. | Þorleifur Jónssvn. |
| Skúli Thoroddsen. | |

Nd. **269. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þgsk. 257.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 1. lið. Í stað »metri« komi: stika. Hvar sem »metri« er í till. nefndarinnar komi *stika* í rjettri tölu og falli og hvar sem er »sentimetri« í þeim komi *hundstika* í rjettri tölu og falli.

2. Við 12. lið, síðari málsgrein. Í stað orðanna »En synji — — nema samkomulag verði um« komi: Skal þá kveðja til úttektarmenn að meta skaðabætur, ef meira sneiðist annað landið en hitt. Heimilt er og, ef hlutaðeigendur verða ásáttir þar um,
3. Við 16. lið, fyrri málsgrein. Liðinn skal orða svo: Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut, afrjettarveg, fjallveg eða forna fjallvegi, þótt eigi sje kostaðir úr landssjóði, nema hlið sje á fyrir veginum.
4. Við 16. lið, síðari málsgrein. Í stað orðanna »leyft að gera girðingu« komi: girðing sett.

Nd. **270. Breytingartillaga**

við frv. til laga um girðingar (þgsk. 71).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 1. gr. Í stað »meter« komi: stika. Og hvar sem kemur fyrir meter, skal setja orðið *stika* í rjettu falli og rjettri tölu.

Nd. **271. Frumvarp**

til laga um sparisjóði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem allra tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eður sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugerð til staðfestingar og, má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje innborgað hlutafje eða tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;

b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1914 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje, hlutafje eða innborgað ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eður vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári, nema því að eins að varasjóður sparisjóðsins sje að minnsta kosti 20% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar eða leyfis stjórnarráðs mega engir aðrir en eglulegir sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Allar viðskiftabækur við sparisjóði skulu innihalda ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðs, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers einstaks sparisjóðs mega eigi færri vera en 3 menn. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Það skal jafnan nægilega kunngert, hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vítavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir augljósa handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum, nema fulltrygt fasteignarveð eða handveð sje fyrir. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

Enginn stjórnandi nje starfsmaður sparisjóðs má greiða atkvæði um lán handa sjálfum sjer úr sjóðnum.

8. gr.

Um stjórnarkosning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í lögum hvers sparisjóðs um sig. Þó hefir stjórnarráðið heimild til að setja nánari reglur um stjórnarkosningar, sjeu ákvæðin í lögum sparisjóðsins í þessu efni eigi nógu skýr eða fullnægjandi.

Allar stjórnarkosningar skal tafarlaust tilkynna umsjónarmanni sparisjóða.

9. gr.

Við hvern einstakan sparisjóð skulu jafnan vera að minnsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari. Mega þeir ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, ef innstæðufje hans er 50 þús. kr. eða þar yfir.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má gjaldkeri veita móttöku innborgunum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en skuldbindandi er kvittun hans því að eins fyrir sjóðinn, að hún sje meðundirrituð af bókara. Sömuleiðis getur gjaldkeri greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir sem sparisjóðsfjehirði. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingarinnar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóða.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei borga út neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal hin útborgaða upphæð þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku þó viðskiftabók sje eigi sýnd. Skal þá gefa sjerstaka kvittun fyrir innlögunum og þess getið á kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til að upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Sjerhver innstæðueigandi í sparisjóði skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilfærð hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig færa yfir allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá yfir alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers einstaks gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Heimilt er stjórnarráðinu að fyrirskipa nánari reglur um bókfærslu sparisjóða, eftir tillögum umsjónarmanns.

13. gr.

Aldrei má veita neitt lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðarinnar.

Eigi má samanlögð upphæð víxilllána og sjálfskuldarábyrgðarlána, er sparisjóður veitir og trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, nokkru sinni nema meiru en helming af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu innborguðu hlutafje.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og mega þau aldrei eldri verða en 10 ára áður innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eður meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 16. gr.), innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eður önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð.

Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs.

Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis stjórnarráðsins mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum, sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði frádregnum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til innlausnar á hlutafje eða til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að eignir hans nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóðanna, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Af eignum varasjóðs hvers einstaks sparisjóðs skal jafnan vera svo mikið handbært í peningum, innieign hjá bönkum eður í auðseldum tryggum verðbrjefum, að það nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsfjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan. Þó gilda um þetta sömu undantekningar og fram eru teknar í 13. gr., 4. málsgr.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýjári til nýjárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera fullsaminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur form fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Ella sendi þeir umsjónarmanni sparisjóðanna skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðinu er heimilt að setja nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins, ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi umsjónarmanns sparisjóða, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins taka svo ákvörðun um það, hvort sjóðurinn skuli tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður eigi muni fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það umsjónarmanni sparisjóða og hann síðan stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður af einhverjum ástæðum leggst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins þær, er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að alt að tveimur þriðjungum af eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í. Afgangurinn rennur í landssjóð.

22. gr.

Stjórnarráðið skipar umsjónarmann til að hafa eftirlit með öllum sparisjóðum og starfsemi þeirra. Nefnist hann umsjónarmaður sparisjóða. Árslaun hans eru 1200 krónur, og greiðast þau úr landssjóði. Í fjárlögunum skal veita hæfilega upphæð til ferðakostnaðar hans og dagpeninga á eftirlitsferðum. Dagpeningar teljast 5 kr. fyrir dag hvern, er hann er fjarverandi frá heimili sínu.

23. gr.

Umsjónarmaður sparisjóða hefur, undir yfirumsjón stjórnarráðsins, nákvæmt eftirlit með starfsemi allra sparisjóða á landinu og getur í því skyni krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og alt fyrirkomulag. Samrit af ársreikningum allra sparisjóða skal senda honum jafnskjótt og reikningarnir eru samdir. Ennfremur athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara eða sparisjóðsstjórnar.

Umsjónarmaður semur og sendir stjórnarráðinu á ári hverju skýrslu um alla sparisjóði á landinu og starfsemi þeirra. Ágrip af skýrslu þessari skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Heimilt er umsjónarmanni sparisjóða með samþykki stjórnarráðs í einstökum tilfellum að fela öðrum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð að reka eftirlit það með sparisjóðum, sem honum er falið samkvæmt lögum þessum. Kostnað við þetta má greiða af ferðakostnaðarfjenu eftir nánari ákvörðun stjórnarráðs.

Stjórnendum sparisjóða og starfsmönnum er skylt að láta umsjónarmanni og umboðsmanni hans svo og stjórnarráðinu í tje skýrslur þær og upplýsingar um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsyn kann að þykja á að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 krónum á dag, ef óhlýðnast er.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa umsjónarmanni sparisjóða.

Vanræki umsjónarmaður skyldur sínar getur stjórnarráðið vikið honum frá.

24. gr.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast á einhvern hátt, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar á Íslandi, með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn

hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, má útborga þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, þar fyrir geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

25. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

26. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú eru reknar samkvæmt sjerstökum lögum, svo sem t. d. Söfnunarsjóðs, Landsbankans, Íslandsbanka nje útbúa tjeðra banka.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renna í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

29. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er hjer með úr lögum numin.

Nd. **272. Frumvarp**

til landskiftalaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Öll heimalönd sveitajarða, tún, engi og úthagi, sem fleiri býli hafa til samnota, og sem ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota svo sannanlegt sé, eða viðurkend merki eru til um, geta komið til skifta samkvæmt lögum þessum. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðaparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Úttektarmenn skulu gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Sýslumaður skal og nefna oddamann til skiftagerðar, og skal

hann vera formaður úttektarmanna og stýra skiftunum; hann skal bóka skiftagerðina og skera úr, ef úttektarmenn greinir á.

Úttektarmenn fá í dagpeninga 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum, en oddamaður 4 kr.

3. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sjerstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sjerstakt býli, og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiði sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað, að út sje skift nema nokkrum hluta lands þess, er býli hans fylgir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

4. gr.

Skifti þau, er um ræðir í 3. gr., skulu vera til fullrar eignar, og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, og svo leiguliðum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á landinu, að vera við skiftin. Þeim skal einnig gefinn kostur á að vera við yfirmat og upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu þó aðilar viðstaddir, er úttektarmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín að síðustu úrslit skiftanna. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í landi því, sem skift er, um 1 ár frá því er sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla, til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður yfirmatsmanna og stýra matinu.

5. gr.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag, meðan þeir eru að skiftum og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess beiðist, sje engin breyting gerð á skiftum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

6. gr.

Áður en skifti byrja, skulu þeir, sem skifta eiga landi, rannsaka, ef þörf er á, að land það, er skifta skal, sje með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Sje landi því, er skifta skal, að einhverju leyti áður skift, skulu þeir einnig gera sjer glögga grein fyrir merkjum þeim, er sett hafa verið við þau skifti. Leita skulu þeir og upplýsinga um rjettindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess.

Sjeu merki milli lands þess, er skifta skal, og annarar jarðar eða jarða, krókótt og óhagkvæm fyrir skiftin, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting merkjanna.

7. gr.

Skifta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi. Verði þessu ekki við komið, skal tilgreina ástæður fyrir því.

8. gr.

Nú hefir einhver eigandi að óskiftu sameignarlandi tekið og ræktað einhvern hluta þess, án samþykkis þeirra, er land eiga með honum. Skulu þá úttektarmenn við skiftin láta hann halda þessu landi, móti því að hinir sameigendurnir fái hvor um sig að tiltölu samsvarandi hluta af sameignarlandinu, en verði því ekki við komið, skal meta þeim, er landið ræktaði, hæfilegar bætur fyrir ræktunarkostnað á því landi, er hann missir við skiftin, og greiða þeir bæturnar, sem landið hljóta. Sje land þetta sjerstaklega girt, skal eiganda girðingarinnar heimilt að taka hana upp og flytja burtu.

9. gr.

Nú liggja tún- eða engjavegir yfir land það, er skifta skal, eða þeir, er skiftin gera, álíta nauðsynlegt, að slíkir vegir verði þar lagðir. Skal þá í skiftagerðinni ákveðið, hvar nýja vegi skuli leggja, og hvernig vera skuli aðstaða landeiganda innbyrðis um lagning, viðhald og notkun slíkra vega.

Nú er land það, er skifta skal, að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblástri, skal þá við skiftin taka sjerstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skift.

Ef svo stendur á, að mýri eða votlend landspilda, sem þarfnast framræslu, er í hinu óskifta landi, skulu þeir, sem skiftin gera, sjá fyrir því, að þau geti á engan hátt hindrað framkvæmd framræslunnar.

10. gr.

Skiftagerðir allar, er gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skal rita í sjerstaka bók, er sýslumaður löggildir. Andvirði bókarinnar greiðist úr sýslusjóði. Landstjórnin semur og útbýtir, á landsjóðs kostnað, fyrirmynd fyrir bókfærslu slíkra skiftagerða.

11. gr.

Þegar úttektarmenn hafa skift landi samkvæmt 3. gr. laga þessara, skulu þeir, áður en þeir fara frá skiftum, láta setja glögg merki fyrir því, hvernig þeir hafa skift landinu. Skulu allir þeir, er hlut eiga að máli, skyldir til að gera merki þessi. Úttektarmenn skulu lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega í skiftagerðinni, að ekki verði um vilst.

Með merki þau, er ákveðin eru til fullnaðar með skiftum úttektarmanna eða með yfirmati, skal farið svo sem landamerkjalög mæla fyrir.

12. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver óskar þess; kostnaðinn greiði þeir allir eftir jarðastærð.

13. gr.

Landeigendum er frjálst að skifta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum, og leiguliðar og aðrir, er notkunarrjett hafa á landinu, og skiftin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Um slík skifti skal skrá greinilega skiftagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiftin, takmörkum þess og rjettindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiftin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skift var. Skiftagerð þessari skal þinglýsa.

Sje ekki skift að tiltölu rjettri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða rjettindum innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, skal líta á það sem afsalað eða selt, og breytist þá jarðamat eða skattskylda jarðanna eða jarðarpartanna samkvæmt því.

14. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiftu landi, má enginn eiganda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn þeirra nota beitina nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektarmönnum.

Ítölu skal meta eftir jarðarmagni, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fjenað má í högum hafa, án þess örtröð verði.

Nú hefir einhver sambeitareigenda minni fjenað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meir en þeim ber, skulu þeir þá hafa forgangsrjett til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurjett þess, sem of fátt hefir, meðan hann notar eigi sjálfur.

Ed. **273. Lög**

um breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

(Samþ. í Ed. 4. ágúst).

1. gr.

Í stað 2. gr. komi svolátandi grein:

Ekkert lán má fara fram úr 5000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir, en $^1/_2$% afborgun.

2. gr.

Í staðinn fyrir þessi orð í 5. gr. »skal sá hafa forgöngurjett« komi: skal sá að jafnaði hafa forgöngurjett.

3. gr.

Í stað 6. gr. komi svolátandi grein:

Hús, er lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, úr steini eða steinsteypu og þak varið járni eða eigi ótryggara efni. Timburhús, þótt aljárnvarin sjeu, má því að eins reisa fyrir lánsfjeð, að eigi sje annars kostur vegna staðhátta. Landsstjórnin ræður, eftir tillögu hins byggingarfróða ráðunauts landsstjórnarinnar, yfirsmið hússins.

Nú hefir verið bygt hús úr steini eða steinsteypu, eða járnvarið timburhús á prestsetri, áður en lög þessi ganga í gildi, en er ekki eign prestakallsins, eða slíkt hús er á jörð, er síðar kynni að verða gerð að prestssetri, en fylgir eigi jörðinni, og er þá landsstjórninni heimilt að veita lán til að kaupa það með samskonar kjörum og lög þessi ræða um, ef ástæður mæla með, enda sje húsið vandað og hentugt til íbúðar.

4. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Helmingur lánsfjárins greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og efnið, sje það eldfimt, sje fullvátryggt. Hinn helmingurinn útborgast, þegar sýnd eru skilríki fyrir því, að húsið sje bygt eftir uppdrætti og áætlun, og vel frá smíði gengið, enda sje landsstjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi, sem umboðsmann hefir í Reykjavík, fyrir því að húsið sje vátrygt fyrir virðingarverði. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið.

5. gr.

Í staðinn fyrir 2 síðustu málsgreinar í 8. gr. komi þessi grein:

Komi það í ljós við skoðun, að hús sje eigi bygt, eða því viðhaldið, sem skyldi, getur landsstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum með dagsektum, eða jafnvel látið bæta úr þeim á kostnað prests, en þá skal prestur að skaðlausu endurgreiða allan kostnað, er af því hlýtst, þar með talinn innheimtukostnað.

6. gr.

12. gr. laganna falli burtu.

7. gr.

13. gr. orðist þannig:

Nú er hús bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $^1/_{20}$ af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar. Sama er og, þá er hús, sem bygt hefir verið að öllu eða nokkru leyti fyrir lánsfje úr landssjóði, er byggt upp fyrir vátryggingarupphæð þess eða fyrningargjald sam-

kvæmt 17. gr. Öllum slíkum húsum skal prestur ætíð halda vátrygðum fyrir virðingarverð samkvæmt því, sem ákveðið er í 7. gr.

8. gr.

Lög þessi koma í gildi 1. janúar 1914.

Nd. **274. Alit**

*minni hluta nefndarinnar í málinu:* Frumvarp til laga um íslenskan sjerfána.

*Minni hlutinn:* Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Jeg hefi eigi getað orðið sammála virðulegum meðnefndarmönnum mínum, að því er til fánamálsins kemur.

Mjer þykir það **ekki** *rjett*, er um löggildingu ísl. fána ræðir, að binda sig þá eingöngu við staðarfána, þ. e. við fána, er eigi sje heimilt að nota, nema hjer á landi, eða þá að minsta kosti eigi utan landhelginnar, enda eigi tilhlutunar löggjafarvaldsins þörf, að því er til slíks fána kemur.

Virðist það *ekkert áhorfsmál*, að þegar Íslendingar löggilda sjer fána, þá eigi hann að vera engu síður siglinga- en staðar-fáni, enda væri það engu líkara, en því, að vilja **óvirða** fánann, ef eigi mætti nota hann, er út fyrir landhelgina, eða landsteinana, kemur.

Með þessu mælir það og, hve *afar-óviðfeldið* það væri, að neðri deild Alþingis, sem fyrir að eins frekum tveim árum, þ. e. á alþinginu 1911, samþykti frumvarp um ísl. siglingafána, færi nú, að *hörfa* **svo mjög** *aftur á bak í málinu*, að láta sjer nægja staðarfána, er hlyti að vonum að **særa** þá alla að mun, sem orðinn er íslenski fáninn kær, og þá eigi hvað síst uppvaxandi kynslóðina, sem þegar farin er að venjast því, og óðum venst því æ meira og meira, að skoða hann, sem tákn íslenska þjóðernisins, og hverja lítilsvirðingu honum sýnda, sem lítilsvirðingu þjóðerni voru sýnda, sbr. atburðina 12. júní þ. á.

En um rjett vorn Íslendinga til þess að hafa sjerstakan siglingafána, engu síður en hvert annað þjóðerni, ætti eigi að þurfa að ræða, og það jafnvel eigi, hvort er um **siðfræðilega** eða **lagalega** rjettinn ræðir.

Skal í því tilliti bent á:

I. að hvað **siðfræðilega** rjettinn snertir, getur hvert þjóðerni sem er, að sjálfsögðu æ sagt við hvert hinna:

> »Það er *ekki* þitt, nje einstaklinga þíns þjóðernis, heldur er það *mitt*, og einstaklinga míns þjóðernis, að segja, eða taka ákvörðun um það, hvað mjer (þ. e. mínu þjóðerni) er siðfræðilega gott, eða rjett að gera«.

— getur sagt það, og á æ að segja, engu síður en hver einstaklingurinn finnur sjer æ rjett og skylt að segja hið sama — mutata mutandis — um sín málefni, við hvern annan einstakling, sem er.

Aðgætandi er það og, hvað siðfræðilega rjettinn snertir, að *fámenni þjóð-*

*ernis vors, sem og eigi síður fátækt þess, og það, hve afskektir vjer erum,* **gerir hinn siðfræðilega rjett vorn enn ríkari, eða sterkari,** en ella, — þ. e. gerir öllum, **einmitt þess vegna,** en ljótara, og þá og ábyrgðarmeira, að traðka honum, en ef vjer værum fjölmennari, auðgari og betur í sveit komnir á hnettinum.

II. En að því er snertir **lagalegan** rjett vorn, þá geta hvorki Danir, nje aðrir, vefengt það, að fánamálið sje eingöngu **íslenskt sjermál,** — mál, er ísl. löggjafarvaldinu beri því einu um að fjalla.

Skal í þessu efni bent á það, að í 3. gr. stöðulaganna frá 2. janúar 1871 eru »siglingarnar« taldar »sjerstaklegt málefni Íslands«, og þá alt, er yfirleitt að þeim, eða að skipunum, á einhvern hátt lýtur.

En allir vita, að fáninn er tákn eða merki, sem ætlast er til, að hvert skip bregði upp, er sýna skal, hvert þjóðerni þess er, eða heilsast skal á sjó, o. fl. o. fl.

*Fáninn því engu síður óaðskiljanlegur* og nauðsynlegur *hluti hvers skips, en hvað annað, er því heyrir til,* t. d. stýrið, seglin, leiðarsteininn o. fl. o. fl.

En um »sjerstaklegu málefnin«, sbr. 3. gr. stöðulaganna frá 2. janúar 1871, ákveður stjórnarskráin frá 5. janúar 1874, — 1. gr., að í þeim hafi landið »löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig«.

Hjer liggur því fyrir **svo glögg** viðurkenning þess — af hálfu danska löggjafarvaldsins og konungsvaldsins — að fánamálið sje íslenskt sjermál, sem frekast getur verið.[1])

En að láta sjer detta það í hug, að danska löggjafarvaldið — beint ofan í jafn glöggar viðurkenningar, sem og heityrði, af þess hálfu — fari þó engu að síður að vefengja það, að íslenski siglingafáninn sje íslenskt sjermál, virðist ganga **óhæfu næst.**

Vissulega hlyti og hver dómstóllinn, ef til kæmi, að komast að þeirri niðurstöðu, að danska löggjafarvaldið hafi, með 3. gr. stöðulaganna frá 2. janúar 1871, *afsalað sjer öllum rjetti til hverskonar afskifta af siglingamálefnum Íslands,* og þá og af því, hvaða fána oss þóknast að láta skip vor hafa, hvort er hjer við land eru, eða erlendis.

Má og enn fremur geta þess, að **síst** minkar það konungsveldið í augum annara þjóðerna — en lætur það þvert á móti sýnast enn stærra, göfugra og glæsilegra —, er í erlendum höfnum o. s. frv., sjást skip, er tvennskonar, og þó gagnólíka fána bera, og lúta þó öll einum og sama konunginum.

Hefir það og **aldrei** nokkurn mann lækkað, *að sýna þeim veglyndi, eða göfugmennnsku, sem minni máttar eru,* en gert hann — þvert á móti — enn meiri, eða veglegri, í augum allra þeirra, sem góðir og rjettsýnir eru.

Dönum er og sjálfum, sem eðlilegt er, afar-sárt, eður viðkvæmt, sje þjóðarfána sjálfra þeirra, þ. e. »Dannebrog«, á einhvern hátt misboðið, og því og að **mun** ólíklegra, en ella — enda þeim þá enn ábyrgðarmeira —, að þeir vilji þá

---

1) Sbr. þá og enn fremur það, er stöðulögin frá 2. janúar 1871, — 3. gr. telja »fiskiveiðarnar« og »verslunina«, meðal »sjerstaklegu málefnanna«. — En hvorttveggja er þetta »siglingunum« mjög náskylt, þar sem þær eru eigi hvað síst í »verslunarinnar« þágu, en mega þvert á móti teljast einn liður hennar, og felast því í raun og veru í orðinu »verslun«, í víðari merkingu þess orðs. — Sama þá og eigi síður, hvað »fiskiveiðarnar«, eina af megin-stoðum »verslunarinnar« snertir, enda þær æ með »siglingum«, þ. e. af skipum, stundaðar. —

eigi í allan máta virða, sem skylt er, samskonar tilfinningar annara, þ. e. íslensku þjóðarinnar. —

Þá má og eigi gleyma því, hve afar-mikla og sí-vaxandi þýðingu ísl. verslunarfáni hlýtur æ að hafa, sem tákn ísl. þjóðernis, í útlöndum, — gerandi þjóð vora þar þekta, vekjandi henni þar hlýjan huga hjer og þar, o. fl. o. fl.

En að því er þjóð vora sjálfa snertir, verður því tæpast lýst, hve mjög ísl. verslunarfáni hlýtur að glæða þjóðarsjálfstæðið, eða þjóðernistilfinninguna — sem enn er því miður víða hvergi nærri svo vakandi, sem skyldi —, sem og að auka þjóðinni metnað, þ. e. löngunina til þess, að verða eigi öðrum þjóðernum síðri, en öllu heldur, ef unt væri, fremri, að því er til þess kemur, að geta látið sem mest gott, og æ fleira og meira gott af sjer leiða, einstaklingum sínum og annara þjóðerna til unaðar og hagsælda.

Af framangreindum ástæðum verða tillögur mínar:

*Að frumvarpið verði fært í sama horfið, sem neðri deild alþingis, árið 1911, samþykti*, þ. e. að samþyktar verði breytingartillögurnar á þingskj. 42.

**Til vara** legg jeg það þó til, að gerðar verði við frumvarpið (á þingskj. 35) svofeldar breytingar:

1. *að* fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um íslenskan fána.

2. *að* í stað frumvarpsgreinarinnar komi þrjár svolátandi greinar:

1. gr.

Ísland skal hafa sjerstakan fána.

2. gr.

Fáni sá, er getur í 1. gr., skal vera blár, með hvítum krossi, þvert og endilangt, og nemi breidd krossálmanna einum sjöunda hluta af breidd fánans. — Bláu reitirnir, nær stönginni, skulu vera rjettir ferhyrningar, og þeir jafn breiðir, en tvöfalt lengri, sem fjær eru stönginni.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau ákvæði í íslenskum lögum, er heimila íslenskum skipum, að nota annan fána.

Alþingi, 3. ágúst 1913.

Nd. **275. Frumvarp**

til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson, Benedikt Sveinsson, Matthías Ólafsson.

1. gr.

Engum kaupmanni, verslunarmanni, veitingamanni eða þjónustufólki þeirra skal vera leyfilegt að selja eða afhenda tóbak til neyslu börnum eða unglingum yngri en 16 ára, og gildir sama, hvort kaupandi tekur við eða kaupir tóbakið fyrir sjálfan sig eða aðra.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum fyrir fyrstu brot 50 kr., en hækkar við ítrekuð brot alt að 500 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

3. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Ed. **276. Frumvarp**

til laga um sölu á kirkjujörðinni Undirfelli með hjáleigunni Snæringsstöðum í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu.

Flutningsmenn: Þórarinn Jónsson. Guðjón Guðlaugsson.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja kirkjujörðina Undirfell með hjáleigunni Snæringsstöðum í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu með sömu skilyrðum og aðrar kirkjujarðir.

Nd. **277. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Sóda, krít, bensín, þakhellur (Skifer) og smjörsalt.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, netatvinni og allskonar netagarn, strigi, lausar umbúðir, þar á meðal umbúðapappír prentaður, ullarsekkir, fljettuvoðir til umbúða (mottur), strigaábreiður (hvort sem þær eru tjargaðar, farfaðar eða eigi), vjelaáburður, húsapappi, allskonar kaðlar og öll veiðarfæri, þar á meðal netakúlur og flotholt, hjólklafar (blakkir), saumur, ljáblöð, brýni, hverfisteinar, járnkarlar, sleggjur, steðjar, kokolit, akkeri og akkerisfestar, járnbitar til húsagerðar, mottur, ofnar, eldavjelar, járnpípur og teinar, rær, gaddar og spengur til járnbrautargerðar, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður og gólfdúkar (linoleum).

Þriðji liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði og tvinna 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. greinar vörutollslaganna, skulu þar taldir bátar.

Sjötti liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir: Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr.

Skip og bátar skulu því að eins undanþegnir vörutolli, að þeim sje siglt til landsins. Pappír skal undanþeginn tollinum.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 25 aurar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað

Nd. **278. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn. Öðrum en þeim, sem hjer eru taldir, má eigi leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

2. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.

Nd. **279. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsta grein orðist þannig:

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, og veidd er í herpinót eða reknet, og söltuð er á landi eða hjer við land

Auk þess skal öllum gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

2. gr.

Orðin »á nefndu svæði« í 3. gr. falli burt.

3. gr.

Orðin: »og metið« í niðurlagi 2. málsgreinar í 5. grein falli burt.

Aftan við sömu grein bætist:

Undir sjerstökum kringumstæðum má yfirmatsmaður leyfa skoðun á síld, er ekki hefir í fyrstu verið ætluð til útflutnings, og það af henni, er þá kynni að reynast góð vara má senda til útlanda á venjulegan hátt.

4. gr.

Orðin í 8. gr.: »Annar þeirra . . . . starfsvið þeirra« falli burt og í staðinn komi: Stjórnarráðið ákveður aðsetur þeirra og starfsvið.

Orðin í sömu grein: »Útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir« falli burt, en í þeirra stað komi: þeim, er síldina lætur salta.

5. gr.

10. grein orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 11. júlí 1911 um skoðun á síld, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt, sem lög um skoðun á síld.

Nd. **280. Þingsályktunartillaga**

um skipun nefndar til þess að íhuga beiðni frá herra P. J. Torfasyni um einkarjett honum til handa, til þess að vinna salt úr sjó með nýrri aðferð, og fleiri tillögur sama manns um hjerlendan atvinnurekstur.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson, Pjetur Jónsson, G. Eggerz, Matth. Ólafsson, Bjarni Jónsson frá Vogi.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa fimm manna nefnd, til þess að íhuga beiðni frá herra P. J. Torfasyni um einkarjett honum til handa, til þess að vinna salt úr sjó með nýrri aðferð, og fleiri tillögur sama manns um hjerlendan atvinnurekstur. Skal nefndin síðan semja og leggja fram frumvörp um þessi atriði, ef hún ræður deildinni til að taka þau til meðferðar.

Nd. **281. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

Frá nefndinni

1. Við 1. gr. Á eftir «vjelaáburður« komi: úr olíutegundum.
2. — » » Fyrir »og öll veiðarfæri, þar á meðal« komi: allskonar færi og fiskinet, kork.
3. — » » Fella skal úr orðið »mottur« (þar sem það stendur milli »húsagerðar«, og »ofnar«).

Nd.

# 282. Frumvarp

til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu að gera samþykt um síldveiði með hringnót á Eyjafirði innan línu, er hugsast dregin um Eyjafjörð þveran, þannig að hún snerti nyrðri enda Hríseyjar.

2. gr.

Þegar sýslunefndunum þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslna, að gera samþykt fyrir sýslurnar eða nokkurn hluta þeirra, skulu þær með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefndirnar kveða á um fundarstað, en oddvitar þeirra eða sá, er nefndirnar hafa kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndunum. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefndirnar fallast á þær. En vilji sýslunefndirnar ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefndum fyr en á næsta aðalfundi þeirra.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir alt að 500 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skulu renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **283. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði.

Nefnd sú, sem háttvirt neðri deild kaus til að íhuga frumvarp þetta, hefir kynt sjer skjöl þau og annað, er snertir mál þetta.

Getur hún ekki sjeð, að neitt sje því til fyrirstöðu, að jörð þessi verði seld, og ræður því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið.

Neðri deild Alþingis, 4. ágúst 1913.

Jón Magnússon, formaður.

Tryggvi Bjarnason, skrifari og framsögumaður.

Eggert Pálsson.

Kristinn Daníelsson, með fyrirvara.

Er mótfallinn sölu þjóðjarða, og legg því til, að frumvarpið sje felt.

Sigurður Sigurðsson.

Ed. **284. Frumvarp**

til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn

hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertíð hverja alt að tveggja króna gjald af hverjum hlut á opnum skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu.

6. gr.

Gjald það, er ræðir um í 5. gr., greiðist af óskiftum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþyktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins og reikningaskil, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám, án undanfarins dóms eða sáttar.

Nd. **285. Breytingartillögur**

við frv. til viðaukalaga við lög nr. 24. 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs. (þskj. 190).

Frá flutningsmönnum

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist;
Í samþykt má ákveða meðal annars um kostnað við geymslu forðans og ábyrgð og hversu kostnaður sá greiðist.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Nú er kornið látið ónotað að því sinni, eða einhver hluti þess, og kemur til kasta sýslunefndar eða hreppsnefndar að greiða umsamdan kostnað af þessum hluta kornsins, og fæst þá helmingur hans endurgreiddur úr landssjóði, þó eigi yfir 80 aura fyrir 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans.

Ed. **286. Breytingartillögur**

við frumv. til siglingalaga.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Síðasta setning greinarinnar »enda sje« og út, orðist þannig: enda sje meiri hluti stjórnarinnar búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar.
2. — 70. — Upphaf greinarinnar »Ef skipstjóra . . . . sökum« orðist þannig: Ef skipstjóri er settur af, og það er eigi gert af neinum þeim sökum,
3. — 164. — Fyrir »er skip« í 1. l. komi: meðan skip
4. — 225. — Upphafið »Þá er tjón . . . . rákust á« orðist svo: Þá er tjón verður á skipi eða farmi, af því að skip rákust á
5. — 233. — a. Fyrir »í ferð, og skal þá« í 2. málsgr. 1. l. komi: á ferð og skal þá fyrst
b. Fyrir »á öðru fjenu . . . . helmingaskifti« í 2. málsgr. 4. l. komi: afganginum skal skift til helminga

Ed. **287. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 15 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eður önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er út til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **288. Frumvarp**

til laga um hvalveiðamenn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn hvalveiðamaður má hafa bækistöðvar hjer á landi fyrir útveg sinn.

2. gr.

Enginn má flytja á land hval nje neinar óunnar afurðir hvala, nema þeirra, er dauðir finnast, hlaupið hafa á grunn eða kvíast í ísum. Heimilt skal þó að drepa andarnefjur, hnísur, höfrunga og önnur smáhveli, þau er almenningur hefir hingað til veitt og hagnýtt sjer.

3. gr.

Enginn maður má leigja, selja nje ljá nokkrum manni land til hagnýtingar við nokkra þá athöfn, er bönnuð er í lögum þessum.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 1000—4000 kr., er renna í landssjóð. Svo skulu og öll veiðarfæri og afli upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

5. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1915 og gilda til 1. janúar 1925.

Nd. **289. Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um girðingar (þgskj. 257).

Frá Ólafi Briem.

1. Við 16. lið. Orðin »Eigi má heldur ... skylt að annast« falli burt.
2. — 16. — Í stað orðanna »skemdum á girðingum« komi: skemdir á lögmætum girðingum.
3. Á eftir 11. gr. komi ný grein svo hljóðandi, sem verði 12. gr.:
   Nú liggur yfir land manns farinn fjallvegur, þó ekki sje í tölu þeirra vega, sem landssjóði er skylt að annast, afrjettarvegur, bæjavegur, stígur eða götutroðningar, og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann læsa hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.
4. Fyrirsögnin sje: Frumvarp til girðingalaga.

Ed. **290. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn. Öðrum en þeim, sem hjer eru taldir, má eigi leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

2. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.

Ed. **291. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsta grein orðist þannig:

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, og veidd er í herpinót eða reknet, og söltuð er á landi eða hjer við land

Auk þess skal öllum gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

2. gr.

Orðin »á nefndu svæði« í 3. gr. falli burt.

3. gr.

Orðin: »og metið« í niðurlagi 2. málsgreinar í 5. grein falli burt.

Aftan við sömu grein bætist:

Undir sjerstökum kringumstæðum má yfirmatsmaður leyfa skoðun á síld, er ekki hefir í fyrstu verið ætluð til útflutnings, og það af henni, er þá kynni að reynast góð vara má senda til útlanda á venjulegan hátt.

4. gr.

Orðin í 8. gr.: »Annar þeirra . . . . starfsvið þeirra« falli burt og í staðinn komi: Stjórnarráðið ákveður aðsetur þeirra og starfsvið.

Orðin í sömu grein: »Útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir« falli burt, en í þeirra stað komi: þeim, er síldina lætur salta.

5. gr.

10. grein orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 11. júlí 1911 um

skoðun á síld, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt, sem lög um skoðun á síld.

Ed. **292. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Sóda, krít, bensín, þakhellur (Skifer) og smjörsalt.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, netatvinni og allskonar netagarn, strigi, lausar umbúðir, þar á meðal umbúðapappír prentaður, ullarsekkir, fljettuvoðir til umbúða (mottur), strigaábreiður (hvort sem þær eru tjargaðar, tarfaðar eða eigi), vjelaáburður, húsapappi, allskonar, kaðlar allskonar færi og fiskinet, kork, netakúlur og flotholt, hjólklafar (blakkir), saumur, ljáblöð, brýni, hverfisteinar, járnkarlar, sleggjur, steðjar, kokolit, akkeri og akkerisfestar, járnbitar til húsagerðar, ofnar, eldavjelar, járnpípur og teinar, rær, gaddar og spengur til járnbrautargerðar, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður og gólfdúkar (linoleum).

Þriðji liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði og tvinna 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. greinar vörutollslaganna, skulu þar taldir bátar.

Sjötti liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir: Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr.

Skip og bátar skulu því að eins undanþegnir vörutolli, að þeim sje siglt til landsins. Pappír skal undanþeginn tollinum.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 25 aurar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað

Nd. **293. Frumvarp**

til siglingalaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

## Fyrsti kapituli.

### Um skip.

1. gr.

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og, að tveim þriðju hlutum minst, eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelags eign, og skal þá hver stjórnarnefndarmaður þess fullnægja skilyrðum þeim, er nú voru talin um heimilisfestu eða rjett innborinna manna, enda sje meiri hluti stjórnarinnar búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

Halda skal opinbera skrá yfir íslensk skip, samkvæmt lögum um skrásetning.

3. gr.

Nú er skip skrásett, og ræður útgerðarmaður þess þá, hvar á Íslandi það skuli eiga heimili. Hafi útgerðarmaður ekki kveðið á um þetta, og eins ef skipið er ekki skrásett, þá telst heimili útgerðarmannsins heimili skipsins, og sjeu útgerðarmenn fleiri, ræður heimili útgerðarstjóra. Heimili skipsins skal letrað á það skýrum stöfum.

4. gr.

Skip er óbætandi:

1. Er engri viðgerð á því verður við komið;
2. er ekki verður gert við það, þar sem það er, eða á neinum þeim stað, er það verður flutt á;
3. er skipið er ekki talið þess vert, að við það sje gert.

Skulu öll þessi atriði sönnuð með löglegri skoðunargerð.

## Annar kapituli.

### Um rjettindi yfir skipum.

5. gr.

Um stofnun og vernd eignarrjettar og eignarhafta á skrásettu skipi eða skipshluta skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

Sjólánsveð, sbr. 7. kap., er þó undanþegið þessu ákvæði.

6. gr.

Nú er eigandi skips sviftur fjárforræði, og skal þá þinglesa fjárforræðissviftinguna eins og um fasteign væri að ræða. Sama er um hjónakaupmála um skip.

7. gr.

Þinglestur samkvæmt 5. og 6. gr. skal fara fram þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra skjala, sem þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu samkvæmt 5. og 6. gr., og vitnað til veðmálabókanna; koma skrárnar í stað fasteignaregistursins. Ef skipið er ekki skrásett á skipaskrá, skal þinglestrarins getið í dálki skipsins á smáskipaskránni eða fiskiskipaskránni.

9. gr.

Nafnbreyting á skipi og flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því að eins leyfa, að allir þeir, sem eiga þinglesin rjettindi yfir því, samþykki það.

Nú er samþykki veitt, og skal þá skrásetningarstjórinn í því umdæmi, sem skipið var skrásett í, sjá um, að skrásetningarstjóranum í því umdæmi, sem skipið er flutt í, sjeu send eftirrit af öllum eignarhaftaskjölum, sem þinglesin hafa verið um skipið, og ber skrásetningarstjóranum í hinu nýja umdæmi að sjá um, að skjölin verði þinglesin eða fyrirfram innrituð þar innan mánaðar frá flutningnum, og halda þau þá krafti sínum óskertum án tillits til flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur greiðist ekkert gjald. En verði skjölin þinglesin seinna en mánuði eftir flutninginn, þá telst lagakraftur þeirra einungis frá þinglestrar- eða innritunardegi.

10. gr.

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hjer á landi, halda gildi sínu, ef þau eru skrásett hjer á landi samkvæmt 5. og 6. gr., innan 3 mánaða frá bráðabirgðaskrásetning skipsins í íslensku skipaskrárnar, eða frá fullnaðarskrásetning þess, ef það var eigi skrásett til bráðabirgða.

11. gr.

Nú missir skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið eða skipshlutinn verður eign útlendings, og er því strikað út úr skipaskránni.

## Þriðji kapituli.

### Um útgerð skipa.

12. gr.

Sje ekki annan veg fyrir mælt í lögum þessum, ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum allar skuldbindingar, sem hann stofnar sjálfur eða aðrir fyrir hans hönd.

Rjúfi skipstjóri samninga, er útgerðarmaður hefir gert, eða aðrir menn í umboði hans — enda var það skyldukvöð skipstjóra að fullnægja þeim samningum, — þá ábyrgist útgerðarmaður slík samningsrof einungis með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum sínum; svo er og um allar skuldbindingar sem skipstjóri gengst undir samkvæmt stöðu sinni og hefir ekki sjerstakt umboð útgerðarmanns til. En allar skiparáðningar og vistarsamninga við skipverja ábyrgist útgerðarmaður með allri eign sinni.

13. gr.

Tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi. Sama gildir um tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipsins þarfir, þótt ekki sje skipverjar.

Nú greiðir útgerðarmaður fje fyrir þessar sakir, og bæti honum aftur sá, er skaða vann.

14. gr.

Nú er fjelagsútgerð á skipi, og koma þá skuldbindingar allar, sem hvíla á fjelögum sem sjálfskuld, á þá að eins að rjettri tiltölu við eign þeirra í skipi.

15. gr.

Ef skip er fjelagseign, skulu fjelagar kjósa sjer útgerðarstjóra og sje hann heimilisfastur hjer á landi. Sje það skip skrásetningarskylt, skal senda tilkynning um kosninguna til innritunar á skipaskrána.

Sækja má útgerðarstjóra að lögum um öll mál, sem snerta útgerðina. Nú er ekki kosinn útgerðarstjóri, og er þá rjett að sækja hvern af fjelögum, er vill, í útgerðarmálum. Sækja má fjelaga hvort er vill á varnarþingi hans eða skipsins.

16. gr.

Útgerðarstjóri getur, samkvæmt stöðu sinni, gert alla löggerninga, sem útgerð alment krefur, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum. Hann getur því ráðið skipstjóra, látið hann fara og gefið honum fyrirskipanir; svo getur hann og veitt viðtöku fje, sem útgerðinni greiðist. Hann getur og verið rjettur sóknar- og varnaraðili útgerðarinnar. Hinsvegar er útgerðarstjóra ekki frjálst að taka fje að láni fyrir hönd útgerðarinnar, að selja skip eða veðsetja eða kaupa trygging á skipi, nema sjerstök heimild komi til.

Nú takmarka útgerðarmenn með sjerstökum fyrirmælum valdsvið útgerðarstjóra frá því, sem það er alment talið og hjer hefur verið greint, og er þá sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, sem við útgerðarstjóra semja og eru eigi vitandi um hana.

17. gr.

Nú skal útkljá einhver málefni útgerðarinnar með atkvæðagreiðslu fjelagsmanna, og ráða þá atkvæði þess eða þeirra, sem meira eiga en helming skipsins. Þó er nóg, að þeir eigi hálft skipið, ef útgerðarstjóri er þeim samþykkur, þó ekki sje hann fjelagsmaður. Nóg er og helft skipseignar til kosningar útgerðarstjóra; hljóti tveir jöfn atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fari samþyktir í bága við efni útgerðarsamnings eða taki út fyrir tilgang útgerðarinnar, eru þær því að eins lögmætar, að allir fjelagsmenn samþykki.

18. gr.

Um heimild útgerðarstjóra til samninga og annara athafna fyrir hönd útgerðarmanna skulu gilda gagnvart þeim hinar almennu reglur um umboð. Skylt er útgerðarstjóra, ef atvik og ástæður meina það ekki, að kveðja fjelagsmenn til ráðstefnu eða afla sjer á annan hátt vitneskju um vilja þeirra um öll mikilsverð málefni, sjerstaklega ef skipinu eru ætlaðar verulega ólíkar ferðir eða flutningar eða nýjar veiðiaðferðir, svo og ef ráða skal skipstjóra eða setja hann af eða bæta skip að mun.

19. gr.

Heimilt skal jafnan fjelögum þeim, sem meira eiga en hálft skip, að setja útgerðarstjóra af.

Nú á hann hálft skipið eða meira, og getur dómari þá svift hann stöðunni, ef hluthafi krefst og dómari finnur nægar sakir til, og skipað annan útgerðarstjóra til bráðabirgða.

20. gr.

Skylt er útgerðarstjóra að hafa sjerstaka reikninga yfir öll viðskifti útgerðarinnar, þau er undir hann koma, og gera á þeim öllum full skil. Hafi fjelagar ekki aðra skipan á gert, skal hann hafa gert þeim skil fyrir almanaksár hvert, áður mánuður sje liðinn frá lokum ársins.

21. gr.

Nú eru gerð reikningsskil, og er þá útgerðarstjóra skylt að senda reikningana hverjum einstökum fjelagsmanni eða leggja þá fram til sýnis. Rjett á hver fjelagsmaður á því, til tryggingar, að sjá reikningsbækur útgerðarinnar og fylgiskjöl og einkanlega reikninga skipstjóra.

Nú mótmælir einhver reikningum útgerðarstjóra og er þó eigi um misreikning eða svik að ræða, og skal þá fram fylgja mótmælunum með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá því er reikningsskil voru af hendi int og fjelagsmönnum sagt til þeirra.

22. gr.

Skylt er fjelagsmanni að greiða allan útgerðarkostnað að rjettri tiltölu við eign hans í skipi. Vanræki fjelagsmaður að greiða skylduhlut sinn og hafi þó verið krafinn, og greiði útgerðarstjóri þann hluta eða annar af fjelagsmönnum, og skal þá hinn lúka það fje og vexti, 8 af hndr. á ári, frá því greiðsla fór fram, og þar að auki þau tryggingariðgjöld, sem sá, er galt fyrir hann, kann að hafa greitt til tryggingar sjer. Veðrjett á lánssali í skipshluta þess, er hann galt fyrir, og ágóða þeim, sem í hans hlut kemur, og skal sá veðrjettur ganga fyrir öðrum eldri samningsveðrjetti í þeim skipshlut, en þoka skal hann fyrir sjóveði því, sem getur hjer í 11. kapítula, svo og fyrir eldra samningsveði í öllu skipi; en hafin skal málssókn til lúkningar kröfunni áður ár sje liðið frá því er hann greiddi fjeð; missi ella veðsins.

23. gr.

Nú er skipinu ráðin ný ferð eður ráðnar bætur á því að lokinni ferð og krafið framlaga til og einhver fjelagsmanna hefur ekki lagt þeim samþyktum atkvæði sitt, og skal honum þá heimilt að segjast úr þeim framlögum með því að láta af hendi sinn hlut í skipi endurgjaldslaust, svo framarlega sem ekki hvíla sjerstök eignarhöft á hluta hans. Nú vill hann neyta þessarar heimildar, og skal hann þá skýra útgerðarstjóra frá því brjeflega svo snemma, að útgerðarstjóri viti það áður 8 dagar sje liðnir frá því er samþyktin var gerð eða frá því er honum var skýrt frá henni, ef hann var ekki viðstaddur samþyktargerðina. Jafna skal hlut þess, er úr gekk, á hluti sameignarmanna hans að rjettri tiltölu við stærð þeirra hluta, er þeir áttu áður.

Ef keypt hefur verið vátrygging á hlut þess, er úr gekk, og hún er enn í gildi við eigendaskiftin, greiða hinir nýju eigendur iðgjald fyrir hana, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fyrir það sem eftir er tryggingartímans.

24. gr.

Jafna skal á fjelagsmenn skaða og ábata á útgerðinni að rjettri tiltölu við eign þeirra í skipi.

Nú reynist, að gerðum reikningsskilum, að tekjuleifar eru, og skal þeim þá skift upp meðal fjelagsmanna, sje þeirra ekki þörf til nauðsynja útgerðarinnar.

25. gr.

Ekki slítur það samútgerð skips þótt skipshluti verði eign annara manna eða fjelagsmaður deyi, verði sviftur fjárforráðum eða gjaldþrota.

Heimilt er fjelagsmanni að selja hluta sinn öðrum mönnum án samþykkis sameigenda; þó er ólögmæt sala skipshluta, jafnvel þótt nauðungarsala sje, nema allir fjelagsmenn samþykki, ef salan sviptir skipið heimild til skrásetningar á íslenzkar skipskrár.

Nú er skipshluta afsalað öðrum manni til eignar en sameiganda, og á þá hver sameigandi rjett á að leysa til sín hlutann, enda bjóði hann hinum nýja eiganda innlausnarfjeð, eða fullnægjandi tryggingu, ef lausnarfjeð er ekki að fullu ákveðið, innan hálfs mánaðar eftir þann dag, er eigandaskiftin voru tilkynt, samkvæmt 26. gr., 2. málsgr. Ef málsaðilar verða ekki á eitt sáttir um innlausnarfjeð, þá skal upphæð þess ákveðin með lögmætu mati; þó má hún

aldrei lægri vera en kaupverð það, er hinn nýi eigandi greiddi. Ef hinn nýi eigandi vill ekki láta hluta sinn lausan án málssóknar, skal mál hafið áður en 3 mánuðir sje liðnir frá tilkynningunni samkvæmt 26. gr. Nú er skipshluti seldur á uppboði og útgerðarstjóri hefir fengið tilkynningu um það viku áður en það er haldið, og eiga sameigendur þá ekki innlausnarrjett. Ef fleiri en einn sameigenda krefjast innlausnar samtímis, eiga þeir allir innlausnarrjett að rjettri tiltölu við hluta hvers þeirra í skipinu. Nú hefir einn sameigenda neytt innlausnarrjettarins að fullu, og eiga þá hinir sameigendurnir eigi framar innlausnarrjett að því sinni.

Verði skipshluti eign manns, sem ekki hefur rjett til þess að eiga íslenskt skip, sbr. 1. gr., á hver fjelagsmaður rjett á að krefjast sölu þess skipshluta á uppboði, nema eigandi hafi gert þá ráðstöfun áður 6 mánuðir sje liðnir, að skipið haldi heimild sinni til skrásetningar á íslensku skipaskrána. Svo skal að öllu fara með þá sölu sem nauðungarsala væri og sama gildi hafa.

26. gr.

Nú verður maður eigandi skipshluta, og eignast hann þegar gagnvart meðeigendum rjett þann og bindst skyldum þeim, sem bera rjettum sameignarmanni. Hlíta skal hann og svo sem formaður hans samþyktum þeim, er skipseigendur gerðu áður hann varð eigandi, svo og öðrum framkvæmdum þeim, er þeir höfðu hafið þá, og svo þeim skyldum, er þeim fylgja. Rjett er og, að sameignarmenn hans færi honum til skuldajafnaðar þær kröfur, sem þeir áttu á formann hans og af sameigninni stafa. Hann ábyrgist sem sameigandi gagnvart öðrum mönnum skuldbindingar þær allar, sem útgerðin tekst á hendur eftir það er hann varð fjelagsmaður.

Skylt er hlutsala að skýra útgerðarstjóra eða öllum sameignarmönnum frá eigendaskiftunum og sanna, að viðtakandi, sá er hann til nefnir, kannist við kaupin, en meðan hann gerir það ekki, getur hlutsali ekki skotið sjer vegna eigendaskiftanna undan neinum þeim skyldum við sameigendur, er af sameigninni stafa. Ábyrgjast skal hann skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigendaskiftin, ef þeir menn vissu þau ekki.

27. gr.

Þeir fjelagsmenn, einn eða fleiri, sem meira eiga en hálft skipið, geta ákveðið, að sameigninni skuli slitið.

Þá getur hver fjelagsmaður krafist, að slitið sje sameign:

1. ef skip missir heimild til skrásetningar á íslensku skipaskrána án tilverknaðar hans eða samþykkis og er því máð af skipaskrá;
2. ef útgerðarstjóra er vikið frá með dómsúrskurði samkvæmt 19. gr.;
3. ef hann sannar, að útgerðarsamningurinn hafi verið verulega rofinn, eða gengið að öðru leyti á rjett hans í framkvæmdum eða forstöðu sameignarinnar;
4. ef það kemur í ljós við lok ferðar innanlands, að skuldir sameignar fari fram úr eignum hennar.

Verði ágreiningur í þessu síðasta atriði um verðmæti skips, skal það ákveðið með löglegu mati.

28. gr.

Nú er fjelagsútgerð slitið, og skal þá skipið selt á opinberu uppboði. Ef skipið er utanlands og greini menn á um, hvort það skuli flutt heim eða ekki, eða um uppboðsskilmálana, skal uppboðsrjetturinn á heimili fjelagsútgerðar skera úr.

## Fjórði kapituli.

### Um skipstjóra.

29. gr.

Útgerðarmenn ráða skipstjóra eða útgerðarstjóri fyrir þeirra hönd. Ef einhver þeirra á meira en helming skips, á hann rjett til skipstjórnar, enda hafi hann til þess lögfull skilyrði. Greini menn á um skipstjórakaup, er heimilt að leita dómsúrskurðar.

30. gr.

Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann, er hann veit að var ráðinn annarstaðar.

31. gr.

Skipstjóri annast um, áður ferð er byrjuð, að skip sje haffært, og sjer um það í tæka tíð, að það sje vel útbúið, nægilega vel ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf og kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Skylt er honum og að annast um, að lögboðin bendingaáhöld og björgunartæki, sæbrjef og siglingaverkfæri sjeu á skipi.

Skylt er honum að annast um, að skip sje ekki offermt og farmur vel búlkaður, og til að tryggja hann sje sjeð fyrir nægu refti, undirbreiðum, hlerum, skorðum o. s. frv., og að lestarop sjeu tryggilega lukt og fleiguð. Sje farmur fluttur á þilfari, skal tryggilega um hann búið, og svo settur, að hann hindri ekki að mun athafnir skipverja. Fari skipið með seglfestu, annast skipstjóri um, að hún sje sæmileg að gnægð og gæðum og svo tryggilega um hana búið, að ekki byltist á leið.

Konungur kveður nákvæmara á um birgðir skips að læknislyfjum, svo og um ferming, flutning og afferming sprengiefna, eldfimra og etandi hluta, og ábyrgist skipstjóri, að þeim fyrirmælum sje hlýtt.

Heimilt er og að láta ákvæði þau, er getur í næstu málsgrein hjer á undan, ná til erlendra skipa, er þau eru í landhelgi.

32. gr.

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

33. gr.

Ekki má skipstjóri án samþykkis útgerðarmanns hafa söluvarning sinn eða annara manna í skipsherbergi sínu nje í neinu því rúmi öðru, sem ekki er ætlað farmi. Nú gerir skipstjóri það, og gjaldi hann þá útgerðarmanni venjulegt flutningsgjald fyrir þann varning og bæti allan skaða.

34. gr.

Ekki má skipstjóri fara frá skipi, nema hann segi stýrimanni til áður um það, sem þörf er á, og gefi honum skipanir sínar eða skipverja öðrum, sje stýrimaður ekki á skipi. Sje skipið ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi, má skipstjóri ekki vera frá skipi, nema að nauðsynjaerindum, þótt hafnsögumaður sje á skipi. Svo er og ávalt, ef hætta er á ferðum.

35. gr.

Nú má skipstjóri ekki vera fyrir skipi sakir sjúkleika eða af öðrum brýnum ástæðum, og skal þá útgerðarmanni tafarlaust sagt til um það. Verði atkvæðis útgerðarmanns ekki beðið að skaðlausu, skal skipstjóra skylt að sjá fyrir nauðsyn skipsins, einkanlega að setja fyrir skipið til bráðabirgða stýrimann eður annan hæfan mann, og hafi við ráð konsúls, að því er hann getur, ef það er utanríkis. En sje skipstjóri ófær til, eða vanræki þessa skyldu sína, annast konsúll nauðsynjar skipsins.

36. gr.

Skipstjóri annast um, að ferming og afferming skips sje hraðað eftir þörfum og að burtför skips dragist ekki að því loknu. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af rjettri leið á ferð þess nje tefja það á annan hátt, nema til þess að bjarga mönnum úr sjávarháska, en ekki má tefja skipið til að bjarga öðrum skipum eða fjármunum, ef skipinu er stofnað með því í nokkurn háska, eða af því stafa veruleg óþægindi fyrir útgerðarmann eða aðra menn, og sje skipstjóra skylt að annast hagsmuni þeirra.

37. gr.

Skylt er skipstjóra að gera alt það, er hann má, til að halda skipi sjófæru á ferð. Nú hefur skip tekið grunn, eða annað að borið, svo að ætla má, að skip hafi laskast, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það, þar sem því verður fyrst við komið.

38. gr.

Skylt er skipstjóra að kynna sjer ákvæði og fyrirmæli um siglingar, er honum ber að gæta á viðkomustöðum á ferð sinni. Hann skal og afla sjer vitneskju um, hvers gæta ber til tryggingar skipi og farmi, ef við ófriði er að sjá eða herkvíun.

39. gr.

Skyldur er skipstjóri að veita viðtöku sjómönnum úr Danaveldi, þeim er konsúlum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eður til annarar

hafnar, þeirrar er skipið fer til í þeirri ferð, svo marga og fyrir það fargjald, sem konungur kveður á.

Þeim mönnum, sem svo eru sendir, ber að hlíta á skipi reglum þeim og háttum, sem skipverjum er skylt, og starfa á skipi eftir mætti, ef þörf krefur.

40. gr.

Öll skip, sem fara á milli landa, skulu halda leiðarbók. Skip, sem eru við fiskiveiðar, flutning aða annað hjer við land, þurfa ekki að halda leiðarbók, en sjeu þau yfir 12 tonn að rúmmáli, skulu þau halda dagbók. Gufuskip hafi að auki sjerstaka vjelarbók. Konungur setur nánari reglur um tilhögun og löggilding bókanna. Þegar skip er afgreitt úr höfn innanlands, skal sýna leiðarbókina eða dagbókina lögreglustjóra og skrifar hann ókeypis í þær vottorð um það, að þær voru sýndar.

41. gr.

Í leiðarbók skrifar skipstjóri, eða stýrimaður með umsjá skipstjóra, og ábyrgist þá báðir; en vjelarstjóri skrifar í vjelarbók með umsjá skipstjóra og ábyrgist báðir. Skrifa skal alt í bækurnar eftir rjettri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir varðtíðir. Skrifa má fyrst í bráðabirgðabók það, sem gerist á varðtíð hverri, en skrifa skal það í bækurnar, áður sá sólarhringur sje á enda.

Bóka skal í leiðarbók glögt og skipulega. Ekki má skafa það af, sem skrifað var, draga yfir það, eða gera það með öðru móti ólæsilegt; gerist leiðrjettingar þörf, skal henni bæta við sem athugagrein.

42. gr.

Skrifa skal í leiðarbók ítarlega alt það, er við ber á ferðinni, og hvað annað það, er útgerðarmönnum er gagn að vita eður eigendum farms eður vátryggjendum eður öðrum þeim mönnum, er ferðin snertir hagsmunalega.

Geta skal því þess í leiðarbók, nær starfstími skipverja hefst og endar, nær vistir og vatn er tekið á skip, nær ferming skips og afferming hófst, var frestað, og nær þeim lauk; bókað skal, hvað fermt er og affermt hvern dag, og ef tekin er seglfesta, hver hún var, hve þung og hversu um hana var búið, hvort aðrir unnu en skipverjar, djúpmál skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það ljet úr höfn, hverju skipið er fermt og ásigkomulag farmsins; ef búlki er á þilfari, skal sagt, hve mikill er og hve hár, um leiðrjetting áttavitans og afbrigði (deviation); nær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar; um vind,veðurfar, stöðu loftvogar, strauma, stefnu, skriðhraða, hvað haft var af seglum, hver vegalengd var farin, hver skipsljós höfð; djúpmál, miðun og athuganir; nær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi; um dælinguna, hve oft var dælt, hve lengi um sinn og með hve miklu afli og um vatnshæð í dælunum.

Leiðarreikning skal bóka um hvern sólarhring.

Sje ráðstefna haldin á skipi, skal bóka í leiðarbók tillögur manna svo og úrskurð skipstjóra og skrifa þeir nöfn sín undir bókun, sem á ráðstefnu voru. Þess skal og getið í leiðarbók, ef skipverji sýkist, deyr eða strýkur, eða vinnur glæp eða skipsagabrot, sbr. 52. og 108. gr., svo og hvenær og af hvaða ástæðum skipstjóra þykir nauðsyn að draga af matgjöfum, sbr. 50. gr.

Sjerstaklega ber að rita í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það óhapp, sem verða kann á skipi eða farmi, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hversu úr var ráðið.

Í vjelarbók skal greint frá kolabirgðum skips og annara vjelanauðsynja er skip ljet úr höfn, kolaeyðslu hvern sólarhring og alt annað, er vjelina snertir, gang hennar og gæslu.

Í dagbók skal rita greinilega frásögn um ferð skipsins, og skal, auk veðuráttu, skýrt frá öllum þeim atvikum, er verulega þýðing hafa fyrir ferðalagið, eða á einn eða annan hátt geta snert hagsmuni útgerðarmanna, eigendur farms eða vátryggjendur. Sje skipið við fiskveiðar, skal ennfremur greina daglega frá öllu því markverðasta, er snertir fiskveiðarnar, svo sem hvar skipið fiskar og hvernig aflast, dýpi, botnlag o. s. frv. Halda skal leiðarreikning, hvenær sem þörf krefur.

43. gr.

Þegar leiðarbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð annars vegna, fær skipstjóri nýja bók og lætur löggilda, og skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók sje löggilt og nær það var. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju, og sagt, hvað til þess bar.

Við slík bókarskifti ber rjettu yfirvaldi að rannsaka það, hvort hirðulega var bókað í hina eldri bók dag eftir dag og annast um, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Nú verða skipstjóraskifti, og skal þá leiðarbók send yfirvaldi til slíkrar rannsóknar áður næsti dagur á eftir sje liðinn, ef því verður við komið, annars svo fljótt, sem unt er, svo og ef skipið verður fyrir slysi, svo að sjóferðaskýrslu þurfi að krefja af þeim sökum (47. gr.), og skipstjóri leitar hafnar innanríkis eða utanríkis, þar sem skipaður er danskur konsúll; svo skal og vera, þegar menn eru skráðir úr skiprúmi eða skip tekur aftur innlenda höfn og affermir þar að öllu eða meiri hluta. Geta skal í leiðarbók nær hún var færð yfirvaldi og um þá rannsókn, er fram fór.

Ákveða má með konunglegri tilskipun líkind í eftirliti þessu á gufuskipum, sem eru í reglubundnum förum landa í milli.

44. gr.

Rjett á hver maður á að fá að kynna sjer leiðarbók skips, sá er sýnir, að hann eigi þar lögmætra hagsmuna sinna að gæta. Geyma skal leiðarbækur alskrifaðar ekki skemur en tvö ár eftir það er ferð var á enda. Nú rís dómsmál og snertir það ferðina, og skal þá varðveita leiðarbók til þess er því máli lýkur að fullu.

45. gr.

Nú gerist einhver sá atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við svo nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðaskýrslu; svo er og ef maður ferst voveiflega af skipinu og það varð ekki á innlendri höfn, eða skipið rekst á annað skip og vinnur því slíkar skemdir eða tjón, sem fyr greinir.

Nú verður slysið hjer í ríkinu, og skal þá skipstjóri segja til þess yfirvaldi á þeim stað svo fljótt sem unt er, eftir það er slysið bar að eða varð kunnugt. Fylgja skal frásögunni orðrjett afrit af því, sem bókað var um þann atburð í leiðarbókinni; ef ekki var leiðarbók eða hún hefur farist, skal gefa brjeflega skýrslu um atburðinn og skrá yfir skipverja og þá menn aðra, sem ætla má að skýrt geti málið, og til nefna, ef auðið er, þá menn, sem þetta mál kemur við, eða umboðsmenn þeirra. Dómari eindagar síðan þinghald til sjóferðaskýrslu og framkvæmir til undirbúnings það, er þörf krefur. Hafa skal skipstjóri leiðarbækurnar með sjer á þingið.

Utanríkis skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, gefa sjóferðaskýrslu því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, sem hann er þá staddur á, eða fyrir hlutaðeigandi dönskum konsúl, ef utanríkismálastjórnin hefir sjerstaklega fengið honum vald til að taka við slíkum skýrslum.

Ef sjóferðaskýrsla er gefin erlendu yfirvaldi og danskur konsúll er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið við staddur þinghaldið og annast um, að sjóferðaskýrslan sje sem glegst og fylst.

Skýrslu um það, sem fram hefur farið, sendir konsúll utanríkismálastjórninni, bæði er hann sjálfur hefur tekið við skýrslunni og er honum hefur verið veittur kostur á að vera við staddur þinghald. Skýrslan verður síðan send stjórnarráði Íslands, er skipar nánari rannsókn hjer á landi, ef þurfa þykir.

Öll þau fyrirmæli, er þessi grein og 41., 43. og 44. gr. gefur um leiðarbók, gilda og um dagbók skips.

46. gr.

Laskist skip á ferð, svo bæta verði að mun eða tefja það um hríð, er skipstjóra skylt að láta lögmæta matsgerð fram fara. Skulu matsmenn líta á skemdir og segja álit sitt um, hvað að hafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils skipið sje þá vert óbætt. Þá er skip er bætt, skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð, hvort skip er þá fært til að halda áfram ferð sinni.

Nú spillist farmur að mun á ferð, eða ráða má af líkum, að hann sje svo á sig kominn, að nauðsyn beri til að afferma skipið, eða hjálpa farmi við á annan veg, eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs, og skal þá skipstjóri láta fram fara lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemd á farmi, skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það, hvað ætla má, að valdið hafi og hversu hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög eru til eða venja á þeim stað; þar sem slík matskvaðning er ekki tiðkuð, skal skipstjóri afla sjer yfirlýsinga skynbærra manna.

47. gr.

Ef grunur getur leikið á því, að skemdunum hafi valdið misfellur við hleðsluna, umbúnaðinn, lestarop vanlukt og annað þess háttar, skal kveðja til skoðunarmenn að sjá lestarrúm opnuð og skip affermt. Ef óttast má, að góss hafi spilst á ferð, skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en góssið er fengið í hendur viðtakanda.

48. gr.

Ef skip kemst í sjávarháska, er skipstjóra skylt að gera alt, sem hann

má, til bjargar skipinu, og má ekki hverfa frá því meðan nokkur von er um björg þess. Ef engin er bjargarvon en háskinn svo vís, að það eitt sje til, að hverfa frá skipi, þá er honum skylt einkanlega að annast björgun skipsbóka og skipsskjala; hann annast og björgun á skipi og góssi og leitar sjer til þess hjálpar, sem nauðsyn krefur.

Nú verður björg, og sjer þá skipstjóri um björgunina, nema það komi í bága við lög á þeim stað, eða sjerstakur björgunarsamningur sje til fyrirstöðu. Skrifað skal nákvæmlega, hverju bjargað er, svo og tölu þeirra manna, sem að björgun vinna og góssið flytja á geymslustað; skrifar skipstjóri það sjálfur, eða lætur stýrimann gera; skipstjóri rannsakar og, svo sem hann má við koma, reikninga alla fyrir björgun, flutning og geymslu, og vottar með nafni sínu, að rjettir sjeu.

Skipstjóri annast og, svo fljótt sem hann má, um lögmæta skoðunargerð á skipi og því góssi, sem bjargað var, og fær því þá varðveislu, sem hann má besta.

49. gr.

Skylt er skipstjóra að fara sæmilega með undirmenn sína og skipa þeim svo verk, að hann gæti stöðu hvers þeirra á skipi, svo sem hann má við koma. Líkamsrefsingu má hann engan mann láta sæta.

Á sunnudögum og öðrum lögskipuðum helgum dögum hjer á landi má ekki setja skipverja til neinna starfa fram yfir það, er trygging og meðferð skips krefur, eða gæsla og umsjá vjela, eða að þrífa skip sem títt er, þurkun segla, nauðsynleg bátstörf og svo matgerð; því að eins má þá skipa mönnum önnur störf, að ekki verði frestað.

50. gr.

Skipstjóri annast um, að skipverjar fái nægan mat og góðan og skal hann að því hlíta reglugerð, sem konungur setur. Nú ber nauðsyn til, að hann dragi mat af skipverjum á ferð og skulu þeim þá goldnar sanngjarnar bætur þess.

Í nefndri reglugerð skal og nákvæmar kveðið á um herbergi skipshafnar á skipi.

51. gr.

Nú andast einhver skipverja, og annast skipstjóri þá greftrun hans. Hann skal og láta skrásetja við votta alt það, er hinn látni maður ljet eftir á skipi; andist maðurinn utanríkis, er rjett, að skipstjóri fái skrána í hendur konsúl eða öðrum rjettum valdsmanni á þeim stað, eða selji munina, geti hann ekki varðveitt þá á skipi að bagalausu.

52. gr.

Drýgi skipverji eða farþegi glæp, sem opinber málsókn liggur við, og skipið er ekki í innlendri höfn, skal skipstjóri svo fljótt sem auðið er, taka skýrslu til bráðabirgða af sakborning, af skipshöfn sinni og þeim mönnum öðrum, sem það mál geta skýrt. Nú var glæpurinn unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, og skal þá sú rannsókn því að eins fram fara, að yfirvöld á þeim stað reki ekki málið. Skýrslur og vitnisburði skal skrifa í leiðarbók eða dagbók eða skrá á annan hátt, ef bækurnar vantar, og þeirra fyrirmæla gætt, sem getur í 108. gr.

Skipstjóri gætir þess, ef hann má, að sakborningur hverfi ekki á burt og er heimilt að byrgja hann inni, ef þörf krefur, eða hefta á annan hátt og ábyrgist skipstjóri, að hann sje ekki harðara leikinn en vera þarf.

Nú er glæpur unninn í utanríkis höfn, þar sem er danskur konsúll, eða skip kemur til slíkrar hafnar, eftir það er glæpurinn var unninn, og skal þá skipstjóri, svo fljótt sem hann má, skýra konsúl frá því, að glæpur var unninn og fá honum í hendur staðfest eftirrit af rannsóknarskýrslu sinni. Konsúllinn rannsakar þá málið og ákveður hvað frekara skuli gera. Hafi skipstjóri engan konsúl fundið að máli í utanríkishöfn, skal hann skýra yfirvöldum frá málinu við heimkomu sína, svo fljótt sem hann má.

53. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, gerir skipstjóri, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum, samkvæmt stöðu sinni í umboði útgerðarmanns alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd ferðar hans, svo sem útbúnað skips allan og viðhald og öflun vista; hann gerir farmsamninga og er sóknaraðili útgerðarmanna í málum, sem við koma skipinu.

Enga löggerninga getur skipstjóri gert á lögheimili skips, þá er skuldbindi útgerðarmenn, ef hann hefir ekki sjerstakt umboð þeirra til, nema að ráða menn í skiprúm.

54. gr.

Ef fjár er vant til framkvæmdar einhverju því, sem 48. gr. getur, er skipstjóra heimilt að taka til þess fje að láni eða selja góss útgerðarmanna, eða jafnvel af farmi. Nú tók skipstjóri fje að láni eða seldi af góssi um þörf fram, og skerðir það að engu rjett hins, sem lánaði eða keypti, ef ætla má eftir atvikum, að hann vissi það ekki.

55. gr.

Óheimilt er skipstjóra að selja skip án samþykkis útgerðarmanns, nema skip sje dæmt óbætandi eftir að lögleg skoðunargerð fór fram, sbr. 46. gr., og eigi sje auðið að ná til útgerðarmanns. Selja skal á opinberu uppboði.

56. gr.

Nú hafa útgerðarmenn gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem 53. og 54. gr. heimila skipstjóra, og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

57. gr.

Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmönnum iðulega frá ásigkomulagi skips og hvernig ferðinni líður, hverir löggerningar voru gerðir, og frá öllum þeim atburðum í heild sinni, sem máli skifta fyrir þá. Hann skal og leita skipana útgerðarmanna sjálfra um öll mikilsverð málefni, að því er hann má við koma, eða þess manns, er útgerðarmenn vísuðu til. Skorti gjaldeyri til skipsþarfa og ekki megi bíða skipana útgerðarmanna, skal skipstjóri leitast við að afla þess fjár svo sem útgerðarmönnum er hagkvæmast; að eins í ítrustu nauðsyn má hann selja af farmi.

58. gr.

Skipstjóri skal meðan ferð stendur láta sjer ant um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeigenda.

59. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, er skipstjóra samkvæmt stöðu sinni heimilt að gera, svo fullgilt sje gagnvart þriðja manni, alla þá löggerninga, sem miða til að varðveita farm og koma honum áleiðis, svo og til að vera sóknaraðili þeirra í málum, sem farminn snerta. Nú skortir skipstjóra gjaldeyri til framkvæmda einhverri slíkri nauðsyn og er þá rjett, að hann taki fje að láni fyrir hönd farmeigenda eða selji jafnvel af farmi. Um slík lán og sölu gildir það, sem segir í síðari málsgrein 54. gr.

Skuldbindingar þær, sem skipstjóri þannig játast undir fyrir farmeigenda, ábyrgist farmeigandi að eins með góssi því, sem hann á á því skipi.

60. gr.

Nú ber þau atvik að hendi, sem ráð er gert fyrir í 46. gr., og það sannast við lögmæta skoðunargerð, að farmi er svo farið, að hætta er á, að spillist við geymslu, og er þá rjett, að skipstjóri selji farm. Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi, er og rjett að selja farm, ef skoðunarmenn dæma, að kostnaður á því að geyma farminn eða koma honum áleiðis, yrði of mikill að tiltölu við verðmæti hans.

61. gr.

Nú hafa farmeigendur gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem skipstjóra er veitt í 59. og 60. gr., og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

62. gr.

Áður en skipstjóri aflar lánsfjár vegna farms, eða selur nokkuð af góssinu, eða gerir nokkurar aðrar sjerstaklegar ráðstafanir á kostnað farmeigenda, skal hann leita fyrirskipana þeirra, ef kostur er, eða þess manns, er þeir nefndu til.

Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi og eiga farmeigendur engan umboðsmann á þeim stað og ekki verður leitað skipana þeirra, og er skipstjóra þá skylt eftir atvikum, annaðhvort að senda góssið á ákvörðunarstað þess sem kostnaðarminst, eða fela það til geymslu eða selja.

Farm skal selja á opinberu uppboði, ef því verður við komið.

63. gr.

Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fje skuldbindingar þær, sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri.

64. gr.

Bæta skal skipstjóri skaða þann, sem hann olli útgerðarmönnum eða farmeigendum með svikum, hirðuleysi eða gáleysi við skyldustörf sín, og leysir það hann eigi úr ábyrgð, að hann fór eftir fyrirmælum annara, nema gagnvart þeim, er fyrirmælin gáfu. Þótt ályktun sje gerð á skipsráðstefnu ber skipstjóri engu að síður ábyrgð á framkvæmdunum.

Skipstjóri ábyrgist ennfremur skaða þann, er verður af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipverja við skyldustörf þeirra, nema ætla megi að frá hans hendi hafi hvorki skort nægа athygli nje eftirlit.

65. gr.

Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil við heimkomu skips að lokinni ferð, og annars svo oft sem útgerðarmenn heimta. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi, skal það gert með lögsókn áður 6 mánuðir sje liðnir frá því, er hann fjekk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt, nema misreiknun eða svik sannist.

Ef ekki er annan veg tilskilið, skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanna á reikningum hverja sjerstaka uppbót, sem hann hefir tekið við af farmsendara, farmeiganda, birgðasala eða öðrum, þeim er hann átti skifti við sem skipstjóri.

66. gr.

Setja má skipstjóra af á hverjum tíma er vill. Nú á hann meira en hálft skip, og má þá dómari setja hann af, ef hluthafi skips krefst og nægar sakir eru til.

Nú hefir skipstjóri gengið í sjálfskuld til gagnsmuna skipi eða farmi, og var honum það ekki óheimilt, og er hann þá ekki skyldur að láta af stöðu sinni fyr en útgerðarmenn fá honum þá trygging, að hann verði skaðlaus af ábyrgðinni.

67. gr.

Ef skipstjóri var ekki ráðinn um ákveðinn tíma eða til tiltekinnar ferðar og ráðningarsamningur hans tekur ekki til um uppsögn eða burtför, getur hann sagt upp þjónustu sinni þegar skipið er í innlendri höfn og ferð á enda. Nú hefir hann gegnt starfinu í 3 ár og skipið hefir aldrei á þeim tíma lokið ferð hjer við land, og er skipstjóra þá heimilt að segja þjónustu sinni lokið við lok þeirrar ferðar, sem hann þá er í, og veiti hann svo langan frest, að útgerðarmenn fái sæmilegan tíma og tækifæri til að afla sjer annars skipstjóra. Nú ákveða útgerðarmenn, þegar þeir fengu uppsögn skipstjóra, að skipið skuli snúa hingað til lands úr þeirri höfn, sem það þá er í, og er þá skipstjóri skyldur til að vera fyrir skipinu heim, þá er það hefir tekið farm, þó afferma skuli á leiðinni í annari höfn.

Eigi að afferma skipið, má skipstjóri ekki hverfa burt fyrri en lokið er.

Missi skipið rjett til að sigla undir dönsku flaggi, á skipstjóri þegar heimila burtför.

68. gr.

Nú er skipstjóri settur af sakir óhæfileika hans, svika, hirðuleysis eða gáleysis við starfa sinn, og á hann þá kaup sitt einungis til þess tíma er hann var rekinn.

Svo er og, ef hann var settur af sakir þess, að ferðin varð ekki farin, eða henni varð ekki lokið, eða löng frestun varð á, sökum ófriðar, herkviunar, farbanns (embargo), aðflutnings- eða útflutningsbanns á vörum, eða sakir ísa eða skemda á skipi, svo að það varð ekki fært til ferðarinnar.

Farist skip, eða það er dæmt óbætandi, er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er skipstjórasamningurinn úr gildi, enda missir

hann rjett til frekara kaups. Þó má hann ekki fara burt af þeim stað, þar sem slys varð, áður öllu er ráðstafað, því er að skipi og farmi lýtur, og á hann rjett á hæfilegri þóknun fyrir þann tíma, sem hann ver til þess, og ekki minni en nam kaupi hans áður og að auki ókeypis dvöl og viðurværi eða fæðispeninga.

69. gr.

Ef skipstjóri er settur af, sakir sjúkleika eða meiðsla, sem geri hann ófæran til skipstjórnar, á hann kaup sitt til þess er hann er settur af.

Nú verður skipstjóri fyrir sjúkleik eða meiðslum á ráðningartíma sínum, og var sjálfur ekki sök í, og eru útgerðarmenn þá skyldir að kosta lækning hans og aðhlynning, og eins eftir það er hann var settur af; þó ekki nema 4 vikur eftir afsetningu, ef hann vjek frá hjer á landi eða á þeim stað í útlöndum, þar sem samningur sagði til, að hann færi, ella 8 vikur.

70. gr.

Ef skipstjóri er settur af, og það er eigi gert af neinum þeim sökum, sem nefndar voru í 68. og 69. gr., tekur hann alt það kaup sitt, sem áskilið var. Nú var ráðningartími hans látinn óákveðinn, og á hann þá kaup til þess, er hann vjek burt og að auki eins mánaðar kaup, ef hann vjek frá starfi hjer á landi og það var ekki á þeim tíma, sem honum var sjálfum heimilt að fara eftir 67. gr.; en 2 mánaða kaup, ef honum var vikið frá í öðrum höfnum í Norðurálfu, en 3 mánaða kaup, ef það var í höfnum utan Norðurálfu.

Þessi ákvæði taka og til þess, er skipstjóri víkur burt sakir þess, að skipið missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi.

71. gr.

Nú er starfstími skipstjóra á enda með þeim atvikum, sem getur í 70. gr., og á öðrum stað en til var tekið eða fyrir sjeð í ráðningarsamningi hans, og á hann þá rjett á endurgjaldi frá útgerðarmönnum fyrir ferðakostnað til ráðningarstaðar síns, ef hann var ráðinn hjer á landi, en ella til lögheimilis skipsins, og skulu fæðispeningar taldir til kostnaðar. Sama rjett á skipstjóri, ef honum er vikið frá erlendis með þeim atvikum, sem 2. hluti 68. gr. tekur til, svo og ef hann er látinn eftir utanlands sakir sjúkleika og útgerðarmenn eru skyldir til að kosta hjúkrun hans og lækning eftir 69. gr.

Ef skip ferst utanlands eða laskast svo, að það er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður heimfararkostnað skipstjóra; svo er og ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki, að ófriður væri hafinn, er hann ljet síðast í haf, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá.

72. gr.

Ef skipstjóri deyr, á hann kaup sitt til dánardags. Nú týnist skip og er vafi um, nær það bar að og svo um dánardag skipstjóra, og skal þá meta svo, sem slysið og dauða hans hafi að borið þá er liðinn var helmingur þess tíma, er slíkt skip, sem þetta var, þurfti á þeim tíma árs til ferðar sinnar þangað, sem ætlað var, frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins.

73. gr.

Nú er skipstjóra heitið sem kaupi eða auk kaups hundraðsgjaldi af farmgjaldi (kaplak) eða hlut í öðrum tekjum af ferðinni, og víkur hann burt áður sú ferð sje á enda, og skal hann þá hafa svo mikinn hluta fjár þess, er honum var heitið, sem koma mundi á þann tíma, sem hann gegndi stöðu sinni að rjettri tiltölu við ferðarlengd alla. Eigi hann rjett á kaupi fyrir lengri tíma eftir 70. gr., skal honum goldið að öllu samtöldu tvöfalt stýrimannskaup frá lokum starfstíma, en haldi þó ráðningarkaupi sínu, ef það var meira.

74. gr.

Þegar skip er afgreitt til ferðar og að öðru ferðbúið, má ekki halda skipstjóra eftir sakir skulda, nje leggja löghald á eða gera fjárnám í neinum munum hans, þeim sem á skipi eru og hann þarfnast til starfa síns á því.

## Fimti kapituli.

### Um skipshöfn.

75. gr.

Þá er skipstjóri á skipi, sem er meira en 12 tonn að rúmmáli, ræður mann á skip með sjer, skal hann gera um ráðninguna skriflegan samning við manninn, og skulu skipstjóri og sjómaður rita undir ráðningarsamninginn í viðurvist skráningarstjóra, sem skal votta það með áritun sinni á hann. Áður en samningurinn er undirritaður, skal skráningarstjóri gæta þess, að í samningnum sje skýrt tekið fram nafn skipsins, tonnatal og heimili, og sá staður, sem skipið er gert út frá, fult nafn sjómannsins aldur og heimili, ferð sú sem sjómaðurinn er ráðinn til, staða hans á skipinu og vistarkjör, þar á meðal, hvernig honum skuli goldið kaup hans, hlutur í afla og hlunnindi. Sje kaup ákveðið í einu fyrir ferðina, skal þess getið jafnframt, hve lengi á er ætlað að ferðin muni standa. Ennfremur skal ávalt, þar sem kaup er ekki miðað við mánuð eða aðra takmarkaða tímaeining, tekið fram, hve hátt mánaðarkaup megi teljast algengt eða hæfilegt á þeim stað og tíma er samningurinn er gerður; og skal þá jafnan farið eftir því, þegar reikna á kaup eftir tíma samkvæmt lögum þessum. Skráningarstjóri skal ennfremur gæta þess, að samningurinn sje að öðru leyti lögum samkvæmur, og benda sjómanninum á, ef í honum eru óvanaleg ákvæði.

Á samninginn skulu vera prentuð ákvæðin um skipshöfn í lögum þessum og erindisbrjefi danskra konsúla, og reglugerð um híbýli og fæði á skipum.

Hvor málsaðila getur krafist þess, að rituð sje á samninginn viðurkenning fyrir öllu því, sem greitt er upp í kaup, fyrirfram eða meðan á ferðinni stendur.

Skipstjóri gerir tvö eintök af skrá yfir skipshöfn sína (skipshafnarskrá) og skal á henni vera útdráttur úr ráðningarsamningnum. Öðru eintakinu heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skal það fylgja skipinu.

76. gr.

Í kaupstöðum eru bæjarfógetar skráningarstjórar, en annarsstaðar sýslumenn. Stjórnarráðið semur leiðarvísi fyrir skráningarstjóra.

Skráningarstjórar skulu gæta þess, að skipstjórar og stýrimenn fullnægi skilmálum laganna um atvinnu við siglingar, og að skilyrðum laganna fyrir ráðningu í skiprúm sje yfir höfuð fullnægt.

77. gr.

Nú leysir skipstjóri mann úr vist, eða einhver skipverja fer af skipi af öðrum ástæðum, og skal skipstjóri þá snúa sjer til skráningarstjóra og getur hann breytingarinnar á skipshafnarskránni.

78. gr.

Ef farmaður ræðst í fleiri skiprúm en eitt, gengur eldri samningur fyrir yngri.

79. gr.

Skyldur er skipráðinn maður að koma til starfs síns á skipi á þeim tíma, sem skipstjóri tók til, og má ekki fara leyfislaust frá skipi eftir það. Kaup á hann frá og með þeim degi, er hann kom á skip, ef ekki var um annað samið.

80. gr.

Nú er maður ráðinn í skiprúm með samningi samkvæmt 75. gr., og neitar að ganga á skip, eða kemur eigi til skips í ákveðna tíð, eða gengur af skipi í leyfisleysi, og getur þá skipstjóri þröngvað honum, eða látið þröngva honum með lögregluvaldi, til að uppfylla skuldbindingu sína.

Draga má af kaupi skipverja það, sem kostaði að færa hann á skip.

81. gr.

Fyrirmæli 74. gr. um skipstjóra, gilda og um skipshöfn.

82. gr.

Allir skulu skipverjar hegða sjer siðsamlega og friðsamlega og ekki gera sig seka í óreglu og gæta vandlega allra fyrirskipana til viðhalds siðsemi og reglu á skipi. Þeir skulu sýna virðing yfirmönnum sínum og hlýða með athygli á skipanir þeirra og láta á sjer skilja með skýrum svörum, þeim sem við eiga, að þeir skildu skipunina.

83. gr.

Skylt er hverjum skipverja að hlýða boðum yfirmanna sinna bæði á landi og á skipsfjöl, í höfn og í hafi, í öllu, sem lýtur að skylduverkum hans, og sýna í öllu umhyggju um skip og góss og vinna verk sín með áhuga og gaumgæfni jafnt á nóttu sem degi, helga daga og rúmhelga. Ef tjón hlýtst af svikum hans, hirðuleysi eða gáleysi, er hann skyldur að bæta.

Nú kemst skip í sjávarháska, og er skipshöfn þá skyld til að gera alt það, er hún má til bjargar skipinu, og fari ekki frá skipi á undan skipstjóra, nema hann leyfi.

84. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega að aðstoða skipstjóra við siglinguna og athuganir þær og mælingar, sem nauðsynlegar eru, og við bókun í leiðarbók eða dagbók; hann lítur og eftir öðrum skipverjum, vistum og skipi og áhöldum öllum; hann skal og skrásetja farmgóss, sem fer af skipi eða á skip, og ábyrgjast skipstjóra alt það, er hann tekur við, og svo hversu búlkað er. Riti stýrimaður leiðarbók, ábyrgist hann að rjett sje.

Nú er skipstjóri forfallaður eða fjarverandi og ber eitthvað það að, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, og skal þá stýrimaður ráða úr því, sem ekki má fresta. Ef skipstjóri deyr eða verður ófær til skipstjórnar eða gengur af skipi, skal stýrimaður koma í hans stað til þess ráðstöfun er gerð, svo sem 35. gr. mælir fyrir um.

85. gr.

Það er skylda vjelarstjóra einkanlega að líta eftir gufukötlum og vjelum; hann ábyrgist notkun þeirra og gæslu og hefir umsjón þeirra manna, er þeim gegna. Hann ritar í vjelarbók með eftirliti skipstjóra og ábyrgist að rjett sje ritað.

86. gr.

Enginn skipverja má hafa á skipi verslunarvörur fyrir sig eða aðra, nema skipstjóri leyfi. Nú hefur hann vöru, og fer um það sem fyrir er mælt í 33. gr.

Ef orsök er til að gruna, að vörur sjeu heimildarlaust á skipi eða eitthvað það sje komið á skip, sem skipi eða farmi geti stafað háski af eða áhætta, eða valdið þar óreglu, þá er skipstjóra heimilt að láta rannsaka hirslur skipshafnar.

Nú er góss tekið heimildarlaust á skip, og er þá rjett að færa það aftur á land eða varpa fyrir borð, ef skip var látið út þegar góssið fanst, ef það verður ekki haft á skipi háskalaust eða áhættulaust.

87. gr.

Ef skipverjar eru ráðnir um ótiltekinn tíma, og ekki er annan veg tilskilið, eru þeir skyldir til að fara með skipinu til þess ferð sú er á enda og það er komið á þann stað, þar sem skipverjar voru skipráðnir, eða til einhverrar hafnar innlendrar, ef þeir voru ráðnir á Íslandi. Ef þeir voru ráðnir um ákveðinn tíma og hann endar meðan á ferð stendur, geta þeir þó ekki krafist lausnar fyrri en á næsta stað, er skipið kemur á til fermingar eða affermingar. Ef þeir voru ráðnir til ákveðinnar ferðar, og breytt er síðan um ferðir áður skipið fer af ráðningarstaðnum, geta þeir krafist lausnar þá þegar. Nú er skift um ferð eftir það er skipið fór af stað, og stendur þá ráðningin til þess er skipið kemur á hinn nýja ákvæðisstað sinn, nema um hann sje svo skift, að hann verði útlend höfn í stað innlendrar eða annarar álfu höfn í stað Norðurálfu, því þá getur skipshöfn krafist lausnar á hinni fyrstu höfn, sem skipið kemur í, eftir það er breytt var til um ferð, enda eiga þeir ekki kaup lengur en þeir voru í þjónustu skipsins.

88. gr.

Nú hefir maður verið tvö ár háseti á sama skipi eftir það er vistartími hans samkvæmt síðasta ráðningarsamningi byrjaði, og getur hann þá, hvað sem ráðningarsamningur hans kveður á um það, krafist lausnar á næsta stað, sem skipið kemur á til affermingar eða fermingar, nema skipið fari þaðan beint til þess staðar, þar sem ráðningarsamningur hans heimilar honum burtför. Kaup á hann að eins til burtfarar sinnar.

89. gr.

Nú er skipverjum heimilt að fara úr skiprúmi eftir ráðningarsamningi sínum eða fyrirmælum 87. og 88. gr., og eru þeir þó skyldir til, ef skipstjóri vill, að vinna það, sem þörf krefur að affermingu eða ruðningu seglfestu, ofantöku reiða, festing skips eða umbúnaði, og geta þeir ekki krafist lausnar áður því starfi sje lokið. Ekki eru þeir skyldir til að starfa að þessu lengur en viku eftir það er skipið kom í höfn.

90. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, á hann heimilt að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað og auki það ekki kostnað útgerðarmönnum. Svo er og, ef maður á kost á yfirstýrimannsstöðu eða vjelarstjóra, sá er ráðinn var til óæðra starfs

Krefja má og lausnar úr skiprúmi, ef ófrið ber að, svo að hætta sje á, að skipið geti orðið hernumið sakir þjóðernis síns, farms eða fararstefnu.

Þeir eiga kaup til burtfarar sinnar, sem lausn fá úr skiprúmi eftir þessari grein.

91. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hefur misþyrmt honum á skipi eða aðrir, og hafi skipstjóri þá ekki veitt honum vernd og verið þó beiddur til, eða skipstjóri meinaði honum sæmilegt fæði, og getur skipverji þá krafist burtfarar. Nú fer maður burt fyrir þessar sakir, og á hann þá kaup fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu, og að auki mánaðarkaup. Nú fær hann lausn á öðrum stað en ráðningarstað sínum, og á hann þá enn kaup fyrir þann tíma, sem þarf til að komast þangað, sem hann skal skráður úr skipi, eða til ráðningastaðar síns, ef ekki var samið um úrskráningarstað, og getur hann krafist að fá þann ferðakostnað og fæðiskostnað allan greiddan sjer í peningum. Nú var hann ráðinn til ferðarinnar fyrir ákveðna fjárhæð, og ber honum þá aldrei meira en það kaup og svo ferðakostnaður hans.

92. gr.

Nú er skip ófært til þeirrar ferðar, sem ákveðin er, og skipstjóri vanrækir að ráða þær bætur á, að skip sje í góðu lagi, og má skipshöfn þá krefjast lausnar úr skiprúmi. Skyldur er skipstjóri til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipinu og meta, hversu fært það sje til ferðar, ef meiri hluti skipshafnar krefst; hann er og skyldur til að láta skoða vjel skipsins, þar sem því má við koma og vjelarstjóri krefst þess; synji skipstjóri þessara skoðunargerða, er skipshöfn heimil burtför úr skiprúmi. Um kaup og ferðakostnað fer í þessum atriðum svo sem fyrir er mælt í 91. gr.

Nú reynist það við skoðunargerðina, að skipið var fært til þeirrar ferðar og engir þeir gallar á, að skynsamleg rök væri til kærunnar, og eru þá þeir menn, sem skoðunargerðar kröfðust, skyldir að bæta kostnað þann og tjón, sem af henni leiddi.

93. gr.

Ef skip missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi, getur skipshöfn þegar krafist vistarslita, og á hún kaup og ferðakostnað sem segir í 91. gr. Ekki er skipverjum heimilt að bregða ráðningu, þótt breyting verði á útgerðarmönnum eða skift sje um skipstjóra.

94. gr.

Nú sannast það, að maður er óhæfur í þá stöðu, sem hann rjeð sig til, og má þá víkja honum úr skiprúmi, og taki sá maður kaup til þess er hann fór. Svo skal og vera, ef skipverji sýnir skipstjóra ofbeldi eða öðrum yfirmanni sínum, eða verður sekur um það, að hafa leynt á skipi tollskyldum vörum eða öðru því góssi, sem óheimill var á útflutningur á burtfararstað skipsins, eða aðflutningur á ætlunarstað þess; svo skal og enn, ef skipverji hefur svo oft sætt refsingu fyrir yfirsjónir við störf sín, eða brot á siðsemi og reglusemi, að refsivald skipstjóra eftir 107. gr. hljóti að verða þýðingarlaust. Ekki má víkja manni utanríkis úr skiprúmi sakir ódugnaðar hans, nema danskur konsúll samþykki, ef hann er á þeim stað; nú er enginn konsúll á þeim stað, og er þá skipstjóri skyldur að sjá þeim manni fyrir ókeypis ferð til ráðningarstaðar hans, ef hann getur ekki fengið sjer skiprúm, þar sem hann er þá.

Nú getur skipstjóri ekki þegar vikið óhæfum sjómanni á burt, eða vill það ekki, og er rjett að skipstjóri lækki þá kaup hans alt að helmingi, svo sem efni liggja til; heimilt er þó sjómanni að kæra gerðir skipstjóra þann veg, sem segir í 109. gr.

Atvik þau, sem liggja til burtreksturs skipverja eða kauplækkunar, skal skrifa í leiðarbók, ef hún er til, eða dagbók, en að öðrum kosti sje skýrt frá þeim brjeflega og þau staðfest með vottorði tveggja hinna bestu manna á skipi, eftir að það, sem bókað var eða brjefað, hefur verið lesið manninum sjálfum og öðrum skipverjum, og er úrskurður um kauplækkun ógildur nema svo sje gert.

95. gr.

Ef skipverji sýkist eða slasast eftir að hann er kominn í skiprúm, er skipstjóra skylt að sjá honum fyrir sæmilegri hjúkrun á skipi eða á landi; en sje svo ástatt um hann, að hann verði óstarfhæfur um langan tíma eða þjáist af fransós, má þegar víkja honum úr skiprúmi. Ef það ber að utanríkis, skal skipstjóri fá hann í hendur konsúl, og sje þar enginn danskur konsúll, skal hann fá manninum hjúkrun svo trygt sje.

Nú er manni vikið úr skiprúmi sakir meiðsla eða sjúkleiks, sem hann er sjálfur valdur að, eða sakir fransós, og fær hann þá kaup fyrir þann einn tíma, sem hann var í þjónustu skipsins, og má taka hjúkrunarkostnað af kaupi hans. Nú er honum ekki vikið burt, og fær hann þá ekki kaup fyrir þann tíma, sem hann var frá verki, og greiði sjálfur hjúkrunarkostnað sinn.

Ef meiðsli manns eða sjúkleiki er ekki af þeim orsökum, sem nú var sagt, og honum er ekki vikið úr skiprúmi, tekur hann kaup sitt fult meðan

hann var sjúkur og fær þá hjúkrun, sem hann þarfnast, á kostnað útgerðarmanna. Nú er honum vikið á burt, og tekur hann þá kaup sitt til þess hann er skráður úr skipi, eða ef hann er ekki úr skráður, til þess dags, er skipið lætur út, og auk þess hjúkrun á kostnað útgerðarmanna í 4 vikur, ef hann er hjer á landi eða á þeim stað utanlands, þar sem löglega mátti slita ráðning hans, ella um 8 vikur, og sje talið frá úrskráningu hans, ef hún fer fram, annars frá burtför skipsins.

Nú er enginn danskur konsúll, sem hinn sjúki maður verði fenginn í hendur, og skipstjóri verður því að greiða fje erlendis til hjúkrunar íslenskum farmanni, en útgerðarmenn voru ekki skyldir til að kosta þá hjúkrun, og eiga þeir þá rjett á að fá það fje endurgoldið úr landssjóði, og á landssjóður enga endurgjaldskröfu á hendur farmanninum.

96. gr.

Nú er hætt við ferð sakir ófriðar, herkvíunar, farbanns, útflutningsbanns eða aðflutningsbanns, istálmunar eða skemda á skipi, svo að það er ekki ferðafært, eða ferð verður að fresta eða gera hlje á henni svo stórum nemi af þessum sökum, og má þá rifta ráðningu skipshafnar, og heldur hún kaupi sínu til burtfarar.

Farist skip eða það meiðist og er dæmt óbætandi, eða það er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er ráðning skipshafnar slitið, enda tekur hún þá ekki lengur kaup. Ef skip ferst, er þó skipshöfn skylt, gegn hæfilegri þóknun, að taka þátt í björguninni og má ekki fara burt fyr en sjóferðaskýrsla er gefin.

97. gr.

Ef hætt er við ferð af öðrum sökum en þeim, sem getur í 96. gr., eða ráðning er slitið við skipverja án lögmætra saka og það er ekki sjerstaklega tilskilið í ráðningarsamningi, þá ber skipverjum kaup og ferðakostnaður svo sem fyrir er mælt í 91. gr.; svo er og, ef skipi er lagt utanlands í vetrarlægi og ráðningu slitið við skipverja, en þá fellur burt mánaðarauki sá við kaupið, sem greinin til tekur.

98. gr.

Ef skipverji deyr, er honum talið kaup til dánardags, hafi hann ekki áður glatað rjetti sínum til launa sakir sjúkleiks eða annars þess, sem áður er talið. Deyi skipverji af meiðslum eða sjúkdómi og útgerðarmenn áttu að kosta hjúkrun og læknishjálp, þá skulu þeir og kosta greftrunina.

Nú spyrst ekki til skips og engin vitneskja fæst um, á hverjum tíma slysið bar að, og skal skipshöfn þá talið kaup svo sem segir í 72. gr.

99. gr.

Nú er samið um ákveðna fjárhæð fyrir tiltekna ferð og er sú breyting gerð á ferðinni, að hún stendur lengur en ráð var fyrir gert í samningnum, og ber þá skipverjum kaupauki að tiltölu við lenging tímans; en einskis missa þeir af umsömdu kaupi, þótt ferð standi skemur. Þeir eiga og rjett á kaupauka, ef skipstjóri eða útgerðarmenn tefja ferð skips á eindæmi sitt, eða einhver þeirra er valdur að töfinni á annan hátt, svo og fyrir þann tíma, sem skipið er neytt til að halda kyrru fyrir sökum ófriðar, herkvíunar, farbanns, útflutn-

ingsbanns eða aðflutningsbanns eða ístálmunar, svo og ef skip hleypir í bjarghöfn og tefst þar við aðgerð eða sakir farmsins, eða lengur en hina ákveðnu biðdaga við ferming eða afferming; þó á skipshöfn ekki rjett á launaauka fyrir skemri töf en 8 daga samfelda, nje heldur, ef ferðin hefur ekki lengst meira en ráð var fyrir gert við ráðninguna.

100. gr.

Nú fækkar skipverjum meðan á ferðinni stendur og hinir, sem eftir voru, vinna skipsstörfin, og skal þá því kaupi, sem sparaðist við fækkunina þann tíma, sem skipið er í hafi, skift meðal hinna, sem eftir voru, að rjettri tiltölu við aukið starf hvers þeirra.

Þó er ekki skylt að skifta fjenu milli skipverja, ef fækkunin varð við strok skipverja, og það varð með þeim atvikum, að hinir hefðu getað varnað því.

101. gr.

Þyki skipstjóra brýna nauðsyn bera til að setja skipverja til starfa að fermingu skips eða affermingu á sunnudögum eða öðrum helgum dögum hjer á landi, skal hver maður, sem í því starfi var, fá sjerstaka þóknun fyrir, ef annað var ekki til tekið við hann, og skal sú þóknun metin jöfn ½ dags kaupi fyrir hverjar tvær klukkustundir eða hluta úr þeim. Þessi ákvæði gilda ekki um skip, sem fara reglubundnar ferðir milli ákveðinna staða eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.

102. gr.

Ef maður er ráðinn á skip til ákveðinnar ferðar, en breyting er síðar gerð á ferðinni, svo að henni skal nú ljúka á öðrum stað en þar, sem úrskráning átti að fara fram samkvæmt ráðningarsamningnum, og getur hann þá krafist fæðis og ferðakostnaðar til úrskráningarstaðar síns.

103. gr.

Nú slítur ráðningu íslenskra farmanna utanlands af þeim sökum einhverjum, sem getur í 96. gr., eða þeir eru látnir eftir utanlands sakir meiðsla eða sjúkleika, svo að þeim ber hjúkrun og lækning á kostnað útgerðarmanna samkvæmt 95. gr., og geta þeir þá krafist ókeypis flutnings og fæðis til næstu hafnar innlendrar. Ef skip týnist eða laskast og er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður kostnaðinn; svo er og, ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki um ófriðinn, þá er hann ljet í haf síðast, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá. Annars kostar greiði útgerðarmenn þann kostnað.

Nú á farmaður skyldan ókeypis heimflutning og verður honum fengið skiprúm á skipi, sem heldur til innlendrar hafnar eða annarar, sem auðvelt er að senda hann heim úr, og er hann þá skyldur til að taka við því skiprúmi, ef það er ekki verra en hitt, sem hann var ráðinn í.

104. gr.

Á ferðum geta farmenn krafist jafnóðum greiðslu á kaupi því, sem þeir hafa unnið fyrir, annaðhvort í peningum, þegar skip er í höfn, eða ávís-

un á útgerðarmenn; þó er skipstjóra jafnan heimilt að halda eftir einum þriðjungi kaups til þess er úrskráning fer fram.

Nú reynist, þá er gerður er upp reikningur manns, að honum var greitt meira fyrir fram en kaup hans nam, og er þá ekkert afturkræft af því, sem greitt var, ef svo stendur á, sem gert er ráð fyrir í 91.—93. gr., 3. lið 95. gr. eða 96.—98. gr.

105. gr.

Nú er skip utanríkis og rís ágreiningur milli skipstjóra og einhvers af skipverjum um eitthvað út af stöðu þeirra, og skal málið þá borið upp fyrir hinum danska konsúl á þeim stað, eða á fyrsta viðkomustað, þar sem danskur konsúll er.

Úrskurði konsúls verða báðir aðilar að hlíta til þess er málið getur komið fyrir rjett hjer á landi.

106. gr.

Neiti einhver skipverji að hlýða því, sem honum er skipað, eða sýni hann mótþróa við starf sitt, er skipstjóra heimilt, eða þeim, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, að þröngva þeim manni til hlýðni með valdi. Þá er skip er í háska, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri skipan, og er hver af skipverjum skyldur til að veita aðstoð sína yfirmanni, og jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, sem mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti ekki meira harðræði en atvik kröfðu.

107. gr.

Ef maður verður sekur um yfirsjónir þær í þjónustu sinni, sem hjer skulu taldar, eða óhlýðni við góða háttsemi, getur skipstjóri látið það varða kaupmissi, sem hjer segir:

1. Ef maður er settur við stýri, eða honum er skipuð útsýn, og gengur hann af verði eða komið er að honum þar sofandi eða ölvuðum, eða maður fer óvarlega með eld eða ljós, eða breytir ósæmilega við yfirmenn sína, eða sýnir þeim óhlýðni, varðar það kaupmissi alt að 1/2 mánuði.
2. Ef menn vanrækja vörð eða annað starf, sem þeim er falið, eða komið er að þeim þar sofandi eða ölvuðum, eða hafa brennivín á laun á skip eða annað áfengi, eða fara með fatnað sinn af skipi ólofað, missa þeir alt að 1/4 mánaðar kaups síns.
3. Ef maður fer á land ólofað og hverfur aftur samdægurs, varðar það kaupmissi alt að 1/4 mánaðar, en missi alt að 1/2 mánaðar kaups ef síðar kemur.
4. Ef manni er lofuð landför og kemur hann ekki aftur svo sem á var kveðið, varðar það kaupmissi 1 dags eða 2, ef hann kemur samaj dag, en alt að 1/4 mánaðar kaups, ef síðar kemur.
5. Það varðar kaupmissi alt að 4 daga, ef maður fer frá báti, sem hann var sendur með til lands, eða vekur úlfúð eða illindi á skipi eða við skyldustörf manna, eða hleypir óviðkomandi mönnum á skip ólofað, eða leynir þeim á skipi eða gætir ekki í öðru reglu og góðrar háttsemi.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum eða vjelarstjóra, bæta þeir hálfu meira en aðrir skipverjar.

Tvöfalda má sektir, ef maður, sem einu sinni hefur verið hegnt, gerir sig sekan í sömu yfirsjón.

Ekki má þó leggja á mann í einni ferð meiri sektir fyrir þessar sakir, en nema mundi helmingi kaups þess, sem við lokareikning reynist að maðurinn vann fyrir á ferðinni.

108. gr.

Áður en skipstjóri beitir refsivaldi því, sem 107. gr. heimilar honum, skal hann halda próf yfir hinum seka í viðurvist tveggja bestu manna á skipinu og ekki fyr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því, er yfirsjónin var framin, nema sjerstök rök liggi til, að fyr sje prófað. Rita skal í leiðarbók eða dagbók framburð hans og þá refsing, sem skipstjóri leggur á, ef bækur þær eru á skipi, ella skal það skrifa sjerstaklega, og skal það, sem ritað var, lesið hinum seka manni og vottunum, og sanna þeir, sem við voru staddir, með nöfnum sínum, að rjett sje. Ómætur er úrskurður skipstjóra um það, er hann dró af kaupi, nema hann gæti fyrirmæla þessara.

109. gr.

Nú refsaði skipstjóri manni með kaupmissi og vill sá kæra það, og skal hann þá hafa sent kæru sína dómara áður 3 dagar sje liðnir frá því, er skipið kom á innlenda höfn, þar sem ferma skal skip, afferma eða búa um það, og það er um kyrt að minsta kosti þrjá daga. Ef skráð er úr skiprúmi, telst fresturinn frá úrskráningu. Ekki má skipstjóri synja honum farar á land með kæru sína.

Ef slitið er ráðningu farmanns í utanríkis höfn, ber hann fram kæru sína fyrir þeim dönskum konsúl, sem þar er, og skal fyrst um sinn hlíta úrskurði hans við samningu lokareiknings mannsins. Heimilt skal skipstjóra eða háseta á ársfresti þaðan frá að skjóta málinu til dóms að lögheimili skipsins; kært getur og háseti þangað úrskurð skipstjóra eða reikning hans, ef ekki var danskur konsúll á þeim stað erlendis, þar sem ráðning hans var slitið, og hefir háseti og ársfrest til, frá því er ráðningu sleit. Krafist getur háseti afrits af því, sem bókað var, eða annan veg ritað samkvæmt 108. gr. um refsingu þá, sem honum var úrskurðuð.

Með mál þau, sem ræðir um í þessari grein, skal fara sem einkalögreglumál.

110. gr.

Kaupi því, sem eftir var haldið eftir 107. gr., getur skipstjóri varið til endurgjalds kostnaði þeim og tjóni, sem hinn seki maður olli útgerðarmönnum, ef það, sem hann átti hjá þeim eftir af kaupi sínu, vanst ekki til þess. Það, sem þá kann að verða afgangs, verði eign stofnunar, sem gerð sje til gagnsmuna siglingum eða farmönnum og konungur skipar nánara fyrir um; fjeð skal greiða við úrskráning til skráningarstjóra, utanríkis til konsúls, eða skipstjóri sendir það stofnuninni sjálfri, ef háseti fór úr skiprúmi og var ekki lögskráður úr.

111. gr.

Ef maður strýkur frá skipi og hverfur ekki aftur áður skip lætur út, fyrirgerir hann til útgerðarmanna kaupi því, sem hann átti inni, og þeim fjemunum, sem hann ljet eftir á skipi; hrökkvi það ekki til að bæta útgerðarmönnum það tjón, sem þeir biðu við strokið, er hann skyldur að gjalda það, sem á skortir. Ekki taka skipverjar kaup fyrir þann tíma, sem þeir eru burtu frá skipi ólofað.

112. gr.

Ef gruna má af líkum, að menn búi yfir stroki, er skipstjóra heimilt að taka fatnað skipverja og geyma svo lengi, sem tækifæri er til stroksins eftir atvikum. Ef skipverji er staðinn að stroki eða gripinn eftir það er hann strauk, getur skipstjóri haft manninn í varðhaldi á skipi eða í landi til þess er skipið lætur út.

113. gr.

Menn, sem ráðnir eru á skip og þó ekki taldir til skipshafnar sjálfrar, eru skyldir að hlýða boðum skipstjóra um hátterni á skipi og reglusemi, og vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til tryggingar skipinu. Til þeirra taka og fyrirmæli 86., 106. og 107. gr.

Ef þeir voru ráðnir af skipstjóra eða útgerðarmönnum, eiga þeir jafnan rjett öðrum skipverjum; þó skulu þeir ekki teknir til greina þegar talinn er meiri hluti sá, sem getur í 92. gr.

## Sjötti kapituli.

### Um flutningssamninga.

114. gr.

Farmsamning skal jafnan gera skriflega (certeparti), ef annarhvor aðila æskir þess.

115. gr.

Farmsamningur tekur ekki til opins þilfars skipsins, nema sjerstaklega sje um samið; ekki heldur farrýmis eða herbergja þeirra annara, sem ætluð eru skipverjum, eða til geymslu skipsmunum, vistum, eldivið eða öðrum fararnauðsynjum.

Þó má ekki taka vörur af öðrum mönnum í þau herbergi nje á þilfar, nema farmsendari samþykki, ella greiði farmflytjandi venjulegt farmgjald fyrir þær vörur og allan skaða, er hinn hlaut af því.

116. gr.

Nú er skip ekki komið á fermingarstað og búið til að taka við farmi á þeim tíma, sem áskilið var í farmsamningi, og er farmsendara þá heimilt að rifta samningnum; hann á og heimting á bótum fyrir tjón það, er töfin olli honum, nema það vitnist, að útgerðarmaður átti ekki sök á töfinni og ekki skipstjóri nje skipshöfn.

Ef farmsamningur tekur engan tíma til, nær ferming skal hefja, skal framsendari þola bið, nema það vitnist, að útgerðarmaður, skipstjóri eða skipverjar áttu sök á.

Ekki getur farmsendari krafist neinskonar skaðabóta ef samningi er ekki rift og hann áskildi sjer ekki rjett til þess, áður hann ljet vörur af hendi til fermingar.

117. gr.

Heimilt er farmsendara að framselja öðrum manni rjett sinn eftir samningnum, en eigi að síður ábyrgist hann, að allar þær skuldbindingar haldist, sem samningurinn batt honum.

118. gr.

Ekki má senda góss farmsendara án samþykkis hans með öðru skipi en því, sem samið var um, nema skift verði um skip fyrir þeirra nauðsynja sakir, er 165. og 166. gr. til taka. Nú skiftir útgerðarmaður um skip, og bæti skaða þann allan, er af hlýtst.

119. gr.

Nú er ekki áskilinn neinn fermingarstaður í höfn og hefur maður samið um alt skipið, og skal þá skip liggja á þeim stað, sem hann vísar til, ef þar er ekki tálmun fyrir og skipið liggur þar á floti, og því er óhætt, og kemst þaðan hlaðið tálmunarlaust; vísa skal á þann stað, þegar er skipstjóri krefst þess, ella má hann sjálfur velja stað skipinu og sje þó almennur fermingarstaður. Nú hafa fleiri menn en einn samið um flutning á skipi, og á þá sá, sem samdi um meiri hluta skips, sama rjett og sá, er samdi um alt skipið. Svo er og ef þeir verða fleiri saman og ásáttir og sömdu um meiri hluta skips, og taka þeir þá til staðinn, ef skipstjóri flutti skipið ekki áður í annað lægi.

Sá, sem samdi um alt skipið eða meiri hluta skips, ef þeir voru fleiri, eiga og heimting á, að skip sje flutt á annan hagkvæman fermingarstað í sömu höfn, og greiði allan flutningskostnað, sbr. niðurlag 124. gr. Sama rjett á og hver maður sá, er semur um hluta úr skipi, ef aðrir farmsendarar hafa ekki óþægindi af flutningnum.

120. gr.

Nú fermir maður skip góssi, sem svo er háttað, að skipi eða öðrum farmi er háski eða tjón búið af, og hefur hann ekki sagt til, hversu háttað var góssinu eða gætt þeirra fyrirskipana, sem settar eru um slíkar sendingar, og ábyrgist hann þá skaða þann allan og kostnað, sem af hlýtst. Svo er og ef maður hleður skip góssi án vitundar skipstjóra eða segir rangt til um góssið, og er þá sendandi auk þess skyldur til að greiða hæsta farmgjald, sem þar var á burtfararstað skipsins.

Verði góssið ekki haft á skipi háskalaust, er heimilt að færa það á land á kostnað sendanda eða jafnvel varpa því fyrir borð, ef það fanst ekki fyr en eftir að skip ljet út, en greiði fult farmgjald, hvort sem gert var.

121. gr.

Skylt er sendanda að færa góss að skipsborði, en farmflytjandi annist þaðan af og kosti búlkun alla, undirbreiður og refti.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki á umsaminn stað eða á vanalegan fermingarstað í höfninni, ef enginn staður var tilskilinn, og kostar þá skipstjóri flutning góssins á skip úr landi.

122. gr.

Óheimilt er skipstjóra að búlka góss manns á þilfari ólofað (sbr. 195. gr.) eða í skipsbáta eða hengja það utan borðs á skipið.

123. gr.

Farmsendari á heimting á, að skipstjóri láti skipið vera búið til fermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) endurgjaldslaust, og þá enn annan tíma (aukabiðdaga), en greiði þá þóknun fyrir aukreitis.

Biðdaga skal telja frá fyrsta morgni rúmhelgum eftir að skipið er komið á rjettan stað og búið til að taka við farmi og skipstjóri hefir sagt sendanda til. Nú er honum sagt til eftir kl. 6 e. h. eða á helgum degi, og skal þá telja biðdaga frá öðrum morgni rúmhelgum. Sje sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til með auglýsingu í blaði þess staðar, eða þann veg, sem þar er títt.

124. gr.

Ef ekki er samið um tölu biðdaga, skal telja þá eftir nettótonnatali skips svo sem hjer segir:

| Þegar skip er ekki | tonn | seglskip | gufuskip |
|---|---|---|---|
| meira en 20 en minna en | 20 | 2 daga | 2 daga |
| — — 35 — — — | 35 | 3 — | 2 — |
| — — 50 — — — | 50 | 4 — | 2 — |
| — — 100 — — — | 100 | 6 — | |
| — — 150 — — — | 150 | 7 — | 3 — |
| — — 200 — — — | 200 | 8 — | |
| — — 250 — — — | 250 | 9 — | |
| — — 300 — — — | 300 | 10 — | 4 — |
| — — 400 — — — | 400 | 11 — | |
| — — 500 — — — | 500 | 12 — | |
| — — 600 — — — | 600 | 13 — | 5 — |
| — — 750 — — — | 750 | 14 — | |
| — — 900 — — — | 900 | 15 — | 6 — |
| — — 1100 — — — | 1100 | 16 — | 7 — |
| — — 1350 — — — | 1350 | 17 — | 8 — |
| — — 1650 — — — | 1650 | 18 — | 9 — |
| | 2000 | 19 — | 10 — |

Ef skip er meira en 2000 tonn, hvort sem er seglskip eða gufuskip, skal auka einum degi fyrir hver 400 tonn, sem afganga eða minna o. s. frv.

Ekki eru helgidagar taldir til biðdaga og ekki þeir dagar heldur, sem ekki varð unnið að fermingu sakir veðurs eða tálmana frá skipsins hálfu; tími, sem ekki tekur yfir meira en hálfan vinnudag, er að eins talinn hálfur dagur.

Ef til er tekin ákveðin tala samfeldra biðdaga, skulu og helgir dagar taldir.

Til biðdaga er og talin sú töf, sem leiðir af flutningi skips milli fermingastaða í höfn samkvæmt 2. lið 119. gr.

125. gr.

Aukabiðdagar skulu hálfu færri en biðdagar, ef ekki er annan veg um samið; þeir eru taldir samfeldir.

Ef ekki er annan veg um samið, er þóknun fyrir aukabiðdaga 30 aurar á dag fyrir seglskip og 40 aurar fyrir gufuskip fyrir nettótonn hvert. Þóknunin er talin fyrir hálfa daga, svo að það, sem nemur ekki meira en hálfs dags vinnutíma, er talið hálfur dagur, en heill ef meira er.

Krefja má kaups að kveldi fyrir hvern aukabiðdag. Nú er kaupið ekki greitt, þá er skip er ferðbúið, og er þá skipstjóra heimilt að geta þess á farmskírteini (konossement) hvað ógreitt var.

126. gr.

Ákvæði þau um tiltekna biðdaga og aukabiðdaga, sem hjer hafa verið talin, ná ekki til skipa, sem eru í reglubundnum ferðum milli ákveðinna staða og áætlun er birt um fyrirfram.

127. gr.

Ekki er skipstjóra skylt að bíða móttöku farms eftir það er aukabiðdagar eru á enda, en skyldur er hann að hafa með sjer það góss alt, sem honum var fengið þangað til, þótt hann verði að lengja biðina til að ferma góssið og búlka því, en þóknun skal hann fá fyrir þá bið, ekki minni en fyrir aukabiðdaga, og á heimilt að geta þess á farmskírteininu, ef hún var ekki greidd.

128. gr.

Ef varan er stykkjagóss, lætur sendandi hana af hendi eftir tilkynningu skipstjóra. Sje sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til á þann hátt, sem segir í 123. gr. Ef góssið er þá ekki látið svo snemma af hendi, að taka megi á skip og búlka jafnóðum, er skipstjóri ekki skyldur til að taka við því og taki þó fult farmgjald fyrir, sbr. þó 135. gr.

Ekki er skylt að segja til nær vara skal koma til skipa þeirra, sem um getur í 126. gr.

129. gr.

Skylt er skipstjóra að gefa sjálfur eða láta stýrimann gefa viðurkenning fyrir viðtöku góssins jafnóðum, ef sendandi krefst. Viðurkenningar þessar skulu fengnar aftur skipstjóra þegar er farmskírteini er undirskrifað eða góss fer af skipi, ef það verður áður, sbr. 132. gr.

130. gr.

Skylt er sendanda að fá skipstjóra öll þau skjöl, sem fylgja skulu góssinu, áður sá tími sje liðinn, sem ákveðinn var til viðtöku góssins. Nú vanrækir sendandi það og tefur með því burtför skipsins, og getur þá skipstjóri

krafist skaðabóta, ekki minni en fyrir aukabiðdaga og getið þess á farmskirteininu, ef ekki er greitt.

Annast skal skipstjóri um, að hann sje búinn til burtfarar þegar er hann hefur tekið við farmi og skjölum þeim, sem honum er nauðsyn að hafa. Nú vanrækir skipstjóri það eða tefur burtför sína, og getur sendandi þá krafist bóta fyrir tjón það, er af hlautst, og riftað samningi eftir atvikum.

131. gr.

Ef maður semur um heilt skip, er honum heimilt að rifta samningi og greiða hálft farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og tafir, ef meiri hafa orðið, en segja skal hann sundur við skipstjóra samningi áður skip sje farið af þeim stað, er það skal láta út frá. Ef enginn farmur er kominn til skips áður aukabiðdagar sje á enda, skal litið svo á, sem farmsendari hafi rift samningi. Nú er samið um skipið til fleiri ferða en einnar, og skal þá bæta hálfu farmgjaldi fyrstu ferð, en aðrar ferðir fjórðungi farmgjalds, en helming farmgjalds báðar ferðir, ef önnur er burtför en hin heimför.

Nú lætur farmsendari ekki af hendi alla vöru þá, er tilskilið var, og er skipstjóra þá ekki skylt að fara þá för, nema farmsendari greiði honum fult farmgjald fyrir vöru þá, sem ekki fer, svo og bætur fyrir kostnað, sem af því leiddi, að ekki kom sumt af farminum, fái ella skipstjóra trygging fyrir því, er greiða skyldi. Nú var endurgjalds krafist og ekki greitt og ekki trygging fengin fyrir lok aukabiðdaga, og er þá skipstjóra heimilt að líta svo á, sem farmsendari hafi rift samningi og greiði hann farmgjald og skaðabætur sem fyrr segir.

Nú er farmskírteini fullgert, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

132. gr.

Nú er riftað samningi með þeim atvikum, sem segir í 131. gr., og affermt aftur af þeim sökum góss það, er á skip var komið, og er þá farmsendari skyldur til að greiða skipstjóra allan fermingarkostnað og affermingarkostnað og bæta honum ef skipið var tafið lengur en aukabiðdaga og gjaldi ekki minna en fyrir þá.

133. gr.

Nú vill sá, er samið hefur um alt skip, rifta samningi eftir það er skip fór af þeim stað, þar sem ferð var hafin, og er hann þá skyldur að greiða fult farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og ef aðrar tafir urðu; þó skal að eins greiða þrjá fjórðunga farmgjalds, ef svo er um samið, að skipið skuli fara á annan stað til fermingar þar og samningi var sagt í sundur áður skip fór frá fermingarstað eða samningur raufst sakir þess, að farmsendari vanrækti skyldu sína með þeim atvikum, sem 2. liður 131. gr. til tekur. Nú var samið um fleiri ferðir en eina, og skal þá greiða fult farmgjald fyrir þá ferð, sem hafin var, og hálft fyrir hina næstu, en fyrir hinar að fjórða hlut; ef samið var um ferð á ákveðinn stað og afturkomu þaðan tafarlaust, skal greiða þrjá fjórðunga farmgjalds fyrir báðar leiðir, ef samningi var riftað áður skip fór þaðan heim á leið.

Ekki getur farmsendari krafist, að skip sje affermt eftir það er skip lagði út, nema á þeim stað sje, sem skip átti erindi til, og greiði skipstjóra farmgjald, svo sem sagt var, og bæti kostnað allan og skaða af affermingu á viðkomustað.

Nú er farmskírteini afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

134. gr.

Ef fleiri hafa samið um skip að hlutum og allir farmsendarar eru ásáttir um að rifta samningi, fer um hvern þeirra sem fyrir er mælt í 131.—133. gr. Nú koma þeir sjer ekki saman, og skal þá sá þeirra, sem samningi vill rifta, greiða fult farmgjald svo og aukabiðdagagjald eftir atvikum, og bæta auk þess, ef meiri töf verður, og allan kostnað, sem af því leiddi að hann gekk úr. Vöru sinnar getur einstakur farmsendari því að eins krafist aftur úr skipi, ef það getur orðið öðrum farmsendurum að skaðlausu, svo að það tefji ekki ferð eða skaði þá á annan hátt, og bæta skal hann ávalt skipstjóra skaða, tjón og kostnað, sem affermingin olli.

135. gr.

Sá, sem gert hefir farmsamning um skip og greiða skal samkvæmt 128., 131., 133. og 134. gr. fult farmgjald fyrir vöru, sem ekki fer á skipi til ætlunarstaðar, getur krafist, að dreginn sje frá greiðslufje hans kostnaður sá, sem hann sparaði skipinu við það, að hann tók aftur vöru sína. Taki skipstjóri aðra vöru í hinnar stað, skal helmingur farmgjalds fyrir þá vöru dreginn frá greiðslufje farmsendara.

136. gr.

Ef maður leggur löghald á eða gerir fjárnám í góssi, sem fermt hefur verið á skip, getur hann að eins krafist góssins með sömu skilyrðum og farmsendari gat.

137. gr.

Nú er farmur kominn á skip, og skal þá skipstjóri eða sá maður, sem er í hans stað, gefa út farmskírteini (konnossement), ef sendandi beiðist, og skal hann þar kannast við, að hann tók við vörunni og skyldu sína til að flytja hana til ætlunarstaðar og fá rjettum viðtakanda.

Undir skírteinið skal sá maður rita nafn sitt, er gaf það út, stað og dagsetning, er það var gefið út, svo og nafn skipsins og hver varan var, og nafn viðtakanda og ætlunarstað vörunnar. Auk þess getur hver aðila krafist, að þar standi nafn skipstjóra, ef hann skrifaði ekki undir sjálfur, svo og nafn þess, er vöruna ljet af hendi, heimili skipsins, hvort það er gufuskip eða seglskip, tegund vörunnar og ásigkomulag, þungi hennar, mergð og hversu merkt, um samið farmgjald og að vísað sje til farmsamnings í heild sinni eða til einstakra ákvæða hans.

138. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af farmskírteini, sem sendandi telur nauðsyn á; hann getur og krafist, að farmskírteini sje gefið fyrir allri vörunni í heild

eða sjerstakt skírteini fyrir einstaka hluta hennar. Skylt er sendanda að fá skipstjóra svo mörg eintök, sem þarf, til undirskriftar, áður tími sá sje liðinn, sem 130. gr. tekur til, og getur skipstjóri krafist eins eintaks, sem sendandi skrifi undir með honum. Aldrei má skipstjóri gefa skírteini fyrir vöru, sem ekki er komin á skip.

Nú eru gerð af farmskírteini fleiri eintök en eitt, og skal þá eintakatalan til greind í sjálfu skírteininu, og þó ekki talið með eintak skipstjóra. Skírteinin skulu öll vera samhljóða; þó getur sendandi krafist, að eintökin sje í sjálfu meginmálinu merkt svo sem fyrsta eintak, annað, þriðja o. s. frv.

139. gr.

Farmskírteini má stíla til ákveðins manns, eða þess, sem hann tilvísar, eða til handhafa; sje það stílað »að tilvísun« að eins, merkir það tilvísun vörusendanda. Farmskírteini má framselja með áritun (endossement) til ákveðins manns eða eyðuframsali (in blanco), nema framsal þess sje berlega óheimilað með orðunum »ekki til framsals«, eða öðrum ákveðnum fyrirvara í meginmáli þess.

Nú er maður löglega að farmskírteini kominn eftir orðum sjálfs þess eða við framsöl sem í óslitinni röð ná til handhafa, eða við eyðuframsal (in blanco), og getur hann þá krafist, að varan sje fengin sjer í hendur sem rjettum aðila.

140. gr.

Ef ekki hefir verið tekinn til í höfn neinn ákveðinn staður til affermingar, getur viðtakandi farms krafist, að skipið sje fært til þess staðar, sem hann vísar til, ef ekkert tálmar þar og skipið getur legið þar á floti og óhult; þenna stað skal þó til taka jafnskjótt og skipstjóri krefst, ella er honum frjálst að kjósa sjer stað og sje þó vanalegur affermingarstaður. Nú eru viðtakendur farms fleiri en einn og tekur einn þeirra meira hluta þess farms, sem til þeirrar hafnar fer, og á hann þá sama rjett sem sá, er allan farm tekur. Svo er og ef fleiri viðtakendur eru saman um meiri hluta þess farms, og eru ásáttir, og nefna þeir þá til stað og skulu þó hafa gert það áður skipstjóri færði skipið í annað lægi.

Um skyldu skipstjóra til flutnings skips innan hafnar gildir það, sem mælt er fyrir um fermingu í 119. gr., eftir því sem við á.

141. gr.

Skyldur er skipstjóri til við affermingu að láta góssið af hendi við skipshlið, en annan affermingarkostnað greiðir viðtakandi.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki í ákveðið lægi, eða ekki á almennan affermingarstað í höfninni, ef ekkert lægi var tekið til, og skal þá skipstjóri færa góssið á hæfilegan affermingarstað í höfninni á sinn kostnað.

142. gr.

Viðtakandi farms á heimting á, að skipstjóri hafi skipið búið til affermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) án endurgjalds, og þá enn um annan tíma tiltekinn (aukabiðdaga), en greiði aukreitis þóknun fyrir. Þetta nær þó

ekki til skipa í þeim ferðum, sem getur í 126. gr. Gefa skal tilkynning um það, nær skip er búið til affermingar og fer um það áþekt því, sem fyrir er mælt um ferming í 123.—125. gr., svo og um það, hversu telja skuli biðdaga og aukabiðdaga, fjölda þeirra og gjald fyrir aukabiðdaga.

Ef affermt er og fermt í einu lagi fyrir sama manninn, hefjast ekki aukabiðdagar fyr en hvorirtveggja biðdaga samantaldir eru á enda, þeir sem ákveðnir eru til affermingar og fermingar.

143. gr.

Sá, sem taka skal við stykkjagóssi, skal koma til að veita því viðtöku þegar er skipstjóri hefir gefið honum tilkynning um það. Ef viðtakandi er ókunnur eða hann finst ekki, skal honum sagt til svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Þá er stykkjagóss er flutt á þeim skipum, sem 126. gr. ræðir um, er skipstjóra heimilt að afferma tafarlaust án sjerstakrar tilkynningar um það.

144. gr.

Á ætlunarstaðnum skal skipstjóri fá farminn þeim manni, sem segir til sín og sýnir eintak af farmskírteininu, sem heimilar honum samkvæmt 139. gr. að kalla eftir vörunni sjer til handa. Þá er lokið er affermingu, skal fá eintak þetta skipstjóra og rita á viðurkenning um viðtöku vörunnar; til að tryggja sjer þetta getur skipstjóri krafist, að farmskírteinið sje falið öðrum mönnum til vörslu, áður en afferming hefst. Skipstjóri getur krafist, að skrifað sje á farmskírteinið jafnóðum og affermt er, eður og sjerstakra viðtökuvottorða.

145. gr.

Nú sýna fleiri menn en einn eintak af farmskírteini, sem heimilar þeim að krefjast farmsins sjer til handa, og má þá skipstjóri engum þeirra fá í hendur farminn, en hann skal fela hann til varðveislu svo óhult sje, ef aðilar verða ekki ásáttir um einn viðtakanda, sem hann geti fengið vöruna, og skal hann tafarlaust skýra þeim frá, hvar varðveitt sje. Nú eru eintök farmskírteinis tölusett svo sem síðasti kafli 138. gr. mælir fyrir, og skal þá skipstjóri fá þeim í hendur vöruna, sem lægsta hefir töluna á eintaki sínu.

146. gr.

Óheimilt er skipstjóra að láta farminn af hendi annarstaðar en á áætlunarstað hans, jafnvel þótt rift sje farmsamningi eða hætt við ferð, nema því að eins, að skilað sje þá aftur öllum þeim eintökum farmskírteinis, sem hann ljet af hendi, sbr. þó 172. gr. Þó nær þetta ákvæði ekki til þess, ef farmskírteinið óheimilar framsal á sjer, nje til þess, ef eintök farmskírteinisins eru tölusett svo sem síðasti hluti 138. gr. mælir fyrir, og getur þá löglegur handhafi þess eintaks, sem hefir merkið »fyrsta«. krafist, að varan sje fengin honum, þótt ókunnugt sje um hin eintökin.

147. gr.

Farmflytjandi ábyrgist allar skemdir á farminum og ef hann minkar frá því, er við honum var tekið á skip og til þess er hann kemur í hendur

viðtakanda, nema líkur sjeu leiddar að því, að skemdin eða rýrnunin stafi af sjóslysi, hernámi eða öðru óhappi, sem skipstjóri eða skipshöfn mátti ekki við gera, eða af ónógum umbúnaði vörunnar, spilling í henni sjálfri, rýrnun, af venjulegum leka íláta, eða dýr deyi, eða í heild sinni stafi af ásigkomulagi farmsins sjálfs.

Ef skemdir stafa af því, að skip var ekki svo í lagi til ferðar, sem vera bar, ábyrgist farmflytjandi það þó ekki, ef ekki fundust gallar á skipinu, hversu vel sem að var gætt.

148. gr.

Ef sendur er með skipi farmur, sem þarf við sjerstakrar umönnunar og gætilegrar meðferðar, skal skipstjóra sagt til þess og góssið glögglega einkent í þá átt. Nú er það vanrækt, og greiðir farmflytjandi þá engar bætur fyrir skaða, sem einungis varð girt fyrir, með umönnun þeirri og varfærni, sem nefnd var.

Ekki skal bæta peninga, verðbrjef eða aðra dýrgripi, nema sagt sje til þeirra greinilega og hversu mikils eru verðir.

149. gr.

Farmskírteinið er grundvöllur rjettarstöðu skipstjóra og viðtakanda farms sín á milli, og skal fá viðtakanda farminn eftir því, sem skírteinið mælir fyrir. Akvæði farmsamnings, þau er ekki voru sett í farmskírteinið, eru ólögmæt gagnvart viðtakanda, nema að svo miklu leyti sem farmskírteinið vitnar til þeirra.

Nú er vitnað til farmsamnings í farmskírteini um farmgjaldið, svo sem með orðunum »farmgjald eftir farmsamningi (certeparti)«, og tekur þá sú tilvitnun ekki til ákvæða samnings þess um biðdaga, aukabiðdaga og gjald fyrir þá.

Ekki getur skipstjóri krafið viðtakanda farms um ógreitt aukabiðgjald nje önnur gjöld, sem af fermingu skipsins stafa, nema fyrirvari sje hafður um það í farmskírteininu.

150. gr.

Skipstjóri ábyrgist viðtakanda eftir 149. gr., að rjett sje, það sem farmskírteinið greinir um góssið. Ef það er sent í luktri kistu eða umbúðum, svo að skipstjóri veit ekki hvað í er, eða ef til er tekið í farmskírteininu mál, þungi eða tala og skipstjóri mældi það ekki, vó eða taldi, þá er hann tók við því á skip, þá á hann heimilt að geta þess á farmskírteininu, og ábyrgist hann þá ekki, að rjett sje, nema hann hafi sjeð við fermingu, að rangt var sagt til eða hefði átt að sjá það við almenna athygli.

151. gr.

Þá er skipstjóri getur ekki sjeð við móttöku, hversu góssinu er háttað, eða hve tryggilega er um búið, getur hann skrifað á farmskírteinið» ábyrgist ekki leka, brot eða skemd«, eða annað því líkt, og áskilið sjer með því að vera úr ábyrgð þeirri, sem 147. gr. til tekur. Slíkur fyrirvari leysir hann þó ekki úr ábyrgð, ef ætla má, að skemd eða rýrnun yrði með þeim hætti, að útgerðarmenn ábyrgist hana eftir 147. gr.

152. gr.

Ef góss er flutt á skip og glögt verður sjeð, að spilt er eða óhæfilega um búið, er skipstjóra skylt að geta þess berum orðum í farmskírteininu. Nú vanrækir hann þetta, og ábyrgist hann þá hvorttveggja gagnvart viðtakanda, þótt hafður sje í farmskírteininu fyrirvari, slíkur sem 151. gr. getur.

153. gr.

Nú kemur skip til affermingarstaðar og má gruna af líkindum, að farmur sje spiltur eða glataður af, og er viðtakanda þá heimilt að láta fram fara skoðunargerð, og skal henni fylgja álitsgerð um það, hver orsök var til, ef það reynist, að spilst hefur varan.

Nú hefur viðtakandi látið fá sjer í hendur farminn og ekki látið skoðunargerð fara fram áður, og vill síðar kæra ásigkomulag hans, og skal hann þá áður næsti virkur dagur sje liðinn krefjast, að skoðunargerð fari fram sem fyrst. Nú vanrækir hann það, og getur hann þá ekki krafist skaðabóta nema það sannist, að skemdin eða rýrnunin sje orðin við svik, hirðuleysi eða gáleysi útgerðarmanns eða þeirra manna einhverra, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

154. gr.

Þá er greiða skal bætur eftir 147. gr. fyrir skemdan farm eða týndan, eða farmflytjandi skal bæta vöru, sem seld var í ferðinni til skipsþarfa eftir heimild 54. gr., skal meta bæturnar eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.

155. gr.

Ef skipstjóri tekur farm á skip og hefur ekki samið um farmgjald, hve mikið skuli vera, skal greiða það gjald svo sem alment var á fermingarstaðnum þá er honn tók farm. Nú var samið um farmgjald en meira fermt af góssinu en um var samið, og skal þá gjalda fyrir það, sem meira var, að rjettri tiltölu við hitt, sem um var samið.

156. gr.

Ekki skal greiða farmgjald fyrir það góss, sem kemur ekki til skila við ferðarlok, nema það hafi farist sakir ásigkomulags þess sjálfs (sbr. 147. gr.) eða af ónógum umbúnaði, eða sakir annarar yfirsjónar eða hirðuleysis sendanda, eða það hafi verið selt í ferðinni fyrir hönd eiganda þess.

Ef greitt er farmgjald fyrirfram fyrir góss, sem ekki skal gjalda fyrir, eftir því sem nú var sagt, má heimta það aftur, nema annað sje áskilið.

157. gr.

Ef ílát hefur lekið meiri hlut lagar, er rjett, að viðtakandi láti það, sem eftir er, vera farmgjald vörunnar. Heimild þessi nær til hvers íláts um sig, en neyta skal þeirrar heimildar áður viðtakandi taki við ílátinu, og ekki nær hún til þess, ef varan kom á skip í lömuðu eða óhæfu íláti og skipstjóri gat þess sjerstaklega á farmskírteininu, sbr. 152. gr.

158. gr.

Farmflytjandi greiðir allan ferðarkostnað og gjöld frá því er við farmi er tekið og til þess hann var af hendi seldur á ætlunarstað; skipsgjöld, sóttkvíunarkostnaður, dráttargjald og annað þess kyns taka þannig ekki til farmsendara.

159. gr.

Nú tekur viðtakandi við farminum, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjald og annað það, sem skipstjóri getur krafist greiðslu á eftir farmskírteini eða öðru því skjali, sem segir fyrir um afgreiðslu farmsins til viðtakanda.

160. gr.

Ekki er skipstjóri skyldur til að láta farminn af hendi fyrri en viðtakandi greiðir eða tryggir í geymslu það, sem honum er skylt að greiða eftir 159. gr., svo og bætur fyrir aukabiðdaga eða aðrar affermingartafir, sjótjónsframlög og annað það gjald, sem á vörunni liggur, sbr. 244. gr. Þá er farmurinn er af hendi greiddur, getur skipstjóri kallað til geymslufjárins, þó að áskildri heimild viðtakanda til að sjá sjer borgið með kyrsetningu eða lögbanni, ef ósamþykki kemur upp. Nú er ekki kveðið á um sætjónsframlag, hversu mikið skuli vera, og má þá ekki halda farmi eftir af þeim sökum, ef viðtakandi setur trygging fyrir.

Ákvæði þessarar greinar gilda og, er krafist er affermingar á góssi á fermingarstað eða viðkomustöðum.

161. gr.

Ef maður, sem farmur er ætlaður, skorast undan að taka við honum, eða viðtakandi er ókunnur eða finst ekki, skal skipstjóri skýra sendanda frá því, þegar er hann má. Nú segir enginn löglegur viðtakandi til sín svo fljótt, að góssið geti orðið affermt fyrir lok aukabiðdaga, eða fyrir lok þess tíma, sem skipstjóri kveður á eftir 143. gr., ef það var stykkjagóss, og skal þá skipstjóri færa vöruna á land og fá til varðveislu svo óhult sje. Nú vanrækir viðtakandi að gegna skyldum sínum eftir fyrirmælum 160. gr. eða tefur svo afferming, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er þá skipstjóra heimilt að afferma og fela vöruna til varðveislu svo sem sagt var.

Þá er farmur er falinn þannig til geymslu, skal skipstjóri skýra frá því þeim, sem hann var ætlaður. Sje viðtakandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal skýrt frá því svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Nú dvelst skipi, lengur en aukabiðdagar endast, við það að fá góssi varðveislu, eða því dvelst á annan hátt svo að skipið verður ekki sakað um, og getur hann þá krafist fullra bóta fyrir, ekki minni en aukabiðdagar væri.

162. gr.

Þá er góss er látið til varðveislu, svo sem 145. og 161. gr. ræða um, er skipstjóra heimilt að láta selja við opinbert uppboð svo mikið af því, sem þarf til að fullnægja kröfum þeim, sem 160. gr. getur um, svo og til greiðslu tolla og kostnaðar.

163. gr.

Eftir það er skipstjóri hefur fengið farminn í hendur viðtakanda, á skipstjóri enga kröfu á hönd farmsendara um það fje, sem viðtakanda var skylt að greiða; þó er rjett, að hann sæki farmsendara um þá upphæð, sem hann mundi vinna honum úr hendi, ef allar kröfur fjelli niður. Ef góssið er ekki selt af hendi og kröfum skipstjóra ekki fullnægt með sölu þess, ábyrgist farmsendari það, sem á skortir.

164. gr.

Heimilt er öllum aðilum að rifta farmsamningi ábyrgðarlaust meðan skip hefir ekki látið út af þeim stað, þar sem ferð skyldi hefja,
ef ófriður kemur upp, svo að skip eða farmur eigi ekki frjálsa ferð,
eða farbann er lagt á skip,
eða fráfararhöfn eða ætlunarhöfn er herkvíuð eða flutningur góssins óheimilaður frá fararhöfn eða aðflutningur á ætlunarhöfn, eða ferð skipsins eða flutningur góssins sætir tálmun af nokkrum öðrum ráðstöfunum yfirvalda.

Ef slík tálmun tekur að eins til nokkurs hluta af farmi sendanda, er honum ekki heimilt að rifta samningi nema hann greiði farmgjald eftir reglum 131. og 134. gr.; sje samningi ekki riftað, má afferma aftur á kostnað sendanda þeirri vöru, sem tálmuninni sætir og áður var á skip færð. Nú segir farmsendari til áður aukabiðdagar sje á enda, að hann ætli að senda aðra vöru, og er skipstjóri þá skyldur til að taka við henni, ef hún er látin til tafarlaust og ekki er óhægra að flytja hana á skipi, en skyldur er farmsendari til að greiða kostnað allan, sem af því leiðir, og svo skaðabætur eftir 127. gr., ef töf verður lengri en aukabiðdagar. Ef fleiri menn eru farmsendarar en einn, má töfin ekki lengjast af þessum sökum umfram aukabiðdaga, nema allir farmsendarar samþykki.

Nú eru farmsendarar fleiri en einn og samningi er rift við einn þeirra eða fleiri sakir tálmana á flutningi vöru þeirra, og er þá skipstjóra heimilt að rifta samningi við aðra farmsendara, ef það farmgjald, sem hann mundi fá fyrir ferðina, verður minna en helmingur þess farmgjalds alls, sem til var tekið.

165. gr.

Nú ferst skip á ferð, eða verður dæmt óbætandi, og er þá slitið farmsamningi; þó er skipstjóra skylt á kostnað farmeiganda að gera hagkvæmar ráðstafanir um farminn, svo sem fyrir er mælt í 62. gr.

Þá er svo ber að, skal greiða farmgjald eftir vegalengd, svo að goldið sje fyrir þá leið, sem farin var, að sömu tiltölu, sem sú leið var mót allri ferðinni þó svo, að þess sje gætt, hve miklum tíma var til varið og svo sjerstakra erfiðleika, sem á voru og kostnaðar, að rjettri tiltölu við sjerstakan kostnað og erfiðleika á því, sem ólarið var. Ef aðilar geta ekki orðið ásáttir um það, hvert farmgjald skal greiða, getur hver þeirra heimtað, að úr sje skorið með lögmætu mati.

Heimilt er eigendum að láta góssið koma fyrir vegalengdarfarmgjaldið, ef þeir kjósa það heldur.

166. gr.

Nú ber að slíka tálmun, sem 164. gr. ræðir um, eftir það er skip fór burt þaðan, sem ferð var hafin, og er hverjum aðila þá og heimilt að rifta samningi, en greiða skal þá farmsendari vegalengdarfarmgjaldið eftir fyrirmælum 165. gr. Ef rift er samningi, skal skipstjóri á kostnað eiganda annast svo um farminn sem 62. gr. mælir fyrir.

Nú tefur slík tálmun skipið á fermingarstaðnum eftir að það hefir tekið þar farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá þeim kostnaði af töfinni, sem á kom, til þess er samningi var slitið, skift niður á skip, farmgjald og farm, eftir því, sem mælt er fyrir um sameiginlegt sætjón.

167. gr.

Ef farmsamningi er riftað af þeim sökum, sem 164. gr. ræðir um, og verður því að afferma vöruna, er farmsendari skyldur til að greiða allan kostnað, sem af því leiðir, ef tálmunin á efndum samningsins snertir farminn einan saman. Nú snertir tálmunin einnig skipið eða það eitt saman, eða skipstjóri hefir neytt heimildar sinnar eftir síðasta lið 164. gr. til að segja sundur samningum, og fer þá um það eftir hinu almenna ákvæði í 141. gr.

168. gr.

Nú tefur eitthvað skipið á fermingarstað eða síðar á viðkomustað á ferðinni og ætla má, að sú töf muni nokkuð lengjast, og er þá farmsendara heimilt að láta afferma vöru sína í bráð, ef hann fær til trygging fyrir greiðslu krafa þeirra, sem 160. gr. skyldar hann til, ef varan kemur ekki aftur á skipið í tæka tíð, þegar skipstjóri segir til. Ef fleiri eru farmsendarar getur enginn þeirra krafist, að vara hans sje affermd, nema hinir leyfi, ef sú afferming skaðar þá.

169. gr.

Nú leitar skip hafnar í nauð sakir bilunar, og talið er víst, að farmurinn spillist allur eða að miklum hluta við þá dvöl, sem umbót skipsins krefur, og er þá farmsendara heimilt að rifta samningi og ráða vöru sinni, ef hann greiðir farmgjald eftir vegalengd, sem talin sje eftir fyrirmælum 165. gr. Þó nær þessi heimild ekki til farmsendara ef fleiri eru en einn, og einhver þeirra krefst, að fram sje haldið ferðinni.

170. gr.

Nú eru einstök eintök farmskírteinis framseld ýmsum mönnum, og veitir þá það eintak bestan rjett, sem framseljandi sendi fyrst eða seldi af hendi, ef handhafa er heimilt að krefjast þess eftir annari málsgrein 139. gr., að sjer sje fengin varan. Þó taka þessi ákvæði ekki til þess, ef eintökin eru tölusett eftir fyrirmælum 138. gr., því að þá gengur sá handhafi fyrir, sem eintak hefur með lægstri tölu. En nú er vara affermd og hún fengin löglega í hendur öðrum manni, og er hann þá ekki skyldur til að selja hana aftur af hendi, nema það sannist, að hann vissi, að kaup hans á farmskírteininu var ólögmætt, eða hann sýndi þar stórkostlegt gáleysi.

171. gr.

Rjettur sá, sem seljandi kann að eiga að lögum til að hefta afhending á góssi til kaupanda, er hann getur ekki greitt andvirðið eða fullnægir ekki skyldum þeim, er kaupin gerðu honum, fellur ekki niður, þótt kaupandi hafi fengið farmskírteinið í hendur.

Ef kaupandi hefur framselt öðrum manni farmskírteinið, á seljandi ekki þenna rjett gagnvart þeim manni, nema í skírteininu hafi staðið bann gegn framsali, eða það sannist, að handhafi skírteinisins hafi þekt málavexti, er hann fjekk það, eða sýnt stórkostlegt gáleysi.

172. gr.

Ef farmskírteini glatast, má fá það ónýtt með dómi á þeim stað, þar sem láta skyldi af hendi vöruna. Sá, sem ónýtingar æskir, skal senda beiðni um hana til dómanda og geri þar grein fyrir, hversu hann eignaðist hið glataða skírteini og lýsi því, að hann ljet það ekki af hendi til annara manna og bjóða eið sinn á. Ef veitt er beiðni hans, nefnir dómari til stefnufrest, og má hann ekki vera skemri en 12 vikur og ekki lengri en 1 ár. Stefnuna skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og sje ekki skemra milli hverra birtinga en ein vika.

Heimilt er manni að krefjast þess, að vara sú sje seld honum í hendur, sem farmskírteinið til tekur, ef hann fær til trygging og stefnan hefur verið löglega birt; en þangað til það er gert, þarf hann til þess sjerstakan úrskurð dómara.

173. gr.

Ef maður hefir farmskírteini í höndum og hefir fengið það svo sem 139. gr. segir, er hann ekki skyldur til að láta það af hendi við þann, sem mist hefur, nema það sannist, að hann hafi þekt málavexti er kaup fór fram, eða sýnt í því kaupi stórkostlegt gáleysi.

174. gr.

Nú er farsamningur ger um flutning á tilteknum manni og hann getur ekki farið af stað sakir sjúkleiks, eða annarar tálmunar, eða hann er dáinn, og skal þá að eins greiða hálft fargjald, ef sagt var til forfalla áður skipið hjelt af stað. Ella gjaldi maður það far fullu verði, er hann áskildi sjer, þótt hann geti ekki farið.

175. gr.

Slitið er farsamningi farþega, þegar skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða nokkura aðra tálmun ber að, þá er ræðir um í 164. gr., og á þar hvorugur aðila bótakröfur á annan. Ef ferð var hafin, er farþegi þó skyldur til að greiða gjald fyrir þann hluta leiðar, sem farinn var, og fer um það eftir fyrirmælum 165. gr.

176. gr.

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um reglu og góða háttsemi á skipi. Ákvæði 86. gr. taka og til þeirra.

177. gr.

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um skaðabætur fyrir týnt góss eða skemt, nær og til ábyrgðar á því góssi, sem farþegar hafa með sjer og fengið er skipstjóra í hendur eða þeim manni, sem settur er til að veita viðtöku góssi manna.

178. gr.

Heimilt er skipstjóra að halda góssi farþega til þess er fargjald er greitt og andvirði þess, er farþegi hefur neytt á skipi á ferðinni. Skipstjóri á og auk þess sama rjett á þessu góssi sem 160.—162. gr. veita honum á annari vöru, þeirri sem ekki er greitt farmgjald fyrir.

## Sjöundi kapítuli.

### Um sjólán (bodmeri).

179. gr.

Þá er skipstjóri tekur peninga að láni í neyð til framhalds ferð sinni eða til bjargar farminum eða til að koma honum áleiðis og leggur skipið að veði fyrir láninu, farmgjald eða farm, með þeim hætti, sem hjer verður sagt, þá á lánsali að eins aðgang að hinum veðlögðu fjemunum að lokinni ferð, en í þeim á hann sjóveðrjett eftir 11. kapítula þessara laga.

180. gr.

Sjólán má taka gegn veði í skipi, farmgjaldi og farmi eða einu þeirra eða fleiru. Ef tekið er lán til greiðslu kostnaði á farminum einum, má veðleggja hann sjerstaklega, en fyrir öðrum kostnaði má ekki leggja farm að veði, nema ásamt skipi og farmgjaldi. Ef saman er veðlagt skip og farmur, er farmgjald og talið til veðsins, en ella að eins þar, sem það er sjerstaklega tekið til.

Nú er eitthvað af fjemunum þessum sjólánsveðlagt fyrir tilkostnaði, sem ekki snertir það veð sjálft, og lánsali leitar sjer lúkningar í veðinu, og getur þá eigandi veðsins aftur leitað sjer bóta fyrir missi sinn í þeim fjemunum, sem kostnaðurinn varð á, og á hann þá sömu heimild á þeim sem væri þeir sjólánsveð honum til handa.

181. gr.

Áður skipstjóri tekur sjólán, skal hann gera skýra grein fyrir þeim atvikum, sem neyddu hann til lántökunnar, og gera það með þeim hætti, sem 46. gr. ræðir um, ef hann má því við koma, en ella með yfirlýsingum konsúls eða annara yfirvalda.

182. gr.

Þá er sjólán er tekið, skal um það gera brjef. Það er því að eins lögmætt sjólánsbrjef, að í því standi:

1. Nafnið sjólánsbrjef eða önnur orð, sem skýra frá, að samningurinn sje gerður um sjólán.
2. Nafn lánsala.
3. Stærð veðskuldarinnar (lánsfje og tilgjöf).
4. Tilgreining hinna veðbundnu hluta.
5. Nafn skipsins.
6. Tilgreining ferðarinnar, sem lán er fengið til (sjólánsferð).
7. Nafn skipstjóra undirritað og tiltekinn staður og dagur.

183. gr.

Gera skal af sjólánsbrjefi fleiri eintök en eitt, ef lánsali vill; öll skulu eintökin vera samhljóða og taka til hversu mörg eintök gerð voru.

Nú er sjólánsbrjef framselt, og heftir það ekki andmæli gegn því, að lögmæt skilyrði sjeu fyrir sjólánstöku.

184. gr.

Sjótjónsframlög skulu greidd af hinum sjólánsveðlögðu fjemunum, án þess að sjólánsveðskuldin minki við það; en vinnist fjemunirnir við það ekki til fullrar greiðslu á veðskuldinni, skal sjólánssali bera hallann.

185. gr.

Skyldur er skipstjóri að annast um varðveislu og björgun hinna veðlögðu eigna. Ekki skal hann nema í ítrustu nauðsyn hafast neitt það að, sem stofnað geti þeim í annan nje meiri háska en þann, sem lánsali gat búist við eftir veðbrjefinu. Verði skipstjóra á í því, ábyrgist hann skaða þann, er af hlýtst.

Nú breytir hann að nauðsynjalausu ferð sinni, þeirri sem sjólánsveðbrjefið til tók, og án þess að gagnsmunir lánsala krefjist þess, eða hann víkur af venjulegri leið og ekki til að bjarga mönnum í sjávarháska, eða hann stofnar hinum veðlögðu fjemunum í nýja hættu eftir það er ferðinni var lokið, og reynist þeir eftir það ónógir til lúkningar sjólánsskuldinni, og ábyrgist skipstjóri þá það, sem á skortir, nema það sannist, að skaði hefði þó á orðið, þótt skipstjóri hefði gætt als þess, er honum var skylt.

186. gr.

Sje ekki annað tilskilið, skal gjalda sjólánsskuld á þeim stað, þar sem sú sjólánsferð er á enda eftir samningnum og er gjalddagi sjöunda daginn eftir það er skipið kom þangað, og án frestdaga.

Ef ferð endar áður skipið kom á ætlunarstað þann, sem sjólánsveðbrjefið til tekur, þá skal gjalddagi vera á láninu sjöunda daginn frá því, er ferð var lokið, og greiðast á þeim stað, þar sem henni lauk. Skylt er skipstjóra að skýra lánsala þegar frá breytingu þeirri, sem á er orðin. Nú voru önnur efni til breytingarinnar en þau, sem getið er í 164. og 165. gr., og getur þá lánsali krafist bóta fyrir þann kostnað, sem hann hafði af breytingunni.

187. gr.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga, og fæst ekki greiðsla á, og er þá lánsala heimilt að krefjast vaxta, 6 af hndr. á ári bæði af lánsfje og tilgjöf.

Ef tilgjöf var ákveðin eftir tímalengd, skal tími aðeins talinn til gjalddaga.

188. gr.

Þegar gjalddagi er kominn, má krefja skuldarinnar, eftir einu eintaki af sjólánsbrjefinu, gegn því, að selja það eintak af hendi með áritaðri kvittun. Nú segja til sín fleiri handhafar en einn, og krefjast þeir greiðslu, og skal þá engum þeirra greiða, en skipstjóri skal fela greiðslufjeð í trygga varðveislu og skýra frá því rjettum aðilum.

Ekki má skipstjóri greiða þá skuld fyrir gjalddaga, nema fram komi öll eintök sjólánsbrjefsins.

189. gr.

Nú er kominn gjalddagi á sjóláni, og er veðbrjefið þá ekki á þeim stað, þar sem greiða skal veðskuldina (sbr. 186. gr.), og er þá skipstjóra heimilt að fela skuldafjeð í örugga varðveislu, og leysa með því veðið. Nú felur skipstjóri fjeð til varðveislu, og er hann þá skyldur til að skýra lánsala frá því tafarlaust.

190. gr.

Þegar er skipið er komið á ætlunarstað sinn, þann sem sjólánsveðbrjefið nefnir til, eða þegar fullráðið er, að ferðin skuli enda á öðrum stað, getur kröfuhafi látið leggja löghald á hina veðlögðu eign, þótt skuldin sje þá ekki komin í gjalddaga. Ekki er þörf að reka löghaldsmál til staðfestingar haldinu, en ónýtt skal það löghald ávalt 8 dögum eftir gjalddaga.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga og er þá ekki greidd, og er þá kröfuhafa þegar heimilt að láta gera fjárnám í veðfjenu, án dóms og laga, til lúkningar skuld sinni og selja veðið því næst á opinberu uppboði. Þegar ætla má, að veðlagður farmur spillist ef hann er geymdur lengi, má beiðast úrskurðar fógeta um það, að halda skuli uppboðið sem fyrst. Þó má ekki boða það með skemri fyrirvara en eins dags. Nú er sjólánsveðbrjefinu mótmælt við fjárnámsgjörðina og talið fals í, eða mótmælt lögmæti kröfunnar, eða annar maður telst hafa lögmætara tilkall til veðsins, og getur þá dómarinn synjað um fjárnámsgjörðina, nema lánsali fái tryggíng fyrir.

191. gr.

Ef hætt var við sjólánsferðina áður af stað væri farið, er lánið þegar komið í gjalddaga á þeim stað, er farið skyldi frá, og greiði þá lánþegi 5 af hndr. á ári í vöxtu af höfuðstólnum og 3 af hndr. í ómakslaun í stað tilgjafar. Nú ljet skip út, og skal þá greiða hina áskildu tilgjöf þó að síðar sje hætt við ferðina.

## Attundi kapituli.

### Um sjótjón.

192. gr.

Til sameiginlegs sjótjóns (groshavari) teljast hver þau spjöll, sem gerð eru með vilja á skipi eða farmi með þeirri fyrirætlan, að bjarga hvorutveggja úr yfirvofandi háska, svo og sjerhvað, sem lagt er í sölurnar með þeirri fyrirætlan; enn fremur skaði sá og kostnaður, sem var samfara slíkum viðbúnaði eða leiddi beinlínis af honum. Sameiginlegu sjótjóni skal jafna niður á skip, farmgjald og farm að rjettri tiltölu við verðmæti þeirra, og sje það ákveðið eftir fyrirmælum 212.—217. gr.

193. gr.

Þetta skal einkanlega bæta sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss og skipsbúnað allan, sem varpað er fyrir borð til að ljetta skip í sjávarháska eða til að forðast fjandmenn eða sjóræningja, svo og góss og búnað þann, er skolast útbyrðis við það að út er varpað, svo og annað það tjón, sem af því leiddi að varpað var út, eða af þeim viðbúnaði, sem hafa þurfti til þess.
2. Siglu, segl eða annan reiða, sem höggvinn er, akkeri og festi, sem laust er látið, svo og það tjón, sem af því leiðir, að af var höggvið eða laust látið, ef það var lagt í sölurnar til bjargar bæði skipi og farmi úr háska, svo sem að forða skipbroti eða árekstri.
3. Tjón, sem verður á skipi eða farmi við það, að verjast eldshættu eða slökkva eld, til að ná vatni í dælurnar eða veita burt ágjöf.
4. Það, sem kostað var til að fá hjálp í háska til að bjarga bæði skipi og farmi frá voða, svo og það tjón, sem skip eða farmur sætir af þeim skipum, sem kvödd voru hjálpar.
5. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að skipinu er hleypt með vilja á grynningar til að forða báðum við meira tjóni, og þó einungis að því leyti, sem kalla má, að slíkt væri lagt í sölurnar.
6. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að ná skipi af grynningum, og sjá borgið skipi og farmi, svo og þann kostnað, sem af því verður. Nú verður ferð ekki haldið áfram af því skipið næst ekki af grynningum, eða af því að það hefur verið dæmt óbætandi, og er þá talinn með sameiginlegu sjótjóni sá einn skaði, sem orðinn var áður augljóst yrði, að ferðinni varð ekki haldið áfram og kostnaður sá, sem þá var á kominn.
7. Kostnaður, sem á því varð að leita hafnar í neyð til bjargar skipi og farmi, svo sem þá er skip varð ósjófært á ferð, eða því og farminum er búinn auðsær háski af því að halda ferðinni áfram, sakir þess, að ófriður er hafinn, eða ísrek ber skjótlega að hendi.

Kostnaður sá, sem af þessu leiðir og telja ber til sameiginlegs sjótjóns, er þetta einkanlega: Hafnsögugjald, vitagjald, merkjagjald og hafnargjald, svo og annar kostnaður af töf skips í neyðarhöfn; kostnaður á affermingu farms, geymslu, endurfermingu og búlkun, ef affermt var til að

koma skipinu í lægi, eða afferma varð af sömu sökum og þeim, sem knúðu skipið til að leita hafnar, svo og fæðispeningar og mánaðarkaup skipstjóra og skipshafnar þann tíma, sem skipið hlýtur að liggja í neyðarhöfn af þeim sökum, sem knúðu það til að leita þangað, og þó einungis að svo miklu leyti sem ekki mátti spara sjer kostnað með því að leysa skipverja úr vist. Nú lengist dvöl skips í neyðarhöfn af öðrum sökum, svo sem þá er ís meinar að halda ferð áfram eða veðurfar, eða aðgerð skips dregst að nauðsynjalausu, og skal þá ekki telja með sameiginlegu sjótjóni fæði og mánaðarkaup þann tíma, sem dvölin lengist af þeim sökum. Nú er ferðinni lokið í neyðarhöfninni, og skal þá til sameiginlegs sjótjóns talinn kostnaðurinn að eins til þess tíma er fastráðið var, að ferðin skyldi enda þar.

Ekki skal telja til sameiginlegs sjótjóns skaða af rýrnun, leka íláta, eða skemdum á farmi, sem urðu við dvöl skipsins í neyðarhöfninni, nje heldur kostnað á því, að verjast þess háttar sköðum. Skemdir, sem verða á farmi við ferming eða afferming í neyðarhöfn, skulu einungis þá taldar með sameiginlegu sjótjóni, þegar þær stafa af því, að ferming eða afferming varð að fara fram á uppskipunarbátum eða með óvenjulegu móti.

Ekki er heldur talinn til sameiginlegs sjótjóns hin sjerstaki kostnaður í neyðarhöfn, sem verður við það, að farmurinn er sjálfur háskagóss.

Nú er bilun bætt til bráðabirgða í neyðarhöfn og hún telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, og skal þó endurgjalda þann kostnað, svo sem sameiginlegt sjótjón, ef komist varð við það hjá öðrum kostnaði, sem annars hlaut að verða og talist hefði með sameiginlegu sjótjóni.

8. Tjón það og skemdir, sem á farmi verða við það, að tekið er til hans í neyð til framkvæmdar ferðinni eða til bjargar skipi og farmi á annan hátt, svo og tjón og skemdir, sem urðu á skipsbúnaði við það að grípa til þess í nauð til einhvers annars en það var ætlað til frá upphafi.

Það, sem eytt er af kolabirgðum gufuskips og vjelanauðsynjum til þess að ná skipinu af grynningum og við dælingu, þá er skipið er lekt orðið, skal alt bæta sem sameiginlegt sjótjón, svo og það, sem eytt er til að flytja skipið, afferma það eða ferma á ný í neyðarhöfn, þá er kostnaður sá telst til sameiginlegs sjótjóns, en hitt skal ekki bæta, sem varið er til að leita inn til neyðarhafnar og láta aftur út þaðan, eða á annan veg er varið vegna lengingar ferðarinnar, þótt hún hafi leitt af sameiginlegu sjótjóni.

9. Tjón, sem með vilja er gert skipi eða farmi til að greiða fyrir vörn gegn fjandmönnum eða sjóræningjum, svo og tjón, sem varð meðan á vörninni stóð, hergögn öll, sem varið var til hennar, svo og góss og peningar, sem varið er til bjargar eða lausnar skipi og farmi.

10. Kostnaður af lækningu, hjúkrun og fæði þann tíma, sem lækning þeirra skipverja varir, sem mein hlutu af vörn móti óvinum eða sjóræningjum eða við framkvæmdir viðbúnaðar til að bjarga skipi og farmi, greftrunarkostnaður látinna manna og kostnaðarauki sá, sem verður við það, að ráða verður aðra menn í stað hinna særðu og dauðu.

11. Farmgjald, sem missist við sameiginlegt sjótjón.

12. Kostnaður og tjón, sem hlautst af því að afla nægra peninga til að greiða með úr sameiginlegu sjótjóni, einkanlega ómakslaun, vextir og ábyrgðar-

gjöld greiddra peninga, tilgjöf við neyðarlán, ef nauðsyn var á sjóláni, svo og tjón það, sem hlýtst af verðfalli vöru, sem seld er í neyðarhöfn til greiðslu á sjótjóninu.

13. Ómakslaun umboðsmanns, sem ráðinn var til framkvæmdar viðskiftum þeim, sem sjótjónið krafði.
14. Kostnaður, sem leiddi af sjóferðaskýrslu, skoðunargerð, álits- og matsgerð, svo og af að afla sannana, sem við þarf til að finna hvert sjótjónið var og hvernig því skal jafna niður, enn fremur kostnaður við reikning yfir það og niðurjöfnun.

194. gr.

Ekki skal telja með sameiginlegu sjótjóni þann skaða, sem verður af slysum, meðan framkvæmdur er sá viðbúnaður, sem hafður er til bjargar skipi og farmi, jafnvel þótt það forði sameiginlegu sjótjóni; ekki þann skaða heldur, sem af hendingu eða óbeinlínis snertir slíkan viðbúnað.

Eigi skal því bæta sem sameiginlegt sjótjón stöng, sem vindur braut, meðan verið var að höggva siglu, þótt brotið verði til þess, að ekki þarf að höggva sigluna; ekki heldur skemdir á skipi og farmi, af stormi, eldi, þjófnaði eða öðru, sem að ber meðan skipið dvelur í neyðarhöfn; ekki heldur fjártjón, sem stafar af því, að farmi varð ekki skilað í tæka tíð sakir sjótjónsins; ekki heldur aukin iðgjöld vátryggingar á skipinu nje tjón af því, að skipið misti væntanlegs farmgjalds sakir tafar, sem sjótjónið olli.

195. gr.

Þetta er ekki bætt sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss, sem látið er á skip án vitundar skipstjóra, svo og peningar, verðbrjef og dýrgripir, ef þeir voru ekki nægilega einkendir eftir fyrirmælum 148. gr.
2. Farmur á þilfari, þótt varpað sje útbyrðis, nje tjón á slíkum farmi, sem varð við það, að út var rutt, eða við annan viðbúnað, sem hafður var í sjávarháska, til bjargar skipi og farmi, nema varpað hafi verið út til ljettis skipi, eftir að það kom á grynningar.

   Með farmi á þiljum er ekki talið það góss eitt, sem hlaðið er á opið þilfar eða í báta skips, eða haft utan borðs, en til þess farms telst einnig það góss, sem hlaðið er í þau þakskýli á þilfari, sem ekki eru feld inn í bandakerfi skips, eða veita nægilega trygging með öðru móti fyrir því, að sjór skaði þar ekki góss nje taki út.
3. Skemdir, sem við slíkan viðbúnað, sem getið var, verða á skipsmunum, sem lágu á þilfari og voru þar ekki á sínum stað.
4. Skemdir af ofsiglingu, þótt gerð sje til að forðast skipbrot, fjandmenn eða sjóræningja; tjón á seglum eða á kötlum gufuskips og vjel, nema skemdin verði við tilraun til að ná skipinu af grynningum; svo og skemdir á skipsdælum, er verður við austur skipsins.
5. Tjón, sem hlýtst af því, að sigla er höggvin, sigluviðir eða önnur áhöld, sem brotnað hafa áður við einkasjótjón, þótt nauðsyn beri til að höggva þau þá, til að forðast háska, sem skipi er búinn og farmi.
6. Tjón á farmi, sem kviknað hefur í af sjálfu sjer, eða hiti er í og tjónið

verður við það, að honum er varpað útbyrðis, eða steypt er á hann vatni eða aðrar tilraunir gerðar til að slökkva í honum, svo og tjón af eldi, hvernig sem hann kemur upp í skipi, og þær skemdir, sem við slíka athöfn verða á þeim hluta farmsins, sem eldur hafði gripið.

7. Kostnaður, sem leiðir af því, að skip varð að leita neyðarhafnar sakir skorts á vistabirgðum eður ferðanauðsynjum eða vegna ístálmunar eða annars, sem veðurátta var sök í.

196. gr.

Jafna skal niður sjótjónsbyrðinni fyrir því, þótt einstakur maður sje sök í þeim háska, sem tjóninu olli, en ekki getur sá maður krafist bóta fyrir missi þann, sem hann varð fyrir sjálfur. Ef skipstjóri er sök í háskanum eða annar sá maður, sem útgerðarmenn ábyrgjast eftir 13. gr., eiga þeir og ekki bætur fyrir skaða sinn.

Nú hefur skipstjóra, eða öðrum þeim manni á skipinu, sem eftir stöðu sinni gekk í stað skipstjóra, yfirsjest, er meta skyldi, hversu háskanum var háttað eða hversu honum skyldi verjast, og heftir það þá ekki niðurjöfnun sjótjónsins; en ekki getur útgerðarmaður þá heimtað sjer bættan þann skaða, sem hann beið, nema yfirsjónina megi telja afsakanlega, svo sem efni voru til.

Sá, sem missir rjett sinn til bóta af þessum sökum eða varð að greiða sjótjónsframlag sakir yfirsjónar annars manns, getur heimtað bætur af þeim, sem ábyrgð hefur á yfirsjóninni.

197. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt það, sem lagt var í sölurnar, yrði ekki að því gagni, sem ætlað var.

198. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt lagt sje í sölurnar skipið alt eða farmurinn allur, nje heldur það, þótt eftir slysið sje einungis bjargað einhverju af öðru hvoru einu saman, skipi eða farmi.

199. gr.

Þá er eitthvað verður að leggja í sölurnar, er skipstjóra skylt að annast um, að skaðinn verði ekki meiri en vera þarf. Ef varpað er fyrir borð af farmi eða skipsmunum, skal varpa ef unt er fyrst því, sem þyngst er og verðminst, fremur en hinu, sem ljettara er og dýrara.

Ef skipstjóri hefur ófyrirsynju gert skaðann meiri en þörf krafði, skal um það farið eftir fyrirmælum 196. gr.

200. gr.

Skylt er skipstjóra, ef atvik leyfa, að kalla til ráðs við sig þá menn, sem best skyn bera á og reyndastir eru af skipverjum, áður hann aðhafist nokkuð það, sem valda megi niðurjöfnun sjótjóns. Skipstjóri skal rita skýrslu um þetta svo fljótt sem hann má í leiðarbókina, eða dagbókina, eða rita það á annan hátt, ef bækurnar vantar, svo það megi bera fram þegar sjóferðaskýrsla er gefin. Í skýrslunni skulu til greind öll atvik, sem máli geta skift

við mat og niðurjöfnun sjótjónsins, og einkanlega hver nauðsyn bar til að leggja það í sölurnar, sem gert var, og svo nákvæma skrá sem við má koma yfir það, sem í sölurnar var lagt, eða þá skýrt með öðru móti frá viðtæki tjónsins.

201. gr.

Tjón á skipi og skipsbúnaði skulu meta skynbærir menn og til þess skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr. og á þeim stað, þar sem skip er bætt, ef það er gert á ferðinni, en ella á endastað ferðar.

Það skal til tekið um hverja einstaka skemd, hve mikið muni kosta að bæta, og þurfi nýrra muna við í stað hinna spiltu, þá skal hvorttveggja til greina, hve dýrir verði hinir nýju og hvers virði sje hinir spiltu.

Skemd öll af elli, hrörnun og öðru síku skal greind frá þeirri skemd, sem af sjótjóninu stafar, og metin sjer.

202. gr.

Þá er ákveða skal, hve mikið sameiginlegt sjótjón á skipi og skipsbúnaði, hefir orðið, skal matsgerð ráða, ef skemd er eigi bætt, eða matsupphæðin er lægri en aðgerðarkostnaður reyndist; en aðgerðarkostnaður ræður, ef hann reynist lægri en matsupphæðin.

203. gr.

Þá er endurgjalda skal skemdir á járnskipi, skal bæta að fullu skemdir á skrokki skipsins, siglum og siglubúnaði af járni, ef skipið hefur ekki gengið 5 ár á sjó, þá er sjótjónið bar að, og sje talið frá því, er skipið ljet út í hina fyrstu ferð sína. Nú bar slysið að eftir þessi 5 ár, en áður skipið hafði verið í förum í 10 ár, og skal þá dreginn af $^1/_6$ hluti fyrir verðmun á hinu gamla og nýja og $^1/_3$ hluti, ef skipið hefur lengur verið í förum. Skemd á gufuvjel skal bæta að fullu, ef vjelin hefur ekki starfað 3 ár þá er slysið bar að; ef það varð síðar og þó áður vjelin hafði starfað 6 ár, skal dreginn af $^1/_6$ hluti og $^1/_3$ hluti, ef lengur var. Skemdir á siglu og siglubúnaði af trje svo og á reiða þeim, sem uppi er, skulu bættar að fullu, ef skipið hefur ekki verið eitt ár í förum og annar skaði, ef það hefur ekki verið missiri; beri tjónið síðar að, skal draga af $^1/_3$ hluta; þó skal bæta akkeri fullu, og af akkerisfesti skal draga einungis $^1/_6$ hluta.

Ef skipið er trjeskip, skal bæta að fullu skemdir á skrokki þess, ef það hefur ekki gengið 2 ár á sjó, þá er slysið bar að; ef það varð síðar, skal draga af $^1/_3$ hluta fyrir verðmun á gömlu og nýju. Aðrar skemdir skulu bættar svo sem fyr segir um járnskipin.

Af skaðabótatje því, sem svo er ákveðið, skal draga verð þeirra hluta, sem nýju voru bættir, eftir því, sem verð þeirra var gert í matsgerðinni, eða, ef á uppboði er selt, andvirðið að frádregnum kostnaði.

Ef leggja skal á skipið nýja málmhúð, skal svo meta skaðabætur, að draga skal málmvirði hinnar fornu húðar af kostnaði þeim, sem á því verður að leggja á nýja húð úr sama efni og jafnþunga hinni fornu húð, þá er hún var ný, og skal þá bæta afganginn, og sje þó af dreginn $^1/_{60}$ hluti, ef húðin var úr eir eða látúni (yellowmetal) og $^1/_{30}$, ef hún var úr sinki eða öðrum

málmi, fyrir hvern fullan mánuð, og sje talinn þrítugnættur, sem liðinn er frá því, er sú húð var á lögð, er bæta skal annari nýrri. Ef eirhúð eða látúns hefur verið meira en 5 ár í sjó eða húð af öðrum málmi meira en 2 ár og hálft, skal þær engu bæta.

204. gr.

Nú hefur skip farist með öllu við sameiginlegt sjótjón, eða laskast svo mjög, að það er dæmt óbætandi, og skal þá bæta það því verði, sem ætla má, að sannvirði þess væri þá er það fórst, og sje dreginn af verðinu ágóðinn af því, sem kann að hafa orðið bjargað.

205. gr.

Bætur fyrir góss, sem ferst við sameiginlegt sjótjón, skulu metnar eftir gangverði samkyns vöru á ætlunarstað skipsins við komu þess þangað, og komist það, sem eftir er af farmi skipsins ekki á ætlunarstað, skal metið eftir verðinu á þeim stað, þar sem endir var gerður á ferðinni, og skal þó af dregið farmgjald, tollur og annar kostnaður, sem eiganda sparast við það, að varan komst ekki á ætlunarstað hennar.

Verð vörunnar skal ákveðið með lögmætu mati, ef ekki er kostur að fá vitneskju um verð hennar með öðru móti.

Ef varan var seld í neyðarhöfn, má ávalt heimta bætur fyrir hana, að minsta kosti sem því verði nemur, sem hún var seld fyrir.

206. gr.

Ef farmur skemmist við sameiginlegt sjótjón, skulu ákveðnar svo miklar bætur, sem nema verðmun á vörunni óskemdri og skemdri; skal meta verð vörunnar sem óskemd væri, eins og fyrir er mælt í 205. gr., og sami frádráttur gerður sem þar segir; en verð hinnar skemdu vöru fer eftir söluverði hennar, ef hún var seld, áður en sjótjónsreikningi var lokið, ella skal verðið ákveðið með lögmætu mati.

207. gr.

Nú hafa vörur týnst eða spilst við sameiginlegt sjótjón og hafa þegar áður rýrnað að verðmæti við einkasjótjón, spilst af sjálfu sjer eða með öðru móti, eða vörur hafa skemst við sameiginlegt sjótjón og rýrnað síðan enn meira að verði við atburði, sem snertu ekki sjótjónið, og skal þá sú fjárupphæð, er samsvarar rýrnunni, dregin frá skaðabótum. Afdráttarfjeð skal ákveðið með lögmætu mati og skal þá einkanlega miðað við það tjón, sem aðrar vörur samkynja eða svipaðar hafa orðið fyrir við sömu atburði og af sömu sökum, en skemdust ekki við sjótjónið.

208. gr.

Við sameiginlegt sjótjón greiðast engar bætur fyrir vörur, sem ekki fylgir farmskírteini og ekki eru heldur fullnægjandi skýrslur um, að á skip kæmi, hvorki í farmskrá nje gósstökubók eða annarstaðar.

Bæta skal klæðnað og ferðanauðsynjar skipstjóra, skipshafnar og farþega, ef það vitnast, að mist sje við sjótjónið.

209. gr.

Farmgjald af vörum, sem farist hafa við sameiginlegt sjótjón, eða seldar hafa verið í neyðarhöfn, til þess að greiða sjótjónskostnað, skal bæta í sjótjónsreikningi með sömu fjárhæð, sem hefði átt að greiða undir þær, ef þær hefði verið í skipinu til ætlunarstaðar þeirra eða þangað, sem ferðin endar, ef ekki var farið alla leið. Af hinu mista farmgjaldi skal draga þann sjerstaka kostnað, sem kynni að hafa sparast útgerðarmanni við það, að vörunni var varið öðru til bjargar eða hún var seld.

210. gr.

Nú verða skemdir á einhverjum munum við sameiginlegt sjótjón og þeir ónýtast síðan eða skemmast við einkasjótjón, og falla þá niður bótakröfur að öllu eða nokkru fyrir þá muni, ef ætla má með vissu, að tjónið hefði að nokkru eða öllu hlotist af einkasjótjóninu síðar, þótt sameiginlega sjótjónið hefði ekki borið að.

Svo falla og niður eða lækka sjótjónsbætur, þegar ætla má með vissu, að munir þeir, sem fórust við sameiginlegt sjótjón, hefðu ónýtst eða spilst við einkasjótjón síðar, ef þeir hefðu enn þá verið á skipinu.

211. gr.

Nú hljótast skemdir sumpart af sameiginlegu sjótjóni og sumpart af einkasjótjóni og stafar kostnaður af hvorutveggja, og skal þá skifta skemdum og kostnaði milli þeirra eftir sanngjörnu mati.

212. gr.

Skip tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni:

1. eftir því verði, sem skynbærir menn skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr., meta tjónið við komu þess á þann stað, þar sem ferðin er á enda, og
2. eftir því fje, sem í sjótjónsreikningnum er gert í bætur fyrir skemdir á skipi, og þó einungis að því leyti, sem þær skemdir eru þá ekki bættar.

Ef gerðar hafa verið umbætur á skipi eftir það er sameiginlegt sjótjón bar að, eða ef gert hefur verið að skemdum, sem ekki urðu við sjótjónið, þá skal draga af matsverði skipsins svo mikið, sem virðingarverð umbótanna eða viðgerðarinnar nam.

213. gr.

Farmurinn tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni:

1. eftir verðmæti þeirrar vöru, sem á skipinu var þegar sjótjónið bar að og er á skipi við enda ferðar, og skal verðmætið ákveðið eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.,
2. eftir því fje, sem gert er í bætur fyrir góss, sem lagt var í sölur eða spiltist við sjótjónið í ferðinni, og
3. eftir því skaðabótafje, sem farmeigandi fær af útgerðarmanni fyrir vörur, sem farist hafa eða skemst í ferðinni, eða seldar voru til skipsþarfa, sbr. 154. gr.

214. gr.

Farmgjaldið tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni:

1. eftir helmingi þess farmgjalds, er greiða bar við ferðarlok

2. eftir helmingi skaðabóta þeirra, sem gerðar eru í sjótjónsreikningnum fyrir mist farmgjald.

Ef ekki er tilskilið neitt ákveðið farmgjald, skal það talið eftir fyrirmælum 155. gr.

215. gr.

Ef farmgjald er greitt fyrir fram, þannig, að það skuli ekki endurgreiða, þótt ekki verði unnið til neins farmgjalds sökum slysa, þá eru útgerðarmenn ekki skyldir til að taka þátt í sameiginlegu sjótjóni, að því er nemur því fje.

216. gr.

Af því framlöguskyldu fje, sem ákveðið er eftir fyrirmælum 212.—215. gr., skal draga bæði framlög til sameiginlegs sjótjóns, sem síðar kann að hafa orðið í ferðinni, svo og kostnað, sem á kann að hafa fallið við björgun eða verndun hinna framlöguskyldu fjemuna, ef sá kostnaður skal ekki endurgoldinn sem sameiginlegt sjótjón.

217. gr.

Þetta er undanþegið bótaframlögum við sameiginlegt sjótjón:

1. Vistir, kol og aðrar vjelanauðsynjar og hernaðargögn,
2. kaup skipstjóra og skipshafnar, og
3. klæðnaður og ferðanauðsynjar allra manna á skipinu og það, sem þeir bera á sjer.

Nú voru munir þeir einhverjir lagðir í sölurnar við sameiginlegt sjótjón, sem taldir voru til 3. liðar, eða þeir spiltust, og skal þá eigandi taka þátt í niðurjöfnun tjónsins með því fje, sem hann fjekk í bætur fyrir þessa muni í sjótjónsreikningnum.

218. gr.

Fullnaðarmat og niðurjöfnun skaðans, sem varð við sameiginlegt sjótjón, fer fram á þeim stað, þar sem skip og farmur skilja, og eftir því, sem á þeim stað eru lög.

Úrslitareikninga sjótjóns annast hjer á landi 2 menn kvaddir til þess af hlutaðeigandi dómara fyrir rjetti. Dómstólarnir dæma ágreining um rjettmæti sjótjónsreikninga.

219. gr.

Skylt er skipstjóra að annast um alt, er þörf krefur til þess að sjótjónsniðurjöfnunin geti farið fram, og má ekki draga það að nauðsynjalausu.

Hver sá, sem sjótjónið snertir, er skyldur til að sínu leyti að láta í tje allar skýrslur þær og sönnunargögn, sem hinir dómkvöddu niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf.

220. gr.

Nú koma síðar fram fjemunir þeir, er talið var við niðurjöfnunina, að farist hefðu við sameiginlegt sjótjón, eða sá, sem tjóni olli, bætir síðar eitthvað af þeim skaða, sem talin var til sjótjóns, og skal þá gera breyting með aukaniðurjöfnun á allri niðurjöfnun sjótjónsins. En ekki má fresta úrslitagerð sjótjóns af þeim sökum einum, að líkindi gætu verið til að fá aftur fjemuni, sem lagðir voru í sölurnar, eða skaða bættan, sem á varð.

221. gr.

Sjótjónsframlag ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim munum einum, en ekki sem sjálfskuld.

222. gr.

Skip, sem framlöguskylt er til sjótjónsbóta, má ekki fara af þeim stað, þar sem skip og farmur skildu, og góss, sem er í ábyrgð fyrir slíkum framlögum, má ekki fá í hendur eiganda, áður sjótjónsframlög sje greidd eða trygging fengin fyrir framlögunum, ef þau eru þá ekki ákveðin.

223. gr.

Nú verður á skipi eða góssi tjón eða kostnaður, sem stafar af óhappi á ferð, og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, eða skipað er fyrir um með sjerstökum ákvæðum, að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sjótjón (sbr. síðara lið 166. gr.), og skal það þá sem einkasjótjón (partikulært havari) koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms, og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fjemuni, sem kostnaðurinn reis af, og skal þar þá farið svo sem verða má eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður á björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því, sem greitt er af góssinu, sem bjargað varð.

Dómkvaddir menn (sbr. 218. gr.) framkvæma úrslitareikning og niðurjöfnun einkasjótjóns, ef þess krefst einhver sá, sem þar á hlut að máli.

## Níundi kapítuli.

### Um tjón af árekstri.

224. gr.

Konungur gefur fyrirskipanir um það, hvers gætt skal á skipi til að forðast árekstur.

225. gr.

Þá er tjón verður á skipi eða farmi, af því að skip rákust á og annað þeirra var eitt saman sök í árekstrinum, þá bætir hið seka skaða þann allan, er af hlautst.

Nú eru bæði skipin sek, og skal þá dómur ákveða, hvort annaðhvort skipið skal greiða skaðabætur og hve miklar, eða hvort skipin skulu hvort sjer hafa skaða sinn óbættan, og skal það metið með hliðsjón á því, hversu þeim yfirsjónum var háttað, sem á urðu fyrir hvorum aðila um sig.

Þá er meta skal sök hvors skips, þá skal dómandi einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

226. gr.

Ef árekstur inn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki, að annarhvor aðila hafi verið sök í honum, fær hvorugt skipið bættan skaða sinn.

227. gr.

Skaðabætur þær, sem greiða skal eftir 225. gr., ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi, ef sá nokkur var valdur að árekstrinum, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

228. gr.

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti, sem það má verða, án þess að hafa sitt skip í háska, skipshöfn þess og farþega, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstur inn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, sem björg veitti, að segja hinum til nafns á skipi sínu og til heimkynnis þess, úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

Nú leiðir skipstjóri hjá sjer að nauðsynjalausu að hlýða fyrirmælum þessum, og skal þá telja hann sekan í árekstrinum, nema annað sannist.

## Tíundi kapítuli.

### Um björgunarlaun.

229. gr.

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefur eða er statt í neyð, eða farmi þess, eða nokkru af því skipi eða farmi þess, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um, hve mikil skuli vera björgunarlaunin, og sker þá dómur úr; þó sker stjórnarráðið úr ef andvirði þess, sem bjargað var, er ekki meira en 500 krónur.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

230. gr.

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt einkanlega:

1. Háskans, sem það var í statt, sem borgið var; hvort skipverjar höfðu skilist við skipið; hvort þeir áttu hlut í björguninni, eða hvort stutt var að björguninni í heild sinni með tækjum hins nauðstadda skips;
2. háska þess, sem björgunarmönnum og eigu þeirra var stofnað í, og þess tjóns, sem þeir hafa beðið á heilsu eða fjemunum;
3. hagvirkni þeirrar og atorku, sem unnið var með að björguninni, og tíma og áreynslu, sem til hennar var varið;
4. tölu björgunarmanna og tilkostnaðar og verðmætis björgunartækja þeirra;
5. verðmætis þess, sem borgið var.

231. gr.

Ekki má gera björgunarlaun hærri vanalega en þriðja hluta verðmætis þess, sem borgið var, og sje þó af dreginn tollur og önnur opinber gjöld, svo og kostnaður af geymslu, virðingargerð og sölu. Nú er verðmætið lítið og björgunin var mjög hættuleg eða óvenjulega erfið, og má þá hækka björgunarlaunin.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að færa góssið, sem borgið var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru við björgunina.

232. gr.

Nú hafa skipstjóri, útgerðarmaður eða farmeigandi gert samning um björgunarlaun meðan hættan vofði yfir, og er þó þeim manni heimilt, sem greiða skal björgunarlaunin, að skjóta því til dómsúrskurðar, hve mikil launin skuli vera; gera skal hann það, áður 3 mánuðir sjeu liðnir frá því samningurinn var gerður, og getur dómari fært niður hin tilskildu björgunarlaun, ef þau fara að mun fram úr því, sem hæfilegt sýnist. Nú var samningurinn á þá leið, að leggja skyldi bjarglaunin í gerð eða útkljá um þau á annan líkan hátt, og bindur sá samningur ekki þá menn, sem greiða skulu launin, ef þeir segja honum sundur áður mánuður sje liðinn frá því er hann var gerr.

233. gr.

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og þar gætt atvika þeirra, sem 230. gr. tilgreinir; þó sker stjórnarráðið úr að fenginni yfirlýsingu lögreglustjóra ef upphæð þess, sem bjargaðist, fer ekki fram úr 500 krónum, og sömuleiðis ef meiri hluti bjargenda hefur samið svo um.

Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð, og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, ef gufuskip bjargaði, en helming, ef það var seglskip, en afganginum skal skift til helminga milli skipstjóra og skipshafnar, og skal skifta milli hennar að rjettri tiltölu við kaup manna á skipinu. Nú var tilskilið, að skipstjóri eða skipshöfn skyldu hafa minni hlut í launanum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ógildur, nema skipið sje einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert tiltekið björgunarstarf.

234. gr.

Rjett er, að björgunarmenn mótmæli því, að skip, sem bjargað var, eða góss sje fært á burt þaðan, áður þeim sje greidd að fullu björgunarlaunin eða trygging er til fengin fyrir greiðslu þeirra.

## Ellefti kapituli.

### Um sjóveðrjett og fyrning á sjókröfum.

235. gr.

Þær kröfur, sem kröfuhafi á sjóveðrjett fyrir eftir þessum kapítula (sjókröfur), eiga forgangsrjett að veðinu næst eftir opinber gjöld, sem á veðinu hvíla, en ganga fyrir öllum skuldum öðrum.

236. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrjett í skipi og farmgjaldi:

1. Hafnsögumannskaup, björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknanar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins.
3. Kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnaður, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.), sjólánskröfur, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vöru, sem seld var í þágu skips á ferð.
4. Kröfur, til orðnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefur gengið í vegna stöðu sinnar, eða til orðnar við vanefndir á samningum, sem útgerðarmaður gerði sjálfur, eða fjekk öðrum umboð til, og skipstjóra skylda var að annast efndir á, sbr. 12. gr., svo og skaðabótakröfur fyrir tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi þeirra manna, sem ráðnir eru til þess að vinna í skipsins þarfir við skyldustörf þeirra, sbr. 13. gr.; og enn kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir það, sem hann hefur greitt sjálfur til lúkningar kostnaði í skipsins þágu, eða ábyrgst greiðslu á.

Sjóveðrjettur í skipi nær og til skipsbúnaðar, og telst ekki til hans vistabirgðir, eldiviður, kol nje aðrar vjelarnauðsynjar; sjóveðrjettur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald fyrir þá ferð, sem krafan stafar af. Sjóveðrjettur fyrir sjólánskröfum nær til skips eða farmgjalds eða hvorstveggja, eftir því sem sjólánsbrjefið til tekur, sbr. 180. gr.

237. gr.

Kröfum þeim, sem taldar eru í 236. gr,, skal fullnægja eftir þeirri röð, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar á sömu ferð. Kröfur taldar í sama tölulið, eru jafnrjettháar sín á milli, en þó svo, að stafi kröfurnar í 1. og 3. lið ekki af sama slysinu, gengur yngri krafan fyrir eldri.

Nú stafa kröfurnar af ýmsum ferðum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari ferð stafar, fyrir hverri kröfu af eldri ferðum; þó heldur skipstjóri og skipshöfn forgangsrjetti sínum til skipsins fyrir svo miklu af inneign sinni eftir síðasta ráðningarsamningi, sem nemur í mesta lagi kaupi 12 síðustu mánaða, þótt skipið hafi farið fleiri en eina ferð á þeim tíma.

238. gr.

Nú ferst skip eða laskast, eða farmgjaldsmissir verður að nokkru eða öllu og með þeim atvikum, að útgerðarmaður á bótakröfu að þeim, er skaða olli, eða hann á þær eftir ákvæðum um sameiginlegt sjótjón, og á þá sá kröfueigandi, sem sjóveðrjett á í skipi eða farmgjaldi, einnig sama rjett í skaðabótafjenu. En ekki skulu þær bætur, sem ábyrgðarsali skal greiða fyrir skip eða farmgjald, koma í stað hins vátrygða veðs.

239. gr.

Þá er skip er selt á nauðungaruppboði, fellur niður sjóveðrjettur í því skipi, en veðhafi á þá í stað þess veðrjett í kaupverði skipsins, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Svo skal og vera, ef skip er selt eftir að það var dæmt á lögmætan hátt óbætandi. Nú verða önnur og sjálfráð eigandaskifti að skipinu, og eiga þá kröfur þær, sem nefndar eru í 236. gr., eftir sem áður veðrjett í því skipi.

240. gr.

Nú fellur sjóveðrjettur niður við það, að bótafje, söluverð eða farmgjald, sem sjókrafa er trygð með, er greitt af hendi til útgerðarmanns, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fje hrekkur, sem hann tók við, ef hann var þar ekki í sjálfskuld áður. Á sama hátt ábyrgist hann gagnvart þeim, sem sjóveðrjett eiga í farmgjaldi, venjulegt farmgjald af góssi, sem hann hefur sjálfur látið í skip.

Nú er þetta fje, sem nefnt var, greitt þrotabúi útgerðarmanns, og skal því þá varið til að fullnægja þeim kröfueigendum, sem sjóveðrjett áttu í fjenu.

241. gr.

Nú verður skip við frjálst afsal eign manns, sem ekki getur átt íslenskt skip, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim sjóveðrjettarkröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfskuldarmaður, þótt hann ábyrgðist þær áður að eins með skipi og farmgjaldi. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum þá er það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins.

242. gr.

Nú hefur útgerðarmaður greitt út til fullnægingar sjóveðrjettarkröfu alt það, er hann var skyldur til eftir 240. og 241. gr., og það kemur síðar fram, að önnur krafa átti þar forgangsrjett, og er þá útgerðarmaður ekki skyldur til meiri greiðslu, ef hann vissi ekki af þessari kröfu þá er hann greiddi hitt. Þó ná þessi ákvæði ekki til þeirrar greiðslu, sem útgerðarmaður innir af hendi til fullnægingar kröfum, sem hann ábyrgðist sem sjálfskuld.

Nú hefur kröfueigandi fengið með þessum hætti fje, sem öðrum bar að rjettu, og ábyrgist hann þá þeim manni kröfu hans, en þó ekki lengra en það fje hrökkur, sem hann tók við, og því að eins, að hann vissi af þeirri kröfu þá er hann tók við fjenu.

243. gr.

Þó eigandi leigi öðrum manni skip til siglinga á hans kostnað, breytir það í engu þeim rjetti, sem sjóveðhafi á eftir þessum kapítula til aðgangs að skipinu.

244. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrjett í farmi:

1. Björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur um framlög farms til sameiginlegs sjótjóns, eða til kostnaðar, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.); sjólán, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vörur, sem seldar voru í þágu annara farmeiganda.
3. Kröfur, sem stafa af skuldbindingum, sem skipstjóri hefur gengið í fyrir hönd farmeiganda vegna stöðu sinnar, svo og kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir fje, sem hann hefur sjálfur greitt eða tekið ábyrgð á til lúkningar kostnaði á farmi.
4. Kröfur fyrir farmgjald, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og þær tafir, sem meiri verða við ferming og afferming.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær nú voru taldar. Kröfur í sama lið eru jafnrjettháar, og þó því að eins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama slysi; ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

245. gr.

Sjóveðrjettur í farmi fellur niður þá er varan er seld í hendur sendanda eða viðtakanda. Svo er og ef varan er seld á nauðungaruppboði eða skipstjóri seldi hana á ferð í þarfir skips eða farms, en í stað þess á kröfueigandi veðrjett í söluverðinu, meðan það er ekki látið af hendi.

246. gr.

Um rjett sjóveðhafa til að leita sjer fullnægingar í skaðabótafje því, sem ógoldið er fyrir skemdir eða tjón á farmi, svo og skaðabótafje, sem farminum ber eftir ákvæðunum um sameiginlegt sjótjón, gilda samskonar fyrirmæli, sem talin eru í 238. gr. um sjóveð í skipi. Bótafje, sem ábyrgðarsali skal greiða, skal ekki heldur koma hjer í stað veðsins.

247. gr.

Nú hefur farmeigandi veitt viðtöku nokkrum hluta sölufjár eða bótafjár, sem sjóveðhafi á rjett til að leita sjer fullnægingar í eftir 245. og 246. gr., og ábyrgist þá farmeigandi honum sjóveðrjettarkröfu hans sem sjálfskuldarmaður, eftir sömu fyrirmælum, sem mælt er um útgerðarmann í 240. og 242. gr.

Ákvæðin í 2. lið 240. gr. koma og til greina á sama hátt, ef fjeð var greitt þrotabúi farmeiganda.

248. gr.

Nú lætur skipstjóri selja af hendi án samþykkis kröfueiganda vöru, sem sjókrafa á veðrjett í, og ábyrgist þá skipstjóri fullnæging á kröfunni, svo og viðtakandi, ef hann vissi af veðrjettinum, þá er varan var látin af hendi

við hann. Nú sannast það, að farmurinn var ónógur til fullnægingar kröfunni, þá er hann var látinn af hendi, og nær þá ábyrgðin ekki lengra en verðmæti farmsins hrökkur til.

249. gr.

Ef eigandi sjókröfu hefir fleiri veð en eitt fyrir kröfu sinni, á hann heimilt að ganga að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfu sinni.

Nú hefur hann leitað sjer í einu veðinu lúkningar á meira fje, en koma mundi á það veð að rjettri tiltölu, og getur þá sá eigandi, sem skaða bíður, svo og sá sjóveðhafi, sem veð sitt fjekk svo rýrt, að ekki hrökkur til lúkningar, gengið að hinum öðrum veðum með sömu heimild, sem sá kröfueigandi átti, er leitaði sjer lúkningar í veði því, sem getið var, og gengið að veðinu til lúkningar jafnmiklu fje, sem hitt var, er greitt var um of af eign hans eða veði.

Nú er sami eigandi að öllum hinum veðbundnu hlutum og einhver kröfueigandi á sjerstakan sjóveðrjett í einum þeirra, og annar maður hefur leitað sjer lúkningar í því veði, og er þá þeim manni, sem sjerstaka veðrjettinn á, heimilt að ganga að hinum öðrum veðum til lúkningar öllum þeim hluta skuldarinnar, sem hann fjekk ekki greiddan af veði sínu, sakir þess að það var skert; en ef það var ekki skert meira en koma skyldi á veð hans að rjettri tiltölu, þá skal hann þoka fyrir öðrum mönnum, sem trygging kunna að eiga í þeim fjemunum.

250. gr.

Sjálfráður er kröfueigandi að höfða mál hvort er hann vill á hönd útgerðarmanni eða skipstjóra til fullnægingar á sjókröfu, sem veð er fyrir í skipi eða farmgjaldi. Ef kröfueigandi, annar en útgerðarmaður eða skipstjóri, á sjóveðrjett í góssi, þá má lögsækja skipstjóra.

251. gr.

Nú eru kröfur, sem eiganda er heimilt eftir þessum lögum að leita sjer fullnægingar á í þeim munum einum, sem hann á sjóveðrjett í, og fyrnast þá þær kröfur hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðara lið 166. gr. og 2. lið 223. gr.), fyrnast áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagerðar sjótjónsins.

Kröfur til skaðabóta á glötuðum eða skemdum farmi fyrnast áður ár sje liðið frá því, er affermt var.

Kröfur til allra annara skaðabóta fyrnast áður tvö ár sje liðin frá því, er tjónið bar að.

Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur fyrnast áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfueigandi auk þess rjett á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir einhverjum af þessum kröfum, sem nefndar voru, og taka þá hin almennu fyrningarákvæði laga til þessa rjettar hans.

252. gr.

Sjóveðrjettur sá, sem 2. tölul. 236. gr. heimilar skipstjóra og skipshöfn, fellur niður, ef honum er ekki fylgt með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá þeim degi, er starfstíma þeirra lauk. Nú á skuldheimtumaður annars eftir lögum þessum sjóveðrjett í skipi, farmgjaldi eða farmi til tryggingar einhverri þeirri kröfu, sem skuldunautur ábyrgist sem sjálfskuld, og fellur þá sjóveðrjettur hans niður eftir tímatakmörkum þeim, sem 251. gr. til tekur.

## Tólfti kapituli.

### Um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl.

253. gr.

Ef skipstjóri ræður til sín nokkurn þann mann, sem honum er kunnugt um, að annar maður hefur áður ráðið á annað skip, sætir hann alt að 200 kr. sektum.

254. gr.

Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eitt eintak af lögum þessum og af reglugerðum þeim og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann alt að 100 kr. sektum.

Sömu sektum varðar það, ef skipstjóri vanrækir þær skyldur, sem 76. gr. leggur á hann.

255. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr., sbr. 84. og 85. gr., um skráning í leiðarbók, eða dagbók, geymslu þeirra og sýningu, varðar það 10 til 500 kr. sektum.

Nú hefur skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, dregið hana undan eða gert ólæsilega, og varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, nema þyngri refsing liggi við. Sama gildir um dagbók.

256. gr.

Nú er svo ástatt, sem ræðir um í 45. gr., og vanrækir skipstjóri að gefa skýrslur þær, sem þar er boðið, og varðar það þá 10 til 500 kr. sektum.

257. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 2. lið 52. gr. eða í 106. gr., eða refsar skipverja án lögmætra saka, eða svo, að hann hefur ekki þá aðferð, sem boðin er í 108. gr., eða leggur á harðari refsing en 107. gr. heimilar, þá varðar það sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að almennum lögum.

Dragi skipstjóri lögboðið fæði af skipverjum, eða beiti við þá óþarfa hörku, skal hann sæta 10 til 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

258. gr.

Nú fremur skipstjóri launflutninga eða annað athæfi ólöglegt og skaðar með því útgerðarmann, farmeigendur, ábyrgðarsala eða aðra, sem þessi lög skylda skipstjóra til að annast hagsmuni þeirra, og varðar það þá sektum eða fangelsi, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Ef skipstjóri flytur án leyfis útgerðarmanns vöru, sem stofnar skipi eða farmi í háska eða áhættu, varðar það og 25 til 500 kr. sektum eða fangelsi.

259. gr.

Ef skipstjóri skilur við skipið og hefur ekki sagt upp stöðu sinni í tæka tíð eða á rjettan hátt, þá sætir hann fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru. Ef hann skilur við skipið í sjávarháska og gætir ekki fyrirmæla 48. gr., eða ef svo er ástatt, að skipið komist við það í augljósa hættu, getur refsingin orðið betrunarhússvinna.

260. gr.

Nú leggur skipstjóri út skipi án þess sjerstök atvik knýi hann til og stofnar með því öllum, sem á eru í bersýnilegan lífsháska, sakir þess, hve skipið er gallað að skrokki, vjel eða útbúnaði, eða er svo ofhlaðið eða óhæfilega, eða svo illa skipað, að hann hlaut að sjá þetta fyrir, og sætir þá skipstjóri fangelsi eða sektum, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Vanræki skipstjóri að öðru þær skyldur, sem hann skal gegna eftir 31. gr., skal refsa honum með 10 til 500 kr. sektum.

Refsingum þeim, sem til eru teknar hjer á undan, skal einnig beitt við útgerðarmenn og aðra, sem ráða fyrir burtför skips fyrir þeirra hönd, þegar þeir einir eða með öðrum mönnum hafa ábyrgð á slíkum glæpum eða yfirsjónum.

Nú vanrækir farmsendari skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglum þeim og fyrirskipunum, sem settar eru með tilskipun samkvæmt 31. gr. um ferming o. s. frv. á sprengiefnum, eldfimum og etandi hlutum, og skal honum þá refsað með þeirri hegning, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, ef hann hlaut að sjá það fyrir, að hann með atferli sínu stofnaði þeim, sem á skipi eru á ferðinni, í bersýnilegan lífsháska. Vanræki sendandi að öðru leyti þær skyldur, sem á honum hvíla samkvæmt greindum ákvæðum, skal refsa honum með þeirri hegningu, er ákveðin er í 2. lið greinarinnar.

261. gr.

Ef skipstjóri hefur orðið valdur að tjóni á sjó með ónytjungshætti, ofdrykkju eða öðru hirðuleysi um skyldur sínar, skal hann sæta fangelsi eða sektum, nema atferli hans sje svo háttað, að þyngri refsing liggi við.

262. gr.

Vanræki skipstjóri það, sem 228. gr. skyldar hann til að gera, ef skip rekast á, varðar það fangelsi eða sektum ekki minni en 100 kr.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 224. gr. um það, hvers gætt skal á skipi, til þess að forðast árekstur, varða 5 til 200 kr. sektum.

263. gr.

Ef skipstjóri færist undan að taka við farmönnum á skip sitt, þá er svo er ástatt sem 39. gr. ræðir um, og hefur ekki lögmæta afsökun, sætir hann 15 til 500 kr. sektum.

264. gr.

Nú hefur skipstjóri orðið sekur eftir síðari lið 255. gr. eða eftir 257. gr. og eru miklar sakir til, eða eftir 2. málsgr. 259. gr. eða 1. lið 260. gr. eða 261. gr., og má þá auk refsingar dæma hann óhæfan til skipstjórnar. Ekki frestar áfrýjun til æðri dóms framkvæmd dómsins að þessu leyti; en ef sök skipstjóra ber undir 261. gr. og málið er tekið upp aftur, þá getur nýr dómur ónýtt hinn eldra dóm, og líði þó ekki skemri tími en ár milli dómanna og færi hann fram sönnur, sem mæla með því, að trúa megi honum fyrir heimild til að ráða fyrir skipi.

265. gr.

Ef maður kemur ekki í skiprúm sitt á til teknum tíma, sætir hann 5 til 200 kr. sekt. Sömu sekt varðar það, ef maður ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, sem hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi.

266. gr.

Ef maður strýkur úr skiprúmi, varðar það 14 daga til 3 mánaða einföldu fangelsi. Ef skipverjar strjúka saman fleiri eða höfðu samtök um að strjúka, skal lengja fangelsisvistina eftir atvikum, eða þeir látnir sæta fangelsi við vatn og brauð.

Nú strýkur skipshöfn eða meiri hluti hennar, eða högum var svo háttað þá er menn struku, að strokumenn hlutu að sjá það fyrir, að skipið kæmist við það í háska, og getur það þá varðað fangelsi við vatn og brauð alt að því, sem það verður mest, eða betrunarhúsvinnu alt að einu ári.

Ef strokumaður hverfur aftur til skips að sjálfs síns vild áður skipið lætur út frá þeim stað, sem hann strauk frá, má færa sekt hans niður, svo að hún verði frá 10 til 400 kr., og sje málsbætur að öðru leyti.

267. gr.

Nú strýkur maður með kaup sitt, sem hann hefur enn eigi unnið fyrir, og skal honum þá hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann hafði tekið við skipsstörfum sínum eða ekki, nema málavextir geri það sennilegt, að það væri ekki ásetningur hans að draga undir sig kaup það, sem honum var greitt en hann var ekki búinn að vinna fyrir.

268. gr.

Nú er maður fjarstaddur er skip lætur úr höfn eða er burtu lengur en sólarhring, eða sólarhring lengur en honum var lofað, og er hann þá strokumaður, nema ætla megi af atvikum, að það væri ekki tilgangur hans að skjótast undan skipsstörfum sínum.

269. gr.

Nú fer maður frá skipi, og er skipið í háska statt, og gætir hann ekki fyrirmæla 2. liðs 83. gr. eða þess, sem góður sjómaður er skyldur til að gæta, og varðar það þá sektum eða einföldu fangelsi.

270. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi eftir 92. gr. og það reynist við skoðunargerðina, að engin sennileg rök voru til að telja skipið ósjófært, og varðar það alt að 100 kr. sektum eða fangelsi.

271. gr.

Nú rís farmaður upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, og beitir þó ekki ofbeldi eða ógnar með því, og sætir hann þá 10 til 500 kr. sektum eða einföldu fangelsi, eða fangelsi við vatn og brauð, ef miklar sakir eru.

Nú var skipið í höfn eða við festar í tryggu lægi, og skoraðist farmaður þá undan hlýðni við skipstjóra eða þann mann, sem var í hans stað, og það reynist, að orsökin til óhlýðni farmanns var sú, að skipstjóri eða staðgöngumaður hans vildu meina honum að fara frá skipi til að kæra við rjett yfirvald atferli skipstjóra eða ásigkomulag skipsins, og geta þá sektir fallið niður, ef málsbætur voru að öðru leyti.

272. gr.

Ef nokkur skipverji ræðst á skipstjóra á skipi eða í landi með ofbeldi eða ógnunum um ofbeldi, varðar það fangelsi, nema atferli skipverja væri svo háttað, að meiri refsing lægi við, eða sektum, ef málsbætur eru, einkanlega ef skipstjóri var sjálfur sök í árásinni með óhæfilegu atferli sínu.

Nú verður skipstjóri eða annar yfirmaður fyrir slíkum árásum, þá er þeir eru að skyldustörfum sínum, eða á að þröngva þeim til að vinna eitthvert start, er að köllun þeirra lýtur, eða tálma þeim frá að vinna það, eða var ráðist á þá, sakir þess, sem þeir gerðu eða ljetu ógert, og skal það þá varða hegningarvinnu alt að þremur árum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir atvikum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki skemra en 2 mánaða einföldu fangelsi.

273. gr.

Nú gerir skipshöfn eða nokkur hluti hennar samblástur til að ná skipstjórninni á vald sitt, eða það er gert til þess að þröngva skipstjóra eða þeim manni, sem stjórn hefur í hans stað, til þess að hafast eitthvað að sjerstaklega eða láta það ógert, eða samblástur var vakinn í þeim tilgangi, að menn heftu í sameiningu með ofbeldi einhverja þá ráðstöfun, sem skipstjóri hafði gert um skylduverk sín, eða sá maður, sem hefur stjórn í stað skipstjóra, og samblásturmenn hverfa ótilkvaddir aftur til hlýðni og reglu, eða af því skorað var á þá, og hvorki hefur verið unnið ofbeldisverk á mönnum nje munum, og varðar það þá forgöngumenn eða foringja samblástursins fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, og skal þá ekki refsað öðrum mönnum.

Nú hverfa uppreistarmenn ekki þann veg aftur til hlýðni og góðrar háttsemi, heldur þrjóskast þeir við skipunum skipstjóra, eða þess manns, sem

stjórn hefur í hans stað, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar samblásturs, ef ekkert ofbeldi var framið, sæta fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, og aðrir samsærismenn fangelsi. Ef samsærið varð þá, er svo stóð á, sem ráð er fyrir gert í 2. lið 271. gr., getur refsingin orðið vægari, og þó ekki minni fyrir forgangsmennina en fangelsi.

Nú var ofbeldi framið á mönnum eða munum, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar sæta hegningarvinnu alt að 6 árum, ef verknaðinum var ekki svo farið, að þyngri refsing varði, en aðrir samsærismenn sæti fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum.

274. gr.

Verði farmaður valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, sætir hann sömu refsingu sem skipstjóra var gerð í 261. gr. Verði stýrimanni það eða vjelarstjóra, þá má, með sömu afleiðingum og fyrir er mælt í 264. gr., úrskurða þá með dómi óhæfa til starfa síns og óheimila þeim þann starfa.

275. gr.

Ef einhver skipverja hefur góss með sjer án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af því góssi, varðar það 10 til 200 kr. sektum eða fangelsi.

276. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðru móti en áður er sagt, eða raskað góðri háttsemi og reglu, og varðar hann það þá 5 til 200 kr. sektum.

277. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 107. gr. og verður mál höfðað um það á hendur honum, og skulu dómendur þá kveða á um sekt hans með rjettmætri hliðsjón á hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

278. gr.

Ákvæði 253.—264. gr. taka og til þess manns, sem gegnir starfi skipstjóra í forföllum hans.

279. gr.

Yfirsjónir þær, sem um er rætt í 253. gr., í fyrri lið 257. gr., í 258. gr., í fyrri málsgrein 259. gr., í 265., 266., 269., 270., 271., 275. og 276. gr., skulu ekki sæta opinberri málshöfðun, nema sá krefjist, sem misboðið var, skipstjóri eða útgerðarmaður. Mál, sem ekki varða meira en sektum, svo og mál, sem koma undir fyrri málsgrein 259. gr., 266. og 270. gr., skal fara með sem opinber lögreglumál; en komi til þess, að dæmd geti orðið á hendur manni betrunarhúsvinna eftir 266. gr. eða fangelsi við vatn og brauð, þá skal skipa talsmann sakborningi, ef hann æskir þess þá er hann er spurður.

280. gr.

Sektir, sem dæmdar eru á hendur mönnum eftir þessum kapítula, renna í landssjóð og ef sektir eru ekki greiddar, sæti menn fangelsisvist eftir almennum fyrirmælum um afplánun sekta í öðrum málum en sakamálum.

Þar sem fyrirskipuð er fangelsisrefsing í þessum kapítula, skal farið eftir ákvæði 26. gr. hinna almennu hegningarlaga.

## Þrettándi kapituli.

### Um hvenær lög þessi öðlast gildi og um afnám eldri lagaákvæða.

281. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirfarandi lagaákvæði:
10. og 25. kap. farmannalaga Jónsbókar,
26. gr. rjettarbótar 1314,
5. kap. 4. bókar dönsku laga Kristjáns 5.,
tilsk. 28. des. 1792 um kröfur farmanna í þrotabúum,
tilsk. 19. des. 1794 um respondentiabrjef,
tilsk. 3. febr. 1836 I um skyldu skipstjóra til að flytja menn á alþjóðakostnað,
lög nr. 2, 14. jan. 1876 um skipströnd, 7. og 8. gr, nema síðasti partur 8. gr.,
lög nr. 25, 9. des. 1889 um varúðarreglur til að forðast ásiglingar,
farmannalög nr. 13, 22. mars 1890,
lög nr. 31, 13. des 1895 um skrásetning skipa, 1. gr.,
lög nr. 13, 9. sept. 1899 um dag- og næturbendingar, 2. gr.,
fátækralög 10. nóv. 1905, 23.—26. gr.,
lög nr. 20, 16. nóv. 1907 um veð í skipum,
og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

282. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Nd. **294. Frumvarp**

til girðingalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði og ræktunarsjóði, svo og aðrar vírgirðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 metri á hæð. Þó skulu girðingar fyrir kynbótagripi ekki vera lægri en 1 metri og 12 sentímetrar.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum. Nú er garður hlaðinn undir vírinn, og þarf þá eigi fleiri strengi en fjóra, ef að garðurinn er að minsta kosti 30 sentímetra hár, þrjá strengi ef hann er 60 sentímetrar, og eigi fleiri en tvo strengi ef hann er 75 sentímetrar á hæð.

2. gr.

Milli stuðla má vera alt að 6 metra bil, eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Að öðru leyti skal gera girðingar samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur, sje lán veitt til hennar úr landssjóði eða ræktunarsjóði.

3. gr.

Nú vill einstakur maður eða fjelag girða og leitar um lán til þess úr áðurnefndum sjóðum, skal þá fylgja lánsbeiðninni skýrsla um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Sje eigi á fjárlögum ætlað nægilegt fje öllum umsækjendum til kaupa á girðingarefni, skulu þeir, að öðru jöfnu, hafa forgangsrjett næsta ár, sem komast eigi að fyrra skiftið

4. gr.

Nú er lánað til girðingar úr nefndum sjóðum, og skal hún þá vera fullgerð innan þriggja* ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda stjórnarráðinu vottorð um, að hún sje gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið innan þriggja ára, er lánið alt afturkræft, og skal þá greiða 6% í vexti af því.

5. gr.

Skylt er sjerhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða fjelög, er fengið hafa lán til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar, sem einstakir menn hafa tekið lán til, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú er girðing gerð, samkvæmt 1. og 2. gr., og lánað til hennar úr Ræktunarsjóði eða landssjóði, og skal þá girðingin fylgja jörðinni og má ekki flytja

hana í burt, þó að eigandaskifti eða ábúandaskifti verði á henni, enda sje girðingin gerð í samráði við landsdrottin, ef leiguliði á í hlut.

7. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er lengur not að girðingunni, og losnar jarðeigandi eða ábúandi þá við þá skyldu, að halda henni við eða láta hana standa á jörðinni. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af girðingaláninu.

8. gr.

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri jarða saman, og jarðeigandi eða ábúandi með samráði við jarðeiganda vill girða á mörkum samkvæmt lögum þessum og reglugerð þeirri, er um getur í 2. grein, og samkomulag næst ekki við þann jarðeiganda eða ábúanda, sem á tún eða engi á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það, og skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir báða, og skifta girðingarkostnaðinum á milli málsaðila að tiltölu við gagn hvers um sig. Þó skal sá, er girðir, aldrei eiga rjett til frekari endurgreiðslu en svari helming girðingarkostnaðarins.

Verð girðingar liggur undir mat úttektarmanna, og kaup þeirra telst til girðingarkostnaðar.

Um viðhaldskostnað fer eftir sömu reglum.

9. gr.

Nú er vírgirðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sje gengið, sem land á að henni. Sje garður hlaðinn undir vírinn, skal efni og grundvöll taka að jöfnu úr þeirra löndum, sem að henni liggja.

Vilji maður girða beint, og þarf til þess inn á annars manns land, þá er það því að eins heimilt, að til komi samþykki jarðeiganda og ábúanda þeirrar jarðar. Skal þá kveðja til úttektarmenn að meta skaðabætur, ef meira sneiðist annað landið en hitt. Heimilt er og, ef hlutaðeigendur verða ásáttir þar um, að girðingin skifti löndum til fullnustu.

10. gr.

Girðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 65 sentimetrar sjeu milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 5 metrar og 65 sentimetrar sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 3 metrar og 77 sentimetrar sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Þetta nær og til gaddavírsgirðinga meðfram tröðum og heimreiðum.

11. gr.

Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut, afrjettarveg, fjallveg eða forna fjallvegi, þótt eigi sje kostaðir úr landssjóði, nema hlið sje á fyrir veginum.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið

á girðingu, er hann skyldur til að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu og vísvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum.

12. gr.

Nú liggur yfir land manns forn fjallvegur, þó ekki sje í tölu þeirra vega, sem landssjóði er skylt að annast, afrjettarvegur, bæjavegur, stígur eða götutroðningar, og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann læsa hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

13. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

14. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 12. gr., og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

15. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 13. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni, með $^2/_3$ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja, og samþyktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 12. gr. Er öll meðferð samþyktar þá hin sama og 13. og 14. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvervetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

17. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birt-

ing hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitasjóð, ef brotið er móti hreppssamþykt.

19. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 52, 30. júlí 1909, um girðingar, úr gildi numin.

Ed. **295. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum landhelgi.

Frá Jóni Jónatanssyni.

Við 2. gr. Fyrir orðin «til alþingis« komi: í sveitamálum og fiskiveiðar stunda.

Nd. **296. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júli 1911.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júli 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 15 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eður önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er út til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **297. Frumvarp**

til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

(Eftir 2. umr. í Ed.

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, sem hjer fara á eftir, þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

»Mannskaði« er það, ef maður deyr voveiflega.

»Voveiflegur dauðdagi« er bráður bani, er hlýst af einhverri annari orsök en undanförnum sjúkdómi, hvort heldur um slys er að ræða, eða sjálfsmorð, eða manndráp.

»Á landi« er talið að þeir farist, sem bíða bana á þurru landi, eða í ám, eða vötnum, eða sjó, ef þeir fara af sjávarbakka í sjóinn.

»Á sjó« er talið að þeir farist, sem deyja voveiflega á skipi, eða drukna af skipi á sjó.

»Skip« merkir hvern þann farkost, er flýtur á sjó.

»Skipstjóri« er sá, er ræður fyrir skipi á sjó.

»Löggæslumaður« er sá maður í hverri sveit, er samkvæmt þessum lögum á að rannsaka fundin lík, og dauðdaga þeirra, er deyja voveiflega.

»Sveit« merkir kaupstað eða hrepp.

2. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarfógeti vera löggæslumaður. Í hverjum þeim

hreppi, þar sem sýslumaður býr, skal hann vera löggæslumaður; í öllum öðrum hreppum eru hreppstjórar löggæslumenn.

3. gr.

Ef maður deyr voveiflega á landi í annara manna viðurvist, þá skulu þeir tafarlaust tilkynna látið löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem maðurinn ljest, eða í þeirri fyrstu sveit, er þeir koma í, ef mannskaðinn varð í óbygðum. Bera þeir hver um sig ábyrgð á að tilkynningin sje tafarlaust gerð.

Ef lík finst, þá skal sá er finnur tilkynna næsta löggæslumanni líkfundinn.

Ef maður hverfur og er talinn af, en líkið finst ekki, þá skal húsráðandi á því heimili, er maðurinn hafði síðast næturvist, tilkynna löggæslumanni hvarfið jafnskjótt sem líkur eru til, að maðurinn hafi farist.

4. gr.

Ef mannskaði verður á sjó, þá skal skipstjóri, ef hann er á lífi, en ella sá, er í hans stað gengur, tilkynna mannskaðann löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem þeir komu fyrst að landi.

Ef skip ferst og kemst engin af, þá skal sá löggæslumaður, sem skráð hafði skipverja til vátryggingar, taka mannskaðann til rannsóknar. Nú voru skipverjar ekki vátrygðir, og heyrir þá rannsóknin undir löggæslumann í þeirri sveit, þar sem skipið átti heima.

Þessi ákvæði koma ekki til greina, ef sjódómur rannsakar málið.

5. gr.

Hver og einn, er fær vitneskju um, að maður hafi dáið voveiflega eða lík fundist, og honum er kunnugt um að löggæslumanni hafi ekki verið tilkynt, skal skyldur að gera næsta löggæslumanni aðvart.

Ef læknir er beðinn um dánarvottorð, og finnur hann sönnur eða líkur fyrir því, að dauðdaginn hafi verið voveiflegur, eða líkið fundist, en löggæslumanni ekki skýrt frá því, þá skal hann synja dánarvottorðs að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart.

Ef prestur er beðinn að jarða lík, og veit hann eða grunar, að maðurinn muni hafa dáið voveiflega, eða líkið fundist, en löggæslumanni ekki tilkynt, þá skal hann neita að jarðsyngja að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart; má prestur aldrei jarðsyngja fundið lík, eða lík manns, er dáið hefir voveiflega, fyr en honum er afhentur úrskurður löggæslumanns, er heimilar greftrun, og dánarvottorð frá löggiltum lækni.

6. gr.

Lík, sem löggæslumanni ber að skoða, má ekki flytja úr þeirri sveit, þar sem líkið fanst, fyr en löggæslumaður veitir skriflegt leyfi til þess.

7. gr.

Ef löggæslumanni er tilkynt, eða honum færðar líkur fyrir því, að einhver hafi dáið voveiflega, eða lík hefir fundist, sbr. 3. gr., þá skal hann rannsaka, svo fljótt, sem verða má, hvernig dauðann hefir borið að höndum. Hann skal grenslast eftir því, hverjir hafi síðast sjeð hinn látna á lífi, eða verið við-

staddir, þegar hann ljet lífið, eða fundið líkið; skal hann þegar spyrja þá af þessum mönnum, sem til næst í svipinn, hvað þeir viti um hinn látna mann og dauðdaga hans.

Löggæslumaður skal ráða því, hvar líkið er geymt, og hvernig um það búið. Hann skal kveðja lækni með sjer, og skulu þeir báðir í senn skoða líkið og læknir því næst krýfja það, ef þörf gerist. Löggæslumaður ræður því, hvort líkið er krufið, en það skal hann jafnan fyrirskipa, ef nokkur minsti vafi getur leikið á því, hvað manninum hafi orðið að bana.

Hjeraðslæknar skulu hafa á hendi rjettarlæknisskoðanir á líkum, og að jafnaði sá, sem skemst er til. Ef ekki næst til neins þeirra með hægu móti, má löggæslumaður heimta til þessa starfa hvern þann löggiltan lækni, sem völ er á.

Þegar líkrannsókn er lokið, skal læknir, gefa út dánarvottorð, en löggæslumaður leyfi til að jarða líkið.

8. gr.

Hver löggæslumaður skal skrá alla mannskaða og líkfundi, sem hann fær vitneskju um og rannsakar, í sjerstaka bók, og skal hún heita mannskaðabók.

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal hver löggæslumaður semja mannskaðaskýrslu fyrir liðna árið og senda hagstofunni.

10. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um rannsókn á mannsköðum og fundnum líkum, um mannskaðabækur og skýrslur.

Í þeim reglum skal meðal annars tiltaka, hvenær hreppstjórar, sem eru löggæslumenn, megi leiða rannsóknina til lykta, og hvenær þeim beri að fela málið á vald lögreglustjóra.

11. gr.

Landlæknir semur reglur og leiðbeiningar um rjettarlæknisskoðanir á líkum, um líkskurði og sjerstök dánarvottorð fyrir þá, er deyja voveiflega.

12. gr.

Brot gegn þessum lögum, eða reglum, sem settar eru eftir þeim, varða sektum, allt að 100 kr., nema hærri hegning sje við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð.

13. gr.

Kostnaður við rannsóknir samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði, sem kostnaður við lögreglumál.

Ed.

# 298. Frumvarp

til laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Einkamál og refsimál um þau efni, sem ræðir um í siglingalögunum, að undanskildum málum um rjettindi yfir skipum samkvæmt 2. kap. siglingalaganna, eiga undir sjódóm. Ennfremur eiga undir sjódóm mál út af vátryggingu á skipi, farmi og öðrum hagsmunum, sem vátrygðir eru gegn hættum á sjó, sjóferðaskýrslur, sjóferðapróf og vitnamál, ef nota á vitnisburðinn í máli, sem á undir sjódóm, svo og störf þau, sem á dómstólum hvíla að því er snertir skoðunar-, álits- og matsgerðir, er ræðir um í siglingalögunum.

Sjódóm skipa hlutaðeigandi hjeraðsdómari, og er hann formaður dómsins, og tveir menn aðrir, sem sjerþekkingu hafa á siglingamálefnum.

Nú er kröfu, sem samkvæmt framansögðu á undir sjódóm, lýst í bú, sem tekið hefir verið til opinberrar skiftameðferðar, og rís þræta um kröfuna, sem ekki snertir skiftin sjerstaklega, og á þá skiftaráðandi að vísa þrætunni til sjódóms, ef hann telur það nauðsynlegt vegna þess hvernig þrætunni er varið, eða einhver aðila krefst þess.

Frjálst er aðilum að semja svo um, að einkamál, sem samkvæmt þessari grein á undir sjódóm, skuli rekið fyrir og dæmt af venjulegum dómi.

2. gr.

Fastur sjódómur skal vera í kaupstöðunum, og má með konunglegri tilskipun leggja þær þinghár, sem næstar eru, að öllu eða nokkru leyti undir sjódóm kaupstaðarins. Ennfremur má með konunglegri tilskipun ákveða fastan sjódóm utan kaupstaða í þeim þinghám, þar sem kauptún er og sjávarútgerð, og má jafnframt ákveða, að fleiri en ein dómþinghá skuli vera ein sjódómsþinghá. Áður en skipað er sjódómaþinghám, skal þó ávalt leitað álits bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda, sem hlut eiga að máli, um takmörk þinghárinnar.

Ráðherra tiltekur hve margir skuli vera sjódómsmenn í sjódómsþinghá hverri, en leita skal áður um það álits sveitastjórna þeirra, sem hlut eiga að máli. Þó mega sjódómsmenn aldrei fleiri vera en 12 í neinni sjódómsþinghá.

Þá eina má tilnefna og skipa sjódómsmenn, sem eru 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, búsettir innan sjódómsþingháarinnar og hafa sjerstaklega þekking á siglingum, útgerð, vjelastörfum, vörum eða vátryggingarmálefnum.

Ráðherra skipar sjódómsmenn í tiltekinni röð, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna í sjódómsþinghánni, til 4 ára í senn, og má enginn kjörgengur maður skorast undan skipun, nema hann sje 65 ára að aldri eða ráðherra taki afsökun hans gilda. Sá, sem gegnt hefir sjódómsmannsstöðu að minsta kosti eitt kjörtímabil, má skorast undan endurskipun jafn langan tíma.

Hjeraðsdómari kveður tvo hinna skipuðu sjódómsmanna til að sitja í

dómi um hvert mál, sem fyrir kemur; skal kveðja sjódómsmennina hvern af öðrum eftir útnefningarröð, og má hjeraðsdómarinn ekki bregða út af röðinni, nema nauðsynlegt sje vegna sjerþekkingar, er mál það, sem um er að ræða, útheimtir, eða forföll eða aðrar tálmanir banni þeim að sitja dóminn, sem næstur er í röðinni. Nú er þess ekki kostur, að útnefna nægilega marga sjódómsmenn meðal hinna skipuðu sjódómsmanna, og skal þá útnefnt samkvæmt ákvæðum næstu greinar.

Ef brugðið er út af rjettri röð við útnefning sjódómsmanna, eða gengið er fram hjá hinum skipuðu sjódómsmönnum, þá skal ástæðunnar til þess getið í þingbókinni.

3. gr.

Nú er ekki fastur sjódómur í þinghá, og þinghá sú hefir heldur ekki verið lögð undir sjódóm annarar þinghár, og skal þá tilnefna sjódómsmenn hvenær sem mál rís um þau efni, sem eiga undir sjódóm, fyrir það mál sjerstaklega. Hjeraðsdómarinn nefnir sjódómsmenn á þann hátt, sem tíðkast um dómkvaðning manna. Það leysir ekki dómara undan að dómkveðja sjódómsmenn, að málsaðilar sjeu á einu máli um það, hverjir þeir kjósi að sitji dóminn, enda er dómara aldrei skylt að fara eftir tillögu málsaðila um mennina.

4. gr.

Áður en sjódómsmaður tekur til starfa í fyrsta sinn í sjódóminum, skal hann vinna drengskaparheit samkvæmt 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911 að því, að hann skuli rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann.

5. gr.

Fyrir starf sitt í sjódómi eiga hinir útnefndu sjódómsmenn 4 kr. kaup fyrir hvern dag, sem þeir sitja í sjódómi, eigi þeir heima í þeim kaupstað, kauptúni eða þorpi, þar sem sjódómur er háður. Eigi sjódómsmaður heima utan kaupstaðarins, kauptúnsins eða þorpsins, þar sem sjódómurinn er háður, ber honum auk þess 2 kr. í fæðispeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, sem dómarinn úrskurðar í einkamálum um leið og málinu er lokið, en í refsimálum úrskurðast reikningurinn á venjulegan hátt.

6. gr.

Sækjanda er frjálst að stefna útgerðarmanni á persónulegt varnarþing hans eða þar sem skipið á heima. Sama er um mál gegn skipstjóra eða skipshöfn út af skyldustörfum þeirra.

Nú á maður kröfu að heimta, sem skip eða farmur er að veði fyrir, og er skipið eða farmurinn kyrsett hjer á landi vegna kröfunnar, og má þá höfða mál til greiðslu kröfunni á þeim stað, þar sem kyrsetningin var gerð.

Mál út af ákvörðun eða skifting björgunarlauna, má höfða þar sem bjargað var eða þar sem björgunargóssið var flutt á land.

7. gr.

Sjódómur skal háður, þá er mál eru fyrir hendi, sem eiga undir sjódóm. Málshöfðanda eða gerðarbeiðanda ber að sýna formanni dómsins

stefnu sína, eða beiðast sjódóms skriflega, og á hann í beiðninni að skýra frá efni málsins. Formaður ákveður þá fyrirtekt málsins með áritun á stefnuna eða beiðnina.

Formaður kveður jafnan meðdómsmenn sína til dómhaldsins. Þó skal hann ekki kveðja þá til dómhalds, ef líklegt er að áliti hans, að að eins verði lögð fram skrifleg skjöl og beðið um frest. Ennfremur má formaður einn taka við sjóferðaskýrslu, sem eigi má dragast og að áliti hans er ekki mikils varðandi, og byrja rannsókn, sem ekki má fresta, ef ekki verður náð til sjódómsmanna nægilega snemma.

Formanni ber að sjá um, að stefnan eða innköllunin sje birt hlutaðeigendum, ef gerðarbeiðandi óskar þess og greiðir kostnað þann, sem af því leiðir.

8. gr.

Stefnufrestur til sjódóms í einkamálum er bæði að því er kemur til málsaðila og vitna hinn sami sem til gestarjettar; sömuleiðis gilda sömu reglur sem í gestarjettarmálum um sáttir, fresti, dómsuppsögn og aðför. Í þessum málum má ennfremur koma fram gagnkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar. Ákvæði N. L. 1—13—13 um skyldu til að stefna á ný vitnum, sem áður hafa gefið skýrslu um málið, þá er nýjum vitnum er stefnt, skal ekki gilda um sjódómsmál, sjóferðaskýrslur nje vitnaleiðslur, sem nota á í málum, sem eiga undir sjódóm. Reglan eftir N. L. 1—4—1, að óstefndur skuli vera ónefndur, gildir ekki um sjóferðaskýrslur.

Í málum milli skipstjóra og skipshafnar, eða útgerðarmanns og skipshafnar, mega málsaðilar ekki láta málflutningsmann mæta fyrir sína hönd, nema dómurinn leyfi.

Að öðru leyti gilda um sjómál almennar rjettarfarsreglur.

9. gr.

Formaður stjórnar öllum störfum sjódóms, og heldur þingbókina.

Ef þörf er á túlk, og enginn sjódómsmanna getur og vill túlka, þá skal kveðja til málfróðan mann til aðstoðar dóminum; skal sá maður staðfesta á þann hátt, sem lög nr. 29, 11. júlí 1911 um eiða og drengskaparorð mæla fyrir, að hann muni rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann. Túlkur á borgun fyrir starf sitt; dómurinn ákveður borgunina, en gerðarbeiðandi greiðir.

10. gr.

Heimilt er sjódómi að taka við sjóferðaskýrslu, láta skoðunargerð og matsgerð á skipi og góssi fram fara og aðrar gerðir, sem að áliti dómsins ekki mega bíða, þó eiganda, vátryggjanda og öðrum þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, hafi ekki verið tilkynt gerðin. Hinsvegar skal þess gætt af dómnum, að hlutaðeigendur sjeu ávalt kvaddir til gerðarinnar, ef þeir eru staddir á staðnum, eða umboðsmenn þeirra, eða svo nærri, að auðvelt er að kveðja þá til, án þess gerðinni sje seinkað óhæfilega mikið, og gerðarbeiðanda eða dóminum var kunnugt um það. Nú næst ekki til hlutaðeiganda, og á dómurinn þá að gæta þess vandlega, að ekki sje gengið á rjett fjærstaddra.

11. gr.

Skipstjóri skal hafa með sjer skipsbækurnar, þá er hann gefur sjóferðaskýrslu, og ber dóminum að bera þær saman við afrit það, sem fylgja skal skýrslunni samkvæmt 45. gr. siglingalaganna. Fyrst tekur dómurinn við munnlegri skýrslu skipstjóra; síðan skulu leidd vitni þau, sem skipstjóri hefir með sjer eða dómurinn hefir stefnt til. Skal þess ávalt gætt, að enginn þeirra hlusti á skýrslu hinna.

Vitnin eiga, að því leyti sem auðið er, að gefa samfelda skýrslu um atvik þau, sem um er að ræða; ef nokkuð vantar á skýrsluna, eða hún er ógreinileg eða óákveðin, þá ber dóminum að spyrja vitnin sjerstaklega, og reyna þannig að fá áreiðanlega vitneskju um það, sem hver um sig hefir sjálfur komist að raun um. Áður en tekið er til að spyrja vitnin, ber dóminum að áminna vitnin alvarlega um sannsögli og um að leyna engu, og að brýna fyrir þeim þýðing staðfestingarinnar og lagahegning þá, sem þau verða að þola, ef þau bregða út af hinu sanna í nokkru atriði. Að jafnaði má ekkert vitnanna staðfesta framburð sinn, sbr. lög nr. 29, 11. júlí 1911, II. kafla, fyr en öll hafa borið.

12. gr.

Nú hefir íslenskt skip farist, eða skipshöfnin hefir yfirgefið það á hafi úti, eða það hefir farið á grynningar, svo að það komst ekki á flot aftur, nema með aðstoð annara eða með því að kasta fyrir borð eða höggva siglutrjen, eða það hefir beðið tjón af eldsvoða, eða rekist á annað skip og hlotið tjón af árekstrinum, eða það varð fyrir óhappi, sem mannsbani hlaust af, og skal dómurinn þá jafnframt sjóferðaskýrslunni halda próf til þess að reyna að komast fyrir orsakir óhappsins; próf þetta heldur dómurinn fyrir hönd hins opinbera með valdi því, sem dómar eiga við opinberar rannsóknir. Sjerstaklega skal það rannsakað, hvort orsakir óhappsins eru þær, sem nú skal greina:

1. Gallar á skipi, siglingaverkfærum þess, útbúnaði eða mannafla.
2. Gallar á fermingu skipsins, svo sem að skipið hafi verið ofhlaðið, eða farmurinn hafi verið hættulegs efnis, eða skift skakt niður í skipinu, eða óforsvaranlega búlkaður eða skorðaður, eða seglfesta hafi verið ónóg, óhæf, illa skift eða óforsvaranlega skorðuð.
3. Gáleysi eða hirðuleysi skipstjóra eða skipshafnar, eða skipstjóra eða skipshafnar annars skips.
4. Gáleysi eða hirðuleysi hafnsögumanns, gallar á sjóbrjefum eða vitum, sjómerkjum eða öðrum tilfærum, sem ætlaðar eru siglingum til öryggis.

13. gr.

Nú er ástæða til að gruna eftir því sem fram hefir komið við sjóferðaskýrslu eða sjóferðapróf, að um hegningarvert athæfi sje að ræða, og skal þá sjódómurinn fara með málið og dæma það, ef það á undir sjódóm samkvæmt lögum þessum, en að öðrum kosti senda stjórnarráðinu útskrift úr sjóferðaskýrslunni og sjóferðaprófinu með tillögum sínum til frekari aðgerða.

14. gr.

Nú eru einhver þau atvik fyrir hendi, sem um er rætt í 12. gr., og það kemur í ljós, að sjóferðaskýrsla hefir ekki verið gefin, til dæmis af því, að enginn

þeirra, sem bar skylda til að tilkynna óhappið, hefir komist lífs af, eða óhappið hefir af öðrum ástæðum ekki verið rannsakað, og skal þá sjódómur rannsaka málið þar sem því verður best við komið. Þannig á rannsókn fram að fara á heimili skipsins, hafi það horfið, en ella að jafnaði þar sem skipið kemur til hafnar eftir óhappið, eða þar sem skipshöfn, skip eða skipsflak kemur á land.

15. gr.

Um áfrýjun dóma og úrskurða sjódóms fer eftir almennum lögum um áfrýjun.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914. Þau taka ekki til þeirra mála, sem stefnt er til dóms, nje þeirra gerða, sem tekið er til að framkvæma fyrir þann dag.

Ed. **299. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 7. tölulið í 2. gr. laga 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands bætist inn í nýr tölulíður, er hljóðar þannig:

8. Talsímalínan Sauðárkrókur—Siglufjörður. Jafnframt falli burtu 8. tölulíður í 3. gr. sömu laga og eftirfarandi tölulíðir þeirrar greinar breytast samkvæmt því.

2. gr.

Í 7. gr. sömu laga bætist aftan við 1. málsgrein: sbr. þó 8. gr.

3. gr.

Í 8. gr. sömu laga bætist við á eftir orðunum: »þó ekki lengri en 30 árum« ný málsgrein svohljóðandi: Áfallna vexti og afborganir af láni þessu eða lánum skal greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum er varið til annars.

4. gr.

9. gr. sömu laga orðist þannig:

Það skal ávalt vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almeningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna um 5 ár eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landsímastöðvar og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppar við stofnun venju-

legrar talsímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í reksturskostnaðinum, er útrunnin, á það að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn taki að sjer og ábyrgist starfræksluna fyrir 20—60 kr. ársþóknun, ef stöðin er 3. flokks stöð með tveggja klukkustunda daglegum starfstíma, en fyrir 60—200 kr. ársþóknun, ef starfstími stöðvarinnar er 6 klukkustundir daglega og stöðin er 2. flokks stöð

Upphæð ársþóknunar til talsímastöðvanna ákveður landsstjórnin fyrir hvert einstakt tilfelli innan þeirra takmarka, sem sett eru í þessari grein, þó getur ársþóknunin orðið ákveðin hærri eða lægri, ef alveg sjerstaklega stendur á.

Til ársþóknunar telst ekki þóknun sú, er stöðvarnar nú fá fyrir burtfarin símtöl og símskeyti eftir þeim reglum, er hingað til hefir fylgt verið.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Nd. **300. Frumvarp**

til laga um umboð þjóðjarða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, öðrum en þeim, er standa undir umsjón sýslumanna.

2. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á þjóðjörðum þeim, er hann hefir umráð yfir. Þó skal bygging þeirra því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

3. gr.

Þjóðjarðir skulu að jafnaði bygðar æfilangt. Eftirgjald þeirra (landskuld og kúgildaleigur), svo og lóðargjöld og rekaleiga, skal ákveðið í peningum, og gjalddagi 31. desember ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, skal ávalt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 100 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

4. gr.

Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að þjóðjarðir sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefir og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þetta.

5. gr.

Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld þjóðjarða þeirra, er hann hefir umráð yfir, og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þær í landssjóð. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.

6. gr.

Nánari ákvæði um umboð þjóðjarða skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og umboð þjóðjarða losna, þó svo, að 3. gr. komi til framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eigi síðar en við næstu leiguliðaskifti á jörðunum.

Nd. **301. Frumvarp**

til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnar-kauptúnum.

1. gr.

Lög þessi taka til kaupstaða og sjálfstjórnarkauptúna.

Orðið sjálfstjórnarkauptún táknar löggiltan verslunarstað, sem er hreppsfjelag út af fyrir sig.

Orðið sveitarfjelag táknar í lögum þessum kaupstað og (eða) sjálfstjórnarkauptún; sveitarfjelagsstjórn og sveitarfjelagsumdæmi táknar stjórn eða umdæmi slíks sveitarfjelags.

2. gr.

Hver sveitarfjelagsstjórn hefir einkaleyfi til að veita rafstraumi um sveitarfjelagsumdæmið, hvort sem er með rafstraumstaugum ofan jarðar eða neðan, (sbr. þó lög 10. okt. 1905 um ritsíma og talsíma o. fl., 11. gr.). Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarfjelagsstjórnin ákveður, að rafveitan skuli ná til, skulu skyldir að þola hvers konar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafveituna. Verði svo álitið, að

landeigandi eða leiguliði biði skaða af framkvæmdum rafveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarfjelagsstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarfjelagssjóður.

3. gr.

Nú er rafveita á komin, og skal þá sveitarfjelagsstjórnin hafa einkarjett til að selja rafmagn í umdæmi sveitarfjelagsins. Hún getur og áskilið sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum í umdæminu.

4. gr.

Sveitarfjelagið kostar lagning inn fyrir húsvegg, eða að mæli í húsi, en húseigandi eða húsráðandi kosta, eftir því sem þeim um semur, lagning tauganna innan húss og lýsingar-áhöld. ef þeir vilja raflýsingu nota.

5. gr.

Gjald fyrir notkun rafstraumsins skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarfjelags-stjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og skal hana endurskoða eigi sjaldnar en 5. hvert ár. Verði kostnaðurinn við rafveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem ávantar úr sveitarfjelagssjóði.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitarfjelagsgjöld.

6. gr.

Heimilt er sveitarfjelagsstjórn að heimta gjald, samkvæmt gjaldskránni, af hverjum húsráðanda, eftir að rafstraumstaug hefir lögð verið inn í hús hans.

7. gr.

Sveitarfjelagsstjórnin ein hefir rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafstraumstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, sem sveitarfjelagsstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarfjelagsstjórnin setur. Þeir einir sem þannig eru löggiltir mega fást við lagning rafstraumstauga eða önnur svipuð störf, sem að rafveitu lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

8. gr.

Hver sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafstraumstaugum sveitarfjelagsins eða öðrum mannvirkjum rafveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsisrefsingu eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæti auk þess skaðann að fullu.

9. gr.

Sveitarfjelagið getur sett reglugerð um notkun rafmagnsins, meðferð á rafstraumstaugum og önnur atriði, er að rafveitunni lúta, og nauðsynleg

kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir hana.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **302. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar á Eskifirði.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson og G. Eggerz.

Verslunarlóð Eskifjarðarkauptúns skal að innanverðu ná inn á núverandi innri takmörk túns jarðarinnar Eskifjarðar.

Nd. **303. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum.

Frá G. Eggerz.

Í stað 11. gr.: komi önnur grein svohljóðandi:
Lög þessi ná og til Eskifjarðarkauptúns.
11. gr. frumvarpsins verði 12. gr.

Nd. **304. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr. Á eftir „Suðurþingeyjarsýslu“ komi: og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.
2. — 2. gr. Hún orðist þannig: Þegar sýslunefndunum eða bæjarstjórn Akureyrar þykir þörf á, eða fá óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum, eður úr Akureyrarkaupstað, að gera samþykt, skal með nægum fyrirvara kveðja til fundar fyrir svæði það, er samþykt skal ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir þeir, er kosningarrjett eiga til alþingis á nefndu svæði. Oddvitar

sýslunefndanna og bæjarstjórnar boða fundinn og ákveða fundarstað og sjá um fundarstjórn.

3. — 3. gr. Fyrir „af sýslunefndunum“ komi: Samkvæmt 1. gr.
Fyrir „sendir sýslumaður það“, komi: skal það sent.
Eftir „sýslunefndirnar“ komi: og bæjarstjórnin.
Fyrir „sýslunefndirnar“ á seinni staðnum komi: þær.
Fyrir „Í sýslunefndum — þeirra, komi: á því ári.

Nd. **305. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

Frá bankanefndinni.

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabrjefa, alt að 6 miljónum króna. Fyrstu 5 árin eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Trygging fyrir veðdeildinni skal vera:

1. Veðskuldabrjef, þau sem veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10% sbr. 8. gr.
3. Varasjóður veðdeildarinnar.
4. Ábyrgð landssjóðs.

4. gr.

Í reglugjörð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðarnir skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöld-

um til landssjóðs, og skulu gjaldheimtumenn landssjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í landssjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð.

6. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal bankastjórninni heimilt, þegar henni þurfa þykir, að láta skoðunargjörð fara fram á fasteignum þeim, sem bankinn hefir að veði, á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarinnar skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarinnar, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar; skal í reglugjörð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi hærri vera en 50 þúsund krónur, og minsta lán sem veðdeildin veitir, skal vera 500 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign, alt að 35 árum, sje veðið vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 25 árum, sje veðið timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall. Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í

peningum með þeirri upphæð, að frádregnum öllum beinum kostnaði, sem hún hefir fengið fyrir bankavaxtabrjefin, eða á von á að fá fyrir þau.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið, og verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin og greiða í varasjóð 2% af þeirri upphæð, sem þá hvílir á eigninni til veðdeildarinnar. Vanræki einhver að tilkynna veðdeildinni söluna og að greiða gjaldið með næsta pósti eftir að salan fór fram, skal hann greiða tvöfalt gjald.

Bæði kaupandi og seljandi skulu bera sameiginlega ábyrgð á því, að gjald þetta sje skilvíslega greitt. Og stendur eignin einnig að veði með 1. veðrjetti fyrir þessu gjaldi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer lán til veðdeildarinnar, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það,. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða gjald við sölu (sbr. 11. gr.) eigi er greitt eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undireins, án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir. Þó því að eins að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á

hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

16. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra bankavaxtabrjefa fer eftir því, sem reglugjörð deildarinnar ákveður.

18. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vöxtum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

19. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugjörð bankans skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

20. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það bankanum út til eignar, ef þörf er á. — Bankinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

21. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

22. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 6000 krónur.

Nd. **306. Framhaldsnefndarálit**

um hvað gera megi til eflingar Landsbankanum og veðdeildar hans (sbr. till. á þingskj. 40 og nefndarálit á þingskjali 121, frá nefndinni í Landsbankamálinu).

Nefndin hefir nú athugað, hvort mögulegt sje, að finna ráð til þess að efla veðdeild Landsbankans, svo að hún hindrunarlítið geti haldið áfram að veita veðdeildarlán, og uppfylt lánsþarfir þeirra, er fasteigna-tryggingu hafa, svo og lánsþörf sýslufjelaga, sveitarfjelaga og kaupstaða. En árangurinn af þessum athugunum nefndarinnar hefir því miður ekki getað orðið mikill, með því öll sund virðast vera lokuð í bráð fyrir því, að geta komið verðbrjefum yfirleitt á sæmilegan markað erlendis. Um síðasta nýár voru í umferð af bankavaxtabrjefum veðdeildanna 6,595,800 krónur, en við þá upphæð hefir bætst nokkuð á þessu ári.

Eftir er nú óútgefið af 3. flokks verðbrjefum 263,900 kr. Þar af hefir þegar verið beðið um til láns um 100 þús. krónur. Fje hefir bankinn ekki fyrir hendi, til þess að kaupa þessi brjef fyrir, en samkvæmt lántökuheimildarlögunum frá þinginu 1909 hefir landsstjórnin heimild til að taka 250 þús. kr. lán til bankavaxtabrjefakaupa í viðbót við það, sem áður hefir verið tekið að láni í þessu skyni, og væntir nefndin, að stjórninni takist að útvega þetta lán, áður en taka þarf fyrir öll lán úr veðdeildinni.

Nefndin gerir ekki ráð fyrir, að þessi upphæð endist lengur en fram undir lok þessa árs.

En þó eigi líti út fyrir annað en að veðdeildin verði að hætta öllum veðdeildarlánum um sinn, getur meiri hluti nefndarinnar eigi ráðið til þess, að svo komnu, að stofna sjerstakan veðbanka, með því sú stofnun mundi baka

landssjóði stóra lántöku og mikið fjárframlag í byrjun, en til þess er tíminn nú afaróhentugur, þar sem vextir erlendis eru yfirleitt með hæsta móti, og eigi útlit fyrir, að þeir verði nægilega lágir í bráð. Sömuleiðis eru fjárþarfir landssjóðs í aðrar áttir — þar á meðal til að efla Landsbankann sjálfann — svo miklar á þessu þingi, að eigi virðist við þær bætandi.

Og eigi getur meiri hlutinn heldur fallist á, að landssjóður taki nýtt lán til kaupa á bankavaxtabrjefum nýrrar veðdeildar, svo sem gert var á þinginu 1909, af sömu ástæðum, enda litlar líkur til að slíkt lán fengist.

Hins vegar álítur nefndin rjett nú þegar að stofna 4. veðdeildarflokk við Landsbankann, og leggur til, að hann sje helmingi stærri en 2. og 3. veðdeildarflokkur bankans. Gerir nefndin ráð fyrir, að það sje jafnvel auðveldara að semja um sölu fyrirfram á bankavaxtabrjefum veðdeildarflokks, sem nemur 6 miljónum króna, heldur en ef hann væri að mun minni. Og með því móti að samþykkja lög um stofnun 4. veðdeildarflokks nú, gefst stjórn Landsbankans þó tækifæri til til næsta þings að leitast fyrir um sölu bankavaxtabrjefa þessa flokks.

En vonlítið er um, að salan takist, ef vextir eigi lækka að mun, sem vonlaust er um fyrst um sinn, a. m. k. ef ófriðurinn helst við í heiminum.

Nefndin leyfir sjer því að bera fram frumvarp um stofnun 4. veðdeildarflokks við Landsbankann; er frumvarp þetta í nokkrum atriðum frábrugðið hinum eldri veðdeildarlögum. Viljum vjer sjerstaklega nefna:

1. *að* beint er nú tekið fram, að landssjóður ábyrgist þennan veðdeildarflokk, þar sem það er ekki *berum orðum* sagt í reglugerðum fyrri veðdeilda. Þar er að eins sagt, að vaxtamiðar af bankavaxtabrjefunum sjeu »gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs, og skal gjaldheimtumaður innleysa þá, ef hann hefir fyrir hendi peninga, er greiðast eiga í landssjóð«. Þetta ákvæði telja sumir lögfræðingar, ef ekki allir, ábyrgð á bankavaxtabrjefunum, og virðist þá rjett að láta ábyrgðina koma skýrt fram í lögunum.

2. *að* það er nýmæli í veðdeildarlögunum, að lántakendur skuli bera sameiginlega ábyrgð á 10% af lánunum, er það gert til þess, að tryggja landssjóð sem best og til þess að gera brjefin seljanlegri á útlendum markaði. Í notum þess er og slept að gera veðdeildarflokknum að skyldu að hafa $^1/_6$ þeirra brjefa, sem í umferð eru, í verðbrjefum liggjandi sem tryggingu fyrir flokknum. Dönsk lánsfjelög (kreditforeninger) ganga það lengra í þessu efni, að ábyrgðin er sameiginleg fyrir *öllum lánunum*. Allar fasteignirnar standa sameiginlega að veði fyrir öllum lánum fjelagsins.

3. *að* gert er ráð fyrir, að hver lántakandi greiði 1% í varasjóð um leið og hann tekur lánið; er það einnig gert til þess, að tryggja landssjóð og til að gera brjefin seljanlegri. Dönsk lánsfjelög taka 2% í þessu skyni um leið og lánið er veitt.

4. *að* nefndin ætlast til, að þegar eigendaskifti verða, þá gjaldi kaupandinn 2% í varasjóð af því, sem eftir stendur af láninu, er salan fer fram, og ennfremur er gert ráð fyrir að gjald þetta tvöfaldist, ef vanrækt er að láta veðdeild-

ina vita um eigandaskifti, með því að reynsla er fyrir því, sjerstaklega í Reykjavík, að húseignir og jarðeignir nálægt Reykjavík eru seldar, ef til vill oft á ári, án þess bankinn fái neina tilkynningu um söluna.

Neðri deild Alþingis, 6. ágúst 1913.

Jón Ólafsson, (form.).
Björn Kristjánsson, (skrifari og framsögumaður).
Með fyrirvara.
M. J. Kristjánsson. Valtýr Guðmundsson. Ólafur Briem.

Nd. **307. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vatnsveitingar (þingskjal 163).

Frá landbúnaðarnefndinni.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, og hefir gengið gegnum efri deild og verið athugað þar í nefnd.

Landbúnaðarnefndin verður að kannast við, að þörf sje á lögum um efni það, er frumvarpið ræðir um. Lagaákvæði um vatnsveitingar eru ekki til svo teljandi sje, nema heimildarlögin frá 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnságangi o. fl. og tekin eru upp í þetta frumvarp, og einstök ákvæði í fornum lögum. En með ári hverju verður þörfin á lagasetning um þetta efni brýnni og nauðsynlegri. Stór samáveitufyrirtæki liggja í loftinu, og er þegar byrjað á sumum þeirra. Fyrir því eru lög um þetta efni tímabær og aðkallandi.

Nefndin lítur nú svo á, að þetta frumvarp sje þörf rjettarbót, og er nokkurnveginn samdóma um efni þess, að undantekinni 18. gr. Meiri hluti nefndarinnar telur, að ekki verði komist hjá að lögleiða heimild til eignanáms, þegar einn einstakur landsdrottinn eða lelguliði ekki vill leggja fram áveitukostnaðinn. Ef þessa heimild vantaði í lögin, gæti leitt af því óþarfa kostnað fyrir samáveitufyrirtæki og innbyrðis ófrið og erfiðleika.

Nokkrar breytingar leggur nefndin til, að gerðar sjeu við frumvarpið; en flestar þeirra eru annaðhvort orðabreytingar eða skifta engu máli um efni frumvarpsins, og miða að eins til skýringar á því. Leggur nefndin til, að frumvarpið sje samþykt með breytingum þeim, er hjer fara á eftir.

Alþingi 7. ágúst 1913.

Eggert Pálsson, formaður.
Sigurður Sigurðsson, skrifari og framsögum.

Bjarni Jónsson frá Vogi, (með fyrirvara).
Kristján Jónssou.

H. Steinsson, (með fyrirvara).

BREYTINGARTILLÖGUR:

við frumvarp til laga um vatnsveitingar. (Þingskjal 163).

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. Við 2. gr. Orðin: »enda verða henni . . . . . gjörðarbeiðandi telst« falli burtu.
2. Við 3. gr. Í stað: »hæfilegu endurgjaldi« komi: hæfilegri þóknun.
3. — 6. gr. Orðin: »eða lönd, sem . . . svo sannanlegt sje« falli burtu.
4. — 6. gr. Í stað: »jarðarmagn« í fjórðu línu ofan frá, komi: stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamatinu.
5. — 6. gr. Í stað: »jarðarmagn« í síðustu málsgrein greinarinnar, komi: jarðarstærð.
6. — 18. gr. Í stað: »skal« í fjórðu línu neðan frá, komi: má.
7. — 18. gr. Á eftir orðunum: »fari fram og« í sömu línu, komi: skal þá.

Nd. **308. Viðaukatillaga**

við frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. júlí 1909 um samþyktir um kornforðaforðabúr til skepnufóðurs.

Frá Bjarna Jónssyn frá Vogi.

Eftir 3. gr. komi ný grein svohljóðandi, er verði 4. gr.:

Hverjum hreppi er skylt að hafa kornforðabúr til skepnufóðurs frá nýári 1915 að telja. Skal gera samþyktir um, hversu þeim sje fyrir komið, og skal þar um farið eftir lögum nr. 24, 9. júlí 1909 og þessum viðaukalögum.

Greinatalan breytist eftir því.

Nd. **309. Frumvarp**

til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

Flutningsm. Lárus H. Bjarnason

1. gr.

Jarðirnar Bústaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkurkaupstaðar frá fardögum 1914.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af skuld-

um Seltjarnarneshrepps og ómagaframfærslu hreppsins, að meðtalinni hlutdeild hreppsins í skuld sýslusjóðsins, sem svarar tíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum eftir meðaltali fardagaáranna 1909—1914, að rjettri tiltölu við meðaltal tíunda og aukaútsvara hreppsins á sama tímabili.

Ef ágreiningur verður um fjárskifti þessi, sker stjórnarráðið úr þeim ágreiningi.

Ed. **310. Frumvarp**

til laga um hvalveiðamenn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn hvalveiðamaður má hafa bækistöðvar hjer á landi fyrir útveg sinn.

2. gr.

Enginn má flytja á land hval nje neinar óunnar afurðir hvala, nema þeirra, er dauðir finnast, hlaupið hafa á grunn eða kvíast í ísum. Heimilt skal þó að drepa andarnefjur, hnísur, höfrunga og önnur smáhveli, þau er almenningur hefir hingað til veitt og hagnýtt sjer.

3. gr.

Enginn maður má leigja, selja nje ljá nokkrum manni land til hagnýtingar við nokkra þá athöfn, er bönnuð er í lögum þessum.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 1000—4000 kr., er renna í landssjóð. Svo skulu og öll veiðarfæri og afli upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

5. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1915 og gilda til 1. janúar 1925.

Nd.

# 311. Nefndarálit

um frumvarp til laga um íslenskan sjerfána.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir því miður klofnað, þar sem hv. þm. Norður-Ísfirðinga hefir tekið sig út úr og jafnframt óvænt afgreitt álit sitt til hv. deildar á undan meiri hlutanum.

Meirihlutinn er sammála flutningsmönnum um það, að rjett sje að lögleiða íslenskan sjerfána, eða fána, er blakta megi í friði innan íslensks valdsvæðis. Til hins ætlast meirihlutinn aftur á móti ekki, að fáninn sje siglinga- eða verslunarfáni landsins, telur það bæði ókleift og óþarft. Því er nauðsynlegt, að þess sje skýrt getið í frumvarpinu, til hvernig lagaðs fána er stofnað. Orðið »sjerfáni« er í rauninni vel fallið til að lýsa tilgangi frumvarpsins, en það má gjöra jafn vel með öðrum orðum, svo sem með orðinu: »heimafáni« eða: »landsfáni«. Meiri hlutinn hefir eftir atvikum hallast að orðinu: »landsfáni«. Hins vegar telur meiri hlutinn það nægja, að tilgangi frumvarpsins sje lýst á einum stað í frumvarpinu, og þá fremur í meginmáli þess en í fyrirsögn.

Þá er meiri hluti nefndarinnar og flutningsmönnum sammála um það, að gerð fánans skifti lítt máli, en leggur þó til, að bláhvíti fáninn, sem notaður hefir verið hjer á landi um nokkur ár, verði beint lögákveðinn. Er það hyggja vor, að hann hafi nú, ekki síst upp á síðkastið, eignast þau ítök í mönnum, að hann mundi verða vinsælastur og valinn, þó að sameinuðu alþingi væri ætlað að ákveða gerð fánans. Þó viljum vjer láta þess getið, að vjer teljum rjett, að blái liturinn væri hafður dekkri, af því að hann er að miklum mun endingarbetri og að margra dómi fegurri.

Samkvæmt framansögðu leyfum vjer oss að ráða hv. deild til að samþykkja frumvarpið á þingskjali 35 með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Framan af orðinu »sjerfána« í fyrirsögn frumv. falli atkvæðið »sjer«.
2. Meginmál frumvarpsins skiftist í 2 greinir og hljóði svo:

1. gr.

Hjer á landi skal vera löggildur landsfáni.

2. gr.

Fáninn skal vera blár með hvítum krossi þvert og endilangt og nemi breidd krossálmanna $^1/_7$ hluta af breidd fánans.

Bláu reitirnir nær stönginni skulu vera rjettir ferhyrningar og þeir jafnbreiðir, en tvöfalt lengri þeir reitirnir, sem fjær eru stönginni.

Að öðru leyti verður gerð grein fyrir skoðun meiri hlutans í framsögunni, eftir því sem umræður kunna að renna til.

Alþingi, 7. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Eggert Pálsson, formaður. | Lárus H. Bjarnason skrifari og framsögum. |
| Kristján Jónsson. | Einar Jónsson. |

Nd. **312. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um vatnsveitingar.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Halldóri Steinssyni.

Við 18. gr. Greinina skal orða svo:

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkvæmt 17. gr., má taka hann lögtaki hjá leiguliða svo og viðhaldskostnað. Þegar sá leiguliði fer af jörð, sem áveitukostnaður hefir verið tekinn lögtaki hjá, þá skal hann fá endurgjald eftir ákvæðinu í síðara hluta 17. gr. í þessum lögum.

Nd. **313. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjanöfn.

Frá nefndinni.

Nefndin er einróma á því, að frv. sje gagnlegt, og vill ráða deildinni til að samþykkja það með breytingum þeim, er nefndin leggur til að gerðar sje, og eru þær nær allar orðabreytingar, til að færa til betra máls eða glöggvara.

Breytingin 1. er reyndar aðallega orðabreyting, því að orðin, sem nefndin ræður til að fella úr, eru öll falin í orðinu »býlum«, sem er næsta orð á undan.

9. breytingartill. er efnisbreyting, þar sem farið er fram á að breyta 10 í 5. Meiri hluti nefndarinnar var á þessu máli. En aðrir vildu halda óbreyttum orðum frv.; sumir vildu jafnvel fella orðin »10 árum« alveg burtu.

11. breytingartill. er og efnisbreyting, nýmæli. En nefndin vonar, að öllum sje auðsætt, að það sje mjög þarflegt.

Frekari grein fyrir einstökum breytingum mun verða gerð í framsögu málsins, eftir því sem þurfa þykir.

Neðri deild Alþingis, 7. ágúst 1913.

Þorleifur Jónsson, (formaður). Jón Ólafsson, (skrifari, og framsögum.). Valtýr Guðmundsson.

Matth. Ólafsson. Bjarni Jónsson, (frá Vogi).

Nd. **314. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bæjanöfn.

(Frá nefndinni).

1. Við 1. gr. »afbýlum, grasbýlum eða húsmenskubýlum« falli burt.
2. — 1. — (orðbreyting): fyrir »kauptúna, er jarðabók telur« komi: þeim er jarðabók telur.
3. — 3. — (Orðabr.) Orðin: »fyrir einhverjar orsakir« sé flutt og komi næst á eftir upphafs-orðunum: »telji stjórnarráðið«.
4. — 3. — (Orðabreyting). Orðin »á býlinu« falli burt.
5. — 3. — (Orðabr.). Fyrir »nafnfesti« og »nafnfestina« komi á fyrri staðnum: leyfisbrjef til nafntökunnar, og á síðari staðnum: Leyfisbrjefið.
6. — 4. — (Orðabr.). Í stað: »telur, sem« komi: telur og.
7. — 5. — (Orðabr.). Í stað »nafnfestina« (á tveim stöðum) og »nafnfestinnar« komi: leyfisbrjefið og leyfisbrjefsins.
8. — 5. — (Orðabr.). Í stað: »hins lögákveðna« komi: lögákveðins.
9. — 5. — Í stað: »Sje leyfisnafnið 10 árum eldra« komi: sje býlisnafn 5 árum eldra (Orðabr. og efnisbr.).
10. — 5. — (Orðabr.). Í stað: »skrásetningargjaldið« og »þinglestrargjaldið« komi: skrásetningargjald og þinglestrargjald.
11. — 6. — Framan við 6. gr. bætist þessi orð: Ekkert býli utan kaupstaða, kauptúna og sjóþorpa má nafnlaust vera.
12. — 6. — (Orðbr.). Í stað: »þinglesturs« komi: þinglestrar.

Nd. **315. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Aftan við 4. gr. frumvarpsins bætist:

Samþykt, sem gerð er samkvæmt lögum þessum, gildir eigi lengur en 5 ár í senn, en endurnýja má samþyktina fyrir jafnlangan tíma á sama hátt og hún hefir verið sett.

Nd. **316. Breytingartillögur**

við frumvarp til girðingalaga, þgskj. 294.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar.

1. Við 9. gr. Í stað »þeirra« í fyrri lið komi: þeim.

2. — 9. — Síðari liðurinn orðist þannig:
Vilji maður girða beint og þarf til þess inn á annars manns land, þá er það því að eins heimilt, að til komi samþykki jarðeiganda og ábúanda þeirrar jarðar. En synji þeir um samþykki, skal kveðja til úttektarmenn, og skulu þeir ákveða girðingunni stað og meta skaðabætur, ef meira sneiðist annað landið en hitt. Rjettur til annara afnota en engja og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skifti löndum til fullnustu.

3. — 11. — Fyrri liðurinn orðist þannig:
Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut eða fjallveg, nema hlið sje á fyrir veginum og þarf til þess leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, en leyfi stjórnarráðsins, ef um flutningabraut, þjóðveg eða fjallveg er að ræða.

4. — 12. — Aftan við greinina bætist nýr liður svo látandi:
Sama gildir og um sleðabrautir að vetrarlagi og aðrar vetrarleiðir, sem nauðsynlegar eru til almenningsnota, eftir ákvæðum sýslunefndar, ef leið liggur um fleiri hreppa en einn, en eftir ákvæði hreppsnefndar, þegar um innanhreppsveg er að ræða.

Ed. **317. Frumvarp**

til laga um hallærissjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Það er upphaf þessara laga, að stofna skal allsherjar sjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri, er hlýtst af hafís, eða eldgosum, eða öðrum stórfeldum orsökum.

Sjóðurinn skal heita hallærissjóður.

2. gr.

Hver maður á landi hjer, sem er fullra 20 ára, skal greiða iðgjald í hallærissjóð, karlmaður 1 kr., en kvenmaður 60 aura á ári, og heitir hallærisgjald.

3. gr.

Hallærissjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 40 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann það ár.

4. gr.

Þessir menn skulu vera í hallærisvarnastjórn, og hafa á hendi reikningshald hallærissjóðsins og geyma eignarskilríki hans: Forstjóri atvinnumálaskrifstofu stjórnarráðsins, formaður Búnaðarfjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á búnaðarþingi til 6 ára í senn, formaður Fiskifjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á fiskiþingi til 6 ára í senn.

Öllum tekjum hallærissjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum með þeim skilyrðum, sem landsstjórnin setur því til tryggingar, að fjeð glatist ekki og taka megi til þess, hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Hallærisvarnastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því, að afstýra hallæri.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir hallærisvarnastjórnina eftir tillögum Búnaðarfjelags og Fiskifjelags Íslands.

6. gr.

Stjórnarráðið, Búnaðarfjelag Íslands og Fiskifjelag skulu hvert um sig velja einn gæslumann til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka ársreikninga hallærissjóðsins, reikningsbækur hans og eignaskilríki.

Stjórnarráðið setur reglur fyrir sjóðgæslumennina.

Reikninga hallærissjóðsins skal jafnan leggja fyrir alþingi, endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka hallærisgjaldi á manntalsþingum fyrir sveitunga sína, en eiga tilkall til gjaldsins hjá þeim, sem gjaldskyldir eru.

8. gr.

Nú þykir sveitarstjórn óráðlegt að heimta sama gjald af öllum, og er þá rjett að hún jafni hallærisgjaldinu niður á þá, sem gjaldskyldir eru, eftir efnum og ástæðum, eða greiði það beint úr sveitarsjóði.

9. gr.

Hver húsráðandi skal greiða hallærisgjald fyrir þá, sem eiga lögheimili hjá honum og ekki greiða útsvar, og skal svo vera, þótt gjaldinu hafi verið jafnað niður samkvæmt 8. gr., en rjett á húsráðandi til endurgjalds hjá öllum öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum.

Nú er húsráðandi öreigi að dómi sveitarstjórnar, og á hún þá aðgang að gjaldanda sjálfum.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

10. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í tje manntalsskýrslur til afnota við útreikning og innheimtu hallærisgjalda

Gjaldskyldir eru þeir fyrir aldurssakir, sem voru fullra *20* ára um síðustu áramót á undan gjalddaga.

11. gr.

Hallærisgjöld má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og hafa hallærisgjöld sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

12. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta hallærisgjaldið á manntalsþingum og koma því til gjaldkera hallærisvarnastjórnarinnar.

13. gr.

Alt það fje, sem rennur úr landssjóði í hallærissjóðinn, samkvæmt 3. gr., skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það alt vera sjereign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn.

Skrifstofukostnað hallærisvarnastjórnar skal gjalda af sameigninni.

14. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að hækka hallærisgjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upphaflega gjalds.

Nú á sýsla eða kaupstaður sjerstakan sjóð, sem eingöngu er ætlaður til hjálpar í hallæri, og getur þá stjórnarráðið veitt leyfi til að lækka hallærisgjaldið, ef hallærisvarnastjórnin mælir með því.

15. gr.

Í hverri sýslu skal sýslunefnd, en í kaupstað bæjarstjórn, gera samþykt um hagnýtingu þeirrar sjereignar, sem sýslan eða kaupstaðurinn á í hallærissjóðnum. Skal sú samþykt heita hallærissamþykt.

Þessum hallærissamþyktum skal haga eftir fyrirmyndum, sem hallærisvarnastjórnin semur, og þarf samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær öðlist gildi, en leita skal áður álits hallærisvarnastjórnar um hvert frumvarp.

Í þessum hallærissamþyktum má skipa fyrir um alt það, sem stjórnarráðið, eftir tillögum hallærisvarnastjórnarinnar, telur nauðsynlegt því til tryggingar, að hallærissjóðurinn komi að rjettum notum og verði ekki illa varið.

16. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í hallærissjóðnum.

Nú hrekkur ekki sjereign einhvers hjeraðs til hjálpar í hallæri, og má þá stjórnarráðið með ráði hallærisvarnastjórnarinnar veita því hjeraði bráðabirgðalán af sameignarfje sjóðsins, gegn veði í hallærisgjaldi hjeraðsins.

Ef mikil óáran gengur um land alt og hallærissjóðurinn kemst í fjárþröng, þá má landsstjórnin, ef hallærisvarnastjórnin fer þess á leit, lána hallærissjóðnum fje úr landssjóði, eða útvega honum lán annarsstaðar, gegn veði í eigum og tekjum sjóðsins.

Ed. **318. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breyting á lögum 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands (þingskj. 299).

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 1. gr. a. Fyrir orðin »nýr töluliður, er hljóðar þannig« í fyrri málsgrein komi: nýir tölulíðir, er hljóða þannig.

b. Attan við greinina bætist nýr liður svo hljóðandi:

9. Ísafjörður — Patreksfjörður. Jafnframt falli burt 10. töluliður í 3. gr. sömu laga.

Nd. **319. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 7. ágúst (Frv. til laga um breyting á lögum nr. 25, frá 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands, þgsk. 82, sbr. þgsk. 267).

Í trausti til þess, að stjórnin láti, svo fljótt, sem unt er, rannsaka og gera kostnaðaráætlun, að því er snertir símalagningu milli Hesteyrar og Látra í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og leggi síðan fyrir Alþingi frumvarp sama efnis, sem fyrirliggjandi frumvarp, sýni rannsóknin símalagninguna tiltækilega, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **320. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 294 við frv. til girðingalaga.

Frá Þorleifi Jónssyni, Benedikt Sveinssyni, Jóni Ólafssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 3. lið. 11. grein skal orða svo:

Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut, afrjettarveg, fjallveg eða forna fjallvegi, þótt eigi sje kostaðir úr landssjóði, nema hlið sje á fyrir veginum, en þá skal það vera heimilt. Eru hjer með numin úr lögum ákvæði í 44. gr. í lögum um vegi, 22. nóv. 1907, um að leyfis sje þörf. Nú er girðing sett yfir veg, með hliði á fyrir veginum, »og skal þá . . . . « og síðan sem í frumvarpinu.

Nd. **321. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Alþingi hefir að undanförnu haft mikinn áhuga á að setja hagkvæm lög um landbúnaðarmál og sjerstaklega að bæta ábúðarlöggjöfina. Fyrirhugaðar rjettarbætur í þá stefnu hafa þó enn eigi náð fram að ganga, með fram fyrir þá sök, að í sama frumvarpið hafa einatt verið sett sundurleit ákvæði um ólík efni, er ágreiningi hafa valdið. En nú hafa ýms þau atriði, svo sem um girðingar og landskifti, verið tekin upp í sjerstök frumvörp, er liggja fyrir þinginu til meðferðar.

Eftir aðalefni þessa frumvarps má skifta því í 4 kafla:

I. Í 1. gr. frumvarpsins *um bygging jarða*, er svarar til 2. gr. í gildandi ábúðarlögum, er svo ákveðið, að jörð megi ekki byggja til skemri tíma en 10 ára og að ekkja haldi ábúðarrjetti bónda síns, þó að hún giftist aftur. Hvorttveggja er rjettarbót fyrir leiguliða, enda meiri trygging fyrir góðri ábúð, þegar ábúðarrjettur er fyrirfram bundinn við fleiri ár. En nefndin getur þó ekki aðhylst þetta ákvæði, með því að það þykir takmarka umráðarjett landsdrottins meir en góðu hófi gegnir, og jafnvel koma í bága við grundvallarreglur laganna um alment samningafrelsi.

II. 2. og 3. gr. frumvarpsins er *um endurgjald fyrir jarðabætur leiguliða.* Í 20. gr. ábúðarlaganna er að vísu allvel trygður rjettur leiguliða til endurgjalds fyrir jarðabætur, er hann vinnur á ábúðarjörð sinni umfram það, sem áskilið er í byggingarbrjefi, einkum að því er snertir umfangsmeiri jarðabótafyrirtæki. En til þess að öðlast þann rjett, verður leiguliði, áður en hann byrjar á jarðabótinni, að fullnægja ýmsum skilyrðum til undirbúnings. Nú hefir reynslan sýnt í öll þau ár, er lögin hafa staðið, að leiguliðar hafa alment vanrækt að uppfylla hin

lögákveðnu undirbúningsskilyrði, og þar með glatað rjetti sínum til þess endurgjalds, er þeim ella hefði borið. Samt sem áður verður því ekki neitað, að gildandi lagaákvæði hafi við góð rök að styðjast, að því leyti sem þau geta komið til framkvæmda, enda eru þau tekin upp í 2. gr. frumvarpsins, með þeirri einu efnisbreytingu, að hámark endurgjaldsins fyrir unnar jarðabætur er hækkað um 1/5, úr tólffaldri í fimtánfalda afgjaldshækkun jarðarinnar eftir mati úttektarmanna.

En jafnframt er í 3. gr. frumvarpsins ákveðið endurgjald fyrir jarðabætur, er leiguliði hefir unnið, án þess að hann hafi fyrirfram haft þann viðbúnað, sem 20. gr. ábúðarlaganna gerir ráð fyrir. Er sú borgun ákveðin alt að 1½ kr. fyrir hvert dagsverk í jarðabótum, sem ekki eru áskildar í byggingarskilmálum, að frádregnum arði þeim, er leiguliði hefir notið af jarðabótunum um þann tíma, sem hann hefir haft jörðina til ábúðar. Þetta ákvæði virðist sanngjarnt gagnvart báðum hlutaðeigendum, landsdrotni og leiguliða, og ætti að geta nokkru á orkað til aukinna endurbóta á jörðum, sem eru í leiguábúð. Meiri hluti nefndarinnar felst því að miklu leyti á efni greinarinnar, en leggur þó til, að upphafi hennar sje breytt í þá átt, að landsdrottinn eigi jafnan kost á að líta eftir því, að jarðabætur þær, sem hann á að greiða gjald fyrir, sjeu vel unnar, og að gjaldið fari ekki fram úr 1 kr. fyrir hvert dagsverk.

III. 4. og 5. gr. frumvarpsins, *um bygging og viðhald bæjarhúsa*, er algert nýmæli. Í 6. gr. ábúðarlaganna er svo ráð fyrir gert, að leigujörð fylgi hús þau, er henni hafa áður fylgt, og í 15. gr. laganna er leiguliða gert að skyldu að halda uppi jarðarhúsum og skila þeim með fullu álagi við burtför sína frá jörðinni. Í stað þessara lagafyrirmæla er svo ákveðið í frumvarpinu, að jarðeigandi láti jörðu fylgja við næstu leiguliðaskifti öll nauðsynleg bæjarhús og byggi þau að nýju á sinn kostnað gegn vöxtum af húsverðinu og fyrningargjaldi, er sje innifalið í landskuld jarðarinnar. Jafnvel þótt nefndin viðurkenni, að hið fyrirhugaða nýja skipulag, eftir að það væri komið á, hefði mikla kosti fram yfir það fyrirkomulag sem nú tíðkast, verður meiri hlutinn samt sem áður að telja varhugavert, eins og nú horfir við, að lögbjóða jafn djúptæka og gagngerða breytingu á gildandi lögum, einkum með tilliti til þess, að öll tilhögun á byggingu sveitabæja er enn á tilraunaskeiði, og hætt þykir við, að mikið fje mundi fara forgörðum, ef eigendur jarða yrðu með lögum knúðir til að leggja fram fje til nýrra bæjarbygginga, meðan ekki er fengin full reynsla fyrir því, hvað best hentar í því efni.

IV. 6. og 7. gr. frumvarpsins, *um rjett leiguliða til að losa sig við jarðarkúgildi*, er sömuleiðis algert nýmæli, og því svo fyrir komið, að leiguliða sje heimilt að leysa til sín kúgildin gegn jafngildi í annari eign, er jörðin þarfnast, og móti landskuldarhækkun, er sje jöfn kúgildaleigunni. Að öðrum kosti taki landsdrottinn kúgildin til sín, en landsskuldin hækki þá aðeins um mismuninn á kúgildaleigunni og venjulegri fjárleigu. Þá venju, sem á hefir komist eftir fjárfækkun fyr á tímum, að byggja jarðir með föstum innstæðukúgildum, getur meiri hluti nefndarinnar ekki talið miða til neinnar hagsældar fyrir þjóðina, enda óeðlilegt, að hver sá maður, er fær jörð til ábúðar, sje jafnframt neyddur til að taka skepnur á leigu, þótt hann hafi þeirra ekki þörf og telji sjer þær byrði. Virðist því rétt að opna veg til að ljetta af jörðum kúgildaþunga, sem mörgum leiguliða er hvimleiður, þegar það verður gert landsdrotni að skaðlausu.

Með því að svo ítarlega hefir verið rætt og ritað um mál þetta á undan-

förnum þingum, þykir ekki þörf að fjölyrða um það að þessu sinni. En með skirskotun til þess, sem hjer er sagt, og áður er fram komið í málinu, er það tillaga meiri hluta nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. falli burt.
2. Upphaf 3. gr. orðist svo:
   Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem eigi er áskilin í byggingarbrjefi, en vill ekki hlíta ákvæðum 1. gr. um endurgjald fyrir hana. Skal hann þá tilkynna það landsdrotni, og gera honum kost á að líta eftir því, að jarðabótin sje vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta til dagsverka eftir gildandi reglum um það efni, jarðabætur þær, sem fráfarandi hefir gert á jörðinni samkvæmt þessari grein, og til fullra nytja hafa komið. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. fyrir hvert dagsverk. Arður sá o. s. frv, til enda fyrri liðs.
3. Seinni liður 3. gr. falli burt.
4. 4. og 5. gr. falli burt.
5. Tilvitnun í 6. gr. til 2. og 3. gr. verði: 1. og 2. gr.
6. Fyrir »meiru« í sömu grein komi: minna.
7. Fyrir »Kúgildaleiga« í sömu grein komi: Kúgildaleigan.
8. Upphaf 8. gr. orðist svo:
   Með lögum þessum er úr gildi numin 20. gr. í lögum o. s. frv., til enda greinarinnar.

Alþingi, 8. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Eggert Pálsson, formaður. | Ólafur Briem, skrifari og framsögum. |
| Kristján Jónsson. | Sigurður Sigurðsson, (með fyrirvara). |

Ed. **322. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands (þingsk. 299).

Frá nefndinni.

Við 4. gr. a. Í stað »20—60« komi: 10—50.
b. » — »60—200« komi: 30—200.

Ed. **323. Breytingartillögur**

við frv. til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Frá Einari Jónssyni þm. N.-M.

1. Við 5. gr. Fyrir »eða líkið fundist — — — tilkynt« í 3. málsgr. komi: eða líkið hefir fundist, en löggæslumanni ekki verið tilkynt.
2. Við 6. gr. Eftir orðin: »líkið fanst« komi: eða var fyrst til bæja flutt.
3. Við 7. gr. Fyrir orðin: »Hann skal kveðja lækni með sjer«, komi: Ef um nýdáinn mann er að ræða, eða eitthvað þykir tortryggilegt um dauða þess, er lík finst af, þó að langt sje liðið frá láti hans, — enda sje lík eigi svo rotnað, að engri ransókn verði við komið — þá skal löggæslumaður kveðja lækni til.

Ed. **324. Frumvarp**

til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar að gera samþykt um síldveiði með hringnót á Eyjafirði innan línu, er hugsast dregin um Eyjafjörð þveran, þannig að hún snerti nyrðri enda Hríseyjar.

2. gr.

Þegar sýslunefndunum eða bæjarstjórn Akureyrar þykir þörf á, eða fá óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum, eður úr Akureyrarkaupstað, að gera samþykt, skal með nægum fyrirvara kveðja til fundar fyrir svæði það, er samþyktin skal ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir þeir, er kosningarrjett eiga til alþingis á nefndu svæði. Oddvitar sýslunefndanna og bæjarstjórnar boða fundinn, ákveða fundarstað og sjá um fundarstjórn.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt samkæmt 1. gr. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, skal það sent stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það

breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefndirnar og bæjarstjórnin fallast á þær. En vilji þær ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný á því árl.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

Samþykt, sem gerð er samkvæmt lögum þessum, gildir eigi lengur en 5 ár í senn, en endurnýja má samþyktina fyrir jafnlangan tíma á sama hátt og hún hefir verið sett.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir alt að 500 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skulu renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **325. Frumvarp**

til laga um umboð þjóðjarða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, öðrum en þeim, er standa undir umsjón sýslumanna.

2. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á þjóðjörðum þeim, er hann hefir um-

ráð yfir. Þó skal bygging þeirra því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

3. gr.

Þjóðjarðir skulu að jafnaði bygðar æfilangt. Eftirgjald þeirra (landskuld og kúgildaleigur), svo og lóðargjöld og rekaleiga, skal ákveðið í peningum, og gjalddagi 31. desember ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, skal ávalt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 100 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

4. gr.

Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að þjóðjarðir sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefir og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þetta.

5. gr.

Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld þjóðjarða þeirra, er hann hefir umráð yfir, og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þær í landssjóð. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.

6. gr.

Nánari ákvæði um umboð þjóðjarða skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og umboð þjóðjarða losna, þó svo, að 3. gr. komi til framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eigi síðar en við næstu leiguliðaskifti á jörðunum.

Nd. **326. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr. laganna orðist þannig:

Hverjum þeim, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn:

1. Að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi fullkomið lagapróf, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eiga að skipa, sbr. lög nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, 33. gr., og lög nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands til embætta.
2. Að hann hafi, að loknu fullnaðarprófi, fengist í 3 ár við málfærslustörf, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu málaflutningsmanns, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lögfræðisprófs er krafist til, eða unnið á skrifstofu við slík embætti. Þó nær ákvæði þetta eigi til þeirra lögfræðisnemenda, er ljúka fullnaðarprófi við Háskóla Íslands innan 4 ára eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.
3. Að hann fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess, að geta fengið embætti hjer á landi.

Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal, áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirrita eiðstaf um, að hann skuli flytja þau mál, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samviskusemi.

Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

Nd. **327. Frumvarp**

til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það

stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertíð hverja alt að tveggja króna gjald af hverjum hlut á opnum skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu.

6. gr.

Gjald það, er ræðir um í 5. gr., greiðist af óskiftum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþyktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins og reikningaskil, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám, án undanfarins dóms eða sáttar.

Ed. **328. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 kr Innan þess tíma má ekki verja öðru til árlegra útgjalda en vöxtum af sjóðnum.

Árgjaldið úr landssjóði fellur niður þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr.

2. gr.

Kennarafjelagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri, styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Nd. **329. Breytingartillögur**

við frv. til laga um rafveitu.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Í stað »og (eða)« komi: eða.
2. — 2. — Í stað »(sbr. þó lög 10. okt. 1905 um ritsíma og talsíma o. fl., 11. gr.)« komi: (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905).

Nd. **330. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 7. tölulið í 2. gr. laga 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands bætist inn í nýir töluliðir, er hljóða þannig:

8. Talsímalínan Sauðárkrókur—Siglufjörður. Jafnframt falli burtu 8. töluliður í 3. gr. sömu laga og eftirfarandi töluliðir þeirrar greinar breytast samkvæmt því.

9. Ísafjörður—Patreksfjörður. Jafnframt falli burt 10. töluliður í 3. gr. sömu laga.

2. gr.

Í 7. gr. sömu laga bætist aftan við 1. málsgrein: sbr. þó 8. gr.

3. gr.

Í 8. gr. sömu laga bætist við á eftir orðunum: »þó ekki lengri en 30 árum« ný málsgrein svohljóðandi: Áfallna vexti og afborganir af láni þessu eða lánum skal greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum er varið til annars.

4. gr.

9. gr. sömu laga orðist þannig:

Það skal ávalt vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almeningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna um 5 ár eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landsímastöðvar og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppar við stofnun venjulegrar talsímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í reksturskostnaðinum, er útrunnin, á það að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn taki að sjer og ábyrgist starfræksluna fyrir 10—50 kr. ársþóknun, ef stöðin er 3. flokks stöð með tveggja klukkustunda daglegum starfstima, en fyrir 30—200 kr. ársþóknun, ef starfstími stöðvarinnar er 6 klukkustundir daglega og stöðin er 2. flokks stöð.

Upphæð ársþóknunar til talsímastöðvanna ákveður landsstjórnin fyrir hvert einstakt tilfelli innan þeirra takmarka, sem sett eru í þessari grein, þó getur ársþóknunin orðið ákveðin hærri eða lægri, ef alveg sjerstaklega stendur á.

Til ársþóknunar telst ekki þóknun sú, er stöðvarnar nú fá fyrir burtfarin símtöl og símskeyti eftir þeim reglum, er hingað til hefir fylgt verið.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Nd. **331. Frumvarp**

til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, sem hjer fara á eftir, þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

»Mannskaði« er það, ef maður deyr voveiflega.

»Voveiflegur dauðdagi« er bráður bani, er hlýst af einhverri annari orsök en undanförnum sjúkdómi, hvort heldur um slys er að ræða, eða sjálfsmorð, eða manndráp.

»Á landi« er talið að þeir farist, sem bíða bana á þurru landi, eða í ám, eða vötnum, eða sjó, ef þeir fara af sjávarbakka í sjóinn.

»Á sjó« er talið að þeir farist, sem deyja voveiflega á skipi, eða drukna af skipi á sjó.

»Skip« merkir hvern þann farkost, er flýtur á sjó.

»Skipstjóri« er sá, er ræður fyrir skipi á sjó.

»Löggæslumaður« er sá maður í hverri sveit, er samkvæmt þessum lögum á að rannsaka fundin lík, og dauðdaga þeirra, er deyja voveiflega.

»Sveit« merkir kaupstað eða hrepp.

2. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarfógeti vera löggæslumaður. Í hverjum þeim hreppi, þar sem sýslumaður býr, skal hann vera löggæslumaður; í öllum öðrum hreppum eru hreppstjórar löggæslumenn.

3. gr.

Ef maður deyr voveiflega á landi í annara manna viðurvist, þá skulu þeir tafarlaust tilkynna látið löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem maðurinn ljest, eða í þeirri fyrstu sveit, er þeir koma í, ef mannskaðinn varð í óbygðum. Bera þeir hver um sig ábyrgð á, að tilkynningin sje tafarlaust gerð.

Ef lík finst, þá skal sá er finnur tilkynna næsta löggæslumanni líkfundinn.

Ef maður hverfur og er talinn af, en líkið finst ekki, þá skal húsráðandi á því heimili, er maðurinn hafði síðast næturvist, tilkynna löggæslumanni hvarfið jafnskjótt sem líkur eru til, að maðurinn hafi farist.

4. gr.

Ef mannskaði verður á sjó, þá skal skipstjóri, ef hann er á lífi, en ella sá, er í hans stað gengur, tilkynna mannskaðann löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem þeir komu fyrst að landi.

Ef skip ferst og kemst engin af, þá skal sá löggæslumaður, sem skráð hafði skipverja til vátryggingar, taka mannskaðann til rannsóknar. Nú voru skipverjar ekki vátrygðir, og heyrir þá rannsóknin undir löggæslumann í þeirri sveit, þar sem skipið átti heima.

Þessi ákvæði koma ekki til greina, ef sjódómur rannsakar málið.

5. gr.

Hver og einn, er fær vitneskju um, að maður hafi dáið voveiflega eða lík fundist, og honum er kunnugt um að löggæslumanni hafi ekki verið tilkynt, skal skyldur að gera næsta löggæslumanni aðvart.

Ef læknir er beðinn um dánarvottorð, og finnur hann sönnur eða líkur fyrir því, að dauðdaginn hafi verið voveiflegur, eða líkið fundist, en löggæslumanni ekki skýrt frá því, þá skal hann synja dánarvottorðs að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart.

Ef prestur er beðinn að jarða lík, og veit hann eða grunar, að maðurinn muni hafa dáið voveiflega, eða líkið hefir fundist, en löggæslumanni ekki verið tilkynt, þá skal hann neita að jarðsyngja að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart; má prestur aldrei jarðsyngja fundið lík, eða lík manns, er dáið hefir voveif-

lega, fyr en honum er afhentur úrskurður löggæslumanns, er heimilar greftrun, og dánarvottorð frá löggiltum lækni.

6. gr.

Lík, sem löggæslumanni ber að skoða, má ekki flytja úr þeirri sveit, þar sem líkið fanst eða var fyrst til bæja flutt, fyr en löggæslumaður veitir skriflegt leyfi til þess.

7. gr.

Ef löggæslumanni er tilkynt, eða honum færðar líkur fyrir því, að einhver hafi dáið voveiflega, eða lík hefir fundist, sbr. 3. gr., þá skal hann rannsaka, svo fljótt, sem verða má, hvernig dauðann hefir borið að höndum. Hann skal grenslast eftir því, hverjir hafi síðast sjeð hinn látna á lífi, eða verið viðstaddir, þegar hann ljet lífið, eða fundið líkið; skal hann þegar spyrja þá af þessum mönnum, sem til næst í svipinn, hvað þeir viti um hinn látna mann og dauðdaga hans.

Löggæslumaður skal ráða því, hvar líkið er geymt, og hvernig um það búið. Hann skal kveðja lækni með sjer, og skulu þeir báðir í senn skoða líkið og læknir því næst kryfja það, ef þörf gerist. Löggæslumaður ræður því, hvort líkið er krufið, en það skal hann jafnan fyrirskipa, ef nokkur minsti vafi getur leikið á því, hvað manninum hafi orðið að bana.

Hjeraðslæknar skulu hafa á hendi rjettarlæknisskoðanir á líkum, og að jafnaði sá, sem skemst er til. Ef ekki næst til neins þeirra með hægu móti, má löggæslumaður heimta til þessa starfa hvern þann löggiltan lækni, sem völ er á.

Þegar líkrannsókn er lokið, skal læknir, gefa út dánarvottorð, en löggæslumaður leyfi til að jarða líkið.

8. gr.

Hver löggæslumaður skal skrá alla mannskaða og líkfundi, sem hann fær vitneskju um og rannsakar, í sjerstaka bók, og skal hún heita mannskaðabók.

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal hver löggæslumaður semja mannskaðaskýrslu fyrir liðna árið og senda hagstofunni.

10. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um rannsókn á mannsköðum og fundnum líkum, um mannskaðabækur og skýrslur.

Í þeim reglum skal meðal annars tiltaka, hvenær hreppstjórar, sem eru löggæslumenn, megi leiða rannsóknina til lykta, og hvenær þeim beri að fela málið á vald lögreglustjóra.

11. gr.

Landlæknir semur reglur og leiðbeiningar um rjettarlæknisskoðanir á líkum, um líkskurði og sjerstök dánarvottorð fyrir þá, er deyja voveiflega.

12. gr.

Brot gegn þessum lögum, eða reglum, sem settar eru eftir þeim, varða sektum, allt að 100 kr., nema hærri hegning sje við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð.

13. gr.

Kostnaður við rannsóknir samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði, sem kostnaður við lögreglumál.

Ed. **332. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum á þskj. 298.

Frá Einari Jónssyni þm. N.-M.

Við 2. gr. a. Fyrir: »bæjarstjórna . . . sýslunefnda« í 1. málsgr. komi: bæjarstjórna og sveitarsjórna (hreppsnefnda og sýslunefnda).
b. Aftan við: »hlut eiga að máli« í 2. málsgr. komi: svo og bæjarstjórnar, ef kaupstaður er í þinghánni.
c. Á eftir: »sveitarstjórna« í 4. málsgr. komi: og bæjarstjórnar.
— 6. gr. Fyrir: »á persónulegt varnarþing hans« komi: til varnarþings sjálfs hans.
— 9. gr. a. Fyrir: »getur og vill« í 2. málsgr. 1. l. verði: getur nje vill.
b. Fyrir: »muni rækja« í 4. l. komi: skuli rækja.
— 10. gr. Fyrir: »fjærstaddra« í enda gr. komi: fjærstaddra manna.
— 12. gr. Fyrir: »óforsvaranlega« á 2 stöðum í 2. lið komi: óhæfilega.
— 14. gr. Fyrir: »til dæmis af því, að enginn« í 2. l. komi: t. d., af því að enginn.

Nd. **333. Nefndarálit**

við frv. til laga um brt. á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Efri deild hefir hækkað vitagjald af skemtiferðaskipum um 5 aura á smálest, en eigi breytt frv. að öðru leyti.

Deildirnar greinir eigi á um nein höfuðatriði, heldur um nokkra aura í gjaldi, sem báðar vilja heimta. Leggur nefndin því til, að neðri deild samþykki nú frumvarpið óbreytt svo sem það er komið úr efri deild.

Alþingi, 8. ágúst 1913.

Jón Jónsson, (formaður). Bjarni Jónsson, frá Vogi, (skrifari). M. J. Kristjánsson.

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

Nd. **334. Breytingartillögur**

við frumvarp til girðingalaga, þgskj. 294.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar.

1. Við 9. gr. Í stað »þeirra« í fyrri lið komi: þeim.

2. — 9. — Síðari liðurinn orðist þannig:
Vilji maður girða beint og þarf til þess inn á annars manns land, en sá vill eigi samþykkja, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn meta, að eigi sjeu gildar ástæður til að banna girðinguna, og skulu þeir þá ákveða girðingunni stað og meta skaðabætur, ef meira sneiðist annað landið en hitt. Rjettur til annara afnota en engja og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skifti löndum til fullnustu.

3. — 11. — Fyrri liðurinn orðist þannig:
Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut eða fjallveg, nema hlið sje á fyrir veginum, og þarf til þess leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, en leyfi stjórnarráðsins, ef um flutningabraut, þjóðveg eða fjallveg er að ræða.

4. — 12. — Aftan við greinina bætist nýr liður svo látandi:
Sama gildir og um sleðabrautir að vetrarlagi og aðrar vetrarleiðir, sem nauðsynlegar eru til almenningsnota, eftir ákvæðum sýslunefndar, ef leið liggur um fleiri hreppa en einn, en eftir ákvæði hreppsnefndar, þegar um innanhreppsveg er að ræða.

Ed. **335. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um hallærissjóð (þingskj. 317).

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr.
Aftan við greinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
Eindagi á hallærisgjaldi er 15. dagur janúarmánaðar ár hvert fyrir það fardagaár, sem þá er að líða.
2. Við 6. gr., 1. málsgr:
Fyrir »gæslumann« komi: sjóðgæslumann.
3. Við 13. gr.
a) Á eftir: »samkvæmt 3. gr.«, í 3. málsgr. komi: að vöxtum meðtöldum.
b) Aftan við 2. málsgrein bætist: að vöxtum meðtöldum.
4. Við 16. gr.

a) Aftan við 1. málsgrein bætist:
til útbýtingar samkvæmt hallærissamþykt sinni.
b) Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má hjeraðið með leyfi hallærisvarnastjórnarinnar neyta sjereignar sinnar til að kaupa eða tryggja sjer varaforða, en það fje, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í hallærissjóðinn á ársfresti, nema það komi til útbýtingar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.
c) Milli »til« og »hjálpar« í 2. málsgr. komi: forðatryggingar eða.
d) Milli »hjeraði« og »bráðabirgðalán« í 2. málsgr. komi: vaxtalaust.

Nd. **336. Frumvarp**

til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

Niðurlagsákvæði 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, er skotið á frest til ársloka 1915.

Lán úr sjóðnum veitist eftir tillögum stjórnar Fiskiveiðafjelags Íslands.

Nd. **337. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

Frá meiri og minni hluta nefndarinnar.

Frumvarp þetta er fram komið, eftir óskum þeirra, er njóta eiga vaxtanna af gjafasjóði Jóns Sigurðssonar frá Böggversstöðum, og miðar að því, að ætið sje nægilegur kornforði innan hjeraðsins til þess að girða fyrir bjargarskort, þótt hafís loki höfnum og samgöngur teppist mánuðum saman. Þessi aðaltilgangur frumvarpsins verður meiri hluti nefndarinnar að játa, að sje mjög heppilegur, og jafnvel sjálfsagður, þegar á það er litið, að með því einu móti, kemur sjóður þessi, eða vextir af honum að verulegum notum, verði svo til hagað, að árlega sje sjeð um, og það í tæka tíð, að kornforðabirgðir sjeu til taks, ef á þarf að halda, enda er það ljóst, að sú hefir verið tilætlun gefandans.

Með hagkvæmri tilhögun álítum vjer, að svo mætti tryggingunni fyrir koma, að árleg útgjöld af vöxtum sjóðsins í þessu augnamiði þyrftu ekki að verða tilfinnanleg, á þeim árum, sem engin almenn harðindi eða neyð ætti sjer stað.

Annað atriði, sem í frumvarpinu er lagt til að breytt sje, er það, að allar fjárveitingar af vöxtum sjóðsins, sem veittar eru í því skyni, að koma í veg fyrir harðæri, sjeu veittar að tilhlutun og eftir tillögum sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórnar Akureyrar, en yfirstjórn sjóðsins sje þó eftir sem áður í höndum sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og hjeraðsprófastsins.

Þar sem þessar breytingar virðast ekki að neinu leyti hagga við þeim tilgangi gefandans, að gjöfin komi »í veg fyrir almenn neyðartilfelli af harðæri, svo liggi við mannadauða«, heldur miklu fremur sjeð um, að vilji gefandans geti orðið að framkvæmd, þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykt, og orðist samkvæmt eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU

Í stað »árstekjunum« til enda frumvarpsins, komi: verja megi árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, eftir tillögum sýslunefndar og bæjarstjórnar, til að koma í veg fyrir bjargarskort í harðæri.

Neðri deild Alþingis, 9. ágúst 1913.

M. J. Kristjánsson, (form.). Stefán Stefánsson, Eyf., (skrifari og framsögumaður).

Kristinn Daníelsson. Þorleifur Jónsson.

Frá minni hlutanum.

Minni hlutinn leggur til að frumvarp þetta verði felt af ástæðum þeim, er hjer skal greina:

1. Frumvarpið þykir ríða í bága við síðasta vilja gefanda, sem kemur meðal annars í ljós af því, að í gjafabrjefinu er svo ákveðið, að »í góðum árum og á meðan engin almenn neyð ber til» skuli leggja vextina við höfuðstólinn, en samkvæmt frumvarpinu má — árlega — þá einnig í góðum árum — eyða óákveðinni upphæð af vöxtum sjóðsins eða jafnvel þeim öllum.

Minni hlutinn lítur svo á, að ekki beri, án knýjandi ástæða, að bregða út af ákvæðum gjafabrjefa, hvort heldur þessa brjefs eða annara.

2. Minni hlutinn aðhyllist þá meginreglu, að ekki sje kipt úr vexti sjóða að nauðsynjalausu, en þeir látnir hækka, þar sem þess er kostur, svo þeir síðar meir geti orðið landinu að *verulegum* notum.

3. Ef yfirleitt er talið þurfa að breyta fyrirkomulagi sjóðsins, þykir eðlilegast, að hin umboðslega leið sje farin.

Alþingi, 8. ágúst 1913.

G. Eggerz.

Nd. **338. Lög**

um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði.

(Samþykt í Nd. 9. ágúst).

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja þjóðjörðina Reyki í Hrútafirði með sömu skilyrðum og aðrar þjóðjarðir.

Nd. **339. Lög**

um löggilding verslunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu.

(Samþykt í Nd. 9. ágúst.).

1. gr.

Í Karlseyjarvík og í Hagabót í Barðastrandarsýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar á hvorum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **340. Frumvarp**

til laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Einkamál og refsimál um þau efni, sem ræðir um í siglingalögunum, að undanskildum málum um rjettindi yfir skipum samkvæmt 2. kap. siglingalaganna, eiga undir sjódóm. Ennfremur eiga undir sjódóm mál út af vátryggingu á skipi, farmi og öðrum hagsmunum, sem vátrygðir eru gegn hættum á sjó, sjóferðaskýrslur, sjóferðapróf og vitnamál, ef nota á vitnisburðinn í máli, sem á undir sjódóm, svo og störf þau, sem á dómstólum hvíla að því er snertir skoðunar-, álits- og matsgerðir, er ræðir um í siglingalögunum.

Sjódóm skipa hlutaðeigandi hjeraðsdómari, og er hann formaður dómsins, og tveir menn aðrir, sem sjerþekkingu hafa á siglingamálefnum.

Nú er kröfu, sem samkvæmt framansögðu á undir sjódóm, lýst í bú, sem tekið hefir verið til opinberrar skiftameðferðar, og rís þræta um kröfuna, sem ekki snertir skiftin sjerstaklega, og á þá skiftaráðandi að vísa þrætunni til sjódóms, ef hann telur það nauðsynlegt vegna þess hvernig þrætunni er varið, eða einhver aðila krefst þess.

Frjálst er aðilum að semja svo um, að einkamál, sem samkvæmt þessari grein á undir sjódóm, skuli rekið fyrir og dæmt af venjulegum dómi.

2. gr.

Fastur sjódómur skal vera í kaupstöðunum, og má með konunglegri tilskipun leggja þær þinghár, sem næstar eru, að öllu eða nokkru leyti undir sjódóm kaupstaðarins. Ennfremur má með konunglegri tilskipun ákveða fastan sjódóm utan kaupstaða í þeim þinghám, þar sem kauptún er og sjávarútgerð, og má jafnframt ákveða, að fleiri en ein dómþinghá skuli vera ein sjódómsþinghá. Áður en skipað er sjódómaþinghám, skal þó ávalt leitað álits bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda, sem hlut eiga að máli, um takmörk þingháarinnar.

Ráðherra tiltekur hve margir skuli vera sjódómsmenn í sjódómsþinghá hverri, en leita skal áður um það álits sveitastjórna þeirra, sem hlut eiga að máli. Þó mega sjódómsmenn aldrei fleiri vera en 12 í neinni sjódómsþinghá.

Þá eina má tilnefna og skipa sjódómsmenn, sem eru 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, búsettir innan sjódómsþingháarinnar og hafa sjerstaklega þekking á siglingum, útgerð, vjelastörfum, vörum eða vátryggingarmálefnum.

Ráðherra skipar sjódómsmenn í tiltekinni röð, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna í sjódómsþinghánni, til 4 ára í senn, og má enginn kjörgengur maður skorast undan skipun, nema hann sje 65 ára að aldri eða ráðherra taki afsökun hans gilda. Sá, sem gegnt hefir sjódómsmannsstöðu að minsta kosti eitt kjörtímabil, má skorast undan endurskipun jafn langan tíma.

Hjeraðsdómari kveður tvo hinna skipuðu sjódómsmanna til að sitja í dómi um hvert mál, sem fyrir kemur; skal kveðja sjódómsmennina hvern af öðrum eftir útnefningarröð, og má hjeraðsdómarinn ekki bregða út af röðinni, nema nauðsynlegt sje vegna sjerþekkingar, er mál það, sem um er að ræða, útheimtir, eða forföll eða aðrar tálmanir banni þeim að sitja dóminn, sem næstur er í röðinni. Nú er þess ekki kostur, að útnefna nægilega marga sjódómsmenn meðal hinna skipuðu sjódómsmanna, og skal þá útnefnt samkvæmt ákvæðum næstu greinar.

Ef brugðið er út af rjettri röð við útnefning sjódómsmanna, eða gengið er fram hjá hinum skipuðu sjódómsmönnum, þá skal ástæðunnar til þess getið í þingbókinni.

3. gr.

Nú er ekki fastur sjódómur í þinghá, og þinghá sú hefir heldur ekki verið lögð undir sjódóm annarar þinghár, og skal þá tilnefna sjódómsmenn hvenær sem mál rís um þau efni, sem eiga undir sjódóm, fyrir það mál sjerstaklega. Hjeraðsdómarinn nefnir sjódómsmenn á þann hátt, sem tíðkast um dómkvaðning

manna. Það leysir ekki dómara undan að dómkveðja sjódómsmenn, að málsaðilar sjeu á einu máli um það, hverjir þeir kjósi að sitji dóminn, enda er dómara aldrei skylt að fara eftir tillögu málsaðila um mennina.

4. gr.

Áður en sjódómsmaður tekur til starfa í fyrsta sinn í sjódóminum, skal hann vinna drengskaparheit samkvæmt 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911 að því, að hann skuli rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann.

5. gr.

Fyrir starf sitt í sjódómi eiga hinir útnefndu sjódómsmenn 4 kr. kaup fyrir hvern dag, sem þeir sitja í sjódómi, eigi þeir heima í þeim kaupstað, kauptúni eða þorpi, þar sem sjódómur er háður. Eigi sjódómsmaður heima utan kaupstaðarins, kauptúnsins eða þorpsins, þar sem sjódómurinn er háður, ber honum auk þess 2 kr. í fæðispeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, sem dómarinn úrskurðar í einkamálum um leið og málinu er lokið, en í refsimálum úrskurðast reikningurinn á venjulegan hátt.

6. gr.

Sækjanda er frjálst að stefna útgerðarmanni á persónulegt varnarþing hans eða þar sem skipið á heima. Sama er um mál gegn skipstjóra eða skipshöfn út af skyldustörfum þeirra.

Nú á maður kröfu að heimta, sem skip eða farmur er að veði fyrir, og er skipið eða farmurinn kyrsett hjer á landi vegna kröfunnar, og má þá höfða mál til greiðslu kröfunni á þeim stað, þar sem kyrsetningin var gerð.

Mál út af ákvörðun eða skifting björgunarlauna, má höfða þar sem bjargað var eða þar sem björgunargóssið var flutt á land.

7. gr.

Sjódómur skal háður, þá er mál eru fyrir hendi, sem eiga undir sjódóm. Málshöfðanda eða gerðarbeiðanda ber að sýna formanni dómsins stefnu sína, eða beiðast sjódóms skriflega, og á hann í beiðninni að skýra frá efni málsins. Formaður ákveður þá fyrirtekt málsins með áritun á stefnuna eða beiðnina.

Formaður kveður jafnan meðdómsmenn sína til dómhaldsins. Þó skal hann ekki kveðja þá til dómhalds, ef líklegt er að áliti hans, að að eins verði lögð fram skrifleg skjöl og beðið um frest. Ennfremur má formaður einn taka við sjóferðaskýrslu, sem eigi má dragast og að áliti hans er ekki mikils varðandi, og byrja rannsókn, sem ekki má fresta, ef ekki verður náð til sjódómsmanna nægilega snemma.

Formanni ber að sjá um, að stefnan eða innköllunin sje birt hlutaðeigendum, ef gerðarbeiðandi óskar þess og greiðir kostnað þann, sem af því leiðir.

8. gr.

Stefnufrestur til sjódóms í einkamálum er bæði að því er kemur til málsaðila og vitna hinn sami sem til gestarjettar; sömuleiðis gilda sömu reglur sem í gestarjettarmálum um sáttir, fresti, dómsuppsögn og aðför. Í þessum málum má

ennfremur koma fram gagnkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar. Ákvæði N. L. 1—13—13 um skyldu til að stefna á ný vitnum, sem áður hafa gefið skýrslu um málið, þá er nýjum vitnum er stefnt, skal ekki gilda um sjódómsmál, sjóferðaskýrslur nje vitnaleiðslur, sem nota á í málum, sem eiga undir sjódóm. Reglan eftir N. L. 1—4—1, að óstefndur skuli vera ónefndur, gildir ekki um sjóferðaskýrslur.

Í málum milli skipstjóra og skipshafnar, eða útgerðarmanns og skipshafnar, mega málsaðilar ekki láta málflutningsmann mæta fyrir sína hönd, nema dómurinn leyfi.

Að öðru leyti gilda um sjómál almennar rjettarfarsreglur.

9. gr.

Formaður stjórnar öllum störfum sjódóms, og heldur þingbókina.

Ef þörf er á túlk, og enginn sjódómsmanna getur og vill túlka, þá skal kveðja til málfróðan mann til aðstoðar dóminum; skal sá maður staðfesta á þann hátt, sem lög nr. 29, 11. júlí 1911 um eiða og drengskaparorð mæla fyrir, að hann skuli rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann. Túlkur á borgun fyrir starf sitt; dómurinn ákveður borgunina, en gerðarbeiðandi greiðir.

10. gr.

Heimilt er sjódómi að taka við sjóferðaskýrslu, láta skoðunargerð og matsgerð á skipi og góssi fram fara og aðrar gerðir, sem að áliti dómsins ekki mega bíða, þó eiganda, vátryggjanda og öðrum þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, hafi ekki verið tilkynt gerðin. Hinsvegar skal þess gætt af dóminum, að hlutaðeigendur sjeu ávalt kvaddir til gerðarinnar, ef þeir eru staddir á staðnum, eða umboðsmenn þeirra, eða svo nærri, að auðvelt er að kveðja þá til, án þess gerðinni sje seinkað óhæfilega mikið, og gerðarbeiðanda eða dóminum var kunnugt um það. Nú næst ekki til hlutaðeiganda, og á dómurinn þá að gæta þess vandlega, að ekki sje gengið á rjett fjarstaddra manna.

11. gr.

Skipstjóri skal hafa með sjer skipsbækurnar, þá er hann gefur sjóferðaskýrslu, og ber dóminum að bera þær saman við afrit það, sem fylgja skal skýrslunni samkvæmt 45. gr. siglingalaganna. Fyrst tekur dómurinn við munnlegri skýrslu skipstjóra; síðan skulu leidd vitni þau, sem skipstjóri hefir með sjer eða dómurinn hefir stefnt til. Skal þess ávalt gætt, að enginn þeirra hlusti á skýrslu hinna.

Vitnin eiga, að því leyti sem auðið er, að gefa samfelda skýrslu um atvik þau, sem um er að ræða; ef nokkuð vantar á skýrsluna, eða hún er ógreinileg eða óákveðin, þá ber dóminum að spyrja vitnin sjerstaklega, og reyna þannig að fá áreiðanlega vitneskju um það, sem hver um sig hefir sjálfur komist að raun um. Áður en tekið er til að spyrja vitnin, ber dóminum að áminna vitnin alvarlega um sannsögli og um að leyna engu, og að brýna fyrir þeim þýðing staðfestingarinnar og lagahegning þá, sem þau verða að þola, ef þau bregða út af hinu sanna í nokkru atriði. Að jafnaði má ekkert vitnanna staðfesta framburð sinn, sbr. lög nr. 29, 11. júlí 1911, II. kafla, fyr en öll hafa borið.

12. gr.

Nú hefir íslenskt skip farist, eða skipshöfnin hefir yfirgefið það á hafi úti, eða það hefir farið á grynningar, svo að það komst ekki á flot aftur, nema með aðstoð annara eða með því að kasta fyrir borð eða höggva siglutrjen, eða það hefir beðið tjón af eldsvoða, eða rekist á annað skip og hlotið tjón af árekstrinum, eða það varð fyrir óhappi, sem mannsbani hlaust af, og skal dómurinn þá jafnframt sjóferðaskýrslunni halda próf til þess að reyna að komast fyrir orsakir óhappsins; próf þetta heldur dómurinn fyrir hönd hins opinbera með valdi því, sem dómar eiga við opinberar rannsóknir. Sjerstaklega skal það rannsakað, hvort orsakir óhappsins eru þær, sem nú skal greina:

1. Gallar á skipi, siglingaverkfærum þess, útbúnaði eða mannafla.
2. Gallar á fermingu skipsins, svo sem að skipið hafi verið ofhlaðið, eða farmurinn hafi verið hættulegs efnis, eða skift skakt niður í skipinu, eða óforsvaranlega búlkaður eða skorðaður, eða seglfesta hafi verið ónóg, óhæf, illa skift eða óforsvaranlega skorðuð.
3. Gáleysi eða hirðuleysi skipstjóra eða skipshafnar, eða skipstjóra eða skipshafnar annars skips.
4. Gáleysi eða hirðuleysi hafnsögumanns, gallar á sjóbrjefum eða vitum, sjómerkjum eða öðrum tilfærum, sem ætlaðar eru siglingum til öryggis.

13. gr.

Nú er ástæða til að gruna eftir því sem fram hefir komið við sjóferðaskýrslu eða sjóferðapróf, að um hegningarvert athæfi sje að ræða, og skal þá sjódómurinn fara með málið og dæma það, ef það á undir sjódóm samkvæmt lögum þessum, en að öðrum kosti senda stjórnarráðinu útskrift úr sjóferðaskýrslunni og sjóferðaprófinu með tillögum sínum til frekari aðgerða.

14. gr.

Nú eru einhver þau atvik fyrir hendi, sem um er rætt í 12. gr., og það kemur í ljós, að sjóferðaskýrsla hefir ekki verið gefin, af því að enginn þeirra, sem bar skylda til að tilkynna óhappið, hefir komist lífs af, eða óhappið hefir af öðrum ástæðum ekki verið rannsakað, og skal þá sjódómur rannsaka málið þar sem því verður best við komið. Þannig á rannsókn fram að fara á heimili skipsins, hafi það horfið, en ella að jafnaði þar sem skipið kemur til hafnar eftir óhappið, eða þar sem skipshöfn, skip eða skipsflak kemur á land.

15. gr.

Um áfrýjun dóma og úrskurða sjódóms fer eftir almennum lögum um áfrýjun.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914. Þau taka ekki til þeirra mála, sem stefnt er til dóms, nje þeirra gerða, sem tekið er til að framkvæma fyrir þann dag.

Ed. **341. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir (þingsk. 188).

Það er aftur og aftur viðurkent bæði víðsvegar úti um land og á alþingi, að árlegar baðanir á sauðfje hlytu að verða til mikilla hagsmuna fyrir sauðfjáreigendur, og þess vegna væri æskilegt að slíkar baðanir yrðu almennar.

Menn hafa talið, að með árlegum böðum á sauðfjenu yrðu þrif þess miklu betri en ella, að *aukin þrif og hreysti fjárins leiddi til fóðursparnaðar og aukinna afnota*, og að *sennilegt væri að slík böð gætu átt góðan þátt í útrýmingu fjárkláða* úr landinu.

Alt eru þetta mikilvæg atriði, og nefnd sú, er háttvirt deild fól mál þetta til athugunar, er þeirrar skoðunar, að sú verði reynslan, að vonir manna um góðan árangur af böðununum rætist, og því eigi þær að verða almennar um land alt.

En þá kemur til athugunar um leiðina, sem fara á til þess að fá því til vegar komið, að alt sauðfje á landinu verði baðað að minsta kosti einu þrifabaði á ári hverju.

Að þessu marki geta legið þrjár leiðir.

1. Eigin hvatir hinna einstöku fjáreigenda.
2. Samtök manna og samþyktir er ná yfir stærri eða minni svæði.
3. Almennar fyrirskipanir.

Um fyrstu leiðina er það að segja, að svo myndi hjer reynast, eins og oftast vill brenna við, að seint yrðu allir samferða. Skoðanir manna reynast misjafnar á ýmsum málum, og enginn efi er á því, að þær eru skiftar enn sem komið er um gagnið af böðun sauðfiár, og sennilegt að svo verði lengi. Þótt allmargir fjáreigendur baði nú fje sitt af eigin hvötum, og líklegt sje, að þeim sem það gera muni fjölga, þá er þó enginn efi á því, að lengi — ef ekki ávalt — myndu einhverjir láta það ógert. Og þeir mennirnir, sem ljetu fje sitt óbaðað yrðu tæplega þeir, er best þrifuðu fje og síst þyrftu þess með, að baða.

Það er þetta sem gerir, að allur þorri manna er þessari leið mótfallinn, og sem veldur því, að nefndin verður að telja hana ófæra. En þá kemur til athugunar, hvora hina leiðina heldur eigi að velja.

Samkvæmt þingsályktun, er samþykt var á Alþingi 1912, var því skotið til umsagnar fjáreigenda í öllum hreppum landsins, hvort þeir óskuðu eftir að samin yrðu heimildarlög um samþyktir um þrifaböð á sauðfje.

Út af þessu voru fundir haldnir síðastliðinn vetur í flestum hreppum landsins og málið rætt á þeim, en ályktanir fundanna síðan sendar stjórnarráðinu. Þessar fundarályktanir frá meira en 180 hreppum á landinu, hefir nefndin fengið frá stjórnarráðinu til yfirlits og athugunar ásamt yfirliti dýralæknisins í Reykjavík yfir það, hve margir hreppar óskuðu eftir heimildarlögum um samþyktir, og hve margir hreppar voru mótfallnir slíkum lögum. Í yfirliti dýralæknisins telur hann 140 hreppa með heimildarlögum en 40 hreppa á móti þeim. En með því að athugasemdir dýralæknisins við svör hinna einstöku hreppa gáfu til kynna, að á bak við samskonar svör lágu ólíkar skoðanir á málinu, þá yfirfór nefndin allar umsagnir hreppanna og flokkaði þeim á þann veg, sem eftirfarandi yfirlit sýnir.

YFIRLIT

yfir svör þau um sauðfjárbaðanir, sem komið hafa úr hreppum landsins:

| | Hreppar sem vilja sam-þyktar-lög | Hreppar sem vilja almenn lög | Hreppar sem telja alment bað og lög óþörf | Hreppar mótfallnir lögum um baðanir | Hreppar er enga ályktun taka og svör vanta frá | Hreppar alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Í Skaptafellssýslu | 4 | 1 | 4 | 3 | » | 12 |
| - Rangárvallasýslu | 7 | » | 2 | » | » | 9 |
| - Árnessýslu | 13 | 1 | 2 | » | » | 16 |
| - Gullbringu- og Kjósarsýslu | 6 | » | 1 | 1 | 4 | 12 |
| - Borgarfjarðarsýslu | 6 | 1 | 1 | 1 | 1 | 10 |
| - Mýrasýslu | 5 | 1 | 1 | » | » | 7 |
| - Snæfellsnessýslu | 6 | » | 4 | 2 | » | 12 |
| - Dalasýslu | 3 | 3 | 1 | » | 1 | 8 |
| - Barðastrandarsýslu | 7 | 2 | 2 | » | » | 11 |
| - Ísafjarðarsýslu | 8 | 2 | 2 | 1 | 1 | 14 |
| - Strandasýslu | 6 | » | » | » | 1 | 7 |
| - Húnavatnssýslu[1]) | 3 | 8 | » | » | 2 | 13 |
| - Skagafjarðarsýslu | 8 | 3 | 1 | 2 | » | 14 |
| - Eyjafjarðarsýslu[2]) | 9 | » | 2 | » | » | 11 |
| - Þingeyjarsýslu | 7 | 4 | 2 | » | 4 | 17 |
| - Norðurmúlasýslu | 7 | 2 | 2 | » | » | 11 |
| - Suðurmúlasýslu | 4 | 4 | 4 | 2 | » | 14 |
| Samtals | 109 | 32 | 31 | 12 | 14 | 198 |

1) Sýslunefndin óskar eftir almennum lögum.
2) Sýslunefndin óskar eftir heimildarlögum um samþyktir.

Samkvæmt þessu yfirliti hafa 109 hreppar viljað heimildarlög, eða svarað spurningunni játandi, sem lögð var fyrir þá, en 32 hreppar hafa viljað fá almenn lög, sem fyrirskipuðu baðanir um land allt, af því þeir óttast, að samþyktir komist ekki á alstaðar og heimildarlög verði því ekki að fullum notum. Af hreppunum, sem þá eru eftir, er meiri hlutinn böðunum meðmæltir og telja þau góð og gagnleg, en eru þó mótfallnir lögum um þetta efni eða telja þau *óþörf af því alment sje baðað* í viðkomandi hreppi. Þessir hreppar eru alls 31 að tölu. Af öllum þeim hreppum, sem ályktun hafa tekið um málið, eru það *einir 12 hreppar sem eru mótfallnir lagasetningu í þessu efni og ekki verður sjeð, að hlyntir sjeu böðun sauðfjár, en 172 hreppar sem böðun eru hlynntir og 141 af þeim hreppum vilja að alþingi semji lög um baðanir.*

Úr fáeinum hreppum vanta skýrslur eða þeir hafa enga ályktun tekið.

Af þessu er því auðsætt, að sauðfjáreigendur í landinu eru flestir þeirrar

skoðunar, að árleg böð á sauðfje eigi að verða almenn, og að mikill meiri hluti er því fylgjandi, að löggjafarvaldið styðji þá í því, að koma þessu á.

Í sambandi við það, sem hjer hefir sagt verið, vill nefndin láta þess getið, að ekki svo allfáir hreppar hafa vakið máls á, að nauðsynlegt væri, að stuðlað væri að því, að áreiðanleg og ódýr baðlyf gætu fengist. Þess skal og getið, að nokkrir hreppar hafa tjáð sig mótfallna eftirlitskostnaði.

Ályktanir þær, sem dregnar verða af umsögnum fjáreigenda víðsvegar um land alt eru þá þessar:

1. Allur þorri manna vill, að árleg þrifaböð verði almenn.
2. Mikill meiri hluti af öllum hreppum landsins óska eftir lögum um þrifaböðun.
3. Menn óska eftir, að fáanleg verði áreiðanleg og ódýr baðefni.

Nefndin lítur svo á, að þá verði næst farið vilja manna og óskum, ef sú leið er farin, að lögskipa árlegar baðanir á öllu sauðfje eins og fram á er farið í frumvarpinu. Það er augljóst, að engum þeim, sem vill baða, er nokkur þvingun sýnd með því, þó böðunin sje lögskipuð, og að öllum, sem vilja reyna, að koma á samþyktum um baðanir, er mikill vinningur í almennum lögum, því samþyktum verður ekki á komið, nema með talsverðum erfiðismunum og kostnaði. Hagnaðurinn af samþyktum er og tvísýnni, því naumast yrði þeim alstaðar komið á fyrst um sinn, en af því leiddi, að baðað og vel þrifað fje gengi saman við óbaðað fje og miður þrifað á ýmsum stöðum.

Nefndin efast því ekki um, að svör þeirra hreppa, er óskað hafa heimildarlaga um samþyktir, hefðu orðið játandi, þótt þeir hefðu verið spurðir um, hvort þeir óskuðu, að fyrirskipuð yrðu árleg þrifaböð. Að svo fáir hreppar hafa tekið þetta beinlínis fram, kemur af því, að spurningin lá fyrir eins og hún gerði.

Af ástæðum þeim, sem nú hafa verið fram teknar, hikar nefndin ekki við að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið, en leggur þó jafnframt til, að á því sjeu gerðar breytingar þær, sem prentaðar eru á þingskj. 342.

Um breytingarnar, sem nefndin leggur til, að gerðar verði og mestpart eru orðabreytingar, er ekki ástæða til að fjölyrða. Aðeins skal nokkrum orðum farið um tvær af breytingartillögum nefndarinnar.

Orðin, sem lagt er til að feld sjeu úr 3. gr., telur nefndin óþörf, af því hún telur sjálfsagt, að Búnaðarfjelag Íslands leggi alt kapp á að útvega svo góð baðlyf, sem frekast er unt, og leiti til þess ráða og aðstoðar fróðra manna um þau efni. Nefndin telur þetta því sjálfsagðara, sem það er ljóst, að hagurinn af böðununum verður mjög svo undir því kominn, hvernig baðlyfin reynast. Þess vegna vill nefndin taka það fram, að hún telur sjálfsagt, að baðlyfin verði *rannsökuð og reynd,* og við það tekið tillit til þess sjerstaklega, að þau sjeu *örugg til þrifa og afnotadrjúg, þægileg í meðferð og ódýr.*

Tillaga nefndarinnar um, að bætt sje inn í frumvarpið nýrri grein á undan 7. gr., byggist á því, að nauðsynlegt er að ákveða, hvernig að skuli fara í framkvæmd þessara laga, þegar fyrirskipuð eru böð til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum. Að slíkar fyrirskipanir verði gerðar, má telja líklegt, af því kláðinn ekki er aldauða, þótt lítið hafi á honum borið síðastliðinn vetur, eftir tilkynningum þeim að dæma, sem borist hafa til stjórnarráðsins, og nefndin hefir haft með höndum. Þegar svo ber við, getur verið ástæða til að fresta fram-

kvæmd laganna, og verður sú frestun þá að sjálfsögðu að vera ákveðin af stjórnarráðinu, eftir því, sem hæfilegt þykir.

Efri deild alþingis, 8. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Þórarinn Jónsson. (form.). | Jósef Björnsson. (skrifari og framsögum.). |

Steingrímur Jónsson.

Ed. **342. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir (þingskj. 188).

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr.
   Í stað orðanna »sínu sauðfje og því« komi: öllu því sauðfje.

2. Við 3. gr.
   a, Orðin »í samráði við dýralækna landsins« falli burt.
   b, Í stað orðanna »baðlyfjapantanir verði settar upp« komi: baðlyfin verði flutt.

3 Við 5. gr.
   a, Í stað orðanna »sjá um, að hver . . . . komist geti« komi: hver í sínu umdæmi annast útvegun baðlyfja og sjá um, að allir fjáreigendur í hreppnum eða kaupstaðnum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt svo snemma, að pöntun þeirra geti komist.
   b, Í stað orðsins »tafarlaust« komi: hið allra fyrsta.

4. Við 6. gr.
   a, Í stað orðsins »við« í næst síðustu línu komi: um.
   b, Í stað orðanna »yfir höfuð fylgja þeim« komi: og gæta þess, að reglunum sje fylgt.

5. Á eftir 6. gr. komi ný grein svohljóðandi, sem verði 7. gr.
   Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfje til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 40, frá 8. nóvbr. 1901, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

6. Við 7. gr.
   Greinin verði 8. gr.

Nd. **343. Frumvarp**

til laga um sjerstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson 1. þm. Eyf.

Öxnadalshreppur í Eyjafjarðarsýslu skal vera sjerstök dómþinghá, og skal þingstaðurinn vera að Þverá.

Nd. **344. Frumvarp**

til laga um hallærissjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Það er upphaf þessara laga, að stofna skal allsherjar sjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri, er hlýtst af hafís, eða eldgosum, eða öðrum stórfeldum orsökum.

Sjóðurinn skal heita hallærissjóður.

2. gr.

Hver maður á landi hjer, sem er fullra 20 ára, skal greiða iðgjald í hallærissjóð, karlmaður 1 kr., en kvenmaður 60 aura á ári, og heitir hallærisgjald.

Eindagi á hallærisgjaldi er 15. dagur janúarmánaðar ár hvert fyrir það fardagaár, sem þá er að líða.

3. gr.

Hallærissjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 40 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann það ár.

4. gr.

Þessir menn skulu vera í hallærisvarnastjórn, og hafa á hendi reikningshald hallærissjóðsins og geyma eignarskilríki hans: Forstjóri atvinnumálaskrifstofu stjórnarráðsins, formaður Búnaðarfjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á búnaðarþingi til 6 ára í senn, formaður Fiskifjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á fiskiþingi til 6 ára í senn.

Öllum tekjum hallærissjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum með þeim skilyrðum, sem landsstjórnin setur því til tryggingar, að fjeð glatist ekki og taka megi til þess, hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Hallærisvarnastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því, að afstýra hallæri.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir hallærisvarnastjórnina eftir tillögum Búnaðarfjelags og Fiskifjelags Íslands.

6. gr.

Stjórnarráðið, Búnaðarfjelag Íslands og Fiskifjelag skulu hvert um sig velja einn sjóðgæslumann til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka ársreikninga hallærissjóðsins, reikningsbækur hans og eignaskilríki.

Stjórnarráðið setur reglur fyrir sjóðgæslumennina.

Reikninga hallærissjóðsins skal jafnan leggja fyrir alþingi, endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka hallærisgjaldi á manntalsþingum fyrir sveitunga sína, en eiga tilkall til gjaldsins hjá þeim, sem gjaldskyldir eru.

8. gr.

Nú þykir sveitarstjórn óráðlegt að heimta sama gjald af öllum, og er þá rjett að hún jafni hallærisgjaldinu niður á þá, sem gjaldskyldir eru, eftir efnum og ástæðum, eða greiði það beint úr sveitarsjóði.

9. gr.

Hver húsráðandi skal greiða hallærisgjald fyrir þá, sem eiga lögheimili hjá honum og ekki greiða útsvar, og skal svo vera, þótt gjaldinu hafi verið jafnað niður samkvæmt 8. gr., en rjett á húsráðandi til endurgjalds hjá öllum öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum.

Nú er húsráðandi öreigi að dómi sveitarstjórnar, og á hún þá aðgang að gjaldanda sjálfum.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

10. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í tje manntalsskýrslur til afnota við útreikning og innheimtu hallærisgjalda

Gjaldskyldir eru þeir fyrir aldurssakir, sem voru fullra 20 ára um síðustu áramót á undan gjalddaga.

11. gr.

Hallærisgjöld má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og hafa hallærisgjöld sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

12. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta hallærisgjaldið á manntalsþingum og koma því til gjaldkera hallærisvarnastjórnarinnar.

13. gr.

Alt það fje, sem rennur úr landssjóði í hallærissjóðinn, samkvæmt 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það alt vera sjereign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn, að vöxtum meðtöldum.

Skrifstofukostnað hallærisvarnastjórnar skal gjalda af sameigninni.

14. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að hækka hallærisgjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upphaflega gjalds.

Nú á sýsla eða kaupstaður sjerstakan sjóð, sem eingöngu er ætlaður til hjálpar í hallæri, og getur þá stjórnarráðið veitt leyfi til að lækka hallærisgjaldið, ef hallærisvarnastjórnin mælir með því.

15. gr.

Í hverri sýslu skal sýslunefnd, en í kaupstað bæjarstjórn, gera samþykt um hagnýtingu þeirrar sjereignar, sem sýslan eða kaupstaðurinn á í hallærissjóðnum. Skal sú samþykt heita hallærissamþykt.

Þessum hallærissamþyktum skal haga eftir fyrirmyndum, sem hallærisvarnastjórnin semur, og þarf samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær öðlist gildi, en leita skal áður álits hallærisvarnastjórnar um hvert frumvarp.

Í þessum hallærissamþyktum má skipa fyrir um alt það, sem stjórnarráðið, eftir tillögum hallærisvarnastjórnarinnar, telur nauðsynlegt því til tryggingar, að hallærissjóðurinn komi að rjettum notum og verði ekki illa varið.

16. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í hallærissjóðnum til útbýtingar, samkvæmt hallærissamþykt sinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má hjeraðið með leyfi hallærisvarnastjórnarinnar neyta sjereignar sinnar til að kaupa eða tryggja sjer varaforða, en það fje, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í hallærissjóðinn á ársfresti, nema það komi til útbýtingar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki sjereign einhvers hjeraðs til forðatryggingar eða hjálpar í hallæri, og má þá stjórnarráðið með ráði hallærisvarnastjórnarinnar veita því hjeraði vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfje sjóðsins, gegn veði í hallærisgjaldi hjeraðsins.

Ef mikil óáran gengur um land alt og hallærissjóðurinn kemst í fjárþröng, þá má landsstjórnin, ef hallærisvarnastjórnin fer þess á leit, lána hallærissjóðnum fje úr landssjóði, eða útvega honum lán annarsstaðar, gegn veði í eigum og tekjum sjóðsins.

Nd. **345. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (þingskj. 142).

Frá nefndinni.

Í stað orðanna í 4. gr. »og ákveður alþingi«, komi: og ákveður löggjafarvaldið.

Nd. **346. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

Efri deild alþingis hefir gert nokkrar smávægilegar breytingar við frumvarpið og álítum vjer þær fremur til bóta.

Ráðum vjer því háttvirtri neðri deild til að samþykkja frumvarpið eins og það nú liggur fyrir.

Neðri deild alþingis, 9. ágúst 1913.

Kristinn Daníelsson, formaður. Matth. Ólafsson, skrifari.

Halldór Steinsson. Jón Jónsson. Tryggvi Bjarnason.

Nd. **347. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. Nóv. 1907.

Flutningsm. L. H. Bjarnason.

1. gr. orðist svo:

Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, enda hafi að minsta kosti 25 kjósendur mælt með kosningu hans. Stjórnarráðið setur nánari reglur um kosninguna eftir tillögum bæjarstjórnar.

Borgarstjóri hefir 4500 kr. á ári að launum og 1500 kr. í skrifstofufje, og greiðist hvorttveggja úr bæjarsjóði.

Nd. **348. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Nefndin hefir athugað og rætt fjármálin á 30 fundum, og sömuleiðis öll þau erindi, er komið hafa til þingsins snertandi fjárlögin, og ennfremur mörg skjöl, er stjórnarráðið hefir sent henni, snertandi frumvarpið. Eru athugasemdir þær, er hún leyfir sjer að gera við frumvarpið, á þessa leið:

Við 2. gr.

Nefndin telur tekjuáætlun stjórnarinnar varlega og er því samþykk, að varleg áætlun sje holl og heppileg. En nefndinni hefir þó virst óhætt eftir framkomnum upplýsingum um tekjurnar 1912 og útlitinu í ár, að áætla þessa liði lítið eitt hærri, sem sje:

| | |
|---|---|
| Aukatekjur ... ... ... ... ... ... ... ... ... | um 3000 kr. á ári. |
| Tóbakstoll ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 5000 — - — |
| Kaffi- og sykurtoll ... ... ... ... ... ... ... | — 5000 — - — |
| Ágjöld af verslun og veiting áfengis ... ... ... | — 2000 — f. árið. |

Loks er vörutollurinn. Þegar stjórnin samdi fjárlagafrumvarpið hafði hún að eins áætlun um þennan tekjulið bygða á verslunarskýrslunum fyrir árið 1910 og hlaut hún að vera mjög lausleg, þar sem verslunarskýrslurnar eru mjög ófullkomnar í því efni (um vöruþungann) og nú langt um liðið.

Stjórnarráðið hafði gert eftirgrenslun um, hve miklu áfallinn vörutollur, nemi um land alt í júnílok þ. á. og eftir umsögn skrifstofustjóra á 3. skifstofu nam hann ca. 200 þús. kr., þykir því nefndinni eigi óvarlegt, að áætla hann 300 þús. kr. á ári. Nemur þá áætlunarhækkun nefndarinnar í þessari grein samtals 128 þús. kr. fyrir bæði árin.

Við 4. gr.

Í sambandi við 1. og 2. lið vill nefndin geta þess, að henni hefir borist erindi frá Laugardalshreppi, þar sem farið er fram á uppgjöf á eftirstöðvum láns til Sogsbrúarinnar, 250 kr. (upphafl. 500 kr.). Nú með því að Grímsneshrepppi, sökum breytinga á vegalögunum 1907, var á þinginu 1911 veitt uppgjöf á hans hluta af Sogsbrúarláninu, þykir nefndinni rjett að verða við þessari ósk.

Í sambandi við 2. lið lætur nefndin þess getið, að ekki þyki næg ástæða til að taka upp þá nýbreytni að telja »afborganir af útlánum viðlagasjóðs« með árlegum tekjum landssjóðs, og leggur nefndin því til að 2. liður 4. gr. falli burtu.

Í sambandi við 5. lið vill nefndin taka fram, að hún væntir þess, að landssjóðsfje sje að öðru jöfnu ávaxtað í Landsbankanum fremur en annarsstaðar.

Við 5. gr.

Presturinn á Breiðabólsstað hefir í erindi til alþingis farið þess á leit, að sama athugasemd verði tekin inn í fjárlög nú (við 1. lið 5. gr.), sem er í gildandi fjárlögum viðvíkjandi árgjaldinu af prestakallinu, þess efnis að verja

megi árgjaldinu til jarðabóta á prestssetrinu. Með því að prestur hefir ekki einungis fullnægt skilyrðinu um túnasljettun, heldur hefir gert jörðinni til góða mjög mikið þar fyrir utan, þá leggur nefndin til, að svo sje gert.

Við 8. gr.

Nefndinni þykir rjett, að fjárlögin beri sem ljósast með sjer, þar sem taldar eru upp vaxtagreiðslur af landssjóðslánum, hvernig stendur á hverju láni um sig, og gerir því tillögur um nánari skýringar á því, teknar úr athugasemdum við stjórnarfrumvarpið. Skýringarnar í II. lið 3—4 falla því burt.

Við 11. gr.

Það er nú fengin reynsla fyrir því, að eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga í landhelgi getur komið að góðu haldi. En til þess hrekkur ekki upphæð sú, sem í frv. stendur, og leggur nefndin til, að hún sje hækkuð í 3000 kr. árlega.

Við 12. gr.

Sæmundur próf. Bjarnhjeðinsson hefir sótt til nefndarinnar um launaviðbót. Hann hefir nú verið læknir holdsveikrahælisins í 15 ár við sömu laun, og telur nefndin hann góðs maklegan fyrir starf sitt. Hún leggur því til, að laun hans persónulega sjeu hækkuð úr 2700 kr. í 3000 kr., og launaupphæð holdsveikraspítalans samkv. því.

Í frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 hafði stjórnin sett 3000 kr. upphæð til Vífilstaðahælisins, til þess að geta útvegað Röntgensáhöld. Var upphæð þessi feld við 2. umr. samkv. tillögum nefndarinnar. Nefndin hefir nú kynt sjer málið nánar, og vill eftir atvikum hækka styrkinn til hælisins f. á. fjárhagstímabilsins um jafnháa upphæð og farið var fram á í fjáraukalögunum til Röntgensáhaldakaupa, eða um 3000 kr.

Tvær konur, sem verið hafa við hjúkrunarnám hjer innanlands nærfelt 3 ár hvor, þær Hulda Matthíasdóttir frá Haukadal og Sigríður Sigurðardóttir á Vífilsstöðum, hafa sótt til Alþingis um utanfararstyrk, til þess að auka kunnáttu sína í hjúkrunarstörfum. Nefndin viðurkennir nauðsyn þess, að landið eigi sjálft á að skipa innlendum hjúkrunarkonum, sem hafi fengið þá mentun, sem venjulegt er að heimta af slíkum konum erlendis. Og þar sem umsækjendurnir hafa fengið góða vitnisburði og meðmæli, vill nefndin, að í þessu skyni sje veittar 800 kr. hvort árið, til jafnra skifta milli þeirra.

Við 13. gr. A.

Nefndinni þykir hækkun kostnaðarins í 3. lið (annar kostnaður) nokkuð há og stingur því upp á lítilsháttar lækkun, einkum með tilliti til þess, að launakjör póstmanna eru að öðru leyti talsvert bætt. Skrifstofukostnað póstmeistara vill hún ákveða samkvæmt hans eigin tillögu til stjórnarinnar, 6000 kr. Húsaleiga í Reykjavík virðist henni sæmilega há 2000 kr. í stað 3000 kr., úr því að prestaskólinn gamli verður ekki seldur, og er til töluverðra nota fyrir póst. Loks sýnist nefndinni sem 2500 kr. ætti að nægja til húsaleigu á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur. Þetta er nýr liður og því aukauppbót á núverandi launakjör póstafgreiðslumanna.

Eins og ráðgert var í nefndarálitinu um frumv. til fjáraukalaga fyrir 1912 og 1913, hefir nefndin tekið til ihugunar á ný pósthúsbyggingu í Reykjavík, og felst á ástæður stjórnarinnar fyrir því, að ekki verði hjá því komist, að koma upp nýju pósthúsi á næsta ári. En nefndin býst við, að í efri deild verði sett inn í fjáraukalögin fyrir 1912 og 1913, fullur helmingur hins áætlaða byggingarkostnaðar eða 35000 kr., og leggur því til að veittar verði í fjárlögunum f. á. 30000 kr.

Við 13. gr. B.

Nefndin telur laun verkfræðingsins orðin of lág, vill setja þau 3600 kr., og vill meiri hlutinn auk þess bæta við Jón Þorlákssón persónulega launaviðbót 400 kr. á ári, í notum þess, að hann hefir haft starfið lengi og vel á hendi.

Samkvæmt athugasemdum við stjórnarfrv. er áætlað að til þess að fullgera það, sem eftir verður í lok þessa árs af flutningabrautum, samkv. vegalögunum, þurfi um 460 þús. krónur. Hefir verkfræðingurinn lagt til við stjórnina, að af þessu væri tekið upp í fjárlög nú 125 þús. kr. og þar meðal annars fullgerðar 3 flutningabrautir, nfl. Borgarfjarðar, Eyjafjarðar og Reykdælabraut. Stjórnin hefir felt niður af þessum tillögum 20000 kr. til Eyjafjarðarbrautar og 20000 kr. til Grímsnesbrautar. Nefndin er sammála verkfræðingnum um það, að flýta fyrir flutningabrautunum sem mest að efni og ástæður leyfa, svo að þær komi sem fyrst í gagn, enda lendir þá viðhaldskostnaður þeirra á hjeruðunum. Leggur nefndin því til, að ofannefndar fjárveitingar til Eyjafjarðar- og Grímsnessbrauta verði teknar inn í frumvarpið. Með sama áframhaldi yrði þá þessum vegagjörðum lokið 1920 og þá hægt að snúa með meiri krafti að öðrum vegagjörðum landssjóðs.

Nefndinni hafa borist áskoranir um að taka nú í fjárlög fjárveiting til að byggja brú á Jökulsá á Sólheimasandi, samkv. lögum nr. 46 frá 11. júlí 1911. Stjórnin hefir ekki sint brú þessari í þetta sinn, en samkvæmt tillögum verkfræðingsins tekið í frumv. 70 þús. kr. til brúargjörðar á Eyjafjarðará. Nefndin lítur nú svo á, að með ofannefndum lögum sje meint það tvent, *að* brú skuli byggja á Jökulsá, og *að* hún skuli sitja fyrir öllum öðrum þjóðvegabrúm, þeim sem nálgast hana að kostnaði. Þess vegna er það tillaga nefndarinnar, að brúin í Eyjafjarðará bíði í þetta sinn, en brúin á Jökulsá komi í staðinn.

Þá leggur nefndin til, að lagt sje fram fje til brúargerðar á þjóðveginum yfir Langadalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu, 8000 kr. Mun brú þessi nauðsynleg, og hins að gæta, að lítið er lagt til vega að jafnaði í þessu hjeraði af landssjóðs hálfu.

Ýmsar áskoranir hafa komið til þingsins um það, að sinna þjóðvegunum meira en gert hefir verið um hríð. Að vísu er slíkt næsta örðugt á meðan bygging flutningabrautanna stendur yfir og ýmsar stærri brúargerðir. En nefndin hefir þó fallist á, að auka við þennan lið 13 þús. kr. hvort árið, eða alls 26 þús. kr. sem komi þannig niður:

| | | |
|---|---|---|
| Til | þjóðvegarins frá Eskifirði að flutningabrautinni yfir Fagradal | 6000 kr. |
| — | þjóðvegarins yfir Hróarstungu frá Lagarfljótsbrú ... ... ... | 10000 — |
| — | þjóðvegarins frá Akureyri til Bægisár (framhald á Þelamörk) | 5000 — |
| — | þjóðvegarins í Langadal í Húnavatnssýslu ... ... ... ... ... | 5000 — |

Er ætlast til að allir þessir vegir verði akfærir.

Þingmenn Gullbringu- og Kjósarsýslu fara fram á það við Alþingi, að greitt verði Gullbringusýslu, það sem á vantar, að landssjóður hafi lagt fram að helmingi til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Keflavík, um 8000 kr. Nefndin hefir athugað skuldbindingar landssjóðs í þessu efni, og kannast hún við, að samkvæmt álitsskjali fjárlaganefndar Nd. 1907 hafi sýslan mátt vænta helmingsframlags upp frá því. En það, sem áskortir að svo hafi verið, eru tæpar 5600 kr., og þessi upphæð leggur nefndin til að veitt verði.

Við 13. gr. C.

Tillögum um þann lið er frestað til 3. umr. eftir samkomulagi við samgöngumálanefnd.

Við 13. gr. D.

Landsímastjórinn hefir ritað nefndinni þess efnis, að hækka laun þeirra P. Smiths símaverkfræðings og Gísla Ólafssonar stöðvarstjóra um 400 kr. til hvors á ári. Nefndinni þykir sangjarnt að taka til greina erindi þetta að nokkru, og leggur því til að hvor um sig fái 200 kr. á ári, svo að launin hækki úr 2800 og 2400 upp í 3000 og 2600 kr., og að liðurinn III. 2 a. hækki um 400 kr.

Viðvíkjandi liðnum III. 2. b. Bæjarsíminn, hefir nefndin það að athuga, að samkvæmt sundurliðun í athugasemdum stjórnarinnar á liðnum (bls. 48) er talið: »til stjórnarkostnaðar 1400 kr.« Eftir upplýsingum frá landsímastjóra virðist svo, sem allmikill hluti af þessari upphæð gangi til hans fyrir stjórn bæjarsímans. Þetta álítur nefndin tæplega heimilt og heldur ekki sanngjarnt, eftir því, sem launakjörum landsímastjórans og verksviði er varið. Í tilefni af þessu leggur nefndin til að lækka lið þenna um 600 kr. á ári.

Í þessu sambandi vill nefndin geta þess, að hún hefir orðið vör við ýmsar talsvert rökstuddar kvartanir um þjónustu símatöðvanna í Reykjavík og Akureyri. Nefndin telur, að úr mörgum brestum mundi rakna, ef símþjónar væru skyldaðir til að segja notendum til nafns, og leggur til að stjórnin beini þeirri athugasemd til símastjóra, auk annara er líklegar kynnu að þykja til bóta.

13. gr. E.

Á þeim lið ræður nefndin aðallega til nokkurra breytinga á orðalagi og niðurskipun. Nefndin vill fyrst og fremst breyta fyrirsögn og athugasemd við laun umsjónarmanns vitanna, þannig að þótt launin verði nú talin með kostnaði vitanna, þá sje skylda hans eftir sem áður að veita *ókeypis* verkfræðilega aðstoð landsstjórn og hjeraðsstjórnum *við önnur fyrirtæki*, eftir því sem tími hans vinst til, og það því fremur sem hann fær aðstoðarmann.

Til skrifstofukostnaðar virðist nefndinni nóg að veita 1000 kr. fyrra árið í stað 1500 kr. Sömuleiðis leggur nefndin til, að færa liðinn »ýmislegt« niður um helming.

Þá hefir það og orðið niðurstaða í nefndinni, að færa formið á fjárveitingum til vitanna í sama horf og í gildandi fjárlögum, svo að það sjáist sundurliðað í sjálfum fjárlögunum eins og áður, hvað hverjum vita er ákveðið.

Nefndinni hafa borist erindi frá mörgum skipstjórum á íslenskum skipum, um það, að viti á Straumnesi væri mjög nauðsynlegur og ætti að sitja

fyrir öðrum vitum. Væntir nefndin þess, að stjórnin taki þann vita upp í næstu regluleg fjárlög.

Við 14. gr. A.

Þinginu hefir borist beiðni frá prestsekkju Guðrúnu J. Jóhannesdóttur, fyr á Bergsstöðum í Svartárdal, um 600 kr. árlega hækkun á eftirlaunum. Hún varð ung ekkja fyrir 18 árum síðan, fjelitil með 4 syni, hinn elsta á 4. ári. Stundar nú elsti sonur hennar nám við Kaupmannahafnarháskóla, hinn næsti að aldri tekur próf á næsta vori frá mentaskólanum, sá þriðji hefir tekið gagnfræðapróf við sama skóla, en sá yngsti er vanfær sökum heilsubrests. Nefndin hefir rætt um þetta erindi við biskup og hefir þá jafnframt fengið upplýsingar um mjög bágan hag fleiri prestsekkna, er hafa mörg börn í ómegð. Leggur því nefndin til eftir samráði við biskup, að liðurinn A. b. 3. í þessari grein hækki um 1000 kr. á ári og að nefnd prestsekkja, Guðrún J. Jóhannesdóttir, njóti þar af 500 kr. hvort árið.

Fjárveiting til þess að gera við dómkirkjuna í Reykjavík. Brjefinu fylgir ítarleg skýrsla frá Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara, ásamt áætlun um aðgerðina, þar sem færð eru gild rök að því, að kirkjan sé í hættu stödd, ef ekki er aðgert, og að óhjákvæmileg aðgerð geti eigi kostað öllu minna, en áætlun hans tiltekur. Nefndin sjer eigi önnur úrræði en að fje sje veitt til þessa nú í fjárlögum.

14. gr. B. I.

*Háskólinn.* Launin eru í frv. tiltekin of lág til þess að fullnægja háskólalögunum, og vill nefndin lagfæra það með 100 kr. hækkun f. á. og 400 kr. s. á.

Til bókakaupa fyrir læknadeildina 5000 kr. og heimspekisdeildina 2000 kr., þykir nefndinni fullmikið tiltekið. Þótt hún kannist við, að hjer muni þurfa talsverðar umbætur á, virðist henni að minna mætti gagn gera. Leggur hún því til, að lækkað sje um 1000 kr. á fyrri staðnum og 500 kr. á þeim síðari.

Erindi hafa nefndinni borist viðvíkjandi fjárveiting til starfrækslu Röntgensáhaldanna, sem háskólinn fær. Felst nefndin á, að ekki verði hjá sliku komist, og hefir leitast við að kynna sjer, hve miklu slíkt starf mundi nema. Leggur hún til að veittar sje 1000 kr. árlega til þessa, enda ætti að nota þá fjárveitingu jafnframt til styrktar nýjum lækninga sjerfræðingi.

Augnlæknir Andrjes Fjeldsted hefir óskað þess, að jafnframt Röntgensáhöldum væri til svokallaður »risasegull«, til þess að draga út járnflísar úr auga. Færir hann það meðal annars til, að segullinn verði þá settur í samband við rafmagnsstöð Röntgensáhaldanna. Nefndin leggur til að upphæð sú, 180 kr., sem augnlæknirinn tiltekur í þessu skyni, verði veitt. —

Við 14. gr. B. II.

*Mentaskólinn.* Frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir alþingi um breyting á launalögunum, er nú fallið, eins og kunnugt, en bending er í álitsskjali nefndarinnar í launamálinu um það, að ástæða mundi vera til, að veita núverandi kennurum mentaskólans persónulega launaviðbót. Þessa bendingu álítur nefndin rjettlátt að taka til greina, enda fengið málaleitan í þá átt frá

hlutaðeigendum. Hún leggur því til, að hækka launin samtals um 1800 kr. á ári, sem skiftist sem persónuleg launaviðbót á milli kennaranna þannig:

| | |
|---|---|
| til yfirkennara ... ... .. ... ... | 200 kr. |
| — 1. adjunkts ... ... ... .. ... | 200 — |
| — 2. — ... ... ... ... ... | 200 — |
| — 3. — ... ... ... ... ... | 400 — |
| — 4. — ... ... ... ... ... | 400 — |
| — 5. — ... ... ... ... ... | 400 — |

Nefndinni þykir rjettara, að sjerstök fjárveiting sje til söngkennara, eins og leikfimiskennara, svo sem að undanförnu hefir verið, 600 kr. á ári.

Nefndin leggur til, að veitt sje fje til 2 fastra aukakennara við skólann, og hefir þar fyrir augum þá tvo, Böðvar Kristjánsson, sem hefir verið fastur aukakennari við skólann undanfarið, og Jón Ófeigsson. Nefndin lítur svo á, að hvorugan þessara manna mætti missa frá skólanum, og leggur því jafnframt til, að þessir kennarar hafi 2000 kr. að launum hvor, svo að liðurinn hækki upp í 4000 kr. hvort árið.

Við þessa tilhögun, svo og það, að söngkensla ekki greiðist af tímakensluliðnum (II. 5) hlýtur sá liður að lækka, og leggur nefndin til, að hann sje settur 4500 kr. hvort árið.

Út af liðnum til kenslubóka (II. 11) sem lengi hefir staðið í fjárlögunum, en verið lítið og stundum ekkert notaður, finnur nefndin ástæðu til að ýta undir stjórnina um aðhald að kennurunum um útgáfu íslenskra kenslubóka.

Við 14. gr. B. III.

*Gagnfræðaskólinn á Akureyri.* Fyrsti kennari Þorkell Þorkelsson hefir sótt um launahækkun og færir til meðal annars, að hann hafi í fyrstu sótt um skólaembættið í þeirri föstu trú, að laun sín yrði hækkuð, þá er sýnt væri, að hann væri fær um starfið og rækti það vel. Nefndin vill verða við þessari málaleitun að nokkru, með skýrskotun til nýframfarinnar hækkunar á launum 2. kennara, og leggur því til að launaliðurinn hækki um 200 kr. á ári, er sje persónuleg launaviðbót við nefndan kennara.

Nefndinni virðist óþarflega há fjárveiting áætluð til eldsneytis og ljósa, og vill því færa hann niður um 200 kr. á ári, enda stendur til gagngjörð umgjörð á skólahúsinu.

Samkvæmt þeim skjölum, er fyrir liggja, virðist það ljóst, að mikla og gagngerða aðgerð þurfi á skólahúsinu strax og því verður við komið til viðbótar því, sem þegar er gert. Áætlun var gerð um nauðsynlega viðgerð og umbætur hússins, og nemur hún alt að 12000 kr. Af þeirri upphæð er þegar tekið upp í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1912 og 1913 4800 kr. Fer það því sem næst 8000 kr., sem áætlað er, að til þessa þurfi í viðbót, og leggur nefndin til, að sú upphæð sje veitt fyrra árið.

Við 14. gr. B. IV.

*Kennaraskólinn.* Nefndinni hefir borist erindi frá Dr. fil. Guðm. Finnbogasyni um 1500 kr. til aukakenslu á kennaraskólanum, til þess að fyrsti kennari skólans, Dr. Björn Bjarnason, sem sökum veikrar heilsu getur ekki haldið uppi kenslu næsta vetur, geti haldið launum sínum óskertum til fram-

færis sjer og sínum. Af sömu ástæðum og nefndin hefir tekið fram í álitsskjali sínu um frv. til fjáraukalaga fyrir 1912 og 1913 er hún þessu sinnandi. En hún telur víst, að fá megi tímakenslu, er fullnægi í þessu tilliti fyrir 800 kr. um skólaárið (6 mánuði), og leggur því til að fjárveiting til tímakenslu fyrra árið sje hækkuð um þessa upphæð, eða upp í 2000 kr.

Við aukakennara skólans, Jónas Jónsson frá Hriflu, vill nefndin bæta persónulegri launaviðbót, 400 kr. á ári, samkvæmt umsókn hans. Nefndur kennari hefir fengið hin bestu meðmæli í þessu efni frá skólastjóra og fræðslumálastjóra, og auk þess fært góð rök fyrir beiðni sinni. —

Við 14. gr.

*Bændaskólarnir.* Nefndinni virðist rjett, að færa þessa skóla og sömuleiðis fjárveitinguna til Eiðaskólans úr 16. gr. inn í kenslumálagreinina, með því skipulagi óbreyttu í fjárveitingunum, sem þeir hafa í frumv. Viðvíkjandi því, sem veitt er til smíðakenslu og smíðaáhalda í Hólaskóla, vill nefndin taka fram, að hún væntir þess, að skólinn njóti arðs af smíðunum.

Nefndin vill í þessu sambandi vekja athygli stjórnarinnar á því, hvort ekki myndi eftir atvikum nauðsyn á að fá jörðina og skólabúið á Hólum í Hjaltadal í hendur skólastjóra, ef hann vildi taka við því, eða útvega mann, sem hefði kraft og aðrar ástæður til að reka þar fyrirmyndarbúskap, bæði í jarðabótum og sauðfjárrækt, svo að nemendur skólans gætu notið þar verklegrar tilsagnar í búnaði.

*Iðnskólarnir og verslunarskólinn í Reykjavík.* A sama hátt vill nefndin, að fjárveitingarnar til þeirra flytjist úr 16. gr. í 14. gr. Í þessu sambandi vill nefndin benda á viðvíkjandi iðnskólanum í Reykjavík, að upphaflega var skólinn stofnaður af Iðnaðarmannafjelaginu þar, með styrk í fjárlögum, sem því var veittur, og stöðugt síðan hefir fjelaginu verið veitt fjeð, sem styrkur til skólans. Nú sjest ekki á reikningum skólans, að nefnt fjelag leggi honum nokkurn fjárstyrk, en tekur hins vegar um 2100 kr. í húsaleigu af skólanum árlega. Má til samanburðar taka kvennaskólann í Reykjavík, sem hefir að þessu greitt 2300 kr. í ársleigu fyrir húsið alt, og eru þar þó nærri þriðjungi fleiri nemendur, 25 heimavistir, íbúð fyrir forstöðukonu og eldhús fyrir matreiðslukenslu.

Fjárveitingin til matreiðsluskólans á Ísafirði ætlast nefndin ennfremur til, að færist úr 16. gr. í 14. gr. og upphæðin óbreytt.

Framanritaðir liðir úr 16. gr. ætlast nefndin til, að sje merktir rómverskum tölum, og á sama hátt liðirnir A. B. C. D. E. og F. undir höfuðliðnum VII. í 14. gr. frv. í áframhaldandi röð. Með þessu móti fæst betra yfirlit yfir kenslumálakostnaðinn, enda ljettara að koma fyrir breytingartillögum við undirliðina og að rúma þá í frumvarpinu tvídálkaða. Þó verður hjer á eftir vísað á þessa liði með þeim merkjum sem þeir hafa í frumvarpinu.

Við 14. gr. B. VII.

*Kvennaskólarnir.* Fjárlaganefndin leggur til, að við *Kvennaskólann í Reykjavík* sje bætt 700 kr. hvort árið, vegna hækkandi húsaleigu skólans. Hann hefir sem sje haft 5 ára leigusamning um skólahúsið, sem nú er úti, og eigi kostur á húsrúmi, nema leigan hækki úr 2300 kr. í 3000 kr.

Geta má þess, að samkvæmt reikningi þessa skóla fyrir skólaárið 1911 — 1912 virðist nokkuð vanta á, að áskildar 1500 kr. hafi greiðst skólanum annarstaðar frá. Samkvæmt því virðist stjórnin eigi hafa haldið strangt á skilyrðinu sem fjárveitingunnni var sett, og er bent á það hjer til athugunar eftirleiðis.

Um kvennaskólann á Blönduósi sjest engin skýrsla nje reikningur, svo nefndin sjer ekki hvort hann fullnægir skilyrðum fyrri fjárveitingum þeim, sem hann hefir fengið. Má ekki minna vera, en að stofnanir, sem að miklu eða öllu lifa á landssjóði, láti slíkar skýrslur Alþingi í tje.

*Almenn barnafræðsla.* Nefndinni virðist full nauðsyn á að fjárveitingarnar til barnaskóla og farskóla sje eins háar og fræðslumálastjórnin hefir lagt til við stjórnina, 30,000 og 20,000 kr. árlega. Samkvæmt brjefi hans til stjórnarráðsins 6. nóv. f. á. hefir allur fræðslukostnaður á landinu veturinn 1911—1912 numið:

| | | |
|---|---|---|
| til Barnask. í kaupstöðum ... ... ... ... ... ... ... ... | Kr. | 59225.90 |
| — — utan kaupstaða ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 59205,43 |
| — farskóla og eftirlits með heimakenslu... ... ... ... ... | — | 56395,77 |
| Samtals | Kr. | 174827,10 |

Líklega fer kostnaður þessi vaxandi, svo að þátttaka landssjóðs með ofannefndum fjárveitingum fer ekki mikið fram úr ¼ til jafnaðar.

Þótt nefndin sje stjórninni sammála um verðleika fræðslumálastjórans, og sje því fús á að veita honum persónulega launaviðbót, virðist nefndinni 600 kr. viðbót mega nægja og leggur til, að liðurinn B. 7. a. færist niður um 400 kr. á ári.

*Unglingaskólann* á Seyðisfirði vill nefndin bæta við 300 kr. árlega, og gera hann jafnan Ísafjarðarskólanum.

Við 14. gr. B. VIII.

Nefndinni virðist nauðsyn að efla sem mest sundkenslu í landinu og leggur því til, að við liðinn VIII. b. sje bætt 300 kr. hvort árið.

Leikfimiskennari Björn Jakobsson sækir um styrk sem leikfimiskennari í Reykjavík. Hann færir rök að því, að leikfimiskensla hjer sem aðalstarf geti ekki borið sig styrklaust, en hún þurfi þó að vera stunduð einmitt þannig. Maður þessi hefir hina bestu vitnisburði fyrir leikfimiskunnáttu, og vill nefndin veita honum sama styrk og fröken Ingibjörgu Guðbrandsdóttur eða 450 kr. á ári og með líku skilorði, að því er utanbæjarpilta snertir.

Við 15. gr.

Það hefir orðið niðurstaða í nefndinni, að ráða til að fella 32. lið greinarinnar til dr. Guðm. Finnbogasonar 600 kr. á ári, en í þess stað auka laun hans sem 1. bókavarðar við landsbókasafnið um 500 kr. á ári.

Sömuleiðis hefir nefndin samþykt að hækka 26. lið: Til Jóns Ólafssonar rithöfundar upp í 3000 kr. á ári, samkvæmt umsókn hans og meðmælum ýmsra íslenskumanna, þar á meðal prófessors B. M. Ólsens og Pálma Pálssonar íslenskukennara. Í umsókninni sækir hann um þennan styrk sem 1. og 2. greiðslu af jafnháum styrk í 7—8 ár, til þess að semja til fulls og búa undir prentun orðabók þá í íslensku, sem hann hefir haft styrk til að

undanförnu. Skuldbindur hann sig til að hafa engin önnur launuð störf með höndum, meðan hann nýtur styrksins.

Nú hefir Jón Ólafsson haft á hendi *spjaldskrársamningu* í Landsbókasafninu að undanförnu og fellur þá starf það niður, enda eftir því, sem nefndin veit best, eigi til sem stendur neinn, sem getur haldið þessu starfi áfram. Þess vegna ræður nefndin til að fella burtu liðinn 1. g.

Nefndin getur ekki fallist á að veita 2000 kr. til verndunar hins forna þingstaðar á Þingvöllum, nema greinileg áætlun um kostnaðinn lægi fyrir. En svo er ekki. Leggur hún því til, að fjárveiting þessi bíði að sinni, og liðurinn 3. g. falli burt.

Þar á móti vill hún veita bóndanum á Keldum í Rangárvallasýslu 300 kr., til þess að hressa við hinn forna skála þar. Fornmenjavörðurinn hefir lagt til við stjórnina, að veita nokkru hærri upphæð til þess. En eftir spurnum af bóndanum þar, Skúla Guðmundssyni, mun hann telja sjer það metnaðarskyldu, að halda skálanum við sem best, ef hann fær einhverja hvatning og viðurkenning frá þinginu í því efni. Væntir nefndin, að fornmenjavörður líti eftir því, að fjárveiting þessi nái tilgangi sínum.

Nefndin leggur til, að gerð verði breyting á tilhögun skáldstyrkjanna, tölul. 16—21 í þessari grein. Þótt þjóðinni þyki vænt um skáld sín, er hún óánægð yfir þessum fjárveitingum, og vill allra síst setja þessa menn á föst árleg laun. Nefndin verður að taka í þann streng, að fjárveitingar þessar megi eigi skoða sem árleg laun, heldur annaðhvort styrk til þess að vinna að ákveðnu verki í þarfir bókmenta og lista, eða verðlaun fyrir unnin verk. Til merkis um þetta leggur nefndin til, að skáldum þeim, sem hlut eiga að máli, verði veitt að eins annað árið.

| | |
|---|---|
| Einari Hjörleifssyni . . . . . | 2000 kr. |
| Þorsteini Erlingssyni . . . . . | 2000 — |
| Valdemar Briem . . . . . | 1600 — |
| Guðm. Magnússyni . . . . . | 2400 — |
| Guðm. Guðmundssyni . . . . | 1200 — |
| Guðm. Friðjónssyni . . . . . | 1200 — |

Eðlilegast væri, að stjórnin hefði eitthvert fje til umráða handa skáldum og listamönnum, svo að þingið og fjárlögin væri laus við slíkar fjárveitingar, því oft verða umræður um þessar fjárveitingar, bæði á þingi og utan þings, óviðfeldnar í garð umsækjenda, enda þingið eigi vel fallið til þess að dæma um verðleika manna í slíkum efnum. Þar á móti getur stjórnin ráðfært sig við færustu menn. Vill nefndin vikja því til landsstjórnarinnar, að gera undirbúning í þessa átt undir næstu fjárlög.

Af sömu ástæðum vill nefndin ekki fallast á beina árlega fjárveiting til Einars Jónssonar myndasmiðs. Þar á móti vill hún heimila stjórninni fje til þess að kaupa fyrir listaverk eftir íslenska listamenn, 2400 kr. til höggmynda og 2000 kr. til málverka á fjárhagstímabilinu. Þetta ætti að geta orðið Einari Jónssyni og fleirum góður styrkur og ekki eftir talinn.

Þá vill nefndin veita myndhöggvara Ríkharði Jónssyni 1000 kr. styrk f. á., til þess að ljúka námi á listaháskólanum í Khöfn. Hann á nú ekki nema eitt ár eftir þar; hefir áður numið trjeskurð hjá Stefáni Eirikssyni og frá upphafi unnið fyrir námi sínu að öllu leyti, bæði hjer og erlendis. Hefir nefnd-

armönnum gefist kostur á að sjá margt eftir hann, snildar-vel gert, auk ágætra vitnisburða frá listaháskólanum.

Sömuleiðis vill nefndin veita Guðjóni Samúelssyni 600 kr. styrk, hvort árið, til þess að ljúka námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Khöfn. Maðurinn er efnilegur og hefir góða vitnisburði. Hann hefir stundað námið 5 ár, en á eftir 3; hefir eigi stúdentspróf og þess vegna engan garðsstyrk, nje heldur neinn annan opinberan styrk. Rögnvaldur Ólafsson er hinn eini Íslendingur, sem stundað hefir þetta nám, og ef hans missir við, höfum vjer engan innlendan mann, er leiðbeint geti í gerð viðhafnarmeiri húsa.

Jón dócent Jónsson hefir með erindi til fjárlaganefndarinnar farið þess á leit, að styrk þeim, sem í frumvarpinu stendur honum til handa sje breytt í utanfararstyrk fyrra árið 1500 kr., til þess að rannsaka skjalasöfn erlendis um það, er snertir sögu Íslands, einkum verslunarsöguna. Telur hann sig þurfa 6 mánaða dvöl erlendis, og ef til vill einhverja aðstoð við afskriftir skjala, svo hann geti notað tímann sem best. Nefndin felst á þessa beiðni og gerir tillögur samkv. því um 1200 kr.

Kand. mag. Bogi Melsted hefir sótt til stjórnarinnar um styrk, 800 kr. á ári, til þess að gefa út Íslendingasögu. Um allmörg ár hafði B. M. styrk til þess að rannsaka sögu Íslands í því skyni, að hann gæti síðan ritað sögu landsins, og um 7 ára skeið hafði hann styrk til þess að rita þessa sögu, og hafa komið út af henni 2 bindi. En um 4 síðustu ár hefir enginn styrkur verið veittur úr landssjóði, enda stöðvast útgáfa þessarar sögu Boga. Nefndin vill nú veita hinn umbeðna styrk, 800 kr. á ári, svo að sagan geti haldið áfram að koma út, enda lofar Bogi þá að halda jafnframt áfram útgáfu á Söguþáttum sínum, sem ýmsum geðjast vel að.

Nefndin leggur til eftir atvikum, að lækka vísindastyrkinn til Helga Jónssonar grasafræðings og Helga Pjeturssonar, ofan í 1200 kr. hjá hvorum. Ennfremur leggur nefndin til að fella niður styrk til Sigurðar Guðmundssonar, til þess að undirbúa bókmentasögu Íslands.

Þá vill hún, að styrkurinn til Laufeyjar Valdimarsdóttur sitji við sama og í núgildandi fjárlögum, og færist niður í 400 kr. á ári.

Nefndin hefir ekki orðið vör við, að nein beiðni hafi nú legið fyrir stjórninni nje þinginu frá »Bindindissameining Norðurlands« um að fá áfram styrk úr landssjóði; leggur nefndin því til, að styrkur þessi sje feldur burt.

Hinsvegar hefir þinginu borist beiðni frá stórstúku Íslands um að fá að halda sama styrk og áður, bæði árin, einkum sökum þess, að á stúkunni hvili miklar skuldir. Nefndin hefir fallist á, að láta við það sitja, sem stjórnin hefir gert í þessu efni.

Íþróttasamband Íslands hefir sótt um 500 kr. árlegan styrk, auk 600 kr. utanfararstyrks til sundmannsins Erlings Pálssonar. Nefndin verður að viðurkenna starfsemi íþróttafjelaganna hjer á landi, og felst því á að veita hinn umbeðna árlega styrk, en telur þá eðlilegast, að sambandið sjálft styrki Erling Pálsson til utanfarar, ef nauðsyn þykir til.

Við 16. gr.

Eins og að framan er getið, ætlast nefndin til að liðirnir 1, 2, 4 og 5 a

—d. flytjist til 14. gr., sömuleiðis liðirnir 6 og 7 b og falli því niður hjer. Ennfremur leggur nefndin til, að liðurinn 7 a falli burt, þar sem sá skóli er hættur að starfa.

Við liðinn 9. b. hefir nefndin það að athuga, að full ástæða er til, að hlutaðeigandi sveitarfjelög leggi á sig einhvern hluta af kostnaðinum, því heldur sem mikið fje hefir verið lagt fram úr landssjóði áður til samskonar rannsóknar á þessu svæði, án þess að hjeraðsbúar legðu nokkuð á móti, enda alveg óvíst, að svona mikið fje þurfi til rannsóknarinnar. Nefndin leggur því til, að fjárveiting þessi sje lækkuð ofan í 5000 kr., og það skilyrði sett, að hjeraðsbúar leggi fram það, sem á vantar, til þess að rannsókn og undirbúningur áveitunnar verði fullgerð.

Styrkinn til búnaðarfjelaga hefir stjórnin lagt til að lækka um 2000 kr. á ári, frá því sem að undanförnu hefir verið. Nú er það upplýst, að þótt styrkur þessi hafi staðið í stað í fjárlögunum um nokkurt ára bil, hefir hann lækkað um hjer um bil þriðjung á hvert jarðabótardagsverk búnaðarfjelaganna og verður því til lítillar uppörvunar, ef hann lækkar enn að miklum mun fyrir hvert jarðabótadagsverk. Fyrir því sýnist nefndinni, að annaðhvort verði að fella styrkinn alveg niður, eða að láta að minsta kosti þá upphæð, sem verið hefir að undanförnu, halda sjer. Fyrri leiðin er ófær, og leggur nefndin því til, að liðurinn hækki um 2000 kr. hvort árið.

Stjórnarráðið hefir með brjefi dags. 19. f. m., farið þess á leit við fjárlaganefndina, að hún tæki upp í tillögur sínar fjárveitingu að upphæð 3700 kr. til fyrirhleðslu fyrir Holtsá undir Eyjafjöllum, til þess að varna skemdum af ánni. Er það til viðbótar þeim kr. 2547,56, sem teknar eru í frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. Landsverkfræðingur Jón Þorláksson hefir gert kostnaðaráætlun um fyrirtæki þetta, og telur að með því megi bjarga Holtshverfinu undan ágangi árinnar, en allar jarðir þar, eru opinber eign, og gefa landssjóði í eftirgjald um 900 kr. á ári. Nefndin felst á, að ofannefnd fjárhæð sje veitt fyrra árið, svo að framkvæmdir í þessu efni komist á sem fyrst.

Skógræktarstjórinn hefir munnlega farið fram á það við nefndina, að veittar verði í fjárlögunum 4000 kr., til þess að girða svokallaðan Vatnaskóg í Saurbæjarlandi á Hvalfjarðaströnd, að stærð um 700 vallardagsláttur. Færir hann það til, að skógur þessi sje betur settur en önnur skóglendi til þess að koma í sæmilegt verð því, sem árlega er höggið til grisjunar skóginum, og ennfremur það, að með hinni naumu fjárveitingu til skógræktarinnar að öðru leyti, hafi hann og hinir föstu skógarverðir alt of lítið viðfangsefni. Skóglendi þetta segir hann að presturinn á Saurbæ bjóðist til að láta af hendi fyrir árlegt afgjald 309 kr. Nefndin leggur það til, að þessar 4000 kr. sjeu veittar fyrra árið, en vill jafnframt benda á, að henni virðist, að ofannefnd ársleiga hljóti að vera alt of há, og næsta ólíklegt að prestssetrið í Saurbæ sje metið til afgjalds eftir sama mælikvarða, enda ættu skógarafurðirnar að greiða árgjaldið.

Forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar Ásgeir Torfason hefir í brjefi til fjárlaganefndarinnar farið fram á að fá 400 kr. launahækkun. Hefir hann verið forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar í 8 ár og haft að launum 2000 kr., auk 25% af bruttotekjum stofnunarinnar, er numið hafa að meðaltali 150 kr. á ári. Auk þess hefir hann haft 400 kr. á ári fyrir kenslu í efnafræði við háskólann. Upphaflega ætlaði stjórnin honum 3000 kr. árslaun, en þingið lækk-

aði þau ofan í 2000 kr. með það fyrir augum, að þetta væri byrjunarlaun handa óreyndum manni. Nefndinni sýnist nú sanngjarnt, að hækka laun þessi um 400 kr. á ári, en ætlast þá jafnframt til, að forstöðumaðurinn sje fastan, auglýstan tíma, viðlátinn í rannsóknarstofunni, eftir samkomulagi við stjórnarráðið.

Ennfremur fór forstöðumaðurinn fram á það, að veittar væru 1000 kr. til áhaldakaupa. Þessi áhöld eru »polarisationáhald«, »spectroscop« og nokkur áhöld viðvíkjandi »fotometri«. Telur hann þau sjerstaklega nauðsynleg til mjólkurrannsókna, svo og til rannsókna á gasi og steinolíu og enn fremur fyrir læknadeild háskólans. Það er skiljanlegt að rannsóknarstofan sje fremur fátæk af áhöldum, þar sem viðtækari efnarannsóknir fara nú í vöxt, en ekkert veitt til nýrra áhalda frá byrjun. Nefndin leggur því til, að veittar verði 1000 kr. fyrra árið í þessum tilgangi.

Í þessu sambandi vill nefndin taka það fram, að henni er ekki kunnugt um, hvort þessi stofnun heldur nákvæma skrá yfir áhöld sín, og leyfir sjer að beina því til stjórnarinnar, að ganga eftir, að slík skrá sje gerð árlega og send stjórnarráðinu. Sama ætti að eiga sjer stað um aðrar stofnanir, sem standa undir umsjón landsstjórnarinnar.

Gísli Guðmundsson gerlafræðingur hefir sótt til Alþingis um utanfararstyrk, 1500 kr., til þess að geta kynt sjer nánar ýmsar gerlarannsóknir, sjerstaklega skæðustu sóttkveikjugerla (kóleru og svartadauða). Munnlega hefir hann og talað um, að hann vildi kynna sjer ostagerð. Umsækjandi hefir stundað nám sitt frá byrjun af eigin ramleik, og lagt fram góð skilríki fyrir því, að hann sje vel að sjer í gerlafræði og rannsóknum. Hann hefir gert ýmsar rannsóknir á íslenskum afurðum, og gert tilraunir, sem ætla má, að verði til hagnaðar fyrir íslenskan landbúnað. Nefndin vill því veita honum umbeðinn styrk, 1,500 kr. f. á., og væntir þess, að hann leggist ekki undir höfuð að kynna sjer eftir föngum sjerstaklega það, sem til nytja getur orðið fyrir atvinnuvegi vora.

Fiskiveiðafjelag Íslands hefir sótt um mikið aukinn styrk, enda hefir nú fjelagið fengið fast skipulag, haldið fiskiveiðaþing og rætt mál sín rækilega þar, eins og prentuð skýrsla sýnir, sem nú liggur fyrir þinginu. Hefir nefndin athugað starfs- og kostnaðar áætlun fjelagsins og leggur til, að því sje veittur 12500 kr. styrkur hvort árið. En geta má þess, að nefndinni þykja tekjur fjelagsins frá fjelagsmeðlimum þess eigi lýsa svo æskilegum áhuga, sem skyildi, enda er fjelagið ungt.

Sigurgeir Einarsson, sá er rannsakað hefir ullarmeðferð og markað erlendis, hefir nú sent þinginu ágrip af tillögum sínum um afskifti hins opinbera af því máli, en þær lúta að því, að koma hjer á ullarmati líkt og fiskimatinu, svo og að koma upp ullarþvottastöðvum, stærri eða minni, eftir kringumstæðum. Nefndinni sýnist of snemt, að skipa fyrir um ullarmat nú þegar af hálfu löggjafarvaldsins, á meðan ullarþvottastöðvar eru eigi fleiri en ein til hjer á landi, og óvíða svo bætt um verkun á ull, að við nokkuð verði ráðið um flokkun fyrir ullarmatsmenn. Virðist nefndinni heppilegra, að láta Sigurgeir Einarsson halda áfram þeim 1200 kr. á ári, sem í frumv. standa, til þess að undirbúa málið enn með leiðbeiningum í ullarverkun og til aðstoðar því, að koma upp ullarþvottastöðvum sem víðast á landinu. Til hins fyr-

nefnda þarf hann að ferðast meðal bænda, og helst jafnframt semja stuttar og skýrar reglur um þvott og alla meðferð og flokkun ullarinnar. En til þessa þarf að ætla honum fje til ferðakostnaðar. Leggur nefndin því til, að í sambandi við 23. lið komi til viðbótar 400 kr. á ári til ferðakostnaðar eftir reikningi. Þarf stjórnarráðið að gera samning við Sigurgeir um starf þetta eða setja honum erindisbrjef.

Þinginu hefir borist erindi frá formanni »Sambands íslenskra samvinnufjelaga«, þar sem hann fyrir hönd þess og Sláturfjelags Suðurlands sækir um 5000 kr. árlegan styrk, til þess að launa erindsreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu íslenskra afurða á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum og ferðakostnaði erindsrekans. Af þeim ástæðum, sem fram eru teknar í nefndri umsókn, vill nefndin veita 4000 kr. hvort árið í þessu skyni, með ofangreindum skilyrðum.

En þar sem erindsreki þessi mundi eigi komast yfir meira en fyrirgreiðslu landafurða, enda sami maður tæpast jafnvígur á land- og sjávarafurðir, en landinu hins vegar bráðnauðsynlegt, að greitt sje sem best fyrir verðmætustu afurðum þess, sjávarafurðunum, þá leggur nefndin til, að jafnhá upphæð sje veitt í síðarnefndu skyni, í því trausti, að Fiskiveiðafjelag landsins beitist fyrir því, að jafnhá upphæð landssjóðsframlaginu fáist annarstaðar að.

Leiðtogi Hjálpræðishersins hjer á landi hefir sent Alþingi beiðni um styrk til þess að koma upp gistihæli og sjómannaheimili í Reykjavík, sem herinn hyggst að byggja hið bráðasta, ef nægilegt fje safnast. Skal þar síðan látinn í tje greiði og gisting með eins lágu verði og nú er. Meðmæli með þessu fyrirtæki hafa fengist frá mörgum af helstu mönnum Reykjavíkur. Kunnugt er það, að herinn hefir látið mörgum fátækum og illa stöddum í tje greiða og aðhlynning fyrir lágt verð. Nefndinni er og kunnugt, að gjöfum til þessa hefir verið safnað hjer í Reykjavík og líklega víðar. Vill hún að landssjóður leggi fram dálítinn skerf til þessa fyrirtækis og leggur því til, að í því skyni verði veittar 1000 kr. f. á.

Herra Sveinn Oddson, Íslendingur nýkominn frá Ameríku, sækir um 5000 kr. styrk úr landssjóði, til þess að hefja vöruflutninga á bifreið til og frá Reykjavík, svo sem vegir leyfa. Skuldbindur hann sig til gegn styrk þessum að halda uppi reglubundnum vöruflutningum, að minsta kosti eitt sumar hjer sunnan lands á vagni, sem hefir 20 hestafla vjel og ber 1000 pd. þunga upp bröttustu brekkur og ennfremur að halda hjer úti að m. k. einni mannflutningabifreið með 20 hesta afli, er tekur 4 farþega. Maður þessi hefir nú þegar sýnt, að mannflutningabifreið *getur* gengið á flutningabrautum hjer, og flýtt ferðum manna mjög mikið. Þykir nefndinni mikils um vert, ef sama yrði leitt í ljós um vöruflutningabifreið. Hefir áður verið veitt fje úr landssjóði í þessu skyni, án þess trygging væri fyrir, að ábyggilegar tilraunir yrði gerðar. Hjer virðist nefndinni mikil trygging fyrir ítarlegri tilraun, og vill því leggja til, að þessar 5000 kr. sje veittar umsækjandanum, að öllu því tilskildu, er hann tekur fram í umsókn sinni.

Steingrímur Jónsson, stud. polyt. sækir um 2000 kr. styrk, til þess að ljúka námi við fjöllista skólann í Khöfn. Hann kveðst eiga eftir $3^1/_2$ ár á skólanum, og hefir aðeins garðstyrk til ágústloka 1914. Munnlega hefir hann skýrt frá, að hann ætlaði að snúast að rafmagnsfræði sjerstaklega. Umsækjandi hefir lagt fram ágæta vitnisburði og meðmæli frá fjöllista skól-

anum. Hann telur stjúpföður sinn eigi færan um að kosta sig svo nokkru nemi. Af því að hjer á í hlut fátækur maður, en óvenjul. efnilegur að sögn, vill nefndin leggja til að styrkja hann árið 1915 með upphæð, sem svarar garðstyrknum, eða 800 krónum.

Þá hefir verið sótt til Alþingis fyrir hönd þeirra Guðm. Björnssonar sýslumanns í Barðastrandarsýslu og Snæbjarnar Kristjánssonar hreppstjóra í Hergilsey um skaðabætur fyrir frelsisrán haustið 1910 af völdum útlends skipstjóra, þá er þeir í embættisnafni vildu varna honum að brjóta íslensk lög. Umsókninni fylgja skaðabótareikningar beggja, gerðir haustið 1911, að líkindum í því skyni, að skipsútgerð sú, er hinn seki skipstjóri var fyrir, eða hann sjálfur, gyldi skaðabæturnar. Nema skaðabótakröfurnar 6475 + 4080 krónum, og er þess ekki getið, að hlutaðeigandur hafi nokkuð upp í þær fengið. Það getur nú að vísu ekki komið til mála, að slíkum skaðabótakröfum verði framgengt gagnvart landssjóði. En á hitt er að líta, að sýslumaðurinn og hreppsstjórinn eru góðs maklegir fyrir þá skyldurækni, sem þeir sýndu við þetta tækifæri, og vill nefndin því leggja til, að þeim sje sýnd viðurkenning fyrir þetta með 500 kr. fjárveiting til hvors þeirra.

Við 18. gr.

Nefndin ber fram tillögur um styrk úr landssjóði handa tveimur fátækum ekkjum, — sem sje:

1. Viðbót við eftirlaun frú Elísabetar Jónsdóttur, ekkju Ólafs læknis Sigvaldasonar. Hún er nú yfir sjötugt, fjelaus og á enga aðstandendur, er færir sjeu um að annast hana í elli. Hún hefir úr ekkjukassa um 300 kr. á ári og að eftirlaunum um kr. 187,50. Af þessu getur hún ekki lifað sæmilega, og leggur nefndin til, að bæta við eftirlaunin 150 kr. á ári.
2. Til Guðrúnar Jónsdóttur fyrirverandi forstöðukonu Reykjavíkurspítala. Hún hefir í 20 ár verið forstöðukona þess spítala og alla tíð síðan 1884 annast um þjónustu læknaskólans. Hefir unnið að þessu við lítil laun og nú búin að missa þá atvinnu, en of gömul til að taka aðra nýja. Leggur nefndin til að veita henni 200 kr. á ári í ellistyrk.

Umsóknir frá þessum konum verða lagðar fram á lestrarsalinn.

Við 20. gr.

Fyrsta málsgrein þar hlýtur að breytast, þar sem tillögur nefndarinnar gera það að verkum að tekjuhalli verður á frumv. en ekki tekjuafgangur.

Nefndin leyfir sjer að gera nokkrar viðaukatillögur um lánveitingar, og biður það framsögunnar, að gera grein fyrir hverri þeirra um sig. En nefndin vill taka það skýrt fram, að allar þessar lánveitingar verður að skoða einungis sem heimild fyrir stjórnina, sem fer um alveg eftir því, sem rætist úr með tekjur og aðrar ástæður landssjóðs. Stjórnin verður því að haga lánveitingum gætilega og alveg eftir kringumstæðum, og á hennar valdi verður að vera ákvörðun um það, hvað í fyrirrúmi skuli sitja af lánveitingum.

Þær breytingartill. nefndarinnar, sem eigi er gerð grein fyrir að framan verður minst á í framsögunni.

Alþingi 9. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Lárus H. Bjarnason, formaður. | Pjetur Jónsson. framsögum. og skrifari. |

Eggert Pálsson. Jóh. Jóhannesson. Kristján Jónsson.

Sigurður Sigurðsson. Skúli Thoroddsen.

Nd. **349. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Sjaldan fer vel að setja nýja bót á gamalt fat, og svo má og segja um þetta frumvarp. Væri án alls efa rjettara að semja að nýju samfeldan búnaðarlagabálk. Þó gerir minni hlutinn það eigi að ágreiningsmáli og þykir mega una við að gera umbætur á ábúðarlögunum, ef þær eru nokkru nýtar. En af því að hann gerir þetta til samkomulags, þá vill hann eigi una hinu, að brott sje numið úr frumvarpinu það atriði, sem helst horfði til verulegra umbóta.

Önnur og þriðja grein frv. kunna heldur að miða til bóta en hitt. En þær umbætur eru svo lítils verðar, að þeirra vegna er eigi ómaksins vert að setja ný lög. Og þótt hóti meiri umbót sje að 6. og 7. greininni, þá hefði og það atriði vel mátt bíða gagngerðrar endurskoðunar á ábúðarlöggjöfinni. Mest lagaþörf er um það efni, sem 4. og 5. grein frumvarpsins eru um. En einmitt þær vill meiri hluti nefndarinnar fella úr. Þar er því ágreiningsefnið.

Í lögum um ábúð jarða o. fl. 12. jan. 1884 er miklu meiri ábyrgð og áhætta lögð á leiguliða en rjett er. Honum er í fyrsta lagi gert að skyldu, að ábyrgjast fyrning húsa, í öðru lagi er lögð á hann sú kvöð, að reisa hús af nýju í sameiningu við landsdrottinn, ef óhemjandi eðlisöfl granda þeim, svo sem vatn, eldur eða landskjálfti, og í þriðja lagi er honum gert að skyldu að kosta svo miklu til að bæta skemdir á jörð, sem nemur hálfu af landskuldinni, ef skemdir verða af eðlisöflum, sem honum var þó ómáttugt að afstýra. Hjer þarf að umbæta frá grunni. Því að leigjandi á eigi að rjettu að bera ábyrgð á annars manns eign eða skemdum á henni, þeim sem hann er eigi valdur að. Ef þar til er svarað, að honum sje jörðin leigð ódýrar sakir þessarar ábyrgðar, þá er hins að gæta, að miklu rjettara væri, að eigandi bæri þessa ábyrgð, en setti

þá hærri leigumála. Því að ábúandaskifti eru tíðari en eigandaskifti, og vel má svo fara, að einn ábúandi húsi jarðir margra manna og bæti skemdir á þeim, ef hann er óheppinn, en annar aldrei. Þetta jafnaðist, ef hærra væri eftirgjaldið, en ábyrgðir hjá eiganda. En um jarðarhúsin er það að segja, að þar er eigi einungis um jöfnuð í fjegjöldum að ræða, heldur og um heilsu og líf þeirra, er búa á jörðinni. Ef eigandi jarðar á sjálfur að svara til fyrningar og reisa húsin af nýju, er þörf gerist, þá er meiri von að vistleg verði húsin, en ef leiguliði á að annast þetta. Sje nú svo sem nefndarmenn segja, að sumstaðar fylgi engi mannahíbýli jörð, þá er hætt við, að fátækur leiguliði reisi þar engar hallir, þótt hann ætli að búa þar eitt eða tvö ár. Því að alls óvíst er það, að sá næsti kaupi af honum. Mundi því víða verða óholl vistarhús, ef þessu færi lengi fram. En á það verður löggjafinn að líta, að mannslífið er dýrt í fámennu landi, enda sjest á þurrabúðarlögunum, að það hefir vakað fyrir mönnum 1888. Í þessu frv. er nú gert ráð fyrir, að menn fái að losna við kúgildin, og hverfa þá smámsaman peningshús úr tölu jarðarhúsa. En bæjarhús eiga að sjálfsögðu að fylgja hverri jörð, því að ella er hún óbyggileg.

Meiri hluti nefndarinnar segir, að tilhögun á byggingu sveitabæja sje á tilraunaskeiði. Þetta er eigi rjett, því að torfbæir eru margreynd híbýli og góð, ef þeir eru vel gerðir, og að fegurð taka vel gerðir torfbæir fram bæði steinhúsum og einkum timburhúsum. Fjórðu gr. frv. mundi því fyllilega nægt með þeim, og mundi vel borgið heilsu manna. En hitt væri og eigi frágangssök fyrir jarðareiganda, að gera bæ með steinsteypuveggjum, ef hann vildi heldur. Því að hann stendur þeim mun lengur sem hann er dýrari. Hún segir enn að »mikið fje mundi fara forgörðum, ef eigendur jarða yrðu með lögum knúðir til að leggja fram fje til nýrra bæjarbygginga«. Hjer til er því fyrst að svara, að frv. fer alls eigi fram á, að allir bæir sje þegar gerðir af nýju, heldur einungis þar, sem engir eru, eða kolfallnir, og þar næst hinu, að fari nokkurt fje forgörðum, þá er eigi mætara að það sje leiguliðafje en landsdrotna fje.

Frumvarpsgreinarnar ætlast og eigi til, að jarðeigandi hafi neinn skaða, því að þær gera ráð fyrir, að hann hækki landskuld um vexti bæjarverðsins og fyrningu hans. Leiguliða er það og betra að vita, að hverju hann gengur, en að eiga yfir höfði sjer að húsa nýjan bæ á annars manns jörð, ef vatn eða eldur grandar hinum eldra.

Minni hlutinn leggur því til að efni 4. og 5. gr. haldist, og verði svo sem segir í breytingartill. hans, en telur lögin án þeirra engu nýt.

Alþingi, 10. ágúst 1913.

Bjarni Jónsson,
frá Vogi.

Nd. **350. Breytingar og viðaukatillögur.**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 2. gr. 4. Fyrir »65000—65000—130000«
komi: 68000—68000—136000.
2 — 2. — 10. Fyrir »200000—200000—400000«
komi: 205000—205000—410000.
3. — 2. — 11. Fyrir »410000—410000—820000«
komi: 415000—415000—830000.
4. — 2. — 12. Fyrir »250000—250000—500000«
komi: 300000—300000—600000.
5. — 2. — 14. Fyrir »8000 — 8000«
komi: 10000 — 10000.
6. a. — 4. — 1. Aftan við liðinn bætist þessar athugasemdir:
Eftirstöðvar af láni Laugardalshrepps (til Sogsbrúar) kr. 250 falli niður.
Af láni Barðastrandarsýslu frá 22. júní 1897 úr viðlagasjóði, veitist uppgjöf á 625 kr.
6. b. — 4. — 2. Liðurinn falli burt.
7. — 5. — 1. Aftan við liðinn bætist:
Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.
8. — 8. — I. Liðirnir 1—4 orðist svo:
1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur, kr. 500000, tekið 1908 til 15 ára, til símalagninga.
2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1500000, til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans.
3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, kr. 250000, tekið 1912 til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans.
4. 4½% lán hjá dönskum bönkum, kr. 500000, tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o.fl.).
9. — 8. — II. Orðin, er standa í svigum við 3. og 4. lið falli burt.
10. a. — 9. — 5. Aftan við lið liðinn bætist: alt að.
10. b. — 9. — 6. Fyrir »landfógetastörfum«
komi: landsfjehirðisstörfum.
11. — 11. — B. 4. Aftan við liðinn bætist: alt að.
12. — 11. — B. 6. Fyrir »1500—1500«
komi: 3000—3000.

13. Við 12. gr. 7. 1. Fyrir »5400—5400« komi: 5700—5700. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Þar af kr. 300 persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.
14. — 12. — 9. Fyrir »25000—25000« komi: 28000—25000.
15. — 12. — 10. g. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til tveggja hjúkrunarkvenna til hjúkrunarnáms erlendis, 400 kr. handa hvorri — 800 kr. fyrra árið.
16. — 13. — A. 3. a Fyrir »6500« komi: 6000.
17. — 13. — A. 3. c Fyrir »3000« komi: 2000.
18. a. — 13. — A. 3. d Fyrir »3000« komi: 2500.
18. b. — 13. — A. 3. e Í enda greinarinnar komi nýr liður:
Til pósthúsbyggingar í Reykjavík (f. á.) alt að kr. 30000
19. Við 13. gr. B. I. 1. a Fyrir »4000—4000« komi: 3600—3600.
Á eftir liðnum komi nýr liður:
b Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings 400—400.
20. — 13. — B. I. 3. Aftan við liðinn bætist: alt að.
21. — 13. — B. II. 2. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
3. Eyjafjarðarbraut 10000—10000.
22. — 13. — B. II. 4. Á eftir þeim lið (er verður 5. liður) komi nýr liður:
6. Grímsnesbraut 10000—10000.
23. — 13. — B. III. 4. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
5. Brú á Langadalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu 8000 (síðara árið).
24. — 13. — B. III. 5. Liðurinn falli burt, en í hans stað komi nýr liður:
6. Brú á Jökulsá á Sólheimasandi alt að 78000 (f. á.).
25. — 13. — B. III. 6. Fyrir »16000—16000« komi: 29000—29000.
Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Þar af:
Til Eskifjarðarvegar... ... ... kr. 6000.
— Hróarstunguvegar ... ... — 10000.
— Hörgárdalsvegar... ... ... — 5000.
— Langadalsvegar í Húnav.s.. — 5000.
26. — 13. — B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
IX. Til Gullbringusýslu uppbót fyrir umframgreiðslu sýslufjelagsins til Keflavíkurvegarins kr. 5600.
27. — 13. — D. II. Aftan við liðinn bætist: alt að.
28. — 13. — D. III. 2 a. Fyrir: »14760—14760« komi: 15160—15160.

29. Við 13. gr. D. III. 2 b. Fyrir: 7800—7800«
komi: 7200—7200.
30. — 13. — D. III. 7. Aftan við liðinn bætist: alt að.
31. — 13. — D. III. 8. Aftan við liðinn bætist: alt að
32. — 13. — D. III. 9. Aftan við liðinn bætist:
Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði.
33. — 13. — D. III. Orðin aftan við liðinn:
»Þar . . . Siglufirði« falli burt.
34. — 13. — E. I. a. Liðurinn orðist þannig:
Laun verkfræðings. Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum eftir ákvæðum landsstjórnar.
35. — 13. — E. I. c. Liðurinn orðist svo:
Til skrifstofuhalds eftir reikningi alt að ... 1000—500
36. — 13. — E. I, d. Liðurinn orðist svo:
Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að.
37. — 13. — E. II. og III. liður falli burt, en í staðinn fyrir þá komi:

II. Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna:

1. Svörtulofta og Öndverðarnesvitar:
   a. Laun vitavarða ... ... 400—400
   b. Reksturskostnaður.. ... 600—600

2. Elliðaeyjarviti:
   a. Laun vitavarðar ... ... 400—400
   b. Reksturskostnaður.. ... 450—450

3. Bjargtangaviti:
   a. Laun vitavarðar ... ... 200—200
   b. Reksturskostnaður.. ... 250—250

4. Arnarnesviti:
   a. Laun vitavarðar ... ... 500—500
   b. Reksturskostnaður.. .. 500—500

5. Kálfshamarsviti:
   a. Laun vitavarðar ... ... 100—100
   b. Reksturskostnaður.. ... 200—200

6. Skagatáarviti:
   a. Laun vitavarðar ... ... 150—150
   b. Reksturskostnaður.. ... 400—400

7. Siglunesviti:
   a. Laun vitavarðar ... ... 900—900
   b. Reksturskostnaður.. ... 600—600

8. Flateyjarviti:
   a. Laun vitavarðar ... ... 150—150
   b. Reksturskostnaður.. ... 400—400

37. Við 13. gr. E. II.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 9. Rifstangaviti: | | | |
| a. Laun vitavarðar ... | ... | 200—200 | |
| b. Reksturskostnaður.. | ... | 400—400 | |
| 10. Langanesviti: | | | |
| a. Laun vitavarðar ... | ... | 250—250 | |
| b. Reksturskostnaður.. | ... | 200—200 | |
| 11. Dalatangaviti: | | | |
| a. Laun vitavarðar ... | ... | 600—600 | |
| b. Reksturskostnaður.. | ... | 600—600 | |
| 12. Vattarnesviti: | | | |
| a. Laun vitavarðar ... | ... | 100—100 | |
| b. Reksturskostnaður.. | ... | 200—200 | |
| 13. Dyrhólaviti: | | | |
| a. Laun vitavarðar ... | ... | 200—200 | |
| b. Reksturskostnaður.. | ... | 400—400 | |
| 14. Vestmannaeyjaviti: | | | |
| a. Laun vitavarðar ... | ... | 700—700 | |
| b. Reksturskostnaður | ... | 500—500 | |
| 15. Reykjanesviti: | | | |
| a. Laun vitavarðar... | ... | 1500—1500 | |
| b. Reksturskostnaður | ... | 1600—1600 | |
| 16. Garðskagaviti: | | | |
| a. Laun vitavarðar ... | ... | 600—600 | |
| b. Reksturskostnaður | ... | 750—750 | |
| 17. Gróttuviti: | | | |
| a. Laun vitavarðar ... | ... | 500—500 | |
| b. Reksturskostnaður | ... | 450—450 | |
| 18. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir ferðamenn: | | | |
| a. Á Skipaskaga | ... ... | 75— 75 | |
| b. Á Gerðatanga | ... ... | 100—100 | 16125—16125 |

38. Við 13. gr. E. VI. Fyrir »3000—3000« komi: 1500—1500.

39. — 14. — A. b. 3. Fyrir »4000—4000« komi: 5000—5000.

40. — 14. — A. b. 5. Á eftir þeim lið komi nýr liður: Til viðgerðar á Reykjavíkur dómkirkju alt að 20000 (fyrra árið).

41. — 14. — B. I. a. Fyrir »35900—36800« komi: 36000—37200.

42. — 14. — B. I. c. Aftan við athugasemdina við c.-lið bætist: að öðru jöfnu.

43. — 14. — B. I. d. 2. Fyrir »5000« komi: 4000.

44. — 14. — B. I. d. 3. Fyrir »2000« komi: 1500.

45. a. Við 14. gr. B. I. e. 1. Aftan við liðinn bætist: alt að.

45. b. — 14. — B. I. e. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka

46. — 14. — B. I. e. Á eftir þessum lið sem verður B. I. e. 1. komi 2 nýir liðir:
2. Til starfrækslu væntanlegra Röntgensáhalda m. m. alt að 1000—1000.
3. Til að kaupa risasegul 180 (fyrra árið).

47. — 14. — B. II. a. Fyrir »19200—19200«
komi: 21000—21000.

48. — 14. — B. II. b. Á eftir »aðstoðarfje«
komi: Til söngkennara 600—600.

49. — 14. — B. II. c. 4. Liðurinn orðist þannig:
Til tveggja fastra aukakennara 4000—4000.

50. a. — 14. — B. II. c. 5. Fyrir »6000—6000«
komi: alt að 4500—4500.

50. b. — 14. — B. II. Aftan við athugasemdina við liðinn bætist:
að öðru jöfnu.

51. — 14. — B. III. a. Liðurinn orðist þannig:
Laun 9200—9200.
Af þessari upphæð eru 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. kennara og 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 3. kennara.

52. — 14. — B. III. b. Upphæðirnar innan striks tilfærist fyrir hvort ár fyrir sig.

53. — 14. — B. III. b. 4. Fyrir »1200«
komi: 1000—1000.

54. — 14. — B. III. b. 7. Fyrir »1000«
komi: 8000—1000.

55. — 14. — B. IV. b. 1. Fyrir »1200—1200«
komi: 2000—1200.

56. — 14. — B. IV. b. 2. Liðurinn orðist þannig:
Til aukakennara 1400—1400.
Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara.

57. — 14. — B. IV. 5. Athugasemdin við liðinn orðist þannig:
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.

58. — 14. — B. V. Á eftir þeim lið komi þessir nýir liðir:
VI. Til bændakenslu:
1. Til bændaskólans á Hólum:
a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... 2700—2700
b. Til aðstoðarkennara . . . ... ... ... 1000—1000
c. Til smíðakennara ... ... ... ... ... 600— 600

| | | 1914 kr. | 1915 kr. | |
|---|---|---|---|---|
| 58. | Við 14. gr. B. V. 2. d. Önnur útgjöld: | | | |
| | 1. Til verklegrar kenslu ... | 700— | 700 | |
| | 2. Til kensluáhalda ... ... | 500— | 500 | |
| | 3. Til eldiviðar og ljósa ... | 900— | 900 | |
| | 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... ... ... | 400— | 400 | |
| | 5. Til járnsmíðaáhalda og smiðjubyggingar ... ... | 1000 | | |
| | 6. Ýmisleg útgjöld ... ... | 1000— | 1000 | 4500—3500 |
| | Til bændaskólans á Hvanneyri: | | | |
| | a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2700—2700 |
| | b. Til aðstoðarkenslu ... ... ... ... ... | | | 1000—1000 |
| | c. Önnur útgjöld: | kr. | kr. | |
| | 1. Til verklegrar kenslu ... | 1000— | 1000 | |
| | 2. Til kensluáhalda ... ... | 500— | 500 | |
| | 3. Til eldiviðar og ljósa ... | 900— | 900 | |
| | 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... ... ... | 400— | 400 | |
| | 5. Ýmisleg útgjöld ... ... | 800— | 800 | |
| | 6. Til símalagningar . ... | 1200 | | |
| | 7. Til þess að byggja anddyri við íbúðarhúsið ... | 850— | ... | 5650—3600 |
| | 3. Til skólahalds á Eiðum ... ... ... ... | | | 2500—2500 |
| | VII. Til iðnfræðslu: | | | |
| | a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík . ... ... ... ... ... ... | | | 5000—5000 |
| | b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds ... ... ... | | | 1000—1000 |
| | c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds . ... ... ... ... | | | 1000—1000 |
| | d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds ... ... ... | | | 600— 600 |
| | Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 reksturskostnaðar. | | | |
| | VIII. Til verslunarskóla: | | | |
| | Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar ... ... ... ... ... ... ... | | | 5000—5000 |
| | IX. Til húsmæðrafræðslu: | | | |
| | Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds . ... ... ... ... ... | | | 1000—1000 |

59. a. Við 14. gr. B. VI. 2—3 Þessir liðir falli burt, en í stað þeirra komi:
2. Til verklegrar kenslu:
a. Laun 3 yfirsetukvenna í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... 300— 300
b. Annar kostnaður alt að ... ... 400— 400

59. b. — 14. — B. VII. Orðin »VII. Til annarar kenslu« falli burt.

60. — 14. — B. VII. Tákn liðanna breytist þannig, að í staðinn fyrir »A, B, C, D, E og F« komi: XI, XII, XIII, XIV XV og XVI.

61. — 14. — B. VII. A. 1. Fyrir »6000—6000« komi: 6700—6700.

62. — 14. — B. VII. B. 1. Fyrir »28000—28000« komi: 30000—30000

63. — 14. — B. VII. B. 2. Fyrir 18000—18000« komi: 20000—20000.

64. Við 14. gr. B. VII. B. 7. a Fyrir »4000—4000« komi: 3600—3600.
Í athugasemd við liðinn, fyrir »1000 kr.« komi: 600 kr.

65. — 14. — B. VII. C. 3. Fyrir »1200—1200« komi: 1500—1500.

66. — 14. — B. VIII. b. Fyrir »1200—1200« komi: 1500—1500.

67. — 14. — B. VIII. c. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi... ... 450— 450

68. — 15. — 1. b. Liðurinn orðist þannig:
Laun 1. bókavarðar ... ... ... ... ... 2000—2000
Þar af 500 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. bókavarðar.

69. a. — 15. — 1. g. Liðurinn falli burt.

69. b. — 15. — 1. l. Aftan við bætist nýr liður:
Uppí girðingarkostnað um Landsbókasafnshúsið og til þess að flísleggja gólf í fordyri hússins (f. á.) ... ... ... ... ... 2550— ...

70. — 15. — 3. g. Liðurinn falli burt, en í staðinn fyrir hann komi nýr liður:
Til Skúla Guðmundssonar til verndunar hins forna skála á Keldum í Rangárvallasýslu ... ... ... ... ... ... ... 300— ...

71. — 15. — 16. Fyrir »1200—1200« komi:. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 2000— ...

72. — 15. — 17. Fyrir »1200—1200« komi:. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 2000— ...

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 73. | Við 15. gr. 18. | Fyrir »800—800« komi: | | 1600— ... |
| 74. | — 15. — 19. | Fyrir »1200—1200« komi: | | 2400— ... |
| 75. | — 15. — 20. | Fyrir »600—600« komi: | | 1200— ... |
| 76. | — 15. — 21. | Fyrir »400—400« komi: | | 1200— ... |
| 77. | — 15. — 22. | Liðurinn falli burt, en í staðinn fyrir hann komi nýr liður: | 1914 1915 | |
| | | a. Til þess að kaupa listaverk eftir íslenska myndhöggvara ... ... | 2400— ... | |
| | | b. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara ... .. ... ... | —2000 | 2400 - 2000 |
| 78. | — 15. — 23. | Á eftir þeim lið komi tveir nýir liðir: | | |
| | | 1. Styrkur til Guðjóns Samúelssonar til þess að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn.. ... ... | | 600— 600 |
| | | 2. Styrkur til Ríkarðs Jónssonar, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 1000 ... |
| 79. | Við 15. gr. 26. | Liðurinn orðist þannig: Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum 1. og 2. greiðsla af 8 ára styrk ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn láti af öllum öðrum launuðum störfum. | | 3000—3000 |
| 80. | — 15. — 27. | Liðurinn orðist þannig: Ferðastyrkur til Jóns Jónssonar docents til sögulegra rannsókna á erlendum skjalasöfnum ... ... .. ... ... ... ... ... ... | | 1200- - ... |
| 81. | — 15. — 28. | Á eftir þeim lið komi nýr liður: Til Boga Th. Melsteð til að rita Íslandssögu .. | | 800— 800 |
| 82. | — 15. — 31. | Fyrir »1500—1500« komi: 1200—1200. | | |
| 83. | — 15. — 32. | Liðurinn falli burt. | | |
| 84. | — 15. — 33. | Fyrir »2000—2000« komi: 1200—1200. | | |
| 85. a. | — 15. — 34. | Liðurinn falli burt. | | |
| 85. b. | — 15. — 35. | Fyrir 600—600 komi: 400—400 | | |
| 86. | — 15. — 41. | Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Fjelagið gefi stjórnarráðinu reikning fyrir því, hvernig fjenu er varið. | | |

87. Við 15. gr. 42. Liðurinn og athugasemdin falli burt, en í staðinn fyrir liðinn komi nýr liður:
Til Íþróttasambands Íslands. ... ... ... 500— 500
88. — 16. — Liðirnir 1—4, 5 a—d, 6 og 7 falli burt.
89. — 16. — 9. b. Liðurinn orðist þannig:
Til nýrra rannsókna til undirbúnings áveitu á Skeið og Flóa, gegn því, að sýslan leggi til það, sem umfram þarf, alt að (f. á.). 5000— ...
90. — 16. — 10. Fyrir »20000—20000«
komi: 22000—22000.
91. — 16. — 10. Á eftir þeim komi nýr liður:
Til fyrirhleðslu fyrir Holtsá (f. á.) ... ... 3700— ...
92. — 16. — 11. b. Fyrir »10000—10000«
komi: 14000—10000.
93. — 16. — 15. a. Liðurinn orðist þannig:
Laun forstöðumanns, auk 25% af bruttotekjum stofnunarinnar... ... ... ... ... ... 2400—2400
Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forstöðumanns.
94. — 16. — 15. c. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
d. Til áhaldakaupa (f. á.) ... ... ... ... ... 1000— ...
95. — 16. — 15. Á eftir þeim lið komi annar nýr liður:
Til Gísla Guðmundssonar til gerlarannsókna erlendis (f. á.). ... ... ... ... ... .. ... 1500— ...
96. — 16. — 19. Á eftir þessum lið komi tveir nýir liðir.
Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga og Sláturfjelags Suðurlands, til þess að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum landafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að... ... ... ... ... ... 4000—4000
Til að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að ... ... 4000—4000
97. — 16. — 21. Fyrir »2500—2500«
komi: 12500—12500.
98. — 16. — 23. Liðurinn orðist þannig:
a. Til leiðbeiningar í ullarverkun ... ... ... 1200—1200
b. Ferðakostnaður... ... ... ... ... ... ... 400— 400
99. — 16. — 28. Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
Styrkur til Sveins Oddssonar, til þess að

99. Við 16. gr. halda uppi vöru- og mannflutningum á bifreiðum til og frá Reykjavík (f. á.) ... ... ... 5000— ...
Flutningaferðirnar sjeu reglubundnar og samkvæmt áætlun, er stjórnarráðið samþykkir.
Styrkur til Hjálpræðishersins, til þess að koma upp gistihæli og sjómannahæli í Reykjavík (f. á.).. ... ... ... ... ... ... ... ... 1000— ...
Styrkur til Steingríms Jónssonar, til þess að halda áfram námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn (s. á.) ... ... ... ... ... ... —800
Til Guðmundar sýslumanns Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar í viðurkenningarskyni fyrir góða framgöngu við tilraun til að hefta botnvörpung, 500 kr. handa hvorum (f. á.). ... ... ... ... ... ... ... 1000— ...

100. — 18. — Fyrir »158000 kr.«
komi: 161700 kr.

101. — 18. — Á eftir »viðbót við eftirlaun Jakobínu Soffíu Magnúsdóttir 59 kr. 38 aurar«
komi: Viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.
Til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.

102. — 18. — Á eftir »Til Hjartar Snorrasonar fyrrum skólastjóra og kennara 500 kr.«
komi: Til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.

103. — 19. — Á eftir greininni komi ný grein:
Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. . . . . greiðist úr viðlagasjóði.

104. — 20. — Fyrir fyrstu málsgrein komi:
Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

105. — 20. — 4. Orðin »hvort árið« falli burt.

106. Aftan við liðinn bætist:
Sýslufjelögum má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr. hvort árið, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við, að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðist á 15 árum.

107. Rangárvallasýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 14000 kr. til að kaupa jörðina Stórólfshvol, með hjáleigum, fyrir læknissetur og til þess að hafa þar sjúkraskýli. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

108. Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelagsins, til að raflýsa Vík í Mýrdal. Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

109. Hvanneyrarhreppi í Eyjafjarðarsýslu má lána úr viðlagasjóði 18000 kr., til þess að raflýsa Siglufjarðarkauptún. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

110. Úr viðlagasjóði má lána Jóni Björnssyni & Co. í Borgarnesi 7000 kr. til byggingar ullarþvottahúss. Full trygging sje sett fyrir láninu og greiðist af því 4½% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 14 árum.

111. Stjórninni veitist heimild til að breyta afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppur fjekk úr viðlagasjóði 1908, að upphæð 10000 kr., þannig að lánið borgist á 25 árum í stað 15, enda rýrni eigi tryggingin fyrir láninu.

Nd. **351. Breytingartillaga**

við breytingartill. á þgsk. 334 við frv. til girðingalaga.

Frá Bjarna Jónssyni, frá Vogi.

Við 2. lið. Síðari liður 9. gr. frumvarpsins falli niður.

Nd. **352. Lög**

um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

(Samþykt í Nd. 11. ágúst).

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 15 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eður önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er út til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **353. Frumvarp**

til girðingalaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði og ræktunarsjóði, svo og aðrar vírgirðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 metri á hæð. Þó skulu girðingar fyrir kynbótagripi ekki vera lægri en 1 metri og 12 sentímetrar.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum. Nú er garður hlaðinn undir vírinn, og þarf þá eigi fleiri strengi en fjóra, ef garðurinn er að minsta kosti 30 sentímetra hár, þrjá strengi, ef hann er 60 sentímetrar, og eigi fleiri en tvo strengi, ef hann er 75 sentímetrar á hæð.

2. gr.

Milli stuðla má vera alt að 6 metra bil, eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Að öðru leyti skal gera girðingar samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur, sje lán veitt til þeirra úr landssjóði eða ræktunarsjóði.

3. gr.

Nú vill einstakur maður eða fjelag girða og leitar um lán til þess úr áðurnefndum sjóðum, skal þá fylgja lánsbeiðninni skýrsla um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Sje eigi á fjárlögum ætlað nægilegt fje öllum umsækjendum til kaupa á girðingarefni, skulu þeir, að öðru jöfnu, hafa forgangsrjett næsta ár, sem komast eigi að fyrra skiftið.

4. gr.

Nú er lánað til girðingar úr nefndum sjóðum, og skal hún þá vera fullgerð innan þriggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda stjórnarráðinu vottorð um, að hún sje gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið innan þriggja ára, er lánið alt afturkræft, og skal þá greiða 6% í vexti af því.

5. gr.

Skylt er sjerhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða fjelög, er fengið hafa lán til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar, sem einstakir menn hafa tekið lán til, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú er girðing gerð, samkvæmt 1. og 2. gr., og lánað til hennar úr Ræktunarsjóði eða landssjóði, og skal þá girðingin fylgja jörðinni og má ekki flytja hana í burt, þó að eigandaskifti eða ábúandaskifti verði á henni, enda sje girðingin gerð í samráði við landsdrottin, ef leiguliði á í hlut.

7. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er lengur not að girðingunni, og losnar jarðeigandi eða ábúandi þá við þá skyldu, að halda henni við eða láta hana standa á jörðinni. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af girðingaláninu.

8. gr.

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri jarða saman, og jarðeigandi eða ábúandi með samráði við jarðeiganda vill girða á mörkum samkvæmt lögum þessum og reglugerð þeirri, er um getur í 2. grein, og samkomulag næst ekki við þann jarðeiganda eða ábúanda, sem á tún eða engi á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það, og skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir báða, og skifta girðingarkostnaðinum á milli málsaðila að tiltölu við gagn hvers um sig. Þó skal sá, er girðir, aldrei eiga rjett til frekari endurgreiðslu en svari helming girðingarkostnaðarins.

Verð girðingar liggur undir mat úttektarmanna, og kaup þeirra telst til girðingarkostnaðar.

Um viðhaldskostnað fer eftir sömu reglum.

9. gr.

Nú er vírgirðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sje gengið, sem land á að henni. Sje garður hlaðinn undir vírinn, skal efni og grundvöll taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Vilji maður girða beint, og þarf til þess inn á annars manns land, en sá vill eigi samþykkja, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn meta, að eigi sjeu

gildar ástæður til að banna girðinguna, og skulu þeir þá ákveða girðingunni stað og meta skaðabætur, ef meira sneiðist annað landið en hitt. Rjettur til annara afnota en engja og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skifti löndum til fullnustu.

10. gr.

Girðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 65 sentimetrar sjeu milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 5 metrar og 65 sentimetrar sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 3 metrar og 77 sentimetrar sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Þetta nær og til gaddavírsgirðinga meðfram tröðum og heimreiðum.

11. gr.

Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut eða fjallveg, nema hlið sje á fyrir veginum, og þarf til þess leyfi syslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, en leyfi stjórnarráðsins. ef um flutningabraut, þjóðveg eða fjallveg er að ræða.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur til að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu og vísvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum.

12. gr.

Nú liggur yfir land manns forn fjallvegur, þó ekki sje í tölu þeirra vega, sem landssjóði er skylt að annast, afrjettarvegur, bæjavegur, stígur eða götutroðningar, og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann læsa hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

Sama gildir og um sleðabrautir að vetrarlagi og aðrar vetrarleiðir, sem nauðsynlegar eru til almenningsnota, eftir ákvæðum sýslunefndar, ef leið liggur um fleiri hreppa en einn, en eftir ákvæði hreppsnefndar, þegar um innanhreppsveg er að ræða.

13. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

14. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 13. gr., og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

15. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 14. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni, með $^2/_3$ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja, og samþyktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 13. gr. Er öll meðferð samþyktar þá hin sama og 14. og 15. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvervetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

17. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitasjóð, ef brotið er móti hreppssamþykt.

19. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 52, 30. júlí 1909, um girðingar, úr gildi numin.

Nd. **354. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 kr Innan þess tíma má ekki verja öðru til árlegra útgjalda en vöxtum af sjóðnum.

Árgjaldið úr landssjóði fellur niður þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr.

2. gr.

Kennarafjelagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri, styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Ed. **355. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr. laganna orðist þannig:

Hverjum þeim, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn:

1. Að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi fullkomið lagapróf, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eiga að skipa, sbr. lög nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, 33. gr., og lög nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands til embætta.
2. Að hann hafi, að loknu fullnaðarprófi, fengist í 3 ár við málfærslustörf, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu málaflutningsmanns, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lögfræðisprófs er krafist til, eða unnið á skrifstofu við slík embætti. Þó nær ákvæði þetta eigi til þeirra lögfræðisnemenda, er ljúka fullnaðarprófi við Háskóla Íslands innan 4 ára eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.

3. Að hann fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess, að geta fengið embætti hjer á landi.

Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal, áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirrita eiðstaf um, að hann skuli flytja þau mál, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samviskusemi.

Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

Ed. **356. Frumvarp**

til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnar-kauptúnum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög þessi taka til kaupstaða og sjálfstjórnarkauptúna.

Orðið sjálfstjórnarkauptún táknar löggiltan verslunarstað, sem er hreppsfjelag út af fyrir sig.

Orðið sveitarfjelag táknar í lögum þessum kaupstað eða sjálfstjórnarkauptún; sveitarfjelagsstjórn og sveitarfjelagsumdæmi táknar stjórn eða umdæmi slíks sveitarfjelags.

2. gr.

Hver sveitarfjelagsstjórn hefir einkaleyfi til að veita rafstraumi um sveitarfjelagsumdæmið, hvort sem er með rafstraumstaugum ofan jarðar eða neðan, (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905). Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarfjelagsstjórnin ákveður, að rafveitan skuli ná til, skulu skyldir að þola hvers konar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafveituna. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum rafveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarfjelagsstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarfjelagssjóður.

3. gr.

Nú er rafveita á komin, og skal þá sveitarfjelagsstjórnin hafa einkarjett til að selja rafmagn í umdæmi sveitarfjelagsins. Hún getur og áskilið sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum í umdæminu.

4. gr.

Sveitarfjelagið kostar lagning inn fyrir húsvegg, eða að mæli í húsi,

en húseigandi eða húsráðandi kosta, eftir því sem þeim um semur, lagning tauganna innan húss og lýsingar-áhöld. ef þeir vilja raflýsingu nota.

5. gr.

Gjald fyrir notkun rafstraumsins skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarfjelags-stjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og skal hana endurskoða eigi sjaldnar en 5. hvert ár. Verði kostnaðurinn við rafveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem ávantar úr sveitarfjelagssjóði.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitarfjelagsgjöld.

6. gr.

Heimilt er sveitarfjelagsstjórn að heimta gjald, samkvæmt gjaldskránni, af hverjum húsráðanda, eftir að rafstraumstaug hefir lögð verið inn í hús hans.

7. gr.

Sveitarfjelagsstjórnin ein hefir rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafstraumstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, sem sveitarfjelagsstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarfjelagsstjórnin setur. Þeir einir sem þannig eru löggiltir mega fást við lagning rafstraumstauga eða önnur svipuð störf, sem að rafveitu lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

8. gr.

Hver sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafstraumstaugum sveitarfjelagsins eða öðrum mannvirkjum rafveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsisrefsingu eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæti auk þess skaðann að fullu.

9. gr.

Sveitarfjelagið getur sett reglugerð um notkun rafmagnsins, meðferð á rafstraumstaugum og önnur atriði, er að rafveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir hana.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **357. Frumvarp**

til laga um íslenskan fána.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hjer á landi skal vera löggildur landsfáni.

2. gr.

Fánin skal vera blár með hvítum krossi, þvert og endilangt, og nemi breidd krossálmanna $^1/_7$ hluta af breidd fánans.

Bláu reitirnir nær stönginni skulu vera rjettir ferhyrningar, og þeir jafnbreiðir, en tvöfalt lengri, þeir reitirnir, sem fjær eru stönginni.

Nd. **358. Frumvarp**

til laga um vatnsveitingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Vötn öll, stór og smá, skulu svo renna sem að fornu hafa runnið, og má ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, sem breytingin snertir hagsmunalega, eða heimild sje gefin til þess í lögum þessum.

Nú breyta vötn farvegi sínum, og er þá hverjum heimilt, sem fyrir skaða verður, að veita þeim í sinn forna farveg, og hefir hann jafnframt rjett til að nota til þess efni úr annars manns landi, ef nauðsyn krefur, gegn endurgjaldi. Þegar um mikið mannvirki er að ræða, skal um það leita álits verkfróðs manns, sem landsstjórnin hefir tekið gildan eða sett til þess, og skal farið að hans ráðum um framkvæmd verksins. Borgun til hans telst til kostnaðar við verkið.

2. gr.

Við áveitu og framræslu skal vatni veita svo á land eða af landi, að öðrum sje ekki mein að.

Nú telur einhver sjer mein af áveitu eða framræslu annars og samkomulag verður ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt úttektarmenn til skoðunar- og matsgerðar á þessu. Telji úttektarmenn gjörðarbeiðanda að vísu skaða af áveitunni eða framræslunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en úttektarmenn skulu þá meta fullar bætur fyrir.

Ef úttektarmenn meta gjörðarbeiðanda ekki meiri bætur en honum hafa verið boðnar, greiði hann matskostnað, en að öðrum kosti sá, er áveituna eða framræsluna hefir gjört.

3. gr.

Sá, sem veita vill vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars eða þarf að leiða vatnið yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt úttektarmenn til gjörðar um málið. Álíti úttektarmenn hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt í gegnum það, skal það heimilt gegn hæfilegri þóknun. Telji þeir landeiganda baga að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef úttektarmenn telja skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstökunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið annarsstaðar eða leitt með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn gjöri. Gjörðarbeiðandi greiði matskostnað.

4. gr.

Ekki má öðruvísi en eftir samkomulagi gerstífla ár, læki eða aðra vatnsfarvegi, og halda þannig vatni fyrir öðrum.

5. gr.

Nú fellur vatn milli tveggja jarða, og eiga þá hvor um sig, þeir er land eiga að, rjett á að nota vatnið að helmingi. Ef vatnið er svo lítið, að ekki nægi, þá skal með úrskurði úttektarmanna ákveða skifti og notkun vatnsins. Borgun til úttektarmanna greiði hvor um sig að helmingi.

Ef fleiri jarðir liggja að á, læk eða öðru vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag næst ekki um, hvernig nota skuli, má útkljá það með löggiltri samþykt samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land og geta þá þeir, er landið eiga, krafist þess, að úttektarmenn skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanua eftir jarðamatinu, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu. Rjett til að heimta yfirmat eða yfirúrskurð um skiftin hefir hver jarðeigenda og ábúenda, og auk þess hver veðhafi í landi því, er skift var, um eitt ár frá skiftadegi. Kostnaðinn við skiftin greiða jarðeigendur að tiltölu við jarðarstærð svo og kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð, ef breyting verður gerð á skiftum, ella greiðir gerðarbeiðandi þann kostnað.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns til samáveitu, um viðhald skurða og vatnsfarvega, og um vörn gegn skemdum af vatnságangi.

8. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt um samáveitu eða framræslu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metinn er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber honum 4 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað að auki, eftir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

9. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 8. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefur gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefur ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

10. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

11. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþyktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

12. gr.

Ákveða má í samþykt 1—200 kr. sektir fyrir brot gegn henni, og þá jafnframt tiltaka, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sje krafist. Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar, en náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

14. gr.

Þegar gerðar eru mælingar til undirbúnings samáveitu, er þeim, sem það gera, heimilt að fara að ósekju yfir lönd manna hvar sem er, hvort heldur gangandi eða með hesta, en varast skulu mælingamenn óþarfa troðning á túnum eða engjum. Merki þau og vörður, er mælingamenn þessir setja, skulu teljast til hluta þeirra, er friðaðir eru samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

15. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli jarðanna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver jörð liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar jarðir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna.

16. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi úttektarmanna er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til úttektarmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Nú er samþykt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landsdrottinn um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landsdrottinn leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og ennfremur eftirgjaldsauka eftir samkomulagi eða eftir mati úttektarmanna, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landsdrottinn ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna,

og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar tólfföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

18. gr.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkvæmt 17. gr., má taka hann lögtaki hjá leiguliða svo og viðhaldskostnað. Þegar sá leiguliði fer af jörð, sem áveitukostnaður hefir verið tekinn lögtaki hjá, þá skal hann fá endurgjald eftir ákvæðinu í síðara hluta 17. gr. í þessum lögum.

19. gr.

Þar sem ákveðið er í lögum þessum, að úttektarmenn skuli skoða, meta, skera úr o. s. frv., skulu það gjöra úttektarmenn í því umdæmi, þar sem það liggur, sem meta á, skoða eða skera úr um. Nú liggur það í tveim úttektarmannaumdæmum eða fleiri, en í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá sýslumaður tilnefna tvo af úttektarmönnum umdæmanna til gerðarinnar. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Úttektarmenn tilnefna oddamann, áður mat byrjar, sem sker úr, ef þá greinir á. Nú er svæði það, sem gerðina varðar, í tveim lögsagnarumdæmum eða fleiri, og heyrir þá tilnefning gerðarmanna, sú, sem á undan greinir, undir hjeraðsdómarann í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðarbeiðandi býr, ef hann býr á svæðinu, eða, ef hann býr utan þess, þar er sú fasteign liggur, sem hann beiðist gerðar vegna. Má dómarinn í þessu tilfelli útnefna menn úr hverju umdæmanna sem er.

Fyrir skoðunar- og matsgerðir o. s. frv. eftir lögum þessum fá úttektarmenn sömu borgun og þeim ber að lögum fyrir áþekk störf, og greiðist hún af gerðarbeiðanda, ef ekki er öðru vísi kveðið á í lögum þessum.

20. gr.

Öllum matsgerðum og úrskurðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, má hver sá, sem málið varðar, skjóta til yfirmats eða yfirúrskurðar dómara þess, sem útnefning úttektarmanna samkvæmt 19. gr. ber undir, og 4 manna annara, óvilhallra, sem hann kveður til þess fyrir rjetti og mega þeir vera úr öðrum lögsagnarumdæmum, ef dómaranum þykir ástæða til þess. Dómarinn er formaður yfirmatsmanna og stýrir matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð, ella skal ákveðið í yfirmatinu eða yfirúrskurðinum, hverir greiða skuli, sbr. þó 6. gr.

21. gr.

Skaðabætur þær, sem úttektarmenn eða yfirmatsnefnd meta samkvæmt lögum þessum, mega vera annaðhvort fjegjald í eitt skifti eða árlegt fjegjald, eftir því hvernig skaða þeim er varið, sem bæta skal.

Nú kemur í ljós, er frá líður, meiri skaði en fyrirsjáanlegur var, þá mat fór fram, og er þá heimilt að láta meta upp aftur, og fer það mat fram á sama hátt og frummatið.

Fjegjöld samkvæmt matsgjörðum og kostnað við matsgjörðir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki.

22. gr.

Úttektarmenn, matsmenn eftir 18. gr., og yfirmatsnefnd skulu gefa málsaðilum kost á að vera við mats- og skoðunargerðir þær, er þeir framkvæma eftir lögum þessum; skulu þeir því í tæka tíð tilkynna þeim, hvenær matsstörfin eða skoðunargjörð byrja og er störfum lýkur í hvert sinn, hvenær þau verði tekin fyrir aftur. Aðilum skal gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu aðilar viðstaddir, er matsmenn ræða málið sín í milli til undirbúnings álits síns eða þegar álitið er samið.

23. gr.

Brot gegn 3. og 4. gr. laga þessara varða sektum 10—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir þessar renna í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþyktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir ákvæðum framanskráðra laga.

Nd. **359. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóvbr. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. orðist svo: Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, enda hafi að minsta kosti 25 kjósendur mælt með kosningu hans. Stjórnarráðið setur nánari reglur um kosninguna eftir tillögum bæjarstjórnar. Borgarstjóri hefir 4500 kr. á ári að launum og 1500 kr. í skrifstofufje, og greiðist hvortveggja úr bæjarsjóði.

2. gr.

Upphaf 2. gr. orðist svo:
Bæjarfulltrúarnir skulu vera 15 að tölu o. s. frv.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem hjer um ræðir, inn í meginmál laga nr. 86, 22. nóv. 1907.

Nd. **360. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12 jan. 1884.

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Skyldur er eigandi að láta bæjarhús fylgja jörð, þau sem nauðsynleg eru til ábúðar á henni. Húsin skulu vera nægilega loftgóð og hlý og í viðunandi standi og að stærð við hæfi jarðarinar allt eftir mati og áliti úttektarmanna. Ef húsin fullnægja eigi þessum skilyrðum, skal jarðeiganda. skylt að gera á eigin kostnað þær umbætur, sem þörf er á.

Ef kúgildi fylgja jörð, skal eigandi láta fylgja hús yfir þau, en er kúgildi hverfa af jörðinni, skal hann laus undan kvöð um peningshús.

Þá er lög þessi eru gengin í gildi og jörð er tekin út næsta sinn þar á eftir, skal eigandi taka við álagi, en vera síðan undir þeirri húsakvöð, sem þessi grein leggur honum á herðar.

2. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:

Leiguliði skal á eigin kostnað halda við húsum þeim, er hann tekur við, svo að þau rýrni eigi að öðru en fyrningu.

Landsdrottinn getur látið úttektarmenn meta, hvort leiguliði geri skyldu sína í þessu. Kostnað af þeirri skoðunargerð greiði landsdrottinn, ef matið verður leiguliða í vil, en ella greiði leiguliði að hálfu.

Kveði eigi mikið að vanhirðu á húsum, má leiguliði koma fyrir sig fjebótum eftir mati, en vera skal hann rjettrækur af jörð, ef mikil brögð eru að. Hnígur það undir úrskurð úttektarmanna.

3. Bæta skal inní svohljóðandi greinum:

6. grein.

Leiguliði getur kvatt úttektarmenn til úrskurðar um, hvort bæjarhús jarðar sje svo sem til er skilið í 4. gr., og skulu þá úttektarmenn leita álits hjeraðs-

læknis þar um, ef hvorugur málsaðili hefir gert það. Bresti nokkuð á, fer um endurbætur eftir 4. gr.

Kostnað ber sá, sem úrskurður gengur í móti.

7. gr.

Mati og úrskurði má skjóta til yfirúttektarmanna. Gjöld skulu vera hin sömu sem við úttekt jarða.

8. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki eða öðru því, er leiguliða verður eigi gefin sök á, þá geri hann landsdrotni orð eða umboðsmanni hans, og er leiguliða heimilt að krefjast skoðunar á skemdunum. Ef eigandi bætir skemdir á fyrsta leiguári eftir, skal hann einskis í missa af landskuld, en ef hann bætir þá eigi, eða skemdir eru meiri en svo, að bættar verði í bráð, skal meta, hve miklum hluta landskuldar það nemi ár hvert um tiltekinn tíma. Á sami leiguliði þá heimting á að landskuld lækki um það alla þá stund sem matið nær til.

4. Greinatala frumvarpsins breytist eftir þessu.

5. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:

Numin eru úr lögum ákvæði 2. gr., 6. gr. og 20. greinar í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884, svo og ákvæði 15. gr. sömu laga um fyrning húsa og enn 16. og 17. gr. þeirra laga, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ed. **361. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld.

Nefnd sú, er efri deild kaus í þetta mál, hefir athugað það og komist að þeirri niðurstöðu, að fallast á það alveg óbreytt.

Frumvarpið, sem kom hingað frá neðri deild, hefir aðallega inni að halda 3 breytingar á ofannefndum lögum. Hin 1. er sú, að lögin um skoðun á síld skuli ná yfir alt landið; önnur, að lögin, sem eiga að falla úr gildi í lok þessa árs, skuli gilda áfram óákveðið; hin þriðja, að aðsetur yfirmatsmannanna tveggja skuli ákveðin af stjórnarráðinu, í stað þess að núgildandi lög tilnefna aðsetur þeirra á Akureyri og á Siglufirði.

Fyrir þessum aðalbreytingum og fleiri smábreytingum er gerð grein í nefndaráliti neðri deildar á þgskj. 216, og virðast allar þær breytingar vera góðar og gildar.

Fyrir því leyfir nefndin sjer að ráða deildinni til að samþykkja þetta rumvarp alveg eins og það kom frá neðri deild.

Efri deild Alþingis, 11. ágúst 1913.

J. Havsteen, (form.). Björn Þorláksson, (skrifari og framsögumaður).

Sig. Eggerz.

Nd. **362. Frumvarp**

til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af sektarfje fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands.

2. gr.

Í sjóð þennan renna $^2/_3$ sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum $^2/_3$ netto andvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Til sjóðsins leggur og landssjóður 5000 krónur á ári, er telst með árstekjum hans.

4. gr.

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hve nær hann tekur til starfa og hve miklu af fje hans skal til þessara varna varið.

5. gr.

Til þess tíma, sem ákveðinn er í 4. gr., má ekki skerða sjóðinn, og skulu allir vextirnir af stofnfje hans leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal hún ávaxta fje hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Nd. **363. Breytingartillögur**

við frv. til laga um íslenskan fána (þgsk. 357).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 1. gr. Í stað: »*landsfáni*« komi: fáni.

2. Aftan við frumvarpið bætist ný grein svo hljóðandi:

3. gr.

Óheimilt er að hafa annan fána á húsum eða stofnunum, þeim sem eru alþjóðareign.

Nd. **364. Frumvarp**

til laga um bæjanöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nöfnum á býlum, utan kaupstaða og kauptúna, þeim er jarðabók telur, má enginn breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

2. gr.

Nú vill eigandi býlis, er jarðabók telur, taka upp nýtt nafn á býlí sínu eða breyta því, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýra frá nafni býlisins og dýrleika, og tilgreina ástæður fyrir nafnbreytingunni, og skal henni fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda. Beiðnina með fylgiskjölum sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir hana til stjórnarráðsins.

3. gr.

Telji stjórnarráðið fyrir einhverjar orsakir nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu óheppilegt, endursendir það sýslumanni beiðnina, og skal beiðanda þá gefinn kostur á að velja annað nafn. Samnefni á býlum í sömu sýslu má eigi leyfa.

Sje nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sýslumanni, og ber honum að þinglesa það á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Nýnefni á býlum, er jarðabók telur, og upp hafa verið tekin áður en lög þessi öðlast gildi, mega því að eins haldast, að fengið sje leyfi stjórnarráðsins til nafnbreytingarinnar. Beiðni um nafnbreytinguna skal senda stjórnarráðinu innan 12 mánaða frá því lög þessi öðlast gildi, og gilda um þá beiðni þau ákvæði, sem sett eru í 2. og 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Fyrir leyfisbrjefið greiðir beiðandi 25 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning leyfisbrjefsins greiðir beiðandi sýslumanni 2 kr., auk lögákveðins þinglestrargjalds. Sje býlisnafnið 5 árum eldra en lög þessi, eða það sje gamalt en úrelt heiti á býlinu, skal þó ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið, nema skrásetningargjald til sýslumanns og þinglestrargjald.

6. gr.

Ekkert býli utan kaupstaða, kauptúna og sjóþorpa, má nafnlaust vera.

Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefir í jarðabókinni. eða húsi eða þurrabúð í kaupstað eða sjóþorpi, og skal hann þá afhenda sýslumanni til þinglestrar yfirlýsingu sína um nafn býlisins. Í yfirlýsingu þessari skal skýrt frá, á hvaða landeign og hvaða ár það er bygt, landstærð þess, ummerkjum og dýrleika, ef metið er. Yfirlýsingunni skal fylgja afsalsbrjef fyrir eigninni, eða önnur skilríki fyrir eignarrjetti umsækjanda.

Sýslumanni er heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt.

Ekki má taka upp nafn, sem samnefnt er öðru býli í sömu sýslu.

Þinglesnu nafni á býli má ekki breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er renna í landssjóð. Skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa eftirlit með að lögum þessum sje hlýtt.

8. gr.

Mál útaf lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Nd. **365. Nefndarálit**

um frumvarp til viðaukalaga við lög nr. 24. 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs. (Þingskj. 190).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar.

Frumvarpi þessu, ásamt breytingartillögum við það frá flutningsmönnum þess, (þingskj. 285), og viðaukatillögu frá þingm. Dalamanna, (þingskj 308), var vísað til landbúnaðarnefndarinnar, og hefir hún nú athugað frumvarpið og nefndar tillögur, en ekki getað orið á eitt mál sátt um efni þessa máls. —

Meiri hluti nefndarinnar vill fallast á frumvarpið með breytingartillögum flutningsmanna, og ræður deildinni til að samþykkja þær og svo frumvarpið.

Að því er viðaukatillöguna á þingskj. 308 snertir, þá lítur meiri hluti nefndarinnar svo á, að varhugavert sje að *skipa* fyrir um, eða *skylda alla* til þess að gera samþyktir um kornforðabúr. Ef hinsvegar væri um það að ræða, að koma á fót slíkum skyldusamþyktum um land alt, þá þyrfti að undirbúa það mál miklu betur en orðið er, og kostur er á að þessu sinni. Þyrfti þá sjerstök lög um það efni, miklu víðtækari en lögin um kornforðabúr eru, þótt þessi viðauki verði gerður við þau. Það þyrfti þá að gerbreyta þeim að formi, og auka þau að efni. Meðal annars þyrfti að setja í lögin ýmis konar tryggingar fyrir því, að þessi skylduforðabúr væru annað en nafnið eitt, þegar á þau reyndi. Ennfremur þyrfti ákvæði um undanþágu frá hinni almennu forðabúrsskyldu, þegar aðrar tryggingar jafngóðar væru fyrir hendi, og svona mætti halda áfram að telja. Af þessum ástæðum getur því meiri hluti nefndarinnar ekki aðhylst nefnda viðaukatillögu.

Alþingi 11. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Eggert Pálsson, formaður. | Sigurður Sigurðsson, skrifari og framsögum. |
| Kristján Jónsson. | Halldór Steinsson |

Nd. **366. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga 1914—1915.

Frá Matthíasi Ólafssyni.

1. Við 14. gr. VII. C. 1. Í stað »8000—8000« komi: 7000—7000.

2. — 14. — VII. C. 4. Aftan við »Til lýðskólans á Hvítárbakka«: »a.—b.« komi:

Til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði:

a. Styrkur, bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið hafi eftirlit með starfsemi skólans, og að hann njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landsjóðsstyrksins ... ... ... 1200—1200

b. Til sama skóla 20 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 5 mánuði, alt að ... ... ... ... 400— 400

Nd. **367. Frumvarp**

til laga um strandferðir.

Frá samgöngumálanefndinni.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa hluti í »Eimskipafjelagi Íslands« fyrir alt að 400,000 kr., gegn því að fjelagið taki að sjer að halda uppi strandferðum umhverfis landið með tveimur eða fleiri strandferðaskipum, og hafi tvö skipin að minsta kosti jafnmikið farþegarúm og lestarúm og sjeu að minsta kosti jafnörskreið og þau strandskip, sem hjer voru í förum 1911 og 1912. Ferðir þessar skal fjelagið hefja svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en í apríl 1916. Um fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta fer eftir samningi milli fjelagsins og stjórnarráðsins.

2. gr.

Náist ekki samningar við »Eimskipafjelag Íslands«, samkvæmt 1. gr., veitist landsstjórninni heimild til að kaupa tvö strandferðaskip, er samsvari skilyrðum þeim, er sett eru í 1. gr., og halda þeim út á kostnað landssjóðs bæði til strandferða og annara ferða, eftir því sem haganlegast þykir, þegar strandferðum lýkur hvert ár.

3. gr.

Stjórnarráðið semur áætlun fyrir strandferðaskip landssjóðs og ákveður fargjöld og farmgjöld þeirra. Það ræður og afgreiðslumann skipanna, sem jafnframt er reikningshaldari, og ákveður þóknun hans, og stjórnar hann útgerðinni að öllu leyti undir yfirumsjón þess, samkvæmt erindisbrjefi er það setur.

4. gr.

Útgerð landssjóðs skal, ef til kemur, hefjast eigi síðar en í apríl 1916, og skal stjórninni heimilt að leigja skip til strandferðanna til bráðabirgða, hafi ekki tekist að ná hentugum skipakaupum fyrir þann tíma, og fer þá um rekstur leiguskipanna samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán alt að 450,000 kr. til að fullnægja ákvæðum 1. og 2. greinar. Stjórninni veitist og heimild til að setja strandskipin að veði til tryggingar þeim hluta lánsupphæðarinnar, sem út á þau kann að fást.

Nd. **368. Nefndarálit**

um samgöngumál á sjó.

Nefnd sú, er kosin var til að íhuga samgöngumál á sjó og koma fram með tillögur um þær, hefir rætt það mál á allmörgum fundum, fyrst ein sjer, og síðar á sameiginlegum fundum ásamt samgöngumálanefnd Efri deildar, og á tveimur af þeim fundum hefir hæstv. ráðherra eftir ósk nefndanna mætt og rætt málið með þeim. Ljet hann á fyrra fundinum nefndunum í fje þær upplýsingar, sem hann hafði aflað sjer, og það álit, að hentast mundi að koma nýju fyrirkomulagi á strandferðirnar, þannig, að hlíta mætti hringferðum millilandaskipanna, að því er hina stærri viðkomustaði snerti, en hafa svo 6 flóaháta, er tækju við af þeim, og flyttu vörur og farþega áfram til hinna minni viðkomustaða, er millilandaskipin kæmu ekki á. Áleit hann til þessa henta báta, sem brúkaðir eru með ströndum fram í Noregi innleiðis, ef þeim væri breytt í það horf, að sigla mætti þeim útleiðis, því að þá mundu þeir líka þola sjó með ströndum fram hjer við land. Hafði hann látið gera teikning af þess konar bát, siglingafærum á útleið, og lagði hana fram í nefndinni. Bátar þessir eru mótorbátar, með 40 hestafla mótor, sem eyðir hjer um hil 10 kg. af hráolíu á kl.stund. Lestarúmið er ekki nema 15 smálestir, en farþegar geta verið 70, auðvitað aðallega á þilfari. Bátar þessir hafa 8 mílna hraða, og kosta úr stáli 26,000 kr., en úr trje 22,000 kr.

Jafnframt gat og ráðherra þess, að hann hefði leitað samninga við Eimskipafjelag Björgvinjar, og þó fullkomið tilboð væri ekki komið hingað, þá hefði honum þó borist símskeyti frá því, sem gæfi fulla vissu um, að það kæmi bráðlega. En sá hængur væri á því tilboði auk annars, að ómögulegt mundi reynast að fá skip þess fjelags til að hafa viðkomustaði erlendis utan Noregs, en viðskiftasambönd íslenskra kaupmanna aðallega annarsstaðar, svo að ferðir fjelagsins mundu ekki geta orðið þeim að tilætluðum notum.

Enn gat ráðherra þess, að kostur mundi verða á að endurnýja samninga um strandferðir, við »Hið sameinaða eimskipafjelag« fyrir næsta fjárhagstímabil með sömu kjörum og fyrir yfirstandandi ár.

Frá annari hálfu lágu fyrir nefndinni allgóðar upplýsingar um verð á skipum (og nokkur tilboð í þá átt), og áætlanir um reksturskostnað strandskipa og væntanlegar tekjur af þeim, bygðar á reynslu undanfarinna ára[1]).

Eftir að nefndirnar höfðu glöggvað sig á þessum skjölum og rætt málið ítarlega, varð það samhuga álit allra nefndarmanna, að ófært væri að byggja til frambúðar á samningum við erlend fjetög um strandferðir vorar, heldur yrði að því að stefna, að koma þeim sem fyrst á innlendar hendur, þannig að bæði yrðu skipin íslensk eign og skipverjar töluðu sömu tungu og fólkið, sem skipin á að nota. Virtist nefndunum engu minni nauðsyn á að gera strandferðirnar innlendar en millilandaferðirnar, heldur væri þörfin þar ef til vill enn þá brýnni, svo brýn, að ekki mætti láta dragast lengur að leggja hönd á verkið til að koma því í framkvæmd.

---

[1]) Sbr. brjef frá hr. stórkaupm. Thor E. Tulinius til Björns bankastjóra Kristjánssonar, sem prentað er hjer á eftir, að þar til fenginni heimild.

Æskilegast þótti nefndunum, að þessu gæti orðið svo hagað, að hið fyrirhugaða »Eimskipafjelag Íslands« tæki strandferðirnar að sjer, og var því formönnum nefndanna falið að ræða það mál við bráðabirgðastjórn þess fjelags. Árangurinn af þeirri málaleitun má sjá af brjefi því, er fylgir hjer með sem fylgiskjal nr. 2.

Þó að svar þetta að vísu beri það með sjer, að nokkuð valt geti verið á því að byggja, að »Eimskipafjelag Íslands« fáist til að taka að sjer strandferðirnar í bráð, virtist nefndunum þó eigi ólíklegt, að svo mundi kunna að fara, ef fjelaginu væri gefin nógu sterk hvöt til þess með ríflegri hluttöku landssjóðs í fjelaginu og hæfilegum landssjóðsstyrk heitið til strandferðanna. Nefndirnar vilja því leggja til, að stjórninni sje heimilað að kaupa hluti í fjelaginu fyrir alt að 400,000 kr., gegn því, að fjelagið taki að sjer strandferðirnar og haldi þeim uppi með tveim eða fleiri nýjum eða nýlegum skipum, á svipaðan hátt og með líkum skipum að stærð og hraða eins og strandferðaskipin »Austri« og »Vestri«, sem hjer voru í förum árin 1911 og 1912. En jafnframt gera nefndirnar ráð fyrir, að fjelaginu yrði í fjárlögum veittur álíka ársstyrkur til strandferðanna og veittur hefir verið að undanförnu. Að öðru leyti álitu nefndirnar, að rjettast væri að gefa stjórninni sem frjálsastar hendur til að semja við fjelagið, bæði um fyrirkomulag strandferðanna, ferðaáætlun og taxta, og á hvern hátt stjórnin ætti að beita atkvæði sínu fyrir hönd landssjóðs sem hluthafa í fjelaginu eða hafa hönd í bagga með stjórn þess. Að einskorða slíkt með föstum ákvæðum í lögum gæti vel orðið til hins mesta tálma fyrir alla samninga og jafnvel orðið því til algerðrar fyrirstöðu, að þeir yfirleitt tækjust.

En þó að nefndirnar helst kysu, að samningar um strandferðir gætu tekist við Eimskipafjelag Íslands, álitu þær, að nauðsynlegt væri að gera ráð fyrir, að svo gæti þó farið, að ekkert yrði úr þeim í bráð, og yrði þá að gera ráðstafanir til þess, að strandferðirnar kæmust samt í innlendar hendur. Þetta álitu nefndirnar, að varla gæti orðið með öðru móti en landssjóðsútgerð, en við hana voru allmargir nefndarmenn fremur ragir í fyrstu. Eftir því sem málið skýrðist, hvarf þó óttinn við landssjóðsútgerð æ meir og meir, með því greinilegar upplýsingar komu fram um, að landssjóðsútgerð ætti að geta borið sig með viðlíka tillagi og að undanförnu, eða jafnvel geta gefið nokkurn arð (sjá brjef hr. Tuliniusar).

Eimskip af líkri gerð og »Austri« má gera ráð fyrir, að fá mætti nú fyrir 200,000 kr., og samkvæmt reynslu undanfarinna ára mætti áætla útgjöld þess *á mánuði* þannig:

I. Áhöfn skipsins:

| | | |
|---|---|---|
| Laun skipstjóra og hundraðsgj. ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 225,00 |
| — 1. stýrimanns ... .. ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 130,00 |
| — 2. —— ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 100,00 |
| — 1. vjelastjóra . ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 200,00 |
| — 2. —— ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 125,00 |
| — tveggja kolamokara (65 kr. hvor) ... ... ... ... ... | — | 130,00 |
| — tveggja háseta (65 kr. hvor) ... ... ... ... ... ... | — | 130,00 |
| — eins háseta ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 45,00 |
| — tveggja unglinga (annar 30 kr., hinn 15 kr.) ... ... | — | 45,00 |
| | — | 1130,00 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fluttar kr. | 1130,00 |
| | Gert er ráð fyrir, að bryti á slíku skipi hafi matsölu fyrir eigin reikning og launi sjálfur fólk til þess, bæði matreiðslumann, kvenmann o. s. frv. Enn fremur, að hann selji skipshöfninni fæði fyrir ákveðið verð, kr. 1,50 á dag fyrir hvern af yfirmönnum skipsins og kr. 1,25 fyrir hvern háseta og annara undirmanna. Verður það kr. 7,50 fyrir yfirmennina 5 og kr. 8,75 fyrir undirmennina 7, eða alls kr. 16,25 á dag, sem gera má á mánuði um . ... .. ... | — | 500,00 |
| II. | Viðhald skipsins og endurnýjun áhalda ... .. ... ... ... | — | 400,00 |
| III. | Olía, tvistur o. fl.... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 150,00 |
| IV. | Kolaeyðslan mundi verða $6^1/_2$ smál. á dag, þegar skipið er á siglingu, og ef talið er, að það sje á siglingu 20 daga á hverjum mánuði, yrði kolaeyðslan á mánuði 130 smál., og verður það, ef hver smálest er reiknuð á kr. 30,00 ... ... | — | 3900,00 |
| V. | Ýmisleg útgjöld (t. d. aukavinna o. fl.) ... ... ... ... ... | — | 300,00 |
| VI. | Vátrygging fyrir hvern mánuð, $^3/_4$% af 200,000 kr. ... ... | — | 1500,00 |
| VII. | Afgreiðsla og hafnargjöld um ... ... ... ... ... ... ... | — | 700,00 |
| VIII. | 5% vextir af skipsverðinu, 200,000 kr. (= 10,000 kr.) á mánuði ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 833,33 |
| | Yrðu þá mánaðarútgjöld útgerðarinnar alls ... | kr. | 9413,33 |

Sje nú gert ráð fyrir, að strandferðum sje haldið uppi álíka lengi og 1911—12, eða í $6^1/_2$ mánuð, yrðu útgjöldin við útgerðina fyrir sjálfar strandferðirnar þannig kr. 61,186,66.

Sje nú hinsvegar litið á, hvers megi aftur vænta í aðra hönd, þá má líka ráða það af reynslu undanfarinna ára. Þannig má sjá af brjefi hr. Tuliniusar, að tekjur af strandferðum »Austra« urðu *með þeim lága flutningstaxta, sem þá gilti,*

| | | |
|---|---|---|
| árið 1910 ... ... ... | kr. | 19,330,00 |
| — 1911 ... ... ... | — | 25,310,00 |
| — 1912 ... ... ... | — | 30,330,00 |

Þetta sýnir, að afnot skipanna eru stöðugt að aukast og tekjurnar vaxa því með hverju ári um 5—6000 kr., án þess að kostnaðurinn aukist að nokkrum mun. Samkvæmt því mætti búast við, að tekjurnar hefðu með eldri taxtanum orðið 35,300 kr. árið 1913, en *með þeim hærri strandferðataxta, sem nú gildir hjá hinu Sameinaða eimskipafjelagi,* mundu tekjurnar hafa orðið um 50,000 kr.

Sje nú gert ráð fyrir, að hinum nýja taxta yrði haldið framvegis, ætti yfirlit yfir tekjur og útgjöld (miðað við árið 1913) að geta orðið þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Flutningsgjöld fyrir farþega og vörur, 50,000 kr. fyrir hvert skip | 100,000 kr. |
| 2. | Styrkur úr landssjóði ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 60,000 — |
| | Samtals | 160,000 kr. |

Þar frá dregst kostnaður við útgerð tveggja skipa í $6^1/_2$ mánuð, 61,186 kr. fyrir hvort skip ... ... ... ... ... ... ... ... 122,372 kr.

Og ætti þá að verða tekjuafgangur, sem næmi 37,628 kr.

og væri það ríflega fyrir fyrningargjaldi eða afborgun á verði skipanna, sem í 6½ mánuð mundi ekki nema meiru en kr. 21,666,66, þótt gjald þetta væri sett 10% af verðinu.

En sé nú gert ráð fyrir, að útgerð landssjóðs byrjaði ekki fyr en 1916, en framþróunin hin sama og árin 1910—1912, þannig, að tekjurnar ykjust um 5000 kr. með hverju ári, þá ætti sá tekjuauki að nema minst 15000 kr. fyrir hvert skip eða 30000 kr. fyrir bæði skipin, og þó líklega enn meiru, ef miðað er við hina nýju taxta. Ef bygt væri á slíkum tekjuauka, ætti tekjuafgangur útgerðarinnar af sjálfum strandferðunum að geta orðið fullar 670000 kr. En þó vert sje að hafa slíka framþróun í huga, þykir tæplega mikið á henni byggjandi og varlegra að miða að eins við yfirstandandi ár.

En eins er enn ógetið, sem mikla þýðingu hefir fyrir tekjuáætlun strandskipanna, og það er, að þau hafa á undanförnum árum lang mest siglt með vöru, sem þau hafa tekið við úr millilandaskipum og flutt áfram, *án þess að þeim hafi, að því er virðist, verið reiknuð nein borgun fyrir.* Hefði þeim verið reiknaður hæfilegur hluti af farmgjaldinu fyrir að flytja þessar vörur áfram, þá mundi tekjuupphæð þeirra hafa vaxið að stórum mun; en hve miklu þetta mundi hafa numið, er tæplega unt að gera neina áætlun um. Ef nú landssjóðsútgerð kæmist á, mundu strandskipin ekki annast slíka vöruflutninga úr millilandaskipunum nema fyrir einhverja sjerstaka borgun, og mundi það auka tekjur þeirra um eigi alllitla upphæð.

Þann tíma ársins, sem skipin væru ekki notuð til strandferða, mundi mega hafa þau í siglingum, sem gæfu enn meiri arð. Þannig lægi t. d. vel fyrir slíkum skipum, þegar að strandferðum loknum, að sigla með fiskfarma til Suðurtanda, sem hátt farmgjald er fyrir goldið.

Að öllu þessu athuguðu urðu allir nefndarmenn beggja deilda sammála um, að ráða til, að stjórninni sje veitt heimild til að kaupa tvö strandferðaskip af líkri gerð og strandferðaskipin »Austri« og »Vestri«, sem hjer voru í förum síðastliðið ár og halda þeim út á kostnað landsjóðs. Slík skip mundi nú mega fá fyrir 200,000 kr. hvort, en til þess að stjórnin lendi ekki í neinum vandræðum ef skipin kynnu að verða ofurlítið dýrari, ráða nefndirnar til að heimila stjórninni að taka alt að 450,000 kr. lán, svo að líka væri eitthvað upp á að hlaupa fyrir afföllum, við lántökuna sem gera má ráð fyrir, að ekki yrði hjá komist, eftir því sem markaðshorfur eru nú fyrir peninga. Skyldi það reynast ókleift fyrir stjórnina, að útvega landssjóði slíkt lán erlendis með þolanlegum kjörum, álíta nefndirnar, að fyrirtækið þyrfti samt ekki að stranda, ef stjórninni væri gefin heimild til að veðsetja skipin og fá lán út á þau, sem algengt kvað vera að nemi 50—60% af verði skipsins. Næmi nú verð skipanna 400,000 kr. og fengjust 60% af verði þeirra út á þau, mundi það nema 240,000 kr., og yrðu þá ekki eftir nema 160,000 kr., sem líklegt þykir, að fá mætti í bönkum hjer innanlands, að minsta kosti í bili, uns um hægðist á peningamarkaðinum erlendis.

Þar sem nefndirnar álitu, að ekki ætti að grípa til landssjóðsútgerðar fyr en útsjeð væri um, að samningar um strandferðir við »Eimskipafjelag Íslands« gætu á komist í bráð, en þess máske ekki allskamt að bíða, að fullnaðarsvör gætu fyrir legið frá fjelaginu, vildu nefndirnar ekki einskorða, að útgerð landssjóðs skyldi byrja fyr en í apríl 1916, með því að stjórnin gæti þurft á ríflegum fresti að halda til þess að útvega eða láta smíða skip, en gæti ekki gert verulegar

ráðstafanir til þess, fyr en upp úr samningum við »Eimskipafjelag Íslands« væri slitnað. Hinsvegar ætti stjórnin að hafa fulla heimild til að láta útgerð landssjóðs byrja fyr, ef kringumstæðurnar skyldu mæla með því.

En yrði útgerð landssjóðs ekki látin byrja fyr en 1916, nje heldur strandferðir »Eimskipafjelags Íslands«, þó samningar tækjust við það, þá er ljóst, að gera þyrfti einhverjar ráðstafanir til bráðabirgða. Hafa nefndirnar nánast hugsað sjer að þær yrðu þannig vaxnar, að til strandferða yrði veitt viðlíka upphæð og að undanförnu í fjárlögunum, og stjórninni svo falið annaðhvort að semja um strandferðirnar við eitthvert útlent fjelag, eða þá að taka skip á leigu til þeirra og gera þau út á kostnað landssjóðs og ætti þá heimild fyrir hana til þess að vera í fjárlögum.

Rekstursfje til landssjóðsútgerðar á hverjum tíma sem væri, mundi verða að veita í fjárlögunum og geyma nefndirnar sjer rjett til að koma fram með tillögu viðvíkjandi því undir umræðum um fjárlögin, ef það skyldi verða ofan á í þinginu, að láta landssjóðsútgerð byrja fyr en 1916. En byrji hún ekki fyr en þá, er nægur tími til að sjá fyrir rekstursfje á þinginu 1915.

Að því er snertir stjórn á útgerð landssjóðs, álíta nefndirnar, að ekki væri nauðsynlegt að stofna neitt embætti eða sjerstaka stöðu í því skyni, heldur mundi mega fela afgreiðslu skipanna og reikningshald annað hvort framkvæmdarstjórn »Eimskipafjelags Íslands«, sem þegar hefir boðið fram aðstoð sína (sdr. brjef bráðabirgðastjórnarinnar hjer á eftir), eða þá einhverjum öðrum vönum og áreiðanlegum afgreiðslumanni, sem fæst eða fengist hefir við afgreiðslu eimskipa.

Samkvæmt framanskráðu leyfum vjer oss að koma fram með sjerstakt frumvarp til laga um strandferðir, er veiti stjórninni heimild til að gera allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að koma hugsunum nefndanna í framkvæmd. Var það álit nefndanna, að með tveimur strandskipum af líkri gerð og skipin »Austri« og »Vestri«, og með svipuðu fyrirkomulagi á ferðunum og haft var árin 1911 og 1912, mundi mega fullnægja öllum sanngjörnum kröfum til strandferða umhverfis land alt — að suðurströnd lansdins einni undanskildri.

En að koma nú þegar fram með nokkrar tillögur um auknar strandferðir fyrir suðurströndina, álitu nefndirnar ekki gerlegt, þar sem fyrir þinginu liggja tvö stórmál, um járnbraut og um höfn í Vestmannaeyjum, sem geta haft mikil áhrif á úrlausn þeirrar spurningar, hvernig samgöngubótum verði þar best fyrir komið. Nefndin geymir sjer því rjett til að athuga bæði þá spurningu, og um fyrirkomulag á ferðum flóabáta, og gerð þeirra ásamt sambandi þeirra við strandskip og millilandaskip. Væri mikil nauðsyn á að setja allar þessar ferðir í eitt samanhangandi kerfi, þar sem einn liðurinn tæki við af öðrum. En til þess eru lítil líkindi að nefndunum vinnist tími, enda slíkt verk fremur stjórnarinnar en þingnefnda.

Nefndinni hefir borist brjef frá framkvæmdastjóra Thorefjelagsins Hendriksen, til ráðherra, er vjer látum prenta hjer á eftir sem fylgiskjal nr. 3.

Alþingi, 12. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Jóh. Jóhannesson, (formaður). | Valtýr Guðmundsson, (skrifari og framsögum.). |

Björn Kristjánsson. Halldór Steinsson. Pjetur Jónsson.

**Fylgiskjal I.**

Thor E. Tulinius.
Telegramadresse: »Thore«.
Telefone:
H 557 Chefer.
H 556 Hovedkontor.

Havnegade 43.
Köbenhavn K., den 29. Mai 1913.

**Confidentielt.**

Herr Bankdirektör Björn Kristjánsson
p. t. Köbenhavn.

De har bedt mig om de Oplysninger jeg kan give med Hensyn til en eventuel Kystfart Island rundt, og særlig hvad Omkostningerne ved Driften angaar, — hvilket jeg nedenfor skal tillade mig at give.

Til en tidssvarende Kystfart vilde to Dampere antagelig være nok i Forbindelse med de allerede existerende smaa Lokalbaade.

Af de to Kystdampere skulde den ene være af »Austri's« Störrelse, med Passagerplads til 20—30 paa 1ste Kahyt og et lignende Antal 2. Kahyts Passagerer, samt med 9 á 10 Mils Fart. Denne Baad skulde da særlig være til hurtig Passager- og Postbefordring Landet rundt og kun anlöbe de störste Pladser, hvortil Gods samtidig toges.

Kystdamper Nr. 2 skulde være noget större, f. Ex. laste ca. 400 Tons excl. Bunkers og behövede ikke mere end ca. 8 á $8^1/_2$ Mils Fart og Passagerbekvemmelighed for 6—10 paa 1ste Kahyt. Denne Damper der hovedsagelig var baseret paa Godstrafik skulde ogsaa gaa hele Landet rundt anlöbende alle Pladser af nogen Betydning efter en Fartplan, omtrent som de nuværende Kystdampere, med Undtagelse af Sydkysten.

Hvad Anskaffelsen af saadanne to Skibe angaar, vilde jeg tro, at Baad Nr. 1, der burde være Nybygning, kunde anskaffes for ca. Kr. 200,000,00, medens en god Lastebaad paa ikke over 10 Aar, formentlig kunde köbes til Brug som Nr. 2 Baad for Kr. 100 á 110,000.

Ved Omkostningsberegningen pr. Maaned ser jeg bort fra Kasco-Assurance og Renter af den i Baadene anbragte Kapital. For disse to Hovedposters Vedkommende kan man tilsammen regne ca. 15% pro anno, eller ca. 9% Assurance og ca. 6% Rente.

Skibenes Kascoassurance kan ordnes saaledes. at der gives fuld Ristorno saa kun en mindre Præmie mod Brand, Havne- eller Revirfare bliver at betale under Oplægningen.

Dersom Kystbaad Nr. 2 kun skal holdes i Fart paa Kysten i Lighed med de nuværende Kystbaade til Udgangen af Oktober, kunde denne Damper eventuelt med Fordel bortfragtes til en Tur til Middelhavet eller anvendes til anden Fart.

Ved Beregning af Kulforbruget har jeg, bygget paa tidligere Erfaringer, beregnet fuldt Kulforbrug for $^2/_3$ af Tiden, saaledes at en Baad der bruger 6 Tons Kul i Dögnet om Maaneden, beregnes at bruge $20 \times 6$ Tons. Dette vil muligvis blive noget for lavt hvad Kystbaad Nr. 1 angaar, naar denne stadig skal benyttes til hurtige Rundrejser.

Efter den nuværende Fartplan medgaar der til de hurtige Rundrejser 6 Dage, hvortil kommer 4 Dage i Reykjavik. Altsaa skulde Damperne kunne göre 3 Rundrejser om Maaneden i Sommertiden. Da man vel sagtens tænker sig

nogle flere Anlöb en de nuværende, vil der til selve Rejsen medgaa 2—3 Dage mere.

Jeg tror derfor, at det beregnede Kulforbrug for Kystbaad Nr. 1 bör forhöjes med 20 á 25% om Maaneden.

Udgifterne for de to Kystdampere vil herefter omtrentlig stille sig saaledes pr. Maaned:

**Damper Nr. 1.**

Folkehyrer:

| | | |
|---|---|---|
| Förer, Hyre & Kaplaken ... ... ... ... ... | Kr. 225,00 | |
| I. Styrmand... ... ... ... ... ... ... ... | — 130,00 | |
| II. — ... ... ... ... ... ... ... ... | — 100,00 | |
| I. Mester ... ... ... ... ... ... ... ... | — 200,00 | |
| II. — ... ... ... ... ... ... ... ... | — 125,00 | |
| 2 Fyrbödere á Kr. 65,00 ... ... ... ... .. | — 130,00 | |
| 2 Matroser á Kr. 65,00 ... ... ... ... ... | — 130,00 | |
| 1 Letmatros... ... ... ... ... ... ... ... | — 45,00 | |
| 1 Jungmand .. ... ... ... ... ... ... ... | — 30,00 | |
| 1 Dreng .. ... ... ... ... ... ... ... ... | — 15,00 | Kr. 1130,00 |

Restauratören paa denne Damper skal for sin Regning holde Kok og Kahytsjomfru og have Kostpenge for det övrige Mandskab, antagelig Kr. 1,50 for Officerer og Kr. 1,25 for Mandskabet pr. Dag.

Kostpenge:

| | | |
|---|---|---|
| 5 Officerer á Kr. 1,50 ... ... ... ... ... | Kr. 7,50 | |
| 7 Mand á Kr. 1,25 ... ... ... ... ... ... | — 8,75 | |
| pr. Dag | Kr. 16,25 | |
| Kostpenge 30+16 1/4 Kr. pr. Maaned ca... .. ... ... ... ... ... | | — 500,00 |
| Til Vedligeholdelse og Fornyelse af Skib og Inventar .. ... ... ... | | — 400,00 |
| Olie Tvist m. m. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | — 150,00 |
| Kulforbrug beregnet efter 20 Dögn under Fart á 6 1/2 Ton 130 Tons á Kr. 25,00 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | — 3250,00 |
| Andre Udgifter saasom Overarbejdspenge etc... ... ... ... ... ... | | — 300,00 |
| | | Kr. 5730,00 |

**Kystbaad Nr. 2.**

Folkehyre og Kostpenge:

| | |
|---|---|
| Her er beregnet Hyre til Hovmesteren og 1 Jomfru incl. Kostpenge ca. Kr. 200,00, hvorefter Folkehyre og Kostpenge pr. Maaned andrager . | Kr. 1800,00 |
| Vedligeholdelse og Fornyelse af Skib og Inventar... ... ... ... ... | — 500,00 |
| Olie, Tvist etc. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 150,00 |
| Kulforbrug beregnet efter 20 Dögn under Fart á 5 1/2 Ton, 110 Tons á Kr. 25,00 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 2750,00 |
| Andre Udgifter saasom Overarbejdspenge etc.. ... ... ... ... ... | — 300,00 |
| | Kr. 5500,00 |

Man vil herefter omtrentlig kunne udregne, hvad Driften koster, men jeg skal udtrykkelig fremhæve, at her ikke er beregnet hverken Havneudgifter eller Expeditionsgebyrer, hvilket vanskelig kan beregnes förend Fartplanen kendes.

Til Oplysning om, hvorledes Kystfarten i »Thore's« Tid svarede Regning, kan jeg meddele følgende:

Sidste Aar 1912 gav Kystfarten, naar der til Skibene lagdes alle Kr. 60000,00 Subvention, et Driftsoverskud af Kr. 25987,80. Nærmere at specificere, hvorledes dette Resultat fremkommer, beklager jeg ikke at kunne, men da jeg ved, at der var stort Tab paa Sydlandsbaaden, vilde Resultatet selvfölgelig være blevet meget bedre uden denne. Ligeledes har Kulstriken i 1912 foröget Udgifterne til Kul betydelig.

Det er en Kendsgerning, at Kystfarten viste Fremgang, og skal jeg til Belysning heraf oplyse følgende vedrörende »Austri's« Fart i 3 Aar. Jeg har desværre ikke »Vestri« ved Haanden, men da denne Damper havde större Godsmængde at befordre end »Austri«, men færre Passagerer, antager jeg Resultatet vil blive omtrent det samme.

| | | |
|---|---|---|
| »Austri« opsejlede i | 1910 ... ... ... ... | Kr. 19,330,52 |
| | 1911 ... ... ... ... | — 25,310,10 |
| | 1912 ... ... ... ... | — 30,334,28 |

foruden Omladningsgods fra Mellemlandsskibene og foruden udgaaende Godsfragt fra Reykjavik. Regner man nu det betydelige Fragttillæg, som det er lykkedes D. F. D. S. at gennemföre, vil man let kunde regno sig til Resultatet.

Rent kalkulatorisk vil jeg anslaa, at alle 3 Kystbaade i 1912 har opsejlet opimod Kr. 100,000 hvoraf ca. 20,000 formentlig kan regnes at tilkomme Sydlandsbaaden, der sejlede i omtrent 6 Maaneder.

Kasco-Assurancen bliver at tillægge foranstaaende Beregning. Dette bliver ca. $^3/_4$ % pr. Maaned, altsaa

for Nr. 1 Damper beregnet ny til Kr. 200,000 .. ... ... Kr. 1500 pr. Md.
— — 2 — — at koste — 100,000 .. ... ... — 750 — —

Endvidere ca. Kr. 700 pr. Md. for Expedition og Havneudgifter.

Omkostningerne i 1912 kan anslaas til

ca. Kr. 7,500 pr. Md. for »Austri« og »Vestri« og
— — 6,500 — — — »Perwie«.

Regner man nu Besejlingstiden for de to förste til $6^1/_2$ Md. og »Perwie« til 6 Mdr., kommer man til følgende Resultat:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Indsejlet Fragt ca. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | Kr. 100,000 |
| Subvention .... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — 60,000 |
| | | | Kr. 160,000 |
| Omkostninger: | | | |
| 2 Kystbaade i $6^1/_2$ Md. á Kr. 15,000 | Kr. 97,500 | | |
| 1 —— - 6 — - — 6,500 | — 39,000 | | — 136,500 |
| | | Overskud | Kr. 23,500 |

At dette omtrent passer fremgaar af det foreliggende Resultat for Kystfarten i 1912, nemlig et Overskud paa Kr. 25—26000.

Uden Sydlandsbaaden vilde Resultatet have stillet sig saaledes:

| | | |
|---|---|---|
| »Austri« og »Vestri« opsejlet .... ... ... | Kr. | 80,000 |
| + Subvention .... ... ... | — | 60,000 |
| | Kr. | 140,000 |
| ÷ Omkostninger .... ... ... | — | 97,500 |
| Overskud | Kr. | 42,500 |

Den af D. F. D. S. opnaaede Overenskomst giver utvivlsomt Selskabet mellem Kr. 10 og 15000 Merindtægt paa samme Trafik, saa det synes ganske utvivlsomt, at det for Landet vil svare god Regning, selv at overtage sin Kystfart, saa meget mere, som denne stadig vil öges.

Med Höjagtelse.

Thor E. Tulinius.

**Fylgiskjal II.**

## Svar

frá bráðabirgðastjórn Eimskipafjelags Íslands til formanns samgöngumálanefndanna.

Bráðabirgðastjórnin er að eins kosin til þess að annast hlutafjársöfnun og undirbúa stofnfund fjelags með þeim tilgangi og því verksviði, sem ákveðið er í hlutaútboðsskjalinu, og getur því sem slík samkvæmt stöðu sinni ekki tekist á hendur skuldbinding um það, hvenær eða hvort hið væntanlega Eimskipafjelag Íslands muni vilja taka að sjer strandferðir hjer við land. Hinsvegar hefir það frá upphafi verið hugsun forgöngumanna fjelagsins, að svo framarlega sem byrjunarútgerð fjelagsins reynist svo vel, að fært þyki að færa út kvíarnar og auka starfsvið þess, þá verði ein hin fyrsta aukning í því fólgin, að taka að sjer strandferðirnar.

Þar sem vjer höfum fengið orð formanna samgöngumálanefndanna fyrir því, að allir nefndarmenn álíti að Alþingi beri að styrkja Eimskipafjelag Íslands eftir mætti, þá viljum vjer taka svo liðlega í málaleitunina um að taka strandferðirnar, sem oss er mögulegt, og lofum að verða því fylgjandi á sínum tíma, að Eimskipafjelagið taki þær að sjer með því fyrirkomulagi og þeim styrk, sem þá álíst nauðsynlegur, til þess að fjelagið bíði ekki halla af þeim. Þangað til þetta getur orðið þætti oss æskilegast að gerðar yrðu bráðabirgðaráðstafanir um strandferðir, þannig að menn hefðu frjálsar hendur til að velja stærð og fyrirkomulag strandskipa og tilhögun ferða eftir því sem framkvæmdarstjórn Eimskipafjelagsins álítur hentugast á þeim tíma, er samningar milli landsstjórnarinnar og fjelagsins geta orðið gerðir um strandferðirnar. Ef þessu bráðabirgðafyrirkomulagi yrði þannig hagað, að landssjóður ræki strandferðir á sinn kostnað, þá viljum vjer stuðla að því, að landsstjórnin geti notið sjerþekkingar framkvæmdarstjóra vors, og starfskrafta hans og annara starfsmanna fjelagsins við útgerð strandbátanna, með sem aðgengilegustum kjörum fyrir landssjóð, og að öðru leyti koma á samvinnu milli fjelagsins og strandbátaútgerðarinnar á sem hagfeldastan hátt fyrir báða málsaðila.

Að öðru leyti viljum vjer út af hugsunum þeim, er nefndarformennirnir hafa látið í ljósi við oss, leyfa oss að taka þetta fram:

Vjer getum ekki verið því samdóma, að það sje meiri nauðsyn að fá ísl. strandferðaskip en ísl. millilandaskip. Með ísl. millilandaskipum fæst möguleikinn til að kaupa og selja verslunarvöru landsins á hentugustu markaðsstöðum erlendis, en strandferðaskipin gagna ekki versluninni þó íslensk sjeu, ef þau færa mönnum dýrar vörur — keyptar á óhentugum stöðum — og flytja vörur frá mönnum áleiðis til óhentugra sölustaða.

Hvergi í öllum þeim brjefum, sem Eimskipafjelaginu hafa borist víðsvegar af landinu, er látin í ljósi ósk um, að fjelagið taki að sjer strandferðirnar, en alment er í brjefum þessum skýrt frá því, að menn telji fjelagið, með því fyrirkomulagi sem hlutaútboðið ráðgerir, hið þarfasta fyrirtæki sem til hefir verið stofnað hjer. Brjefin eru til sýnis fyrir samgöngumálanefndirnar ef óskað er. Það mun vera alment álit landsmanna, að strandferðirnar hafi hingað til verið þeim fjelögum fremar til byrði, sem hafa haft þær á hendi, og þetta er einnig álit vort, bygt á nokkurri þekkingu um það efni.

Þar sem nefndarformennirnir geta þess, að millilandaferðir sjeu jafnan arðsamar, ef þeim sje hagað af viti, og þurfi því ekki styrk, þá viljum vjer taka það fram, að vjer hugsum oss að skip Eimskipafjelagsins sigli til ýmsra hafna erlendis, sem ekki eru beinar samgöngur við nú, en verslunarstjettin óskar sambanda við. Vöruflutningar að og frá þeim höfnum geta ekki alt í einu orðið svo miklir, að arðvænlegt sje að sigla þangað fyrir fjelagið, en í notum þess hagnaðar, sem landið hefir af þeim siglingum, teljum vjer að fjelaginu beri ríflegur styrkur úr landssjóði.

Vjer verðum að álíta það alveg ógerlegt fyrir fjelagið að starfa með einu millilandaskipi og tveim strandbátum, því að þetta eina millilandaskip mundi alls ekki geta flutt hingað þær vörur, sem strandbátarnir þurfa að fá til flutnings, og óvíst, að strandbátarnir fengju flutning frá öðrum fjelögum.

Að gefnu tilefni leyfum vjer oss að geta þess, að vjer vonumst eptir að fjelagið geti byrjað skipaferðir í ársbyrjun 1915. Það er þó hugsanlegt að byrjunin geti dregist eitthvað fram eftir árinu, ef það reynist of kostnaðarsamt að fá skipin smíðuð á svo skömmum tíma, sem til þess þarf.

Að öðru leyti leyfum vjer oss virðingarfylst að vísa til umsóknar vorrar til Alþingis um hluttöku og styrk af landssjóðs hálfu til fjelagsins.

Reykjavík, 30. júlí 1913.

Jón Þorláksson. Jón Gunnarsson. Sveinn Björnsson. Eggert Claessen.
Ó. G. Eyjólfsson. Jón Björnsson.

**Fylgiskjal III.**

Reykjavik,
den 9de August 1913.

Hans Excellence Islands Minister Hannes Hafstein,
K. af D. D. M. p. p.
Reykjavik.

I Fortsættelse af behagelig Samtale af igaar tillader jeg mig herved at meddele, at Dampskibsselskabet »Thore«s Brutto-Driftsoverskud af Kystfarten paa Island 1912 for Skibene »Austri«, »Vestri« og »Perwie« inklusive Kystfart-Subventionen fra Island androg henholdsvis Kr. 11457.00, Kr. 960.00 og Kr. 3571.00, tilsammen Kr. 15.988.00, mod i 1911 henholdsvis Kr. 9008.00, Kr. 8054.00 og Kr. 2908.00, tilsammen Kr. 19.970.00. — I Henhold til netop modtaget telegrafisk Meddelelse fra Kjøbenhavn androg Udgifterne til Renter, Amortisation, Andel i Administrationen o.s.v. for disse tre Skibe for Aaret 1912 Kr. 59.419.00, hvorefter det direkte Tab paa Kystfarten altsaa bliver *Kr. 43.431.00.* — Førnævnte Beløb Kr. 59.419.00 har jeg ikke nøjagtig specificeret, men da s.s. »Austri«, »Vestri« og »Perwie«s bogførte Værdi var ca Kr. 500.000.00, der af os skulde forrentes med 5—6 %, og da man ikke kan regne Amortisationen til mindre end 5 %, andrager det Beløb, der altsaa er anvendt hertil, ca Kr. 50/55.000.00. — Det resterende Beløb er altsaa Skibenes Andel i Administrationsudgifterne og Diverse Udgifter, hvilket maa siges at være meget lavt beregnet. — Hertil kommer, at s.s. »Perwie« i 1912 underkastedes en gennemgribende Reparation, der kostede ca Kr. 20.000.00, men til dette Beløb er der intet Hensyn taget i ovennævnte Opstilling. »Austri« og »Vestri«, der jo var ny Skibe, kostede kun forholdsvis lidt i Reparationer og Vedligeholdelser. — Tager man endvidere i Betragtning, at »Thore« i Henhold til det Arrangement, der i sin Tid var truffet med den islandske Regering, var forpligtet til at viderebesørge Gods fra Mellemlandsbaadene med Kystbaadene til Kyststationerne til samme Fragt, som gjaldt til de Pladser, som Mellemlandsbaadene anløb, hvorved disse sidstes Fragtindtægt formindskedes betydelig, da Kystbaadene jo oppebar deres Andel af Fragten, saa mener jeg at kunne udtale, at det indirekte Tab, »Thore« har lidt derved, og som ikke kan opgøres, andrager adskillige Tusinde Kroner, og jeg vil anslaa det Tab, som »Thore« direkte og indirekte har lidt ved Kystfarten i 1912, til mindst Kr. 50/60.000.00. —

Skulde deres Excellence ønske yderligere Oplysninger, skal det være mig kært at fremkomme med saadanne. —

Ærbødigst

H. Hendriksen.

Ed. **369. Frumvarp**

til laga um forðagæslu.

Frá nefndinni í málinu: frv. til laga um hallærisvarnir.

## A. Skipun forðagæslumanna.

1. gr.

Í hverjum hreppi skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðnm hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi.

Sýslunefnd skal ákveða tölu forðagæslumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar.

2. gr.

Forðagæslumenn skal kjósa 3. hvert ár til 3 ára í senn um leið og hreppsnefndarkosning fer fram og að henni aflokinni. Skulu gilda sömu reglur um kosninguna sem um hreppsnefndarkosningu og hafa þeir allir kosningarrjett, sem þann rjett hafa til hreppsnefndarkosningar.

Hver karlmaður, sem er kjörgengur til hreppsnefndar, skal vera skyldur til að takast þennan starfa á hendur, en jafnan skulu þeir vera fremstir í kjöri, sem eru reyndir og ráðsettir búmenn, eða, þótt búlausir sjeu, kunnir að búhyggindum og góðri þekkingu á skepnuhirðingu.

Skorast geta menn undan þessu starfi af samskonar ástæðum, sem þá er menn skorast undan hreppsnefndarstarfi.

Ef forðagæslumaður deyr eða lætur af starfi sínu af öðrum ástæðum, áður en kjörtími hans er liðinn, skal þegar kjósa mann í hans stað til þess tíma aðeins, sem eftir var af kjörtíma hans, og fer um þá kosningu, sem um aukakosningu í hreppsnefnd.

## B. Verksvið forðagæslumanna og laun þeirra.

3. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma þrisvar á ári til eftirlits á hvert heimili, sem honum er falið til umsjónar, í fyrsta sinni á hausti, í annað sinni upp úr miðjum vetri, í þriðja sinni á vori.

Í hverri ferð skal hann athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda, og meðferðina á skepnunum. Í haustferð og miðsvetrarferð skal hann jafnframt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir, og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili, en í vorferð heyfyrningar og skepnuhöld. Skal hann jafnan mæla heyin og meta fóðurgildi þeirra.

Þar að auki skal forðagæslumaður, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili sem lenda í þröng.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargerðir sínar í þar til gerða bók, sem hreppsjóður borgar.

Eftir haustskoðun og vetrarskoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega, hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gerist á aukaskoðunum, skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða vísari, og hverrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanna, að gefa hverjum búanda holl ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu.

Þegar þeir fara vorskoðunarferðir, skulu þeir veita hverjum búanda rjettlátan vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir því næst senda sýslumanni fyrir fardaga aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er að enda, og skal sýslumaður lesa þá skýrslu upp á næsta manntalsþingi og grenslast eftir því, hvort hún er sönn og rjett.

Á hausthreppaskilum skal hreppstjóri lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð, og greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Sýslunefnd skal semja reglugerð fyrir forðagæslumenn eftir fyrirmynd, sem hallærisvarnastjórnin lætur í té, og skal þar sagt ítarlega fyrir um öll störf og skýrslugerðir forðagæslumanna.

Þessar reglugerðir skulu sýslunefndir senda stjórnarráðinu til staðfestingar, en það leitar í hvert sinn álits hallærisvarnastjórnarinnar.

C. Um skyldur þeirra, er komast í fóðurþröng o. fl.

9. gr.

Ef búandi kemst í fóðurþröng og finnur forðagæslumaður, að búpeningur hans er í slæmu standi, eða líkur til, að skepnurnar kunni að kveljast eða falla af fóðurskorti, þá skal hann hvetja búandann til fóðurkaupa, ef unt er, ella ráða honum, hverju hann skuli lóga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálpar von, og er búanda skylt að hlíta þeim ráðum.

10, gr.

Ef búandi er í fóðurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslu-

manns, hvorki kaupa fóður, nje lóga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum, en hann gera sýslumanni aðvart. Getur sýslumaður þá eftir tillögum forðagæslumanns skipað búandanum að afla sjer tiltekinna, nægilegra fóðurbirgða, ef þess er kostur.

Nú kýs búandinn þá heldur að lóga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, og er honum það frjálst, og er honum þá ekki skylt að kaupa fóður.

11. gr.

Brot gegn þessum lögum eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim varða fangelsi eða sektum, nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektir renna í sveitasjóð.

Með mál, er rísa út af brotum gegn þessum lögum, skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr.

Lög nr. 7, 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. eru úr gildi numin.

Nd. **370. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ábyrgðarfjelög.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarp þetta hefir stjórnin lagt fyrir þingið samkvæmt áskorun í þingsályktun, er samþykt var af neðri deild Alþingis 1912. Málið hefir nú verið til meðferðar í efri deild, er gerði þá breytingu á stjórnarfrumvarpinu, að fella það ákvæði úr 2. gr., að hún skyldi ekki ná til fjelaga, sem hafa rekið ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 20 ár. Með afnámi þessa ákvæðis eru útilokuð nokkur þau fjelög, er hjer hafa starfað og kynt sig vel, t. d. Den Kjöbenhavnske Sö- Assurance-Forening, De private Assurandörer o. fl., með því að þau eru ekki stofnuð sem hlutafjelög eða fjelög með gagnkvæmri ábyrgð, svo sem gert er að skilyrði í 1. gr. frumvarpsins. Þetta telur nefndin miður farið, og vill bæta úr því með því, að rýmka ákvæði 1. gr. þannig, að ekkert það fjelag, er hjer hefir rekið ábyrgðarstarfsemi í full 2 ár, þá er lögin öðlast gildi, sje svift þeim rjetti, fyrir þá eina sök, að það er hvorki hlutafjelag nje fjelag með gagnkvæmri ábyrgð.

Í 2. gr. frumvarpsins er öllum ábyrgðarfjelögum gert að skyldu, að setja þá trygging fyrir greiðslu ábyrgða, sem stjórnarráðinu þykir nægja og á þann hátt, er það telur tryggilegt. Um þetta atriði hefir nefndin ekki orðið á eitt mál sátt. Meiri hlutinn lítur svo á, að þetta ákvæði sje helst til ónákvæmt

cg geti gefið tilefni til misrjettis milli einstakra fjelaga, og ef til vill orðið orsök til þess, að iðgjöld fyrir ábyrgðir verði hækkuð, eða jafnvel valdið því, að fjelög, sem annars kynnu að auka hjer samkepni landsmönnum til hagsmuna, hættu að starfa eða byrjuðu ekki slíka starfsemi, og gæti það einnig óbeinlínis bakað vátryggjendum aukin útgjöld. Þetta ákvæði um tryggingu af hendi fjelaganna getur heldur ekki talist svo bráðnauðsynlegt, að gerlegt sje sakir þess að eiga það á hættu, að vátryggjendum alment yrðu settir lakari kostir en ella, eða þeim yrði gert örðugra fyrir að fá eignir sínar tryggðar. Er það því tillaga meiri hlutans, að tjeð ákvæði sje felt úr frumvarpinu.

Þá eru í 3. gr. frumvarpsins sett skilyrði fyrir stofnun nýrra innlendra ábyrgðarfjelaga. Að því er snertir eitt af þeim skilyrðum, um að hverju slíku fjelagi sje skylt að endurtryggja, að minsta kosti að helmingi, skuldbindingar sínar í erlendum fjelögum, verður nefndin að telja varhugavert að binda þetta föstum skörðum, meðan ekki hefir verið rannsakað til hlítar, með hverjum kjörum auðið mundi það útvega slíkar endurtryggingar, er gæti verið mismunandi eftir því, hvers konar ábyrgðir er um að ræða. Að öðru leyti er það álit nefndarinnar, að efni greinarinnar sje í eðli sínu svo vandasamt og umfangsmikið, að um það þurfi ítarlegri ákvæði en hægt er að setja í einni stuttri lagagrein. Nefndin leggur því til, að greinin sje feld úr frumvarpinu, en efnið geymt sjerstakri lagasetning, er ekki þykir bráð nauðsyn á að þessu sinni. Sömuleiðis ræður nefndin til að fella aftan af 4. gr, fyrirmæli um eftirlit með orðalagi ábyrgðarskírteina.

Auk þessa hefir nefndin orðið ásátt um nokkrar orðabreytingar, sem grein mun gerð fyrir í framsögu málsins. Meiri hlutinn ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum.

## BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Auk hinnar dönsku lífsábyrgðarstofnunar o. s. frv.
2. — 1. — Á eftir: »gagnkvæmri ábyrgð« (í 4. línu) bætist inn: eða fjelög sem rekið hafa ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 2 ár, er lög þessi öðlast gildi.
3. — 1. — Fyrir orðin: »er fullnægja« (í sömu línu) komi: enda fullnægi þau öll.
4. — 2. — Á eftir: »aðalumboðsmann» (í 2. línu) komi: einn eða fleiri.
5. — 2. — Orðin: »setja þá trygging fyrir greiðslu ábyrgða, sem stjórnarráðinu þykir nægja og á þann hátt, er það telur tryggilegt og« falli burt.
6. — 2. — Fyrir: »fjelagið« (í 5. línu) komi: það.
7. — 2. — Á eftir: »aðalumboðsmaður« (í 6. línu) komi: sá er í hlut á.
8. — 2. — Í stað orðanna: »Þetta skal sjerstaklega tekið fram í ábyrgðarskírteinunum« (í 8. línu) komi: Ábyrgðarskírteini skulu vera á íslensku, og skal þar tekið fram, hvar varnarþing sje.
9. — 2. — Orðin: »með samþykki stjórnarráðsins« (í 9. línu) falli burt.
10. — 2. — Á eftir: »ábyrgist« (í 10. línu) komi: gagnvart vátryggjendum.

11. Við 2. — Aftan við seinni lið bætist: Tilkynna skal hann stjórnarráðinu, hverjir sjeu undirumboðsmenn.
12. — 3. — Greinin falli burt.
13. — 4. — Orðin: »svo og öll ákvæði o. s. frv.« til enda greinarinnar falli burt.
14. — 5. — Orðin: »eða ef það sannast, að það hafi eigi ætíð fyrirliggjandi tryggingarfje það, sem áskilið er« falli burt.

Alþingi 12. ágúst 1913.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Jón Ólafsson. Tryggvi Bjarnason.

Nd. **371. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903 (kosn. til bæjarstjórna).

Mál þetta er komið frá Ed. og hefir fengið þar rækilega meðferð.

Nefndin, eða meiri hluti hennar, ræður Nd. til að samþykkja frumvarpið með 3 orðabreytingum og 2 efnisbreytingum.

Fyrri efnisbreytingin er við 3. gr., og fer fram á það, að sá maður, sem eigi er eða eigi þykist vera einfær um að greiða sjálfur atkvæði sitt, skuli kveðja einn mann úr kjörstjórninni til aðstoðar sjer (eins og nú er), en ekki einhvern annan af kjósendum, sem við eru, með því að á þann hátt væri greiddur vegur til þess, að maður, sem hefði keypt atkvæði kjósanda eða á annan hátt fengið loforð um atkvæði hans, gæti á þennan hátt trygt sjer eftirlit með, að loforðið sje efnt.

Auðvitað getur það fyrir komið, að maður í kjörstjórn hafi fengið loforð kjósanda, en bæði hlyti það að verða miklu sjaldgæfara, því sjaldgæfara að minsta kosti, sem færri eru menn í kjörstjórn heldur en tala allra kjósenda, og svo eru menn í kjörstjórn bundnir sjerstakri þagnarskyldu, sem refsing liggur við að rjúfa.

Þó að því breytingartillaga vor útiloki ekki algerlega allan möguleik til misbeitingar, þá takmarkar hún hann svo sem oss virðist frekast auðið.

Hin breytingartillagan er við 6. gr., og fer fram á að minka mismuninn,

sem þar er um að ræða, og auka þannig með meiri nákvæmni áhrif atkvæðanna eftir hlutfalli rjettu.

Orðabreytingarnar búumst vjer við, að sjeu auðskildar og rökin til þeirra.

Nd. Alþingis, 12. ágúst 1913.

Olafur Briem, formaður. Jón Ólafsson, skrifari, framsögumaður.

Jóh. Jóhannesson. Tryggvi Bjarnason.

Bjarni Jónsson
frá Vogi
(með skírskotun til brttill. minni hluta).

Nd. **372. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 39 10 Nóv. 1903. (kosningar til bæjarstjórna).

Frá nefndinni

1. Við 3. gr.
   Í stað »mæti sjálfur«
   komi: sje sjálfur.
2. Við sömu grein.
   Í stað »skal þá sá maður sem«
   komi: skal þá maður úr kjörstjórninni, sá er.
3. Við 5. gr. (2. málsgrein).
   Í stað »krossað er við á kjörseðli«
   komi: krossað er við á honum.
4. — 6. — (3. málsgrein).
   Í stað »sá sem er annar í röðinni . . . fær 1/3 atkvæðis« o. s. frv.
   komi: þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra fulltrúa, sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu fulltrúanna að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni.
5. — 7. — Í stað »komi þau í gildi«.
   komi: öðlast þau gildi.

Nd. **373. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Matthíasi Ólafssyni.

Við 20. gr. 3. Aftan við þann lið bætist nýr liður svolátandi:
Til Vestur-Ísafjarðarsýslu til að leggja talsíma til Súgandafjarðar 7000 kr. Lánið veitist með 4% vöxtum og endurgreiðist á 18 árum.

Nd. **374. Nefndarálit**

um frv. til laga um mannanöfn.

Frá meiri hlutanum.

Þess má fyrst geta, að einn nefndarmaðurinn, þm. Dalamann, hefir þegar frá öndverðu tjáð sig ósamþykkan frumvarpinu, enda eru skoðanir hans á öllu því, er þetta mál tekur henda, svo gersamlega ólíkar og jafnvel andstæðar skoðunum hinna nefndarmannanna, að hann getur eðlilega ekkert sálufélag með þeim átt. Hann mun því gera grein fyrir sinni skoðun á málinu í sjerstöku áiltsskjali.

Meiri hluti nefndarinnar vill taka það fram, að hann álítur það liggja fyrir utan rjettmætt valdsvið löggjafar, að takmarka einstaklingsfrelsið framar en nauðsyn til ber til að varðveita rjettmæta hagsmuni þjóðfjelagsins eða samkynja rjett annara einstaklinga. Sjerstaklega teljum vjer það alt of nærgöngult einstaklingsfrelsinu, og því með öllu órjettmætt, að ætla sjer að reyra smekk manna og tilfinningar lagaböndum. Því að fyrst er nú það, að svo er margt sinnið sem skinnið, að því er kemur til smekks manna og tilfinninga, svo að það þykir einum rjett og fagurt í þeim efnum, sem öðrum þykir rangt og ófagurt. Löggjafar og stjórnarvöld geta og verið harla misvitur í þessum efnum, og svo er það, að jafnvel þótt meiri hluti manna, hvort heldur þings eður þjóðar, væri samdóma um smekk og tilfinningar, þá sýnir reynslan, að smekkur og tilfinningar meiri hlutans breytist með aldri manna, hvað þá heldur frá einni kynslóð til annarar. Í þriðja lagi hljóta öll óeðlileg og því óréttmæt höft á frelsi einstaklingsins að hefta fjölbreytnina á breytiþróun þjóðanna eða mannkynsins; en slík fjölbreytni gerir mannlífið auðugra og fegurra og er eitt af frumskilyrðum sannra framfara. Auðvitað verður eigi hjá því sneitt, að ýmislegt smekkleysi komi fram; en það sem smekklegt er og fagurt, ryður sjer til rúms og útrýmir hinu með ómótstæðilegu innra afli sjálfs sín.

Í þessum efnum á því helst hver einstaklingur að vera sinn eigin hæstarjettardómari.

Af þessum rökum hefir meiri hlutinn orðið ásáttur um að láta lög þessi

aðallega taka upp þau ein ákvæði, sem nauðsynleg eru til þess, að hefta menn frá því, að villa um heimildir á sér með algerlega sjálfráðum nafnabreytingum og nafnaskiftum, eða þá að ganga of nærri rjetti annara manna með því að taka upp í heimildarleysi ættarnöfn þau, er þeir hafa löglegan rjett til að bera. Auk þess hefir oss þótt rjett að heimila, að neitað sje um að skíra börn þeim nöfnum eða bóka nöfn á börnum, þau er í augum hvers heilvita manns eru hneykslanleg. Sem dæmi upp á slík hneykslanleg nöfn, sem börn hafa verið skírð með, viljum vér nefna kvenmannsnöfnin Þjóðgata og Almannagjá. Um ættarnöfn er það að segja, að meiri hlutinn vill eigi að eins leyfa þau, heldur telur jafnvel æskilegt fyrir margra hluta sakir, að þeim fjölgaði sem mest. Einn nefndarmanna í meiri hlutanum (V. G.) er jafnvel ekki fráhverfur því, að allir menn væru lögskyldaðir til að hafa ættarnöfn, en þótt vjer sumir hinna teljum ættarnöfnin æskileg og teljum líklegt, að ekki líði ýkjalangt um, þar til er það verði ofan á, að allir beri ættarnöfn, þá þykir oss þó of nærri gengið einstaklingsfrelsinu með því að lögbjóða slíkt, að minsta kosti meðan ekki allur yfirgnæfandi þorri manna hefir tekið sjer ættarnöfn.

Hversu misskiftur sem smekkur manna kann um það að vera, hvort vel fari á því, að ættarnöfn endi á *-son*, þá þykir oss of nærgöngult einstaklingsfrelsinu að banna mönnum slík ættarnöfn. Ekki þykir oss heldur tiltækilegt að setja nein lagafyrirmæli um beygingar slíkra nafna, en viljum leyfa venjunni að skapa slík lög, þykir oss eigi ólíklegt, að hún muni stefna í þá átt, að gera slík nöfn óbeygjanleg, þegar konur bera þau. Enginn maður segir t. d.: hestur frú Hjaltalínar eða frú Hjaltalíns, heldur: hestur frú Hjaltalín. Jafn eðlilegt má búast við að mönnum falli að segja: hestur frú Sigurðsson eða segja: frú Guðnýjar Sigurðsson.

Vel þykir oss fallið að stjórnarráðinu sje falið að láta semja og gefa út skrá yfir góð íslensk nöfn karla og kvenna, og að í slíkri skrá sje sjerstaklega bent á, hversu rjett verði mynduð konunöfn af karlmannsnöfnum og karlmannsnöfn af konunöfnum, og jafnvel hversu mynda megi eitt nafn af tveimur, eftir rjettum lögum málsins. En það viljum vjer skýrt fram taka, að slík skrá eða skrár sje aðeins til *leiðbeiningar*, en að hún sé ekkert lögbann gegn öðrum nöfnum en þar eru greind.

Af því sem hjer hefir verið sagt vonum vjer, að efnisbreytingar þær, er vjer leggjum til að gera á frumvarpinu verði auðskildar.

Þrjár breytingartillögur þykir oss ástæða til að nefna sjerstaklega.

1. Orðið »nafnfesti« þykir oss óhafandi til að tákna með leyfisbrjef um nafntöku eða nafnbreyting. Því að orðið er eldgamalt, hefir haldist í málinu öld eftir öld og er algengt enn í dag, en í annari merkingu. Það þýddi upphaflega festing nafns við mann, þess er honum var gefið af öðrum óbeðið, sbr. orð Hrólfs kraka: »Þat er títt, at gjöf skal fylgja nafnfesti« (Snorraedda); eða orð Kötlu við Þormóð: »fingrgull vil ek gefa þjer, Þormóðr, at kvæðislaunum ok nafnfesti«. Nafnfestina geldur því aldrei sá, er nafnið fær, heldur sá, er nafnið gefur, enda er orðið nú einatt haft um gjaldið sjálft.

2. Það þykir oss undarlegt, að stjórnarráðinu, sem frumvarpið hefir samið, skuli hafa verið ókunnugt um, að 16 ára, en ekki 18, er hver maður sjálfráður persónulega, þótt eigi hafi hann fjárforræði; eru þetta Jónsbókarlög, sem eru í fullu gildi enn í dag (sbr. m. a. hjúalögin). Samkvæmt þessu leggjum vjer til að breyta »18 ára« í »16 ára« hvervetna í frumvarpinu.

3. Með því að skírn er eigi lögboðin lengur, heldur nægir tilkynning um nafn barns til innritunar í kirkjubók, og þessi síðarnefnda aðferð er sífelt að færast í vöxt, þá höfum vjer, þar sem talað er um skírnarvottorð og að skíra börn, breytt orðalaginu eins og nauðsynlegt var þessu samkvæmt. Aðrar breytingartillögur vorar búumst vjer við að eigi þurfi skýringar.

Neðri deild alþingis, 11. ágúst 1913.

Þorleifur Jónsson, (formaður), (með fyrirvara).

Jón Ólafsson, (skrifari, framsögumaður).

Valtýr Guðmundsson, (með fyrirvara).

Matth. Ólafsson.

Nd. **375. Breytingartillögur**

við frv. til laga um mannanöfn.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr.
Í stað »fornafn er löglegt eiginheiti hvers manns«
komi: eiginheiti hvers manns er það nafn, sem hann hlýtur í skírn eða í lögákveðinni tilkynningu til kirkjubókar.
2. »fornafn« breytist í eiginheiti hvervetna í frumvarpinu (í rjettri beygingu eftir því sem við á).
3. Við 1. gr.
Síðasta málsgrein »nafnfesti . . . nýtt nafn« falli burt, en hvervetna í frv. komi: »leyfisbrjef« (í rjettri beyging) fyrir »nafnfesti«.
4. 18 ára breytist í 16 ára hvervetna í frumvarpinu.
5. Við 2. gr.
Í stað »fornafn» og »fornöfn« í 2. línu
komi: nafn og nöfn.
6. Við 2. gr. (1. málsgrein).
Orðin »og skal hann rita þau« og málsgreinina út falli burt, en í staðinn
komi: og skal hann jafnan rita þau á sama hátt. Eiginheiti skal ávalt rita á undan föðurnafni eða ættarnafni.
7. Við 2. gr.
Önnur málsgrein orðist svo. Hver maður skal rita föðurnafn sitt eða ættarnafn fullum stöfum á eftir eigin heiti.

8. Við 2. gr. (3. málsgrein).
Í stað »á eftir föðurnafni . . . til enda málsgreinar«
komi: í stað föðurnafns, og má þá rita föðurnafnið á undan því fullt eða skammstafað eða upphafsstaf þess einn, eða sleppa því.

9. Við 2. gr. (4. málsgrein).
Í stað »Ef maður er skírður nafni«
komi: Nú hefir maður í skírn eða tilkynningu til bókar hlotið nafn.

10. Við 3. gr.
1. málsgr. orðist svo:
Þá er kona giftist, má hún taka upp ættarnafn manns síns með eða án föðurnafns síns eða ættarnafns, ella nota nafn sitt og kenna sig til föðurnafns síns.

11. Við 3. gr. (2. málsgrein).
»systkini« breytist í systkin, (og eins í 6. gr. 3. málsgr.).

12. Við 4. gr.
Síðari málsgr. orðist svo: Nú er barn föðurlaust, og skal það að föðurnafni kenna sig til móðurföður eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er.

13. Við 6. gr. (3. málsgrein).
Á eftir »á að ná til«,
komi: eða það vottorð er löglega kemur í þess stað.

14. Við 6. gr. (5. málsgrein).
Upphaf málsgreinarinnar orðist svo: Nú eru framangreind skilyrði fyrir hendi, og geta þá einnig faðir eða móðir o. s. frv.

15. Við 7. gr. staflið a.
Í stað »hlutaðeigandi«
komi: aðili.
Við staflið a. (2. málsgr.) Í stað »upplýsingar«
komi: skýrslu.

16. Við 7. gr. staflið c.
Liðurinn orðist þannig: Nöfn, er hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er um getur í staflið a. og b., að villum geti valdið.

17. Við 7. gr. síðustu málsgrein.
Orðin »Nú vill einhver« og út til enda málsgreinar, falli burt.

18. Við 8. gr. 1. málsgrein.
Í stað »semur stjórnarráðið og lætur prenta«
komi: lætur stjórnarráðið semja og prenta.

19. Við sömu gr. sömu málsgrein.
Í stað »og skal þar innfæra«
komi: og færa þar inn. Fyrir »stjórnarráði« komi: stjórnarráðið.

20. Við sömu gr.
Á eftir orðunum »semja og gefa út«
komi: til leiðbeiningar.

21. Við sömu gr. staflið 1.
Fyrir »hæf eru«
komi: fallin þykja.
22. Við sömu gr. staflið 3.
Fyrir »heimilt skal vera«
komi: æskilegt þykir.
23. Við 9. gr.
Fyrir »hlutaðeigandi«
komi: sá er í hlut á.
24. Við 10. gr.
Fyrir »hlutaðeigandi sóknarpresti«
komi: sóknarpresti þeim, sem í hlut á.
25. Við 11. gr. síðari málsgrein.
Fyrir orðin síðustu: »eða rangmynduð«
komi: eða færa slík nöfn til bókar.
26. Við 12. gr.
»5 kr.« breytist í 10 kr.
27. Við 13. gr.
Síðasta málsgrein falli burt.

Nd. **376. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vatnsveitingar (þingskj. 358).

Frá nefndinni.

1. Við 17. gr. síðara lið. Í stað »tólfföldum« komi: fimmtánföldum.
2. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist: Nú er leiguliði öreigi, og má þá ganga að landsdrottni um kostnað við áveitu og viðhald hennar.

Nd. **377. Breytingartillaga**

við frv. til laga um brt. á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Við 6. gr., þriðju málsgrein:

»Hafi sami maður fengið atkvæði á fleiri en einum lista — strikast út af hinum listunum«, falli burt.

Nd. **378. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907.

Frá ráðherra.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Í stað »1913« á tveim stöðum í 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands komi: 1917.

Nd. **379. Ágreiningsálit**

um frv. til laga um ábyrgðarfjelög (þgskj. 130).

Frá minni hluta nefndar.

Jeg tel það illa ráðið, að fella niður ákvæði um, að ábyrgðarfjelög setji tryggingu þá, er getur í 2. gr. Stendur mjer lítill ótti af því, að menn fái eigi vátrygt eftir sem áður. Því að fari svo sem meiri hlutinn óttast, að einhver fjelög leggi niður starfsemi sína hjer, þau er nú skifta við landsmenn, þá tel jeg víst, að önnur vitrari komi í staðinn. Ef erlend fjelög hafa hjer ekki tryggingarfje, þá verður mönnum oft ókleift að ná rjetti sínum, þótt þeir fái hjer dóm yfir ábyrgðarfjelagi. Því að fátækum mönnum verður óbærilegur kostnaður að fá þeim dómi fullnægt í öðrum ríkjum, svo sem Noregi, Hollandi, Danmörku, Englandi og Þýzkalandi, Svíþjóð eða öðrum ríkjum. En fyrir þá sök, að jeg óttast að hjer fari sem oftar, að »sá þjettskipaði meiri hluti« hafi sitt fram, flyt jeg til vara þessa:

VIÐAUKATILLÖGU

við 2. gr. í frv. til laga um ábyrgðarfjelög.

Aftan við fyrra lið greinarinnar skal bæta þessu:

Nú vill erlent ábyrgðarfjelag eigi gjalda það fje, sem það hefir verið skyldað til með íslenzkum dómi, og skal þá stjórn Íslands sjá um, að þeim dómi verði fullnægt. Kostnað tekur hún úr landssjóði, en gjalda skal dómhafi hann aftur, þá er hann hefir fengið leiðrjetting mála sinna.

Alþingi 13. ágúst 1913.

Bjarni Jónsson frá Vogi.

Ed. **380. Nefndaráilt**

um frumvarp til laga um umboð þjóðjarða.

Vjer undirritaðir, sem hin háttvirta efri deild Alþingis hefir falið að athuga frumvarp til laga um umboð þjóðjarða, höfum rætt með oss frumvarp þetta, og viljum hjer með skýra frá áliti voru á þessa leið:

Frumvarp þetta fer yfirleitt í þá átt, að setja samskonar ákvæði um umboð þjóðjarða eins og gilda um kirkjujarðir, samkvæmt lögum um laun sóknarpresta, dags. 16. nóv. 1907, og virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að sömu reglum sje fylgt við umboð beggja þessara flokka af opinberum jarðeignum. Í 3. gr. frumvarpsins er þó nefndur 100 ára leigutími, þar sem í lögum um laun sóknarpresta sami tími er ákveðinn 50 ár, og sjáum vjer ekki ástæðu til að þetta sje haft mismundi. Vjer leggjum því til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið með svolátandi breytingu:

Við 3. gr. Fyrir: »100 ár« komi: 50 ár.

Alþingi 13. ágúst 1913.

J. Havsteen, form. Eiríkur Briem, skrifari og framsögumaður. H. J. Kristófersson.

Ed. **381. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóvbr. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. orðist svo: Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, enda hafi að minsta kosti 25 kjósendur mælt með kosningu hans. Stjórnarráðið setur nánari reglur um kosninguna eftir tillögum bæjarstjórnar. Borgarstjóri hefir 4500 kr. á ári að launum og 1500 kr. í skrifstofufje, og greiðist hvortveggja úr bæjarsjóði.

2. gr.

Upphaf 2. gr. orðist svo:
Bæjarfulltrúarnir skulu vera 15 að tölu o. s. frv.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem hjer um ræðir, inn í meginmál laga nr. 86, 22. nóv. 1907.

Nd. **382. Lög**

um samþyktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

(Samþykt í Nd. 13. ágúst).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til, að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertíð hverja alt að tveggja króna gjald af hverjum hlut á opnum skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu.

6. gr.

Gjald það, er ræðir um í 5. gr., greiðist af óskiftum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþyktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins og reikningaskil, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám, án undanfarins dóms eða sáttar.

Ed. **383. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. okt. 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík, á þingskjali 355.

Háttv. neðri deild hefur gert lítilsháttar breytingu á 2. lið frumvarpsgreinarinnar í þeim tilgangi að fyrirbyggja, að þessi breyting komi of hart niður á þeim mönnum, sem nú eru að nema lög. Vjer föllumst á, að breyting þessi sje rjettmæt, og ráðum háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 13. ág. 1913.

J. Havsteen form. Sig. Eggerz.

Steingrímur Jónsson skrifari og framsögumaður.

Nd. **384. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Við 16. gr. 17. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður svo látandi:

| | | |
|---|---|---|
| Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu | 10000 — | 10000 |

Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje og fram eigi minni upphæð annars staðar frá.

Ed. **385. Frumvarp**

til laga um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfje á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, sem getur um í 6. gr.

3. gr.

Stjórnarráðið felur stjórn Búnaðarfjelags Íslands að annast um árlega pöntun á nægilegum baðlyfjum fyrir landið, og skal hún ákveða, hvaða baðlyf nota skuli, og jafnframt gefa út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra. Hún annast jafnframt um, að baðlyfin verði flutt á þær hafnir, sem hreppsnefndir óska þegar þær senda pöntun.

4. gr.

Stjórnarráðið auglýsir í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, hvaða verð sje á baðlyfjum þeim, sem panta á hvert ár, svo snemma, að nægur tími sje fyrir hreppsnefndir til undirbúnings.

5. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi annast útvegun baðlyfja og sjá um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt svo snemma, að pöntun þeirra geti komist til stjórnar Búnaðarfjelags Íslands fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu sauðfjáreigendur jafnframt borga baðlyfin og þeir gera pöntun. En farist það fyrir, að einhver greiði andvirði baðlyfjanna til sveitarstjórnar, skal hún greiða það úr sveitarsjóði til bráðabirgða. En innheimta skal það hið allra fyrsta og fylgir því lögtaksrjettur.

6. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa eftirlitsmenn, 1 eða fleiri í hverjum hreppi eða kaupstað, til þess að hafa eftirlit með böðununum, og skulu það vera menn, sem hafa þekkingu og æfingu í því starfi. Þeir annast um, að hver sauðkind sje böðuð, og að baðlögur sje með þeim styrkleika, sem ákveðinn er í reglum þeim, sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands gefur út til leiðbeiningar um baðanirnar, og gæta þess að reglunum sje fylgt í öllu. Fyrir starf sitt fá þeir 2 kr. á dag, sem greiðist úr sveitarsjóði.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfje til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 40, frá 8. nóvbr. 1901, og

skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

Nd. **386. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Við 20. gr. Á eftir 107. tölulið í breytingar- og viðauka-tillögum fjárlaganefndarinnar (á þingskjali 350) komi:

Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu má, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, lána alt að 20 þús. kr. úr viðlagasjóði, til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað.

Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

Nd. **387. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Við 18. gr. Aftan við greinina bætist:

Enn fremur til Jakobs bónda Hagalínssonar á Kollsá fyrra árið 300 kr.

Nd. **388. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flm.: Björn Kristjánsson, Kristinn Daníelsson.

Við 13. gr. B. III. 5. Þar komi nýr liður, og liðatala breytist sem þarf:
Brú á Bleikdalsá (Artúnsá) á Kjalarnesi 3900 — »

Til vara:
Sama fjárveiting seinna ár fjárhagstímabilsins.

Nd. **389. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson, Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. B, VIII. Á eftir liðnum komi nýr liður svo hljóðandi:
IX. Til sýsluvegar úr Grindavík á Keflavíkurveginn ..... ..... 7500 — 7500
Fjárveitingin er bundin jafnmiklu annarstaðar frá.

Nd. **390. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabrjefa (þgskj. 305).

Frá Tryggva Bjarnasyni.

1. Við 7. gr.
Fyrir »Svo skal — — — kostnað lántakanda«
komi: Svo skal lántakandi að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti meðan lánið stendur, sýna fullnægjandi skírteini fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir, að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargjörð fram fara á kostnað lántakanda.
2. Við 11. gr.
Fyrir »2%« í 4. línu
komi: 1%.

Nd. **391. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 350.

(Við frv. til fjárlaga fyrir 1914 og 1915).

Frá sjávarútvegsnefndinni.

Við tölul. 12 (við 11. gr. B. 6. »eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga«).
Fyrir: »3000 — 3000«
komi: 10000 — 10000.

Nd. **392. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Kristni Daníelssyni.

Við 18. gr.
Á eftir »Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au«.
komi: Viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.

Nd. **393. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Kristni Daníelssyni og Skúla Thoroddsen.

Við 15. gr. 42. Nýr tölul. bætist við:
43. Til Sighvatar Gr. Borgfirðings til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík ... ... ... ... ... 300 — »

Ed. **394. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913 (þingskjal 238).

Nefndin hefir á nokkrum fundum athugað frumvarpið allrækilega og ræður háttvirtri deild til að gera við það nokkrar breytingar. Leyfum vjer oss að gera hjer grein fyrir þessum breytingartillögum.

Við 3. gr.

Drengur þessi, sem er 9 ára, hefir verið að miklu leyti afllaus í útlimum hægra megin síðan hann var á 1. ári, og því ekki komist á fætur ennþá. Vanheilsu þessa fær hann ekki bætta hjer á landi, en landlæknir telur, að nokkur von sje um að drengurinn muni komast á fætur, ef hann fer til útlanda og fær þar umbúðir. Þessi ferð kostar að líkindum ekki minna en 500 kr., en foreldrar drengsins eru öreigar. Er því sótt um 300 kr. styrk í þeirri von, að það sem á vantar, fáist annarstaðar að. Nefndin lítur svo á, að rjett sje, að landssjóður hlaupi hjer undir bagga, þar sem enginn viðbúnaður mun vera hjer á landi til þess að bæta úr þannig lagaðri vanheilsu, enda hafa verið veittir styrkir í svipuðum tilfellum á þingunum 1905, 1907 og 1909, og síðast á þinginu 1911: »tillag til Önnu Magnúsdóttir« smbr. gildandi fjárlög 12. gr., 10, i.

Við 4. gr.

Nú er það öllum ljóst, að eigi verður komist hjá að byggja hið allra fyrsta viðbót við pósthúsið eða nýtt pósthús. Húsnæði það, sem landssíminn nú hefir í pósthúsinu, er með öllu óviðunandi og illgerandi að flytja hann þaðan. En jafnvel þó ráðist væri í að flytja símann, mundi húsið alt naumast fullnægja þörfum póststjórnarinnar. Hinsvegar munu vera allskiftar skoðanir manna um, hvort rjettara sje að byggja viðauka við pósthúsið, eins og ráðgert er í frumvarpi stjórnarinnar, eða pósthús á öðrum stað, en láta landssímann hafa alt hið núverandi pósthús, er eflaust mun fullnægja vel þörfum hans fyrst um sinn. En hvernig sem á þetta er litið, telur nefndin sjálfsagt að byrja þegar í haust að byggja og ræður því háttvirtri deild til að taka upp í þessa grein frumvarpsins ríflega fjárveitingu til pósthúsbyggingar. Verður þá það, sem ávantar byggingarkostnaðinn, veitt á fjárlögum fyrir árið 1914.

Samkvæmt fjárlögum 1908—09, 13. gr., D. II 6, var Árnes- og Rangárvallasýslum gert að skyldu að greiða 12 + 8 þús. krónur af kostnaðinum við lagning talsíma frá Reykjavík til Garðsauka og við hliðarlínu til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Þessi tillög voru lækkuð um helming á þinginu 1909, sambr. fjáraukalög 1908—09, 3. gr., og sýslunum veitt viðlagasjóðslán $^{29}/_{9}$ og $^{15}/_{10}$ 1909 til þess að greiða upphæðirnar, Með símalögunum frá 22. október 1912 er símalínan Reykjavík—Garðsauki gerð að 1. flokks síma, og er því nú farið fram á eftirgjöf á öllu tillaginu frá Rangárvallasýslu og hálfu tillaginu frá Árnessýslu.

Nefndin lítur svo á, að engin ástæða sje til að gefa eftir öll tillögin, heldur aðeins þá upphæð eða helming þeirrar upphæðar, sem ógreidd var af láni hvorrar sýslu, þegar símalögin gengu í gildi, og leggur hún því til að 4. liður 4. gr. færist niður í 2500 kr. og 5. liður niður í kr. 3333,33.

Vitavörðurinn við Garðskagavita og umsjónarmaður vitanna telja gerlegt að grafa brunn við vitann og mjög æskilegt, að það verði framkvæmt. Hefir því stjórnin lagt til, að veittar verði 800 krónur til brunngraftarins. Þessu er nefndin samþykk, en þareð engin regluleg áætlun er gerð um kostnaðinn og eigi víst, að vatn fáist, virðist rjettara að orða fjárveitinguna þannig, að veitt sje alt að 800 kr.

Við 5. gr.

Breytingartillögur nefndarinnar við þessa grein eru að eins leiðrjettingar á 2 prentvillum í 1. lið greinarinnar.

Við 6. gr.

Nefndin er sammála fjárlaganefnd neðri deildar um, að landsstjórnin eigi að forðast, svo sem frekast er unt, greiðslur úr landssjóði, sem eigi eru fyrirfram heimilaðar.

Við 7. gr.

Nefndinni virðist rjett að gera það að beinu skilyrði fyrir greiðslu viðbótarstyrks til að reisa leikfimishús á Hvanneyri, að skólastjórinn geri fullkomna skilagrein fyrir efnisleifum frá byggingu skólahússins þar og að skilyrði þetta sje í fjáraukalögunum sjálfum.

Við 9. gr.

Viðvíkjandi endurgreiðslu á vörutolli af kolum til hins sameinaða gufuskipafjelags vill nefndin taka fram, að hún telur ekki geta komið til mála að nema þessa fjárveitingu burt úr frumvarpinu, þar sem innanríkisráðherra Dana, er gerði samninginn 7. ágúst 1909, ásamt ráðherra Íslands, við hið sameinaða gufuskipafjelag, hefir lofað að greiða fjelaginu uppbót þessa, en nefndin áskilur sjer rjett til síðar á þessu þingi að bera fram tillögu um málshöfðun gegn fjelaginu á þann hátt, sem á er vikið í athugasemdum stjórnarinnar, ef henni eftir nánari athugun málsins virðist slík málshöfðun tiltækileg.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til að gerðar verði á frumv. eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 3. gr.

   Aftan við greinina bætist nýr liður: Til drengsins Einars Guðmundssonar á Þórarinsstaðaeyri til þess að leita honum læknishjálpar í Danmörku kr. 300,00.

2. Við 4. gr.

   Framan við greinina bætist:
   Við A. Til pósthúsbyggingar (til undirbúnings og til að byrja á byggingunni) kr. 30000,00.

3. Við 4. gr.

   Fyrir »3000,00« í 4. lið greinarinnar
   komi: 2500,00.

4. Við 4. gr.
Fyrir »4000,00« í 5. lið greinarinnar
komi: 3333,33.

5. Við 4. gr.
Aftan við orðið »Garðskagavita« í niðurlagi greinarinnar
bætist inn í: alt að.

6. Við 5. gr.
Fyrir »A. b. 5.« í fyrsta lið greinarinnar
komi: A. b. 6.

7. Við 5. gr.
Fyrir »kr. 1110,06« í sama lið greinarinnar
komi: kr. 1110,05.
Samlegging greinarinnar breytist sakvæmt því.

8. Við 7. gr.
Aftan við liðinn »Viðbótarstyrkur til að reisa leikfimishús« komi þessi málsgrein:
Upphæð þessi útborgast þá fyrst, er stjórnarráðið hefir fengið fullkomna skilagrein fyrir efnisleifum frá byggingu skólahússins á Hvanneyri.

Alþingi, 13. ágúst 1913.

Sigurður Stefánsson, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson. Þórarinn Jónsson. Björn Þorláksson.

Nd. **395. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1914—15.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 16. gr. 25.
Í stað «1000—1000«.
komi: 2000—2000.
Til vara: 1500—1500.

Nd. **396. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1914—15.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 15. gr. 13.
Í stað »1000—1000«
komi: 2000—2000.
Til vara: 1500—1500.

Nd. **397. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson Eyf.

Við 15. gr. 23.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... 400—400

Nd. **398. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður Þorleifur Jónsson.

Við 16. gr. 12.

Eftir þeim tölulið komi nýr liður svohljóðandi:
Styrkur til að ryðja vör við Ingólfshöfða og gera veg upp höfðann ... ... ... ... ... ... ... ... 4000—
Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje fram annarstaðar frá upphæð sú, er til vantar.

Nd. **399. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður Þorleifur Jónsson.

Við 13. gr. B. III. 5.

Á eftir þeim tölulið komi nýr liður svohljóðandi:
Til þjóðvegar í Austur-Skaftafellssýslu ... ... ... 5000—

Hjermeð prentaður útdráttur úr sýslufundargerð Austur-Skaftafellssýslu 17. apríl þ. á.:
. . . „18. Sýslunefndin skorar á stjórn og þing, að veita nægilegt fje til þess á næstu fjárlögum, að framlengja Suðursveitaveginn, frá Uppsölum og austur úr Smirlabjargarfæti, til vegarlagningar yfir Hofslönd í Öræfum, og frá Almannaskarði suðvestur á Hafnarveginn í Nesjum, með því á vegarköflum þessum eru mestu ófærur«.

Nd. **400. Viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson, Benedikt Sveinsson, Jón Ólafsson.

Við 15. gr. 35. Aftan við þann lið komi 2 nýjir liðir svohljóðandi:

| | | |
|---|---|---|
| Til Reynis Gíslasonar til að fullnuma sig í hljómfræði og hljóðfæraslætti f. á. | 600 | — » |
| Til Eggerts Guðmundssonar og Þórarins Guðmundssonar, til að fullnuma sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði f. á. | 1600 | — » |

Nd. **401. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Benedikt Sveinsson, Jón Ólafsson.

Við 16. gr. 4. Aftan við þann lið komi nýr liður svohljóðandi:

| | | |
|---|---|---|
| Til Eggerts Briem til að nema rafmagns og vjelafræði . . . . . | 800 | — 800 |

Nd. **402. Breytingartillaga**

við br.till. 390 við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk bankavaxtabrjefa.

Frá Jóni Ólafssyni.

Í stað: »fullnægjandi skírteini« komi: skírteini, sem bankastjórnin tekur gild.

Nd. **403. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1914—1915.

Frá Kristjáni Jónssyni, þm. Borgf.

Við 13. gr. B. VIII. A eftir þeim lið komi nýr liður svohljóðandi:

| | |
|---|---|
| Til að gera akfæran veg frá Kláffoss-brú að Reyholti í Reykholtsdal, gegn tvöföldu tillagi úr annari átt f. á. . | 2000 — » |

Nd. **404. Lög**

um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Samþykt í Ed. 14. ágúst).

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 kr Innan þess tíma má ekki verja öðru til árlegra útgjalda en vöxtum af sjóðnum.

Árgjaldið úr landssjóði fellur niður þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr.

2. gr.

Kennarafjelagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri, styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Ed. **405. Frumvarp**

til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af sektarfje fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands.

2. gr.

Í sjóð þennan renna $^2/_3$ sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum $^2/_3$ netto andvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Til sjóðsins leggur og landssjóður 5000 krónur á ári, er telst með árstekjum hans.

4. gr.

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hve nær hann tekur til starfa og hve miklu af fje hans skal til þessara varna varið.

5. gr.

Til þess tíma, sem ákveðinn er í 4. gr., má ekki skerða sjóðinn, og skulu allir vextirnir af stofnfje hans leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal hún ávaxta fje hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed. **406. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar á Eskifirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Verslunarlóð Eskifjarðarkauptúns skal að innanverðu ná inn á núverandi innri takmörk túns jarðarinnar Eskifjarðar.

Ed. **407. Frumvarp**

til laga um bæjanöfn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Nöfnum á býlum, utan kaupstaða og kauptúna, þeim er jarðabók telur, má enginn breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

2. gr.

Nú vill eigandi býlis, er jarðabók telur, taka upp nýtt nafn á býli sínu eða breyta því, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýra frá nafni býlisins og dýrleika, og tilgreina ástæður fyrir nafnbreytingunni, og skal henni fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda. Beiðnina með fylgiskjölum sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir hana til stjórnarráðsins.

3. gr.

Telji stjórnarráðið fyrir einhverjar orsakir nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu óheppilegt, endursendir það sýslumanni beiðnina, og skal beiðanda þá gefinn kostur á að velja annað nafn. Samnefni á býlum í sömu sýslu má eigi leyfa.

Sje nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sýslumanni, og ber honum að þinglesa það á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Nýnefni á býlum, er jarðabók telur, og upp hafa verið tekin áður en lög þessi öðlast gildi, mega því að eins haldast, að fengið sje leyfi stjórnarráðsins til nafnbreytingarinnar. Beiðni um nafnbreytinguna skal senda stjórnarráðinu innan 12 mánaða frá því lög þessi öðlast gildi, og gilda um þá beiðni þau ákvæði, sem sett eru í 2. og 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Fyrir leyfisbrjefið greiðir beiðandi 25 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning leyfisbrjefsins greiðir beiðandi sýslumanni 2 kr., auk lögákveðins þinglestrargjalds. Sje býlisnafnið 5 árum eldra en lög þessi, eða það sje gamalt en úrelt heiti á býlinu, skal þó ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið, nema skrásetningargjald til sýslumanns og þinglestrargjald.

6. gr.

Ekkert býli utan kaupstaða, kauptúna og sjóþorpa, má nafnlaust vera.

Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefir í jarðabókinni. eða húsi eða þurrabúð í kaupstað eða sjóþorpi, og skal hann þá afhenda sýslumanni til þinglestrar yfirlýsingu sína um nafn býlisins. Í yfirlýsingu þessari skal skýrt frá, á hvaða landeign og hvaða ár það er bygt, landstærð þess, ummerkjum og dýrleika, ef metið er. Yfirlýsingunni skal fylgja afsalsbrjef fyrir eigninni, eða önnur skilríki fyrir eignarrjetti umsækjanda.

Sýslumanni er heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt.

Ekki má taka upp nafn, sem samnefnt er öðru býli í sömu sýslu.

Þinglesnu nafni á býli má ekki breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er renna í lands-

sjóð. Skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa eftirlit með að lögum þessum sje hlýtt.

8. gr.

Mál útaf lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Ed. **408. Frumvarp**

til laga um vatnsveitingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Vötn öll, stór og smá, skulu svo renna sem að fornu hafa runnið, og má ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, sem breytingin snertir hagsmunalega, eða heimild sje gefin til þess í lögum þessum.

Nú breyta vötn farvegi sínum, og er þá hverjum heimilt, sem fyrir skaða verður, að veita þeim í sinn forna farveg, og hefir hann jafnframt rjett til að nota til þess efni úr annars manns landi, ef nauðsyn krefur, gegn endurgjaldi. Þegar um mikið mannvirki er að ræða, skal um það leita álits verkfróðs manns, sem landsstjórnin hefir tekið gildan eða sett til þess, og skal farið að hans ráðum um framkvæmd verksins. Borgun til hans telst til kostnaðar við verkið.

2. gr.

Við áveitu og framræslu skal vatni veita svo á land eða af landi, að öðrum sje ekki mein að.

Nú telur einhver sjer mein af áveitu eða framræslu annars og samkomulag verður ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt úttektarmenn til skoðunar- og matsgerðar á þessu. Telji úttektarmenn gjörðarbeiðanda að vísu skaða af áveitunni eða framræslunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en úttektarmenn skulu þá meta fullar bætur fyrir.

Ef úttektarmenn meta gjörðarbeiðanda ekki meiri bætur en honum hafa verið boðnar, greiði hann matskostnað, en að öðrum kosti sá, er áveituna eða framræsluna hefir gjört.

3. gr.

Sá, sem veita vill vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars eða þarf að leiða vatnið yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt úttektarmenn til gjörðar um málið. Áliti úttektarmenn hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt í gegnum það, skal það heimilt gegn hæfilegri þóknun. Telji þeir landeiganda baga að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef úttektarmenn

telja skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstökunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið annarsstaðar eða leitt með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn gjöri. Gjörðarbeiðandi greiði matskostnað.

4. gr.

Ekki má öðruvísi en eftir samkomulagi gerstífla ár, læki eða aðra vatnsfarvegi, og halda þannig vatni fyrir öðrum.

5. gr.

Nú fellur vatn milli tveggja jarða, og eiga þá hvor um sig, þeir er land eiga að, rjett á að nota vatnið að helmingi. Ef vatnið er svo lítið, að ekki nægi, þá skal með úrskurði úttektarmanna ákveða skifti og notkun vatnsins. Borgun til úttektarmanna greiði hvor um sig að helmingi.

Ef fleiri jarðir liggja að á, læk eða öðru vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag næst ekki um, hvernig nota skuli, má útkljá það með löggiltri samþykt samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land og geta þá þeir, er landið eiga, krafist þess, að úttektarmenn skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanua eftir jarðamatinu, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu. Rjett til að heimta yfirmat eða yfirúrskurð um skiftin hefir hver jarðeigenda og ábúenda, og auk þess hver veðhafi í landi því, er skift var, um eitt ár frá skiftadegi. Kostnaðinn við skiftin greiða jarðeigendur að tiltölu við jarðarstærð svo og kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð, ef breyting verður gerð á skiftum, ella greiðir gerðarbeiðandi þann kostnað.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns til samáveitu, um viðhald skurða og vatnsfarvega, og um vörn gegn skemdum af vatnságangi.

8. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt um samáveitu eða framræslu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metinn er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber honum 4 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað að auki, eftir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

9. gr.

A fundi þeim, sem getur um í 8. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefur gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefur ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

10. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

11. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþyktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

12. gr.

Ákveða má í samþykt 1—200 kr. sektir fyrir brot gegn henni, og þá jafnframt tiltaka, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sje krafist. Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar, en náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

14. gr.

Þegar gerðar eru mælingar til undirbúnings samáveitu, er þeim, sem það gera, heimilt að fara að ósekju yfir lönd manna hvar sem er, hvort heldur gangandi eða með hesta, en varast skulu mælingamenn óþarfa troðning á túnum eða engjum. Merki þau og vörður, er mælingamenn þessir setja, skulu teljast til hluta þeirra, er friðaðir eru samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

15. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli jarðanna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver jörð liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar jarðir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna.

16. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi úttektarmanna er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til úttektarmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Nú er samþykt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landsdrottin um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landsdrottinn leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og ennfremur eftirgjaldsauka eftir samkomulagi eða eftir mati úttektarmanna, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landsdrottinn ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna, og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar fimtánföldum eftirgjaldsauka þeim, semmetinn er.

18. gr.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkvæmt 17. gr., má taka hann lögtaki hjá leiguliða svo og viðhaldskostnað. Þegar sá leiguliði fer af jörð, sem áveitukostnaður hefir verið tekinn lögtaki hjá, þá skal hann fá endurgjald eftir ákvæðinu í síðara hluta 17. gr. í þessum lögum. Nú er leiguliði öreigi, og má þá ganga að landsdrotni um kostnað við áveitu og viðhald hennar.

19. gr.

Þar sem ákveðið er í lögum þessum, að úttektarmenn skuli skoða, meta, skera úr o. s. frv., skulu það gjöra úttektarmenn í því umdæmi, þar sem land það liggur, sem meta á, skoða eða skera úr um. Nú liggur það í tveim úttektarmannaumdæmum eða fleiri, en í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá sýslumaður tilnefna tvo af úttektarmönnum umdæmanna til gerðarinnar. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Úttektarmenn tilnefna oddamann, áður mat byrjar, sem sker úr, ef þá greinir á. Nú er svæði það, sem gerðina varðar, í tveim lögsagnarumdæmum eða fleiri, og heyrir þá tilnefning gerðarmanna, sú, sem á undan greinir, undir hjeraðsdómarann í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðarbeiðandi býr, ef hann býr á svæðinu, eða, ef hann býr utan þess, þar er sú fasteign liggur, sem hann beiðist gerðar vegna. Má dómarinn í þessu tilfelli útnefna menn úr hverju umdæmanna sem er.

Fyrir skoðunar- og matsgerðir o. s. frv. eftir lögum þessum fá úttektarmenn sömu borgun og þeim ber að lögum fyrir áþekk störf, og greiðist hún af gerðarbeiðanda, ef ekki er öðru vísi kveðið á í lögum þessum.

20. gr.

Öllum matsgerðum og úrskurðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, má hver sá, sem málið varðar, skjóta til yfirmats eða yfirúrskurðar dómara þess, sem útnefning úttektarmanna samkvæmt 19. gr. ber undir, og 4 manna annara, óvilhallra, sem hann kveður til þess fyrir rjetti og mega þeir vera úr öðrum lögsagnarumdæmum, ef dómaranum þykir ástæða til þess. Dómarinn er formaður yfirmatsmanna og stýrir matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð, ella skal ákveðið í yfirmatinu eða yfirúrskurðinum, hverir greiða skuli, sbr. þó 6. gr.

21. gr.

Skaðabætur þær, sem úttektarmenn eða yfirmatsnefnd meta samkvæmt lögum þessum, mega vera annaðhvort fjegjald í eitt skifti eða árlegt fjegjald, eftir því hvernig skaða þeim er varið, sem bæta skal.

Nú kemur í ljós, er frá líður, meiri skaði en fyrirsjáanlegur var, þá mat fór fram, og er þá heimilt að láta meta upp aftur, og fer það mat fram á sama hátt og frummatið.

Fjegjöld samkvæmt matsgjörðum og kostnað við matsgjörðir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki.

22. gr.

Úttektarmenn, matsmenn eftir 18. gr., og yfirmatsnefnd skulu gefa málsaðilum kost á að vera við mats- og skoðunargerðir þær, er þeir framkvæma eftir lögum þessum; skulu þeir því í tæka tíð tilkynna þeim, hvenær

matsstörfin eða skoðunargjörð byrja og er störfum lýkur í hvert sinn, hvenær þau verði tekin fyrir aftur. Aðilum skal gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu aðilar viðstaddir, er matsmenn ræða málið sín í milli til undirbúnings álits síns eða þegar álitið er samið.

23. gr.

Brot gegn 3. og 4. gr. laga þessara varða sektum 10—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir þessar renna í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþyktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir ákvæðum framanskráðra laga.

Nd. **409. Nefndarálit**

um frumv. til laga um friðun æðarfugla.

Nefnd sú, er neðri deild setti til athugunar frumvarpi þessu, hefir orðið sammála um að ráða deildinni til þess, að samþykkja það með nokkrum breytingum á orðalagi.

Fyrstu grein vill nefndin orða í samræmi við næstu greinar frumvarpsins: Láta hana byrja á banni æðarfugladráps og ákveða síðan sektirnar.

Orðalagið í 6. gr.: »má enginn . . . . leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varpi hans en svo, *að 1/4 km. sje þangað á báðar hliðar og á sjó út frá grynnra hálsi netanna að stórstraumsfjörumáli*«, — þykir nefndinni nær óskiljanlegt og ræður til breytinga á því. — Þessi tilvitnuðu orð eru tekin úr 12. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, og eru ljeleg þýðing á frumtextanum danska, er hljóðar svo: » . . . maa ingen udlægge Garn for Steenbidere, eller til anden Fangst, inden en Afstand af 240 Favne *fra et fredlyst Værpested, saavel til begge Sider som lige ud for samme,* og derhos den sidste Afstand beregnet fra Ebbemaal i Springtid, indtil den Ende af Garnet, der staar nærmest Land«.

Nefndin ber því fram svofeldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 1. gr. orðist svo:

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Brot gegn því varðar 10 kr. sekt fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítrekun brotsins alt að

400 kr. Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð, þar sem brotið var framið.

2. 6. gr. orðist svo:

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn, án leyfis varpeiganda, leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varplandi hans en $^1/_4$ km. frá stórstraumsfjörumáli.

Neðri deild Alþingis, 14. ágúst 1913.

Sigurður Sigurðsson, (formaður). Benedikt Sveinsson, (skrifari).

Þorleifur Jónsson. Matth. Ólafsson. G. Eggerz.

Ed. **410. Frumvarp**

til laga um íslenskan fána.

(Eftir .3 umr. í Nd.).

1. gr.

Hjer á landi skal vera löggildur landsfáni.

2. gr.

Fánin skal vera blár með hvítum krossi, þvert og endilangt, og nemi breidd krossálmanna $^1/_7$ hluta af breidd fánans.

Bláu reitirnir nær stönginni skulu vera rjettir ferhyrningar, og þeir jafnbreiðir, en tvöfalt lengri, þeir reitirnir, sem fjær eru stönginni.

Nd. **411. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Einari Jónssyni og Eggert Pálssyni.

Við 13. gr. B. III. 1. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður:

Brú á Eystri-Rangá ... ... ... ... ... 18000— ...

Nd. **412. Viðaukatillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur fjárlaganefndar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (þgskj. 350).

Frá Einari Jónssyni og Eggert Pálssyni.

Við tölulið 26 [13. gr. B. IX.]. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður svohljóðandi:

X. Til Rangárvallasýslu endurgreiðsla á kostnaði við lagningu flutningabrautarinnar frá Rauðalæk að Ægisíðu ... ... ... ... ... ... ... 3000— ...

Nd. **413. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 15. gr. 1. g. Á eftir þeim lið komi inn nýr liður svolátandi:

h. Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins ... ... ... ... ... ... ... ... 1500—1500

Bókstafaröðin breytist samkvæmt því.

Nd. **414. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 15. gr. 39. Á eftir þeim lið komi nýr liður svo hljóðandi:

Til Einars Jónssonar myndasmiðs til þess að flytja til Reykjavíkur alt myndasafn sitt, sem verði svo eign landsins f. á. . . 4000 — »

Nd. **415. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Tryggvi Bjarnason.

Við 13. gr. B. VII. Á eftir liðnum komi nýr liður svo hljóðandi:

| | | |
|---|---|---|
| Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarsstaðar frá, f. á. alt að . . . . . | 2000 | — » |

Nd. **416. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson Eyf.

Við 20. gr. 4.

Aftan við greinina bætist nýr liður, svohljóðandi:
Úr viðlagasjóði má lána póstafgreiðslumanni og símastjóra Jósef Blöndal á Siglufirði 5000 kr. til byggingar íbúðarhúss, er jafnframt veiti nægilegt húsrúm fyrir póst og símastöð, með sanngjörnum kjörum. Full trygging sje sett fyrir láninu og greiðist af því $4^1/_2$% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum, enda samþykki stjórnarráðið alt fyrirkomulag á byggingunni.

Nd. **417. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 13. gr. B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:

| | | |
|---|---|---|
| Til brúar á Þverá syðri í Eyjafirði f. á. | 800 | — » |

Nd. **418. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. 9. b.

Aftan við liðinn bætist nýr liður, er verður c.
Til endurbyggingar á mjólkurskálanum við mjólkurskólann á Hvítárvöllum, alt að ... ... ... ... 1000—

Nd. **419. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 20. gr. 4.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu alt að 30000 kr. til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Nd. **420. Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatilögur fjárlaganefndar við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. (þingskjal 350).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 106. lið, (20. gr.).

Í staðinn fyrir, »Alt að 5000 kr.«
komi: alt að 10000 kr.

Nd. **421. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Við 16. gr. 26. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og annan beina ... ... ... ... ... 200—200
Síðari töluliðir greinarinnar breytist samkvæmt því.

Nd. **422. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Við 13. gr. B. VIII. A eftir þeim lið komi nýir liðir:
Styrkur til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði... 1500—1500
Styrkur til þess að fullgera færan reiðveg yfir Flögufljóa í Þistilfirði ... ... ... ... ... ... 500— ...

Ed. **423. Framhaldsnefndarálit**

í málinu frv. til laga um hallærisvarnir.

*Nefndin ber upp frv. til laga um forðagæslu og gerir hjer grein fyrir því frumvarpi.*

Oss, sem höfðum til meðferðar frv. til laga um hallærisvarnir, hefir verið ljóst frá upphafi, að lög nr. 7, 1900 um horfelli á skepnum o. fl., þurfa mikilla umbóta í mörgum greinum.

Þegar um það er að gera, að tryggja atvinnuvegi landsmanna sem best gegn skyndilegum áföllum, sem hlotist geta af illu árferði, þá er þrenns að gæta:

1. Það þarf að koma upp öflugum *tryggingarsjóði* handa öllu efnalitlu fólki, sem aldrei megnar að standast mikla óáran (vetrarharðindi, grasbrest, aflaleysi) hjálparlaust.
2. Það er brýn nauðsyn, að koma því lagi á, að jafnan sje til reiðu nægur *vetrarforði* handa mönnum og skepnum í öllum þeim hjeruðum, sem enn eru svo stödd, að tekið getur fyrir alla aðflutninga mánuðum saman, bæði á sjó og landi.
3. Og loks er þá auðsætt, að hjer er þörf á ströngu *eftirliti* því til tryggingar, að hvergi vanti nauðsynlegar haustbirgðir og ekki hljótist stórtjón eða óþarfur tilkostnaður af óforsjálni einstakra manna eða heilla sveita.

Nú hefir efri deild Alþingis samþykt frumvarp um *hallærissjóð*, og neðri deild hefir til meðferðar frv. til *viðaukalaga við lög nr. 24, 1909 um* samþyktir um *kornforðabúr* til skepnufóðurs.

Vjer höfum því tekið til íhugunar, hvaða breytingar sjeu nauðsynlegar á *eftirlitinu*, sem skipað er fyrir um í lögum nr. 7, 1900.

Það er vafalaust óhætt að fullyrða, að þau lög hafa óvíða komið að tilætluðum notum og allvíða að mjög litlum eða engum notum. Það er t. d. á allra manna vitorði, að síðan lögin gengu í gildi, hefir það borið við, að fjenaður hefir fallið úr hor í ýmsum sveitum landsins, og verið allmikil brögð að því; en ekki er oss kunnugt, að nokkur maður hafi orðið að sæta sektum eða fangelsi fyrir þá sök samkvæmt 5. gr. laganna.

Ennfremur er öllum orðið ljóst, að ein skoðun, og það síðari hluta vetrar, er allsendis ónóg, af því að þá er oft orðið ógerlegt að bæta úr þeim forðaskorti, sem fyrir finst.

Þá er skipun skoðunarmanna mjög óhentug; þeir eru kosnir á haust-hreppaskilum, og ekki nema til eins árs í senn, en af því hefir leitt, að mannavalið hefir oft mistekist, eða góðir menn látið af starfinu eftir eitt ár. Og loks hefir með rjettu verið fundið að því, að gæslumenn geti ekki látið til sín taka sem skyldi, hafi ekkert þvingunarvald, en margir virði ráð þeirra að vettugi, sjer sjálfum oft til stórtjóns og skepnum sínum til kvalar.

Til þess að eftirlitið komist í gott lag og beri fullan árangur, teljum vjer nauðsynlegt:

a. að vanda sem best valið á gæslumönnunum í hverjum hreppi;
b. að lögbjóða þrjár eftirlitsferðir, haust, vetur og vor;

c. að vandlega sje gætt að peningsfjölda og fóðurbirgðum að hausinu og þær sveitir, sem illa eru staddar og hætta búin, ef illa vetrar, hvattar til að afla sjer eða tryggja sjer varaforða, og helst gert það að skyldu;
d. að þeir, sem eru komnir í fóðurþröng, þegar á vetur líður, sjeu skyldaðir til að afla sjer fóðurs eftir fyrirsögn gæslumanns, ef þeir eiga kost á því;
e. að fyrningar sjeu mældar á vorin og skoðaður allur búpeningur bænda og hverjum búanda veittur glöggur og rjettlátur vitnisburður fyrir útlit búpeningsins og skepnuhirðingu á umliðnum vetri.

Af þessum ástæðum höfum vjer samið og berum upp **frumvarp til laga um fordagæslu**, og felur það í sjer öll þau meginatriði, sem nú voru nefnd; ætlumst vjer til, að þetta frumvarp, ef það verður að lögum, komi í staðinn fyrir »horfellislögin«, og trúum því fastlega, að það gæslustarf, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni koma að margfalt meiri notum, en lögin nr. 7, 1900. Það er fullyrt, að glöggir gæslumenn eigi jafnan hægt með að meta fóðurbirgðir bænda bæði á haustin og eins á útmánuðum, og gera ábyggilega áætlun um fóðurþörfina eftir peningsfjölda; geta þeir því orðið lítilsigldum búendum og nýgræðingum að miklu liði.

Vjer getum meira að segja fært álitlegar sönnur á, að svo muni verða, því að oss er kunnugt, að einstaka sveitir hafa af sjálfsdáðum tekið upp þær eftirlitsaðferðir, sem vjer viljum leiða í lög, og gefist mæta vel. Vill svo vel til, að einn af nefndarmönnunum (þm. Strandamanna) hefir sjálfur haft þesskonar gæslustarf á hendi í sinni sveit (Fellshreppi í Strandasýslu) árum saman; hefir hann veitt nefndinni kost á að sjá ítarlegar frumsamdar skýrslur úr þeirri sveit; telur nefndin þær skýrslur mjög mikilsverðar fyrir þetta mikla vandamál, og er formanni sínum þakklát fyrir að mega nota þær þessu máli til skýringar. Látum vjer því fylgja — 1) Yfirlit yfir fóðurbirgðir og peningsfjölda í Fellshreppi árin 1888—1897 (I. fylgiskjal); er það ritgerð eftir formann nefndarinnar, sem hann skrifaði 1898 í sveitarblað Kollfirðinga (óprentað); — 2) Skýrslur skoðunarmanna í Fellshreppi árin 1891—94 í heilu líki, teknar orðjett upp úr skoðunarbók hreppsins (II. fylgiskjal).

Vjer munum nú fara nokkrum orðum um hverja einstaka grein í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Það hefir verið venja, að skoðunarmenn væru tveir og fylgdust að. En þetta eykur tilkostnaðinn um allan helming, enda álíta margir, að einn góður skoðunarmaður geri fult gagn, og óþarft að hafa þá tvo saman. Ennfremur getur hugsast, að í sumum margbýlum og víðlendum hreppum þyki það ofverk fyrir sama mann, eða sömu tvo, að fara um allan hreppinn þrisvar á ári, og hentugra að skifta hreppnum í 2 fordagæsluumdæmi. Þess vegna teljum vjer rjett að láta hreppsnefndir og sýslunefndir einráðar um það, hve margir gæslumenn skuli vera í hverjum hreppi.

Um 2. gr.

Vjer ætlum að fyrirmæli þessarar greinar um kosningu fordagæslumanna veiti miklu meiri tryggingu fyrir því, en núgildandi lög, að góðir menn sjeu valdir til þessa vandasama starfa. Hefir oss virst ráðlegast að hafa öll ákvæði um kosn-

inguna sem líkust því, er sveitarstjórnarlögin mæla fyrir um kosningu hreppsnefndarmanna.

Um 3. gr.

Vjer höfum gert grein fyrir því, að þörf sje á 3 aðalskoðunum. Hitt er annað mál, hvenær hentast muni að láta þær fram fara. Er öldungis augljóst, að sömu skoðunartímar geta ekki átt við öll hjeruð landsins. Þess vegna er rjettast, að hver sýsla velji sína tíma í reglugjörð sinni fyrir forðagæslumenn (sbr. 8. gr.); í þeim reglugerðum eiga líka best heima öll nánari ákvæði um vinnubrögð forðagæslumanna.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru miðuð við lög nr. 24, 1909, um kornforðabúr og frumvarp neðri deildar um viðauka við þau lög, ennfremur lög nr. 44, 1911, um heyforðabúr. Virðist oss best við eiga að forðagæslumönnum sje falin öll umsjón á varaforða hreppsins, ef nokkur er.

Hjer viljum vjer nú leiða athygli að því, hvílík lífsnauðsyn það er fyrir landbúnaðinn, að hver sveit eða sýsla tryggi sjer einhvern varaforða, ef illa hefir heyjast. Fjenaði bænda mun nú einna mest hætta búin af vorharðindum. En þau verða sjaldan að miklu meini, ef bændur hafa verið vel heybirgir að hausti, og gefið fjenu vel, og það alt í góðu standi um sumarmál, sbr. skýrsluna úr Fellshreppi um árið 1891—92 (II. fylgiskjal). En sjeu heybirgðir í minna lagi — og enginn varaforði upp á að hlaupa — þá fer jafnan svo, að bændur spara heyin af hræðslu við fóðurskort, svo að fjeð verður í miklu lakara standi, og voðinn vís, nema vel vori, sbr. skýrsluna úr Fellshreppi um árið 1892—93 (II. fylgiskjal); kemur hjer meðal annars til greina eitt mjög mikilvægt atriði, þar sem er lambadauði á vorin; hann stafar ekki eingöngu af óhagstæðri vorveðráttu, heldur oft miklu fremur af því, að ærnar hafa verið illa fóðraðar og eru horaðar og þróttlitlar um sauðburðinn, eða hey þrotin og engin tök á að hlynna að ánum að vorinu, svo vel sem skyldi, ef illa viðrar. Oss er t. d. kunnugt að vorið 1882 — versta vor í manna minnum, (sbr. III. fylgiskjal), misti einn búandi í Húnaþingi ekki nema 2 lömb, en hann var líka annálaður fyrir það, að eiga jafnan fje sitt í ágætu standi. Vjer eigum engar skýrslur um lambadauða og er það illa farið. En í verslunarskýrslum eru talin útflutt lambskinn, og kemur þar greinilega í ljós, að vanhöldin eru afarmisjöfn og enn í dag mjög mikil, ef eitthvað ber út af um árferði (sjá III. fylgiskjal). Yfirleitt vantar áreiðanlegar skýrslur um vanhöld á búpeningi og orsakir vanhaldanna.

Um 5. gr.

Vjer ætlumst til þess, að forðagæslubækur sjeu með prentuðum dálkum og fyrirsögnum og glögg fyrirmæli í reglugerð um alla bókfærsluna.

Í reglugerð verður líka að tiltaka hvernig tilkynningum til hreppsnefnda skuli háttað. Ætlumst vjer til, að þar verði einnig mælt fyrir um stöðugt eftirlit (aukaskoðanir) á þeim heimilum, sem illa eru stödd, eða gera sig sek í mikilli vanhirðu og óforsjálni.

Um 6. gr.

Öllum sem til þekkja ber saman um það, að duglegir forðagæslumenn geri mikið gagn með leiðbeiningum sínum, ef við ráðþæga menn er að eiga. Sömuleiðis er haft orð á því, að rjettlátir vitnisburðir um skepnuhirðingu hafi eigi óvíða borið góðan ávöxt, glætt áhuga bænda og sómatilfinningu og vakið holla samkeppni.

Um 7. gr.

Það er augljóst, að tilkostnaðurinn verður talsvert meiri en eftir núgildandi lögum, af því að skoðanirnar verða fleiri. En ef það reyndist einhlítt, sem sumir halda, að hafa einn forðagæslumann, en ekki tvo saman í hverri yfirferð, þá yrði þó munurinn ekki mikill.

Hjer er um skyldukvöð að ræða, eins og t. d. þá, að gegna sveitarstjórnarstarfi; þóknunin, 2 kr. á dag, er því ekki kaup fyrir starfið, heldur ómakslaun, í líkingu við það, sem á sjer stað um úttektarmenn, stefnuvotta o. fl.

Um 8. gr.

Vjer höfum ekki viljað setja í frumvarpið ítarleg fyrirmæli um gæslustarfið, álítum að þau sjeu betur komin í reglugerðum, og það af tveimur ástæðum: það er ljóst að allar sömu aðferðir geta naumast átt jafnvel við öll hjeruð landsins. Og hitt er annað, að reglugerðum má jafnan breyta, laga þær eftir fenginni reynslu, en miklu ógreiðara og vafningsmeira að fá lögum breytt.

Um 9. og 10. gr.

Það er margreynt og fullsannað, að eftirlitið getur ekki ávalt komið að fullum notum, ef það er eingöngu til leiðbeiningar og aldrei hægt að heimta af neinum búanda, að hann hlýðnist hollum ráðum.

Þegar illa hefir vetrað og hey gengið til þurðar, hefir það jafnan verið siður góðra búmanna, að skera af heyjunum í tíma, til þess að firra sig þeirri hættu, að missa mestallan búpening sinn. Hinir eru þó miklu fleiri, sem ekki hafa verið svo ráðdeildarsamir, heldur teflt á tvær hættur von úr viti; það hefir oft lánast, batinn komið og fje ekki fallið til muna; en oft hafa líka vonirnar brugðist og orðið mikill fellir, stundum þegar á útmánuðum, stundum í vorhretum, af því að fjeð hefir verið í hörmulegu standi eftir veturinn. Það er meðal annars mjög eftirtektarvert, og vita allir þess dæmi, að stundum hefir orðið mikill skepnufellir hjá ýmsum bændum rjett á undan góðum bata, ekki munað meiru en því, að þá hefir vantað svo sem viku eða hálfsmánaðarfóður handa skepnunum. Og vert er líka að hafa það í huga, sem alkunnugt er, að þar sem bændur hafa átt völ á kornkaupum, þá hefir þeim jafnaðarlega orðið það á, að draga kornkaupin of lengi, þangað til fje var orðið horað og heyin á þrotum; hefir þeim fyrir þá sök orðið miklu kostnaðarsamara en vera þurfti, að halda lífinu í skepnum sínum, og skepnurnar þá líka illa þolað fóðurbreytinguna.

Það er að vísu mjög eðlilegt, að Alþingi hefir ekki sjeð sjer fært, að fá eftirlitsmönnum vald til, að *skipa* nauðstöddum búendum *að skera* af heyjunum. Ef það væri gert síðla vetrar, og svo færi, að góður og varanlegur bati kæmi rjett á eftir, þá mætti segja, að af skipuninni hefði hlotist óþarfur tilkostnaður, bændum verið bakað tjón.

Það er alt annað mál að *skipa* búendum *að afla sjer fóðurs*, ef þeir eru komnir í þröng. Af þeirri þvingun getur aldrei hlotist neitt tjón, sem teljandi sje, en oft ómetanlegt gagn.

Skilyrðið er auðvitað, að hey, korn, eða annað fóður sje fáanlegt, og þar komum vjer aftur að því, hvílík nauðsyn það er, að hver sveit eigi aðgang að einhverjum varaforða. Ef bágstöddum búanda er skipað að kaupa fóður, þá getur það orðið til þess, að fjenaður hans lifi, sem annars mundi hafa fallið. Komi óvæntur bati rjett eftir fóðurkaupin og þurfi hann ekki á aðkeypta fóðrinu að halda, þá á hann það líka óeytt. Enda er vel hugsanlegt, að þessu megi koma svo fyrir, að fóðrið sje keypt smám saman, eftir því sem þörf krefur, svo að litlar eða engar leifar verði eftir.

En oss hefir ekki virst gerlegt að fá þetta skipunarvald í hendur hreppsnefndum eða hreppstjórum, og þess vegna höfum vjer lagt til, að skipunin skuli koma frá sýslumanni.

Um 11. gr.

Vjer teljum tilgangslaust að taka upp úr hegningarlögunum ákvæðin um refsingu fyrir illa meðferð á skepnum eða halda ákvæðunum í 5. gr. horfellislaganna, það því fremur sem vjer gerum oss litla von um, að þeim refsingum verði fremur beitt hjer eftir en hingað til.

Rjettast þykir oss, að sektir renni í sveitarsjóð, því að þaðan eru greidd útgjöldin.

Efri deild Alþingis, 12. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Guðjón Guðlaugsson, formaður og framsögum. | G. Björnsson. skrifari. |

Björn Þorláksson, Jón Jónatansson, Þórarinn Jónsson.

I. fylgiskjal.

**Skýrsla um heybirgðir og fyrningar**

| Nöfn bæja: | Rúmmál heyja í teningsálnum (mat). | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1888—89 | 1889—90 | 1890—91 | 1891—92 | 1892—93 | 1893—94 | 1894—95 | 1895—96 | 1896—97 |
| Broddadalsá ... | 580 | 800 | 985 | 1365 | 1238 | 1115 | 1270 | 1330 | 1225 |
| Broddanes J. M. | 850 | 1215 | 1190 | 1485 | 1188 | 1275 | 1000 | 1095 | 1035 |
| Broddanes S. M. | 630 | 820 | 980 | 1240 | 1118 | 1105 | 1080 | 1115 | 1070 |
| Stóra-Fjarðarhorn | 735 | 1225 | 1405 | 1910 | 1126 | 1237 | 1140 | 1245 | 1010 |
| Þrúðardalur Þ. H. | 500 | 630 | 570 | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Þrúðardalur G. B. | ... | ... | ... | 700 | 410 | 505 | 300 | 385 | ... |
| Þrúðardalur G. M. | ... | ... | .. | ... | ... | ... | 440 | 480 | 300 |
| Þrúðardalur E.J.J. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 375 |
| Hamar J. S. ... | 335 | 500 | 540 | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Hamar G. J. ... | ... | ... | ... | 595 | 389 | 538 | 489 | 585 | 578 |
| Fell ... ... ... | 1045 | 1550 | 1515 | 1815 | 995 | 1335 | 1525 | 1355 | 1068 |
| Miðhús ... ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 310 |
| Steinadalur B. B. | 805 | 940 | 1155 | 1295 | 1135 | 1065 | 170 | ... | ... |
| Steinadalur G. J. | 545 | 660 | 840 | 900 | ... | ... | ... | ... | ... |
| Steinadalur Þ. J. | ... | ... | ... | ... | 845 | 945 | 968 | 1065 | 1092 |
| Steinadalur St. E. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 275 | 400 | ... |
| Steinadalur M. G. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 100 | 200 |
| Ljúfustaðir... ... | 690 | 870 | 1010 | 1290 | 840 | 850 | 1035 | 1068 | 865 |
| Litla-Fjarðarhorn | 680 | 1095 | 1170 | 1065 | 765 | 925 | 975 | 979 | 831 |
| Hlíð G. J. ... .. | 795 | 930 | ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... |
| Hlíð F. J. ... | ... | ... | 920 | 1095 | 875 | 933 | 853 | 1000 | ... |
| Hlíð Í. J. ... ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 825 |
| Hlíð J. A. ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 250 |
| Hlíð G. B.... ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 160 |
| Hlíð H. M. ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Fellshreppur ... | 8190 | 11235 | 12280 | 14755 | 10924 | 11828 | 11620 | 12202 | 11194 |

**heyja i Fellshreppi 1888 til 1897.**

| | Rúmmál fyrninga (mat). | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1897 —98 | 1888 —89 | 1889 —90 | 1890 —91 | 1891 —92 | 1892 —93 | 1893 —94 | 1894 —95 | 1895 —96 | 1896 —97 | 1897 —98 |
| 1130 | 50 | 200 | 260 | 267 | 270 | 249 | 360 | 200 | 50 | .. |
| 856 | 125 | 236 | 380 | 208 | 200 | 143 | 128 | 60 | 30 | ... |
| 860 | 55 | 205 | 215 | 150 | 90 | 185 | 174 | 50 | ... | ... |
| 975 | 110 | 435 | 536 | 350 | 65 | 121 | 110 | 40 | 20 | ... |
| ... | 35 | 113 | 68 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. | 60 | . . | ... | .. |
| 245 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 110 | 9 | ... | ... |
| 345 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| ... | 40 | 109 | 120 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 470 | ... | ... | ... | ... | ... | 46 | 125 | 95 | 25 | ... |
| 1130 | 103 | 112 | 160 | ... | 35 | 100 | 153 | 20 | ... | ... |
| 240 | ... | ... | ... | ... | ... | .. | ... | ... | ... | ... |
| ... | 110 | 229 | 286 | 302 | 90 | 172 | 20 | ... | ... | ... |
| ... | 55 | 120 | 190 | 100 | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 1050 | ... | ... | .. | ... | 54 | 95 | 164 | 126 | 5 | ... |
| ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 40 | ... | ... | . . |
| ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 960 | 95 | 268 | 300 | 135 | 90 | 75 | 100 | ... | 10 | ... |
| 730 | 75 | 255 | 163 | 68 | 50 | 160 | 80 | 30 | 20 | ... |
| ... | 75 | 113 | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| ... | ... | ... | 113 | ... | ... | 40 | 140 | ... | ... | ... |
| ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 270 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | . . | ... | ... | ... |
| 175 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. | ... | ... |
| 290 | ... | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 9726 | 928 | 2395 | 2791 | 1580 | 945 | 1386 | 1764 | 630 | 160 | ... |

## Heyja og fjáreign Kollfirðinga 1888—97.

Þá hefi jeg hugsað mjer að skýra hreppsbúum mínum frá heybirgðum og peningsfjölda, sem á fóðrum hefir verið hvern vetur, síðan hinar opinberu skoðanir byrjuðu. Jeg veit, að sumum þykir gaman að að bera þetta saman, bæði hjá hverjum einstökum og hreppnum, og ófróðlegar mundu oss ekki þykja slíkar skýrslur, ef vjer hefðum þær frá formönnum vorum, en það er langt frá, að því sje að heilsa, þar sem vjer höfum ekki einn einasta staf hreppsfjelaginu viðkomandi frá eldri tíð en árinu 1887.

Mest hey á þessum 10 árum hafa verið 1891—92, eða rjettara sagt haustið 1891, 14755 teningsálnir, en minst 1888, 8190 teningsálnir, og þar næst í haust eð leið. Mestar fyrningar vorið 1891, 2791 ten.ál., en eflaust minstar næstl. vor, en þess skal getið, að þessar sára-litlu leifar í vor eð leið voru aldrei mældar, og eru því settar hjer að eins eftir ógreinilegri frásögn annara, en að líkindum hafa þær ekki verið meiri. Lengstur innistöðutími mun hafa verið veturinn 1891—92, en stystur veturinn 1894—95.

Af skýrslunni hjer að framan geta hreppsbúar farið nærri um, nær á þessu 10 ára tímabili hafa verið mest hey og nær minst á hverri einstakri jörð, og hið sama geta menn sjeð viðvíkjandi fyrningunum, og á skýrslunni hjer á eftir geta menn sjeð, nær flestur fjenaður hefir verið á fóðrum í hreppnum og nær fæstur, en ekki hefi jeg getað verið að telja fjenað hvers heimilis út af fyrir sig.

### Skýrsla um búpening í Fellshreppi á fóðrum 1888—1898.

| Ártal | Fjenaður á fóðrum | | | Ártal | Fjenaður á fóðrum | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | kýr | sauðfje | hross | | kýr | sauðfje | hross |
| 1888—89 ..... | 28½ | 803 | 56 | 1893—94 ..... | 29½ | 1309 | 72 |
| 1889—90 ..... | 32 | 998 | 59 | 1894—95 ..... | 28½ | 1311 | 73 |
| 1890—91 ..... | 31¼ | 1219 | 66 | 1895—96 ..... | 29½ | 1328 | 83 |
| 1891—92 ..... | 32½ | 1419 | 68 | 1896—97 ..... | 27⅙ | 1293 | 81½ |
| 1892—93 ..... | 25½ | 1249 | 65 | 1897—98 ..... | 26½ | 1080 | 70 |

Eins og þeim er kunnugt, sem verið hafa í hreppnum þessi árin, hafa haustaldir kálfar verið taldir sem ⅙ úr kú og vetrungar sem ½ kýr, og af þessu leiða brotin, því að hjer er átt við kýrþunga á fóðri, en ekki kýr í eiginlegri merkingu. Fæstir kýrþungar hafa þá verið á fóðrum veturinn 1892—93, 25½, og þar næst í vetur, að eins 26½, og teldi jeg það eitt af mestu framförum hreppsins, ef það stafaði ekki af fóðurskorti. Sauðfje langflest veturinn 1891—92, 1419, en fæst 1888—89. Bæði hey og fjenaður fara drjúgum vaxandi til vorsins 1892, en fyrningar fóru vaxandi til vorsins 1891, en vorið 1892 minkuðu þær stórum, eða úr 2791 ten.ál. niður í 1580, og hafa aldrei orðið nálægt því eins miklar síðan, og hurfu alveg, að heita mátti, næstliðið vor, enda vantaði suma

margfalt meiri hey en fyrningunum nam, og þó undarlegt megi virðast, vantaði suma allmikið fóður til þess, að vel hefði verið, af þeim, sem þó áttu fáar álnir eftir að lokum, sem stafaði af því, að kýr fóru fyrri af gjöf en búist var við og að um sauðburðinn þurfti lítið að gefa. Kúaþungi var líka mestur veturinn 1891—92, en hross langflest veturinn 1895—96, 63 tals.

Það sem væri einna mestur fróðleikur í og mjög nytsamt, væri, að geta skýrt nákvæmlega rjett frá, hvað innistöðutíminn hefði verið langur hvern vetur, helst á hverjum bæ, en til þess að slíkt sje mögulegt, þurfa allir skepnuhirðingamenn að rita nákvæmar gjafatöflur. Um þetta er enn ærið lítið hjer í plássi, sem leiðir af því, að svo fáir eru hneigðir fyrir að rita daglega með nákvæmni það, sem við ber, eða hinar daglegu útgjalda- eða tekjugreinir, og að því er þetta snertir, af því svo fáir eru, sem með stöðugum áhuga stunda skepnuhirðingu og hafa ekki um annað að hugsa. En því mega menn trúa, að þessi starfi, þegar hann er byrjaður og kominn í góða reglu, útheimtir miklu minni tíma, en menn gera sjer í hugarlund með fyrstu, er því skemtilegri, sem menn gera hann lengur, og verður til margháttaðra gagnsmuna upp á framtíðina. Einn maður hjer í hreppi (J. Þ.) hefir ritað í þesskonar töflur nokkra vetur, og á þeim, ásamt öðrum upplýsingum, sem hægt hefir verið að snapa sjer, hefir á hverju vori verið sett í ásetningsbókina áætlun um meðal-innistöðutíma á öllum skepnum hvern vetur, en af því þetta er svo afar-mismunandi í sveitinni, að því er snertir sauðfje og hross, þá verður sú áætlun aldrei annað en meira og minna ónákvæmar getgátur, enda þótt þetta sje nákvæmlega athugað á einum eða tveimur bæjum. En það, sem einkum gefur mjer nokkra von um, að þessar áætlanir hafi ekki verið fjarri sanni, er heymegnið, sem eyðst hefir hvern vetur í hreppnum. Og þó er nú þetta öfugt við það, sem eiginlega á að vera, því að innistöðutíminn á að sanna, hve rjett eða röng áætlunin um heybirgðirnar hefir verið, en heybirgðirnar — sem ávalt hljóta að vera að nokkru áætlaðar — eiga ekki að sanna innistöðutímann, en undir núverandi kringumstæðum er þetta þó sterkasta sönnunin.

Innistöðutíminn, samkvæmt áætlun okkar, hefir þá verið þessi:

| Ár | Kýr | Sauðfje | Hross | Ar | Kýr | Sauðfje | Hross |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1888—89 ..... | 32 | 20 | 15 | 1893—94 ..... | 34 | 20 | 17 |
| 1889—90 ..... | 35 | 20 | 15 | 1894—95 ..... | 33 | 16 | 15 |
| 1890—91 ..... | 35 | 20 | 15 | 1895—96 ..... | 36 | 24 | 22 |
| 1891—92 ..... | 37 | 26 | 25 | 1896—97 ..... | 35 | 19 | 22 |
| 1892—93 ..... | 33 | 17 | 16 | 1897—98 ..... | | | |

Þess skal getið, að innistöðutíminn 1896—97 er að eins ákveðinn eftir því, sem mjer einum þótti næst sanni, að mundi hafa verið, af því það fórst fyrir, að við skoðunarmennirnir bærum okkur saman um það næstl. vor.

Að svo miklu leyti sem menn halda, að þetta yfirlit fari ekki langt frá því, sem hefir í raun og veru átt sjer stað, geta menn dæmt um vetrarríkið hjer

í hreppi þessa síðustu 9 vetur, og þar af líka dæmt um, hverju Kollfirðingar megi búast við sem oftast í þessu efni, því þó að það kunni að vera, að vetrarríki á þessu tíu ára tímabili hafi verið minna en á flestum öðrum áratugum, þá er það ósannað, og ekki líklegt að það fari langt fjarri meðaltalinu af öllum áratugum síðan þessi snjóakriki bygðist.

Af vigtarskýrslunum mætti að mínu áliti nokkuð læra, en þar eð fjárvigtun virðist ekki vera neinn átrúnaðarstarfi Kollfirðinga nú sem stendur, þá ætla jeg ekki að þreyta mig nje aðra á þeim hugleiðingum að sinni. Bækurnar geta geymt skýrslurnar fyrir þá af eftirkomendunum, sem kunna að líta öðruvísi á fjárvigtina en meiri hlutinn gerir nú, og einhverntíma getur hún orðið »móðins« aftur, þó að hún þyki ekki skreyta búnaðarháttu vora nú.

Hvort að þessar opinberu hey- og fjárskoðanir leiði gott af sjer eða ekki, um það ætla jeg ekki að fara mörgum orðum, og er það þó ekki af því, að jeg sje á báðum áttum í því efni, heldur af því, að jeg hefi engin mótmæli heyrt gegn þeim hjer í hreppi sem teljandi sjeu, og síst rökstudd mótmæli, og þá get jeg ekki verið að eyða orðum um það, sem allir virðast vera ásáttir um, eða þá treysta sjer ekki til að mótmæla með rökum.

Frammistaða ásetningsmannanna hjer í hreppi hefði sjálfsagt getað verið fullkomnari en hún hefir verið þessi umliðnu 10 ár, en jeg ætla þó að vona, að hún hafi ekki verið lakari en hjá samskonar starfsmönnum í nágrannahreppunum, og svo mörgum stundum þykist jeg hafa eytt, ekki einungis í skoðanirnar sjálfar, þau 8 ár, sem jeg hefi haft þær á hendi, heldur til þess að hugsa og skrifa um þetta mál, að jeg sje fullvel kominn að þeim 6 kr. á ári, sem jeg hefi fengið fyrir verk þetta, sjerílagi fyrstu 2 árin, meðan alla reynslu vantaði og alt var óundirbúið, en fyrsta árið var nú reyndar ekkert borgað og þá skoðaði jeg einn. Það er jafnan hægra að byggja ofan á, þegar undirstaðan er komin, heldur en byggja undirstöðuna sjálfa, sjerílagi þegar manni er óljóst, hvar eða hver grundvöllurinn er, og rjettan grundvöll í flestum atriðum held jeg mig hafa fundið að þessu verki, hver sem árangurinn verður í framtíðinni.

Jeg þykist nú hafa gert all-glögga grein fyrir frammistöðu okkar hey- og fjárskoðunarmanna, og sje ekki ástæðu til að gera það frekar.

$^{9}/_{3}$ '98.

G. G.

II. fylgiskjal.

# Skýrslur fjárskoðunarmanna í Fellshreppi í Strandasýslu árin 1891—94.

## 1891.

Á almennum fundi, sem haldinn var að Ljúfustöðum 17. nóv. 1891, voru kosnir heyásetningsmenn í hreppnum fyrir næstkomandi vetur, Sigurður Magnússon í Broddanesi og Jón Þórðarson í Stórafjarðarhorni.

Fyrsta skoðun framfór dagana 19.—21. nóv. Skoðunarmenn mældu þá og skoðuðu öll hey í hreppnum svo nákvæmlega sem þeim var auðið, og álitu skoðunarmenn útlitið ágætt og að varla myndi koma fyrir að ekki yrðu næg hey hjá öllum, þó vetur yrði í harðasta lagi, ef ekki kæmu fyrir því meiri skemdir á heyjum. Heyskapur hafði orðið með langbesta móti. Grasvöxtur ágætur, einkum á túnum og harðvelli og jafnvel enn betri en árið áður, nýting hin besta og þar að auki talsverðar fyrningar hjá öllum (þó mismunandi). Öll hey í hreppnum voru 16691 ten. álnir eftir máli. Eftir mati 14755 ten. álnir eða 547 ten. faðmar (sbr. skýrslu hjer að aftan), og eru þá nýju heyin 11964 ten. álnir eða hjer um bil 443 ten. faðmar, eða 2099 ten. ál. meira en nýju heyin höfðu verið haustið áður. -- En öll heyin yfir höfuð 2475 ten. ál. meiri en næstl. haust.

Ennfremur vigtuðu skoðunarmenn nokkrar kindur á hverjum bæ af öllum tegundum (hjer um bil 10%) og var það ekkert valið, heldur tekið eftir því, sem eigendum og skoðunarmönnum kom saman um. Þyngst var ein ær í Litlafjarðarhorni, 128 pd., og ein ær í Broddanesi (hjá Sigurði) 126 pd. Þyngst veturgömul kind í Stórafjarðarhorni 113 pd. og þyngstur lambhrútur þar líka 93 pd.

Önnur skoðun fór fram dagana 28.—30. mars. Mældu þá og skoðuðu skoðunarmenn öll hey, sem þá voru eftir, og komust eftir, hve mikill peningur var á fóðrum, og skoðuðu, hvernig hann var til fara og hvernig hey voru umgengin. Heita mátti, að allur fjenaður væri í góðum holdum, einkum kýr og hross; fje var nokkuð misjafnara. Þegar skoðunin fór fram (um viku af einmánuði) höfðu lömb staðið inni 20—21 viku, roskið fje 16—18 vikur, hross um 18 vikur, kýr 25 vikur. Hey álitu skoðunarmenn að mundi duga eftir því sem hjer segir:

Nóg innistöðufóður fyrir kýr hjá öllum þangað til 8 vikur af sumri og hrossum til 3 vikur af sumri og, ef maður hefði þá ætlað sauðfje afganginn, mundi hann hafa dugað hér um bil þetta:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Á Broddadalsá | þangað til | 11 | vikur | af | sumri |
| Í Broddanesi: | | | | | | |
| Hjá Jóni | —— — | 6 | — | — | — |
| — Sigurði | —— — | 4 | — | — | — |
| Á Stórafjarðarhorni | —— — | 12 | — | — | — |
| Í Þrúðardal | —— — | 4 | — | — | — |
| Á Hamri | —— — | 2 | — | — | — |
| - Felli til sumarmála. | | | | | |
| Í Steinadal: | | | | | |
| Hjá Birni | þangað til | 9 | — | — | — |
| — Guðmundi | —— — | 4 | — | — | — |
| Á Ljúfustöðum | —— — | 6 | — | — | — |
| — Litlafjarðarhorni | —— — | 5 | — | — | — |
| Í Hlíð | —— — | 2 | — | — | — |

Skemdir höfðu komið fram á heyjum (á Felli) talsverðar (af vatnsgangi í asahláku, sem gerði á gónunni, og einnig nokkrar í Stórafjarðarhorni).

Ásetningsmenn vigtuðu þær sömu kindur, sem vigtaðar voru í fyrstu skoðun og má sjá mismun vigtarinnar á eftirfylgjandi skýrslu:

| | Ljetst. | | | | Þyngst. | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | ær | veturg. | lömb | hrútar | ær | veturg. | lömb | hrútar |
| Broddadalsá | 3 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 7 |
| Broddanesi hjá Jóni | 7 | 13 | ... | ... | ... | ... | 4 | 9 |
| —— — Sigurði | 11 | 5 | ... | ... | ... | ... | 7 | 6 |
| Stórafjarðarhorni | 3 | 3 | ... | ... | ... | ... | 2 | 6 |
| Þrúðardal | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 2 | 3 |
| Hamri | 2 | 1 | ... | ... | ... | ... | 4 | 2 |
| Felli | 3 | 7 | 2 | ... | ... | ... | ... | 2 |
| Steinadal hjá Guðmundi | 11 | ... | ... | ... | ... | ... | 1 | 7 |
| — — Birni | 6 | 4 | ... | ... | ... | ... | 3 | 5 |
| Ljúfustöðum | ... | ... | ... | ... | 6 | 2 | 4 | 9 |
| Litlafjarðarhorni | 9 | 6 | 4 | ... | ... | ... | ... | 3 |
| Hlíð | 11 | ... | 7 | 1 | ... | ... | ... | ... |

Eins og sjá má af vigtarskýrslu þessari, hafði roskið fje ljetst talsvert frá því um haustið (alstaðar nema á Ljúfustöðum). Ei að síður álitu skoðunarmenn fje í góðu standi, og sumstaðar jafnvel í ágætu standi.

Skoðunarmenn litu eftir hirðingu á skepnum og umgengni á heyjum, og var hún mjög misjöfn, einkum á heyjum. Þess má geta, að á Ljúfustöðum var alt í jafnbestu lagi og þar næst í Stórafjarðarhorni.

Þriðja skoðun fram fór ekki fyr en í ágústmánuði, enda gerðu skoðunarmenn þá eigi annað en mæla fyrningar, sem þá voru eftir. Þær voru samtals í hreppnum eftir mati, 1580 ten. álnir, eða rúmur 1/9 af heyjunum, sem til voru um haustið. Fjenaður mun hafa gengið fremur vel undan víðast hvar, þó veðrátta væri yfrið hörð fram yfir allan sauðburð, og lambfje stæði við gjöf sumstaðar fram yfir fardaga, þar sem næg hey voru. Þar sem heylítið var, var því þó slept um sauðburð gjafarlitlu, en mun hafa klárað sig vel vegna góðrar gjafar á vetrinum. Innistöðutíð mun hafa orðið hjer um bil þetta: Á kúm 37—38 vikur, sauðfje 26—27 vikur, hrossum 25 vikur (að meðaltali).

## Skýrsla um fóðurbirgðir, fóðureyðslu og fjenaðarhirðingu í Fellshreppi veturinn 1891—1892.

| Nöfn og heimili búenda | Teningsmál heysins | | Áætlað fóður fyrir | | | Hefir dugað fyrir | | | Fyrningar | | Til vantar | Einkunn fyrir fóðrun og umgengni | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Mál ten. áln. | Mat ten. áln. | Kýr | Sauðfje | Hross | Kýr | Sauðfje | Hross | Mál ten. áln. | Mat ten. al. | ten. al. | Kúm | Sauðfje | Hross | Umg. | Aðaleinkunn |
| Brynjólfur Jónsson, Broddadalsá | 1593 | 1365 | 3 | 180 | 6 | 2⅔ | 146 | 6 | 326 | 267 | ... | 4 | 5 | 5 | 3 | 4⅔ |
| Jón Magnússon, Broddanesi .. | 1876 | 1485 | 3 | 206 | 5 | 3 | 147 | 5 | 228 | 208 | ... | 5 | 5½ | 3 | 5 | 4½ |
| Sigurður Magnússon, s. st.... ... | 1459 | 1240 | 3 | 159 | 5 | 2⅔ | 96 | 5 | 172 | 150 | ... | 5 | 5⅓ | 4 | 5 | 4¾ |
| Jón Þórðarson, Stóra-Fjarðarh. | 2061 | 1910 | 3½ | 285 | 5 | 4 | 150 | 5 | 375 | 350 | ... | 5 | 5 | 6 | 6 | 5½ |
| Guðm. Bárðarson, Þrúðardal ... | 873 | 700 | 1½ | 90 | 4 | 1½ | 100 | 4 | ... | ... | ... | 4½ | 5 | 5 | 3½ | 4½ |
| Gísli Jónsson, Hamri .. ... ... | 579 | 595 | 1 | 83 | 3 | 1⅙ | 64 | 3 | ... | ... | ... | 5 | 5 | 6 | 5 | 5¼ |
| Síra Arnór Árnason, Felli .. ... | 1992 | 1815 | 5¾ | 173 | 11 | ... | 154 | 11 | ... | ... | ... | 4½ | 5 | 4 | 3½ | 4¼ |
| Björn Bjarnarson, Steinadal. ... | 1450 | 1295 | 2 | 189 | 6 | 2 | 120 | 5½ | 302 | 302 | ... | 5 | 5 | 4½ | 4½ | 4¾ |
| Guðm. Jónsson, Steinadal . ... | 969 | 900 | 2 | 118 | 4 | 2 | 88 | 4 | 138 | 100 | ... | 5 | 4½ | 5 | 4½ | 4¾ |
| Guðjón Guðlaugsson, Ljúfust.... | 1354 | 1290 | 2 | 190 | 5 | 2 | 140 | 4½ | 155 | 135 | ... | 6 | 6 | 5 | 6 | 5¾ |
| Jón Magnússon, Litla-Fjarðarh. | 1199 | 1065 | 3 | 104 | 8 | 3 | 94 | 8 | 90 | 68 | ... | 5 | 5 | 5 | 2 | 4⅕ |
| Finnur Jónsson, Hlíð .. ... ... | 1286 | 1095 | 2½ | 137 | 7 | 2½ | 120 | 7 | ... | ... | ... | 4½ | 4 | 4 | 2½ | 3¾ |
| Samtals ... | 16691 | 14755 | 32½ | 1914 | 69 | 32½ | 1419 | 68 | 1781 | 1580 | ... | 4⅚ | 4⅚ | 4½ | 4¼ | 4⅖ |

## 1892.

Á almennum fundi, sem haldinn var á Ljúfustöðum þann 7. nóv. 1892, voru kosnir hinir sömu ásetningsmenn og árið áður.

Fyrsta skoðun fram fór dagana 8.—10. nóv. Skoðunarmenn mældu þá og skoðuða öll hey í hreppnum, svo nákvæmlega sem þeim var auðið. Útlitið var þá ekki rjett gott, því sumarið hafði verið með lakara móti. Fyrst að því leyti, að ekki var byrjaður heyskapur fyr en nærri 14 vikur af sumri, vegna grasleysis (en þá í 6 vikna tíma var allra besta heyskapartíð), svo kom mánaðar-kafli, sem varla þornaði nokkurt strá og hröktust hey þá víða, svo að talsverðum skaða varð. Dró það mjög úr mönnum að halda áfram við heyskap þann tíma, svo ekki gat heitið að sláttur yrði lengri en 8 vikur. Og þar eð tún og allar vallendis slægjur voru mjög graslitlar, var eðlilegt að heyskapur yrði með rýrasta móti hjá öllum almenningi.

Öll hey í hreppnum voru eftir máli 13166 ten. álnir, en eftir mati 10924 ten. álnir. Þar af voru fyrningar 1580 ten. álnir. Nýju heyin voru því 9344 ten. álnir.

Eins og að undanförnu voru vigtaðar nokkrar kindur á hverjum bæ og var þyngst ær á Broddadalsá 138 pd. Annarstaðar voru hvergi neitt tiltakanlega þungar kindur.

Önnur skoðun fram fór dagana 16.—18. febr. Þá voru mæld þau hey, sem eftir voru, og var þá fjenaður skoðaður; enn fremur öll umgengni á heyjum (eftir þeirra áliti) mjög misjöfn og mjög ábótavant á sumum bæjum. Eigi að síður álitu þeir, að hirðingin yfir höfuð að tala hefði tekið þó nokkrum framförum næstum alstaðar, síðan farið var að skoða hey og fjenað, og er það gleðilegur vottur um vaxandi sómatilfinningu, hvað umgengni viðvíkur og mannúðartilfinningu, hvað skepnunum viðvíkur, og er þess mikillega óskandi, að mönnum fari sem mest fram í þessu hvorutveggja. Kýr voru undantekningarlaust í góðu standi, hvað hold snerti, og hross nærri alstaðar í ágætu standi. Fje var nokkuð misjafnt að sjá og reyna, en þó var það hvergi svo, að ekki væri vel lífvænt, og þar sem það var grenst, mun það hafa komið til af hræðslu um heyskort.

Vigtarskýrsla sú, er hjer fer á eftir, sýnir hve mikið fje hefir ljetst á hverjum bæ.

| | Ljetst | | | | Þyngst | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | ær | veturg. | lömb | hrútar | ær | veturg. | lömb | hrútar |
| Broddadalsá | 6 | 5½ | 4 | ½ | ... | ... | ... | ... |
| Broddanes J. M. | 2 | 3½ | ... | ... | ... | ... | 8 | 12 |
| —»— Sig. Magn. | 5 | 7 | ... | ... | ... | ... | 4 | 8½ |
| Stóra-Fjarðarhorn | 3 | 4 | ... | 7 | ... | ½ | ½ | ... |
| Þrúðardalur | ... | 12½ | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Hamar | 12 | 12 | 5½ | 10½ | ... | ... | ... | ... |
| Fell | 8 | 7 | ... | 9 | ... | ... | ... | ... |
| Steinadalur B. B. | 9 | 11½ | ... | ... | ... | ... | 2½ | 3 |
| —»— Þ. J. | 7 | 6 | 1 | 7 | ... | ... | ... | ... |
| Ljúfustaðir | 7 | 9½ | ... | ½ | ... | ... | 2 | ... |
| Litla-Fjarðarhorn | 13 | 12 | 11 | ... | ... | ... | ... | 6 |
| Hlíð | 18 | 12 | 9 | 4 | ... | ... | ... | ... |

Þegar þessi skoðun fór fram, hafði fullorðið fje staðið inni frá 5--7 vikur, en lömb 8—9 vikur og hross 6 vikur. Hey álitu skoðunarmenn að mundi duga eftir því sem hjer segir: hjá öllum fyrir kýr til 8 vikur af sumri og hross til 2 vikur af sumri og afgangurinn fyrir fje:

Á Broddadalsá 14 vikur.
- Broddanesi J. M. 13 vikur, S. M. 13 vikur.
- Stóra-Fjarðarhorni 11 vikur.
- Þrúðardal 3 vikur.
- Hamri 2 vikur.
- Felli 8 vikur.
- Steinadal B. B. 14 vikur, Þ. J. 9 vikur.
- Ljúfustöðum 9 vikur.
- Litla-Fjarðarhorni 9 vikur.
- Hlíð 7 vikur.

## Skýrsla um fóðurbirgðir, fóðureyðslu og fjenaðarhirðingu í Fellshreppi veturinn 1892—1893.

| Nöfn og heimili búenda. | Teningsmál heyja | | Áætlað fóður fyrir | | | Hefir dugað fyrir | | | Fyrningar | | Til vantar | Einkunn fyrir fóðrun og umgengni | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Mat. ten.álnir | Mat ten.álnir | Kýr | Sauðfje | Hross | Kýr | Sauðfje | Hross | Mál ten. áln. | Mat ten. álnir | ten. áln. | Kúm | Sauðfje | Hrossum | Ung. | Aðalein-kunn |
| Brynj. Jónsson, Broddadalsá ... | 1481 | 1238 | 2½ | 160 | 5 | 2½ | 143 | 5 | ... | 270 | ... | 4½ | 5 | 5 | 3 | 4¼ |
| Jón Magnússon, Broddanesi ... | 1618 | 1188 | 2½ | 166 | 5 | 2½ | 142 | 5 | ... | 200 | ... | 5½ | 6 | 4 | 5 | 5¼ |
| Sigurður Magnússon, s. st.... ... | 1412 | 1118 | 2½ | 130 | 6 | 2½ | 93 | 6 | ... | 90 | ... | 6 | 5 | 5 | 5 | 5¼ |
| Jón Þórðars., Stóra-Fjarðarhorni | 1604 | 1126 | 3 | 155 | 7 | 3 | 135 | 7 | ... | 65 | ... | 5½ | 5½ | 6 | 6 | 5¾ |
| Guðm. Bárðarson, Þrúðardal ... | 465 | 410 | ... | 62 | 4 | ... | 69 | 4 | ... | ... | ... | ... | 5 | 6 | 4½ | 4 |
| Gísli Jónsson, Hamri... .. ... | 365 | 389 | 1⅙ | 47 | 2 | 1⅙ | 52 | 2 | ... | ... | ... | 6 | 4¾ | 6 | 5 | 5¾ |
| Síra Arnór Árnason, Felli... ... | 1200 | 995 | 4½ | 75 | 6 | 3⅙ | 84 | 6 | ... | 35 | ... | 5 | 5 | 3 | 5 | 4½ |
| Björn Bjarnarson, Steinadal ... | 1212 | 1135 | 2⅓ | 136 | 6 | 2⅓ | 125 | 6 | ... | 90 | ... | 5½ | 4½ | 5 | 5 | 5 |
| Þorbjörn Jónsson, s. st. ... ... | 959 | 845 | 2 | 103 | 5 | 2 | 103 | 5 | ... | 54 | ... | 5½ | 4 | 5 | 4 | 4¾ |
| Guðjón Guðlaugsson, Ljúfust.... | 840 | 840 | 2⅙ | 98 | 6 | 2⅙ | 105 | 6 | ... | 90 | ... | 6 | 5½ | 5½ | 6 | 5¾ |
| Jón Magnússon, Litla-Fjarðarh.. | 906 | 765 | 2 | 80 | 7 | 2 | 95 | 7 | ... | 50 | ... | 5 | 4 | 5½ | 4 | 4¾ |
| Finnur Jónsson, Hlíð .. ... ... | 1104 | 875 | 2 | 105 | 6 | 2 | 103 | 6 | ... | ... | ... | 5 | 4 | 5 | 4 | 4½ |
| Samtals ... | 13166 | 10924 | 26⅗ | 1321 | 65 | 25½ | 1249 | 65 | ... | 945 | ... | | | | | |

Þriðja skoðun fór fram dagana 10.—11. júní. Voru þá mæld þau hey, er eftir voru, og voru þau að máli 1323 ten. álnir, að mati 945 ten. álnir. Ekki urðu vandræði hjá neinum af heyleysi, því veðrátta var hin allra besta frá sumarmálum og gat ekki heitið að kæmi öðru hærra eftir sumarmál. Fje mun hafa gengið nokkuð misjafnt undan (eins og áður er ávikið) þó góð veðrátta væri, bæði af því sumir vöruðu sig ekki á því, að hey voru venju fremur sinumikil og hálf hrakin og líka af hræðslu fyrir heyleysi.

Innistöðutími mun hafa orðið þetta: á kúm 33 vikur, um 16 vikur á hrossum, á fje mjög misjafnt, að meðaltali mun láta nærri að það hafi verið 16 vikur.

## 1893.

Haustið 1893 voru kosnir ásetningsmenn Jón Þórðarson í Stóra-Fjarðarhorni og Guðjón Guðlaugsson á Ljúfustöðum í stað Sigurðar Magnússonar, sem ekki gaf kost á sjer til þess starfa. Í fyrsta sinn skoðuðu þeir dagana 16.—18. okt. Þeir mældu öll hey hreppsmanna og athuguðu um gæði þeirra eftir föngum, og sýndist þeim útlit fyrir, að allir hreppsbúar ættu nægilegt fóður, fyrir þann fjenað, sem líkur voru til, að þeir mundu setja á hey sín, að undanteknum Guðjóni á Ljúfustöðum. Eftir útliti á máli heyjanna leit út fyrir að hjá honum mundi vanta fóður fyrir 15—20 kindur, og voru þó hey hans nettara mæld en hjá öðrum; en með því að hann sem sjálfur var ásetningsmaður hafði nokkurn grun um, að hey sín væru drýgri að fóðurgildi en út leit fyrir (þó hann væri ekki viss um það, af því hann hafði ekki verið sjálfur við heyaflann) þá ljet hann þó við svo búið standa hjá sjer með ásetninginn. Töðuafli hafði víðast verið í minna meðallagi, en útheysafli í betra lagi og ágætur hjá sumum, en besta nýting. Þeir, sem fjallslægjur höfðu haft, höfðu fengið mikil hey, en fremur virtust þau vera sinumikil og ódrjúg. Valllendisslægjur höfðu aftur sprottið laklega, og því voru þar minni hey, en betri. Heyskapartíminn hafði alment verið 10 vikur og jafnvel lengri hjá sumum.

Skoðunarmenn notuðu hinar sömu reglur sem að undanförnu við ásetninginn, með því að þær höfðu ávalt að undanförnu reynst svo rjettar, sem búist varð við.

Öll hey í hreppnum mældust skoðunarmönnum að vera 13993 ten. álnir, en eftir mati miðað við vel orðið valllendishey í garði 11828 ten. álnir eða 438 ten. faðmar. Nýju heyin höfðu því verið 10883 ten. álnir eftir mati.

Skoðunarmenn höfðu sömu reglu og áður, að þeir vigtuðu nokkrar kindur af öllum tegundum og nokkrar í hverju húsi, og skrifuðu hjá sjer vigt þeirra, nöfn og einkenni, til þess að geta af því sjeð nákvæmar, hvernig fje var fóðrað.

Fóðurbirgðirnar og annað fleira má nákvæmar sjá af eftirfylgjandi skýrslu um fóðurbirgðir, fóðureyðslu, fjenaðareign og fjenaðarhirðingu í Fellshreppi veturinn 1893—1894, og þyngsli sauðfjenaðar má sjá á skýrslunni um vigt á fjenaði, sem þar fer á eftir.

## Skýrsla um fóðurbirgðir, fóðureyðslu, fjenaðarfjölda og fjenaðarhirðingu í Fellshreppi veturinn 1893—94.

| Nöfn og heimili ábúenda | Heybirgðir | | Áætlað fóður fyrir | | | Hefir verið á fóðri | | | Fyrningar | | Til vantar að mati, ten.álnir | Einkunnir fyrir | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Mál, ten.álnir | Mat, ten.álnir | Kýr | Sauðfje | Hross | Kýr | Sauðfje | Hross | Mál, ten.álnir | Mat, ten.álnir | | Kýr | Sauðfje | Hross | Umgengni | Aðaleinkunn |
| Brynjólfur Jónss., Broddadalsá | 1395 | 1115 | 3 | 130 | 6 | 2½ | 149 | 6 | 299 | 249 | ... | 4 | 4 | 5 | 3 | 4 |
| Jón Magnússon, Broddanesi... | 1717 | 1275 | 3⅙ | 155 | 7 | 3⅙ | 142 | 7 | 168 | 143 | ... | 5 | 5½ | 3 | 5½ | 5 |
| Sigurður Magnúss., Broddanesi | 1462 | 1105 | 3 | 120 | 8 | 3 | 94 | 8 | 235 | 185 | ... | 5½ | 5 | 4½ | 5 | 5 |
| Jón Þórðars., St.-Fjarðarhorni | 1530 | 1237 | 3⅙ | 146 | 7 | 3 | 123 | 7 | 168 | 121 | ... | 5½ | 5 | 5 | 6 | 5⅝ |
| Guðm. Bárðarson, Þrúðardal.. | 670 | 505 | ... | 80 | 4 | ... | 89 | 2 | ... | ... | ... | ... | 6 | 6 | 5 | 5⅔ |
| Gísli Jónsson, Hamri ... ... | 486 | 538 | 1⅙ | 66 | 4 | 1⅙ | 54 | 4 | 46 | 46 | ... | 6 | 6 | 6 | 5 | 5¾ |
| Síra Arnór Árnason, Felli ... | 1450 | 1335 | 4 | 135 | 7 | 4 | 127 | 7 | 124 | 100 | ... | 5 | 5 | 5 | 4⅓ | 4⅚ |
| Björn Bjarnarson, Steinadal... | 1204 | 1065 | 3 | 120 | 6 | 3 | 108 | 6 | 177 | 172 | ... | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| Þorbjörn Jónsson, Steinadal... | 1044 | 945 | 2 | 115 | 7 | 2 | 112 | 7 | 95 | 95 | ... | 5½ | 4½ | 5⅓ | 4 | 4⅚ |
| Guðj. Guðlaugss., Ljúfustöðum | 850 | 850 | 2⅔ | 93 | 5 | 2⅔ | 106 | 5 | 72 | 75 | ... | 6 | 6 | 5 | 6 | 5¾ |
| Jón Magnúss., L.-Fjarðarhorni | 1070 | 925 | 2 | 112 | 7 | 2½ | 106 | 7 | 180 | 160 | ... | 5½ | 3½ | 5 | 3 | 4¼ |
| Finnur Jónsson, Hlíð ... ... | 1115 | 933 | 2⅔ | 105 | 6 | 2⅔ | 99 | 6 | 48 | 40 | ... | 4 | 4 | 6 | 4 | 4½ |
| Samtals... | 13993 | 11828 | 29½ | 1377 | 74 | 29½ | 1309 | 72 | 1612 | 1386 | ... | 5 2/11 | 5 | 5 1/12 | 4⅔ | 5 |

## Skýrsla um vigt á sauðfje í Fellshreppi veturinn 1893—1694.

| Nöfn manna og heimili | Þyngd við 1. skoðun | | | | Þyngd við 2. skoðun | | | | Hefir þyngst | | | | Hefir ljetst | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ær | Veturg. | Lömb | Hrútar | Ær | Veturg. | Lömb | Hrútar | Ær | Veturg. | Lömb | Hrútar | Ær | Veturg. | Lömb | Hrútar |
| Brynjólfur Jónsson, Broddadalsá... | 118 | 97 | 59 | 59 | 102 | 89½ | 52½ | 59 | ... | ... | ... | ... | 16 | 7½ | 6½ | ... |
| Jón Magnússon, Broddanesi... ... | 111 | 93⅓ | 59½ | ... | 106 | 90 | 64⅓ | ... | ... | ... | 5 | ... | 5 | 3⅓ | ... | ... |
| Sigurður Magnússon, Broddanesi... | 117⅔ | 88½ | 55½ | 57 | 109⅔ | 82 | 55¼ | ... | ... | ... | ... | ... | 8 | 6½ | ¼ | ... |
| Jón Þórðarson, Stóra-Fjarðarhorni | 100⅘ | 87½ | 61½ | 71¾ | 88⅘ | 82½ | 61½ | 69½ | ... | ... | ... | ... | 12 | 5 | ... | 2 |
| Guðm. Bárðarson, Þrúðardal.. ... | 111⅜ | 82 | ... | ... | 116⅜ | 81 | ... | ... | 5 | ... | ... | ... | ... | 1 | ... | ... |
| Gísli Jónsson, Hamri ... ... ... | 117 | 87½ | 58½ | 77 | 110 | 83 | 61 | 78 | ... | ... | 2½ | 1 | 7 | 4½ | ... | ... |
| Síra Arnór Árnason, Felli ... ... | 111⅓ | 89½ | 67 | 82 | 112 | 88½ | 67½ | 80 | ⅔ | ... | ½ | ... | ... | 1 | ... | 2 |
| Björn Bjarnarson, Steinadal... ... | 95½ | 90 | 61½ | 56½ | 99 | 89 | 58½ | 58½ | 3½ | ... | ... | 2 | .. | 1 | 3 | ... |
| Þorbjörn Jónsson, Steinadal... ... | 98 | 78 | 55⅔ | 64½ | 87⅓ | 76 | 57 | 70 | ... | ... | 1⅓ | 5½ | 10⅔ | 2 | ... | ... |
| Guðjón Guðlaugsson, Ljúfustöðum | 107½ | 81 | 53½ | 71⅔ | 107½ | 80½ | 54½ | 78 | ... | ... | 1 | 6⅓ | ... | ½ | ... | ... |
| Jón Magnússon, Litla-Fjarðarhorni | 109½ | 85 | 62 | 72 | 84⅓ | 69½ | 56¾ | 72½ | ... | ... | ... | ½ | 25 | 15½ | 5 | ... |
| Finnur Jónsson, Hlíð ... ... ... | 114½ | 96½ | 60½ | 70 | 98½ | 82 | 56¼ | 63 | ... | ... | ... | ... | 16 | 14½ | 4¼ | 7 |
| Meðalvigt í hreppnum | 109⅓ | 88 | 59½ | 68 | 102 | 83 | 58½ | 70 | ... | ... | ... | 2 | 7⅓ | 5 | 1 | ... |

Önnur skoðun fór fram dagana 6.—8. mars. Skoðunarmenn mældu þá á ný öll hey hreppsmanna og ályktuðu, að allir gætu gefið inni kúm sínum til þess viku eftir fardaga, hrossum til þess hálfan mánuð af sumri og sauðfje:

Í Hlíð 6 vikur eða á sumarmál.
- Þrúðardal $6^1/_2$ v.
- Steinadal hjá Þorb. $7^1/_2$ v.
Á Ljúfustöðum 8 v.
Í Litlafjarðarhorni $8^1/_2$ v.
Á Broddadalsá $9^1/_2$ v.
Í Broddanesi hjá Jóni $10^1/_2$ v.
Á Hamri $10^1/_2$ v.
Í Stórafjarðarhorni 11 v.
- Broddanesi hjá Sigurði 12 v.
Í Steinadal hjá Birni $12^1/_2$ v.

Þegar skoðað var að liðinni miðgóu, höfðu kýr verið inni $22^1/_2$ viku, sauðfje 14 vikur og hross 12 vikur. Sauðfje var yfir höfuð í allgóðum holdum, þó höfðu lömb engum framförum tekið sumstaðar (Hlíð og Litlafjarðarhorni) og ær ljetst helst til mikið sumstaðar, sem sjá má af vigtarskýrslunni, en átaks var það að finna bjarglegt alstaðar og sumstaðar ágætt. Umgengni á heyjum var mjög ábótavant hjá sumum sem fyrri.

Þriðja skoðun fór fram dagana 5.—6. júní. Mældu skoðunarmenn þá fyrningar hreppsmanna og reyndust þær að vera 1386 ten. álnir eftir mati í hreppnum eins og sjá má á skýrslunni hjer að framan, eða $51^1/_8$ ten. faðmar.

Veturinn var talinn að vera meðalvetur. Innistöðutíminn í hreppnum mun yfir höfuð að tala hafa verið 34 vikur á kúm, 20 vikur á kindum og 17 vikur á hrossum og sje það svo, sem mun hafa látið nærri, þá hefði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| $29^1/_2$ kýr (108.6 hver) þurft .. ... ... | 3204 | ten. | álnir. |
| 1309 kindur ($4^1/_6$ hver) — ., ... ... | 5454 | — | — |
| 72 hross (19 hver) — .. ... ... | 1368 | — | — |
| þar við bætist fóðurauki fyrir 6 hross | 120 | — | — |
| og fóðurskemdir á Felli . ... ... ... | 60 | — | — |
| fyrningar eftir mati.. ... ... ... ... | 1386 | — | — |
| Samtals: | 11592 | — | — |

sem er 236 ten. álnum minna en öll hey hreppsins voru metin af skoðunarmönnum haustið áður. Skakkinn nemur þá um 2% þ. e., sem heyin hafa enst ver en við var búist.

## 1894.

Haustið 1894 voru hinir sömu skoðunarmenn kosnir (Jón Þórðarson og Guðjón). Í fyrsta sinn skoðuðu þeir dagana 15.—17. nóv. Þeir mældu hey hreppsbúa og sýndist þeim útlit fyrir, að yfirleitt væru nægileg hey fyrir þann fjenað, er líkur væru til, að á vetur yrði settur, nema hjá Sturlaugi húsmanni í Steinadal, er út leit fyrir að vantaði fóður fyrir $^1/_4$ af kindum þeim, er hann kvaðst þurfa að setja á vetur. Og í Litlafjarðarhorni bjuggust þeir við, að nokkrum kindum fleira mundi verða sett á vetur, en þeir álitu fóður fyrir.

Töður voru alstaðar með mesta móti og allvel orðnar, en líkur þóttu til, að þær væru kraftlitlar, vegna þess, hve mikið þær voru sprotnar. Útheyskapur hafði verið í góðu lagi og nýting ágæt. Heyskapartíminn hafði verið 10 vikur alment. Valllendisslægjur höfðu sprottið betur en votlendi og fjallslægjur.

Skoðunarmenn höfðu hinar sömu reglur sem fyr.

Öll hey í hreppnum mældust skoðunarmönnum að vera 13347 ten. áln. en eftir mati, miðað við vel orðið valllendishey í garði, 11620 ten. áln. eða 430½ ten. faðmar. Nýju heyin voru því 10234 ten. áln. eftir mati. Skoðunarmenn höfðu sömu reglu og áður, að þeir vigtuðu nokkrar kindur af öllum tegundum og nokkrar í hverju húsi og skrifuðu hjá sjer þyngd þeirra, nöfn og einkenni til þess að geta af því nákvæmar sjeð, hvernig fje væri fóðrað. Fóðurbirgðir og fleira má nákvæmar sjá á eftirfylgjandi skýrslu og þyngsli á sauðfjenaði má sjá á skýrslunni hjer á eftir.

## Skýrsla um fóðurbirgðir, fóðureyðslu, fjenaðarfjölda og fjenaðarfóðrun og hirðingu i Fellshreppi veturinn 1894—95.

| Nöfn og heimili búenda | Heybirgðir | | Ætlað fóður fyrir | | | Hefir verið á fóðri | | | Fyrningar | | Vöntuðu að mati ten.álnir | Einkunnir fyrir | | | | Aðaleinkunn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Mál ten.álnir | Mat ten.álnir | Kýr | Sauðfje | Hross | Kýr | Sauðfje | Hross | Mál ten.álnir | Mat ten.álnir | | Kýr | Sauðfje | Hross | Umg. | |
| Brynjólfur Jónsson, Broddadalsá | 1630 | 1270 | 2⅙ | 180 | 6 | 2⅙ | 169 | 6 | 456 | 360 | ... | 4 | 4 | 5 | 2⅔ | 4÷ |
| Jón Magnússon, Broddanesi ... | 1390 | 1000 | 2½ | 110 | 6 | 2½ | 111 | 6 | 158 | 128 | ... | 4⅓ | 6 | 4 | 5⅔ | 5+ |
| Sigurður Magnússon, s. st.. . . | 1432 | 1080 | 2½ | 110 | 8 | 2½ | 100 | 8 | 194 | 174 | ... | 6 | 5 | 5 | 4⅓ | 5÷ |
| Jón Þórðarson, St.-Fjarðarhorni | 1410 | 1140 | 3 | 132 | 7 | 3 | 135 | 7 | 117 | 110 | ... | 5⅓ | 5⅔ | 5⅓ | 6 | 5⅔÷ |
| Guðm. Magnússon, Þrúðardal... | 470 | 440 | 1 | 52 | 3 | 1 | 49 | 3 | 125 | 110 | .. | 6 | 5 | 5⅓ | 5⅓ | 5⅓+ |
| Guðm. Bárðarson, s. st. ... ... | 370 | 300 | ... | 52 | 2 | ... | 55 | 2 | 60 | 60 | ... | ... | 5 | 5⅓ | 5⅓ | 5⅓÷ |
| Gísli Jónsson, Hamri... .. ... | 461 | 489 | 1⅙ | 60 | 3 | 1⅙ | 59 | 3 | 125 | 125 | ... | 6 | 5 | 6 | 5⅓ | 5⅔÷ |
| Síra Arnór Árnason, Felli... ... | 1525 | 1525 | 5 | 150 | 9 | 5 | 148 | 9 | 153 | 153 | ... | 5 | 5 | 4⅔ | 4 | 4⅔ |
| Þorbjörn Jónsson, Steinadal ... | 1099 | 968 | 2½ | 102 | 8 | 2½ | 97 | 8 | 166 | 164 | ... | 5 | 5⅓ | 4 | 4 | 4⅔÷ |
| Sturlaugur Einarsson, Steinadal | 318 | 275 | 1⅙ | 20 | 2 | 1⅙ | 28 | 2 | 40 | 40 | ... | 4 | 4 | 5 | 6 | 4⅔+ |
| B. Bjarnason, frá Steinadal ... | 177 | 170 | ... | 30 | 1 | ... | 30 | 1 | 20 | 20 | ... | .. | 4 | ... | 6 | 5 |
| Guðj. Guðlaugsson, Ljúfustöðum | 990 | 1035 | 3 | 118 | 5 | 3 | 122 | 5 | 100 | 100 | ... | 5 | 4⅔ | 5 | 5 | 5÷ |
| Jón Magnússon, L.-Fjarðarhorni | 1060 | 975 | 3 | 96 | 7 | 3 | 114 | 7 | 100 | 80 | ... | 5⅓ | 4⅔ | 5 | 2⅓ | 4⅓ |
| Finnur Jónsson, Hlíð.. ... ... | 1015 | 853 | 2½ | 87 | 6 | 1½ | 94 | 6 | 150 | 140 | ... | 5 | 4 | 6 | 4⅔ | 5÷ |
| Samtals ... | 13347 | 11620 | 29½ | 1299 | 73 | 28½ | 1311 | 73 | 1964 | 1764 | ... | $5\frac{1}{12}$ | $5\frac{7}{12}$ | $5\frac{5}{12}$ | $5\frac{6}{12}$ | $5\frac{6}{12}$ |

## Skýrsla um vigt á sauðfje í Fellshreppi veturinn 1894—95.

| Nöfn og heimili búenda | Þyngd við 1. skoðun | | | | Þyngd við 3. skoðun | | | | Hefir þyngst | | | | Hefir ljetst | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ær | Veturg. | Lömb | Lambhrútar | Ær | Veturg. | Lömb | Lambhrútar | Ær | Veturg. | Lömb | Lambhrútar | Ær | Veturg. | Lömb | Lambhrútar |
| Brynjólfur Jónss., Broddadalsá | 123⅓ | 103¼ | 75½ | 59 | 108⅔ | 85½ | 68 | 59⅓ | ... | ... | ... | ½ | 14⅔ | 18 | 7 | ... |
| Jón Magnússon, Broddanesi ... | 110 | 95½ | 61½ | 69½ | 103 | 90 | 68 | 75 | ... | ... | 7½ | 5½ | 7 | 5½ | ... | ... |
| Sigurður Magnúss., Broddanesi | 106⅓ | 93 | 58⅔ | 72½ | 95 | 79 | 56⅔ | 71 | ... | ... | ... | ... | 11⅓ | 14 | 2 | 1½ |
| Jón Þórðars., Stóra-Fjarðarh. | 111⅔ | 92½ | 68 | 66½ | 103 | 87½ | 65 | 68 | ... | .. | ... | 1½ | 8 | 5 | 3 | ... |
| Guðm. Magnússon, Þrúðardal . | 124½ | 98 | 63½ | 75 | 119 | 78 | 61½ | 75 | ... | ... | ... | ... | 5 | 20 | 2 | ... |
| Guðm. Bárðarson, Þrúðardal .. | ... | ... | 51½ | ... | ... | ... | 49½ | .. | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 2 | ... |
| Gísli Jónsson, Hamri ... ... ... | 121 | 95½ | 59½ | ... | 109½ | 84½ | 56½ | ... | ... | ... | ... | .. | 11½ | 11½ | 3 | ... |
| Síra Arnór Árnason, Felli .. ... | 117 | 109 | ... | ... | 109 | 93 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | 8 | 16 | .. | ... |
| Þorbjörn Jónsson, Steinadal ... | 98½ | 93 | 62 | 70½ | 89½ | 78½ | 68 | 67½ | ... | ... | 6 | ... | 9 | 14½ | ... | 3 |
| Sturlaugur Einarss., Steinadal. | 92 | ... | 53 | 71 | 86¼ | ... | 48½ | 69½ | ... | ... | ... | ... | 5½ | ... | 5½ | 1½ |
| Björn Bjarnarson, Steinadal ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | .. | ... | ... |
| Guðj. Guðlaugss., Ljúfustöðum | 105 | 89 | 52⅔ | 72¼ | 93½ | 77 | 54 | 65 | ... | ... | 1⅓ | ... | 11½ | 12 | ... | 7¼ |
| Jón Magnúss., Litla-Fjarðarh.. | 113 | 95½ | 67 | 63½ | 98 | 76½ | 62 | 65 | ... | ... | 1½ | 1⅓ | 15 | 19 | 5 | ... |
| Finnur Jónsson, Hlíð ... ... ... | 117 | 86½ | 62½ | 67½ | 103 | 77 | 54 | 55½ | ... | ... | ... | ... | 13½ | 9 | 8½ | 12 |
| Meðalvigt í hreppnum | 111 7/12 | 95½ | 61¼ | 68½ | 101½ | 82½ | 59⅓ | 67 | ... | ... | ... | ... | 10 | 13 | 2 | 1⅞ |

Önnur skoðun fór fram dagana 13.—14. febr. Mældu skoðunarmenn þá öll hey og litu eftir umgengni á heyjum og álitu þeir, að allir hefðu næg hey fyrir nautgripi til þess viku eftir fardaga og hross til þess um aðra sumarhelgi, en sauðfje:

Í Litla-Fjarðarhorni í 9 vikur, eða til sumarmála.
Á Broddanesi hjá Jóni Magnússyni í 10 vikur.
Í Stóra-Fjarðarhorni $11^1/_2$ viku.
Í Þrúðardal hjá Guðm. Bárðarsyni 12 vikur.
Á Felli $12^1/_2$ viku.
Á Broddadalsá 14 vikur.
Í Steinadal hjá Þorbirni $14^1/_2$ viku.
Á Broddanesi hjá Sigurði 16 vikur.
Í Þrúðardal hjá Guðm. Magnússyni 18 vikur.
Hjá Sturlaugi í Steinadal 11 vikur.
Á Ljúfustöðum 13 vikur.
Hjá Birni, sem var í Steinadal, 12 vikur.
Í Hamri 22 vikur.

Skepnur voru alstaðar í bærilegu standi, en umgengni var talsvert ábótavant sumstaðar.

Þriðja skoðun fór fram 22.—23. mars. Vigtuðu þá skoðunarmenn fje það, sem vigtað var um haustið, og hafði fje ljetst með mesta móti, sem menn hafa leitt af meiri útbeit og ljettari haga en vanalega. Vigtína má nákvæmar sjá á vigtarskýrslunni.

Loks fór 4. skoðun fram seint í júnímánuði, og mældu skoðunarmenn þá fyrningar hreppsmanna, sem alstaðar voru nokkrar, enda hafði veturinn verið mjög góður. Allar fyrningar hreppsmanna reyndust að vera 1764 ten. álnir eftir mati eða $65^1/_3$ ten. faðmar.

Sem áður er sagt, hafði veturinn verið mjög góður og vorið í betra lagi líka. Innstöðutíminn hafði verið að meðaltali í hreppnum um 33 vikur hjá kúm, um 16 vikur hjá sauðfje og 15 á hrossum. Hafi þetta verið þannig, sem láta mun nærri, þá hefðu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| $28^1/_2$ kýr ($105^1/_2$ hver) . ... . . ... ... | þurft | 3007 | ten. álnir |
| 1311 kindur ($3^1/_3$ hver) ... ... . . ... | — | 4327 | — — |
| 73 hross (21 hvert) .. ... ... ... ... | — | 1533 | — — |
| Fóðurauki fyrir 6 hross ... ... ... ... | | 126 | — — |
| Fyrningar eftir mati ... ... ... ... ... | | 1764 | — — |
| | Samtals | 10757 | ten. álnir |

og er það 863 ten. álnum minna en öll heyin voru metin, sem er um $7^1/_3$ %, sem mun meðfram hafa stafað af því, að heyin voru með ljettara móti, með því líka að innistöðutiminn getur hafa verið nokkru lengri að meðaltali, sjerstaklega af því að lömb voru víða með flesta móti og víða nokkuð margir hrútar.

III. fylgiskjal.

## Útflutt lambskinn 1880—90 og 1900—1910.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1880 | 9641 | 1900 | 11414 |
| 1881 | 18644 | 1901 | 8340 |
| 1882 | 65602 | 1902 | 14853 |
| 1883 | 8785 | 1903 | 13677 |
| 1884 | 7800 | 1904 | 10920 |
| 1885 | 31445 | 1905 | 8469 |
| 1886 | 15283 | 1906 | 34632 |
| 1887 | 24099 | 1907 | 13665 |
| 1888 | 15907 | 1908 | 10834 |
| 1889 | 10013 | 1909 | 9529 |
| 1890 | 8698 | 1910 | 31278 |

Nd. **424. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða. frá 12. jan. 1884.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem ekki er áskilin í byggingarbrjefi, og skal hann þá leita um það samkomulags við landsdrottin. Nái hann eigi samkomulagi við hann, er rjett, að hann fái óvilhalla menn á sinn kostnað til að meta, hver not muni verða að jarðabótinni. Skulu þeir jafnframt gera áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eftirgjaldið eftir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrotni skal bjóða að vera við mat þetta. Leiguliði skal því næst bjóða, að landsdrottinn láti gera jarðabótina, og borga jafnframt hálfan kostnað við matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við, og greiða þá hækkun á eftirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, getur leiguliði gert jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðina megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gera hana, enda sje hún í fullu standi eða álag gert á hana. Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er fimtán sinnum hærri en hækkun eftirgjaldsins nemur.

2. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem eigi er áskilin í byggingarbrjefi, en vill ekki hlíta ákvæðum 1. gr. um endurgjald fyrir hana. Skal hann þá tilkynna það landsdrotni, og gera honum kost á að líta eftir því, að jarðabótin sje vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta til dagsverka eftir gildandi reglum um það efni, jarðabætur þær, sem fráfarandi hefir gert á jörðinni samkvæmt þessari grein, og til fullra nytja hafa komið. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. fyrir hvert dagsverk. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðabótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 11 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðabótin var unnin.

3. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin, gegn því að leggja jörðinni til aðra eign jafngóða, sem hún þarfnast:

a. Í húsum er leiguliði á, og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni.
b. Í jarðabótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð, og eru full eign leiguliða, eða þeim hluta jarðabótanna, sem er lögmæt eign hans samkvæmt 1. og 2. gr.

Úttektarmenn meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin. — Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

4. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti, og er honum það heimilt, hvenær sem hann vill, að áskildu samþykki leiguliða. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldar hækkun meta úttektarmenn, nema hlutaðeigendur komi sjer saman.

Hvíli veð á jörðinni, skal leita samþykkis veðhafa til þess að taka af henni kúgildi, án þess að annað, sem jörðinni fylgir, komi í þeirra stað.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 20. gr. í lögum 12. janúar 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Nd. **425. Frumvarp**

til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ákvæðin í konungsstaðfestingu 4. október 1831 á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, sbr. gjafabrjef 8. júlí 1830, 5. lið, skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að verja megi árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim, til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, eftir tillögum sýslunefndar og bæjarstjórnar, til að koma í veg fyrir bjargarskort í harðæri.

Nd. **426. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá ráðherra.

Við 15. gr. 14.

Aftan við liðinn bætist nýr liður
15. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda ... ... ... ... ... ... 600—600

Nd. **427. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Frá Kristni Daníelssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir »óvilhalla menn« komi: úttektarmenn.
2. — 4. — Fyrir »almennri peningarentu« komi: 4% rentu.

Nd. **428. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Ólafi Briem.

Við 16. gr. 28. Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að . . . . . » 6000 kr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota.

Nd. **429. Breytingartillaga**

við »Breytingar- og viðaukatillögur« á þingskjali 350.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Töluliður 34. [Við 13. gr. E. I. a.] — Í stað orðanna:

»landsstjórn og hjeraðsstjórnum eftir ákvæðum landsstjórnar« komi:

landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landsstjórnar.

Nd. **430. Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur á þingskjali 350 við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Jóni Magnússyni.

Við 71. tölulið (við 15. gr. 16. — Einar Hjörleifsson). Fyrir »2000« komi: 2400

Nd. **431. Breytingartillaga**

við breytingartill. á þingskj. 350.

Frá Einari Jónssyni.

1. Við tölulið 71. 15. gr. 16. Fyrir »2000« komi: 1200
2. Við tölulið 72. 15. — 17. Fyrir »2000« komi: 1200
3. Við tölulið 73. 15. — 18. Fyrir »1600« komi: 800
4. Við tölulið 74. 15. — 19. Fyrir »2400« komi: 1500
5. Við tölulið 76. 15. — 21. Fyrir »1200« komi: 600

Nd. **432. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út nýjan (4.) flokk (Serie) bankavaxtabrjefa, alt að 6 miljónum króna. Fyrstu 5 árin eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Trygging fyrir veðdeildinni skal vera:

1. Veðskuldabrjef, þau sem veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10% sbr. 8. gr.
3. Varasjóður veðdeildarinnar.
4. Ábyrgð landssjóðs.

4. gr.

Í reglugjörð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðarnir skulu gjaldgengir til lúkningar sköumtt og öðrum gjöldum til landssjóðs, og skulu gjaldheimtumenn landssjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í landssjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð.

6. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti meðan lánið stendur, sýna skírteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargjörð fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarinnar skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarinnar, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar; skal í reglugjörð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi hærri vera en 50 þúsund krónur, og minsta lán sem veðdeildin veitir, skal vera 500 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign, alt að 35 árum, sje veðið vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 25 árum, sje veðið timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall. Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún hefir fengið fyrir bankavaxtabrjefin, eða á von á að fá fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið, og verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin og greiða í varasjóð 2% af þeirri upphæð, sem þá hvílir á eigninni til veðdeildarinnar. Vanræki einhver að tilkynna veðdeildinni söluna og að greiða gjaldið með næsta pósti eftir að salan fór fram, skal hann greiða tvöfalt gjald.

Bæði kaupandi og seljandi skulu bera sameiginlega ábyrgð á því, að

gjald þetta sje skilvíslega greitt. Og stendur eignin einnig að veði með 1. veðrjetti fyrir þessu gjaldi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer lán til veðdeildarinnar, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða gjald við sölu (sbr. 11. gr.) eigi er greitt eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir. Þó því að eins að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

16. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan

höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtatje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra bankavaxtabrjefa fer eftir því, sem reglugjörð deildarinnar ákveður.

18. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vöxtum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

19. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugjörð bankans skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

20. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það bankanum út til eignar, ef þörf er á. — Bankinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

21. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

22. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 6000 krónur.

Nd. **433. Ágreiningsálit**

um frv. til viðaukalaga við lög nr. 24. 9. júlí 1909 um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Minni hluti nefndarinnar ræður til að samþykkja frumvarpið með viðaukatillögu á þingskj. 308. Sje sú till. feld, þá er við því búið, að lögin verði eigi mikið annað en pappírseyðsla.

Alþingi 15. ágúst 1913.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Ed. **434. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (þingskj. 405).

Háttvirt neðri deild hefir að eins breytt einu orði í frumvarpi þessu, sem sje orðinu »alþingi« í 4. gr. og sett í þess stað orðið: löggjafarvaldið.

Þetta er ekki meiri breyting en svo, að nefndin getur gengið að henni og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Efri deild alþingis, 15. ágúst 1913.

| Jósef Björnsson form. | Sigurður Stefánsson (skrifari og framsögum.). | Jón Jónatansson. |
|---|---|---|

Nd. **435. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til þess að gefa út nýjan (4.) flokk (serie) bankavaxtabrjefa.

Frá Landsbankanefndinni.

1. Við Fyrirsögnina. Fyrir orðin »nýjan (4.)« komi: 4.

2. Við 1. gr. Samhljóða breytingartillaga.

3. — 17. — Fyrir orðin »því, sem reglugerð ...« til enda greinarinnar komi: almennum lögum.

4. — 22. — Aftan við greinina bætist:
Til endurskoðenda má verja alt að 300 kr. til hvors endurskoðanda.

Nd. **436. Breytingartillaga**

við fjárlögin fyrir árin 1914—1915.

Frá Jóni Ólafssyni, Guðm. Eggerz.

Við 16. gr. 28. Á eftir þeim lið komi nýr liður (29) þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Til Þórarins E. Tulinius til að halda uppi reglubundnum flutningum með sjálfrenningi (»automobil«), þannig að flutningsgiald sje bundið samþykki stjórnarráðsins gegn 800 kr. tillagi hvort árið frá sýslusjóðum Múlasýlna (400 kr. frá hvorri). | 1200 — | 1200 |

Ed. **437. Lög**

um breyting á lögum nr. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Samþykt í Ed. 15. ágúst).

1. gr. laganna orðist þannig:

Hverjum þeim, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn:

1. Að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi fullkomið lagapróf, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eiga að skipa, sbr. lög nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, 33. gr., og lög nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandídata frá háskóla Íslands til embætta.
2. Að hann hafi, að loknu fullnaðarprófi, fengist í 3 ár við málfærslustörf, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu málaflutningsmanns, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lögfræðisprófs er krafist til, eða unnið á skrifstofu við slík embætti. Þó nær ákvæði þetta eigi til þeirra lögfræðisnemenda, er ljúka fullnaðarprófi við Háskóla Íslands innan 4 ára eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.
3. Að hann fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess, að geta fengið embætti hjer á landi.

Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal, áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirrita eiðstaf um, að hann skuli flytja þau mál, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samviskusemi.

Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

Ed.

## 438. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.
(þingskjal 292).

Vörutollslögin frá 22. okt. f. á., gengu í gildi 1. jan. þ. á. og hafa síðan, eins og við mátti búast, komið fram margar umkvartanir um lögin, sjerstaklega um, að tollurinn komi mjög órjettlátlega niður á ýmsar vörutegundir, og að sum ákvæði laganna sjeu óljós. Til þess að bæta úr þessu, bar stjórnin fram í háttv. neðri deild frumvarp til breytinga á lögunum. Var frumvarp þetta fengið nefnd til meðferðar, er gerði á því allverulegar breytingar, er deildin samþykti.

Vjer, sem háttvirt efri deild hefir falið að athuga frumvarpið, höfum nú yfirfarið það, og leggjum til, að það verði samþykt með nokkrum ekki óverulegum breytingum.

Oss er ljóst að enginn kostur er á að breyta vörutollslögunum svo, að gjaldálagan verði fullkomlega rjettlát og sanngjörn. Til þess yrði að telja upp flestar þær vörutegundir, er til landsins flytjast og skipa þeim í afarmarga gjaldflokka. Yrði innheimta gjaldsins þá mjög erfið og vandasöm, ef ekki alveg óframkvæmanleg.

Vjer höfum því að eins haft hugfast, annarsvegar að bæta úr mestu ósanngirnisgöllum laganna, og hins vegar að forðast að gera ákvæðin óljós og vafasöm, eða þannig löguð, að gjaldendur eigi hægt með að koma vörum í lægri gjaldflokka, en þær eiga að vera í.

Allar miða breytingar frumvarpsins og breytingartillögur vorar að því, að lækka vörutollinn á venjulegum verslunarvarningi, eða að undanþiggja einstakar vörutegundir gjaldinu. Getum vjer ekki sagt, hve miklu þessi niðurfærsla muni nema í heild sinni, en vjer hyggjum, að hún muni ekki verði verulega tilfinnanleg fyrir landssjóð, og til uppbótar er gjaldið á póstböglum hækkað úr 15 upp í 25 aura.

Breytingartillögur vorar eru prentaðar hjer á eftir, og leyfum vjer oss að gera grein fyrir þeim á þessa leið.

Netatvinni leggjum vjer til, að sje tollaður í 3. flokki eins og verið hefir. Það gæti valdið ruglingi og undandrætti, að flytja þessa vörutegund í 2. flokk, enda gjaldið eigi svo hátt, að ástæða sje til breytingar.

Vörutáknunin, strigi, virðist oss svo óákveðin, að eigi sje rjett að draga þá tegund undan 3. flokki. Það eru fiskumbúðir, sem tollur þessi kemur einna harðast niður á, og mun hann vera 8—10 aurar á umbúðir utan um skippund af saltfiski. Virðist oss þessi skattur svo lágur, að vel megi við una.

Í frumvarpinu er pappír undanþeginn vörutolli, nema prentaður umbúðapappír, sem telst í 2. flokki. Þetta virðist oss óþörf ósamræmi og leggjum því til, að prentuðum umbúðapappír sje einnig slept.

Vjelaolíur til áburðar virðist oss ákveðnari táknun en vjelaáburður, en hinsvegar nægilegt tillit tekið til eimskipa og vjelabátaeigenda, þar eð aðaláburðurinn á vjelar mun vera olíur.

Vjer leggjum til að flytja sláttuvjelar og öll hin helstu jarðyrkjuverkfæri í 2. flokk. Nú eru öll þessi verkfæri talin í 6. flokki, og er tollurinn á sumum

þeirra alltilfinnanlegur. Sömuleiðis virðist oss vel við eiga að telja til þessa flokks eldfastan leir.

Þá leggjum vjer til að fella í burtu úr frumvarpinu »rær, gadda og sprengur til járnbrautargerðar« af því táknanir þessar eru um of óákveðnar, en taka upp aftur, eins og var í stjórnarfrumvarpinu »járnbrautarteina«. Lítum vjer svo á, að vel geti komið fyrir, að víða hjer á landi verði lagðar smá sporbrautir, og er þá rjett að hafa gjaldið lágt.

Það hefir óefað verið tilgangur vörutollslaganna, að leggja sama gjald á skófatnað sem annan fatnað og á allskonar garn sama gjald og á tvinna, en þetta er óljóst í lögunum, svo vjer leggjum til, að það sje tekið fram berum orðum.

Loks leggjum vjer til, að tilbúin áburðarefni og leirpípur sje undanþegið vörutolli. Nú er tollurinn af vörutegundum þessum 1 kr. hv. 50 kg. og má það heita fullkomin afbolun frá að kaupa þær. Tilbúin áburðarefni munu vera brúkuð á einstöku stöðum, þar sem lítið er um hinn dýra áburð, sjerstaklega við ræktun garðávaxta, og virðist engin ástæða til að fyrirmuna mönnum að auka ræktun landsins á þennan hátt. Leirpípur munu sumstaðar notaðar við framræslu og mjög víða til reykleiðslu frá eldstæðum. Flutningsgjald til landsins fyrir pípurnar er afarhátt og þola þær því illa toll.

Vegna innheimtunnar og reikningsskila lögreglustjóra teljum vjer rjettast að lögin gangi í gildi við næstu áramót.

Nefndin lítur svo á, að með breytingum þessum og frumvarpinu verði vörutollslögin talsvert bætt, án þess innheimtan verði gerð til muna erfiðari, og ræður hún því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með breytingum þeim sem hjer fara á eftir:

Við 1. gr.

1. Orðin »netatvinni og« í 1. línu 4. málsgr. falli burt.
2. Orðið »strigi« í 2. línu sömu málsgr. falli burt.
3. Orðin »þar á meðal umbúðapappír prentaður« í sömu línu falli burt.
4. Fyrir »vjelaáburður« í 4. línu sömu málsgreinar komi: vjelaolíur til áburðar.
5. »Komman« á undan orðinu »kaðlar« í sömu málsgrein falli burt.
6. Á eftir orðinu »steðjar« í 6. línu sömu málsgr. komi: sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, spaðar, kvíslar.
7. Á eftir orðinu »eldavjelar« í sömu málsgr. komi: eldfastur leir.
8. Fyrir orðin »teinar ..... járnbrautargerðar« komi: járnbrautarteinar.
9. Á eftir orðinu »fatnaði« í 6. málsgrein komi: (þar með talinn allskonar skófatnaður).
10. Á eftir orðinu »tvinni« í sömu málsgrein komi: og allskonar garni öðru en veiðarfæragarni.
11. Á eftir orðinu »tollinum« í niðurlagi greinarinnar komi: ennfremur tilbúin áburðarefni og leirpípur.

Við 3. gr.

12. Fyrir orðin »þegar í stað« komi: 1. janúar 1914.

Alþingi, 15. ágúst 1913.

Guðjón Guðlaugsson, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum.

Jón Jónatansson.

Nd. **439. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Ólafi Briem.

Við 15. gr. 28. Fyrir: »2500—2500«
komi: 1500—1500.

Til vara:
2500 (seinna árið) falli burt.

Nd. **440. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðin: »og nöfnin á hverjum lista — standa á listanum« í niðurlagi síðustu málsgreinar í 2. gr. laganna falli burt.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sje eigi stungið upp á fleiri fulltrúaefnum á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal bæjarfulltrúa, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórn, að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna, sem löglega hefir verið upp á stungið.

Sjeu aftur á móti fulltrúaefni á framkomnum, gildum listum fleiri samtals en kjósa skal fulltrúa, skal kjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kaupstaðinn og gera almenningi kunnugt með uppfestum auglýsingum, hverjir listar sjeu í kjöri, að tilgreindum nöfnum fulltrúaefna og bókstaf hvers lista.

Á kjörseðli skulu allir listar, er gildir hafa verið metnir, skráðir þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstrik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu skráðir á blaðið, hver við annars hlið, eftir stafrófsröð bókstafa sinna og nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista aðgreind með þverstrikum; hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þessa striks, sem takmarkar listann. Eigi tvö eða fleiri fulltrúaefni að öllu samnefnt, skal einkenna þau til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir bæjarstjórnarkosning í N.-kaupstað . . d. mán. 19 . . «, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

3. gr.

Aftan við 1. málsgrein 6. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn fyrir hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa.

Í 2. málsgrein 6. gr. falli burt orðin: »ásamt umslagi« — til enda málsgreinarinnar, svo og 3. og 4. málsgreinin og í þess stað komi:

fer kjósandi með hann inn í kjörklefann (kjörherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæðanna. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrikun nafns, ef hann vill útstrika, skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í, er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu, og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar, nema hann sje sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar,

er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórninni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist á einhvern hátt, eftir að kjósandi tók við honum, þá getur kjósandinn afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðirnar eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

4. gr.

Á eftir orðunum: »skemur en 3 tíma« í 1. málsgrein 7. gr. laganna bætist:

nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar.

5. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfninni er lokið; oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Sje kjósendum skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á honum; sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum meðmælendum og leggur þá svo frá sjer, þannig, að þeir kjörseðlar, sem eru sammerktir, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fari í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir.

sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,

bætt nafni eða nöfnum við á lista,

skrifað nafn sitt á seðilinn,

sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan,

eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 6. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarjettar. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafa náð kosningu af hverjum

lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af, hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá meðmælendum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra fulltrúa, sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu fulltrúanna að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefur mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

7. gr.

Í stað 12. gr. laganna komi svo látandi grein:

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa viðauka þá og breytingar á bæjarstjórnarkosningalögunum frá 10. nóvember 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra; getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem »Lög um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum«, og öðlast þau gildi 1. janúar 1914 í stað nefndra laga.

Nd.

# 441. Frumvarp

til laga um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfje á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, sem getur um í 6. gr.

3. gr.

Stjórnarráðið felur stjórn Búnaðarfjelags Íslands að annast um árlega pöntun á nægilegum baðlyfjum fyrir landið, og skal hún ákveða, hvaða baðlyf nota skuli, og jafnframt gefa út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra. Hún annast jafnframt um, að baðlyfin verði flutt á þær hafnir, sem hreppsnefndir óska þegar þær senda pöntun.

4. gr.

Stjórnarráðið auglýsir í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, hvaða verð sje á baðlyfjum þeim, sem panta á hvert ár, svo snemma, að nægur tími sje fyrir hreppsnefndir til undirbúnings.

5. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi annast útvegun baðlyfja og sjá um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt svo snemma, að pöntun þeirra geti komist til stjórnar Búnaðarfjelags Íslands fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu sauðfjáreigendur jafnframt borga baðlyfin og þeir gera pöntun. En farist það fyrir, að einhver greiði andvirði baðlyfjanna til sveitarstjórnar, skal hún greiða það úr sveitarsjóði til bráðabirgða. En innheimta skal það hið allra fyrsta og fylgir því lögtaksrjettur.

6. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa eftirlitsmenn, 1 eða fleiri í hverjum hreppi eða kaupstað, til þess að hafa eftirlit með böðununum, og skulu það vera menn, sem hafa þekkingu og æfingu í því starfi. Þeir annast um, að hver sauðkind sje böðuð, og að baðlögur sje með þeim styrkleika, sem ákveðinn er í reglum þeim, sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands gefur út til leiðbeiningar um baðanirnar, og gæta þess að reglunum sje fylgt í öllu. Fyrir starf sitt fá þeir 2 kr. á dag, sem greiðist úr sveitarsjóði.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfje til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 40, frá 8. nóvbr. 1901, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

Nd. **442. Frumvarp**

til laga um ábyrgðarfjelög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk hinnar dönsku lífsábyrgðarstofnunar ríkisins, hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku og ábyrgðarfjelaga, sem stofnuð eru samkvæmt sjerstökum lögum, mega ekki aðrir reka hjer á landi ábyrgðarstarfsemi en hlutafjelög, innlend eða útlend, eða fjelög með gagnkvæmri ábyrgð eða fjelög sem rekið hafa ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 2 ár, er lög þessi öðlast gildi, enda fullnægi þau öll skilyrðum þeim, sem hjer fara á eftir. Það er ábyrgðarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, að taka að sjer gegn iðgjöldum lífsábyrgðir og vátryggingar, hverju nafni sem nefnast. Starfsemin telst því aðeins rekin hjer á landi, að framboðin sjeu á einhvern hátt af ábyrgðarfjelags hálfu viðskifti innanlands, en ekki þó hjerlendir menn leiti til ábyrgðarfjelaga í öðrum löndum, sem ekki hafa erindsreka hjer í landi, og fái ábyrgðir hjá þeim.

2. gr.

Nú vill útlent ábyrgðarfjelag reka starfsemi hjer á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, einn eða fleiri, búsettan hjer, þann er stjórnarráðið löggildir. Áður en slík löggilding er gefin skal fjelagið afhenda stjórnarráðinu yfirlýsing um, að það hafi varnarþing hjer á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður, sá er í hlut á, er búsettur, í öllum þeim málum, sem rísa kunna út af ábyrgðum, sem fjelagið tekst á hendur gagnvart hjer búsettum mönnum, eða stofnunum hjer á landi. Ábyrgðarskírteini skulu vera á íslensku, og skal þar tekið fram, hvar varnarþing sje.

Nú vill erlent ábyrgðarfjelag eigi gjalda það fje, sem það hefir verið skyldað til með íslenskum dómi, og skal þá stjórn Íslands sjá um, að þeim dómi verði fullnægt. Kostnað tekur hún úr landssjóði, en gjalda skal dómhafi hann aftur, þá er hann hefir fengið leiðrjetting mála sinna.

Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður sett út um landið, þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist gagnvart vátryggjendum fyrir hönd fjelags síns allar gjörðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi fjelagsins hjer á landi. Tilkynna skal hann stjórnarráðinu, hverjir sjeu undirumboðsmenn.

3. gr.

Öll ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skulu háð eftirliti stjórnarráðsins um það, að ekki sjeu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma í bága við gildandi lög,

4. gr.

Verði ábyrgðarfjelag, er starfar hjer í landi samkvæmt 2. eða 3. gr., uppvíst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, hefir fjelagið fyrirgert rjetti sínum til þess að taka að sjer nýjar ábyrgðir hjer á landi, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins í hvert skifti.

5. gr.

Sjerhverju ábyrgðarfjelagi, er starfar hjer á landi, er skylt að senda stjórnarráðinu á ári hverju fyrir aprílok skýrslu um starfsemi fjelagsins undanfarið ár í því formi, sem stjórnarráðið ákveður, sbr. lög nr. 20, 3. okt. 1903.

6. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 500—5000 krónum, sem renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Nd. **443. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 12. gr. 6. Á eftir liðnum komi nýr liður:

| | | |
|---|---|---|
| 7. Til húðsjúkdómalæknis Magnúsar Júlíussonar í Reykjavík. . . . . | 1000 | — 1000 |
| Styrkurinn er bundinn sama skilyrði um kenslu og ókeypis klinik, sem annara sjerfræðinga. | | |
| Ennfremur með því skilyrði, að læknirinn, ef þess er óskað, veiti forstöðu lækningum og rannsóknum með Röntgensáhöldum og Finsens ljóslækningaaðferð, án frekari borgunar. | | |

Ed. **444. Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 8. gr. Greinin falli burt.

Nd. **445. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: G. Eggerz.

15. gr. 28. Liðurinn falli burtu.
15. — 41. Liðurinn falli burtu.

Nd. **446. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Frá Einari Jónssyni. H. Steinssyni. G. Eggerz.

1. Við 13. gr. B. I. 1. b. Eftir »Ferðakostnaður og fæðispeningar« komi: eftir reikningi alt að.

2. Við 13. gr. D. VI. Eftir: »kostnaður við ferðalög starfræksl-unnar vegna« komi: eftir reikningi alt að.

Nd. **447. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 350

Frá G. Eggerz og Einari Jónssyni.

Við 19. tölul. (við 13. gr. B. I. 1. b.): »Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings 400—400« falli burt.

Nd. **448. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 13. gr. B. III. 2. Eftir þann lið bætist nýr liður:
Til brúar á Fáskrúð í Dalasýslu og vegar frá henni yfir á þann veg, sem nú er . . . . . 10000 — »

2. Við 13. gr. B. VIII. Eftir þeim lið komi nýr liður merktur rómverskri tölu IX.
1. Til bryggjugerðar í Búðardal í Dalasýslu . . . . . 2000 — »
2. Til bryggjugerðar á Salthólmavík gegn jafnmiklu úr hreppssjóði. 500 »

3. Við 13. gr. C. 2. Fyrir »2. Til Breiðafjarðarbáts 4000 kr«.
komi: Til Breiðafjarðarbáts . 10000 — 10000

4. Við 13. gr. D. II. Eftir liðinn: »Til rannsóknar« o. s. frv.
komi nýr liður:
III. Til símalagningar frá Búðardal að Tjaldanesi . . . . » — 14000

Nd. **449. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Benedikt Sveinssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 13. gr. B. II. 5. Bætist við nýr liður svohljóðandi:
Til þess að breikka veginn í Kömbum á köflum og gera steinlímd ræsi á veginum austur alt að .. ... ... ... ... ... ... ... 5000 — »

Nd. **450. Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur fjárlaganefndar á þingskj. 350.

Frá fjárlaganefndinni.

Við tölul. 18 b. (Pósthúsbyggingin í Reykjavík).
Fyrir: »30,000«
komi: 35,000.

Ed. **451. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjanöfn.

Frumvarpið hefir tekið nokkrum breytingum í háttvirtri neðri deild. En með því breytingar þessar eru orðabreytingar, að undantekinni breytingunni á 5. gr. um gjaldfrelsis-aldurstakmark á heiti á býli, og allar óverulegar, þá leggur nefndin til við háttvirta deild, að hún samþykki frumvarpið óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Efri deild Alþingis, 16. ágúst 1913.

G. Björnsson, (form.). Jósef Björnsson, (skrifari og framsögumaður).

Ed. **452. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa, alt að 6 miliónum króna. Fyrstu 5 árin eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Trygging fyrir veðdeildinni skal vera:

1. Veðskuldabrjef, þau sem veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10% sbr. 8. gr.
3. Varasjóður veðdeildarinnar.
4. Ábyrgð landssjóðs.

4. gr.

Í reglugjörð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðarnir skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs, og skulu gjaldheimtumenn landssjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í landssjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð.

6. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti meðan lánið stendur, sýna skirteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skirteini, má stjórn bankans láta skoðunargjörð fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarinnar skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarinnar, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar; skal í reglugjörð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi hærri vera en 50 þúsund krónur, og minsta lán sem veðdeildin veitir, skal vera 500 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign, alt að 35 árum, sje veðið vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 25 árum, sje veðið

timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall. Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún hefir fengið fyrir bankavaxtabrjefin, eða á von á að fá fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið, og verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin og greiða í varasjóð 2% af þeirri upphæð, sem þá hvílir á eigninni til veðdeildarinnar. Vanræki einhver að tilkynna veðdeildinni söluna og að greiða gjaldið með næsta pósti eftir að salan fór fram, skal hann greiða tvöfalt gjald.

Bæði kaupandi og seljandi skulu bera sameiginlega ábyrgð á því, að gjald þetta sje skilvíslega greitt. Og stendur eignin einnig að veði með 1. veðrjetti fyrir þessu gjaldi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer lán til veðdeildarinnar, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða gjald við sölu (sbr. 11. gr.) eigi er greitt eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við deildina

og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir. Þó því að eins að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

16. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

18. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vöxtum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

19. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugjörð bankans skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

20. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr.

1847, 10. gr., eða láta leggja það bankanum út til eignar, ef þörf er á. — Bankinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

21. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kaupstöðum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

22. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 6000 krónur. Til endurskoðenda má verja alt að 300 kr. til hvors.

Ed. **453. Frumvarp**

til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ákvæðin í konungsstaðfestingu 4. október 1831 á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, sbr. gjafabrjef 8. júlí 1830, 5. lið, skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að verja megi árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim, til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, eftir tillögum sýslunefndar og bæjarstjórnar, til að koma í veg fyrir bjargarskort í harðæri.

Nd. **454. Breytingartillaga**

við breytingartill. fjárlaganefndar (þskj. 350) við fjárlögin.

Frá Jóni Ólafssyni, Birni Kristjánssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi og Skúla Thoroddsen.

Við 72. brtill. (við 15. gr. 17).
Fyrir »2000« — ...«
komi: 2400 — ...«

Nd. **455. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ábyrgðarfjelög. (Þingskj. 442).

Frá nefndinni.

Tilvitnun í 4. gr. »2. og 3. gr.« verði: 2. gr.

Ed **456. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða. frá 12. jan. 1884.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem ekki er áskilin í byggingarbrjefi, og skal hann þá leita um það samkomulags við landsdrottin. Nái hann eigi samkomulagi við hann, er rjett, að hann fái úttektarmenn á sinn kostnað til að meta, hver not muni verða að jarðabótinni. Skulu þeir jafnframt gera áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eftirgjaldið eftir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrotni skal bjóða að vera við mat þetta. Leiguliði skal því næst bjóða, að landsdrottinn láti gera jarðabótina, og borga jafnframt hálfan kostnað við matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við, og greiða þá hækkun á eftirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, getur leiguliði gert jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðina megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gera

hana, enda sje hún í fullu standi eða álag gert á hana. Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er fimtán sinnum hærri en hækkun eftirgjaldsins nemur.

2. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem eigi er áskilin í byggingarbrjefi, en vill ekki hlíta ákvæðum 1. gr. um endurgjald fyrir hana. Skal hann þá tilkynna það landsdrotni, og gera honum kost á að líta eftir því, að jarðabótin sje vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta til dagsverka eftir gildandi reglum um það efni, jarðabætur þær, sem fráfarandi hefir gert á jörðinni samkvæmt þessari grein, og til fullra nytja hafa komið. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. fyrir hvert dagsverk. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðabótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 11 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðabótin var unnin.

3. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin, gegn því að leggja jörðinni til aðra eign jafngóða, sem hún þarfnast:

a. Í húsum er leiguliði á, og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni.
b. Í jarðabótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð, og eru full eign leiguliða, eða þeim hluta jarðabótanna, sem er lögmæt eign hans samkvæmt 1. og 2. gr.

Úttektarmenn meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin. — Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

4. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti, og er honum það heimilt, hvenær sem hann vill, að áskildu samþykki leiguliða. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og 4% rentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldar hækkun meta úttektarmenn, nema hlutaðeigendur komi sjer saman.

Hvíli veð á jörðinni, skal leita samþykkis veðhafa til þess að taka af henni kúgildi, án þess að annað, sem jörðinni fylgir, komi í þeirra stað.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 20. gr. í lögum 12. janúar 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ed. **457. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913, veitast kr. 108,799,85 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast kr. 1325,00.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. 3. | Til viðgerðar fangahússins á Seyðisfirði alt að ... ... | kr. | 700,00 |
| | Á eftir A. 4. komi nýr liður, er verði 5. liður: | | |
| | Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Strandasýslu... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 125,00 |
| Við B. 6. | Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum í Garðsjó innan landhelgi gegn jafnmiklu annarstaðar frá ... ... ... | — | 500,00 |
| | | kr. | 1325,00 |

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (Læknaskipun) veitast kr. 1501,50.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 8. B. | Til að mála að utan geðveikrahælið á Kleppi ... ... | kr. | 600,00 |
| Við 10. | lið (nýr liður): | | |
| | Aðgerð á sóttvarnarhúsinu á Akureyri... ... ... ... ... | — | 601,50 |
| | Til drengsins Einars Guðmundssonar á Þórarinsstaðaeyri, til þess að leita honum læknishjálpar í Danmörku ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 300,00 |
| | | kr. | 1501,50 |

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (Samgöngumál) veitast kr. 63040, 66.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. | Til pósthúsbyggingar (til undirbúnings og til að byrja á byggingunni).. .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 30000,00 |
| Við B. II. 3. | Reykjadalsbraut ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 10000,00 |
| Við B. II. | Til steinsteypubrúar á Steinslæk í Holtum $^2/_3$ hlutar kostnaðarins... ... ... ... ... ... ... .. ... ... ... | — | 1146,11 |
| Við B. XII. | (nýr liður): | | |
| | Til fyrirhleðslu við Holtsá ... ... ... ... ... ... | — | 2547,56 |
| Við D. | Til endurgreiðslu á tillagi til símalínu frá Selfossi að Eyrarbakka .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 2500,00 |
| | Til endurgreiðslu á tillagi Rangárvallasýslu til Garðsaukasímans alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 3333,33 |
| | Flyt: | kr. | 49527,00 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Fluttar: | kr. | 49527,00 |
| | gegn því, að sýslan leggi á sínum tíma hlutfallslega til Víkursímans. | | |
| | Til endurgjalds á sýslutillagi til Patreksfjarðarsímans | — | 5000,00 |
| | Til þess að styrkja símalínuna á Fjarðarheiði, Fljótsheiði og viðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 7000,00 |
| Við E. VII. | Til vitavarðarbústaðar á Siglunesi ... ... ... ... | — | 713,66 |
| Við E. XVII. | Til brunngraftar við Garðskagavita alt að ... ... | — | 800,00 |
| | | kr. | 63040,66 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (Kirkju- og kenslumál) veitast kr. 14103,61.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. b. 6. | Álag á Staðastaðarkirkju ... ... ... ... ... ... | kr. | 1110,05 |
| | 7. Til Ásólfsskálakirkju, eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að því tilskildu, að söfnuðurinn taki kirkjuna að sjer | — | 803,56 |
| Við B. I. | Til þess að kaupa Röntgensáhöld handa læknadeild háskólans ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 6000,00 |
| — - - | Til hr. A. Courmont í viðurkenningarskyni fyrir kennslu hans í frakkneskri tungu og bókmentum skólaárin 1911—1913 ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1440,00 |
| — B. III. b. 1. | Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til byggingar á úthýsi og aðgerðar á skólahúsinu eftir reikningi, alt að ... ... ... ... | — | 4000,00 |
| — B. IV. b. 2. | — aukakenslu við kennaraskólann ... ... | — | 750,00 |
| | | kr. | 14103,61 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. (Vísindi og bókmentir) veitast kr. 5153,33.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. c. | (nýr liður): Aðstoð við Landsbókasafnið ... ... ... ... ... ... | kr. | 1053,33 |
| — 49. | (nýr liður): Styrkur til að sækja olympisku leikina í Stokkhólmi 1912 | — | 2500,00 |
| | Til kvennrjettindafjelags Íslands, styrkur til þess að senda fulltrúa á alþjóðamót í Buda-Pest í júní þ. á. um kosningarrjett kvenna ... ... ... ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | Til stúdentafjelagsins í Reykjavík styrkur til þess að senda mann á 100 ára afmæli stúdentafjelagsins norska | — | 600,00 |
| | | kr. | 5153,33 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (Til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 17500,95.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. | Bændaskólinn á Hólum: Endurbætur á gamla skólahúsinu ... .. ... ... ... | kr. | 782,98 |
| | Til smíðakennslu .... ... ... ... ... ... ... .. ... | — | 500,00 |
| | | Flyt: | 1282,98 |

Fluttar: kr. 1282,98

Við 2. Bændaskólinn á Hvanneyri:
Viðbótarstyrkur til að reisa leikfimishús ... ... ... ... — 3258,27
Upphæð þessi útborgast þá fyrst, er stjórnarráðið hefir fengið fullkomna skilagrein fyrir efnisleifum frá byggingu skólahússins á Hvanneyri.

— 20. Styrkur til manns til að læra dýralækningar erlendis, fyrir síðasta ársþriðjung 1913 ... ... ... ... ... ... — 200,00

— 30. Ferðastyrkur til Sigurgeirs Einarssonar til að kynnast ullarþurkun í Englandi og Þýskalandi ... ... ... ... — 1000,00
Til sama upp í kostnað við Ameríkuferð 1911 ... ... — — 1159,70

— 37. Til Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns upp í utanfararkostnað 1910 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 200,00
Til Árna Gíslasonar fiskimatsmanns upp í ferðakostnað til Spánar og Ítalíu ... ... ... ... ... ... .. ... ... — 400,00

— 54 (nýr liður):
Til að mæla innsigling á Gilsfjörð (endurveiting) alt að kr. 10000,00

kr. 17500,95

8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. veitist 420 kr.
Til ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla ... ... ... ... kr. 420,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (Óviss útgjöld) veitast kr. 5754,80

1. Ferðakostnaður og fæðispeningar nokkurra þingmanna á fund í Reykjavík í desember 1912 (án þess veiting þessi myndi nokkurt fordæmi).. ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 754,80
2. Til endurgreiðslu á vörugjaldi af kolum, sem þau af skipum Hins sameinaða gufuskipafjelags, sem halda uppi umsömdum millilandaferðum samkvæmt 10 ára samningi, gerðum árið 1909, taka á Íslandi eftir 1. jan. 1913, eftir reikningi alt að kr. 5000,00

kr. 5754,80

3. Stjórninni veitist heimild til að lána Stokkseyrarhreppi og Eyrarbakkahreppi úr landssjóði kr. 4650,00, til þess að bæta skemdir á sjógarðinum frá Óseyri austur fyrir Stokkseyri. Lánið ávaxtist með 4½ % á ári, og afborgist á 15 árum með jöfnum afborgunum.
4. Stjórninni veitist heimild til að veita viðtöku til viðhalds á landsjóðs kostnað skipbrotsmannaskýli í Máfabót í Hörgslandi, sem reist verður í sumar, með stikum frá húsinu til bygða, þó með því skilyrði, að húsið sje traustlega bygt, og við skoðunargerð skilað í fullu standi.

Ed. **458. Breytingartillögur**

við frv. til laga um forðagæslu. (þskj. 369).

Frá nefndinni.

1. við 2. gr., 2. málsgr.:

Orðin: »en jafnan skulu . . . til enda málsgreinarinnar, falli burtu.

2. við 3. gr., 1. málsgr.

Fyrir: »sem honum er falið til umsjónar«.
komi: sem hreppurinn hefur falið honum til umsjónar.

3. við 6. gr., 2. málsgr.

Fyrir: »fyrir fardaga«.
komi: upp úr fardögum.

4. við 9. gr.

a) Fyrir: »til fóðurkaupa, ef unt er, ella ráða honum, hverju hann skuli lóga«.
komi: til þess að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða ráða honum hverju hann skuli farga.

b) Orðin: »og er búanda skylt að hlíta þeim ráðum« falli burtu.

5. við 10. gr.

a) Fyrir: »kaupa fóður nje lóga« (í 1. málsgr.).
komi: afla sjer fóðurs nje farga.

b) Síðari málsgreinin falli burtu, en í hennar stað bætist aftan við 1. málsgr.: en kjósi búandinn heldur að farga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fóðurs.

Nd. **459. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr. 23. Í stað »800 — »
komi: 800 — 800.

Nd. **460. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 14. gr. C. 1. Í stað 8000—8000.
komi: 12000—12000.
2. Við 14. gr. C. 2. Liðurinn falli niður.
3. Við 14. gr. C. 3. Liðurinn falli niður.
4. Við 14. gr. C. 4. a. og b. Liðurinn falli niður.

Ed. **461. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til Alþingis.

Nefnd sú, er hin háttvirta efri deild Alþingis fól að athuga frumvarp þetta, sem hjer er um að ræða, hefir átt með sjer allmarga fundi í tilefni af því, og komist að þeirri niðurstöðu er nú skal greina:

Nefndin álítur, að frumvarp þetta sje til töluverðra bóta á núgildandi kosningarlögum, og komi, ef það nær fram að ganga, í veg fyrir agnúa þá, er reynslan hefir sýnt, að á þeim væri.

Í fyrstu varð nokkur ágreiningur innan nefndarinnar um það, hvort aðferðin að stimpla með þar til gerðum stimpli í staðinn fyrir að gera kross með blýanti, væri heppileg. Nefndin aflaði sjer því allrar þeirrar upplýsingar um það, er hún átti kost á að fá. Þær upplýsingar leiddu til þess, að nefndin varð á einu máli um, bæði seðilgerðina og svo að taka upp stimpil í staðinn fyrir það, að nota blýant við kosningarathöfnina.

Nefndin hefir heyrt því haldið fram af ýmsum, að ef stimpill væri tekinn til notkunar í staðinn fyrir blýant við kosningarathöfnina, þá gæti það leitt til þess, að seðlarnir flekkuðust af bleki, er mundi koma úr stimplinum. Til þess að komast að því, hvað hæft væri í þessu, hefir nefndin reynt margar tegundir af stimplum, og hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að ótti við slíkt væri alveg ástæðulaus.

Nokkrar breytingartillögur hefir nefndin leyft sjer að koma fram með við frumvarpið. Þar eð hún lítur svo á, að breytingartillögur sínar sjeu allar til bóta á frumvarpinu, væntir hún þess, að hin háttv. deild fallist á þær, og samþykki frumvarpið þannig breytt.

Nefndin lítur svo á, að ef breytingartillögur hennar verði samþyktar, þá sje komið í veg fyrir:

1. Að engin óþægindi eða kostnaður geti hlotist af því, þó hinn reglulegi oddviti yfirkjörstjórnarinnar víki úr sæti, meðan á atkvæðatalningu stendur. Því með því að elsti maður yfirkjörstjórnarinnar sje sjálfkjörinn í stað oddvita, þegar svo stendur á, þá er komið í veg fyrir það, að kalla yfirkjör-

stjórnina saman á fund til að kjósa sjer oddvita, er oft gæti haft óþægindi í för með sjer.

2. Að ef þannig lagaður kjörseðill er notaður, geti varla komið fyrir að nokkur maður sje ekki fær um að stimpla yfir hinar hvítu kringlur, sem eru í hinum svarta borða fyrir framan nafn eða nöfn hvers þingmannsefnis, þar af leiðandi komi tæplega fyrir, að atkvæði verði ógild. Það atriði verður nefndin að telja afarþýðingarmikið.

Kostnaður sá, er af því kann að leiða, að útvega stimplana, telur nefndin að hljóti að verða mjög lítill, þar eð stimplarnir munu verða afaródýrir. Og með tilliti til þess, að fá verður mjög marga stimpla fyrst í stað, (ca. 500), telur nefndin, að hver stimpill muni tæplega kosta meira en 50 aura, er mun vera áætlað í heilu lagi. Gúmmístimplar, er ekkert væri grafið á, munu tæplega svo dýrir, hvað þá heldur dýrari.

Einnig telur nefndin það víst, að með þessari aðferð, sem hjer er gert ráð fyrir, muni kosningarathöfnin ganga miklu fljótar; og það eitt út af fyrir sig hefir að áliti nefndarinnar ekki óverulega þýðingu, því undanfarinna ára reynsla hefir sýnt, að í hinum stærri kjörstöðum, sjerstaklega Reykjavík, hefir kosningarathöfnin staðið mjög lengi yfir, er mikið mun hafa komið af því, hve menn hafa verið óákveðnir og hikandi með að gera krossinn.

3. Hvað vakað hefir fyrir nefndinni, hvað þessar breytingartillögur snertir, virðist ekki þurfa að skýra í nefndaráliti.

4. Að nefndin telur heppilegt að lengja tíma þann, er megi vera frá því kjörfundur byrjar og þar til honum er slitið, kemur af því, að í sveitum getur oft staðið svo á, að mönnum sje ekki hægt að mæta á hinum ákveðna tíma, af einhverjum heimilisástæðum; en með því að lengja tímann eins og nefndin leggur til, þá sje greitt svo fyrir öllum sem hægt sje, til þess að þeir geti neytt atkvæðisrjettar síns.

Eins og kunnugt er, ber undirkjörstjórum 4 krónur á dag yfir þann tíma, er þeir eyða til kosningarinnar. Þar sem gera má ráð fyrir því, að sem flestum undirkjörstjórum sje greitt þetta kaup, þá virðist ekkert órjettlæti í því, þó þær eyði meiri hluta dagsins til þess starfs, er þær eru launaðar fyrir.

Þar eð nefndin sjer ekki ástæðu til að fara í nefndaráliti fleiri orðum um frumvarp þetta og þær breytingartillögur, er hún hefir leyft sjer að gera við það, þá leyfir hún sjer að svo komnu eins og þegar er tekið fram, að mæla með því að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið þannig breytt.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. 2. málsgrein.

Aftan við málsgreinina komi: Oddviti, þó ekki fyr en atkvæðakassar eru opnaðir og atkvæði talin.

2. Við 4. málsgrein:


Fyrir sýslumaður eða bæjarfógeti — — — — — til enda málsgreinarar komi: Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar. Ef hann er frambjóðandi, skal hann þó víkja sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæða-

kassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

3. Við 2. grein. 2. málsgrein orðist þannig:

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje 2½ sm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3, sm. á breidd, og í honum miðjum hvítar kringlur, ½ sm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:

**Sýnishorn.**



4. Við 4. gr. 1. málsgrein.

Fyrir: »stimpli — — — reiturinn er« komi: Svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 sm. að þvermáli.

5. við 6. gr. 1. málsgrein.

Greinin orðist þannig:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fleiri fram, skal enn bíða ¼ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má

eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 6 klukkustundir eru liðnar frá því, er byrjað var að taka við atkvæðum.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 39. gr. fyrri málsgrein, til að greiða atkvæði á meðan seðlaforðinn endist.

Efri deild Alþingis, 15. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Sig. Eggerz, formaður. | H. J. Kristófersson, framsögum. og skrifari. |
| Með fyrirvara. | |

G. Björnsson.

Nd. **462. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 384 (fjárl.).

Frá fjárlaganefndinni.

Fyrir: »10000—10000«
komi: 5000—5000.
Fyrir orðin í athugasemdinni: »eigi minni« komi: tvöföld

Nd. **463. Nefndarálit**

um stjórnarskrármálið.

Nefndin hefir rætt mál þetta all-ítarlega á 12 fundum, og hefir meiri hluti nefndarinnar (6 af 7) komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að byggja í *öllum* aðalatriðum á stjórnarskipunarlagafrumvarpi því, er alþingi samdi og samþykti 1911. Það frumvarp er svo kunnugt orðið, og þær breytingar, er það gerði á hinum eldri stjórnarskipunarlögum, svo ítarlega ræddar af þinginu, að ekki þykir þörf á að orðlengja um þær, að því leyti sem þær eru teknar upp óbreyttar af meiri hluta nefndarinnar í það frumvarp, er nú er

fyrir. Þykir oss því nægja að sinni að gera grein fyrir þeim atriðum, er frábrugðin eru frumv. 1911.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að ekki eigi að fastákveða í stjórnarskrá tölu ráðherra, og að rjett sje að byggja á því sem nú er, að einn sje ráðherra. Hitt telur nefndin eftir atvikum rjett, að ákvæði sje sett í frumv. um það, að breyta megi tölu ráðherra með lögum.

Nefndin er þeirrar skoðunar, eins og Alþingi 1911, að ekki sje rjett, að það sje fastákveðið í stjórnarskránni, að uppburður íslenskra mála fyrir konungi *skuli* fara fram í ríkisráðinu, en telur aftur á móti rjett eftir atvikum, að það sje tekið fram beinum orðum í stjórnarskránni, að það sje lagt á konungsvald, hvar málin skuli borin upp fyrir honum.

Meiri hluta nefndarinnar þótti ekki næg ástæða til að binda rjett stjórnarinnar til að víkja embættismanni frá embætti til fullnaðar því skilyrði, að honum sje áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi. Nefndin lítur svo á, að eins og hjer til hagar sje engin veruleg hætta á því, að stjórnin misbeiti frávikningarrjetti sínum, og að vald hennar yfir embættismönnum sje ekki of mikið, þótt hún haldi þessum rjetti óskertum.

Meiri hluti nefndarinnar er sömu skoðunar sem Alþingi 1911, að halda beri tvískiftingu þingsins í deildir, og að brýna nauðsyn beri til, ef kosningarrjettur er rýmkaður svo, sem til er ætlast hjer, að setja nokkra tryggingu fyrir því, að önnur deildin verði skipuð reyndum mönnum. Nokkra tryggingu þykjumst vjer fá fyrir þessu, með því að taka upp það ákvæði, *að öll* efri deild, en ekki eins og frv. 1911, að eins meiri hluti hennar, 10 af 14, sje kosin hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi, *og að* kosningarrjettur og kjörgengi til efri deildar sje bundið við 35 ára aldur.

Meiri hluti nefndarinnar hefir orðið ásáttur um að halda í aðalatriðum fast við kosningarrjettarákvæði frv. 1911, þó með þeim takmörkunum, að hinir nýju kjósendur komi ekki allir í einu, heldur smátt og smátt, þannig að eftir 15 ár sje kosningarrjetturinn til neðri deildar orðinn þannig, sem frv. 1911 segir fyrir um. Meiri hluti nefndarinnar telur það varhugavert, að fjölga svo mjög kjósendum alt í einu, að núverandi kjósendur sjeu sviftir mest öllu valdi yfir landsins málum

Nefndin telur það rjett, að dómendur þeir, er engin umboðsstörf hafa á hendi, — nú eru það að eins landsyfirdómararnir, — eigi ekki sæti á Alþingi, og hafi yfirleitt ekki önnur störf á hendi en dómstörfin, því það mundi auka traust þeirra og virðing, ef vitanlegt væri, að þeir hefðu engum öðrum störfum að gegna, væri fyrir utan flokkadeilur, að mestu að minsta kosti, og gætu ekki annars dregið sig eftir neinum launuðum störfum, enda var nefndin sammála um að launa ætti þeim svo ríflega, að embættin væri að því leyti virðulegri og eftirsóknarverðari. Meiri hluti nefndarinnar álítur eftir atvikum hins vegar ekki rjett að svifta núverandi yfirdómara kjörgengi.

Þá hefir nefndin orðið á sömu skoðun, sem látin er í ljósi í áliti meiri hluta nefndarinnar í neðri deild í stjórnarskrármálinu 1912, að eigi sje tímabært að leiða í lög alþýðuatkvæði um löggjafarmál.

Samkvæmt framanskráðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að gerðar verði þessar breytingar á frv. því, er hv. deild fjekk okkur til meðferðar:

## BREYTINGARTILLÖGUR:

### 1. Við 1. gr.

1. gr. falli burtu og í stað hennar komi:

Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara svo oft, sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi, þar sem konungur ákveður, lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir hans á konungsfund.

Nú deyr ráðherra eða lætur af embætti, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherra veitir þau embætti, sem hann hingað til hefir veitt.

Tölu ráðherra má breyta með lögum.

Verði ráðherrum fjölgað, legst landritaraembættið niður.

### 2. Við 4. gr.

Úr greininni falli: »Ráðherra skal vera einn ... ... stjórnarráðstafanir«.

Í staðinn fyrir orðin: »bera upp fyrir honum lög« komi: bera upp fyrir konungi, þar sem hann ákveður, lög.

### 3. Við 5. gr.

Orðin: »þó skal engum .. ... ... fyrir dómi« í niðurlagi greinarinnar falli burtu.

### 4. Við 6. gr.

6. gr. orðast svo:

8. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í stað hennar komi:

Konungur getur rofið neðri deild Alþingis, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en tveir mánðir sjeu liðnir frá því, er hún er rofin, og Alþingi stefnt saman eigi síðar en næsta ár.

### 5. Við 8. gr.

Í stað »36« komi »40«.

### 6. Við 9. gr.

9. grein orðast svo:

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903 (15. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í stað hennar komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 14 þingmenn; þingmenn efri deildar skulu kosnir hlutfallskosningum í einu lagi um land alt og jafnmargir varamenn.

### 7. Við 10. gr.

10. grein orðast svo:

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burtu, en í stað hennar komi:

Þingmenn neðri deildar skulu kosnir til 4. ára. Þingmenn efri deildar

skulu kosnir til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá 4. hvert ár. Deyi þingmaður neðri deildar meðan á kjörtímanum stendur eða fari frá, skal kjósa þingmann í hans stað, en að eins fyrir það tímabil, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti í efri deild. tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á.

8. Við 11. gr.

11. gr. orðist svo:

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til alþingis hafa karlar og konur, sem fædd eru hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár og eru 25 ára, er kosningin fer fram; þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Ennfremur eru þau skilyrði sett, að hinir nýju kjósendur, konur, og þeir karlmenn, er ekki hafa kosningarjett samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, fái ekki rjett þann, er hjer ræðir um, öll í einu, heldur þannig, að þegar semja á alþingiskjörskrá í næsta sinn eftir að lög þessi eru komin í gildi, skal setja á kjörskrána þá nýja kjósendur eina, sem eru 40 ára eða eldri, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum til kosningarrjettar. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og svo framvegis, lækka aldursmarkið um eitt ár í hvert sinn, til þess er allir kjósendur, konur sem karlar, hafa náð kosningarrjetti svo sem segir í upphafi þessarar greinar.

Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir ekki konan kosningarrjett sinn fyrir því.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til efri deildar. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

9. Við 12. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur til neðri deildar alþingis er hver sá, sem kosningarrjett á til deildarinnar; kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en eitt ár. En heimilisfastur skal hann hafa verið á Íslandi að minsta kosti síðasta árið áður en kosning fer fram. Kjörgengi til efri deildar á hver sá, er kosningarrjett á til þeirrar deildar.

Þeir dómendur, er hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó hvorki kjörgengir til neðri nje efri deildar.

10. Við 20. gr.:

Aftan við 20. gr. bætist nýr málsliður þannig:

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

11. Við 22. gr.

Á undan orðinu »nafnbætur« komi: aðal.

12. Við 24. gr.

24. gr. falli burt.

13. Við ákvæði um stundarsakir:

Ákvæði um stundarsakir orðist svo:

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn allir 14 þingmenn til efri deildar og jafnmargir varamenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulega Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverjir efri deildarmenn skuli fara frá eftir 4 ár.

Almennar óhlutbundar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar til efri deildar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

2. málsgrein 12. gr. tekur ekki til dómara þeirra, er nú skipa lands yfirrjettinn.

Breyting á búsetuákvæðinu, sem skilyrði fyrir kjörgengi, nær ekki til þeirra manna, sem þá kunna að eiga setu á Alþingi, er stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi.

Heimilisfesta innanlands er heldur ekki skilyrði fyrir kjörgengi.

Alþingi, 15. ágúst 1913.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Með fyrirvara.

Jón Magnússon. skrifari og framsögum.

Jóh. Jóhannesson.

Jón Ólafsson. Með fyrirvara.

Stefán Stefánsson, Eyf. Með fyrirvara.

Pjetur Jónsson.

Alit minni hlutans um stjórnarskrármálið.

Eg samdi frumvarpið á þingskj. 36 svo, að jeg feldi úr frv. Alþingis 1911 þau atriði, er óhafandi voru og flestir landsmenn telja óþolandi. Varð því skjótt langt bil í milli mín og annara nefndarmanna, er jeg sá, að þeir vildu höggva í sama farið. Þó vann jeg með nefndinni til loka, og eru sumar breytingar með mínu ráði gerðar, eða þá jeg ljet mjer á sama standa. Þar til má telja tillöguna um að eigi sje ráðgjafatala sett í stjórnarskrána, svo að henni megi breyta með einföldum lögum.

Nefndin varð öll á einu máli um það, að nema burt ákvæðið um að íslensk mál skuli borin upp fyrir konungi í ríkisráði Dana, og minni hluti ljet sjer lynda að svo væri að orði kveðið, að þau skyldi bera upp fyrir konungi þar sem hann ákveður. Alla þá stund sem enginn staður er áskilinn í sjálfri

stjórnarskránni, verður úrskurður konungs að ráða. En það er allra hluta sjálfsagðast, að hann verður að fella þann úrskurð á ábyrgð ráðherra síns fyrir Ísland og með hans undirskrift.

Þá bregður meiri hluti vana sínum, er hann víkur frá frv. 1911 og nemur burt vörn embættismanna gegn gjörræði af hendi stjórnar, þá vörn, að þeim verði eigi vikið að fullu úr embætti, nema með dómi. Þó var þetta atriði samþykt með miklum atkvæðamun 1911. Stjórnin er þar með engum rjetti svift, en henni er með þessu ákvæði aðeins boðinn varnaður á að reka menn frá starfi sínu og atvinnu, nema því aðeins að hún treystist til að verja það verk fyrir dómi. En embættismönnum er illa við það vært, að standa berskjaldaðir fyrir ofbeldi gerráðrar stjórnar. Met jeg lítils þá ástæðu, að slíkt þurfi eigi að óttast »eins og hjer hagar til«. Hjer hagar einmitt svo til, að einn maður fer með valdið í landinu öllum óháður milli þinga, og er því einmitt sjerstaklega mikil ástæða til að óttast gjörræði, enda þykir mjer reynslan ólýgnust.

Jeg hefi engan ágreining viljað gera um tölu þingmanna, þótt nefndin setti 40 í stað 36 í frumvarpinu.

Kosningarrjettur er að sjálfsögðu hvers manns eign, sem er fullveðja, en engum einum er neinn órjettur ger, þótt einhver aldur sje tiltekinn, t. d. 25 ár, því að það hittir alla jafnt. En í öðrum tillögum meiri hlutans, er óþolandi misrjetti. Jeg verð þó fyrst að geta þess samnefndarmönnum mínum til lofs, að þeir viðurkenna að allir eigi að hafa rjettinn. Misrjettið kemur fram í því, að þeir kjósendur, sem við bætast, eiga ekki að fá hann allir í einu, heldur á 15 árum; þeir fyrst, sem eru fertugir og síðan koll af kolli. En auðsætt að þetta er af handahófi gert, og mætti eins vel fara eftir gildleika eða hæð, eða eftir því, hversu margar kartneglur menn hefði. Og til hvers er að vinna? Meiri hlutinn ber fyrir sig tvær ástæður, fyrst þá, að svo mikil kjósendafjölgun mundi valda mikilli byltingu, og hina, að þá mundu núverandi kjósendur alt í einu missa vald það yfir landsmálum, sem þeir hafa nú. Á hinu fyrra atriði byggir hann og tillögur sínar um, að efri deildin verði kosin öðruvísi og eftir öðrum kosningarrjetti og öðru kjörgengi, en þaðan stafa flestar breytingar hans. Þar er því á að líta, hvort þessi byltingaruggur hefir við rök að styðjast.

Jeg hygg hann á engum rökum bygðan, því að öll þjóðin er jöfn að ætterni, gáfnafari og menning allri. Menn og konur alast upp saman, fá sömu mentun, lifa við sömu kjör og hafa sömu áhyggjuefni og áhugamál. Stjettamunur er enginn, því að af 5 bræðrum getur hjer einn verið ráðherra, annar bóndi, þriðji sjómaður, fjórði skósmiður og fimti kaupmaður. Svo mætti halda áfram, en jeg tel nægja að minna menn á þetta. Úr því málið er nú svo vaxið, þá er og auðsætt, að kosningarniðurstaðan verður hin sama, hvort sem allir kjósa eða þeir einir, sem nú hafa rjettinn. Þess vegna missir enginn neins í, þótt allir fái sjálfsagðan rjett sinn í einu. Og þá er ekkert unnið við handahófsúthlutun meiri hlutans, en að sjálfsögðu mundi það valda megnri óánægju að skamta rjettinn svo úr hnefa, sem ætlast er til í tillögu þessari, sem er afturganga frá 1911, drepin þá, en nú vakin upp aftur af samnefndarmönnum mínum og mögnuð af þeim á ný.

Úr því nú að byltingaruggurinn er ástæðulaus, þá hverfur og afleiðing byltingarinnar, valdmissir núverandi kjósanda.

Þar með fellur og ástæða meiri hlutans til þess að kjósa tvö þing, sitt

með hverju móti. Þeir nefna raunar efri- og neðri *deild*, en það eru tvö þing. Jeg heyri og nefnda aðra ástæðu til þessa fyrirkomulags, nefnilega þá, að með slíkri tilhögun og þar að auki hálfu lengri kjörtíma sje fengin stöðvun í þingið og fastheldni við það, sem áður var. En fyrst er nú þess að gæta, að stöðvun sú getur brugðist til beggja vona. Því að ekki er *ætið* gott að liggja við stjóra. Í öðru lagi er slíkrar stöðvunar engin þörf þegar konur hafa fengið kosningarrjett, því að það er alkunnugt, að konur eru tryggari venjum en karlmenn og fastheldnari. Þar í er að minsta kosti næg stöðvun fólgin. Eini óttinn, sem mjer stendur af að fá konum kosningarrjettinn, er sá, að afturhaldið verði ofan á í ýmsum málum.

Þá munu þeir meiri hlutamenn telja það kost við sínar tillögur, að nokkur hluti þingsins eða rjettara sagt annað þingið, er kosið hlutbundnum kosningum. En þetta er einmitt hinn mesti ókostur. Mundi svo fara að Reykjavík og aðrir bæir rjeðu kosningu, þeir sem eru í símasambandi við hana.

Um kjörgengi dómara voru allir ásáttir. Minni hlutinn telur það »nauðsynlegt böl«, en þykir ilt að nokkur maður sje undanþeginn kjörgenginu. En nauðsyn brýtur lög. Í svo fámennu landi sem Ísland er, þar sem svo miklir kunnleikar eru milli manna, glata dómarar almenningstrausti, ef þeir eiga hlut í deilum um stjórnmál. Einkum verður það þó alla þá stund, sem vjer þurfum að sækja rjett vorn í hendur annarar þjóðar og stefna manna í því skiftir flokkum. Því að þá verður jafnan meiri beiskja í deilunum og hættara við að fjandskapist með mönnum. En rjettast þætti mjer að ákvæðið næði til allra, sem fara með dómara störf. Og launakjör vil jeg eigi nefna í sambandi við þetta, því að sá huggast eigi af gnægð fjár, sem harmar rjett sinn, og hinn eigi kaupandi, sem vill taka fje fyrir; enda er þingseta naumast teljandi atvinna, enda þótt síðasta þing bætti sín eigin kjör heldur en að bæta ekkert.

Jeg er þakklátur samnefndarmönnum mínum fyrir það, er þeir hafa fallist á að landsvist skuli vera kjörgengisskilyrði, því að með því ákvæði er einn undirlægjubletturinn þurkaður af þessu landi.

Jeg ræð deildinni til þess að fella þessar breytingartillögur meiri hlutans:

2. Við 4. gr.
3. Við 5. gr.
4. Við 6. gr.
6. Við 9. gr.
7. Við 10. gr.
8. Við 11. gr.
10. Við 20. gr.
13. Við ákvæði um stundarsakir.

En ef deildin vill aðhyllast hlutfallskosningu um alt land, þá tel jeg langrjettast að kjósa svo 6 menn í stað hinna konungkjörnu, en láta alt halda sjer að öðru leyti svo sem nú er. Ber jeg því fram þessar

## BREYTINGARTILLÖGUR

við breytingartillögur meiri hlutans.

1. Við 1. Við 1. gr.

Eftir *landritari* í þriðju málsgrein komi: eða skrifstofustjóri 1. skrifstofu stjórnarráðsins.

2. Við 2. Við 4. gr.

Í staðinn fyrir »bera upp fyrir konungi, þar sem hann ákveður, lög« komi: bera upp fyrir konungi lög, þar sem hann ákveður.

3. Við 6. Við 9. gr.

Í stað »skulu þeir« í síðari málsgrein komi: skulu 6 af þeim.

Aftan við bætist: en 8 skulu kosnir af sameinuðu þingi.

4. Við 7. Við 10. gr.

Málsgreinina »þingmenn neðri deildar — er í hlut á« skal orða svo: þingmenn kosnir óhlutbundinni kosning skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundinni kosning til 8 ára og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár. Deyi þingmaður kosinn óhlutbundnum kosningum meðan á kjörtímanum stendur eða fari frá, skal kjósa þingmann í hans stað, en aðeins fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti í flokki þingmanna kosinna hlutbundnum kosningum, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á.

5. Við 8. Við 11. gr.

Fella skal burt »og sje fjár síns ráðandi — í upphafi þessarar greinar«.

Fella skal og niður síðustu málsgrein: »Með sömu skilyrðum — efri deildar«.

6. Við 9. Við 12. gr.

Málsgreinina »Kjörgengur til — þeirrar deildar«, skal orða svo: Kjörgengur í þingsæti, sem kosið er til með óhlutbundnum kosningum, er hver sá, sem kosningarrjett á til þeirrar kosningar; sama er og um kjörgengi í þingsæti, sem skipuð eru með hlutbundnum kosningum, að sá er kjörgengur, sem kosningarrjett hefir til hlutbundinna kosninga.

7. Við 13. Við ákvæði um stundarsakir.

Fyrir »allir 14« komi: 6.

Aðra málsgrein skal orða svo:

Á fyrsta reglulegu Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverjir skuli fara frá eftir 4 ár, þeirra sem kosnir voru hlutbundnum kosningum.

Úr síðustu málsgrein falli orðin »til efri deildar«.

Alþingi, 16. ágúst 1913.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Nd. **464. Atkvæðaskrá**

við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Stjórnarfrumvarp.

Nefndarálit 348.

Breytingar- og viðaukatillögur fjárlaganefndar 350 (aðalbreytingar og viðaukatillögur nefndarinnar.

Við aðrar breytingar- og viðaukatillögur frá fjárlaganefndinni er sett *N*, auk númers á þingskjali.

Breytingar- og viðaukatillögur annara (þar í taldar breytingar- og viðaukatillögur fjárlaganefndar, er koma fram undir umræðunum) 366, 373, 384, 386, 387, 388, 389, 391, 392, 393, 395. 396, 397, 398, 399, 400, 401, 403, 411, 412, 413, 414, 415, 416, 417, 418, 419, 420, 421, 422, 426, 428, 429, 430, 431, 436, 439, 443, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 454, 459, 460, 462, 465, 467, 471, 472.

1. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu um 2.—6. gr.

2. gr.

1. Brtt. 350, 1.
   Við 4. Fyrir »65000—65000—130000« komi: 68000—68000—136000.

2. Brtt. 350, 2.
   Við 10. Fyrir »200000—200000—400000« komi: 205000—205000—410000.

3. Brtt. 350, 3.
   Við 11. Fyrir »410000—410000—820000« komi: 415000—415000—830000.

4. Brtt. 350, 4.
   Við 12. Fyrir »250000—250000—500000« komi: 300000—300000—600000.

5. Brtt. 350, 5.
Við 14. Fyrir »8000«
komi: 10000.

3. gr.
Óbreytt.

4. gr.

6. Brtt. 350, 6. a.
Við 1.
Aftan við liðinn bætist þessar athugasemdir:
a. Eftirstöðvar af láni Laugardalshrepps (til Sogsbrúar) kr. 250 falli niður.
b. Af láni Barðastrandarsýslu frá 22. júní 1897 úr viðlagasjóði, veitist uppgjöf á 625 kr.

7. Brtt. 350, 6. b.
Við 2. Liðurinn falli burt.

5. gr.

8. Brtt. 350, 7.
Við 1. Aftan við liðinn bætist:
Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarpestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.

6. gr.
Óbreytt.

7. gr.
Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu um 8.—19. gr.

8. gr.

9. Brtt. 350, 8.
Við I. Liðirnir 1—4 orðist svo:
1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur, kr. 500000, tekið 1908 til 15 ára, til símalagninga.
2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1500000, til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans.
3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, kr. 250000, tekið 1912 til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans.
4. 4½% lán hjá dönskum bönkum, kr. 500000, tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.).

10. Brtt. 350, 9.
Við II. Orðin, er standa í svigum við 3. og 4. lið falli burt.

9. gr.

11. Brtt. 350, 10. a.
Við 5. Aftan við liðinn bætist: alt að.

12. Brtt. 350, 10. b.
Við 6. Fyrir »landfógetastörfum« komi: landsfjehirðisstörfum.

10. gr.
Óbreytt.

11. gr.

13. Brtt. 350, 11.
Við B. 4. Aftan við liðinn bætist: alt að.

14. Brtt. 391.
Við Brtt. 350, 12. Fyrir »3000 — 3000« komi: 10000 — 10000.

15. Brtt. 350, 12.
Við B. 6. Fyrir »1500 — 1500«
komi: 3000 — 3000.

12. gr.

16. Brtt. 443.
Við 6. Á eftir liðnum komi nýr liður:
7. Til húðsjúkdómalæknis Magnúsar Júlíussonar í Reykjavík ... ... ... ... ... ... 1000— 1000
Styrkurinn er bundinn sama skilyrði um kenslu og ókeypis klinik, sem annara sjerfræðinga.
Ennfremur með því skilyrði, að læknirinn, ef þess er óskað, veiti forstæðu lækningum og rannsóknum með Röntgensáhöldum og Finsens ljóslækningaaðferð, án frekari borgunar.

17. Brtt. 350, 13.
Við 7. 1. Fyrir »5400—5400«
komi: 5700—5700. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Þar af kr. 300 persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.

18. Brtt. 350, 14.
Við 9. Fyrir »25000—25000«
komi: 28000—25000.

19. Brtt. 350, 15.
Við 10. g. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til tveggja hjúkrunarkvenna til hjúkrunarnáms erlendis, 400 kr. handa hvorri — 800 kr. fyrra árið.

13. gr.

20. Brtt. 350, 16.
Við A. 3. a. Fyrir »6500«
komi: 6000.

21. Brtt. 350, 17.
Við A. 3. c Fyrir »3000«
komi: 2000.

22. Brtt. 350, 18. a.
Við A. 3. d Fyrir »3000«
komi: 2500.

23. Brtt. 350, 18. b.
Við A. 3. e Í enda greinarinnar komi nýr liður:
Til pósthúsbyggingar í Reykjavík (f. á.)
alt að kr. .. ... ... ... ... ... ... 30000—

24. Brtt. 350, 19.
Við B. I. 1. a Fyrir »4000—4000«
komi: 3600—3600.

25. Brtt. 447.
Við Brtt. 350, 19.
»Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings 400—400« falli burt.

26. Brtt. 350, 19.
Við B. I. 1. a. Á eftir liðnum komi nýr liður:
b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings... ... ... 400—400

27. Brtt. 446, 1.
Við B. I. 1. b. Eftir»Ferðakostnaður og fæðispeningar«
komi: eftir reikningi, alt að

28. Brtt. 350, 20.
Við B. I. 3. Aftan við liðinn bætist: alt að.

29. Brtt. 350, 21.
Við B. II. 2. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
3. Eyjafjarðarbraut... ... ... ... ... 10000—10000

30. Brtt. 350, 22.
Við B. II. 4. Á eftir þeim lið (er verður 5. liður)
komi nýr liður:
6. Grímsnesbraut ... .. ... ... ... 10000—10000

31. Brtt. 411.
Við B. III. 1. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður:
Brú á Eystri-Rangá ... ... ... ... 18000—

32. Brtt. 448. 1.
Við B. III. 2. Eftir þann lið bætist nýr liður:
Til brúar á Fáskrúð í Dalasýslu og vegar frá henni yfir á þann veg, sem nú er 10000—

33. Brtt. 350, 23.
Við B. III. 4. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
5. Brú á Langadalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu 8000 (síðara árið).

34. Brtt. 350, 24.
Við B. III. 5. Liðurinn falli burt, en í hans stað komi nýr liður:
6. Brú á Jökulsá á Sólheimasandi alt að 78000 (f. á.).

35. Brtt. 399.
Við B. III. 5. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður svohljóðandi:
Til þjóðvegar í Austur-Skaftafellssýslu 5000—

36. Brtt. 388.
Við B. III. 5. Þar komi nýr liður, og liðatala breytsem þarf:
Brú á Bleikdalsá (Ártúnsá) á Kjalarnesi 3900—
Til vara:
Sama fjárveiting seinna ár fjárhagstímabilsins.

37. Brtt. 350, 25.
Við B. III. 6. Fyrir 16000—1600«
komi: 29000—29000.
Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Þar af:
Til Eskifjarðarvegar ... ... kr. 6000
— Hróarstunguvegar . ... — 10000
— Hörgárdalsvegar ... ... — 5000
— Langadalsvegar í Húnav.s. — 5000

38. Brtt. 415.
Við B. VII. Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:
Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarsstaðar frá, f. á. alt að... 2000— ...

39. Brtt. 350, 26.
Við B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
IX. Til Gullbringusýslu uppbót fyrir umframgreiðslu sýslufjelagsins til Keflavíkurvegarins kr. 5600.

40. Viðaukatill. 412.
Við 350, 26. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður svohljóðandi:
X. Til Rangárvallasýslu endurgreiðsla á kostnaði við lagningu flutningabrautarinnar frá Rauðalæk að Ægisíðu ... ... ... ... ... ... ... 3000— ...

41. Brtt. 389.
Við B. VIII. Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:
IX. Til sýsluvegar úr Grindavík á Keflavíkurveginn . ... ... ... ... ... 7500— 7500
Fjárveitingin er bundin jafnmiklu annarstaðar frá.

42. Brtt. 403.
Við B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Til að gera akfæran veg frá Kláffossbrú að Reykholti í Reykholtsdal, gegn tvöföldu tillagi úr annari átt f. á. . ... 2000— ...

43. Brtt. 417.
Við B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til brúar á Þverá syðri í Eyjafirði f. á. 800— ...

44. Brtt. 422.
Við B. VIII. Á eftir þeim lið komi:
Styrkur til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði ... ... ... ... ... ... ... 1500— 1500

45. Brtt. 422.
Við B. VIII. Á eftir þeim lið komi:
Styrkur til þess að fullgera færan reiðveg yfir Flöguflóa í Þistilfirði . ... ... 500— ...

46. Brtt. 448, 2.
Við B. VIII. Eftir þeim lið komi nýr liður merktur rómverskri tölu IX.
1. Til bryggjugerðar í Búðardal í Dalasýslu . ... ... ... ... ... ... ... 2000— ...
2. Til bryggjugerðar á Salthólmavík ... 500— ...
gegn jafn miklu úr hreppssjóði.

47. Brtt. 448, 3.
Við C. 2. Fyrir »2. Til Breiðafjarðarbáts 4000 kr.« komi: Til Breiðafjarðarbáts ... ... ... 10000—10000

48. Brtt. 350, 27.
Við D. II. Aftan við liðinn bætist: alt að.

49. Brtt. 448, 4.
Við D. II. Eftir liðinn: »Til rannsóknar« o. s. frv. komi nýr liður:
III. Til símalagningar frá Búðardal að Tjaldanesi ... ... ... ... ... ... ... —14000

50. Brtt. 350, 28.
Við D. III. 2 a. Fyrir; »14760—14760« komi: 15160—15160.

51. Brtt. 350, 29.
Við D. III. 2 b. Fyrir: »7800—7800» komi: 7200—7200.

52. Brtt. 350, 30.
Við D. III. 7. Aftan við liðinn bætist: alt að.

53. Brtt. 350, 31.
Við D. III. 8. Aftan við liðinn bætist: alt að.

54. Brtt. 350, 32.
Við D. III. 9. Aftan við liðinn bætist:
Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði.

55. Brtt. 350, 33.
Við D. III. Orðin aftan við liðinn:
»Þar . . . Siglufirði« falli burt.

56. Brtt. 446, 2.
Við D. VI. Eftir: »kostnaður við ferðalög starfræksl-unnar vegna« komi: eftir reikningi alt að.

57. Brtt. 429.
Við Brtt. 350, 34. Í stað orðanna:
»landsstjórn og hjeraðsstjórnum eftir ákvæðum landsstjórnar komi: landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landsstjórnar.

58. Brtt. 350, 34.
Við E. I. a. Liðurinn orðist þannig:
Laun verkfræðings. Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn og

hjeraðsstjórnum eftir ákvæðum landsstjórnar.

59. Brtt. 350, 35.
Við E. I. c. Liðurinn orðist svo:
Til skrifstofuhalds eftir reikningi alt að 1000 — 500

60. Brtt. 350, 36.
Við E. I. d. Liðurinn orðist svo:
Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að.

61. Brtt. 350, 37.
Við E. II. og III. liður falli burt, en í staðinn fyrir þá komi:
II. Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna:
1. Svörtulofta og Öndverðarnesvitar:
a. Laun vitavarða ... ... 400—400
b. Reksturskostnaður ... 600—600
2. Elliðaeyjarviti:
a. Laun vitavarðar... ... 400—400
b. Reksturskostnaður ... 450—450
3. Bjargtangaviti:
a. Laun vitavarðar... ... 200—200
b. Reksturskostnaður ... 250—250
4. Arnarnesviti:
a. Laun vitavarðar... ... 500—500
b. Reksturskostnaður ... 500—500
5. Kálfshamarsviti:
a. Laun vitavarðar... ... 100—100
b. Reksturskostnaður ... 200—200
6. Skagatáarviti:
a. Laun vitavarðar... ... 150—150
b. Reksturskostnaður ... 400—400
7. Siglunesviti:
a. Laun vitavarðar... ... 900—900
b. Reksturskostnaður ... 600—600
8. Flateyjarviti:
a. Laun vitavarðar .. ... 150—150
b. Reksturskostnaður ... 400—400
9. Rifstangaviti:
a. Laun vitavarðar... ... 200—200
b. Reksturskostnaður ... 400—400

10. Langanesviti:
    a. Laun vitavarðar... ... 250—250
    b. Reksturskostnaður ... 200—200

11. Dalatangaviti:
    a. Laun vitavarðar... ... 600—600
    b. Reksturskostnaður ... 600—600

12. Vattarnesviti:
    a. Laun vitavarðar... ... 100—100
    b. Reksturskostnaður ... 200—200

13. Dyrhólaviti:
    a. Laun vitavarðar... ... 200—200
    b. Reksturskostnaður ... 400—400

14. Vestmannaeyjaviti:
    a. Laun vitavarðar... ... 700—700
    b. Reksturskostnaður ... 500—500

15. Reykjanesviti:
    a. Laun vitavarðar ... 1500—1500
    b. Reksturskostnaður... 1600—1600

16. Garðskagaviti:
    a. Laun vitavarðar... .. 600—600
    b. Reksturskostnaður ... 750—750

17. Gróttuviti:
    a. Laun vitavarðar... ... 500—500
    b. Reksturskostnaður ... 450—450

18. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir ferðam.:
    a. Á Skipaskaga ... ... 75— 75
    b. Á Gerðatanga ... ... 100—100 16125—16125

62. Brtt. 350, 38.
Við E. VI. Fyrir »3000—3000« komi: 1500—1500.

14. gr.

63. Brtt. 350, 39.
Við A. b. 3. Fyrir: »4000—4000«
komi: 5000—5000.

64. Brtt. 350, 40.
Við A. b. 5. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til viðgerðar á Reykjavíkur dómkirkju alt að ... ... ... ... ... ... ... ... 20000— »

65. Brtt. 350, 41.
Við B. I. a. Fyrir: »35900—36800«
komi: 36000—37200.

66. Brtt. 350, 42.
Við B. I. c. Aftan við athugasemdina við c.-lið bætist: að öðru jöfnu.

67. Brtt. 350, 43.
Við B. I. d. 2. Fyrir: »5000«
komi: 4000.

68. Brtt. 350, 44.
Við B. I. d. 3. Fyrir: »2000«
komi: 1500.

69. Brtt. 350, 45. a.
Við B. I. e. Aftan við liðinn bætist: alt að.

70. Brtt. 350, 45. b.
Við B. I. e. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka,

71. Brtt. 350, 46.
Við B. I. e. A eftir þessum lið komi 2 nýir liðir:
2. Til starfrækslu væntanlegra Röntgensáhalda m. m. alt að ... ... ... ... 1000—1000
3. Til að kaupa risasegul ... ... ... ... 180— »

72. Brtt. 350, 47.
Við B. II. a. Fyrir: »19200—19200«
komi: 21000—21000.

73. Brtt. 350, 48.
Við B. II. b. Á eftir »aðstoðarfje«
komi: Til söngkennara 600—600.

74. Brtt. 350, 49.
Við B. II. c. 4. Liðurinn orðist þannig:
Til tveggja fastra aukakennara ... ... 4000—4000

75. Brtt. 350, 50. a.
Við B. II. c. 5. Fyrir: »6000—6000«
komi: alt að 4500—4500.

76. Brtt. 350, 50. b.
Við B. II. Aftan við athugasemdina við liðinn bætist: að öðru jöfnu.

77. Brtt. 350, 51.
Við B. III. a. Liðurinn orðist þannig:
Laun 9200—9200.
Af þessari upphæð eru 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. kennara og 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 3. kennara.

78. Brtt. 350, 52.
Við B. III. b. Upphæðirnar innan striks tilfærist fyrir hvort ár fyrir sig.

79. Brtt. 350, 53.
Við B. III. b. 4. Fyrir: »1200«
komi: 1000—1000.

80. Brtt. 350, 54.
Við B. III. b. 7. Fyrir: »1000«
komi: 8000—1000.

81. Brtt. 350, 55.
Við B. IV. b. 1. Fyrir: »1200—1200«
komi: 2000—1200.

82. Brtt. 350, 56.
Við B. IV. b. 2. Liðurinn orðist þannig:
Til aukakennara 1400—1400.
Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara.

83. Brtt. 350, 57.
Við B. IV. 5. Athugasemdin við liðinn orðist þannig: Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.

84. Brtt. 350, 58.

Við B. V. Á eftir þeim lið komi þessir nýir liðir:

VI. Til bændakenslu:

1. Til bændaskólans á Hólum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2700—2700 |
| b. Til aðstoðarkennara ... ... ... ... ... ... ... | | | 1000—1000 |
| c. Til smíðakennara ... ... ... ... ... ... | | | 600— 600 |
| d. Önnur útgjöld: | | | |
| 1. Til verklegrar kenslu ... | 700— 700 | | |
| 2. Til kensluáhalda ... ... | 500— 500 | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa ... | 900-- 900 | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... ... ... ... | 400— 400 | | |
| 5. Til járnsmíðaáhalda og smiðjubyggingar ... ... | 1000 | | |
| 6. Ýmisleg útgjöld ... ... | 1000—1000 | | 4500—3500 |

2. Til bændaskólans á Hvanneyri:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2700—2700 |
| b. Til aðstoðarkenslu ... ... ... ... ... ... | | | 1000—1000 |
| c. Önnur útgjöld: | kr. | kr. | |
| 1. Til verklegrar kenslu ... | 1000—1000 | | |
| 2. Til kensluáhalda ... ... | 500— 500 | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa... | 900— 900 | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum... ... ... ... ... | 400— 400 | | |
| 5. Ýmisleg útgjöld ... ... | 800— 800 | | |
| 6. Til símalagningar... ... | 1200 | | |
| 7. Til þess að byggja anddyri við íbúðarhúsið. | 850— ... | | 5650—3600 |

3. Til skólahalds á Eiðum ... ... ... ... ... 2500—2500

VII. Til iðnfræðslu:

a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík. ... 5000—5000

b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds ... ... ... ... ... ... ... 1000—1000

c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds ... ... ... ... ... ... ... ... 1000—1000

d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds ... ... ... ... ... ... ... 600-- 600

Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ reksturskostnaðar.

VIII. Til verslunarskóla:

Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi

skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar ... ... ... ... 5000—5000

IX. Til húsmæðrafræðslu:
Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 1000—1000

85. Brtt. 350, 59. a.
Við B. VI. 2—3. Þessir liðir falli burt, en í stað þeirra komi:
2. Til verklegrar kenslu:
a. Laun 3 yfirsetukvenna í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... ... 300— 300
b. Annar kostnaður alt að ... ... ... 400— 400

86. Brtt. 350, 59. b.
Við B. VII. Orðin: »VII. Til annarar kenslu« falli burt.

87. Brtt. 350, 60.
Við B. VII. Tákn liðanna breytist þannig, að í staðinn fyrir »A. B. C. D. E og F« komi: XI. XII. XIII. XIV. XV. og XVI.

88. Brtt. 350, 61.
Við B. VII. A. 1. Fyrir »6000—6000« komi: 6700—6700.

89. Brtt. 350, 62.
Við B. VII. B. 1. Fyrir »28000—28000« komi: 30000—30000.

90. Brtt. 350, 63.
Við B. VII. B. 2. Fyrir »18000—18000« komi: 20000—20000.

91. Brtt. 350, 64.
Við B. VII. B. 7. a Fyrir »4000—4000« komi: 3600—3600.
Í athugasemd við liðinn, fyrir »1000 kr.« komi: 600 kr.

92. Brtt. 460, 1.
Við B. VII. C. 1. Í stað »8000—8000« komi: 12000—12000.

93. Brtt. 366, 1.
Við B. VII. C. 1. Í stað »8000—8000« komi: 7000—7000.

94. Brtt. 460, 2.
Við B. VII. C. 2. Liðurinn falli niður.

95. Brtt. 460, 3.
Við B. VII. C. 3. Liðurinn falli niður.

96. Brtt. 350, 65.
Við B. VII. C. 3. Fyrir »1200—1200«
komi: 1500—1500.

97. Brtt. 460, 4.
Við B. VII. C. 4. a—b. Liðurinn falli niður.

98. Brtt. 366, 2.
Við B. VII. C. 4. Aftan við »Til lýðskólans á Hvítárbakka«: »a.—b.«
komi:
Til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði:
a. Styrkur, bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið hafi eftirlit með starfsemi skólans og að hann njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landsjóðsstyrksins... ... ... ... ... 1200—1200.
b. Til sama skóla 20 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 5 mánuði, alt að ... 400—400.

99. Brtt. 350, 66.
Við B. VIII. b. Fyrir »1200—1200«
komi: 1500—1500.

100. Brtt. 350, 67.
Við B. VIII. c. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... ... ... 450—450.

15. gr.

101. Brtt. 350, 68.
Við 1. b. Liðurinn orðist þannig:
Laun 1. bókavarðar... ... ... ... ... ... 2000— 2000
Þar af 500 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. bókavarðar.

102. Brtt. 350, 69. a.
Við 1. g. Liðurinn falli burt.

103. Brtt. 413.
Við 1. g. Á eftir þeim lið homi inn nýr liður svolátandi:
h. Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins... ... ... ... ... ... ... 1500— 1500
Bókstafaröðin breytist samkvæmt því.

104. Brtt. 350, 70.
Við 3. g. Liðurinn falli burt, en í staðinn fyrir hann komi nýr liður:
Til Skúla Guðmundssonar til verndunar hins forna skála á Keldum í Rangárvallasýslu ... ... ... ... ... ... ... ... ... 300— ...

105. Brtt. 350, 69. b.
Við 5. c. [»1. l.« prentvilla].
Aftan við bætist nýr liður:
d. Uppí girðingarkostnað um Landsbókasafnshúsið og til þess að flýsleggja gólf í fordyri hússins... ... ... ... ... ... ... ... ... 2550— ...

106. Brtt. 396.
Við 13. Í stað »1000—1000«.
komi: 2000—2000.
Til vara: 1500—1500.

107. Brtt. 426.
Við 14. Aftan við liðinn bætist nýr liður
15. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda ... ... ... ... ... 600— 600

108. Brtt. 430.
Við Brtt. 350, 71. Fyrir »2000«.
komi: 2400.

109. Brtt. 431, 1.
Við Brtt. 350, 71. Fyrir »2000«
komi: 1200.

110. Brtt. 350, 71.
Við 16. Fyrir »1200—1200«
komi: ... ... ... ... ... ... ... ... ... 2000— ...

111. Brtt. 454.
Við Brtt. 350, 72. Fyrir »200«
komi: 2400.

112. Brtt. 431, 2.
Við Brtt. 350, 72. Fyrir »2000«
komi: 1200.

113. Brtt. 350, 72.
Við 17. Fyrir »1200—1200«
komi: ... ... ... ... ... ... ... ... ... 2000— ...

114. Brtt. 431, 3.
Við Brtt. 350, 73. Fyrir »1600«
komi: 800.

115. Brtt. 350, 73.
Við 18. Fyrir »800—800«
komi: .. ... ... ... ... .. ... ... ... 1600— ...

116. Brtt. 431, 4.
Við Brtt. 350, 74. Fyrir »2400«
komi: 1500.

117. Brtt. 350, 74.
Við 19. Fyrir »1200—1200«
komi: ... ... ... ... ... ... ... ... ... 2400— ...

118. Brtt. 350, 75.
Við 20. Fyrir »600—600«
komi: ... ... ... ... ... ... ... ... ... 1200 – ...

119. Brtt. 431, 5.
Við Brtt. 350, 76. Fyrir »1200«
komi: 600.

120. Brtt. 350, 76.
Við 21. Fyrir »400—400«
komi: ... ... ... ... ... ... ... ... ... 1200— ...

121. Brtt. 350, 77.
Við 22. Liðurinn falli burt, en í staðinn fyrir hann komi nýr liður:

| | 1914 | 1915 |
|---|---|---|
| a. Til þess að kaupa listaverk eftir íslenska myndhöggvara ... ... | 2400— | ... |
| b. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara ... ... ... ... | —2000 | |
| | 2400— | 2000 |

122. Brtt. 459,
Við 23. Í stað »800—«
komi: 800—800

123. Brtt. 350, 78.
Við 23. Á eftir þeim lið komi tveir nýir liðir:
1. Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til þess

að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... 600— 600

2. Styrkur til Rikharðs Jónssonar, til þess að ljúka námi við listaháskólans í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... ... 1000— ...

124. Brtt. 397.
Við 23. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn .. 400— 400

125. Brtt. 350, 79.
Við 26. Liðurinn orðist þannig:
Til Jóns Ófafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum 1. og 2. greiðsla af 8 ára styrk ... ... ... ... ... ... ... 3000—3000
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn láti af öllum öðrum launuðum störfum

126. Brtt. 350, 80.
Við 27. Liðurinn orðist þannið:
Ferðastyrkur til Jóns Jónssonar docents til sögulegra rannsókna á erlendum skjölum ... 1200— ...

127. Brtt. 445. (fyrri liður).
Við 28. Liðurinn falli burtu.

128. Brtt. 439.
Við 28. Fyrir »2500—2500«
komi: 1500—1500.
Til vara:
2500 (seinna árið) falli burt.

129. Brtt. 350, 81.
Við 28. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til Boga Th. Melsteð til að rita Íslendingasögu 800— 800

130. Brtt. 350, 82.
Við 31. Fyrir »1500—1500«
komi: 1200—1200.

131. Brtt. 350, 83.
Við 32. Liðurinn falli burt.

132. Brtt. 350, 84.
Við 33. Fyrir »2000—2000«
komi: 1200—1200.

133. Brtt. 350, 85. a.
Við 34. Liðurinn falli burt.

134. Brtt. 350, 85. b.
Við 35. Fyrir »600—600« komi: 400—400.

135. Brtt. 400.
Við 35. Aftan við þann lið komi 2 nýir liðir svohljóðandi:

| | | |
|---|---|---|
| Til Reynis Gíslasonar til að fullnuma sig í hljómfræði og hljóðfæraslætti ... ... ... | 600— | ... |
| Til Eggerts Guðmundssonar og Þórarins Guðmundssonar, til að fullnuma sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði ... ... ... ... ... | 1600— | ... |

136. Brtt. 414.
Við 39. Á eftir þeim lið komi nýr liður svo hljóðandi:

| | | |
|---|---|---|
| Til Einars Jónssonar myndasmiðs, til þess að flytja til Reykjavíkur alt myndasafn sitt, sem verði svo eign landsins ... ... ... ... | 4000— | .. |

137. Brtt. 445 (síðari liður).
Við 41. Liðurinn falli burt.

138. Brtt. 350,86.
Við 41. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Fjelagið gefi stjórnarráðinu reikning fyrir því, hvernig fjenu er varið.

139. Brtt. 350, 87.
Við 42. Liðurinn og athugasemdin falli burt, en í staðinn fyrir liðinn komi nýr liður:

| | | |
|---|---|---|
| Til Íþróttasambands Íslands ... ... ... | 500— | 500 |

140. Brtt. 393.
Við 42. Nýr tölul. bætist við:
43. Til Sighvatar Gr. Borgfirðings, til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík... ... ... ... 300— »

16. gr.

141. Brtt. 350,88.
Liðirnir 1—4, 5 a—d, 6 og 7 falli burt.

142. Brtt. 401.
Við 4. Aftan við þann lið komi nýr liður svohljóðandi:
Til Eggerts Briem til að nema rafmagns- og vjelafræði ... ... ... ... ... ... ... 800— 800

143. Brtt. 350,89.
Við 9. b. Liðurinn orðist þannig:
Til nýrra rannsókna til undirbúnings áveitu á Skeið og Flóa, gegn því, að sýslan leggi til það, sem umfram þarf, alt að ... ... 5000 — »

144. Brtt. 418.
Við 9. b. Aftan við liðiun bætist nýr liður, er verður c.
Til endurbyggingar á mjólkurskálanum við mjólkurskólann á Hvítárvöllum, alt að 1000 — »

145. Brt. 350,90.
Við 10. Fyrir »20000—20000«
komi: 22000—22000.

146. Brtt. 350, 91.
Við 10. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til fyrirhleðslu fyrir Holtsá ... ... ... ... 3700— »

147. Brtt. 350, 92.
Við 11. b. Fyrir: »10000—10000«
komi: 14000—10000.

148. Brtt. 398.
Við 12. Eftir þeim tölulið komi nýr liður svohljóðandi:
Styrkur til að ryðja vör við Ingólfshöfða og gera veg upp höfðann ... ... ... ... ... 4000— »
Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje fram annarstaðar frá upphæð sú, er til vantar.

149. Brtt. 350, 93.
Við 15. a. Liðurinn orðist þannig:
Laun forstöðumanns, auk 25% af bruttotekjum stofnunarinnar . ... ... ... 2400— 2400
Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forstöðumanns.

150. Brtt. 350, 94.
Við 15. c. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
d. Til áhaldakaupa ... ... ... ... .. ... 1000— »

151. Brtt. 350, 95.
Við 15. Á eftir þeim lið komi annar nýr liður:
Til Gísla Guðmundssonar til gerlarannsókna erlendis... ... ... ... .. ... ... ... .. 1500— »

152. Brtt. 462. N.
Við Brtt. 384.
Fyrir »10000—10000«
komi: 5000—5000.
Fyrir orðin í athugasemdinni »eigi minni«
komi: tvöföld.

153. Brtt. 384.
Við 17. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður svo látandi:
Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... ... ... ... ... ... ... ... 10000—10000
Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje og fram eigi minni upphæð annars staðar frá.

154. Brtt. 350, 96.
Við 19. Á eftir þessum lið komi tveir nýir liðir:
Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga og Sláturfjelags Suðurlands, til þess að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum landafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að ... ... ... ... ... 4000— 4000
Til að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að . 4000— 4000

155. Brtt. 350, 97.
Við 21. Fyrir »2500—2500«
komi: 12500—12500.

156. Brtt. 350, 98.
Við 23. Liðurinn orðist þannig:
a. Til leiðbeiningar í ullarverkun ... ... ... 1200— 1200
b. Ferðakostnaður ... ... ... ... ... ... 400— 400

157. Brtt. 395.
Við 25. Í stað »1000—1000«
komi: 2000—2000.
Til vara: 1500—1500.

158. Brtt. 421.
Við 26. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina... 200— 200
Síðari töluliðir greinarinnar breytist samkvæmt því.

159. Brtt. 350, 99.
Við 28. Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
29. Styrkur til Sveins Oddssonar, til þess að halda uppi vöru- og mannflutningum á bifreiðum til og frá Reykjavík... ... ... 5000— ...
Flutningaferðirnar sjeu reglubundnar og samkvæmt áætlun, er stjórnarráðið samþykkir.
30. Styrkur til Hjálpræðishersins, til þess að koma upp gistihæli og sjómannahæli í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... 1000— ...
31. Styrkur til Steingríms Jónssonar, til þess að halda áfram námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... — 800
32. Til Guðmundar sýslumanns Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar í viðurkenningarskyni fyrir góða framgöngu við tilraun til að hefta botnvörpung, 500 kr. handa hvorum ... ... ... ... 1000— ...

160. Brtt. 428.
Við 28. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... — 6000
Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota.

161. Brtt. 436.
Við 28. Á eftir þeim lið komi nýr liður (29) þannig:
Til Þórarins E. Tuliniusar til að halda uppi reglubundnum flutningum með sjálfrenningi (»automobil«), þannig að flutningsgjald sje bundið samþykki stjórnarráðsins ... ... 1200— 1200
Gegn 800 kr. tillagi hvort árið frá sýslusjóðum Múlasýslna (400 kr. frá hvorri).

17. gr.
Óbreytt.

18. gr.

162. Brtt. 350, 100.
Fyrir »158000 kr.«
komi: 161700 kr. (eða breytist samkv. atkvæðagreiðslu um einstakar brtt. við greinina).

163. Brtt. 350, 101.
Á eftir »viðbót við eftirlaun Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 aurar«
komi: Viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.
Til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.

164. Brtt. 392.
Á eftir »Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.«
komi: Viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.

165. Brtt. 350, 102.
Á eftir »Til Hjartar Snorrasonar fyrrum skólastjóra og kennara 500 kr.«
komi: Til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.

166. Brtt. 387.
Aftan við greinina bætist:
Til Jakobs bónda Hagalínssonar á Kollsá fyrra árið 300 kr.

19. gr.
Óbreytt.

167. Brtt. 350, 103.
Við 19. gr. Á eftir greininni komi ný grein:
Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. . . . greiðist úr viðlagasjóði.

20. gr.

168. Brtt. 350, 104.
Fyrir fyrstu málsgrein komi:
Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

169. Brtt. 373.
Við 3. Aftan við þann lið bætist nýr liður svolátandi: Til Vestur-Ísafjarðarsýslu til að leggja talsíma til Súgandafjarðar 7000 kr. Lánið veitist með 4% vöxtum og endurgreiðist á 18 árum.

170 Brtt. 350, 105.
Við 4. Orðin »hvort árið« falli burt.

171. Brtt. 420.
Við 350, 106. Í staðinn fyrir »Alt að 5000 kr.« komi: alt að 10000 kr.

172. Brtt. 350, 106.
Við 4. Aftan við liðinn bætist:
Sýslufjelögum má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr. hvort árið, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við, að að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðist á 15 árum.

173. Brtt. 350, 107.
Við 4. Aftan við bætist:
Rangárvallasýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 14000 kr. til að kaupa jörðina Stórólfshvol með hjáleigum, fyrir læknissetur, og til þess að hafa þar sjúkraskýli. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

174. Brtt. 386.
Á eftir 107. tölulið í breytingar- og viðaukatillögum fjárlaganefndarinnar (á þingskjali 350) komi:
Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu má, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, lána alt að 20 þús. kr. úr viðlagasjóði til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað.
Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

175. Brtt. 350, 108.
Við 4. Aftan við bætist:
Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelagsins, til að raflýsa Vík í Mýrdal. Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

176. Brtt. 350, 109.
Við 4. Aftan við bætist:
Hvanneyrarhreppi í Eyjafjarðarsýslu má lána úr viðlagasjóði 18000 kr., til þess að raflýsa

Siglufjarðarkauptún. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

177. Brtt. 350, 110.
Við 4. Aftan við bætist:
Úr viðlagasjóði má lána Jóni Björnssyni & Co. í Borgarnesi 7000 kr. til byggingar ullarþvottahúss. Full trygging sje sett fyrir láninu, og greiðist af því $4^1/_2$% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 14 árum.

178. Brtt. 350, 111.
Við 4. Aftan við bætist:
Stjórninni veitist heimild til að breyta afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppur fjekk úr viðlagasjóði 1908, að upphæð 10000 kr., þannig að lánið borgist á 25 árum í stað 15, enda rýrni eigi tryggingin fyrir láninu.

179. Brtt. 416.
Við 4. Aftan við greinina bætist nýr liður, svohljóðandi:
Úr viðlagasjóði má lána póstafgreiðslumanni og símstjóra Jósef Blöndal á Siglufirði 5000 kr. til byggingar íbúðarhúss, er jafnframt veiti nægilegt húsrúm fyrir póst og símastöð, með sanngjörnum kjörum. Full trygging sje sett fyrir láninu og greiðist af því $4^1/_2$% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum, enda samþykki stjórnarráðið alt fyrirkomulag á byggingunni.

180. Brtt. 419.
Við 4. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu alt að 30000 kr. til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

21. gr.
Óbreytt.

Nd. **465. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga 1914—1915 á þgskj. 414.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Á undan tölunni »4000« komi: alt að.

Nd. **466. Breytingartillaga**

við frv. til laga um ábyrgðarfjelög (þskj. 442).

Frá nefndinni.

Aftan við 1. lið 2. gr. bætist: »Að því er til sjóvátryggingar kemur, skal það þó vera á valdi þess sem, ábyrgðar leitar, hvort hann vill fá ábyrgðarskírteini á íslensku eða á útlendu máli«.

Nd. **467. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 14. gr. B. VII. C. 1. Fyrir »Til unglingaskóla utan kaupstaða ... ... alt að« komi: Til unglingaskóla alt að.

Ed. **468. Lög**

um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

(Samþykt í Ed. 18. ágúst).

1. gr.

Af sektarfje fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands.

2. gr.

Í sjóð þennan renna $^2/_3$ sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum $^2/_3$ netto andvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Til sjóðsins leggur og landssjóður 5000 krónur á ári, er telst með árstekjum hans.

4. gr.

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hve nær hann tekur til starfa og hve miklu af fje hans skal til þessara varna varið.

5. gr.

Til þess tíma, sem ákveðinn er í 4. gr., má ekki skerða sjóðinn, og skulu allir vextirnir af stofnfje hans leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal hún ávaxta fje hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed. **469. Lög**

um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld.

(Samþykt í Ed. 18. ágúst).

1. gr.

Fyrsta grein orðist þannig:

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, og veidd er í herpinót eða reknet, og söltuð er á landi eða hjer við land.

Auk þess skal öllum gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

2. gr.

Orðin »á nefndu svæði« í 3. gr. falli burt.

3. gr.

Orðin: »og metið« í niðurlagi 2. málsgreinar í 5. grein falli burt.

Aftan við sömu grein bætist:

Undir sjerstökum kringumstæðum má yfirmatsmaður leyfa skoðun á síld, er ekki hefir í fyrstu verið ætluð til útflutnings, og það af henni, er þá kynni að reynast góð vara má senda til útlanda á venjulegan hátt.

4. gr.

Orðin í 8. gr.: »Annar þeirra .... starfsvið þeirra« falli burt og í staðinn komi: Stjórnarráðið ákveður aðsetur þeirra og starfsvið.

Orðin í sömu grein: »Útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir« falli burt, en í þeirra stað komi: þeim, er síldina lætur salta.

5. gr.

10. grein orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 11. júlí 1911 um skoðun á síld, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt, sem lög um skoðun á síld.

Ed. **470. Frumvarp**

til laga um forðagæslu.

(Eftir 2. umr í Ed.).

A. Skipun forðagæslumanna.

1. gr.

Í hverjum hreppi skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðnm hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi.

Sýslunefnd skal ákveða tölu forðagæslumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar.

2. gr.

Forðagæslumenn skal kjósa 3. hvert ár til 3 ára í senn um leið og hreppsnefndarkosning fer fram og að henni aflokinni. Skulu gilda sömu reglur um kosninguna sem um hreppsnefndarkosningu og hafa þeir allir kosningarrjett, sem þann rjett hafa til hreppsnefndarkosningar.

Hver karlmaður, sem er kjörgengur til hreppsnefndar, skal vera skyldur til að takast þennan starfa á hendur.

Skorast geta menn undan þessu starfi af samskonar ástæðum, sem þá er menn skorast undan hreppsnefndarstarfi.

Ef forðagæslumaður deyr eða lætur af starfi sínu af öðrum ástæðum, áður en kjörtími hans er liðinn, skal þegar kjósa mann í hans stað til þess tíma aðeins, sem eftir var af kjörtíma hans, og fer um þá kosningu, sem um aukakosningu í hreppsnefnd.

B. Verksvið forðagæslumanna og laun þeirra.

3. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma þrisvar á ári til eftirlits á hvert heimili, sem hreppurinn hefir falið honum, í fyrsta sinn á hausti, í annað sinn upp úr miðjum vetri, í þriðja sinn á vori.

Í hverri ferð skal hann athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda, og meðferðina á skepnunum. Í haustferð og miðsvetrarferð skal hann jafnframt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir, og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili, en í vorferð heyfyrningar og skepnuhöld. Skal hann jafnan mæla heyin og meta fóðurgildi þeirra.

Þar að auki skal forðagæslumaður, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili sem lenda í þröng.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargerðir sínar í þar til gerða bók, sem hreppsjóður borgar.

Eftir haustskoðun og vetrarskoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega, hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gerist á aukaskoðunum, skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða vísari, og hverrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanna, að gefa hverjum búanda holl ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu.

Þegar þeir fara vorskoðunarferðir, skulu þeir veita hverjum búanda rjettlátan vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir því næst senda sýslumanni upp úr fardögum aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er að enda, og skal sýslumaður lesa þá skýrslu upp á næsta manntalsþingi og grenslast eftir því, hvort hún er sönn og rjett.

Á hausthreppaskilum skal hreppstjóri lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð, og greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Sýslunefnd skal semja reglugerð fyrir forðagæslumenn eftir fyrirmynd, sem hallærisvarnastjórnin lætur í té, og skal þar sagt ítarlega fyrir um öll störf og skýrslugerðir forðagæslumanna.

Þessar reglugerðir skulu sýslunefndir senda stjórnarráðinu til staðfestingar, en það leitar í hvert sinn álits hallærisvarnastjórnarinnar.

C. Um skyldur þeirra, er komast í fóðurþröng o. fl.

9. gr.

Ef búandi kemst í fóðurþröng og finnur forðagæslumaður, að búpeningur hans er í slæmu standi, eða líkur til, að skepnurnar kunni að kveljast eða falla af fóðurskorti, þá skal hann hvetja búandann til þess að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða ráða honum, hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálpar von.

10. gr.

Ef búandi er í fóðurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, hvorki afla sjer fóðurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum, en hann gera sýslumanni aðvart. Getur sýslumaður þá eftir tillögum forðagæslumanns skipað búandanum að afla sjer tiltekinna, nægilegra fóðurbirgða, ef þess er kostur, en kjósi búandinn heldur að farga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fóðurs.

11. gr.

Brot gegn þessum lögum eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim varða fangelsi eða sektum, nema hærri hegning sje á kveðin í almennum lögum. Sektir renna í sveitasjóð.

Með mál, er rísa út af brotum gegn þessum lögum, skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr.

Lög nr. 7, 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. eru úr gildi numin.

Nd. **471. Breytingartillaga**

Við breytingartill. á þingskj. 350 (fjárl.).

Frá fjárlaganefndinni.

Við 74. lið: Fyrir »2400 — »
komi 2000

Nd. **472. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá ráðherra.

Við 16. gr. 13. d. Aftan við liðinn bætist nýr liður:
Hálfs árs styrkur fyrir 1 dýralæknisnemanda erlendis ... ... ... ... ... ... ... ... ... 300 — ...

Ed. **473. Nefndarálit**

um frumv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Undirfelli með hjáleigunni Snæringsstöðum í Vatnsdal í Húnavatnssýslu.

Vjer sem háttv. efri deild Alþingis kaus til þess að yfirvega frumvarp þetta, höfum athugað það og öll skjöl þar að lútandi.

Mál þetta er þannig vaxið, að í marsmánuði 1912 sækir ábúandinn á Undirfelli um kaup á þessari ábýlisjörð sinni. Sýslunefndin samþykti með 3 atkv. gegn 2, að jörðin heyrði ekki undir 2. gr. í lögum frá 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða; 2 af sýslunefndarmönnunum greiddu ekki atkvæði og skrifuðu heldur ekki undir ágreiningsatkvæði það, sem þessir 2 menn, er á móti voru, gerðu við sýslufundargerðina út af þessu og töldu sig því sjálfir ótvíræðlega með meiri hlutanum. Nokkru síðar virtu dómkvaddir menn jörðina Undirfell ásamt hjáleigunni Snæringsstöðum til peningaverðs. Hafði þó ekki hjáleigan Snæringsstaðir verið nefnd í umsókn ábúanda, eða sýslufundargerð, og heldur ekki í skipunarbrjefi sýslumanns. Mál þetta gekk svo til stjórnarráðs ásamt umsögn landsdrottins, prestsins í Steinnesi. Eftir að stjórnarráðið hafði svo fengið umsögn biskups um, hvort jörðin myndi verða notuð sem prestssetur, sendir það málið aftur til sýslunefndar til nýrrar atkvæðagreiðslu. Hvaða ástæður því hafa valdið, er nefndinni ókunnugt um, en geta má þess, að 3 menn, 2 úr Áshrepp og 1 úr Sveinsstaðahreppi, hafa skrifað stjórnarráðinu um málið í milli tíð og haft á móti sölunni. En það sem skeður við þessa nýju atkvæðagreiðslu í sýslunefndinni, er það, að nú er jörðin talin að heyra undir 2. gr. kirkjujarðasölulaganna með 4 atkv. gegn 1; einn greiddi ekki atkvæði.

Á þessum tíma veit sá maður í nefndinni, sem kunnugur er málinu, ekki til þess, að nokkrar nýjar upplýsingar hafi komið fram, heldur hafi hið sama valdið ágreiningnum eins og 1912, sem sje:

1. Hvort jörð þessi myndi í framtíðinni verða notuð sem prestssetur og
2. Hvort hún væri ekki hentug sem skólasetur í Áshreppi.

Hinu fyrra er svarað með brjefi biskups, sem áður er getið, dags. 13. júlí 1912 til stjórnarráðs Íslands, þar sem honum í niðurlagi brjefsins farast

þannig orð: »Jeg get því eigi sjeð ástæðu til að halda í þessa góðu og farsælu jörð í því skyni að varðveita hana sem prestssetur«.

Um hið síðara hafa orðið deilur nokkrar, og telja þeir það aðalástæðu, sem ekki vilja að jörðin sje seld. Nefndinni virðist, að til þess geti nú naumast komið, að í sveitum verði settir upp heimavistarskólar fyrir börn, og teknar undir þá stórar jarðir, en til heimangönguskóla er jörðin ekki hentug, nema fyrir part af sveitinni. Enda hafa nú sveitarbúar bygt eða lagt fje í skólastofu annarsstaðar, í Þórormstungu, sem stendur nokkru innar í dalnum.

Nefndin hefir einnig leitað álits fræðslumálastjórans um þetta efni, og hefir hann með brjefi dags. 13. þ. m. látið álit sitt í ljósi á þá leið, að hann telji það ekki líklegt, að jörðin Undirfell verði notuð sem skólajörð, nema þá fyrir ungmennaskóla fyrir alla sýsluna; en til þess getur að nefndarinnar áliti ekki komið, þar sem slíkir skólar myndu að sjálfsögðu helst verða settir í kauptúnum eða nálægt þeim. Aftur telur fræðslumálastjórinn, að hjáleigan Snæringsstaðir, sje hentug fyrir barnakennara til ábúðar og alveg nægilega stór sem skólasetur fyrir barnaskóla hreppsins.

Þegar nefndin lítur nú á mál þetta með öllum þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er hún samhuga um:

1. Að atkvæðagreiðsla sú, sem framfór í sýslunefnd Austur-Húnavatssýslu í marsmánuði 1912, um sölu á áðurnefndri kirkjujörð, hafi verið nægilega ábyggileg, og því óþarfi að láta málið ganga til sýslunefndar aftur.
2. Að hjáleigan Snæringsstaðir, sem ábúandinn nefnir aldrei í kaupbeiðni sinni og sýslunefnd heldur ekki, og sem samkvæmt framkomnum upplýsingum hefir ávalt verið talin sjerstök jörð með greinilega afmörkuðu túni og engjum, verði ekki álitin að heyra undir heimild á sölu Undirfells, og því beri að virða þá jörð sjerstaklega og selja hana ekki með Undirfelli.

Af þessum ástæðum leggur nefndin til: Að máli þessu verði vísað til hinnar háttv. stjórnar til framkvæmda.

Efri deild Alþingis, 19. ágúst 1913.

| G. Björnsson, form. | Steingrímur Jónsson. | Þórarinn Jónsson, skrifari og framsögum. |
|---|---|---|

Ed. **474. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt um hringnótaveiði á Eyjafirði. (Þingskj. 324).

Nefndin, sem háttvirt deild skipaði til að athuga frumvarp þetta, hefir ekki getað orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar vill styðja málið, en minni hluti nefndarinnar er því andvígur og vill fella það.

Það, sem með frumvarpinu mælir að áliti meiri hlutans er einkum þetta:

1, Frumvarpið er fram komið fyrir eindregnar óskir margra kjósenda við Eyjafjörð, og allmargir kjósendur við Skagafjörð hafa einnig óskað eftir lögum í þessa átt. Og þótt meiri hlutinn í nefndinni játi, að rjett sje, að þingið viðhafi alla gætni í því, að fara eftir óskum kjósenda í einstökum hjeruðum landsins um alt það, sem er takmörkun á atvinnurekstri, þá ber þó þinginu að sjálfsögðu að taka sanngjarnt tillit til slíkra óska, athuga þær eftir föngum og verða við óskunum, ef búast má við, að *meiri hagur verði af því fyrir atvinnurekendur landsins, en óhagur sá, er aðrir atvinnurekendur eða einstakir menn kunna að verða fyrir af takmörkuninni.*

2. Nú er það álit margra sjómanna norður þar, sem síldveiði hafa stundað og veitt hafa eftirtekt atferli síldarinnar, að hringnótaveiðin eða herpinótaveiðin, sem nefndin vill nefna veiðiaðferð þessa, verði til þess að spilla fyrir öðrum veiðiaðferðum á fjörðum inni. Þeir telja það engum vafa bundið, að herpinótaveiði, rekin á fjörðum inni, verði þess valdandi, að síldin staðnæmist lítt á fjörðunum, en leiti til hafs fyrir stygð þá, sem hún verður fyrir. Þetta leiðir svo aftur til þess, að þeirra áliti, að þær veiðiaðferðir geti ekki notið sín, sem bundnar eru við innri hluta fjarðanna og einkum sje *stórspilt allri lagnetaveiði.*

Meiri hluti nefndarinnar verður að líta svo á, sem allmikið tillit verði að taka til slíkra umsagna, og að sennilegt sje, að þeir, sem þessu halda fram, hafi nokkuð til síns máls. En með því veiðiaðferðir þær, sem fram er haldið að spilt sje fyrir með herpinótaveiði inni á fjörðum, eru *almennari bjargræðisvegur* en herpinótaveiðin, og lagnetaveiði sjerstaklega bjargræðisvegur hinna fátækari, þá verður meiri hlutinn í nefndinni að vera þeirrar skoðunar, að rjett sje, að fjöldanum sje gefinn kostur á að verja þennan bjargræðisveg sinn fyrir ágangi og eyðileggingu með samþyktum þeim, er um ræðir í frumvarpinu. Sá óhagur, sem herpinótaveiði gæti haft af því yfirleitt, að hún væri útilokuð á tiltölulega litlum svæðum, myndi naumast verða tilfinnanlegur og ekki koma niður á nema fremur fáum.

3. Að svó mörgum mönnum, sem fiskveiði stunda, er mál þetta áhugamál, mun allmikið stafa af því, að þeir telja svo mikilsvert vegna þorskveiðanna, að síld haldist sem lengst inni á fjörðum og veiðist í lagnet. Þetta veitir þeim góða beitu fyrir þorskinn og gerir bátfiskið arðvænt. Sje því svo, að herpinótaveiðin hafi þau áhrif á síldveiði í lagnet, sem áður er sagt, þá er auðsætt, að *óbeint* getur af henni leitt *stórtap fyrir bátfiski* á fjörðunum, og þetta atriði er *þungt á metunum* að áliti meiri hlutans í nefndinni.

Af þessum sökum vill meiri hluti nefndarinnar mæla með því, að háttv. deild samþykki frumvarpið með þeim breytingum, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu fái samskonar samþyktarvald um herpinótaveiði á innri hluta Skagafjarðar eins og sýslunefndir Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar fá, að því er Eyjafjörð snertir, og að línan á Eyjafirði sje nánar ákveðin. en gert er í frumvarpinu. Ennfremur leggjum vjer til, að orðið »hringnót« bæði í fyrirsögninni og í frumvarpinu verði felt burtu, en í þess stað sett orðið herpinót, sem er hið rjetta nafn þeirra nóta, sem hjer ræðir um, enda notað í öðrum frumvörpum nú á þessu þingi.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því til, að frumvarpið verði samþykt með breytingum þeim, er hjer fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR;

1. Við 1. gr,
   a. Í stað orðsins »hringnót«
   komi: herpinót.
   b. Í stað orðanna »þannig að . . . Hríseyjar«
   komi: beint frá Rípil um nyrðri enda Hríseyjar og til lands að austanverðu fjarðarins.
   c. Aftan við greinina bætist:
   Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Skagfirði innan beinnar línu milli Kögurnafar á Þórðarhöfða og Reykjadisks.
2. Fyrirsögn frumvarpsins vereði:
   Frumvarp til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði.

Neðri deild alþingis, 18. ágúst 1913.

Jósef Björnsson, (skrifari og framsögum.). Steingrímur Jónsson.

Nefndarálit

minni hlutans í málinu;
frumvarp til laga um samþyktir um hringnótaveiði á Eyjafirði.

Jeg hef eigi getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum í þessu máli.

Jeg álít yfirleitt, að það sje varhugavert og jafnvel rangt, að alþingi afsali sjer nokkrum hluta af löggjafarvaldi sínu, hvort heldur í hendur stjórnarvöldum eða sveitarnefndum, þegar spurning er um reglur, sem snerta aðalatvinnuvegi landsmanna, sjer í lagi sjávarútveginn.

Út úr lögum, 14. des. 1887 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, spunnust, svo sem kunnugt er, margar fiskiveiðasamþyktir, en allar, eða því nær allar, hafa þær reynst illa, og átti sjer þetta einkum stað um fiskiveiða- samþyktirnar við sunnanverðan Faxaflóa; á hinn bóginn var það stundum allörðugt, að losast við þessar samþyktir, þótt menn alment væru óánægðir með þær. Að því leyti, er snertir frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er jeg að öllu leyti samdóma minni hluta nefndar þeirrar, sem meðhöndlað hefir þetta mál í háttvirti neðri deild, og aðhyllist skoðanir hans um það. Jeg læt mjer nægja að vísa til þess, sem minni hluti þessi hefir tekið fram á þingskjali 250 hjer að lútandi, og leyfi mjer að ráða háttvirtri efri deild þingsins til þess að fella frumvarp þetta.

Efri deild alþingis, 18, ágúst 1913.

J. Havsteen.
(formaður).

Ed. **475. Nefndarálit**

um frumvarp til girðingalaga.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. neðri deild; tilgangur þess er sá að bæta úr þeim göllum girðingalaganna frá 1909, sem reynslan hefir leitt í ljós, en það er sannað af reynslunni, að nauðsyn sje á að fá ný og ítarlegri lög um þetta efni. Girðingar færast nú mjög í vöxt og eru víðast hvar bráðnauðsynlegustu jarðabæturnar, en ófullnægjandi og óhentug lög hafa að ýmsu leyti valdið vandkvæðum á framkvæmd þeirra eða hindrað þær, og er því bráðnauðsynlegt að fá bætt úr þessu.

Vjer, sem háttvirt efri deild hefir falið frumvarp þetta til athugunar, erum á einu máli um það, að það sje til allverulegra bóta, en leyfum oss þó að ráða til nokkurra breytinga á því, sem hjer skal í stuttu máli gerð grein fyrir.

Orðalag 3. greinar um, að fje sje ætlað í fjárlögum til girðingarefniskaupa, er óviðfeldið, þar sem þó í greininni er eigi að eins átt við lán úr landssjóði heldur einnig úr ræktunarsjóði, sem er fjárlögunum óviðkomandi.

Ákvæði 4. greinar um viðbótarvexti af láni, sem verður afturkræft, af því girðingu er eigi lokið innan ákveðins tíma, eru óljós; þykir oss betur fara á því, að þetta ákvæði sje í samræmi við reglugerð ræktunarsjóðsins, og höfum því breytt orðalaginu á þá leið. En hentara er að tilgreina hlutfallslega hækkun vaxtanna, en að setja ákveðna tölu; þarf þá eigi að breyta þessu ákvæði þó vaxtakjörin breytist,

Samkv. 7. gr. á jarðeigandi, ef jörð fer í eyði, að losna við þá skyldu, að láta girðinguna standa á jörðinni. Virðist oss rjettara, að þetta sje því að eins heimilt, að ekki sje tilætlast, að jörðin byggist aftur, eða að ákveðið sje að leggja jörðina niður sem sjerstakt býli, en ekki, þó jörð fari í eyði af hendingu um stundarsakir.

Í 8. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að rjettur manns til að krefjast framlags til girðingar af þeim, er land á á móti honum sje bundinn við það, að tún eða engjar jarðanna liggi saman, og mun það sjerstaklega hafa vakað fyrir háttv. neðri deild, að þessi rjettur gæti eigi komið til greina, þar sem um viðlend beitilönd er að ræða á báðar hliðar, og um það erum vjer henni sammála, en þá er á það að líta, er svo stendur á, að þar sem girða skal er beitiland á aðra hlið, en á hina tún eða engjar annarar jarðar. Þykir oss rjett að láta rjettinn til að krefjast framlags einnig koma til greina, þar sem svo stendur á.

Síðari málsgrein 8. gr. er auðsjáanlega sett í þeim tilgangi fyrst og fremst, að koma í veg fyrir það, að menn þurfi að elta hvern smákrók á landamerkjum, en geti girt beint, ef þeim er land á á móti getur verið bagalaust, og er þá sjálfsagt, að girðingin sje þannig sett, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. En eins og greinin er orðuð í frumvarpinu, virðist svo, að sá sem beita vill ójöfnuði og ná sneið af annars manns landi, geti gert þetta, ef honum sýnist, að eins ef hinum eru metnar skaðabætur; er því hætt við að þetta gæti leitt til ójafnaðar og ásælni. Þykir oss því nauðsyn á, að tilgangur þessarar greinar komi skýrara í ljós, svo ekki sje hætt við misbeitingu, og að

þessu ákvæði verði misbeitt kemur varla til greina, ef í lögunum er gefin bein skipun um að haga girðingu svo, að sem jafnast sneiðist bæði löndin.

Efni 11. og 12. gr. höfum vjer fært saman í eina grein, og felt sumt í burtu. Í háttv. neðri deild var talsverðu ágreiningur um það, hvort rjett væri að halda ákvæðum vegalaganna um leyfi til að girða yfir vegi. Vjer lítum svo á, að þessi ákvæði sjeu gagnslítil og að sumu leyti óheppileg, og að þetta sje þegar sannað af reynslunni; viljum vjer því fella þessi ákvæði burtu, nema þar sem um flutningabrautir er að ræða, en enga ástæðu sjáum vjer til þess, að lengra þurfi að fara en til sýslunefndar, til að fá þetta leyfi, óþarfa krókar að leita leyfisins til stjórnarráðsins, töf fyrir umsækjanda og ómak fyrir stjórnarráðið, sem þykir hafa ærið annríki áður. Það er að öllu leyti eðlilegast, að sýslunefndir veiti leyfið, þar sem viðhald flutningabrautanna og eftirlit með þeim, hvílir á sýslunum, og sýslunefnd hefir einnig meiri kunnugleika, til þess að geta dæmt um, hvort rjett er að veita leyfið eða ekki.

Í greininni eru, eins og vjer leggjum til að hún sje orðuð, taldir allir þeir vegir, sem komið geta til greina, en orðin, »stígur eða götutroðningur« leggjum vjer til, að falli burt; teljum það óhafandi, að skylda landeiganda til að hafa hlið á girðingu hvervetna, þar sem stígar eða troðningar finnast, því ef þessir stígar geta ekki talist til neinna þeirra vega, sem nefndir eru í greininni, eða vetrarleiða, hljóta þeir að vera með öllu óþarfir, enda þessi orð svo óákveðin, að samkvæmt þeim mætti skylda þann, sem girðir, til þess að setja hlið á girðinguna, alveg að ástæðulausu, sjer til stórbaga.

Þá höfum vjer sett nokkru fyllri ákvæði um hlið, þar sem girðing liggur yfir sleðabrautir eða aðrar vetrarleiðir, en engin veruleg efnisbreyting er þar gerð, og því ekki ástæða til að geta þeirra nánar hjer.

Girðingar með 1 eða 2 gaddavírsstrengjum eru mjög algengar, eru þær gerðar til varnar fyrir stórgripum, og oft settur að eins til bráðabyrgða, og mjög óvandlega gerðar, enda engar reglur settar um þær. Þessar girðingar eru oft stórhættulegar fjenaði, og er því nauðsyn á að skipa svo fyrir um þær með lögum, að minni hætta stafi af þeim. Höfum vjer því bætt við nýrri grein í þessu skyni, og þarfnast hún ekki frekari skýringar.

Nokkrar fleiri breytingar ráðum vjer til að gera á frumvarpinu, en þær sem hjer hefir verið getið, en þær eru mest leiðrjettingar, og verður gerð grein fyrir þeim við framsögu málsins.

Samkvæmt framanrituðu verður það tillaga nefndarinnar, að háttvirt efri deild samþykki frumvarpið með breytingum þeim, sem prentaðar eru á þingskjali 476.

Alþingi 19. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| J. Havsteen, | Jón Jónatansson. |
| formaður. | skrifari og framsögum. |

Jósef Björnsson, Einar Jónsson, Guðjón Guðlaugsson.

Ed. **476. Breytingartillögur**

við frumvarp til girðingalaga (þingskj. 353).

Frá nefndinni.

1. við 3. gr. Síðari málsliður greinarinnar orðist svo:

Ef ekki er fje fyrir hendi til að fullnægja öllum þeim, er um lán hafa beðið, skulu þeir, er eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu.

2. við 4. gr. Fyrir 6% í vexti af því komi:

þriðjungi hærri vexti af því en upphaflega var ákveðið, og reiknast þessir viðbótarvextir frá útborgunardegi lánsins.

3. við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlast, að hún byggist aftur, og verða eigi lengur not að girðingunni, losnar þá jarðeigandi við þá skyldu ... ... og svo síðan sem í frumvarpinu.

4. við 8. gr. Á eftir orðunum »fleiri jarða saman« í fyrstu línu, komi:

eða tún eða engjar jarðar liggja að beitilandi annara.

5. við 9. gr. Síðari málsgreinin orðist svo:

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur, eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en maður vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn meta, að eigi sjeu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið, og skulu þá úttektarmenn meta skaðabætur þeim er landið missir. Rjettur til annara afnota en engja og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skifti löndum til fullnustu.

6. Í stað 11. og 12. greinar komi ný grein sem verður 11. gr., svohljóðandi:

Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut eða fjallveg, nema hlið sje á fyrir veginum, en þá skal það vera heimilt; leita þarf þó samþykkis sýslunefndar ef um flutningabraut er að ræða. Nú er girðing sett yfir veg með hliði fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu varða sektum og skaðabótum.

Nú liggur yfir land forn fjallvegur, afrjettarvegur, eða bæjavegur, og telst eigi til neins vegaflokks, gildir þá hið sama um þá, vegi og vegi þá er áður eru taldir.

Eigi má landeigandi læsa hliði nje með öðru móti hindra umferð um slíkan veg nema hreppsnefnd leyfi.

Sama gildir og um sleðabrautir og aðrar vetrarleiðir sem nauðsynlegar

eru til almenningsnota. Þar sem svo stendur á, má landeigandi kjósa um að taka upp girðinguna að vetrinum þar sem hún liggur yfir leiðina, eða búa svo um hlið, að auðvelt sje að opna, þó að snjór leggist að. Skylt er við slík hlið að hafa hlaðna kampa, vörðu eða háan stólpa, með áneglda spjaldi, svo glöggvar sjáist hliðið álengdar. Nánari ákvæði um þetta setur sýslunefnd, ef leiðin liggur um fleiri hreppa en einn, en hreppsnefnd, ef um innanhreppsveg er að ræða.

7. Á undan 13. gr. komi ný grein sem verður 12 gr., svohljóðandi:

Stórgripagirðingar með 1 eða 2 gaddavírsstrengjum skulu ávalt þannig gerðar, að vírinn sje hvergi minna en 75 sentimetra frá jörð. Vírinn skal strengja vandlega. Nú er girðing illa strengd eða í vanhirðu, svo fjenaður festist í henni eða hlýtur meiðsl af þeim sökum, skal þá eigandi girðingarinnar sæta sektum, og greiða auk þess skaðabætur þeim er fjenaður meiddist fyrir.

8. við 14. gr. fyrir »12« komi: 13.

9. við 15. gr. fyrir »13« komi: 14.

10. við 16. gr. Fyrir »sveitarstjórn« í fyrstu og 3. línu komi: hreppsnefnd. Fyrir tölurnar »12, 13, 14« komi: 13, 14, 15.

11. við 20. gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um túngirðingar nr. 64, 19. des. 1903, lög nr. 22, 20. okt. 1905, um gaddavírsgirðingar, lög nr. 52, 30. júlí 1909 um girðingar, svo og þau ákvæði í 44. og 45. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og önnur lagaákvæði er koma í bága við lög þessi.

Nd **477. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 16. gr. 28. tölulið.

Liðurinn orðist svo:

Til núverandi eftirlitsmanns með því, að samningur um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli og sölu silfurbergs sje haldinn 1000—1000

Ed. **478. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um forðagæslu (þingskj. 470).

Flutningsm.: Jósef Björnsson.

Við 6. gr.

Í stað orðsins »hausthreppaskilum« komi á báðum stöðum: vorhreppaskilum.

Ed. **479. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um vatnsveitingar.

Háttvirt neðri deild Alþingis hefir gert allmiklar breytingar á frumvarpi þessu, og teljum vjer engar af þeim til bóta. Þó eru nokkrar af þeim, svo sem við 2., 3., 6. og 17. gr. svo vaxnar, að vjer viljum ekki gera þær að kappsmáli, af því þær munu ekki gera frumvarpinu í heild verulegan skaða. En þar sem kemur til breytingarinnar á 18. gr. eða úrfellingar hennar, getum vjer ómögulega gefið lengur eftir.

Það er skoðun nefndarinnar, að ákvæðið um eignarnámsheimildina á jörðu sje svo mikilsvert atriði, að það megi alls ekki fella úr frumvarpinu, þegar til þess er litið, að tryggja það heppilega, að einstakir menn geti ekki fyrirbygt og gert að engu stór hagsmunafyrirtæki fjölda manna.

Þegar borin er saman viðleitni háttv. neðri deildar, að setja eitthvað í staðinn fyrir þetta ákvæði, kemur það í ljós, að breytingin er til hins verra.

Það samþyktarákvæði, að taka megi jörð eignarnámi, sem sjaldan eða aldrei mundi fyrir koma, er fyrst og fremst til þess, að tryggja það, að einstakir menn skeri sig ekki út úr almennum fjelagsskap. Í öðru lagi á engum að vera gerður hagsmunalegur skaði, því jörðin á að metast og borgast út, og í þriðja lagi er öllu vafstri lokið, þegar þetta er um garð gengið.

Eftir tillögum háttvirtrar neðri deildar á að taka lögtak á lögtak ofan hjá leiguliða, ef hvorki hann eða landsdrottinn vill leggja fram áveitukostnaðinn. Þessu á að halda áfram, þar til leiguliðinn er orðinn öreigi, þá á að ganga að landsdrottni, sem auðvitað verður að ske með málssókn og þar af leiðandi kostnaði og umstangi, sem ekki einasta gæti tekið mjög langan tíma, heldur á ýmsan annan hátt haft illar afleiðingar, og yrði til þess, að landsdrottinn hefði miklu minna upp úr jörðinni en ella. Þetta er því engin jafnrjettis- eða mannúðaruppbót.

Það sýnist nú raunar hafa verið óvilja verk hjá háttv. neðri deild, að fella úr þessa 18. gr., því tilvitnanir í hana í 22. gr. standa óhaggaðar, og gefur það oss meiri von um, að nánari athuganir muni leiða hana svo langt, að fallast á skoðanir vorar.

Vjer leyfum oss því að gera þessa

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 18. gr.

Greinin falli burtu, en í stað hennar komi ný grein svohljóðandi:

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkv. 17. gr., getur stjórn samáveitunnar krafist þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa áveitufjelaginu. Snýr stjórnarnefndin sjer í því efni til hjeraðsdómarans, sem dómkveður 3 óvilhalla menn utan sveitar og utan áveitusvæðisins til að meta jörðina til eignarnáms. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna. Nú er landeigandi eða áveitufjelagsstjórnin óánægð með matsverðið og má þá hvor um sig skjóta gerðinni til yfirmatsnefndar þeirrar, sem greinir um í 20. gr. Matsnefndirnar skulu láta birta landeiganda og áveitustjórn matsgerðir á sama hátt og dómar eru birtir; kostnaður við það telst til matskostnaðar. Áfrýjunarfrestur er 3 mánuðir frá birtingu. Áður en 5 mánuðir eru liðnir frá birtingu matsgerðar, enda sje undirmatsgerð ekki áfrýjað, skal stjórn áveitufjelagsins krefjast, að eignarnámið fari fram, og leggja fram matsverðið. Áveitufjelaginu eða þeim, er síðar eignast jörðina, er skylt að leggja fram áveitukostnaðinn og öðlast þá þann rjett gagnvart leiguliða, sem segir í 17. gr.

Alþingi, 18. ágúst 1913.

Jón Jónatansson, (formaður) Þórarinn Jónsson, (skrifari og framsögum.). Steingrímur Jónsson.

Eiríkur Briem. Jósef Björnsson.

Ed. **480. Frumvarp**

til laga um sjerstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Öxnadalshreppur í Eyjafjarðarsýslu skal vera sjerstök dómþinghá, og skal þingstaðurinn vera að Þverá.

Ed. **481. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðin: »og nöfnin á hverjum lista — standa á listanum« í niðurlagi síðustu málsgreinar í 2. gr. laganna falli burt.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sje eigi stungið upp á fleiri fulltrúaefnum á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal bæjarfulltrúa, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórn, að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna, sem löglega hefir verið upp á stungið.

Sjeu aftur á móti fulltrúaefni á framkomnum, gildum listum fleiri samtals en kjósa skal fulltrúa, skal kjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kaupstaðinn og gera almenningi kunnugt með uppfestum auglýsingum, hverjir listar sjeu í kjöri, að tilgreindum nöfnum fulltrúaefna og bókstaf hvers lista.

Á kjörseðli skulu allir listar, er gildir hafa verið metnir, skráðir þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstrik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu skráðir á blaðið, hver við annars hlið, eftir stafrófsröð bókstafa sinna og nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista aðgreind með þverstrikum; hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þessa striks, sem takmarkar listann. Eigi tvö eða fleiri fulltrúaefni að öllu samnefnt, skal einkenna þau til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir bæjarstjórnarkosning í N.-kaupstað . . d. mán. 19 . . «, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

3. gr.

Aftan við 1. málsgrein 6. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn fyrir hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa.

Í 2. málsgrein 6. gr. falli burt orðin: »ásamt umslagi« — til enda málsgreinarinnar, svo og 3. og 4. málsgreinin og í þess stað komi:

fer kjósandi með hann inn í kjörklefann (kjörherbergið) að borði því, er þar

stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæðanna. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrikun nafns, ef hann vill útstrika, skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í, er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu, og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar, nema hann sje sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórninni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist á einhvern hátt, eftir að kjósandi tók við honum, þá getur kjósandinn afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðirnar eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

4. gr.

Á eftir orðunum: »skemur en 3 tíma« í 1. málsgrein 7. gr. laganna bætist:

nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar.

5. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfninni er lokið; oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Sje kjósendum skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á honum; sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum meðmælendum og leggur þá svo frá sjer, þannig, að þeir kjörseðlar, sem eru sammerktir, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fari í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,

bætt nafni eða nöfnum við á lista,
skrifað nafn sitt á seðilinn,
sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan,
eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 6. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarjettar. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af, hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá meðmælendum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra fulltrúa, sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu fulltrúanna að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleiri en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefur mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem

honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

7. gr.

Í stað 12. gr. laganna komi svo látandi grein:

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa viðauka þá og breytingar á bæjarstjórnarkosningalögunum frá 10. nóvember 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra; getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem »Lög um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum«, og öðlast þau gildi 1. janúar 1914 í stað nefndra laga.

Ed. **482. Frumvarp**

til laga um ábyrgðarfjelög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk hinnar dönsku lífsábyrgðarstofnunar ríkisins, hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku og ábyrgðarfjelaga, sem stofnuð eru samkvæmt sjerstökum lögum, mega ekki aðrir reka hjer á landi ábyrgðarstarfsemi en hlutafjelög, innlend eða útlend, eða fjelög með gagnkvæmri ábyrgð, eða fjelög sem rekið hafa ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 2 ár, er lög þessi öðlast gildi, enda fullnægi þau öll skilyrðum þeim, sem hjer fara á eftir. Það er ábyrgðarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, að taka að sjer gegn iðgjöldum lífsábyrgðir og vátryggingar, hverju nafni sem nefnast. Starfsemin telst því aðeins rekin hjer á landi, að framboðin sjeu á einhvern hátt af ábyrgðarfjelags hálfu viðskifti innanlands, en ekki þó hjerlendir menn leiti til ábyrgðarfjelaga í öðrum löndum, sem ekki hafa erindsreka hjer í landi, og fái ábyrgðir hjá þeim.

2. gr.

Nú vill útlent ábyrgðarfjelag reka starfsemi hjer á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, einn eða fleiri, búsettan hjer, þann er stjórnarráðið löggildir. Áður en slík löggilding er gefin skal fjelagið afhenda stjórnarráðinu yfir-

lýsing um, að það hafi varnarþing hjer á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður, sá er í hlut á, er búsettur, í öllum þeim málum, sem rísa kunna út af ábyrgðum, sem fjelagið tekst á hendur gagnvart hjer búsettum mönnum, eða stofnunum hjer á landi. Ábyrgðarskírteini skulu vera á íslensku, og skal þar tekið fram, hvar varnarþing sje. Að því er til sjóvátryggingar kemur, skal það þó vera á valdi þess, sem ábyrgðar leitar, hvort hann vill fá ábyrgðarskírteini á íslensku eða á útlendu máli.

Nú vill erlent ábyrgðarfjelag eigi gjalda það fje, sem það hefir verið skyldað til með íslenskum dómi, og skal þá stjórn Íslands sjá um, að þeim dómi verði fullnægt. Kostnað tekur hún úr landssjóði, en gjalda skal dómhafi hann aftur, þá er hann hefir fengið leiðrjetting mála sinna.

Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður sett út um landið, þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist gagnvart vátryggjendum fyrir hönd fjelags síns allar gjörðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi fjelagsins hjer á landi. Tilkynna skal hann stjórnarráðinu, hverjir sjeu undirumboðsmenn.

3. gr.

Öll ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skulu háð eftirliti stjórnarráðsins um það, að ekki sjeu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma i bága við gildandi lög,

4. gr.

Verði ábyrgðarfjelag, er starfar hjer í landi samkvæmt 2. gr., uppvíst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, hefir fjelagið fyrirgert rjetti sínum til þess að taka að sjer nýjar ábyrgðir hjer á landi, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins í hvert skifti.

5. gr.

Sjerhverju ábyrgðarfjelagi, er starfar hjer á landi, er skylt að senda stjórnarráðinu á ári hverju fyrir aprílok skýrslu um starfsemi fjelagsins undanfarið ár í því formi, sem stjórnarráðið ákveður, sbr. lög nr. 20, 3. okt. 1903.

6. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 500—5000 krónum, sem renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed.

## 483. Frumvarp

til laga um umboð þjóðjarða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, öðrum en þeim, er standa undir umsjón sýslumanna.

2. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á þjóðjörðum þeim, er hann hefir umráð yfir. Þó skal bygging þeirra því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

3. gr.

Þjóðjarðir skulu að jafnaði bygðar æfilangt. Eftirgjald þeirra (landskuld og kúgildaleigur), svo og lóðargjöld og rekaleiga, skal ákveðið í peningum, og gjalddagi 31. desember ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, skal ávalt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

4. gr.

Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að þjóðjarðir sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefir og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þetta.

5. gr.

Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld þjóðjarða þeirra, er hann hefir umráð yfir, og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau í landssjóð. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.

6. gr.

Nánari ákvæði um umboð þjóðjarða skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og umboð þjóðjarða losna, þó svo, að 3. gr. komi til framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eigi síðar en við næstu leiguliðaskifti á jörðunum.

Ed.

## 484. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Sóda, krít, bensín, þakhellur (Skifer) og smjörsalt.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, allskonar netagarn, lausar umbúðir, ullarsekkir, fljettuvoðir til umbúða (mottur), strigaábreiður (hvort sem þær eru tjargaðar, tarfaðar eða eigi), vjelaolíur til áburðar, húsapappi, allskonar kaðlar, allskonar færi og fiskinet, kork, netakúlur og flotholt, hjólklafar (blakkir), saumur, ljáblöð, brýni, hverfisteinar, járnkarlar, sleggjur, steðjar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, spaðar, kvíslar, kokolit, akkeri og akkerisfestar, járnbitar til húsagerðar, ofnar, eldavjelar, eldfastur leir, járnpípur og járnbrautarteinar, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður og gólfdúkar (linoleum).

Þriðji liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður) og tvinna og allskonar garni, öðru en veiðarfæragarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. greinar vörutollslaganna, skulu þar taldir bátar.

Sjötti liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir: Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr.

Skip og bátar skulu því að eins undanþegnir vörutolli, að þeim sje siglt til landsins. Pappír skal undanþeginn tollinum; ennfremur tilbúið áburðarefni og leirpípur.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 25 aurar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed.

## 485. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

Flutningsm. Þórarinn Jónsson.

Fyrir »25 aurar« í 2. gr.
komi: 40 aurar.

Ed. **486. Breytingartillögur**

við frv. til laga um forðagæslu.

Frá nefndinni.

1. Við 3. gr.

a) 1. málsgrein orðist þannig:

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar; í fyrra sinni í vetrarbyrjun og aftur síðla vetrar. Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili.

Í reglugerð þeirri, sem sýslunefnd setur samkvæmt 8. gr., skal ákveða, hvenær eftirlitsferðirnar skuli farnar og hvernig forðagæslumaður skuli afla sjer að vorinu vitneskju um fyrningar og skepnuhöld.

b) Fyrir: »Í haustferð ... ... jafnframt« komi: Hann skal ávalt.

c) Orðin: »en í vorferð heyfyrningar og skepnuhöld« falli burtu.

2. Við 5. gr.

Fyrir: »haustskoðun og vetrarskoðun« komi: hverja skoðun.

3. Við 6. gr.

a) Fyrir: »þegar þeir fara vorskoðunarferðir« komi: á hverju vori.

b) Fyrir: »að enda« komi: á enda.

c) Fyrir: »lesa þá skýrslu« — til enda málsgreinarinnar komi: leggja skýrslurnar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar.

d) Fyrir: »á hausthreppaskilum skal hreppstjóri« komi: á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður

4. Við 10. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti forðagæslumanns um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, ásamt öllum málavöxtum, en hann aftur sýslumanni.

5. Við 11. gr.

1. málsgrein orðist þannig:

Sá er sekur verður um horfelli samkvæmt 10. gr., skal sæta sektum frá 10 til 200 kr., eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. Önnur brot gegn þessum lögum, eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða sektum frá 5 til 100 kr., nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð.

Nd. **487. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá samgöngumálanefndinni.

Við 13. gr. C. Þessi kafli orðist svo:

| | C. Samgöngumál á sjó. | | 1914 kr. | 1915 kr. |
|---|---|---|---|---|
| I. | Stjórn og undirbúningur samgöngumála á sjó alt að ... ... | | 4000— | 4000 |
| II. | Til strandferða ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 60000— | 60000 |
| III. | Til millilandaferða... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 40000 |
| | Styrk þennan er stjórninni einungis heimilt að veita Eimskipafjelagi Íslands, ef það kemst á fót og tekur til starfa árið 1915 og ef samningar takast við það um strandferðir eigi síðar en 1916. | | | |
| IV. | Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum: | | | |
| | 1. Til Faxaflóabáts ... ... ... ... ... ... | 12000—12000 | | |
| | 2. Til bátaferða á Breiðafirði.. ... ... ... | 8000— 8000 | | |
| | 3. Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa | 9000— 9000 | | |
| | 4. Til Eyjafjarðarbáts ... ... ... ... ... | 9000— 9000 | | |
| | 5. Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands: | | | |
| | a. Til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka alt að ... ... 6000—6000 | | | |
| | b. Til Rangársands alt að ... 1200—1200 | 7200— 7200 | | |
| | 6. Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði | 400— 400 | | |
| | 7. Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar ... ... | 400— 400 | | |
| | 8. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti ... ... | 300— 300 | | |
| | 9. Til mótorbátsferða í Austurskaftafellssýslu | 400— 400 | 46700— | 46700 |
| | Styrkirnir til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum veitast með þeim skilyrðum: | | | |
| | *að* bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi hlutaðeigandi hjeraðsstjórna góðir bátar og hentugir til þessara ferða og sendist vottorð um það til stjórnarráðsins; | | | |
| | *að* stjórnarráðið samþykki ferðaáætlun bátanna og sje uppkast að þeim sent stjórnarráðinu innan þess tíma, sem það tiltekur; | | | |
| | *að* landssjóðsstyrkurinn nemi aldrei meiru en helmingi reksturskostnaðar bátanna; | | | |
| | *að* útgerðarmenn bátanna sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en styrkurinn er að fullu greiddur. | | | |

Nd. **488. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Frá Matth. Ólafssyni.

Við 20. gr. 3.
Í stað »15000 kr.« í enda málsgreinarinnar.
komi: ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 25000.

Nd. **489. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Halldóri Steinssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 13. gr. C. 2. Fyrir »Til Breiðafjarðarbáts 4000 kr.«
komi: Til Breiðafjarðarbáts .. ... ... ... ... 10000—10000

Ed. **490. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 485.

Frá Eiríki Briem.

Fyrir »40«
komi: 30.

Ed. **491. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bæjanöfn (þgskj. 407).

Frá Einari Jónssyni þm. N.-M.

1. Aftan við »sjóþorpi« í 6. gr. 3. línu komi: er eigi hefir áður haft sjerstakt nafn.
2. Aftan við 6. gr. bætist ný málsgrein:
Fyrir nafntöku þá, er þessi grein ræðir um, skal ekkert gjald greiða, nema þinglestrargjald.

Nd. **492. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Halldóri Steinssyni.

Við 13. gr. E. II. 18. b. Aftan við þann lið bætist:
c. Á Svartatanga við Stykkishólm... ... ... 100 — 100.

Ed. **493. Lög**

um bæjanöfn.

(Samþ. í Ed. 20. ágúst).

1. gr.

Nöfnum á býlum, utan kaupstaða og kauptúna, þeim er jarðabók telur, má enginn breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

2. gr.

Nú vill eigandi býlis, er jarðabók telur, taka upp nýtt nafn á býlí sínu eða breyta því, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýra frá nafni býlisins og dýrleika, og tilgreina ástæður fyrir nafnbreytingunni, og skal henni fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda. Beiðnina með fylgiskjölum sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir hana til stjórnarráðsins.

3. gr.

Telji stjórnarráðið fyrir einhverjar orsakir nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu óheppilegt, endursendir það sýslumanni beiðnina, og skal beiðanda þá gefinn kostur á að velja annað nafn. Samnefni á býlum í sömu sýslu má eigi leyfa.

Sje nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sýslumanni, og ber honum að þinglesa það á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Nýnefni á býlum, er jarðabók telur, og upp hafa verið tekin áður en lög þessi öðlast gildi, mega því að eins haldast, að fengið sje leyfi stjórnarráðsins til nafnbreytingarinnar. Beiðni um nafnbreytinguna skal senda stjórnarráðinu innan 12 mánaða frá því lög þessi öðlast gildi, og gilda um þá beiðni þau ákvæði, sem sett eru í 2. og 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Fyrir leyfisbrjefið greiðir beiðandi 25 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning leyfisbrjefsins greiðir beiðandi sýslumanni 2 kr., auk lögákveðins þinglestrargjalds. Sje býlisnafnið 5 árum eldra en lög þessi, eða það sje gamalt en úrelt heiti á býlinu, skal þó ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið, nema skrásetningargjald til sýslumanns og þinglestrargjald.

6. gr.

Ekkert býli utan kaupstaða, kauptúna og sjóþorpa, má nafnlaust vera.

Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefir í jarðabókinni. eða húsi eða þurrabúð í kaupstað eða sjóþorpi, og skal hann þá afhenda sýslumanni til þinglestrar yfirlýsingu sína um nafn býlisins. Í yfirlýsingu þessari skal skýrt frá, á hvaða landeign og hvaða ár það er bygt, landstærð þess, ummerkjum og dýrleika, ef metið er. Yfirlýsingunni skal fylgja afsalsbrjef fyrir eigninni, eða önnur skilríki fyrir eignarrjetti umsækjanda.

Sýslumanni er heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt.

Ekki má taka upp nafn, sem samnefnt er öðru býli í sömu sýslu.

Þinglesnu nafni á býli má ekki breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er renna í landssjóð. Skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa eftirlit með að lögum þessum sje hlýtt.

8. gr.

Mál útaf lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Nd. **494. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali nr. 487 frá samgöngumálanefndinni.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Jóh. Jóhannesson og Benedikt Sveinsson.

III. orðist þannig:

Til Eimskipafjelags Íslands ... ... ... ... .. ... ... » — 40000
að því tilskildu, að fjelagið hafi í förum tvö millilandaskip árið 1915, enda samþykki stjórnarráðið ferðaáætlun þeirra.

Nd. **495. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Eggert Pálssyni.

Við 18. gr.

Á eftir »til ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.« komi: viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur (frá Holti undir Eyjafjöllum) 300 kr.

Nd. **496. Frumvarp**

til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Landssjóður leggur Landsbankanum til árlega næstu 20 ár 100 þúsund krónur til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóvember 1907.

Landsbankinn heldur áfram að greiða vexti af allri lánsupphæðinni, tveim miljónum króna, og rennur sá hluti vaxtanna í landssjóð, sem ekki gengur til lánveitanda, og vextirnir allir, þegar lánið er endurgreitt að fullu. Þó skulu vextir til landssjóðs ekki nema meiru en 4%.

Ed. **497. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912. (Þingskjal 484).

(Frá nefndinni).

Við 1. gr.

1. Á eftir orðinu »krít« í 2. málsgr. komi: eldfastur leir.
2. Fyrir orðin »kokolit ... ... ... akkerisfestar« í 3. málsgr. komi: bátavjelar, (mótorar), akkeri og akkerisfestar, kokolit.

3. Orðin »eldfastur leir« í sömu málsgr. falli burt.
4. Orðið »og« á eftir orðinu »járnpípur« falli burt.
5. Á eftir orðinu »járnbrautarteinar« komi: og spengur til járnbrautargerðar.
6. Fyrir orðin »og gólfdúkar (linoleum)« komi: gólfdúkar (linoleum) og gólfbræðingur (linatol).
7. Fyrir orðið »veiðarfæragarni« í 6. málsgr. komi: seglgarni og netagarni.
8. Orðið »og« á undan orðinu »tvinna« í sömu málsgr. falli burt.
9. Sjöunda málsgr. falli burt.
10. Fyrir orðin »og leirpípur« síðast í greininni komi: leirpípur og sandur til járnsteypu.

Ed. **498. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú vill hreppur eða sýsla tryggja sjer kornforða á þann hátt, að semja við kaupfjelag eða kaupmann um að hafa fyrirliggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. janúar til maímánaðarloka, til ráðstöfunar fyrir sveitarstjórn eða sýslunefnd, þá skal gera samþykt þar um fyrir hreppinn eða sýsluna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum um kornforðabúr til skepnufóðurs. Í samþykt má ákveða meðal annars um kostnað við geymslu forðans og ábyrgð og hversu kostnaður sá greiðist.

2. gr.

Nú er kornið látið ónotað að því sinni, eða einhver hluti þess, og kemur til kasta sýslunefndar eða hreppsnefndar að greiða umsamdan kostnað af þessum hluta kornsins, og fæst þá helmingur hans endurgreiddur af landssjóði, þó eigi yfir 80 aura fyrir 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans.

3. gr.

Samning þann, sem hjer ræðir um, svo og reikningsskil fyrir notkun forðans og kostnaðinum, skal senda stjórnarráðinu, svo að glögglega verði sjeð, hvað landssjóði ber að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **499. Frumvarp**

til laga um friðun æðarfugla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Brot gegn því varðar 10 kr. sekt fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítrekun brotsins alt að 400 kr. Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð þar, sem brotið var framið.

2. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn án leyfis varpeiganda leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varplandi hans en $^1/_4$ km. frá straumsfjörumáli.

4. gr.

Brot gegn 5. og 6. grein varða 5—15 króna sektum. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem drepnir eru með skotunum eða netunum, fer eftir ákvæðum 1. greinar. Varpeigandi, þar sem brotið er framið, má taka upp netin, en láta skal hann þau af hendi við þann, er þau lagði, er hann hefir goldið sekt sína og kostnað við upptöku netanna eftir óvilhallra manna mati.

5. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet. Nú gerir einhver það, og varðar það 50—100 króna sektum. Netin skulu upptæk og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið var framið. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem í þau voru veiddir, fer eftir ákvæðum 1. gr.

6. gr.

Sýslumenn skulu hvert ár á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypis friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum. Nú vill maður koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýs-

ingu um það; skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sje rjett, og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu á næsta manntalsþingi og greiðast 2 krónur fyrir þá friðlýsingu, er renna í landssjóð.

7. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sjerstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frakknesku.

8. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að $^1/_3$ í sveitarsjóð, en að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns.

9. gr.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Ed. **500. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um forðagæslu.

Frá Sig. Eggerz.

8. gr. orðist svo:

Sýslunefnd skal semja reglugerð fyrir forðagæslumenn, og skal þar sagt ítarlega fyrir um öll störf og skýrslugerðir forðagæslumanna. Reglugerðir þessar skulu þvínæst sendar stjórnarráðinu til staðfestingar.

Ed. **501. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

Frá Hákoni J. Kristóferssyni.

a. Við 1. gr. 2. málsgrein. Á eftir orðinu »Krít« komi: Karbíd.

b. — 1. — 7. málsgrein. Orðin »Auk þeirra vörutegunda — — — þar til taldir bátar« falli burt.

c. — 1. — 9. málsgrein orðist þannig: Skip, bátar og pappír skulu undanþegin vörutolli, ennfremur tilbúið áburðarefni og leirpípur.

Nd. **502. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Frá Kristjáni Jónssyni, þm. Borgfirðinga.

Við 13. gr. C. 2. 7. (Hvítármótorbátur).

Fyrir 600 (innanstriks)

komi: 800.

Nd. **503. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

## I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1914 og 1915 er ætlast til, að tekjur landsins verði 3,718,470 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,267,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 2. Húsaskattur | 13,500 | 13,500 | 27,000 |
| 3. Tekjuskattur | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 4. Aukatekjur | 68,000 | 68,000 | 136,000 |
| 5. Erfðafjárskattur | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 6. Vitagjald | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 8. Útflutningsgjald | 150,000 | 150,000 | 300,000 |
| 9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade) | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 10. Tóbakstollur | 205,000 | 205,000 | 410,000 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 415,000 | 415,000 | 830,000 |
| 12. Vörutollur | 300,000 | 300,000 | 600,000 |
| 13. Annað aðflutningsgjald | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 14. Árgjöld af verslun og veiting áfengis | 10,000 | ... | 10,000 |
| 15. Pósttekjur | 100,000 | 100,000 | 200,000 |
| 16. Símatekjur | 155,000 | 160,000 | 315,000 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 12,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500 | 19,500 | 19,500 | 39,000 |
| 18. Óvissar tekjur | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| Samtals | 1,636,000 | 1,631,000 | 3,267,000 |

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 58,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og öðrum útgjöldum ... ... ... ... ... ... | 16,000 | 16,000 | 32,000 |
| 2. Tekjur af kirkjum ... ... ... ... ... | 100 | 100 | 200 |
| 3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| 4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands ... ... | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| Samtals... | 29,100 | 29,100 | 58,200 |

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar kr. 264,070.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... Eftirstöðvar af láni Laugardalshrepps (til Sogsbrúar) kr. 250 falli niður. Af láni Barðastrandarsýslu frá 22. júní 1897 úr viðlagasjóði, veitist uppgjöf á 625 kr. | 49,000 | 47,000 | 96,000 |
| 2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs... | 10,675 | 10,675 | 21,350 |
| 3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar, kr. 108,000 .... ... ... ... ... ... ... | 4,860 | 4,860 | 9,720 |
| 4. Leigur af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909 (árin 1909 og 1912)... ... ... ... ... ... ... | 46,000 | 45,000 | 91,000 |
| 5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| 6. Vextir af innstæðum í bönkum ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| Samtals... | 133,535 | 130,535 | 264,070 |

5. gr.

Ymislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabótsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum. | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna | 600 | 600 | 1,200 |
| 3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| Samtals... | 4,600 | 4,600 | 9,200 |

6. gr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | 120,000 |

## II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1914 og 1915 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,885,213 kr. 85 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 450,284,05.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| I. Vextir: | | | |
| 1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur, kr. 500000, tekið 1908 til 15 ára til símalagninga ... ... ... ... ... ... ... | 14,333,33 | 13,000,00 | |
| 2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1500000, til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans ... ... ... ... ... ... ... | 56,945,02 | 54,693,20 | |
| 3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannah., kr. 250000, tekið 1912 til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans... ... ... ... | 10,968,75 | 10,593,75 | |
| 4. 4½% lán hjá dönskum bönkum, kr. 500000, tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.). | 20,625,00 | 19,125,00 | |
| | 102,872,10 | 97,411,95 | 200,284,05 |
| II. Afborganir: | | | |
| 1. Af láninu frá 1908 ... ... ... ... ... | 33,333,33 | 33,333,34 | |
| 2. — — — 1909 . ... ... ... ... | 50,000,00 | 50,000,00 | |
| 3. — — — 1912 ... ... ... ... ... | 8,333,33 | 8,333,33 | |
| 4. — — — 1912 ... ... ... ... | 33,333,34 | 33,333,33 | |
| | 125,000,00 | 125,000,00 | 250,000,00 |
| Samtals... | ..... | ..... | 450,284,05 |

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 106,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Til ráðherra: kr. | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... 8,000 | | | |
| b. Til risnu ... ... ... .. ... 2,000 | | | |
| | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 2. Til utanferða ráðherra ... ... ... ... .. | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 3. Laun landritara ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 4. Laun þriggja skrifstofustjóra .. ... ... ... | 10,500 | 10,500 | 21,000 |
| 5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar alt að | 18,000 | 18,000 | 36,000 |
| 6. Til Landsbankans fyrir að gegna landsfjehirðistörfum eftir reikningi alt að ... ... | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| 7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| Samtals... | 53,000 | 53,000 | 106,000 |

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 65,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 67,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 263,130 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| A. Dómgæzla og lögreglustjórn: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Til dómara og sýslumanna ... ... ... | 67,300 | 67,300 | |
| b. Til hreppstjóra ... ... ... ... ... | 8,000 | 8,000 | |
| 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ... | 1,400 | 1,400 | |
| 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður ... ... ... ... ... | 4,715 | 4,715 | |
| 4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m., alt að ... ... ... ... ... ... ... | 5,100 | 5,100 | |
| | 86,515 | 86,515 | |
| Flyt... | ..... ... | ..... | 173,030 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 173,030 |
| B. | | | |
| Ýmisleg útgjöld: | | | |
| 1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur: | | | |
| a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... ... ... .. ... kr. 450 | | | |
| b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna .. ... ... ... ... kr. 5,000 | | | |
| c. Til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að kr. 3,600 | | | |
| d. Til kostnaðar við sending með póstum ... ... ... ... ... ... kr. 1,000 | 10,050 | 10,050 | |
| 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef svo og embættissímskeyti og samtöl ... ... ... ... | 10,000 | 10,000 | |
| 3. Brunaábyrgðargjald, sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 4. Til embættiseftirlitsferða alt að ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum ... ... ... | 300 | 300 | |
| 6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... ... .. ... ... gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæzlu og njóta hennar. | 10,000 | 10,000 | |
| 7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ... | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar... ... ... ... ... ... ... | 200 | 200 | |
| 9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... ... ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi. | 8,000 | 8,000 | |
| | 45,050 | 45,050 | 90,100 |
| Samtals... | ..... | ..... | 263,130 |

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 360,529,80 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Laun ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 81,200 | 81,200 | 162,400 |
| 2. Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis. ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Árneshreppi og fellur niður þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjerað. | 300 | 300 | 600 |
| 3. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi. | 300 | 300 | 600 |
| 4. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsteds í Reykjavík ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að... | 300 | 300 | 600 |
| 5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 6. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík ... ... ... ... Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði. | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 7. Holdsveikisspítalinn .. ... ... ... ... ... | 32,447,40 | 33,447,40 | 65,894,80 |
| Flyt... | 118,047,40 | 119,047,40 | 237,094,80 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| Flutt... | 118,047,40 | 119,047,40 | 237,094,80 |
| Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | 1914 kr. a. | 1915 kr. a. | |
| 1. Laun ... ... ... ... Þar af kr. 300 persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis. | 5,700 | 5,700 | |
| 2. Viðurværi 76 m. ... | 14,147,40 | 14,147,40 | |
| 3. Klæðnaður.. ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 4. Meðul og sáraumbúðir | 1,500 | 1,500 | |
| 5. Eldsneyti ... .. ... | 3,500 | 3,500 | |
| 6. Ljósmeti ... ... ... | 700 | 700 | |
| 7. Húsbúnaður og áhöld | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Viðhald á húsum ... | 1,500 | 2,500 | |
| 9. Þvottur og ræsting | 800 | 800 | |
| 10. Greftrunarkostnaður | 200 | 200 | |
| 11. Skemtanir... ... ... | 300 | 300 | |
| 12. Skattar o. fl. ... ... | 1,300 | 1,300 | |
| 13. Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ——— | 800 | 800 | |
| | 32,447,40 | 33,447,40 | |
| 8. Geðveikishælið á Kleppi .. ... .. ... ... | 21,017,50 | 21,017,50 | 42,035 |
| Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | kr. a. | |
| A. Laun læknis ... ... ... ... | | 2,700 | |
| B. Önnur útgjöld: | | | |
| 1. Kaup starfsmanna ... ... | | 3,950 | |
| 2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag ... ... ... ... ... | | 14,782,50 | |
| 3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.). ... ... ... ... | | 1,800 | |
| 4. Meðul og umbúðir ... ... | | 500 | |
| 5. Ljós og hiti.. ... ... ... | | 4,000 | |
| 6. Viðhald og áhöld .. .. | | 2,800 | |
| 7. Þvottur og ræsting ... ... | | 800 | |
| 8. Skemtanir ... ... ... ... | | 200 | |
| 9. Skattar m. m. ... ... ... | | 1,000 | |
| 10. Óviss útgjöld ... ... ... | | 800 | |
| | | 33,332,50 | |
| Flyt... | 33,332,50 | 139,064,90 | 140,064,90 | 279,129,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | Flutt... | 33,332,50 | 139,064,90 | 140,064,90 | 279,129,80 |
| | Þar frá dragast tekjur: | | | | |
| | Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag... ... | kr. 10,585 | | | |
| | Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag.. ... ... | 730 | | | |
| | Tekjur af búinu ... ... | 1,000 12,315 | | | |
| | Mismunur .. | 21,017,50 | | | |
| 9. | Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag.. ... ... | | 28,000 | 25,000 | 53,000 |
| 10. | Önnur útgjöld: | | | | |
| a. | Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.. ... ... ... ... ... ... ... | kr. 4,000 | | | |
| | Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 a. fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur. | | | | |
| b. | Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs ... ... ... | 3,000 | | | |
| c. | Bólusetningarkostnaður ... ... | 1,000 | | | |
| d. | Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... | 4,000 | | | |
| e. | Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | | |
| | Flyt... | 13,000 | 167,064,90 | 165,064,90 | 332,129,80 |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 13,000 | 167,064.90 | 165,064.90 | 332,129,80 |
| f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar ... ... | 600 | | | |
| Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis. | | | | |
| g. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... | 200 | | | |
| h. Til tveggja hjúkrunarkvenna til hjúkrunarnáms erlendis, 400 kr. handa hvorri fyrra árið ... .. | 800 | | | |
| | | 14,600 | 13,800 | 28,400 |
| Samtals... | | 181,664.90 | 178,864.90 | 360,529.80 |

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,139,350 kr.

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| A. | | | | |
| Póstmál. | | | | |
| 1. Laun: | kr. | | | |
| a. Póstmeistara .. ... ... ... ... | 4,000 | | | |
| b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík. ... ... ... ... | 7,200 | | | |
| 2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur ... ... ... ... ... | 23,700 | | | |
| c. Brjefhirðingarmanna ... ... ... | 8,100 | | | |
| | | 43,000 | 43,000 | |
| 2. Póstflutningur ... ... ... ... ... ... ... | | 64,000 | 64,000 | |
| Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun. | | | | |
| Flyt... | | 107,000 | 107,000 | ..... |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 107,000 | 107,000 | ..... |
| 3. Annar kostnaður: | kr. | | | |
| a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... ... | 6,000 | | | |
| b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að ... | 3,000 | | | |
| c. Húsaleiga í Reykjavík... ... ... | 2,000 | | | |
| d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur .. ... ... ... | 2,500 | | | |
| e. Önnur gjöld ... ... ... ... ... | 7,500 | | | |
| f. Til pósthúsbyggingar í Reykjavík f. á. alt að ... . ... ... ... | 35,000 | 56,000 | 21,000 | |
| Pósthúsið í Reykjavík sje opið 10 stundir samfleytt hvern virkan dag og 4 stundir hvern helgan dag. | | | | |
| | | 163,000 | 128,000 | |
| | | | | 291,000 |
| B. Vegabætur. | | | | |
| I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða: | | | | |
| | 1914 kr. | 1915 kr. | | |
| 1. Verkfræðingur landsins: | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... | 3,600 | 3,600 | | |
| b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings ... ... | 400 | 400 | | |
| c. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi, alt að.. ... | 500 | 500 | | |
| 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og vegamælinga alt að.. ... ... ... ... | 4,000 | 4,000 | | |
| 3. Skrifstofukostnaður alt að | 700 | 700 | | |
| 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi... ... ... ... ... | 200 | 200 | | |
| | | | 9,400 | 9,400 | |
| II. Flutningabrautir: | kr. | kr. | | |
| 1. Borgarfjarðarbraut... ... | 15,000 | 5,000 | | |
| 2. Reykjadalsbraut. ... ... | 15,000 | | | |
| Flyt... | 30,000 | 5,000 | 9,400 | 9,400 | 291,000 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flyt .. | 30,000 | 5,000 | 9,400 | 9,400 | 291,000 |
| 3. Eyjafjarðarbraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 4. Húnvetningabraut ... ... | 15,000 | 15,000 | | | |
| 5. Skagfirðingabraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 6. Grímsnesbraut... ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 7. Viðhald flutningabrauta.. | 11,000 | 11,000 | | | |
| | | | 86,000 | 61,000 | |
| III. Þjóðvegir: | kr. | kr. | | | |
| 1. Stykkishólmsvegur... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| 2. Brú á Eystri-Rangá.. ... | 18,000 | | | | |
| 3. Brú á Ljá í Dalasýslu ... | | 3,000 | | | |
| 4. Til brúar á Fáskrúð í Dalasýslu og vegar frá henni yfir á þann veg, sem nú er... ... ... ... ... | 10,000 | | | | |
| 5. Brú á Hamarsá ... ... | | 11,000 | | | |
| 6. Brú á Síká í Hrútafirði.. | | 4,000 | | | |
| 7. Brú á Langadalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... | | 8,000 | | | |
| 8. Til þjóðvegar í Austur-Skaftafellssýslu... ... ... | | 5,000 | | | |
| 9. Aðrar vegabætur og viðhald ... ... ... ... ... | 29,000 | 29,000 | | | |
| Þar af: | | | | | |
| Til Eskifjarðarvegar 6000 | | | | | |
| — Hróarstungu-vegar ... ... 10000 | | | | | |
| — Hörgárdalsvegar 5000 | | | | | |
| — Langadalsvegar í Húnavatnss. ... 5000 | | | | | |
| 10. Til þess að setja dragferju á Blöndu hjá Löngumýri | 1,300 | | | | |
| | | | 66,300 | 68,000 | |
| IV. Fjallvegir... ... ... ... ... ... ... ... .. | | | 5,000 | 5,000 | |
| V. Til áhalda ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| VI. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum... ... | | | 300 | 300 | |
| VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti ... ... | | | 300 | 300 | |
| VIII. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarstaðar frá, alt að ... ... | | | 2,000 | | |
| Flyt ... | | | 171,300 | 146,000 | 291,000 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 171,300 | 146,000 | 291,000 |
| IX. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fje því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu ... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| X. Til Gullbringusýslu uppbót fyrir umframgreiðslu sýslufjelagsins til Keflavíkurvegarins ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,600 | | |
| XI. Til að gera akfæran veg frá Kláffossbrú að Reykholti í Reykholtsdal, gegn tvöföldu tillagi úr annari átt ... ... ... ... ... | 2,000 | | |
| XII. Styrkur til þess að fullgera færan reiðveg yfir Flögufljóa í Þistilfirði ... ... ... ... | 500 | | |
| | 181,400 | 148,000 | 329,400 |
| C. | | | |
| 1. Til gufuskipaferða ... ... ... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | |
| 2. Gufubátaferðir og mótorbáta ... ... ... | 35,150 | 35,150 | |
| Þetta sundurliðast þannig hvort árið: | | | |
| | kr. | | |
| 1. Til Faxaflóabáts... ... ... ... | 12,000 | | |
| 2. Til Breiðafjarðarbáts... ... ... | 4,000 | | |
| 3. Til Ísafjarðarbáts.. ... ... ... | 5,000 | | |
| 4. Til Eyjafjarðarbáts ... ... ... | 10,000 | | |
| 5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði | 1,000 | | |
| 6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands ... ... ... | 1,500 | | |
| 7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá ... ... ... ... ... ... | 600 | | |
| 8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð ... ... ... ... ... ... | 400 | | |
| 9. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti | 250 | | |
| 10. Til mótorbátsferða í Austur-Skaptafellssýslu ... ... ... ... | 400 | | |
| Styrkirnir til gufubátaferða og mótorbáta veitast með því skilyrði, að bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi stjórnarráðsins góð skip og hentug til þessara ferða og að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlanirnar. | | | |
| | 95,150 | 95,150 | 190,300 |
| Flyt... | ..... | ... ..... | 810,700 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... .. | ..... | 810,700 |
| D. | | | |
| Hraðskeyta- og talsímasamband. | | | |
| I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925) ... ... ... ... ... ... | 35,000 | 35,000 | |
| II. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landsíminn á innanbæjarkerfi: Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Eskifirði, til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl. alt að... ... ... ... ... .. | 7,500 | 7,500 | |
| III. Til starfrækslu landsímanna m. m.: | | | |
| | kr. 1914 | kr. 1915 | |
| 1. a. Laun landsímastjóra ... | 3,500 | 3,500 | |
| b. Persónuleg launaviðbót | 1,500 | 1,500 | |
| 2. a. Ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna... ... ... | 15,160 | 15,160 | |
| b. Bæjarsíminn... ... ... | 7,200 | 7,200 | |
| 3. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu .. | 6,840 | 6,840 | |
| 4. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu... | 8,790 | 8,790 | |
| 5. Ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu ... | 5,260 | 5,260 | |
| 6. Símastöð á Borðeyri. ... | 3,240 | 3,240 | |
| 7. Símastöð í Hafnarfirði alt að... ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | |
| 8. Símastöð í Vestmannaeyjum alt að ... ... ... | 1,600 | 1,600 | |
| 9. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði. | 3,000 | 3,000 | |
| | | 57,490 | 57,490 |
| IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.... | | 4,000 | 4,000 |
| V. Viðbót og viðhald stöðvanna ... ... ... | | 1,000 | 1,000 |
| Flyt... | | 104,990 | 104,990 | 810,700 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 104,990 | 104,990 | 810,700 |
| VI. | Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna eftir reikningi alt að... ... ... ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| VII. | Viðhald landsímanna ... ... ... ... ... | | 10,000 | 10,000 | |
| VIII. | Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern... | | 510 | 510 | |
| | | | 117,500 | 117,500 | 235,000 |
| | E. | | | | |
| | Vitamál: | | | | |
| I. | Stjórn og undirbúningur vitamála. | | | | |
| | | kr. kr. | | | |
| | a. Laun verkfræðings ... ... | 3,700 3,700 | | | |
| | Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landstjórnar. | | | | |
| | b. Til aðstoðarmanns ... ... | 2,000 2,000 | | | |
| | c. skrifstofuhalds eftir reikningi alt að... ... ... ... | 1,000 500 | | | |
| | d. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... | 1,000 1,000 | 7,700 | 7,200 | |
| II. | Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna: | | | | |
| | 1. Svörtulofta- og Öndverðarnesvitar: | | | | |
| | a. Laun vitavarða . ... ... | 400—400 | | | |
| | b. Reksturskostnaður .. ... | 600—600 | | | |
| | 2. Elliðaeyjarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... .. | 400—400 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 450—450 | | | |
| | 3. Bjargtangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 250—250 | | | |
| | 4. Arnarnesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 500—500 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 500—500 | | | |
| | | Flyt... 3,300 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,045,700 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 3,300 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,045,700 |
| 5. | Kálfshamarsviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 100—100 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 200—200 | | | |
| 6. | Skagatáarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 150—150 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | |
| 7. | Siglunesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 900—900 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 600—600 | | | |
| 8. | Flateyjarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 150—150 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | |
| 9. | Rifstangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | |
| 10. | Langanesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 250—250 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 200—200 | | | |
| 11. | Dalatangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 600—600 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 600—600 | | | |
| 12. | Vattarnesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 100—100 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 200—200 | | | |
| 13. | Dyrhólaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | |
| 14. | Vestmannaeyjaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 700—700 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 500—500 | | | |
| 15. | Reykjanesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ...1500—1500 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... | ...1600—1600 | | | |
| | Flutt... | 13,650 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,045,700 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 13,650 | 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,045,700 |
| 16. Garðskagaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 600—600 | | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | 750—750 | | | | |
| 17. Gróttuviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 500—500 | | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | 450—450 | | | | |
| 18. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir ferðam.: | | | | | |
| a. Á Skipaskaga... ... ... | 75— 75 | | | | |
| b. Á Gerðatanga... ... ... | 100—100 | | 16,125 | 16,125 | |
| III. Bygging nýrra vita m. m. | 1914 kr. | 1915 kr. | | | |
| a. Svörtuloftaviti og breyting á Öndverðarnesvita... ... | 18,000 | | | | |
| b. Nýtt hús um Langanesvita | 2,500 | | | | |
| c. Ingólfshöfðaviti... ... ... | | 16,000 | | | |
| d. Bygging húss um Reykjanesvita og rauð horn á Reykjanes-aðalvita og Garðskagavita ... ... ... ... | 3,000 | | 23,500 | 16,000 | |
| IV. Sjómerki ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| V. Ýmislegt .. ... ... ... ... .. ... ... | | | 1,500 | 1,500 | |
| | | | 50,825 | 42,825 | |
| | | | | | 93,650 |
| | | Samtals... | ..... | ..... | 1,139,350 |

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 783,510 kr.

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| A. | | | | | |
| Andlega stjettin: | | kr. | | | |
| a. 1. Laun biskups ... ... ... ... ... | | 5,000 | | | |
| 2. Skrifstofukostnaður... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| | | | 6,000 | 6,000 | |
| | | Flyt ... | 6,000 | 6,000 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 6,000 | 6,000 | |
| b. Önnur útgjöld: | | | |
| 1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. ... ... ... ... ... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 2. Til bráðabirgðauppbótar brauðum.. ... | 4,000 | 3,500 | |
| 3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 4. Framlag til prestlaunasjóðs ... ... ... | 50,000 | 50,000 | |
| 5. Til þess að mála að utan og pappaleggja Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkjur | 1,000 | | |
| 6. Til viðgerðar á Reykjavíkur dómkirkju alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 20,000 | | |
| | 88,500 | 67,000 | 155,500 |
| B. Kenslumál: | | | |
| I. Til háskólans: | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | 36,000 | 37,200 | |
| b. Aukakensla | | | |
| 1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... ... ... (1914: 800 kr., 1915: 800 kr.) | 800 | 800 | |
| 2. Til kennarans í efnafræði ... ... ... ... (1914: 600 kr., 1915: 600 kr.) | 600 | 600 | |
| 3. Til kennarans í lagal. læknisfræði... ... ... (1914: 300 kr., 1915: 300 kr.) | 300 | 300 | |
| 4. Þóknun til frakknesks kennara í frönsku ... (1914: 720 kr., 1915: 720 kr.) | 720 | 720 | |
| | 2,420 | 2,420 | |
| c. Styrktarfje: | | | |
| 1. Námsstyrkur ... ... (1914: 8,500 kr., 1915: 8,500 kr.) | 8,500 | 8,500 | |
| 2. Húsaleigustyrkur.. ... (1914: 4,000 kr., 1915: 4,000 kr.) | 4,000 | 4,000 | |
| 3. Utanfararstyrkur læknaefna ... ... ... (1914: 300 kr., 1915: 300 kr.) | 300 | 300 | |
| | 12,800 | 12,800 | |
| Flyt... | 51,220 | 52,420 | 155,500 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 51,220 | 52,420 | 155,500 |
| | Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 100 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 320 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. | | | | |
| d. | Til bókakaupa m. m. | | | | |
| | 1. Bókakaup ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | |
| | 2. Til kaupa á tímaritum og öðrum bókum handa læknadeild ... ... ... | 4,000 | | | |
| | 3. Til bókakaupa handa heimspekisdeild ... ... | 1,500 | | | |
| | 4. Til kensluáhalda handa læknadeild ... ... ... | 500 | 500 | | |
| | 5. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik ... ... | 200 | 200 | | |
| | | | 8,000 | 2,500 | |
| e. | Til útgáfu kenslubóka alt að... ... ... | | 2,500 | 2,500 | |
| | Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka. | | | | |
| f. | Til starfrækslu væntanlegra Rönigensáhalda m. m. alt að .. ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| g. | Til að kaupa risasegul ... ... ... | | 180 | | |
| h. | Eldiviður, ljós og ræsting ... ... ... | | 1,300 | 1,300 | |
| i. | Önnur gjöld: | kr. | | | |
| | 1. Laun ritara ... ... ... ... | 800 | | | |
| | 2. Laun dyravarðar, gæsla hitunarvjelar m. m. ... ... ... | 1,600 | | | |
| | 3. Ýmisleg útgjöld ... ... ... | 1,500 | 3,900 | 3,900 | |
| | | | 68,100 | 63,620 | 131,720 |
| II. | Mentaskólinn almenni: | | | | |
| a. | Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | 21,000 | 21,000 | |
| b. | Aðstoðarfje: | kr. | | | |
| | Til söngkennara ... ... ..... | 600 | | | |
| | Handa fimleikakennaranum. ... | 700 | | | |
| | Flyt... | 1,300 | 21,000 | 21,000 | 287,220 |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 1,300 | 21,000 | 21,000 | 287,220 |
| Til dyravarðar ... ... ... ... | 1,000 | | | |
| Fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans.. ... ... ... | 200 | | | |
| | | 2,500 | 2,500 | |
| c. Önnur útgjöld: | kr. kr. | | | |
| 1. Til bókasafns skólans. | 400 400 | | | |
| 2. Til eldiviðar, ljósa og vatns ... ... ... ... | 1,400 1,400 | | | |
| 3. Til skólahússins utan og innan ... ... ... | 1,400 1,400 | | | |
| 4. Til tveggja fastra aukakennara.. ... ... ... | 4,000 4,000 | | | |
| 5. Til tímakenslu og til prófdómenda alt að ... | 4,500 4,500 | | | |
| 6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum | 720 720 | | | |
| 7. Námsstyrkur.. ... ... | 2,000 2,000 | | | |
| 8. Læknisþóknun ... ... | 100 100 | | | |
| 9. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,200 1,200 | | | |
| 10. Til vísindalegra áhalda við kensluna. ... ... | 300 300 | | | |
| 11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina ... | 1,000 1,000 | | | |
| 12. Til áhalda við fimleikakenslu .. ... ... | 100 100 | | | |
| 13. Til verðlaunabóka ... | 100 100 | | | |
| | | 17,220 | 17,220 | |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarnemendum og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. | | | | |
| | | 40,720 | 40,720 | |
| | | | | 81,440 |
| III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | 9,200 | 9,200 | |
| Flyt ... | | 9,200 | 9,200 | 368,660 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 9,200 | 9,200 | 368,660 |
| Af þessari upphæð eru 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. kennara og 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 3. kennara. | | | | | |
| b. Önnur útgjöld: | kr. | kr. | | | |
| 1. Til aukakennara þriggja | 2,000 | 2,000 | | | |
| 2. Tímakensla ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| 3. Til bóka- og kensluáhalda ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| 4. Til eldiviðar og ljósa... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 5. Námsstyrkur... ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 800 | 800 | | | |
| 6. Til dyravörslu ... ... | 500 | 500 | | | |
| 7. Til skólahússins utan og innan ... ... ... ... | 8,000 | 1,000 | | | |
| 8. Til ýmislegra útgjalda | 700 | 700 | | | |
| | | | 15,100 | 8,100 | |
| | | | 24,300 | 17,300 | 41,600 |
| IV. Kennaraskólinn: | kr. | kr. | | | |
| a. Laun... ... ... ... ... | 6,600 | 6,600 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Tímakensla .. ... ... | 2,000 | 1,200 | | | |
| 2. Til aukakennara. ... Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara. | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Eldiviður og ljós ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 4. Bókakaup og áhöld... | 300 | 300 | | | |
| 5. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 1,500 | 1,500 | | | |
| 6. Til viðhalds.. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 7. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,300 | 1,300 | | | |
| | | | 14,400 | 13,600 | 28,000 |
| | | Flyt... | ..... | ..... | 438,260 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | ..... | ..... ..... | 438,260 |
| V. Stýrimannaskólinn: | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | 4,400 | 4,400 | |
| b. Önnur útgjöld: 1914 kr. 1915 kr. | | | |
| 1. Til tímakenslu ... ... 1,900 1,900 | | | |
| 2. Til áhaldakaupa o. fl. 600 400 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa.. 500 500 | | | |
| 4. Ýmisleg útgjöld... ... 800 800 | 3,800 | 3,600 | |
| | 8,200 | 8,000 | |
| | | | 16,200 |
| VI. Til bændakenslu: | | | |
| 1. Til bændaskólans á Hólum: | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... | 2,700 | 2,700 | |
| b. Til aðstoðarkennara ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| c. Til smíðakennara ... ... .. ... | 600 | 600 | |
| d. Önnur útgjöld: | | | |
| 1. Til verklegrar kenslu 700 700 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... 500 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa 900 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... 400 400 | | | |
| 5. Til járnsmíðaáhalda og smiðjubyggingar.. 1,000 | | | |
| 6. Ýmisleg útgjöld ... 1,000 1,000 | 4,500 | 3,500 | |
| 2. Til bændaskólans á Hvanneyri: | | | |
| a. Laun ... .. ... ... ... ... ... | 2,700 | 2,700 | |
| b. Til aðstoðarkenslu ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| c. Önnur útgjöld: kr. kr. | | | |
| 1. Til verklegrar kenslu 1,000 1,000 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... 500 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa 900 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga uemendnm ... ... 400 400 | | | |
| 5. Ýmisleg útgjöld ... 800 800 | | | |
| 6. Til símalagningar ... 1,200 | | | |
| 7. Til þess að byggja anddyri við íbúðarhúsið ... .. ... 850 | 5,650 | 3,600 | |
| 3. Til skólahalds á Eiðum... ... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| | 20,650 | 17,600 | |
| | | | 38,250 |
| Flyt ... | ..... ... | ..... | 492,710 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 492,710 |
| VII. Til iðnfræðslu: | | | |
| a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík ... | 5,000 | 5,000 | |
| b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds ... ... ... ... ... | 1 00 | 1,000 | |
| c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds ... ... ... ... .. | 600 | 600 | |
| Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 reksturskostnaðar. | | | |
| | 7,600 | 7,600 | 15,200 |
| VIII. Til verslunarskóla: Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| IX. Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |

| X. Yfirsetukvennaskólinn: | 1914 kr. | 1915 kr. | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Laun forstöðumanns ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til verklegrar kenslu: | | | | | |
| a. Laun 3 yfirsetukvenna í Reykjavík ... ... | 300 | 300 | | | |
| b. Annar kostnaður alt að | 400 | 400 | | | |
| 3. Styrkur til námskvenna... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting ... ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| | | | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| XI. Til kvennaskóla: | | | | | |
| 1. Til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði | 6,700 | 6,700 | | | |
| Flyt .. | 6,700 | 6,700 | ..... | ..... | 527,910 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 6,700 | 6,700 | ..... | ..... | 527,910 |
| 2. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 2,000 | 2,000 | | | |
| 3. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla | 600 | 600 | | | |
| 4. Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 750 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði .. .. ... ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| 5. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 1,400 | 1,400 | | | |
| | | | 13,700 | 13,700 | 27,400 |
| XII. Til almennrar barnafræðslu: | | | | | |
| 1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 10,000 kr. hvort árið Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks annarstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld. | | | 30,000 | 30,000 | |
| 2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers og til eftirlits með heimafræðslu alt að 100 kr. til hrepps ... ... ... ... Farskólastyrkur veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld. | | | 20,000 | 20,000 | |
| 3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ... ... | | | 18,000 | 18,000 | |
| 4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum .. ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| 5. Til prófdómara við barnapróf ... | | | 4,000 | 4,000 | |
| 6. Til framhaldskenslu handa kennurum | | | 2,500 | 2,500 | |
| Flyt... | | | 75,500 | 75,500 | 555,310 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 75,500 | 75,500 | 555,310 |
| 7. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna ... ... ... ... .. ... ... | 3,600 | 3,600 | |
| Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr. | | | |
| b. Til eftirlitsferða eftir reikningi ... | 600 | 600 | |
| c. Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi ... ... ... ... | 200 | 200 | |
| | 79,900 | 79,900 | |
| XIII. Til unglingaskóla: | | | 159,800 |
| 1. Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1,000 kr. til hvers, alt að ... | 8,000 | 8,000 | |
| Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. | | | |
| 2. Til unglingaskólahalds á Ísafirði, alt að | 1,500 | 1,500 | |
| 3. Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði, alt að ... ... ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| Styrkurinn til beggja þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða. | | | |
| 4. Til lýðskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði: | | | |
| a. Styrkur, bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið hafi eftirlit með starfsemi skólans, og að hann njóti styrks annarstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins... ... ... 1,500 1,500 | | | |
| b. Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að ... 600 600 | | | |
| | 2,100 | 2,100 | |
| Flyt... | 13,100 | 13,100 | 715,110 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 13,100 | 13,100 | 715,110 |
| 5. Til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði: | | | |
| a. Styrkur, bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið hafi eftirlit með starfsemi skólans og að hann njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrkins ... | 1,200 | 1,200 | |
| b. Til sama skóla 20 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að ... | 400 | 400 | |
| 6. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg .. ... ... ... ... ... ... | 7,000 | 7,000 | |
| | 21,700 | 21,700 | 43,400 |
| XIV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... ... ... ... | 800 | 800 | 1,600 |
| XV. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 7,000 | 7,000 | 14,000 |
| XIV. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| XVII. Til sundkenslu og leikfimi: | | | |
| a. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis. | 300 | 300 | |
| b. Til sundkenslu o. fl. annarstaðar.. ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur. | 1,500 | 1,500 | |
| c. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara, til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| Flutt... | 2,250 | 2,250 | 776,110 |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 2,250 | 2,250 | 776,110 |
| d. Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| | 2,700 | 2,700 | 5,400 |
| XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík ... ... ... .. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| | | | 2,000 |
| Samtals... | ..... | ..... ..... | 783,510 |

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista veitast 172,690 kr.

| | 1914. | 1915. | 1400 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Landsbókasafnið: | kr. | kr. | kr. | kr. | kr. |
| a. Laun landsbókavarðar .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| b. — 1. bókavarðar ... ... Þar af 500 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. bókavarðar. | 2,000 | 2,000 | | | |
| c. Laun 2. bókavarðar ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. — aðstoðar á lestrarsal | 800 | 800 | | | |
| e. Til að kaupa bækur og handrit ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | | | |
| f. Til bókbands .. ... .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| g. Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins... | 1,500 | 1,500 | | | |
| h. Fyrir afskriftir (eftir reikningi) .. ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| i. Til að prenta ritaukaskrár... | 200 | 200 | | | |
| j. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... ... ... ... ... | 360 | 360 | | | |
| k. Ýmisleg gjöld .. ... ... ... | 250 | 250 | | | |
| | | | 19,110 | 19,110 | |
| 2. Landsskjalasafnið: | | | | | |
| a. Laun skjalavarðar . ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| Flyt... | 1,800 | 1,800 | 19,110 | 19,110 | ..... ... |

| | | | 1914. | 1915. | Alls. |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 1,800 | 1,800 | 19,110 | 19,110 | |
| b. Laun aðstoðarskjalavarðar .. | 960 | 960 | | | |
| c. Til að binda inn og búa um skjöl o. fl. ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ... ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| e. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið .. ... ... ... | 250 | 250 | | | |
| | | | 4,610 | 4,610 | |
| 3. Þjóðmenjasafnið: | | | | | |
| a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar) .. ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Til aðstoðar eftir reikningi, alt að ... ... ... ... ... | 800 | 800 | | | |
| c. Til að útvega forngripi og til áhalda, alt að. ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| d. Til að gefa út skýrslur um safnið frá 1876 ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| e. Til að raða myntasafninu... | 500 | | | | |
| f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að ... .. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| g. Til Skúla Guðmundssonar til verndunar hins forna skála á Keldum í Rangárvallasýslu | 300 | | | | |
| | | | 6,200 | 5,400 | |
| Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. | | | | | |
| 4. Náttúrufræðisfjelagið. ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári. | | | | | |
| Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku. | | | | | |
| 5. Landsbókasafnshúsið: | 1914. kr. | 1915. kr. | | | |
| a. Til eldiviðar, ljósa o. fl... | 3,200 | 3,200 | | | |
| b. Til dyravarðar... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| c. Til viðhalds og áhalda ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| Flyt... | 5,600 | 5,600 | 30,920 | 30,120 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 5,600 | 5,600 | 30,920 | 30,120 | |
| d. Upp í girðingarkostnað um Landsbókasafnshúsið og til þess að flísleggja gólf í fordyri hússins ... ... | 2,550 | | | | |
| | | | 8,150 | 5,600 | |
| 6. Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| 7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði.. ... ... ... ... ... ... | | | 1,500 | 1,500 | |
| 8. Til hins íslenzka bókmentafjelags ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| 9. Til Þjóðvinafjelagsins... ... ... ... ... | | | 750 | 750 | |
| 10. Til Fornleifafjelagsins ... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið. | | | 400 | 400 | |
| 11. Til sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 750 | 750 | |
| 12. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni... ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu. | | | 800 | 800 | |
| 13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| 14. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk ... ... ... | | | 150 | 150 | |
| 15. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda ... ... ... ... | | | 600 | 600 | |
| 16. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| 17. Til Einars skálds Hjörleifssonar ... ... | | | 2,000 | | |
| 18. Til Þorsteins Erlingssonar skálds. ... ... | | | 2,000 | | |
| 19. Til síra Valdimars Briem's. ... ... ... | | | 1,600 | | |
| 20. Til Guðm. skálds Magnússonar ... ... ... | | | 2,000 | | |
| 21. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ... | | | 1,200 | | |
| 22. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds .. ... | | | 1,200 | | |
| Flyt... | | | 61,020 | 47,670 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 61,020 | 47,670 | |
| 1914 1915 | | | |
| 23. a. Til þess að kaupa listaverk kr. kr. eftir íslenska myndhöggvara ... ... ... .. ... 2,400 | | | |
| b. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara ... 2,000 | | | |
| | 2,400 | 2,000 | |
| 24. Styrkur til Jóh. S. Kjarval málara ... .. | 800 | ... | |
| 25. Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til þess að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... | 600 | 600 | |
| 26. Styrkur til Ríkharðs Jónssonar, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | ... | |
| 27. Til Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn | 400 | 400 | |
| 28. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hér á landi ... ... ... ... | 1,100 | 1,100 | |
| 29. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri ... ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| 30. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum, 1. og 2. greiðsla af 8 ára styrk ... ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | |
| Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn láti af öllum öðrum launuðum störfum. | | | |
| 31. Ferðastyrkur til Jóns Jónssonar docents til sögulegra rannsókna á erlendum skjalasöfnum | 1,200 | ... | |
| 32. Til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum . ... ... ... ... ... ... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 33. Til Boga Th. Melsteð til að rita Íslendingasögu ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 800 | 800 | |
| 34. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár ... ... ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 35. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsókna ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| Flyt ... | 76,120 | 59,370 | ..... |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 76,120 | 59,370 | |
| 36. Til dr. phil. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 37. Til dr. phil. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna... ... ... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| 38. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands ... ... | 600 | 600 | |
| 39. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ... | 600 | 600 | |
| 40. Til Eggerts Guðmundssonar og Þórarins Guðmundssonar, til að fullnuma sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði ... ... ... | 1,600 | | |
| 41. Til landmælinga á Íslandi . ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 42. Til jarðskjálftarannsókna .. ... ... ... | 550 | 550 | |
| 43. Til veðursímskeyta innanlands ... ... ... | 4,800 | 4,800 | |
| 44. Til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins ... | 500 | 500 | |
| 45. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur ... ... | 600 | 600 | |
| 46. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi ... ... ... ... ... ... Fjelagið gefi stjórnarráðinu reikning fyrir því, hvernig fjenu er varið. | 2,000 | | |
| 47. Til Íþróttasambands Íslands... ... ... ... | 500 | 500 | |
| 48. Til Sighvatar Gr. Borgfirðings, til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík ... | 300 | | |
| | 96,670 | 76,020 | |
| | | | 172,690 |
| Samlals... | ..... | ..... | 172,690 |

16. gr.

Til verklegrar kenslu og fyrirtækja veitast kr. 366,820.

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis ... ... ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | |
| 2. Til »Sambands íslenskra samvinnufjelaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfjelagsskap og öðrum samvinnufjelagsskap... ... | 500 | 500 | |
| Flyt... | 3,500 | 3,500 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 3,500 | 3,500 | |
| Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að. | | | |
| 3. a. Til Búnaðarfjelags Íslands ... ... ... | 54,000 | 54,000 | |
| b. Til nýrra rannsókna til undirbúnings áveitu á Skeið og Flóa, gegn því, að sýslan leggi til það, sem umfram þarf, alt að | 5,000 | ... | |
| c. Til endurbyggingar á mjólkurskálanum við mjólkurskólann á Hvítárvöllum, alt að | 1,000 | ... | |
| 4. Til búnaðarfjelaga ... ... ... ... ... ... | 22,000 | 22,000 | |
| 5. Til fyrirhleðslu fyrir Holtsá... ... ... ... | 3,700 | ... | |
| 6. Til skógræktar: | | | |
| a. Laun skógræktarstjóra ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | |
| b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu ... | 14,000 | 10,000 | |
| 7. Til sandgræðslu. ... ... ... ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 8. Styrkur til að ryðja vör við Ingólfshöfða og gera veg upp höfðann ... ... ... ... | 4,000 | ... | |
| Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje fram annarstaðar frá upphæð sú, er til vantar. | | | |
| 9. Til dýralækninga: | | | |
| a. Laun handa 2 dýralæknum ... ... ... | 2,400 | 2,400 | |
| b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| c. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| d. Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis ... ... ... ... ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun. | | | |
| e. Hálfs árs styrkur fyrir 1 dýralæknisnemanda erlendis. ... ... ... ... ... | 300 | ... | |
| 10. Til eftirlits með útflutningi á hrossum. ... | 600 | 600 | |
| 11. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík: | | | |
| a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar ... ... ... ... | 2,400 | 2,400 | |
| Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forsöðumanns. | | | |
| Flyt... | 122,800 | 104,800 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 122,800 | 104,800 | |
| b. Til húsaleigu ... ... ... ... ... ... | 700 | 700 | |
| c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar..... ... | 500 | 500 | |
| d. Til áhaldakaupa... ... ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 12. Til Gísla Guðmundssonar til gerlarannsókna erlendis ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,500 | | |
| 13. Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við opinberar byggingar..... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 14. Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum alt að ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 15. Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje og fram eigi minni upphæð annars staðar frá. | 10,000 | 10,000 | |
| 16. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum ... | 8,000 | 8,000 | |
| b. Til ferðakostnaðar ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 17. a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði | 2,000 | 2,000 | |
| b. Ferðakostnaður m. m. ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 18. Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga og Sláturfjelags Suðurlands, til þess að laana erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum landafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að. ... | 4,000 | 4,000 | |
| 19. Til að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 20. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands ... ... ... | 6,000 | 6,000 | |
| 21. Til Fiskifjelagsins ... ... ... ... ... ... | 12,500 | 12,500 | |
| 22. Styrkur til Samábyrgðarinnar ... ... ... | 5,000 | | |
| Flyt... | 181,700 | 156,200 | |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 181,700 | 156,200 | |
| 23. | a. Til leiðbeiningar í ullarverkun ... .. | 1,200 | 1,200 | |
| | b. Ferðakostnaður ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 24. | Þóknun til vörumerkjaskráritara... ... ... | 360 | 360 | |
| 25. | Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu .. ... | 1,500 | 1,500 | |
| 26. | Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd... ... ... ... ... ... ... .. | 300 | 300 | |
| 27. | Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina. | 200 | 200 | |
| 28. | Eftirlit með áfengiskaupum: | | | |
| | a. Laun umsjónarmanns. ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| | b. Önnur útgjöld... ... ... ... ... ... | 800 | 800 | |
| 29. | Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 30. | Styrkur til Sveins Oddssonar, til þess að halda uppi vöru- og mannflutningum á bifreiðum til og frá Reykjavík... .. ... ... Flutningaferðirnar sjeu reglubundnar og samkvæmt áætlun, er stjórnarráðið samþykkir. | 5,000 | | |
| 31. | Styrkur til Hjálpræðishersins, til þess að koma upp gistihæli og sjómannahæli í Reykjavík... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 32. | Styrkur til Steingríms Jónssonar, til þess að halda áfram námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... | | 800 | |
| 33. | Til Guðmundar sýslumanns Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar í viðurkenningarskyni fyrir góða framgöngu við tilraun til að hefta botnvörpung, 500 kr. handa hvorum... ... .. ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 34. | Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... ... ... Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota. | | 6,000 | |
| | Flyt... | 195,060 | 169,360 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 195,060 | 169,360 | |
| 35. Til Þórarins E. Tuliniusar til að halda uppi reglubundnum flutningum með sjálfrenningi (»automobil«), þannig að flutningsgjald sje bundið samþykki sjórnarráðsins... ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| Gegn 800 kr. tillagi hvort árið frá sýslusjóðum Múlasýslna (400 kr. frá hvorri). | | | |
| | 196,260 | 170,560 | 366,820 |
| Samtals... | ..... | ..... | 366,820 |

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna, styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 162,300 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobinu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.; til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eirikssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Krákssonar pósts 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 8,000 kr. Af þessum gjaldlið má endurgreiða vörutoll af þeim kolum, sem Hið sameinaða gufuskipafjelag sannar að það hafi

tekið í skip hjer á landi á fjárhagstímabilinu, til notkunar þeim skipum þess, sem samkvæmt samningi dags. 7. ágúst 1909 halda uppi millilandaferðum milli Íslands og Kaupmannahafnar um Leith og Færeyjar.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 166,743,85 greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

1. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum landbúnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Alt að 5,000 kr. til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita- eða sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

5. Sýslufjelögum má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr. hvort árið, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðist á 15 árum.

6. Rangárvallasýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 14000 kr. til að kaupa jörðina Stórólfshvol með hjáleigum, fyrir læknissetur, og til þess að hafa þar sjúkraskýli. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

7. Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu má, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, lána alt að 20 þús. kr. úr viðlagasjóði, til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað.

Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

8. Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelagsins, til að raflýsa Vík í Mýrdal. Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

9. Hvanneyrarhreppi í Eyjafjarðarsýslu má lána úr viðlagasjóði 18000 kr., til þess að raflýsa Siglufjarðarkauptún. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

10. Úr viðlagasjóði má lána Jóni Björnssyni & Co. í Borgarnesi 7000 kr. til byggingar ullarþvottahúss. Full trygging sje sett fyrir láninu og greiðist af því $4^1/_2$% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 14 árum.

11. Stjórninni veitist heimild til að breyta afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppur fjekk úr viðlagasjóði 1908, að upphæð 10000 kr., þannig að lánið borgist á 25 árum í stað 15, enda rýrni eigi tryggingin fyrir láninu.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1913 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, sbr. 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **504. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 463 (nefndarál. um stjórnarskrármálið).

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar.

Við 2. brtt. við 4. gr.

Orðin: »Í staðinn fyrir orðin: »bera upp . . . . . ákveður, lög« falli burt.

Nd. **505. Framhaldsnefndarálit**

um samgöngumál á sjó.

Eins og getið er um í hinu fyrra nefndaráliti voru (þingskj. 368), geymdi samgöngumálanefndin sjer rjett til að athuga betur bæði fyrirkomulag á ferðum flóabáta og styrkveitingu til þeirra, bráðabirgðaráðstafanir til að halda uppi strandferðum fyrir næsta fjárhagstímabil, uns annaðhvort »Eimskipafjelag Íslands« tæki þær að sjer eða útgerð landssjóðs á strandferðaskipum byrjaði, og ennfremur um hluttöku landssjóðs í »Eimskipafjelagi Íslands«, án tillits til strandferða og styrkveitingu úr landssjóði til millilandaferða, eins og bráðabirgðastjórn þess fjelags hefir farið fram á.

Um þetta alt saman hafa nú samgöngumálanefndir beggja deilda rætt á allmörgum fundum, og skulum vjer hjer með leyfa oss að láta uppi álit vort og tillögur, sem prentaðar eru á sjerstöku þingskjali sem breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið.

Að því er snertir hluttöku landssjóðs í »Eimskipafjelagi Íslands«, þá urðu nefndirnar einhuga um að leggja til, að stjórninni væri heimilað að kaupa hluti í fjelaginu fyrir alt að 400,000 kr., gegn því, að fjelagið tæki að sje að halda uppi strandferðum með tveimur eða fleiri nýjum eða nýlegum skipum, á svipaðan hátt og með líkum skipum að stærð og hraða eins og strandferðaskipin »Austri« og »Vestri«, sem hjer voru í förum árin 1911 og 1912 (sbr. þingskj. 367 og 368). En þó að nefndirnar vildu binda hluttöku landssjóðs þessu skilyrði, þá var það þó ekki hugsun þeirra, að þessi ríflega hluttaka ætti að skiljast svo, að hún væri vegna strandferðanna einna saman. Nefndirnar álitu sem sje, að strandferðanna vegna væri 300,000 kr. hluttaka nægileg og jafnvel mjög rífleg, þar sem fá mætti tvö góð strandferðaskip fyrir 400,000 kr., en 50—60% af þeirri upphæð mætti fá með því að veðsetja skipin sjálf og fá lán út á þau. Mundi þannig mega fá að minsta kosti 200,000 kr. að láni út á skipin eða jafnvel alt að 240,000 kr., (sbr. þingskj. 368). Ef miðað hefði verið eingöngu við tvö strandferðaskip, hefði getað komið til mála að takmarka hluttöku landssjóðs við 160—200,000 kr., (sbr. ummæli nefndarinnar um landssjóðsútgerðina, þingskj. 368). En með því nefndirnar vildu hlynna sem best að »Eimskipafjelagi Íslands«, vildu þær ekki skera þetta við neglur sjer, heldur áætla 300,000 kr. hluttöku í sambandi við strandferðirnar, jafnframt með það fyrir augum, að hentara gæti þótt að hafa strandferðaskipin fleiri en tvö (sbr. »með tveimur eða fleiri strandferðaskipum« í frumvarpi voru, þingskj. 367, 1. gr.). En þar sem nefndirnar þó ekki ljetu einu sinni við þetta sitja, heldur lögðu til, að hluttaka landssjóðs yrði ákveðin, ekki 300,000 kr., heldur alt að 400,000 kr., þá var það hugsun nefndanna, að 100,000 kr. af þessari upphæð skyldi vera hluttaka landssjóðs í fjelaginu alment tekið, til þess að styðja það til að kaupa millilandaskip og halda uppi millilandaferðum, eins og bráðabirgðastjórn fjelagsins hafði farið fram á í erindi sínu til Alþingis. En hins vegar vildu nefndirnar þó einnig binda þessa hluttöku landssjóðs því skilyrði, að samningar næðust við fjelagið um strandferðirnar, og jafnframt að millilandaskipin

yrðu fleiri en eitt, þótt gleymst hafi að taka það fram í hinu fyrra nefndaráliti voru.

Hinu sama skilyrði vildi meiri hluti nefndanna binda beinan ársstyrk til fjelagsins til millilandaferða, sem þeim fanst hæfilega ákveðinn 40,000 kr., svo að fjelagið, ef það einnig tæki að sjer strandferðirnar með 60,000 kr. ársstyrk, hefði alls 100,000 kr. ársstyrk, einmitt sömu upphæð og »Hið sameinaða eimskipafjelag« hefir nú fyrir bæði strandferðir og millilandaferðir til Íslands (þó það hafi auk þess 25,000 kr. fyrir ferðir til Færeyja með sjerstökum skipum). En nefndirnar vildu, þó að fjelagið gæti fengið þennan 40,000 kr. ársstyrk til millilandaferðanna undir eins fyrsta árið, sem það byrjaði ferðir sínar (1915), þó að það hefði þá ekki enn tekið að sjer strandferðir, ef samningatilraunir um þær milli fjelagsins og stjórnarráðsins væru þá á svo góðum vegi, að hægt væri á því að byggja, að fjelagið tæki að sér strandferðirnar 1916. Það sem einkum vakti fyrir nefndunum í þessu efni, eða meiri hluta þeirra, var það, að stjórnin yrði tímanlega á árinu 1915 að fá að vita vissu sína um það, hvort von væri um að »Eimskipafjelag Íslands« tæki að sjer strandferðirnar næsta ár, því væri vonlaust um það, yrði hún að gera ráðstafanir til að koma á fót landssjóðsútgerð, og til þess mætti hún ekki hafa minna en eins árs frest, með því fyrir gæti komið, og enda líklegast, að hún yrði að láta smíða ný skip til strandferðanna. Auk þess yrði stjórnin, til þess að geta lagt tillögur um reksturskostnað fyrir þingið 1915, að fá að vita um það með vissu, hvort landssjóðsútgerðin væri óumflýjanleg, áður en hún semdi fjárlagaframvarp sitt fyrir 1916—1917. Meiri hluta nefndanna gat því ekki betur skilist, en að það væri skylda nefndanna, bæði gagnvart landssjóðnum og stjórninni, að haga tillögum sínum svo, að nokkurnvegin trygging væri fyrir því, að stjórnin fengi að vita vissu sína um það, hver yrðu örlög strandferðanna tímanlega á árinu 1915. Hins vegar áleit meiri hlutinn, að þessi ráðstöfun gæti ekki orðið »Eimskipafjelagi Íslands« til neins verulegs hnekkis, þar sem það gæti fengið 40,000 kr. ársstyrk til millilandaferðanna undir eins árið 1915, þótt það þá hefði engar strandferðir. En minni hlutinn var hjer á annari skoðun, og mun hann gera grein fyrir henni undir umræðunum um málið, með því það var eina ágreiningsatriðið í nefndunum.

Að því er kemur til bráðabirgðaráðstafana til að halda uppi strandferðum fyrir næsta fjárhagstímabil, þá leggja nefndirnar til, að veitt sje til strandferða sama upphæð og áður, 60,000 kr., en látið óákveðið, á hvern hátt þeim skuli varið, og stjórninni í því efni gefnar frjálsar hendur. Nefndirnar gátu hugsað sjer fleiri leiðir, og þá aðallega þrjár, sem velja mætti í milli.

Ein var sú, að leigja tvö strandferðaskip til bráðabirgða og gera þau skip út á kostnað landssjóðs.

Önnur sú, að gera samning við Eimskipafjelag Björgvinjar, sem tilboð liggur frá fyrir þinginu, um að fara tvær hringferðir á hverjum mánuði sumarmánuðina 7, og eina ferð á mánuði hina 5 mánuði ársins til Austur- Suður- og Vesturlandsins, gegn 30,000 kr. tillagi úr landssjóði (og öðrum 30,000 kr. úr ríkissjóði Norðmanna, sem þegar eru trygðar). Þessum ferðum álíta nefndirnar að máske mætti hlíta til *mannflutninga*. En þær mundu alls ekki fullnægja kröfum manna til *vöruflutninga*, með því viðkomustaðirnir eru alt of fáir. En úr því mætti þó bæta með því, að leigja og gera út á kostnað landssjóðs ódýrt vöruflutningaskip, sem ekki þyrfti að vera örskreitt, og láta það sigla á alla þá við-

komustaði, sem strandferðaskipin hafa að undanförnu komið við á. Til þessa mætti þá verja þeim öðrum 30,000 kr., sem eftir yrðu af fjárveitingunni til strandferða.

Þriðja leiðin var, að semja nú enn þá einu sinni við »Hið sameinaða eimskipafjelag« um strandferðirnar fyrir næsta fjárhagstímabil gegn 60,000 kr. tillagi hvort árið, og hefir ráðherra skýrt frá, að slíkir samningar mundu fáanlegir. En skyldi svo fara, að þessi leið yrði valin, ætti stjórnin að gera sitt ýtrasta til, að kjörin af hálfu fjelagsins yrðu líkari þeim kjörum, sem við áttum við að búa árin 1911 og 1912, en þeim, sem vjer verðum nú að sæta fyrir yfirstandandi ár.

Fleiri leiðir væru máske hugsanlegar og mætti leita fyrir sjer um samninga við önnur erlend eimskipafjelög, og því vildu nefndirnar gefa stjórninni sem frjálsastar hendur í þessu efni, svo hún gæti valið þá leiðina, sem henni þætti best henta.

Að því er snertir bátaferðir á flóum, fjörðum og vötnum, þá varð nefndunum ljóst, að þar væri mikilla umbóta vant, en upplýsingar um þessar ferðir hins vegar svo algerlega ófullnægjandi, að frágangssök væri fyrir þingnefnd að koma fram með tillögur um gagngerðar breytingar á þeim að svo stöddu. Nefndirnar hafa því í þetta sinn látið sjer nægja að koma fram með ákveðnar tillögur um upphæð styrkveitinganna til þessara báta, og hafa þær, að því er hina minni báta snertir (Rangársandsbátinn, Hvítárbátinn, Hvalfjarðarbátinn, Lagarfljóts- og Austur-Skaftafellssýslubátinn) að mestu leyti látið hinar núverandi upphæðir halda sjer óbreyttar. Og sama er að segja um Faxaflóabátinn. Hins vegar leggja nefndirnar til að hækka styrkveitinguna til bátaferða um Ísafjarðardjúp um 4000 kr., en áskilja þá jafnframt ferðir til og um Húnaflóa. Þá hafa nefndirnar og álitið bráðnauðsynlegt að stofna til bátaferða milli Vestmanneyja og Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka og leggja til, að til þessa sje veitt alt að 6000 kr.

Til bátaferða á Breiðafirði leggja nefndirnar til, að veittar sjeu 8000 kr.; en þó fjárveiting þessi sje í einu lagi, ætlast nefndirnar samt til, að henni megi skifta á milli tveggja báta, annars stærri 7000 kr., og hins minni 1000 kr.

Þótt nefndirnar væru í nokkrum vafa um, hvort Eyjafjarðarbáturinn gerði svo mikið gagn, að vert væri að styrkja hann eins ríflega eins og stungið er upp á í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, leggja þær þó til, að til hans sjeu veittar 9000 kr., svo að niðurfærslan nemur einum 1000 kr. En jafnframt ætlast nefndirnar ekki til, að sá bátur fari framvegis neinar ferðir til Austfjarða nje til Húnaflóa, heldur einungis til Skagafjarðar, um Eyjafjörð og austur að Merakkasljettu.

Þá leggja nefndirnar og til, að þessar styrkveitingar sjeu bundnar breyttum og ákveðnari skilyrðum en hingað til.

Þar sem hingað til hefir verið heimtað, að bátarnir ættu að dómi *stjórnarráðsins* að vera góð skip og hentug til þessara ferða, þá litu nefndirnar svo á að slíkt ákvæði mundi í reyndinni verða harla þýðingarlítið, með því stjórnarráðið hefði lítil sem engin tök á að dæma um þetta, enda víst ekkert verið gert í því efni að undanförnu. Nefndirnar leggja því til, að þessi dómur sje falinn hlutaðeigandi hjeraðsstjórnum, sem betri tök hafa á að kynna sjer þetta, og stjórnarráðinu að eins sent vottorð þeirra um, að þær álíti bátana hæfa til ferðanna.

Þá leggja nefndirnar og til, að stjórnarráðið skuli samþykkja ferðaáætlanir bátanna. Þetta skilyrði hefur og verið að undanförnu, en víst reynst þýðing-

arlítið í framkvæmdinni, bæði af því, að stjórnarráðið hefir brostið nægilega þekkingu til að dæma um, hvað haganlegast væri á hverjum stað, en því ekki veitt neitt fje til aðstoðar í þessu skyni, og ferðaáætlanirnar líka þá fyrst sendar stjórnarráðinu, þegar beðið hefir verið um útborgun á styrknum. Undir þennan leka hafa nefndirnar viljað setja með því, að krefjast, að uppkast að ferðaáætlununum sje sent stjórnarráðinu innan þess tíma, er það kann til að taka, sem varla mætti minna vera en 3 mánuðum áður en ferðir bátanna hefjast, ef stjórnarráðinu á að vera unt að gera nokkrar breytingar og skrifast á um þær við útgerðarmenn bátanna. En jafnframt álitu nefndirnar, að nauðsynlegt væri, að stjórnarráðið hefði þá sjer til aðstoðar einhvern ráðunaut, sem fær væri að dæma um þessar ferðaáætlanir og stinga upp á nauðsynlegum breytingum, til þess að ferðirnar yrðu sem hentugastar, bæði fyrir hlutaðeigandi hjeraðsbúa og í sem bestu sambandi við strandferðaskipin og aðrar samgöngur á sjó.

Þá leggja nefndirnar og til, að landsjóðsstyrkurinn megi aldrei nema meiru en helmingi af reksturskostnaði bátanna, sem hlýtur að standa í ákveðnu hlutfalli við tekjur þeirra, ef tekjur og útgjöld eiga að standast á. Þetta álitu nefndirnar nauðsynlegt skilyrði fyrir framtíðina, til þess að hægt væri að fá hugmynd um þörfina fyrir þessar bátaferðir. Því sje þörfin ekki meiri en svo, að tekjur bátanna hrökkvi ekki fyrir helminginum af reksturskostnaði þeirra, virðist harla meiningarlítið að styrkja slíkar ferðir úr landssjóði.

Í nefndinni kom einnig fram tillaga um það, að hlutaðeigandi hjeruð skyldu leggja fram að minsta kosti $^1/_3$ á móts við $^2/_3$ úr landssjóði til slíkra bátaferða, með því þá fengist frekari sönnun fyrir, að sannarleg þörf væri á þeim, ef menn sýndu, að menn vildu sjálfir leggja eitthvað í sölurnar. En þó að allir væru sammála um, að slík krafa væri í sjálfu sjer sanngjörn og eðlileg, þá þurfu þó nefndirnar frá því ráði, að setja slíkt skilyrði að þessu sinni, með því að sitt gæti átt við á hverjum stað, en engar rannsóknir fyrir liggjandi, til að byggja á í því efni, og væri rjettast að fela stjórninni þessa spurningu til íhugunar framvegis, þegar þær rannsóknir væru um garð gengnar, sem nefndirnar ætlast til að hún láti gera.

Loks vildu nefndirnar krefjast þess, að útgerðarmenn bátanna skyldu senda stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en landssjóðsstyrkurinn væri að fullu greiddur. Þetta virðist bæði eðlileg og nauðsynleg krafa, bæði til þess, að stjórnarráðið geti séð, hvernig fjenu hefur verið varið og hve miklu tekjur og reksturskostnaður bátanna nemur, sem er bestur mælikvarði fyrir þörfinni. Hingað til hefur stjórnarráðið enga slíka reikninga fengið, og hefði það þó vel getað krafist þess. En til þess að tryggja það, að slíkir reikningar sjeu jafnan sendir því framvegis, álíta nefndirnar að rétt sje, að halda eftir nokkru af landssjóðsstyrknum, uns þessari kröfu er fullnægt, enda ekki hægt að sjá fyr, hvort skilyrðunum er fullnægt. Nefndirnar áttu að eins kost á að kynna sjer reikninga Faxaflóabátsins, en hefðu reikningar hinna bátanna einnig legið fyrir þeim, mundu þær hafa getað greitt betur úr sumum þeim vafaspurningum, sem þær nú treystast ekki til að leysa.

En þó nefndirnar þannig hafi ráðist í að gera tillögur um dálitlar umbætur á þessari grein samgöngumála vorra, var þeim ljóst, að þær væru aðeins til bráðabirgða og gætu atdrei orðið annað en nokkuð handahófslegar, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, þó þær hins vegar yrðu að álíta, að þær væru ekki

gerðar af eins miklu handahófi, eins og tillögur stjórnarinnar, sem mun hafa haft enn minni upplýsingar á að byggja en nefndirnar. En til þess að geta skipað öllum samgöngumálum á sjó, svo í nokkru lagi sje, virtist nefndunum nauðsynlegt að láta fram fara gagngerðar rannsóknir á öllu, sem hjer að lýtur. En þær rannsóknir álíta nefndirnar stjórnarráðinu ókleift að gera með þeim starfskröftum einum, sem það hefir á að skipa. Verður þá ekki annað til ráða, en annaðhvort að veita stjórninni sjerstakt aðstoðarfje í þessu skyni eða setja á stofn sjerstaka stöðu fyrir mann, sem yrði ráðunautur stjórnarinnar í þessum greinum og hefði á hendi stjórn og undirbúning samgöngumála á sjó, líkt og á sjer stað um vegamál, póstmál og símamál. Þegar fjárveitingarnar til þessarar greinar samgöngumálanna eru farnar að nema 300,000 kr. á fjárhagstímabilinu, eins og gera má ráð fyrir að verði framvegis, eða jafnvel enn meira, þá virðist ekki verjandi að láta þau halda áfram að vera í eins mikilli óreiðu, eins og nú á sjer stað, þar sem engin trygging er fyrir, að þessar fjárveitingar komi að tilætluðum notum, eða þá að jafnmiklum notum, eins og vera mætti, ef rjettilega væri á haldið. Það er jafnvel engin trygging fyrir, að sumum af fjárveitingunum sje varið samkvæmt tilgangi Alþingis. Þannig hefir nefndunum verið skýrt frá, að sumir af þeim flóa og fjarðabátum, sem styrkur er veittur til úr landssjóði, sjeu í höndum kaupmanna, sem mestmegnis brúki þá í skottuferðir fyrir sjálfa sig og til hagsmuna fyrir sínar eigin verslanir. Svo er sagt, að ástatt sje með eina 3 af þessum bátum, og um einn þeirra er meira að segja sagt, að hann hafi enga fasta ferðaáætlun. Hve mikið kann að vera hæft í slíkum sögusögnum, er ekki hægt að vita, nema sjerstakar rannsóknir fari fram á þessum stöðum. En slíkar rannsóknir gæti ráðunautur stjórnarinnar gert. Hann ætti og að rannsaka, hvernig hentast væri að haga ferðaáætlunum á hverjum stað, hve mikil þörfin væri fyrir bæði viðkomur strandferðaskipa og sjerstakra hjeraðsbáta, hvert tillag væri sæmilegt að greiða til hjeraðsbátanna úr landssjóði, og hvort ástæða væri að heimta jafnframt nokkurt tillag frá hlutaðeigandi hjeruðum sjálfum. Hann ætti og að rannsaka, hvers konar bátalag og bátastærð væri hentust á hverjum stað, og hvernig hægt væri að koma öllum samgöngum á sjó í eitt samanhangandi kerfi, þannig að strandferðaskipin tækju við af millilandaskipunum, og flóa- og fjarðabátarnir af strandferðaskipunum og millilandaskipunum, en að öll þessi skip væru ekki í einu á siglingu sömu leiðina, eltu hvort annað og keptu hvort við annað, eins og nú þykir oft við brenna. Hann ætti og að verða fulltrúi landssjórnarinnar í stjórn »Eimskipafjelags Íslands«, ef landssjóður yrði hluthafi í því fjelagi, og hafa yfirstjórn yfir útgerð landssjóðs, ef hún kæmist á fót. Og að sjálfsögðu ætti hann að gera tillögur til stjórnarinnar um öll samgöngumál á sjó fyrir hvert alþingi.

Verkefnið er því nægilegt, þótt stofnuð væri sjerstök staða fyrir fastan mann til að annast þetta, og er það trú nefndanna, að ef vel tækist með valið á manninum, þá mundi það fje geta sparast margfaldlega á annan hátt, sem varið væri til að launa honum fyrir jafn þjóðnýtt starf.

Þó að nefndunum þannig væri ljóst, að ekki mundi verða hjá því komist, að stofna slíka fasta stöðu, vildu þær þó ekki að þessu sinni koma fram með beina tillögu um það, heldur aðeins um, að veita stjórninni 4000 kr. á ári, sem verja mætti til undirbúnings og stjórnar samgöngumála á sjó. Ætlast nefndirnar til, að nokkru af því fje sje varið til að launa ráðunaut, sem stjórnin ræður til bráðabirgða í þessum efnum, en því, sem fram yfir kann að verða, til skrifstofu-

og ferðakostnaðar handa honum bæði utanlands og innan. Því nefndirnar telja líklegt. að hann yrði einnig að ferðast til útlanda, til að kynna sjer reynslu annara strjálbýlla þjóða, t. d. í Noregi og Svíþjóð og máske víðar.

Takist valið á þessum manni vel (og vjer viljum geta þess, að nefndirnar höfðu engan sjerstakan mann í huga) og sýndi hann dugnað og áhuga á starfi sínu, svo að stjórn og þingi þætti mikils um vert, efumst vjer ekki um, að hann gæti gert sjer vísa von um, að staða hans yrði gerð föst. En ef stjórnin yrði óheppin í vali sínu, væri hægra til að breyta með manninn, með því að haga fjárveitingunni svo, sem vjer höfum lagt til, enda það að öllu leyti hyggilegast, meðan alt, er að þessum málum lýtur, er á tilraunastigi.

Eftir að nefndarálitið var samið, hefir nefndinni borist brjef frá bráðabirgðastjórn »Eimskipafjelags Íslands«, sem vjer látum prenta sem fylgiskja við nefndarálitið.

Neðri deild Alþingis, 21. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Jóh. Jóhannesson, formaður. | Valtýr Guðmundsson, skrifari og framsögumaður. |

Björn Kristjánsson, með fyrirvara. Halldór Steinsson. Pjetur Jónsson.

**Fylgiskjal I.**

Reykjavík, 20. ágúst 1913.

Vjer höfum fengið vitneskju um það, að meiri hluti samgöngumálanefndar neðri deildar alþingis muni leggja til, að veittur verði í fjárlögunum fyrir árið 1915, styrkur til Eimskipafjelags Íslands til millilandaferða með tveim skipum og þeirra ferða með ströndum fram, sem skipum þeim er ætlað að fara jafnframt millilandasiglingunum. En það skilyrði verði sett fyrir styrkveitingu þessari í tillögu meiri hluta nefndarinnar, að Eimskipafjelagið skuldbindi sig til að taka á sínum tíma að sjer strandferðir (sbr. frumvarp það um strandferðir, sem fram er komið í neðri deild frá samgöngumálanefnd þeirrar deildar).

Útaf umræddri tillögu finnum vjer ástæðu til að taka þetta fram:

Í hlutaútboðsskjali því, er sent var Íslendingum og hlutafjársöfnunin til fjelagsins er bygð á, er skýlaust gert ráð fyrir þessu tvennu:

1. Að fjelagið taki *ekki* að sjer strandferðir *í byrjun*,
2. Að fjelagið fái ríflegan landssjóðsstyrk fyrir ferðir þær, sem þar er gert ráð fyrir (þ. e. milli landa með viðkomum á ýmsum höfnum hjer innan lands).

Með því að öll hlutafjárloforð eru bygð á þessu, og því eðlilega bundin þeim skilyrðum, sem í þessu felast, þá lítum vjer svo á, sem vjer eigi getum kallað saman stofnfund fjelagsins, ef eigi er vissa fengin fyrir því, að landssjóðsstyrkur fáist, sem eigi sje bundinn því skilyrði, að fjelagið *skuli* taka að sjer að reka strandferðirnar fyrir sinn reikning. — Vjer teljum engan vafa á því, að væri fjelagið stofnað undir slíkum kringumstæðum, þá væru allir þeir, sem lofað hafa hlutafje á grundvelli hlutaútboðsins, þar með leystir frá loforðum sínum. Vjer gæt-

um því ekki gert annað en afhenda hverjum loforðsgefanda aftur þann hluta hlutafjárins, sem innborgaður er þegar, og mundum því *ekki* geta gert ráðstafanir til þess að fjelagið yrði stofnað.

Vjer vonum, að allir hljóti að fallast á það, að vjer samkvæmt hlutaútboðinu og afstöðu vorri til hlutafjársöfnunarinnar, getum eigi breytt á annan hátt.

Það er því afdráttarlaus skoðun vor, að ef styrkveiting landssjóðs til Eimskipafjelagsins verður bundin því skilyrði, að það taki að sjer strandferðirnar á þann hátt, sem samgöngumálanefndin gerir ráð fyrir, þá sje hlutafjársöfnunin til fjelagsins unnin fyrir gíg og ekkert geti orðið úr fjelagsstofnuninni.

Jafnframt viljum vjer leyfa oss að minna á, að þegar vjer áttum fundi með formönnum samgöngumálanefndanna, þá tjáðu þeir oss, að allir nefndamenn álitu, að Alþingi bæri að styrkja Eimskipafjelag Íslands eftir mætti, og á þeim grundvelli fórum vjer í svari voru til nefndanna, dags. 30. f. m., svo langt sem oss var frekast unt, að því er snerti væntanlega afstöðu Eimskipafjelagsins til strandferðanna og væntum þess, að nefndirnar ljetu sjer í því tilliti nægja þau loforð vor, sem tekin eru fram í nefndu svari voru.

Að öðru leyti leyfum vjer oss að vísa til ofannefnds svars vors til formanna samgöngumálanefndanna dags. 30. f. m., og til umsóknar vorrar til Alþingis um, að Eimskipafjelagi Íslands verði veittur 65 þúsund króna styrkur fyrir árið 1915 og að landssjóður taki hluti í fjelaginu fyrir 100 þúsund krónur.

Vjer látum fylgja hjer með skýrslu um það, hvernig hlutafjársöfnun til Eimskipafjelagsins nú stendur, en þar skal jafnframt tekið fram, að talsvert margir listar eru ennþá ókomnir.

Virðingarfylst.

Í bráðabirgðastjórn h/f Eimskipafjelags Íslands.

Jón Gunnarsson. Sveinn Björnsson. Jón Björnsson.

Jón Þorláksson. Eggert Claessen.

Til

samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis

Reykjavik.

**Fylgiskjal II.**

Innkomin hlutaloforð.

H/f Eimskipafjelag Íslands.

*Yfirlit 19. ágúst með áorðnum breytingum síðan 7. ág. eftir sýslum.*

| | | |
|---|---|---|
| Mýra- og Borgarfjarðarsýsla ... ... ... ... | Kr. | 15275,00 |
| Snæfellsness- og Hnappadalssýsla ... ... ... | — | 5575,00 |

| | | |
|---|---|---|
| Dalasýsla ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 3550,00 |
| Barðastrandarsúsla ... ... ... ... ... ... | — | 11730,00 |
| Ísafjarðarsýsla og kaupstaður ... ... ... | — | 11600,00 |
| Strandasýsla ... ... ... ... ... ... ... | — | 2525,00 |
| Húnavatnssýsla ... ... ... ... ... ... ... | — | 9600,00 |
| Skagafjarðarsýsla ... ... ... ... ... ... | — | 9225,00 |
| Eyjafjarðarsýsla og Akureyri ... ... ... ... | — | 18325,00 |
| Suður-Þingeyjarsýsla... ... ... .. ... ... | — | 14225,00 |
| Norður-Þingeyjarsýsla ... ... ... ... ... | — | 5575,00 |
| Norður-Múlasýsla og Seyðisfj. ... ... ... | — | 13625,00 |
| Suður-Múlasýsla... ... ... .. ... ... ... | — | 21825,00 |
| Skaftafellssýsla ... ... ... ... ... ... ... | — | 8300,00 |
| Rangárvallasýsla.. ... ... ... ... ... ... | — | 6900,00 |
| Vestmanneyjar ... ... ... ... ... ... ... | — | 5750,00 |
| Árnessýsla ... ... ... ... ... ... ... .. | — | 13500,00 |
| Gullbringu- og Kjósarsýsla með Hafnarfirði . | — | 16800,00 |
| Reykjavík og Seltjarnarnes ... ... .. ... | — | 85975,00 |
| | Kr. | 279880,00 |
| Vestur-Íslendingar ... ... ... ... ... ... | — | 30000,00 |

Nd. **506. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 21. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður:

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi, alt að 25,000 kr., til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með $4^1/_2{}^0/_0$, er afborgunarlaust fyrstu árin tvö, og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Nd. **507. Breytingartillaga**

við breytingartill. meiri hluta í stjórnarskrármálinu á þgskj. 463.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Við 1. Við 1. gr.

Í staðinn fyrir »bera upp fyrir konungi þar sem hann ákveður, lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir« komi: bera upp fyrir konungi lög, og mikilvægar stjórnarráðstafanir, þar sem hann ákveður.

Nd. **508. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 487, frá samgöngumálanefndinni.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson. Matth. Ólafsson. Benedikt Sveinsson. Þorleifur Jónsson.

Við C III. Á eptir þeim lið komi nýr liður, sem verður IV. liður (liðatala breytist samkv. því) svohljóðandi:

IV. Til hlutakaupa í Eimskipafjelagi Íslands, til að koma því á stofn ..... 50,000—50,000

Verði keyptir hlutir í eimskipafjelaginu fyrir 400,000 kr., gegn því, að fjelagið taki að sjer strandferðirnar, þá fellur þessi fjárveiting niður.

Ed. **509. Nefndarálit**

um frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

Gjafasjóður Jóns Sigurðssonar er stofnaður 1830; er gjafarbrjefið undirskrifað af gefanda 8. dag júlímánaðar. Er talið að gjöfin nemi 1580 ríkisdölum, og var það jarðagóss. Um miðja 19. öld átti sjóðurinn þessar 7 jarðir:

| | | Dýrleiki |
|---|---|---|
| 1. | Kristnes ... ... ... ... | 34,4 hdr. |
| 2. | Hvammur ... ... ... ... | 33,8 — |
| 3. | Sýlistaðir | |
| 4. | Sýlistaðakot ... ... ... | 26,8 — |
| 5. | Laugaland | |
| 6. | Heiðarhús ... ... ... | 32,6 — |
| 7. | Miðland ... ... ... ... | 7,4 — |

Gefandi mælir svo fyrir, að aldrei megi skerða höfuðstól sjóðsins, en um ársvextina segir hann: »skal einasta Eyjafjarðarsýsla njóta góðs þar af í almennum neyðartilfellum, á þann hátt, að ársrentum höfuðstólsins, eða ársafgjaldi jarðanna skal þá verja til að koma fátækustu eða nauðstöddustu hreppum eða sveitum sýslunnar til hjálpar með innkaupi matvöru í stórum almennum harðindum (hallæri), þegar liggur við manndauða; en í góðum árum, og á meðan engin almenn neyð ber til, skulu renturnar uppleggjast til viðurauka við höfuðstólinn«.

Í gjafarbrjefinu er svo fyrir mælt, að amtmaður og hjeraðsprófastur skuli stjórna stjóðnum. Þegar amtmannsembættin voru lögð niður, kom sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu þar í amtmanns stað.

Sjóðurinn hefir aukist mjög og ávaxtast, og voru eignir hans 31. des. 1911 sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| Fasteignir ... ... ... ... | 12490,00 | kr. |
| Veðskuldabrjef... ... ... | 38660,00 | — |
| Bankavaxtabrjef ... ... | 2800,00 | — |
| Í sparisjóði ... ... ... | 116,12 | — |
| Í sjóði ... ... ... ... | 521,64 | — |
| Samtals ... | 54587,76 | kr. |

Hjer má geta þess, að í þá tíð, er formaður nefndarinnar var amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu, keypti hann tvær jarðir í viðbót fyrir sjóðinn, Neðri-Vindheima og Efri-Vindheima; eru þær jarðir 36,3 hdr. að dýrleika. Áður hafði verið keypt 1/2 Gloppa, 5,75 hdr. Sjóðurinn á því nú 10 jarðeignir, og eru þær í reikningum sjóðsins gerðar 12490 kr. virði. En 1911 fjekst eftir jarðirnar í landskuldum, leigum og lóðargjöldum 900 kr. 78 aur., og er það 4 % af 22500 kr. Eignir sjóðsins eru því miklum mun meiri í raun og veru, en uppi er látið í reikningum hans.

Vjer höfum nú íhugað vandlega, hvort frumvarp það, sem hjer um ræðir, fari í bága við vilja gefandans. Það er ljóst, að hann hefir ætlast til, að ársvöxtum af sjóðnum yrði varið til þess, að kaupa matvöru handa nauðstöddum sveitum sýslunnar »í stórum almennum harðindum (hallæri)«. Er auðsætt, að hann gerir ráð fyrir, að matvaran sje ávalt fáanleg, ef andvirðið sje til; og það mun líka oftast hafa verið svo, um 1830; þá voru verslanir yfirleitt vel birgar af kornmat á vetrum. Nú er alt öðru vísi ástatt; skip ganga á miðjum vetri, og mánaðarlega úr því; þess vegna eru haustbirgðir kaupmanna miklu minni en áður gerðist, og þess vegna *getur* það komið fyrir, að kornvara gangi fljótlega til þurðar, ef hafís bannar skipagöngur marga mánuði síðla vetrar og framan af vori. Það virðist því vera í fullu samræmi við vilja gefandans, að einhverju af ársvöxtum sjóðsins sje nú varið til kornforðatryggingar, til að koma í veg fyrir bjargarskort í harðæri. Sjóðurinn getur því að eins komið að tilætluðum notum, að matvara sje *til*, þegar þær sveitir verða nauðstaddar af bjargarskorti, sem sjóðsins eiga að njóta. Það virðist einnig vera í fullu samræmi við gjafarbrjefið, að sýslunefnd og bæjarstjórn ráði notkun fjárins að einhverju eða öllu leyti, því að gefandinn segir ótvírætt, að hjálpin eigi að veitast nauðstöddum *hreppum* eða *sveitum*, en sýslunefndir og bæjarstjórnir ráða nú yfir sveitarmálum.

Af þessum ástæðum leggjum vjer til að frumvarpið verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá háttvirtri neðri deild.

En jafnframt viljum vjer vekja athygli á því, að sú meðferð, sem þessi sjóður hefir sætt, er að sumu leyti athugaverð, eða að minsta kosti eftirtektarverð. —

Í gjafarbrjefinu segir um ársvexti af sjóðnum (afgjaldið af jörðunum), að þeir skulu »árlega innsetjast í þann konunglega kassa á rentu, þangað til þeir svoleiðis innsettu peningar eru orðnir svo miklir, að þar fyrir megi fá passandi jörð keypta«.

Þessum fyrirmælum gjafarbrjefsins hefir ekki verið fylgt. Síðan Júlíus Havsteen amtmaður keypti þær tvær jarðir handa sjóðnum, sem fyr voru nefndar, hafa engar jarðir verið keyptar, og sjóðurinn á nú yfir 40 þúsund kr. á vöxtum, mest í útlánum gegn fasteignarveði, að því er vjer best vitum, en sumt þó í bankavaxtabrjefum.

Þetta viljum vjer þó ekki telja vítavert; það mun hafa verið svo um 1830, að peningar, sem settir voru í jarðir, gáfu meiri arð en það fje, sem sett var á vöxtu í »þann konunglega kassa«, og af því stafa vafalaust ummæli gefandans um jarðakaup, enda hefir honum að sjálfsögðu verið í ljósu minni peningahrunið mikla í upphafi 19. aldarinnar.

Nú er öðru máli að gegna; jarðir hafa hækkað í verði og verða mjög víða ekki leigðar svo hátt, að leigan nemi viðunandi vöxtum af kaupverði.

Oss virðist því fyllilega rjettmætt og alls ekki í bága við markmið gefandans, að hætt hefir verið við jarðakaup og fje sjóðsins komið á vöxtu.

Hins vegar teljum vjer miður vel fara á því, að reikningar sjóðsins eru orðnir miklu ógleggri, en þeir voru á fyrri árum í tíð amtmannanna. Þá var lengst af gerð glögg grein fyrir tekjunum af hverri jarðeign sjóðsins og nefnd öll lán úr sjóðnum, hvenær þau voru veitt og með hvaða kjörum. Nú verður ekkert af þessu sjeð í reikningunum. Í síðasta reikningi (1911) er t. d. sagt, að sjóðurinn eigi í »veðskuldabrjefum« 38600 kr., en ekki tilgreint hvers konar veðskuldabrjef það eru (húsveð? jarðarveð? handveð?).

Þó er það lakast, að vorum dómi, að mikið styrktarfje hefir verið veitt úr sjóðnum síðan 1904, en aldrei tilgreint í reikningunum til hvers það er veitt.

Vjer höfum aðgætt alla ársreikningana, frá 1872 til 1911, og orðið þess vísari er nú skal greina:

*Á árunum 1872 til 1881 er alls enginn styrkur veittur.*

| | | |
|---|---|---|
| 1882: | »Keypt til útbýtingar vorið 1882 16 pokar af maís, hver á 250 pd., á 24 kr. .. ... ... ... ... ... ... ... ... .. ... ... | 384 kr. |
| | »Keypt til útbýtingar veturinn 1882—83 50 tunnur af rúgi = 10,000 pd., á 10 aura« ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1000 — |
| | »Styrkur handa Grímseyingum til að leigja skip til vöruflutninga út í eyna haustið 1882« ... ... ... ... ... ... .. ... | 50 — |
| | Samtals | 1434 kr. |
| 1883: | »Fyrir $1^1/_2$ kúggildi á Gloppu í stað þess, sem féll« ... ... ... | 126 kr. |
| | »Styrkur til Akureyrarkaupstaðar« ... ... ... ... ... ... | 100 — |
| | »Kostnaður við útbýting« ... ... ... ... ... ... ... ... | 4 — |
| | Samtals | 230 kr. |
| 1884: | »Styrkur veittur Grímseyingum« ... ... ... ... ... ... ... | 100 kr. |
| 1885: | Er enginn styrkur veittur. | |
| 1886: | »Styrkur veittur Þóroddstaðahreppi« ... ... ... ... ... ... | 90 kr. |
| | Flyt | 420 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| | Fluttar | 420 kr. |
| 1887: | »Keypt 7400 pd. af korni til útbýtingar og sild fyrir« ... .. | 611 kr. |
| 1888: | »Styrkur til ýmsra vorið 1888: | |
| | a) Kornmatur fyrir... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 231,50 |
| | b) Peningar« ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 70,00 |
| | Samtals | 301,50 |
| 1889: | »Styrkur til Þóroddstaðahrepps vorið 1889 fyrir 1600 pd. af rúgi« ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 120 kr. |

Þá batnaði aftur í ári, eins og kunnugt er, og var nú *enginn styrkur veittur úr sjóðnum í 14 ár, fra 1890 til 1903,* að báðum þeim árum meðtöldum. En *svo tekur annað við:*

| | | |
|---|---|---|
| 1904: | Eru veittar ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... og sjest ekki í reikningnum til hvers sá styrkur hefir farið. | 950 kr. |
| 1905<br>1906<br>1907<br>1908 | Þá er veittur 25 kr. styrkur á hverju ári, en ekki sagt til hvers. | |
| 1909: | »Styrkur veittur á árinu« ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 350 kr. |
| 1910: | »Styrkur veittur á árinu« ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1400 kr. |
| 1911: | »Styrkur veittur á árinu« ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 350 kr. |

Oss er nú ekki kunnugt, að gengið hafi »stór almenn harðindi« síðan 1904, og virðist því vafa bundið, hvort allar þessar miklu styrkveitingar eru í nokkru samræmi við skýlaus fyrirmæli gjafabrjefsins og augljósan tilgang gefandans.

Vjer álítum, að frumvarp það, sem oss hefir verið falið til íhugunar, veiti tryggingu fyrir því, að sjoðurinn geti jafnan komið að þeim notum, sem gefandinn ætlaðist til.

Þess vegna mælum vjer með því, að frumvarpið verði samþykt.

En jafnframt leyfir nefndin sjer, að vekja athygli stjórnarinnar á því, að nauðsynlegt muni vera, að hafa fulla gát á þessum sjóði, að ársreikningar hans sjeu nægilega ljósir og vel farið með styrkveitingar.

Efri deild Alþingis 21. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| J. Havsteen, | G. Björnsson, |
| formaður. | skrifari og framsögum. |

Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **510. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913, veitast kr. 108,799,85 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast kr. 1325,00.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. 3. | Til viðgerðar fangahússins á Seyðisfirði alt að ... ... | kr. | 700,00 |
| | Á eftir A. 4. komi nýr liður, er verði 5. liður: | | |
| | Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Strandasýslu... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 125,00 |
| Við B. 6. | Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum í Garðsjó innan landhelgi gegn jafnmiklu annarstaðar frá ... ... ... | — | 500,00 |
| | | kr. | 1325,00 |

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (Læknaskipun) veitast kr. 1501,50.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 8. B. | Til að mála að utan geðveikrahælið á Kleppi ... ... | kr. | 600,00 |
| Við 10. | lið (nýr liður): | | |
| | Aðgerð á sóttvarnarhúsinu á Akureyri ... ... ... ... | — | 601,50 |
| | Til drengsins Einars Guðmundssonar á Þórarinsstaðaeyri, til þess að leita honum læknishjálpar í Danmörku ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 300,00 |
| | | kr. | 1501,50 |

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (Samgöngumál) veitast kr. 63040, 66.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. | Til pósthúshyggingar (til undirbúnings og til að byrja á byggingunni).. .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 30000,00 |
| Við B. II. 3. | Reykjadalsbraut ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 10000,00 |
| Við B. II. | Til steinsteypubrúar á Steinslæk í Holtum $^2/_3$ hlutar kostnaðarins... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1146,11 |
| Við B. XII. | (nýr liður): | | |
| | Til fyrirhleðslu við Holtsá ... ... ... ... ... ... | — | 2547,56 |
| Við D. | Til endurgreiðslu á tillagi til simalínu frá Selfossi að Eyrarbakka .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 2500,00 |
| | Til endurgreiðslu á tillagi Rangárvallasýslu til Garðsaukasímans alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 3333,33 |
| | Flyt: | kr. | 49527,00 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fluttar: kr. | 49527,00 |
| | gegn því, að sýslan leggi á sinum tíma hlutfallslega til Víkursímans. | | |
| | Til endurgjalds á sýslutillagi til Patreksfjarðarsímans ... | — | 5000,00 |
| | Til þess að styrkja símalínuna á Fjarðarheiði, Fljótsheiði og víðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 7000,00 |
| Við E. VII. | Til vitavarðarbústaðar á Siglunesi ... ... ... ... | — | 713,66 |
| Við E. XVII. | Til brunngraftar við Garðskagavita alt að ... ... | — | 800,00 |
| | | kr. | 63040,66 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (Kirkju- og kenslumál) veitast kr. 14103,61.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. b. 6. | Álag á Staðastaðarkirkju ... ... ... .. ... ... | kr. | 1110,05 |
| | 7. Til Ásólfsskálakirkju, eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að því tilskildu, að söfnuðurinn taki kirkjuna að sjer | — | 803,56 |
| Við B. I. | Til þess að kaupa Röntgensáhöld handa læknadeild háskólans ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 6000,00 |
| — - - | Til hr. A. Courmont í viðurkenningarskyni fyrir kennslu hans í frakkneskri tungu og bókmentum skólaárin 1911—1913 ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1440,00 |
| — B. III. b. 1. | Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til byggingar á úthýsi og aðgerðar á skólahúsinu eftir reikningi, alt að ... ... ... ... | — | 4000,00 |
| — B. IV. b. 2. | — aukakenslu við kennaraskólann ... ... | — | 750,00 |
| | | kr. | 14103,61 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. (Vísindi og bókmentir) veitast kr. 5153,33.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. c. (nýr liður): | | | |
| | Aðstoð við Landsbókasafnið . ... ... ... ... ... ... | kr. | 1053,33 |
| — 49. (nýr liður): | | | |
| | Styrkur til að sækja olympisku leikina í Stokkhólmi 1912 | — | 2500,00 |
| | Til kvennrjettindafjelags Íslands, styrkur til þess að senda fulltrúa á alþjóðamót í Buda-Pest í júní þ. á. um kosningarrjett kvenna ... ... ... ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | Til stúdentafjelagsins í Reykjavík styrkur til þess að senda mann á 100 ára afmæli stúdentafjelagsins norska | — | 600,00 |
| | | kr. | 5153,33 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (Til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 17500,95.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. | Bændaskólinn á Hólum: | | |
| | Endurbætur á gamla skólahúsinu ... .. ... ... ... | kr. | 782,98 |
| | Til smíðakennslu .... ... ... ... ... ... ... ... .. ... | — | 500,00 |
| | | Flyt: | 1282,98 |

Fluttar: kr. 1282,98

Við 2. Bændaskólinn á Hvanneyri:
Viðbótarstyrkur til að reisa leikfimishús ... ... ... ... — 3258,27
Upphæð þessi útborgast þá fyrst, er stjórnarráðið hefir fengið fullkomna skilagrein fyrir efnisleifum frá byggingu skólahússins á Hvanneyri.

— 20. Styrkur til manns til að læra dýralækningar erlendis, fyrir síðasta ársþriðjung 1913 ... ... ... ... ... ... — 200,00

— 30. Ferðastyrkur til Sigurgeirs Einarssonar til að kynnast ullarþurkun í Englandi og Þýskalandi ... ... ... ... — 1000,00
Til sama upp í kostnað við Ameríkuferð 1911 ... ... — — 1159,70

— 37. Til Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns upp í utanfararkostnað 1910 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 200,00
Til Árna Gíslasonar fiskimatsmanns upp í ferðakostnað til Spánar og Ítalíu ... ... ... ... ... ... .. ... ... — 400,00

— 54 (nýr liður):
Til að mæla innsigling á Gilsfjörð (endurveiting) alt að kr. 10000,00

kr. 17500,95

8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. veitist 420 kr.
Til ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla ... ... ... ... kr. 420,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (Óviss útgjöld) veitast kr. 5754,80

1. Ferðakostnaður og fæðispeningar nokkurra þingmanna á fund í Reykjavík í desember 1912 (án þess veiting þessi myndi nokkurt fordæmi).. ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 754,80
2. Til endurgreiðslu á vörugjaldi af kolum, sem þau af skipum Hins sameinaða gufuskipafjelags, sem halda uppi umsömdum millilandaferðum samkvæmt 10 ára samningi, gerðum árið 1909, taka á Íslandi eftir 1. jan. 1913, eftir reikningi alt að kr. 5000,00

kr. 5754,80

3. Stjórninni veitist heimild til að lána Stokkseyrarhreppi og Eyrarbakkahreppi úr landssjóði kr. 4650,00, til þess að bæta skemdir á sjógarðinum frá Óseyri austur fyrir Stokkseyri. Lánið ávaxtist með 4½ % á ári, og afborgist á 15 árum með jöfnum afborgunum.
4. Stjórninni veitist heimild til að veita viðtöku til viðhalds á landsjóðs kostnað skipbrotsmannaskýli í Máfabót í Hörgslandi, sem reist verður í sumar, með stikum frá húsinu til bygða, þó með því skilyrði, að húsið sje traustlega bygt, og við skoðunargerð skilað í fullu standi.

Nd. **511. Frumvarp**

til laga um umboð þjóðjarða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, öðrum en þeim, er standa undir umsjón sýslumanna.

2. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á þjóðjörðum þeim, er hann hefir umráð yfir. Þó skal bygging þeirra því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

3. gr.

Þjóðjarðir skulu að jafnaði bygðar æfilangt. Eftirgjald þeirra (landskuld og kúgildaleigur), svo og lóðargjöld og rekaleiga, skal ákveðið í peningum, og gjalddagi 31. desember ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, skal ávalt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

4. gr.

Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að þjóðjarðir sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefir og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þeíta.

5. gr.

Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld þjóðjarða þeirra, er hann hefir umráð yfir, og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau í landssjóð. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.

6. gr.

Nánari ákvæði um umboð þjóðjarða skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og umboð þjóðjarða losna, þó svo, að 3. gr. komi til framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eigi síðar en við næstu leiguliðaskifti á jörðunum.

Nd.

# 512. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Sóda, krít, eldfastur leir, karbíd, bensín, þakhellur (Skifer) og smjörsalt.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, allskonar netagarn, lausar umbúðir, ullarsekkir, fljettuvoðir til umbúða (mottur), strigaábreiður (hvort sem þær eru tjargaðar, tarfaðar eða eigi), vjelaolíur til áburðar, húsapappi, allskonar kaðlar, allskonar færi og fiskinet, kork, netakúlur og flotholt, hjólklafar (blakkir), saumur, ljáblöð, brýni, hverfisteinar, járnkarlar, sleggjur, steðjar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, spaðar, kvíslar, bátavjelar (mótorar), akkeri og akkerisfestar, kokolit, járnbitar til húsagerðar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, járnbrautarteinar og spengur til járnbrautargerðar, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (linoleum), og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður) tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

Sjötti liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir: Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr.

Skip, bátar og pappír skulu undanþegin vörutolli, ennfremur tilbúið áburðarefni, leirpípur og sandur til járnsteypu.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed. **513. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og tveir menn, er sýslunefnd kýs eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sjer, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn frambjóðandi í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en atkvæðakassar eru opnaðir og atkvæði talin.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.


Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar. Ef hann er frambjóðandi, skal hann þó víkja sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

2. gr.

19. grein laganna orðist svo:

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi, heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannaefni kosin eða kosna. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafn-stórir og eins í lagi og með sama lit. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ sm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 sm. á breidd, og í honum miðjum hvítar kringlur, $^1/_2$ sm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



3. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 sentímeter að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þar til gerðum þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman einusinni, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 28. gr.

4. gr.

38. grein laganna orðist svo:

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún umgjörðarinnar, sem myndar reitinn, er slíkur seðill ógildur.

5. gr.

40. gr. laganna falli burt; í hennar stað komi svohljóðandi grein:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fleiri fram, skal enn bíða $^1/_4$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 6 klukkustundir eru liðnar frá því, er byrjað var að taka við atkvæðum.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 39. gr. fyrri málsgrein, til að greiða atkvæði á meðan seðlaforðinn endist.

Ef sjerstaklega stendur á, og tími er til, geta fleiri kjósendur fengið að greiða atkvæði á þessari síðustu klukkustund, ef meiri hluti kjörstjórnar leyfir.

6. gr.

Hvervetna þar sem orðið »landshöfðingi« kemur fyrir í kosningarlögum 3. október 1903, skal sett stjórnarráð, í þeim beygingum, sem málið krefur, þegar þessar breytingar verða færðar inn í meginmál laganna.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfesting, skal færa viðauka þá og breytingar á kosningalögum 3. október 1903, sem í þessum lögum eru, sem og breytingar á þeim lögum 9. júlí 1909, inn í meginmál þeirra; getur þá konungur gefið lögin þannig breytt út, sem »Lög um kosningar til alþingis«, og koma þau þá tafarlaust í gildi í stað nefndra laga.

Nd. **514. Frumvarp**

til laga um forðagæslu.

(Eftir 3. umr í Ed.).

A. Skipun forðagæslumanna.

1. gr.

Í hverjum hreppi skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi.

Sýslunefnd skal ákveða tölu forðagæslumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar.

2. gr.

Forðagæslumenn skal kjósa 3. hvert ár til 3 ára í senn um leið og hreppsnefndarkosning fer fram og að henni aflokinni. Skulu gilda sömu reglur um kosninguna sem um hreppsnefndarkosningu og hafa þeir allir kosningarrjett, sem þann rjett hafa til hreppsnefndarkosningar.

Hver karlmaður, sem er kjörgengur til hreppsnefndar, skal vera skyldur til að takast þennan starfa á hendur.

Skorast geta menn undan þessu starfi af samskonar ástæðum, sem þá er menn skorast undan hreppsnefndarstarfi.

Ef forðagæslumaður deyr eða lætur af starfi sínu af öðrum ástæðum, áður en kjörtími hans er liðinn, skal þegar kjósa mann í hans stað til þess tíma aðeins, sem eftir var af kjörtíma hans, og fer um þá kosningu, sem um aukakosningu í hreppsnefnd.

B. Verksvið forðagæslumanna og laun þeirra.

3. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar; í fyrra sinni í vetrarbyrjun og aftur síðla vetrar. Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili.

Í reglugerð þeirri, sem sýslunefnd setur samkvæmt 8. gr., skal ákveða, hvenær eftirlitsferðirnar skuli farnar og hvernig forðagæslumaður skuli afla sjer að vorinu vitneskju um fyrningar og skepnuhöld.

Í hverri ferð skal hann athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda, og meðferðina á skepnunum. Hann skal ávalt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili. Skal hann jafnan mæla heyin og meta fóðurgildi þeirra.

Þar að auki skal forðagæslumaður, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í þröng.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargerðir sínar í þar til gerða bók, sem hreppsjóður borgar.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega, hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gerist á aukaskoðunum, skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða vísari, og hverrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanna, að gefa hverjum búanda holl ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu.

Á hverju vori skulu þeir veita hverjum búanda rjettlátan vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir því næst senda sýslumanni upp úr fardögum aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda, og skal sýslumaður leggja skýrslurnar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar.

Á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð, og greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Sýslunefnd skal semja reglugerð fyrir forðagæslumenn eftir fyrirmynd, sem hallærisvarnastjórnin lætur í tje, og skal þar sagt ítarlega fyrir um öll störf og skýrslugerðir forðagæslumanna.

Þessar reglugerðir skulu sýslunefndir senda stjórnarráðinu til staðfestingar, en það leitar í hvert sinn álits hallærisvarnastjórnarinnar.

## C. Um skyldur þeirra, er komast í fóðurþröng o. fl.

9. gr.

Ef búandi kemst í fóðurþröng og finnur forðagæslumaður, að búpeningur hans er í slæmu standi, eða líkur til, að skepnurnar kunni að kveljast eða falla af fóðurskorti, þá skal hann hvetja búandann til þess að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða ráða honum, hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálpar von.

10. gr.

Ef búandi er í fóðurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, hvorki afla sjer fóðurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum, en hann gera sýslumanni aðvart. Getur sýslumaður þá eftir tillögum forðagæslumanns skipað búandanum að afla sjer tiltekinna, nægilegra fóðurbirgða, ef þess er kostur, en kjósi búandinn heldur að farga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fóðurs.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti forðagæslumanns um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, ásamt öllum málavöxtum, en hann aftur sýslumanni.

11. gr.

Sá, er sekur verður um horfelli samkvæmt 10. gr., skal sæta sektum frá 10 til 200 kr., eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. Önnur brot gegn þessum lögum, eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða sektum frá 5 til 100 kr., nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð.

Með mál, er rísa út af brotum gegn þessum lögum, skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr.

Lög nr. 7, 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. eru úr gildi numin.

Ed. **515. Framhaldsefndarálit**

um frumvarp til laga um ábyrgðarfjelög á þingskj. 482.

Þótt háttvirt neðri deild hafi gert allverulegar breytingar á frumvarpi þessu, er sumar draga nokkuð úr þýðingu þess, lítur nefndin svo á, að í því felist allverulegar rjettarbætur, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja það óbreytt.

Fyrir breytingum neðri deildar verður gerð grein við framsögu málsins.

Alþingi 21. ágúst 1913.

J. Havsteen, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **516. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (þingskj. 503).

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Við 15. gr. 32. Fyrir: »2500—2500«
komi: 2000—2000.

Nd. **517. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (þingskj. 503).

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Við 13. gr. D. III. 2. a. Fyrir: »15160—15160«
komi: 14760—14760.

Nd. **518. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (þingskj. 503).

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Við 21. gr.

1. lið. Fyrir »4%« komi: 5%.
2. — Sömuleiðis.
3. — Sömuleiðis.
4. — Sömuleiðis.
5. — Sömuleiðis.
6. — Síðari málsgrein orðist svo:
   Lán þetta ávaxtast með 5% árlega og endurgreiðist með jafnri afborgun á ári í 20 ár.
7. — Sömuleiðis.
8. — Sömuleiðis.
9. — Sömuleiðis.
10. — Liðurinn falli burt.

Nd. **519. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um strandferðir (þingskj. 367).

Flutningsm.: Ólafur Briem.

1. Við 1. gr. Orðin »og hafi tvö skipin ... ... í förum 1911 og 1912« falli burt.
2. — 1. — Sömuleiðis orðin »og eigi síðar en í apríl 1916«.
3. — 2.—4. gr. Þessar greinar falli burt.
4. — 5. gr. Fyrir »450000 kr.« komi: 400000 kr.
5. — 5. — Fyrir »1. og 2. greinar« komi: 1. greinar.
6. — 5. — Síðari málsgrein falli burt.

Nd. **520. Viðaukatillaga**

við frumvarp fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 13. gr. B XII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til steinsteypubrúar á Þverá syðri í Eyjafirði, þó ekki yfir 1/4 byggingarkostnaðar, alt að . . . . . 700 — »

Nd. **521. Breytingartillaga**

við frv. til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100,000 kr. á ári í 20 ár (þgskj. 496).

Frá nefndinni.

1. Aftan við 1. málsgr. bætist:
»Landssjóður skal vera innskotseigandi *(interessent)* að þessu fje. Skal hann af því fá sömu hlutdeild, sem hann mundi fá af jafnhárri hlutafjárupphæð, af hreinum tekjuágóða bankans, í hlutfalli við annað eignarfje hans.
Í þessu efni skal skoða seðla landssjóðs sem eign bankans«.
2. Síðari málsgrein orðist svo:
»Uns lánið, sem nú er, er að fullu greitt, greiðir bankinn vöxtu af því (þeim hluta þess, sem á hverjum tíma er ógreiddur)«.
3. Ný grein bætist við:
»Heimilt er stjórninni að taka í þessu skyni alt að 200,000 kr. lán handa landssjóði«.

Nd. **522. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um friðun æðarfugla (þgskj. 499).

Frá nefndinni.

1. Við 3. gr. Í stað »straumsfjörumáli« komi: stórstraumsfjörumáli.
2. — 4. — Í stað orðanna »Brot gegn 5. og 6. grein« komi: Brot gegn 2. og 3. grein.

Nd. **523. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 14. gr. A. 6. Í stað »20000« komi: 5000.

Til vara: Í stað »20000« komi: 10000.

Nd. **524. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 15. gr. 11. Þar bætist inn nýr liður svo hljóðandi:
Til þess að gefa út á þýzka tungu bók Einars háskólakennara Arnórssonar, er nefnist »Rjettarstaða Íslands« alt að ... ... ... ... 4000 — »

2. Við 15. gr. 23. Liðinn skal orða svo:
Til þess að kaupa listaverk eftir íslenska myndhöggvara, þar af þetta fjárhagstímabil af Einari Jónssyni fyrir að minsta kosti $^5/_6$ upphæðarinnar. ... ... ... ... ... ... ... 2400 — 2400

Nd. **525. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 15. gr. 24. Í stað 800
komi: 1000.

2. Við 15. gr. 26. Í stað »1000«
komi: 1000—1000.

3. Við 15. gr. 47. Fyrir: »500—500«
komi: 800—800.

Nd. **526. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson og Benedikt Sveinsson.

Við 13. gr. E. III. c. Liðurinn (»Ingólfshöfðaviti 16000«) falli burt.

Nd. **527. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Benedikt Sveinssyni og Einari Jónssyni.

Við 16. gr. 33. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður svo látandi:

Til fyrverandi alþingismanns Þorvaldar Björnssonar í viðurkenningarskyni ... ... ... ... 1000 — »

Nd. **528. Breytingartillaga**

við fjárlaga-frumvarpið 1914—1915.

Frá Jóni Ólafssyni og Guðm. Eggerz.

Við 16. gr., 35. tölul.

Á eftir »(automobil)« komi: yfir Fagradal.

Nd. **529. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 13. gr. B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:

| | | |
|---|---|---|
| XI. | Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxafirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi úr annari átt, alt að ... ... ... ... ... ... | 1000 — 1000 |

Nd. **530. Frumvarp**

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

Frá nefndinni í málinu: Beiðni frá Páli Torfasyni um einkarjett til saltgerðar o. fl.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Páli Júlíusi Torfasyni í Reykjavík einkarjett um 30 ár til að vinna salt og fleiri efni úr sjó, hvort heldur með fossafli, gufuafli eða rafmagni, með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki stjórnarráðs að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót þegar 5 ár eru liðin frá dagsetning einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara.

Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt upp einkaleyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Landsstjórnin hefir rjett til að skipa eftirlitsmenn með stofnun og rekstri fyrirtækisins og greiðist allur kostnaður við slíkt eftirlit af leyfishafa.

5. gr.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 5%.

Getur landsstjórnin hækkað hundraðsgjald þetta um alt að helmingi að 10 árum liðnum frá byrjun fyrirtækisins.

Ennfremur greiðir leyfishafi frá byrjun 1 krónu af hverri smálest af salti, er fyrirtæki hans framleiðir, og samsvarandi gjald af öðrum efnum eftir verðmæti.

Gjald þetta má hækka alt að helmingi eftir 10 ár.

6. gr.

Eigi má undanþiggja leyfishafa tollum þeim, farmgjöldum eða sköttum, sem á hverjum tíma gilda, nema með sjerstökum lögum sje. Þó má eigi leggja útflutningsgjald á vörur þær, er leyfishafi farmleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landsstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins, með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Nd. **531. Frumvarp**

til laga um vatnsveitingar.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Vötn öll, stór og smá, skulu svo renna sem að fornu hafa runnið, og má ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, sem breytingin snertir hagsmunalega, eða heimild sje gefin til þess í lögum þessum.

Nú breyta vötn farvegi sínum, og er þá hverjum heimilt, sem fyrir skaða verður, að veita þeim í sinn forna farveg, og hefir hann jafnframt rjett til að nota til þess efni úr annars manns landi, ef nauðsyn krefur, gegn endurgjaldi. Þegar um mikið mannvirki er að ræða, skal um það leita álits verkfróðs manns, sem landsstjórnin hefir tekið gildan eða sett til þess, og skal farið að hans ráðum um framkvæmd verksins. Borgun til hans telst til kostnaðar við verkið.

2. gr.

Við áveitu og framræslu skal vatni veita svo á land eða af landi, að öðrum sje ekki mein að.

Nú telur einhver sjer mein af áveitu eða framræslu annars og samkomulag verður ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt úttektarmenn til skoðunar- og matsgerðar á þessu. Telji úttektarmenn gjörðarbeiðanda að vísu skaða af áveitunni eða framræslunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en úttektarmenn skulu þá meta fullar bætur fyrir.

Ef úttektarmenn meta gjörðarbeiðanda ekki meiri bætur en honum

hafa verið boðnar, greiði hann matskostnað, en að öðrum kosti sá, er áveituna eða framræsluna hefir gjört.

3. gr.

Sá, sem veita vill vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars eða þarf að leiða vatnið yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt úttektarmenn til gjörðar um málið. Álíti úttektarmenn hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt í gegnum það, skal það heimilt gegn hæfilegri þóknun. Telji þeir landeiganda baga að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef úttektarmenn telja skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstökunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið annarsstaðar eða leitt með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn gjöri. Gjörðarbeiðandi greiði matskostnað.

4. gr.

Ekki má öðruvísi en eftir samkomulagi gerstífla ár, læki eða aðra vatnsfarvegi, og halda þannig vatni fyrir öðrum.

5. gr.

Nú fellur vatn milli tveggja jarða, og eiga þá hvor um sig, þeir er land eiga að, rjett á að nota vatnið að helmingi. Ef vatnið er svo lítið, að ekki nægi, þá skal með úrskurði úttektarmanna ákveða skifti og notkun vatnsins. Borgun til úttektarmanna greiði hvor um sig að helmingi.

Ef fleiri jarðir liggja að á, læk eða öðru vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag næst ekki um, hvernig nota skuli, má útkljá það með löggiltri samþykt samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land og geta þá þeir, er landið eiga, krafist þess, að úttektarmenn skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanua eftir jarðamatinu, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu. Rjett til að heimta yfirmat eða yfirúrskurð um skiftin hefir hver jarðeigenda og ábúenda, og auk þess hver veðhafi í landi því, er skift var, um eitt ár frá skiftadegi. Kostnaðinn við skiftin greiða jarðeigendur að tiltölu við jarðarstærð svo og kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð, ef breyting verður gerð á skiftum, ella greiðir gerðarbeiðandi þann kostnað.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns til samáveitu, um viðhald skurða og vatnsfarvega, og um vörn gegn skemdum af vatnságangi.

8. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt um samáveitu eða framræslu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metinn er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber honum 4 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað að auki, eftir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

9. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 8. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefur gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefur ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

10. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

11. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþyktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

12. gr.

Ákveða má í samþykt 1—200 kr. sektir fyrir brot gegn henni, og þá jafnframt tiltaka, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sje krafist. Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar, en náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

14. gr.

Þegar gerðar eru mælingar til undirbúnings samáveitu, er þeim, sem það gera, heimilt að fara að ósekju yfir lönd manna hvar sem er, hvort heldur gangandi eða með hesta, en varast skulu mælingamenn óþarfa troðning á túnum eða engjum. Merki þau og vörður, er mælingamenn þessir setja, skulu teljast til hluta þeirra, er friðaðir eru samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

15. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli jarðanna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver jörð liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar jarðir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna.

16. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi úttektarmanna er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til úttektarmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Nú er samþykt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landsdrottin um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landsdrottinn leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og ennfremur eftirgjaldsauka eftir samkomulagi eða eftir mati úttektarmanna, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landsdrottinn ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn

meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna, og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar fimtánföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

18. gr.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkv. 17. gr., getur stjórn samáveitunnar krafist þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa áveitufjelaginu. Snýr stjórnarnefndin sjer í því efni til hjeraðsdómarans, sem dómkveður 3 óvilhalla menn utan sveitar og utan áveitusvæðisins til að meta jörðina til eignarnáms. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna. Nú er landeigandi eða áveitufjelagsstjórnin óánægð með matsverðið og má þá hvor um sig skjóta gerðinni til yfirmatsnefndar þeirrar, sem greinir um í 20. gr. Matsnefndirnar skulu láta birta landeiganda og áveitustjórn matsgerðir á sama hátt og dómar eru birtir; kostnaður við það telst til matskostnaðar. Áfrýjunarfrestur er 3 mánuðir frá birtingu. Áður en 5 mánuðir eru liðnir frá birtingu matsgerðar, enda sje undirmatsgerð ekki áfrýjað, skal stjórn áveitufjelagsins krefjast, að eignarnámið fari fram, og leggja fram matsverðið. Áveitufjelaginu eða þeim, er síðar eignast jörðina, er skylt að leggja fram áveitukostnaðinn og öðlast þá þann rjett gagnvart leiguliða, sem segir í 17. gr.

19. gr.

Þar sem ákveðið er í lögum þessum, að úttektarmenn skuli skoða, meta, skera úr o. s. frv., skulu það gjöra úttektarmenn í því umdæmi, þar sem land það liggur, sem meta á, skoða eða skera úr um. Nú liggur það í tveim úttektarmannaumdæmum eða fleiri, en í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá sýslumaður tilnefna tvo af úttektarmönnum umdæmanna til gerðarinnar. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Úttektarmenn tilnefna oddamann, áður mat byrjar, sem sker úr, ef þá greinir á. Nú er svæði það, sem gerðina varðar, í tveim lögsagnarumdæmum eða fleiri, og heyrir þá tilnefning gerðarmanna, sú, sem á undan greinir, undir hjeraðsdómarann í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðarbeiðandi býr, ef hann býr á svæðinu, eða, ef hann býr utan þess, þar er sú fasteign liggur, sem hann beiðist gerðar vegna. Má dómarinn í þessu tilfelli útnefna menn úr hverju umdæmanna sem er.

Fyrir skoðunar- og matsgerðir o. s. frv. eftir lögum þessum fá úttektarmenn sömu borgun og þeim ber að lögum fyrir áþekk störf, og greiðist hún af gerðarbeiðanda, ef ekki er öðru vísi kveðið á í lögum þessum.

20. gr.

Öllum matsgerðum og úrskurðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, má hver sá, sem málið varðar, skjóta til yfirmats eða yfirúrskurðar dómara þess, sem útnefning úttektarmanna samkvæmt 19. gr. ber undir, og 4 manna annara, óvilhallra, sem hann kveður til þess fyrir rjetti og mega þeir vera úr öðrum lögsagnarumdæmum, ef dómaranum þykir ástæða til þess. Dómarinn er formaður yfirmatsmanna og stýrir matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð, ella skal ákveðið í yfirmatinu eða yfirúrskurðinum, hverir greiða skuli, sbr. þó 6. gr.

21. gr.

Skaðabætur þær, sem úttektarmenn eða yfirmatsnefnd meta samkvæmt lögum þessum, mega vera annaðhvort fjegjald í eitt skifti eða árlegt fjegjald, eftir því hvernig skaða þeim er varið, sem bæta skal.

Nú kemur í ljós, er frá líður, meiri skaði en fyrirsjáanlegur var, þá mat fór fram, og er þá heimilt að láta meta upp aftur, og fer það mat fram á sama hátt og frummatið.

Fjegjöld samkvæmt matsgjörðum og kostnað við matsgjörðir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki.

22. gr.

Úttektarmenn, matsmenn eftir 18. gr., og yfirmatsnefnd skulu gefa málsaðilum kost á að vera við mats- og skoðunargerðir þær, er þeir framkvæma eftir lögum þessum; skulu þeir því í tæka tíð tilkynna þeim, hvenær matsstörfin eða skoðunargjörð byrja og er störfum lýkur í hvert sinn, hvenær þau verði tekin fyrir aftur. Aðilum skal gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu aðilar viðstaddir, er matsmenn ræða málið sín í milli til undirbúnings álits síns eða þegar álitið er samið.

23. gr.

Brot gegn 3. og 4. gr. laga þessara varða sektum 10—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir þessar renna í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþyktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir ákvæðum framanskráðra laga.

Nd. **532. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um umboð þjóðjarða (þingskj. 511).

Frumvarpi þessu hefir í Efri deild að eins verið breytt í einu atriði. Er sú breyting í því fólgin, að í 3. gr. er hámark leigutíma á lóðarblettum og öðrum jarðarnotum, sem leigð eru lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, lækkað úr 100 árum í 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er þetta í fullu samræmi við samskonar ákvæði um kirkjujarðir í lögum um laun sóknarpresta 16. nóvbr. 1907. Nefndin finnur enga ástæðu til að gera þetta að ágreiningsefni, og leggur því til að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 22. ágúst 1913.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Benedikt Sveinsson. Eggert Pálsson. Pjetur Jónsson.

Nd. **533. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hagstofu Íslands.

Nefnd sú, er falið var að íhuga þetta mál, álítur, að það skifti svo miklu fyrir þjóðfjelagið, að fá góðar og rjettar hagskýrslur, og fá þær birtar svo fljótt sem unt er, að ekki geti orðið heilladrjúgt að fela samningu þeirra starfsmönnum stjórnarráðsins sem aukavinnu, er þeir vinni að fyrir aukaborgun í frístundum sínum, eins og hingað til hefir tíðkast. Hjer er um svo mikið og vandasamt verk að ræða, að ekki veitir af, að einn eða tveir menn geti til þess varið öllum starfskröftum sínum óskiftum, enda þörfin mjög brýn á, að þessum skýrslum sje bæði fjölgað að miklum mun, og þær gerðar fullkomnari og áreiðanlegri en hingað til.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarp þetta sje samþykt nokkurnveginn í sömu mynd, og það hefir fengið í h. efri deild. Að eins leggur hún til, að við tölulið 6 í 2. gr. sje bætt skýrslum um gjafasjóði og styrktarsjóði (legatsjóði), sem talsvert virðist unnið við, að fá skýrslur um í einu lagi.

Í nefndinni kom einnig fram uppástunga um, að bæta við 8. lið í sömu grein skýrslum um hina æðri skóla, en með því landsstjórninni er í niðurlagi 2. gr. veitt heimild til að heimta skýrslur um fleiri efni, en upp eru talin, hvarf nefndin frá að bæta slíku inn í sjálfa upptalninguna í frumvarpinu.

Við 5. gr. vill meiri hluti nefndarinnar gera þá breytingu, að við hagstofuna sjeu tveir fastir starfsmenn, hagstofustjóri og einn aðstoðarmaður, báðir

skipaðir af ráðherra, en aðstoðarfje því, sem h. efri deild gerir ráð fyrir, sje ekki skift milli fleiri aðstoðarmanna. Álítur meiri hlutinn, að bæði muni með því móti mega fá betri starfskrafta, og að nauðsynlegt sje við slík störf sem þessi, að stöðugt sjeu til tveir menn, sem geti unnið saman og sjeu samæfðir í vinnunni. Hyggur nefndin, að hagstofunni muni verða meira að verki með þessu móti, en ef hagstofustjórinn ætti að vinna með hinum og þessum aðstoðarmönnum, sem hann gæti fengið á hlaupum, máske sínum í hvert sinn. Meiri hlutinn leggur því til, að öllu aðstoðarfjenu sje varið til að launa einum föstum aðstoðarmanni.

Minni hlutinn leggur aftur til að frumvarpið sje ekki samþykt á þessu þingi, með því hann lítur svo á, að hjer sje um stofnun nýrra embætta að ræða, sem hann ekki álítur fulla nauðsyn á, að flýtt sje með að stofna, með því stjórnarráðið muni vel geta unnið þetta verk eins og hingað til.

Samkvæmt framanskrifuðu leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið sje samþykt með þeim breytingum, sem hjer segir:

## BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um hagstofu Íslands (þgskj. 134).

Við 2. gr. 6. lið bætist:

Gjafasjóðir og styrktarsjóðir.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri og einn aðstoðarmaður, skipaðir af ráðherra. Vanalega hafa þeir einir rjett til þessara starfa, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði.

Hagstofustjóri hefir að launum 3000 kr., en aðstoðarmaður 2500 kr.

Neðri deild Alþingis, 21. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Jón Magnússon, formaður. | Valtýr Guðmundsson, skrifari og framsögum. |
| Björn Kristjánsson. | Jón Jónsson. |

## Álit minni hluta

Þörfin á því, að stofna hagstofu Íslands, hafa hvorki fyrirliggjandi frumvörp nje háttv. meiri hluti nefndarinnar getað sannfært mig um að sje svo brýn, að vert sje að leggja út í það á þessu þingi, og hef jeg því ekki getað fylgt háttv. samnefndarmönnum mínum.

Mjer virðist rjettara að fresta málinu, ekki betur undirbúið en það

reynist að vera, þar sem engin viss áætlun um kostnað þann, sem hagstofan hlýtur að hafa í för með sjer, liggur fyrir.

Að vísu er það nokkurn veginn upplýst með skýrslu frá stjórnarráðinu, að byrjunarlaun forstjóra og aðstoðarmanns verði að eins 4000 kr. hærri en aukavinna að þessu verki hefir kostað áður — þó hefir háttv. efri deild hækkað laun aðstoðarmanna um kr. 500 — og eru þá upplýstar kr. 4500+kr. 3000 til stofnsetningar hagstofunni. En þá vantar áætlun um húsaleigu, ljós, ræsting, prentunarkostnað, skrifstofukostnað o. fl. Virðist mjer nauðsyn, að gerð sje ljósari grein fyrir því, hve miklu þessi kostnaður muni nema, áður en frv. er samþykt.

Á hitt er einnig að líta, að líkindi eru til að launalöggjöfin og embættisskipun landsins og afnám eftirlauna embættismanna, verði tekin til rækilegrar íhugunar áður langt líður, og því sje ekki hyggilegt að stofna ný embætti eða breyta starfssviði þeirra, sem í embættum sitja, nú þegar.

Mjer getur ekki betur skilist, en að hjer verði ljett allmiklum störfum af stjórnarráðinu, en laun þeirra manna, sem fyrir því happi verða, munu eigi verða lækkuð að því skapi, Jeg er samþykkur því, að hjer sje um mikið og vandasamt verk að ræða, og nauðsynlegt sje að velja til þess vel hæfa menn, og verði hagstofan stofnsett, tel jeg laun starfsmannanna alls ekki of há. En hjer mun ekki völ á öðrum hæfari mönnum en einmitt þeim sömu, sem að þessum störfum hafa unnið að undanförnu, enda eru þeir viðurkendir ágætismenn til sinna verka. Get jeg því ekki sjeð, að meiri trygging sje fyrir því, að skýrslurnar verði betur gerðar eða leystar af hendi, þó unnið sje að þeim í stofnun með nýju heiti, því sennilega hefir þessum mönnum, sem að skýrslunum hafa unnið, verið ætlaður nægur tími til þess starfs, meðan á því hefir staðið, þó önnur og fleiri störf hafi þeir haft með höndum aðra tíma árs. Hjer vantar mig því alla sönnun fyrir því, að kostnaður og áhati standist á.

Nái frumvarpið fram að ganga, álít jeg breytingartillögur háttv. meiri hluta til bóta, en legg það eindregið til, að þetta þing afgreiði það ekki sem lög.

Álít að málið þurfi betri undirbúning, og þau ýmsu lagaákvæði, er jeg hef hjer að framan minst á, að breytast, áður en hagstofa Íslands verður samþykt.

Neðri deild alþingis, 21. ágúst 1913.

Einar Jónsson.

Nd. **534. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson og Jón Jónsson.

Við 15. gr. 47.

Í stað »500 — 500«

komi: ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 1000 — 500

Ed. **535. Frumvarp**

til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Eyjafirði innan línu, er hugsast dregin um Eyjafjörð þveran, beint frá Rípli um nyrðri enda Hríseyjar og til lands að austanverðu fjarðarins.

2. gr.

Þegar sýslunefndunum eða bæjarstjórn Akureyrar þykir þörf á, eða fá óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum, eður úr Akureyrarkaupstað, að gera samþykt, skal með nægum fyrirvara kveðja til fundar fyrir svæði það, er samþyktin skal ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir þeir, er kosningarrjett eiga til alþingis á nefndu svæði. Oddvitar sýslunefndanna og bæjarstjórnar boða fundinn, ákveða fundarstað og sjá um fundarstjórn.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt samkæmt 1. gr. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, skal það sent stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefndirnar og bæjarstjórnin fallast á þær. En vilji þær ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný á því ári.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

Samþykt, sem gerð er samkvæmt lögum þessum, gildir eigi lengur en 5 ár í senn, en endurnýja má samþyktina fyrir jafnlangan tíma á sama hátt og hún hefir verið sett.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir alt að 500 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skulu renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **536. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 12. gr. 6. Í stað orðsins: »klinik« í athugasemdinni komi: læknishjálp.

Sþ. **537. Skýrsla**

um gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. janúar 1911 til 31. desember 1912.

Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Eign sjóðsins í árslok 1910 (sbr. Alþ.tíð. 1911, A. bls. 810): | | | | |
| a. Bankavaxtabrjef .. ... ... ... ... ... ... | kr. | 10,800.00 | | |
| b. Veðskuldabrjef ... ... ... ... ... ... | — | 6,700.00 | | |
| c. Í Landsbankanum ... ... ... ... ... ... | — | 457.50 | kr. | 17,957.50 |
| 2. Vextir á ofannefndu tímabil: | | | | |
| a. Af bankavaxtabrjefum $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{7}$ 1911, $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{7}$ 1912 ... ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 1,005.75 | | |
| b. Af veðskuldabrjefum $^{11}/_{6}$ 1911 og $^{11}/_{6}$ 1912. | — | 551.94 | | |
| c. Fje í Landsbankanum ... ... ... ... ... | — | 45.33 | — | 1,603.02 |
| | | | Kr. | 19,560.52 |

Gjöld:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Auglýsingar ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | kr. | 15.00 |
| 2. | Vextir af keyptu veðskuldabrjefi... ... ... ... ... ... ... ... | | — | 13.00 |
| 3. | — — — bankavaxtabrjefi ... ... ... ... ... ... ... ... | | — | 3.94 |
| 4. | Sjóður í árslok 1912: | | | |
| | a. Bankavaxtabrjef. ... ... ... ... ... ... ... | kr. 11,300.00 | | |
| | b. Veðskuldabrjef ... ... ... ... ... ... ... | — 7,500.00 | | |
| | c. Í Landsbankanum ... ... ... ... ... ... ... | — 676.83 | | |
| | d. Í peningum ... ... ... ... ... ... ... ... | — 51.75 | — | 19,528.58 |
| | | | Kr. | 19,560.52 |

Í stjórnarráði Íslands, 29. júlí 1913.

F. h. r.

*Kl. Jónsson.*

*Eggert Briem.*

Nd. **538. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson og Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. B. III. 7. Þar komi nýr liður:
8. Brú á Bleikdalsá (Ártúnsá) á Kjalarnesi ... » — 3800
Gegn því að sýslan leggi fram það sem á vantar.

Nd. **539. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson og Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. B. VIII. Þar á eftir komi:
IX. Til sýsluvegar úr Grindavík á Keflavíkurveginn gegn jafnmiklu annarstaðar frá ... ... » — 7500

Nd. **540. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 15. gr. 24.

Á eftir þeim tölulið komi nýr liður:

Styrkur til Gísla Jónssonar málara ... ... ... ... ... 1000—

Nd. **541. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1914 og 1915.

Frá Einari Jónssyni.

Við 16. gr. 30.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Styrkur til kaupfjelaganna »Ingólfur« og »Hekla« til þess að halda uppi vöruflutningum á bifreiðum til og frá Stokkseyri og Eyrarbakka um Árnes- og Rangárvallasýslur og til Reykjavíkur eftir því sem vegir og færð leyfir 4000—

Fjelögin annast vöruflutning á ofangreindu svæði fyrir svo lágt gjald, sem unt er, og eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið samþykkir.

Nd. **542. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Jóni Magnússyni.

Við 15 gr. 27.

Á eftir þeim lið komi nýr liður svohljóðandi:

Til Júlíönu Sveinsdóttur til að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... ... 400—400

Nd. **543. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. 3. b.
Í stað: »áveitu á Skeið og Flóa«
komi: Flóa-áveitunni.

Nd. **544. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður Kristinn Daníelsson.

Við 15. gr. 21.
Fyrir »1200«
komi: 2000.
Til vara: 1600.

Nd. **545. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 16. gr. 32. Þar á eftir komi nýr liður svo hljóðandi:
Til Þorvarðar hreppstjóra Bergþórssonar að Leikskálum í Haukadal til viðurkenningar fyrir dugnað og langa þjónustu ... ... ... ... ... ... 500 — »

Nd. **546. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 16. gr. 17. Þar á eftir komi nýr liður svo hljóðandi:

| Til viðskiftaráðanauts: | 1914 | 1915 | |
|---|---|---|---|
| a. Laun hans ... ... ... | kr. 4000 | —4000 | |
| b. Ferðakostnaður ... ... | — 2000 | —2000 | |
| c. Skrifstofufje ... ... ... | — 1000 | —1000 | |
| d. Til viðskiftafulltrúa, sem hann velur sjer með ráði stjórnarinnar ... ... ... | — 8000 | —8000 | 15000 — 15000 |

2. Við 16. gr. 18. Fyrir orðin »Til Sambands — — Sláturfjelags Suðurlands, til« komi: Til

Ed. **547. Frumvarp**

til girðingalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði og Ræktunarsjóði, svo og aðrar vírgirðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 metri á hæð. Þó skulu girðingar fyrir kynbótagripi ekki vera lægri en 1 metri og 12 sentímetrar.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum. Nú er garður hlaðinn undir vírinn, og þarf þá eigi fleiri strengi en fjóra, ef garðurinn er að minsta kosti 30 sentímetra hár, þrjá strengi, ef hann er 60 sentímetrar, og eigi fleiri en tvo strengi, ef hann er 75 sentímetrar á hæð.

2. gr.

Milli stuðla má vera alt að 6 metra bil, eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Að öðru leyti skal gera girðingar samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur, sje lán veitt til þeirra úr landssjóði eða ræktunarsjóði.

3. gr.

Nú vill einstakur maður eða fjelag girða og leitar um lán til þess úr áðurnefndum sjóðum, skal þá fylgja lánsbeiðninni skýrsla um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Ef ekki er fje fyrir hendi til að fullnægja öllum þeim, er um lán hafa beðið, skulu þeir, er eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Nú er lánað til girðingar úr nefndum sjóðum, og skal hún þá vera fullgerð innan þriggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda stjórnarráðinu vottorð um, að hún sje gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið innan þriggja ára, er lánið alt afturkræft, og skal þá greiða þriðjungi hærri vexti af því en upphaflega var ákveðið, og reiknast þessir viðbótarvextir frá útborgunardegi lánsins.

5. gr.

Skylt er sjerhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða fjelög, er fengið hafa lán til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar, sem einstakir menn hafa tekið lán til, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú er girðing gerð, samkvæmt 1. og 2. gr., og lánað til hennar úr Ræktunarsjóði eða landssjóði, og skal þá girðingin fylgja jörðinni og má ekki flytja hana í burt, þó að eigandaskifti eða ábúandaskifti verði á henni, enda sje girðingin gerð í samráði við landsdrottin, ef leiguliði á í hlut.

7. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlast að hún byggist aftur, og verða eigi lengur not að girðingunni, losnar þá jarðeigandi við þá skyldu, að halda henni við eða láta hana standa á jörðinni. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af girðingaláninu.

8. gr.

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri jarða saman, eða tún eða engjar jarðar liggja að beitilandi annara, og jarðeigandi eða ábúandi með samráði við jarðeiganda vill girða á mörkum samkvæmt lögum þessum og reglugerð þeirri, er um getur í 2. grein, og samkomulag næst ekki við þann jarðeiganda eða ábúanda, sem á tún eða engi á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það, og skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir báða, og skifta girðingarkostnaðinum á milli málsaðila að tiltölu við gagn hvers um sig. Þó skal sá, er girðir, aldrei eiga rjett til frekari endurgreiðslu en svari helming girðingarkostnaðarins.

Verð girðingar liggur undir mat úttektarmanna, og kaup þeirra telst til girðingarkostnaðar.

Um viðhaldskostnað fer eftir sömu reglum.

9. gr.

Nú er vírgirðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sje gengið, sem land á að henni. Sje garður hlaðinn undir vírinn, skal efni og grundvöll taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur, eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en maður vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn meta, að eigi sjeu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið, og skulu þá úttektarmenn meta skaðabætur þeim er landið missir. Rjettur til annara afnota en engja og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skifti löndum til fullnustu.

10. gr.

Girðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 65 sentimetrar sjeu milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 5 metrar og 65 sentimetrar sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 3 metrar og 77 sentimetrar sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Þetta nær og til gaddavírsgirðinga meðfram tröðum og heimreiðum.

11. gr.

Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut eða fjallveg, nema hlið sje á fyrir veginum, en þá skal það vera heimilt; leita þarf þó samþykkis sýslunefndar, ef um flutningabraut er að ræða. Nú er girðing sett yfir veg með hliði fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu varða sektum og skaðabótum.

Nú liggur yfir land forn fjallvegur, afrjettarvegur, eða bæjavegur, og telst eigi til neins vegaflokks, gildir þá hið sama um þá vegi og vegi þá, er áður eru taldir.

Eigi má landeigandi læsa hliði nje með öðru móti hindra umferð um slíkan veg, nema hreppsnefnd leyfi.

Sama gildir og um sleðabrautir og aðrar vetrarleiðir sem nauðsynlegar eru til almenningsnota. Þar sem svo stendur á, má landeigandi kjósa um að taka upp girðinguna að vetrinum, þar sem hún liggur yfir leiðina, eða búa svo um hlið, að auðvelt sje að opna, þó að snjór leggist að. Skylt er við slík hlið að hafa hlaðna kampa, vörðu eða háan stólpa, með ánegldu spjaldi, svo glöggvar sjáist hliðið álengdar. Nánari ákvæði um þetta setur sýslunefnd, ef leiðin liggur um fleiri hreppa en einn, en hreppsnefnd, ef um innanhreppsveg er að ræða.

12. gr.

Stórgripagirðingar með 1 eða 2 gaddavírsstrengjum skulu ávalt þannig gerðar, að vírinn sje hvergi minna en 75 sentimetra frá jörð. Vírinn skal strengja vandlega. Nú er girðing illa strengd eða í vanhirðu, svo fjenaður festist í henni eða hlýtur meiðsl af þeim sökum, skal þá eigandi girðingarinnar sæta sektum, og greiða auk þess skaðabætur þeim er fjenaður meiddist fyrir.

13. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

14. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 13. gr., og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

15. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 14. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni, með $^2/_3$ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja, og samþyktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

16. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 13. gr. Er öll meðferð samþyktar þá hin sama og 14. og 15. gr. skipa fyrir um, nema að hreppsnefnd kemur þá hvervetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

17. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitasjóð, ef brotið er móti hreppssamþykt.

19. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um túngirðingar nr. 64, 19. des. 1903, lög nr. 22, 20. okt. 1905, um gaddavírsgirðingar, lög nr. 52, 30. júlí 1909 um girðingar, svo og þau ákvæði í 44. og 45. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og önnur lagaákvæði er koma í bága við lög þessi.

Nd. **548. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 13. gr. B. II. 7. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður:

| | | |
|---|---|---|
| 8. | Til þess að breikka veginn í Kömbum og steinlíma ræsi í veginum milli Reykjavíkur og Ölfusárbrúar eftir því sem til vinst ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5000 — » |

Nd. **549. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Jóni Ólafssyni og Ben. Sveinssyni.

Við 15. gr. 2. e. Aftan við þann tölulið komi nýr stafliður svolátandi:

| | | |
|---|---|---|
| f. | Til Landsskjalasafnsins til þess að láta afskrifa og ljósmynda skjöl í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum, er snerta Ísland | 1000 — 1000 |

Ed. **550. Breytingartillögur**

við frv. til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði á þingskjali 535.

Frá Einari Jónssyni, þingm. N.-Múl.

1. Við 2. gr. Fyrsta setningin »Þegar ... ... ná yfir« orðist þannig:
Þá er sýslunefndunum eða bæjarstjórn Akureyrar þykir þörf á að gera samþykt þá, er 1. gr. ræðir um, eða fá óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum, eða úr Akureyrar kaupstað og þeim þykir rjett að taka þær óskir til greina, skulu þær semja frumvarp til samþyktarinnar og kveðja síðan til fundar, með nægum fyrirvara, fyrir svæði það, er samþyktin á að ná yfir.

2. — 3. — Fyrir orðin »áður hefir ... ... 1. gr.« í 2. l. komi: samið hefir verið samkvæmt 2. gr.

Nd. **551. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903:

»Ráðherra Íslands má eigi . . . falið að veita« falli burt, en í staðinn komi:

Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara svo oft, sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir, þar sem konungur ákveður.

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir hans á konungsfund.

Nú deyr ráðherra eða lætur af embætti, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherra veitir þau embætti, sem hann hingað til hefir veitt.

Tölu ráðherra má breyta með lögum.

Verði ráðherrum fjölgað, legst landritaraembættið niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í Landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það.

6. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

7. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í stað hennar komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeid. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 14 þingmenn; 6 af þeim skulu kosnir hlutfallskosningum í einu lagi um land alt og jafnmargir varamenn, en 8 skulu kosnir af sameinuðu þingi.

9. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burtu, en í stað hennar komi:

Þingmenn kosnir óhlutbundinni kosning skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundinni kosning til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár. Deyi þingmaður kosinn óhlutbundnum kosningum meðan á kjörtímanum stendur eða fari frá, skal kjósa þingmann í hans stað, en að eins fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti í flokki þingmanna kosinna hlutbundnum kosningum, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á.

10. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar), falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis hafa karlar og konur, sem fædd eru hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár og eru 25 ára, er kosningin fer fram; þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Ennfremur eru þau skilyrði sett, að hinir nýju kjósendur, konur, og þeir karlmenn, er ekki hafa kosningarrjett samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, fái ekki rjett þann, er hjer ræðir um, öll í einu, heldur þannig, að þegar semja á alþingiskjörskrá í næsta sinn eftir að lög þessi eru komin í gildi, skal setja á kjörskrána þá nýja kjósendur eina, sem eru 40 ára eða eldri, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum til kosningarrjettar. Næsta ár skal á sama

hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og svo framvegis, lækka aldursmarkið um eitt ár í hvert sinn, til þess er allir kjósendur, konur sem karlar, hafa náð kosningarrjetti, svo sem segir í upphafi þessarar greinar.

Nú hafa hjón óskilin fjárhag, og missir ekki konan kosningarrjett sinn fyrir því.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til efri deildar. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deid.

11. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur til neðri deildar Alþingis er hver sá, sem kosningarrjett á til deildarinnar; kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en eitt ár. En heimilisfastur skal hann hafa verið á Íslandi, að minsta kosti síðasta árið áður en kosning fer fram. Kjörgengi til efri deildar á hver sá, er kosningarrjett á til þeirrar deildar.

Þeir dómendur, er hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó hvorki kjörgengir til neðri nje efri deildar.

12. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur, án samþykkis konungs.

13. gr.

Á undan 20 gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

14. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

15. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist

að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

16. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hefir mist kjörgengi.

17. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (34. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi svo látandi ný grein:

Ráðherra á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og rjett á hann á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa. Atkvæðisrjett hefir ráðherra því að eins, að hann sje jafnframt þingmaður.

18. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breyta má þessu með lögum.

19. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

20. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

21. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sjerrjettindi, er bundin sje við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

22. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og Auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

## Akvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn 6 þingmenn til efri deildar og jafnmargir varamenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulegu Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverjir skuli fara frá eftir 4 ár, þeirra sem kosnir voru hlutbundnum kosningum.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar til efri deildar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

2. málsgrein 12. gr. tekur ekki til dómara þeirra, er nú skipa landsyfirrjettinn.

Heimilisfesta innanlands er heldur ekki skilyrði fyrir kjörgengi þeirra manna, sem þá kunna að eiga setu á Alþingi, er stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi.

Ed. **552. Frumvarp**

til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landssjóður leggur Landsbankanum til árlega næstu 20 ár 100 þúsund krónur til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóvember 1907.

Landssjóður skal vera innskotseigandi *(interessent)* að þessu fje. Skal hann af því fá sömu hlutdeild, sem hann mundi fá af jafnhárri hlutafjárupphæð, af hreinum tekjuágóða bankans, í hlutfalli við annað eignarfje hans.

Í þessu efni skal skoða seðla landssjóðs sem eign bankans.

Uns lánið, sem nú er, er að fullu greitt, greiðir bankinn vöxtu af því (þeim hluta þess, sem á hverjum tíma er ógreiddur).

2. gr.

Heimilt er stjórninni að taka í þessu skyni alt að 200,000 kr. lán handa landssjóði.

Ed. **553. Frumvarp**

til laga um friðun æðarfugla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Brot gegn því varðar 10 kr. sekt fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítrekun brotsins alt að 400 kr. Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð þar, sem brotið var framið.

2. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn án leyfis varpeiganda leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varplandi hans en 1/4 km. frá stórstraumsfjörumáli.

4. gr.

Brot gegn 2. og 3. grein varða 5—15 króna sektum. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem drepnir eru með skotunum eða netunum, fer eftir ákvæðum 1. greinar. Varpeigandi, þar sem brotið er framið, má taka upp netin, en láta skal hann þau af hendi við þann, er þau lagði, er hann hefir goldið sekt sína og kostnað við upptöku netanna eftir óvilhallra manna mati.

5. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet. Nú gerir einhver það, og varðar það 50—100 króna sektum. Netin skulu upptæk og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið var framið. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem í þau voru veiddir, fer eftir ákvæðum 1. gr.

6. gr.

Sýslumenn skulu hvert ár á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypis friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum. Nú vill maður koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það; skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sje rjett, og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu á næsta manntalsþingi og greiðast 2 krónur fyrir þá friðlýsingu, er renna í landssjóð.

7. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sjerstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frakknesku

8. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að 1/3 í sveitarsjóð, en að 2/3 til uppljóstrarmanns.

9. gr.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Nd. **554. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 16. gr. 29. Töluliðurinn orðist svo:

| | | |
|---|---|---|
| Til núverandi eftirlitsmanns með því, að samningur um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli sje haldinn . ... ... ... ... ... ... .. ... ... | 1000 | — 1000 |

Nd. **555. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr. 26. Aftan við liðinn bætist:

| | | |
|---|---|---|
| Til Rómferðar ... ... ... ... ... .. .. ... | » | — 1000 |

Nd. **556. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Fjárlaganefndin hefir, að lokinni annari umræðu fjárlaganna, tekið fjármálin til íhugunar á ný, og sjerstaklega viðvíkjandi semgöngunum á sjó, sem hún hafði frestað, þangað til samgöngumálanefndin hefði komið fram með álit sitt og tillögur. Eru athugasemdir hennar á þessu stigi málsins á þessa leið:

Samgöngur á sjó.

Nefndin hefir athugað tillögur samgöngumálanefndarinnar á þingskj. 487 og fallist á þær í *aðalatriðum*. Þó vill hún breyta orðalagi á liðnum I. þannig, að hann verði eigi skilinn svo, sem hjer eigi að skapa fasta sýslan handa manni, er stjórni samgöngum á sjó framvegis. Hinsvegar er nefndin sammála samgöngumálanefndinni, að samgöngumál þessi þurfi miklu meiri rannsókn og undirbúning á milli þinga, eins og nú hagar til, heldur en þann, er stjórnin hefir gert að undanförnu og hefir mannaráð til að gera, svo að þar af stafi að nokkru ósamræmi það, sem er í samgöngunum, og máske óþörf fjáreyðsla.

Meiri hluta fjárlaganefndarinnar virðist ástæða til, að hækka styrkinn til Faxaflóabáts (um 2000 kr.) og Breiðafjarðarbáts (um 1000) á ári, sökum þess, hve stórt umdæmi þeir hafa hvor um sig. Þar á móti virðist meiri hl. nefndarinnar varhugavert að veita 6000 kr. upphæð til fyrirhugaðra bátaferða á milli Vestmanneyja, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Víkur. Nefndinni er sem sje ekki kunnugt um, að nein áætlun sje til um það, hvað útgerð slíkra ferða, skynsamlega rekin, muni kosta. Hefir heyrt, og felst sjálf á, að hjer mundi tiltækilegast að hafa stóran þiljubát með mótor. En meiri hl. þykir ólíklegt, að útgerðarkostnaður hans, við hæfilegar milliferðir á þessu svæði, nemi tvöfaldri þessari upphæð eða 12000 kr. á ári. Leggur því til, að árleg upphæð úr landssjóði sje færð niður í 4800 kr.

Samkv. þessu leyfir nefndin sjer að koma fram með breytingartillögur við breytingartill. samgöngumálanefndarinnar á sjerstöku þingskjali.

Við 13. gr. B.

Nefndinni hefir borist brjef frá stjórnarráðinu, þar sem farið er fram á að nefndin taki upp viðauka við fjárveiting til verkfróðra aðstoðarmanna (I. 2.), 2700 kr. á ári, til þess að verkfræðingur landsins geti bætt við sig verkfróðum aðstoðarmanni, en í notum þess geti hann með aðstoðarmanni sínum sint öllum stærri fyrirtækjum viðvíkjandi vatnsveitu og vörnum við vatnágangi Styður stjórnarráðið málaleitun þessa, sem upphaflega er framkomin frá búnaðarþinginu, við rækilegt álitsskjal frá verkfræðingi landsins. Meirihluti nefndarinnar felst á að veita þetta fje. En hyggur að nægja muni að veita það síðara árið, því hæpið sje, að fyr verði kominn í kring sá útbúnaður í þessu efni, sem á þarf að halda.

Við 13. gr. D.

Búðahreppur í Fáskrúðsfirði hefir farið þess á leit, að sjer verði gefið upp 4000 kr. lán úr viðlagasjóði til símalínunnar þar, með því hann hafi orðið harðar úti en aðrir um framlag til síma, og einkum þá, er símalína þessi verður stofnlína til Djúpavogs og Hornafjarðar. Leggur landssímastjórinn til, að beiðni þessari sje sint á þann hátt, að helmingur upphæðarinnar, 2000 kr., sje á sínum tíma færður með kostnaði við lagningu símalínunnar frá Fáskrúðsfirði til Djúpavogs, en þá um leið til lúkningar upp í ofannefnt símalán til Búðahrepps. Nefndin lætur þess getið hjer, þótt þetta atriði hafi ekki áhrif á fjárlögin sjálf, að hún felst á þessa tillögu landssímastjórans.

Við 14. gr. B. XIII.

Vegna breytinga, sem urðu við aðra umræðu og tillagna, sem þá komu fram viðvíkjandi fjárveiting til unglingaskóla, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegast sje að hafa *eina fjárhæð til þeirra allra*, að sínu leyti eins og til barnaskóla, þótt hún gæti eigi fallist á tillögur þær, sem þá komu fram, eins og þær voru lagaðar. Og til unglingaskóla telur hún Hvítárbakkaskólann, þótt hann sje með lýðháskólasniði. Nefndin ætlast þó til, að þessi tilhögun verði til einskis skaða fyrir skólana á Ísafirði, Seyðisfirði, Núpi og Hvítárbakka frá því, sem nú er í frumv. Þess vegna leggur hún til að upphæðin til unglingaskóla hækki um eigi minni upphæð, en þessir skólar

hafa samtals, og að hámark styrksins til hvers unglingaskóla um sig sje numið burt úr skilyrðunum.

Enda ætlast nefndin til að Hvítárbakkaskólinn haldi sömu kjörum um styrk eftir nemendatölu sem að undanförnu. Lúta þá allir unglingaskólar undir umsjón fræðslumálastjórans á sama hátt og barnaskólar og farskólar.

Fjárlaganefndin mun að öðru leyti gera grein í framsögunni fyrir þeim breytingartill., sem hún gerir.

Alþingi 22. ág. 1913.

| | |
|---|---|
| Lárus H. Bjarnason, formaður, | Pjetur Jónsson, skrifari og framsögum. |

Eggert Pálsson, Jóh. Jóhannesson, Kristján Jónsson,

Sigurður Sigurðsson, Skúli Thoroddsen.

Nd. **557. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 13. gr. B. I. Fyrirsögn liðsins orðist þannig:
   Stjórn og undirbúningur vegagjörða o. fl.
2. — 13. — B. I. 2. Fyrir »vegamælinga«
   komi: mælinga.
3. — 13. — B. I. 2. Fyrir »4000—4000«
   komi: 4000—6700.
4. — 13. — B. I. 2. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
   Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins.
5. — 14. — B. VI. 2. b. Á eftir liðnum komi nýr liður:
   Til smíða- og leikfimiskenslu ... ... 600— 600
6. — 14. — XIII. Liðirnir 1.—5. falli burt en í stað þeirra komi þessi nýr liður:
   Til unglingaskóla (lýðskóla) ... ... ... ... 14000—14000
   Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði, fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje

minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Lýðskólanum á Hvítárbakka má auk þess veita 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er að minsta kosti 6 mánuði í skólanum, þó ekki yfir 600 kr.

7. — 15. gr. 1. g. Aftan við liðinn bætist:
og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár.

8. — 16. — Orðin »kensla og« í fyrirsögn greinarinnar falli burt.

9. — 16. — 1. og 2. liður flytjist aftur fyrir 14. lið
15. — — — — 34. —
35. — — fram fyrir 31. —
20.—22. — — — — 16. —

10. — 16. — 6. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til húsabóta á skógræktarjörðinni Vöglum ... 2500—

11. — 16. — 9. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók, 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk, alt að ... ... ... ... ... ... 900—

12. Við 16. gr. 14. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita ... ... ... ... ... ... ... 1000— 1000

13. — 16. — 23. b Aftan við liðinn bætist: alt að.

14. — 16. — 35. Fyrir »sjálfrenningi (»automobil«)«
komi: bifreið.

15. — 18. — Orðin: »Til ekkjufrúar Önnu Johnsen 750 kr.«
falli burt.

16. — 19. — Fyrir »8000 kr.«
komi: 18000 kr.

Nd. **558. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 487.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við I. Fyrir: »Stjórn og undirbúningur«
komi: Til undirbúnings.

2. — IV. 2. Fyrir: »8000—8000«
komi: 9000—9000.

3. — IV. 4. Fyrir: »Til Eyjafjarðarbáts«
komi: Til Norðurlandsbáts.

4. — IV. 5. a. Fyrir: »6000—6000«
komi: 4800—4800.
5. — IV. Aftan við liðina IV. 1.—4. og 6—9.
bætist: alt að.

Ed. **559. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði (þingsk. 535).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Skagafirði innan beinnar línu milli syðri enda Þórðarhöfða og Ingveldarstaðabæjar á Reykjaströnd.
2. Við 3. gr. Á undan orðinu »samþykt« í 2. línu bætist inn í: gerð og
3. Aftan við fyrirsögn frumv. bætist: og Skagafirði.

Nd. **560. Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur fjárlaganefndar (þgskj. 557).

Frá Sigurði Sigurðssyni og Jóh. Jóhannessyni.

Við 6. lið. Í stað fyrirsagnarinnar: »Til unglingaskóla (lýðskóla)«
komi: Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar.

Nd. **561. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 15. gr. 35. Í stað orðanna »Til Þórarins E. Tuliniusar«
komi: Styrkur

Ed. **562. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903 um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Háttvirt neðri deild hefir gert 2 efnisbreytingar á frumvarpi þessu. Önnur breytingin gengur í þá átt, að kjósandi, sem vegna líkamsbilunar, eða af öðrum ástæðum ekki getur greitt atkvæði, skuli kveðja sjer til aðstoðar einhvern úr kjörstjórninni, í stað þess að kveðja sjer til aðstoðar kjósanda þann, er hann treysti best. Hin breytingin gengur í þá átt, að ákveða nánar hlutfallið á milli atkvæða þeirra og atkvæðabrota, sem hver kjósandi greiðir fulltrúaefnum á listanum.

Nefndin getur eftir atvikum fallist á fyrri breytinguna, og telur síðari breytinguna til bóta, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið í þeirri mynd, sem það er nú í.

Efri deild alþingis, 23. ág. 1913.

| Guðjón Guðlaugsson, formaður. | Sig. Eggerz, skrifari og framsögum. | G. Björnsson. |
|---|---|---|

Nd. **563. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 487.

Frá fjárlaganefndinni.

Við IV. 1. Fyrir »12000—12000«

komi: 14000—14000.

Nd. **564. Atkvæðaskrá**

við 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Fjárlagafrumvarp 503.

Framhaldsnefndarálit 556.

Breytingartillögur fjárlaganefndar 557.

Aðrar breytingartillögur fjárlaganefndar merktar N, auk númers á þingskjali.

Breytingar- og viðaukatillögur annara: 487, 488, 489, 492, 494, 495, 502, 506, 508, 516, 517, 518, 520, 523, 524, 525, 526, 527, 528, 529, 534, 536, 538, 539, 540, 541, 542, 543, 544, 545, 546, 548, 549, 554, 555, 558, 560, 561, 563.

12. gr.

1. Brtt. 536.
   Við 6. Í stað orðsins »klinik« í athugasemdinni komi: læknishjálp.

13. gr.

2. Brtt. 557, 1.
   Við B. I. Fyrirsögn liðsins orðist þannig: Stjórn og undirbúningur vegagjörða o fl.

3. Brtt. 557, 2.
   Við B. I, 2. Fyrir »vegamælinga« komi: mælinga.

4. Brtt. 557, 3.
   Við B. I, 2. Fyrir »4000—4000« komi: 4000—6700.

5. Brtt. 557, 4.
   Við B. I, 2. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins.

6. Brtt. 548.
Við B. II, 7. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður:
8. Til þess að breikka veginn í Kömbum og steinlíma ræsi í veginum milli Reykjavíkur og Olfusárbrúar eftir því sem til vinst... 5000— ...

7. Brtt. 538.
Við B. III, 7. Þar komi nýr liður:
8. Brú á Bleikdalsá (Ártúnsá) á Kjalarnesi ... — 3800
Gegn því að sýslan leggi fram það sem á vantar.

8. Brtt. 529.
Við B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
XI. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi úr annari átt, alt að ... ... ... ... ... 1000— 1000

9. Brtt. 539.
Við B. VIII. Þar á eftir komi:
IX. Til sýsluvegar úr Grindavík á Keflavíkurveginn gegn jafnmiklu annarstaðar frá ... ... — 7500

10. Brtt. 520.
Við B. XII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til steinsteypubrúar á Þverá syðri í Eyjafirði, þó ekki yfir 1/4 byggingarkostnaðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... 700— ...

11. Brtt. 558, 1 N.
Við 487, I. Fyrir »stjórn og undirbúningur« komi: til undirbúnings.

12. Brtt. 487, I.
Við C. (1. liður verði svo).
I. Stjórn og undirbúningur samgöngumála á sjó alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... 4000— 4000

13. Brtt. 487, II.
Við C. 1. II. Til strandferða... ... ... ... ... ... 60000—60000

14. Brtt. 494.
Við 487, III. Orðist þannig:
Til Eimskipafélags Íslands ... ... ... ... —40000
að því tilskildu, að fjelagið hafi í förum tvö millilandaskip árið 1915, enda samþykki stjórnarráðið ferðaáætlun þeirra.

15. Brtt. 487, III.
Við C. 1. Á eftir þeim lið komi:
III. Til millilandaferða ... ... ... ... ... ... ... —40000
Styrk þennan er stjórninni einungis heimilt að veita Eimskipafjelagi Íslands, ef það kemst á fót og tekur til starfa árið 1915 og ef samningar takast við það um strandferðir eigi síðar en 1916.

16. Brtt. 508.
Við 487, C. III. Á eftir þeim lið komi nýr liður, sem verður IV. liður (liðatala breytist samkv. því) svohljóðandi:
IV. Til hlutakaupa í Eimskipafjelagi Íslands, til að koma því á stofn... ... 50000—50000
Verði keyptir hlutir í eimskipafjelaginu fyrir 400,000 kr., gegn því, að fjelagið taki að sjer strandferðirnar, þá fellur þessi fjárveiting niður.

17. Brtt. 489.
Við C. 2, 2. Fyrir »Til Breiðafjarðarbáts 4000 kr.«
komi: Til Breiðafjarðarbáts ... ... ... 10000—10000

18. Brtt. 558, 2. N.
Við 487 IV, 2. Fyrir »8000—8000«
komi: 9000—9000.

19. Brtt. 558, 3 N.
Við 487 IV. Fyrir »til Eyjafjarðarbáts«
komi: til Norðurlandsbáts.

20. Brtt. 558, 4 N.
Við 487 IV, 5 a. Fyrir »6000—6000«
komi: 4800—4800.

21. Brtt. 502.
Við C. 2. 7. (Hvítármótorbátur).
Fyrir 600 (innanstriks)
komi: 800.

22. Brtt. 558, 5 N.
Við 487, IV. Aftan við liðina JV. 1—4 og 6—9 bætist:
alt að.

23. a. Brtt. 563. Við 487 IV. 1. Fyrir »12000—12000«
komi: 14000—14000.

23.b. Brtt. 487, IV.
Við C. 2. (Í stað liðsins komi):
IV. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til Faxaflóabáts ... | 12000—12000 | |
| 2. | Til bátaferða á Breiðafirði ... ... | 8000— 8000 | |
| 3. | Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa ... ... | 9000— 9000 | |
| 4. | Til Eyjafjarðarbáts | 9000— 9000 | |
| 5. | Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands: | | |
| | a. Til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka, alt að ... | 6000— 6000 | |
| | b. Til Rangársands alt að . ... ... | 1200— 1200 | |
| 6. | Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði .. ... ... ... | 400— 400 | |
| 7. | Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar ... | 400— 400 | |
| 8. | Til mótorbátsferða á Lagarfljóti ... ... | 300— 300 | |
| 9. | Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu. ... ... ... | 400— 400 | 46700 - 46700 |

Styrkirnir til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum veitast með þeim skilyrðum:

*að* bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi hlutaðeigandi hjeraðsstjórna góðir bátar og hentugir til þessara ferða og sendist vottorð um það til stjórnarráðsins;

*að* stjórnarráðið samþykki ferðaáætlun bátanna og sje uppkast að henni sent stjórnarráðinu innan þess tíma, sem það tiltekur;

*að* landssjóðsstyrkurinn nemi aldrei meiru en helmingi reksturskostnaðar bátanna;

*að* útgerðarmenn bátanna sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en styrkurinn er að fullu greiddur.

24. Brtt. 517.

Við D. III. 2. a. Fyrir »15160—15160« komi: 14760—14760.

25. Brtt. 492.
Við E. II. 18. b. Aftan við þann lið bætist:
c. Á Svartatanga við Stykkishólm . ... 100— 100

26. Brtt. 526.
Við E. III. c. Liðurinn («Ingólfshöfðaviti 16000«) falli burt.

14. gr.

27. Brtt. 523.
Við A. 6. Í stað »20000« komi: 5000.
Til vara: Í stað »20000« komi: 10000.

28. Brtt. 557, 5.
Við B. VI, 2. b. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til smíða og leikfimiskenslu ... ... 600— 600

29.a. Brtt. 560.
Við 557. 6. Í stað fyrirsagnarinnar: »Til unglingaskóla (lýðskóla«) komi: Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar.

29.b. Brtt. 557, 6.
Við XIII. Liðirnir 1—5 falli burt, en í stað þeirra komi þessi nýr liður:
Til unglingaskóla (lýðskóla) ... ... 14000—14000
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Lýðskólanum á Hvítárbakka má auk þess veita 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er að minsta kosti 6 mánuði á skólanum, þó ekki yfir 600 kr.

15. gr.

30. Brtt. 557, 7.
Við 1. g. Aftan við liðinn bætist:
og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár.

31. Brtt. 549.
Við 2. e. Aftan við þann tölulið komi nýr stafliður svolátandi:
f. Til Landsskjalasafnsins til þess að láta afskrifa og ljósmynda skjöl í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum er snerta Ísland ... ... ... ... ... ... ... 1000— 1000

32. Brtt. 524, 1.
Við 11. Þar bætist inn nýr liður svo hljóðandi:
Til þess að gefa út á þýska tungu bók Einars háskólakennara Arnórssonar, er nefnist »Rjettarstaða Íslands« alt að ... ... ... ... ... 4000— »

33. Brtt. 544.
Við 21. Fyrir »1200«
komi: 2000.
Til vara: 1600.

34. Brtt. 524, 2.
Við 23. Liðinn skal orða svo:
Til þess að kaupa listaverk eftir íslenska myndhöggvara, þar af þetta fjárhagstímabil af Einari Jónssyni fyrir að minsta kosti $^5/_6$ upphæðarinnar ... ... ... ... ... . . ... ... 2400— 2400

35. Brtt. 525, 1.
Við 24. Í stað »800«
komi: 1000.

36. Brtt. 540.
Við 24. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður:
Styrkur til Gísla Jónssonar málara ... ... 1000— »

37. Brtt. 525, 2.
Við 26. Í stað »1000«
komi: 1000—1000.

38. Brtt. 555.
Við 26. Aftan við liðinn bætist:
Til Rómferðar ... ... ... ... ... ... ... » — 1000

39. Brtt. 542.
Við 27. Á eftir þeim lið komi nýr liður svohljóðandi:
Til Júlíönu Sveinsdóttur til að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... 400— 400

40,a. Brtt. 516.
Við 32. Fyrir »2500—2500«
komi: 2000—2000.

40.b. Brtt. 561.
Við 35. Í stað orðanna »Til Þórarins E. Tuliniusar« komi: Styrkur.

41. Brtt. 525, 3.
Við 47. Fyrir »500—500« komi: 800—800.

42. Brtt. 534.
Við 47. Í stað »500—500« komi: 1000—500.

16. gr.

43. Brtt. 557, 8.
Orðin »kenslu og« í fyrirsögn greinarinnar falli burt.

44. Brtt. 557, 9.
1. og 2. liður flytjist aftur fyrir 14. lið.
15. — — — — 34. —
35. — — fram — 31. —
20.—22. — — — — 16. —

45. Brtt. 543.
Við 3. b. Í stað: »áveitu á Skeið og Flóa« komi: Flóa-áveitunni.

46. Brtt. 557, 10.
Við 6. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til húsabóta á skógræktarjörðinni Vöglum ... 2500— »

47. Brtt. 557, 11.
Við 9. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk alt að ... ... ... ... ... ... ... 900— »

48. Brtt. 557, 12.
Við 14. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita ... ... ... ... ... ... ... 1000— 1000

49. Brtt. 546, 1.
Við 17. Þar á eftir komi nýr liður svo hljóðandi:

| Til viðskiftaráðanauts: | 1914 | 1915 | |
|---|---|---|---|
| a. Laun hans... ... ... ... | kr. 4000— | 4000 | |
| b. Ferðakostnaður... ... ... | — 2000— | 2000 | |
| c. Skrifstofufje ... ... ... | — 1000— | 1000 | |
| d. Til viðskiftafulltrúa, sem hann velur sjer með ráði stjórnarinnar ... ... ... | — 8000— | 8000 | 15000 —15000 |

50. Brtt. 546, 2.
Við 18. Fyrir orðin »Til Sambands — — Sláturfjelags Suðurlands, til«
komi: Til

51. Brtt. 557, 13.
Við 23. b. Aftan við liðinn bætist: alt að.

52. Brtt. 554.
Við 29. Töluliðurinn orðist svo:
Til núverandi eftirlitsmanns með því að samningur um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli sje haldinn ... ... ... ... ... ... ... ... ... 1000— 1000

53. Brtt. 541.
Við 30. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Styrkur til kaupfjelaganna »Ingólfur« og »Hekla« til þess að halda uppi vöruflutningum á bifreiðum til og frá Stokkseyri og Eyrarbakka um Árnes- og Rangárvallasýslur og til Reykjavíkur eftir því sem vegir og færð leyfir ... ... ... ... ... ... ... ... ... 4000— ...
Fjelögin annast vöruflutning á ofangreindu svæði fyrir svo lágt gjald, sem unt er, og eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið samþykkir.

54. Brtt. 545.
Við 32. Þar á eftir komi nýr liður svo hljóðandi:
Til Þorvarðar hreppstjóra Bergþórssonar að Leikskálum í Haukadal til viðurkenningar fyrir dugnað og langa þjónustu... ... ... .. ... 500-— ...

55. Brtt. 527.
Við 33. Á eftir þeim tölulið komi nýr liður svo látandi:
Til fyrverandi alþingismanns Þorvaldar Björnssonar í viðurkenningarskyni ... ... ... ... 1000— ...

56. Brtt. 557, 14.
Við 35. Fyrir »sjálfrenningi (»automobil«)«
komi: bifreið.

57. Brtt. 528.
Við 35. tölulið. Á eftir »(automobil)«
komi: yfir Fagradal.

18. gr.

58. Brtt. 557, 15.
»Til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.« falli burt.

59. Brtt. 495.
Á eftir »til ekkjufrúar Guðrúnas Pjetursdóttur 300 kr.« komi: viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur (frá Holti undir Eyjafjöllum) 300 kr.

19. gr.

60. Brtt. 557, 16.
Fyrir »8000 kr.«
komi: 18000 kr.

21. gr.

61. Brtt. 518, 1.
Við 1. lið. Fyrir »4%«
komi: 5%.

62. Brtt. 518, 2.
Við 2. lið Fyrir »4%«
komi: 5%.

63. Brtt. 518, 3.
Við 3. lið. Fyrir »4%«
komi: 5%.

64. Brtt. 488.
Við 3. Í stað »15000 kr.« í enda málsgreinarinnar
komi: 25000.

65. Brtt. 518, 4.
Við 4. lið. Fyrir »4%«
komi: 5%.

66. Brtt. 518, 5.
Við 5. lið. Fyrir »4%
komi: 5%.

67. Brtt. 518, 6.
Við 6. Síðari málsgrein orðist svo:
Lán þetta ávaxtast með 5% árlega og endurgreiðist með jafnri afborgun á ári í 20 ár.

68. Brtt. 518, 7.
Við 7. Síðari málsgrein orðist svo:
Lán þetta ávaxtast með 5% árlega og endurgreiðist með jafnri afborgun á ári í 20 ár.

69. Brtt. 518, 8.
Við 8. Síðari málsgrein orðist svo:
Lán þetta ávaxtast með 5% árlega og endurgreiðist með jafnri afborgun á ári í 20 ár.

70. Brtt. 518, 9.
Við 9. Síðari málsgrein orðist svo:
Lán þetta ávaxtást með 5% árlega og endurgreiðist með jafnri afborgun á ári í 20 ár.

71. Brtt. 518, 10.
Við 10. Liðurinn falli burt.

72. Brtt. 506.
Við 11. Aftan við greinina bætist nýr liður:
Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi, alt að 25,000 kr., til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með 4½%, er afborgunarlaust fyrstu árin tvö, og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Ed. **565. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. 2. málsgrein 2. línu. Í stað orðanna: »Atkvæðakassar opnaðir og atkvæði talin«, komi: opna skal atkvæðakassana.
2. — 1. — Á eftir orðinu »sýslunefnd« í 4. málsgrein 1. línu komi: eða bæjarstjórn.
3. — 2. — 2. málsgrein. Í stað orðanna: »hvítar kringlur« komi: hvítir, kringlóttir reitir.
4. — 2. — Aftan við greininga komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum og þykkum pappir. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje, að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

5. Við 3. gr. 9. línu að ofan: Staðin fyrir orðin: »Saman einu sinni«, komi: Saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum.
6. — 4. — Fyrir: »umgjörðina, sem myndar reitinn« komi: svarta borðans.
7. — 5. — 1. málsgrein. Fyrir: »6 klukkustundir« komi: 4 klukkustundir.
8. — 5. — Síðasta málsgrein falli burt.
9. — 7. — Greinin falli burt.

Nd. **566. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um hagstofu Íslands, (þingskj. 134).

Flutningsmaður Ólafur Briem.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði

5. gr.

Hagstofan skal hafa á hendi ókeypis endurskoðun á reikningum allra opinberra sjóða, sem eigi eru háðir lögmæltri endurskoðun.

Svo er það og skylda hagstofunnar, ef óskað er, að endurskoða reikninga annara sjóða, fjelaga og fjesýslumanna gegn borgun, er kemur upp í kostnað við stofnunina.

Nánari ákvæði um endurskoðunarstarf hagstofunnar og borgun fyrir það skulu sett í reglugjörð, er stjórnarráðið semur.

Ed. **567. Breytingartillögur**

við frumv. til girðingalaga á þingskj. 547.

Frá nefndinni.

1. Við 8. gr.

a. í stað orðanna: »tún eða engi« í 4. línu, komi: land

b. Aftan við 1. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:

Nú liggur bithagi jarðar að landi kauptúns, og verður fyrir miklum á-gangi af beit frá kauptúninu og skal þá jarðeigandi eiga sama rjett til framlags til girðingar frá kauptúninu eða eiganda þess lands er kauptún liggur í, eins og tún eða engi lægi á móti.

2. Við 11. gr.

a. Í stað orðanna: »leita þarf þó . . . . að ræða« í 2.—3. línu komi:
Ef vegur er akfær, þarf þó samþykki hreppsnefndar, ef um hreppsveg er að ræða, en sýslunefndar um aðra vegi.

b. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:
Ef girt er yfir aðra stíga eða götutroðninga, getur hreppsnefnd, ef þess er krafist, heimtað, að hæfilegt hlið sje sett á girðinguna.

3. Við 12. gr.

Fyrir »75« í 2. línu komi: 65.

4. Við 20. gr.

Orðin »lög um túngirðingar . . . . . gaddavírsgirðingar« falli burt.

Ed. **568. Lög**

um ábyrgðarfjelög.

(Samþykt í Ed. 25. ágúst).

1. gr.

Auk hinnar dönsku lífsábyrgðarstofnunar ríkisins, hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku og ábyrgðarfjelaga, sem stofnuð eru samkvæmt sjerstökum lögum, mega ekki aðrir reka hjer á landi ábyrgðarstarfsemi en hlutafjelög, innlend eða útlend, eða fjelög með gagnkvæmri ábyrgð, eða fjelög, sem rekið hafa ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 2 ár, er lög þessi öðlast gildi, enda fullnægi þau öll skilyrðum þeim, sem hjer fara á eftir. Það er ábyrgðarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, að taka að sjer gegn iðgjöldum lífsábyrgðir og vátryggingar, hverju nafni sem nefnast. Starfsemin telst því aðeins rekin hjer á landi, að framboðin sjeu á einhvern hátt af ábyrgðarfjelags hálfu viðskifti innanlands, en ekki þó hjerlendir menn leiti til ábyrgðarfjelaga í öðrum löndum, sem ekki hafa erindsreka hjer í landi, og fái ábyrgðir hjá þeim.

2. gr.

Nú vill útlent ábyrgðarfjelag reka starfsemi hjer á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, einn eða fleiri, búsettan hjer, þann er stjórnarráðið löggildir. Áður en slík löggilding er gefin, skal fjelagið afhenda stjórnarráðinu yfirlýsing um, að það hafi varnarþing hjer á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður, sá er í hlut á, er búsettur, í öllum þeim málum, sem rísa kunna út

af ábyrgðum, sem fjelagið tekst á hendur gagnvart hjer búsettum mönnum, eða stofnunum hjer á landi. Ábyrgðarskírteini skulu vera á íslensku, og skal þar tekið fram, hvar varnarþing sje. Að því er til sjóvátryggingar kemur, skal það þó vera á valdi þess, sem ábyrgðar leitar, hvort hann vill fá ábyrgðarskírteini á íslensku eða á útlendu máli.

Nú vill erlent ábyrgðarfjelag eigi gjalda það fje, sem það hefir verið skyldað til með íslenskum dómi, og skal þá stjórn Íslands sjá um, að þeim dómi verði fullnægt. Kostnað tekur hún úr landssjóði, en gjalda skal dómhafi hann aftur, þá er hann hefir fengið leiðrjetting mála sinna.

Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður sett út um landið, þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist gagnvart vátryggjendum fyrir hönd fjelags síns allar gjörðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi fjelagsins hjer á landi. Tilkynna skal hann stjórnarráðinu, hverjir sjeu undirumboðsmenn.

3. gr.

Öll ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skulu háð eftirliti stjórnarráðsins um það, að ekki sjeu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma í bága við gildandi lög,

4. gr.

Verði ábyrgðarfjelag, er starfar hjer í landi samkvæmt 2. gr., uppvíst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, hefir fjelagið fyrirgert rjetti sínum til þess að taka að sjer nýjar ábyrgðir hjer á landi, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins í hvert skifti.

5. gr.

Sjerhverju ábyrgðarfjelagi, er starfar hjer á landi, er skylt að senda stjórnarráðinu á ári hverju fyrir aprillok skýrslu um starfsemi fjelagsins undanfarið ár í því formi, sem stjórnarráðið ákveður, sbr. lög nr. 20, 3. okt. 1903.

6. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 500—5000 krónum, sem renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed. **569. Nefndarálit**

um frv. til viðaukalaga við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (þgsk. 498).

Samgöngur á sjó milli Íslands og annara landa hafa stórum aukist og batnað síðan þjóðin fjekk vald yfir fjármálum sínum. En af því hefir leitt, að verslunarhættir landsmanna hafa gerbreytst.

Fyrrum gengu engin skip á vetrum nema til Reykjavíkur. Fyrstu vöruskipin komu um sumarmál, síðustu skipin — haustskipin — komu venjulega í septembermánuði; frá því um rjettir og fram að sumarmálum komu engin skip á flesta verslunarstaði landsins. Og mjög oft bar það við, að vöruskipunum skeikaði. Til merkis um það má geta þess, að fyrstu vorskip komu til Akureyrar 1856: 28. Apríl, 1857: 20. apríl, 1858: Um miðjan maí, 1859: 5. júní, 1860: 12. maí, (»Norðri«, 4.—8. árg., Akureyri 1856—60).

Eftir þessu urðu menn að haga versluninni.

Bændum var einn kostur nauðugur, að afla sjer kornmatar á haustin fyrir allan veturinn; og kaupmenn urðu jafnan að hafa til þar að auki allmiklar vetrarbirgðir af kornmat handa viðskiptamönnum sínum, þeim sem minstar áttu heimabirgðinar, og svo af þeirri annari ástæðu, að vorskipum seinkaði oft, og komu stundum ekki fyr en undir fráfærur, og þaðan af seinna, ef hafísar teptu ferð þeirra.

Nú horfir alt öðru vísi við. Skipaferðinar eru orðnar miklu tíðari og áreiðanlegri. Nú koma gufuskip frá útlöndum og ganga kringum landið seint á haustin, í nóvembermánuði, og svo aftur á miðjum vetri í janúar, febrúar, og úr því er stutt á milli ferða.

Þess vegna er verslunarlagið orðið alt annað en áður var, haustbirgðir bænda og kaupmanna miklu minni, sumstaðar ekki meiri en rjett svo, að það endist fram á miðjan vetur, þangað til miðsvetrarskipin koma; vitum vjer órækar sönnur á því, að undanfarin ár hafa kornbirgðir iðulega verið á þrotum á ýmsum verslunarstöðum, þegar fyrstu skip komu síðast í janúar eða snemma í febrúar, og það rifið út samstundis, sem með því skipi hefir komið.

Þessi mikla breyting á versluninni er eðlileg afleiðing af samgöngubótunum. En þau umskifti eru mjög aðgæsluverð.

Höfuðumskiftin hafa orðið á tveim undanförnum áratugum; á þeim tíma hefir borið mjög lítið á hafís; en á það er að líta, hvernig fara mundi, ef óvenju mikill hafís legðist að landinu á útmánuðum og lægi fram á sumar. Þó að gufuskip komist mun betur áfram fyrir ís en seglskip, þá tjáir ekki að gleyma því, að svo mikill getur ísinn verið, samanrekinn og samfrosinn, að engin skip komist að norður- og austurlandi marga mánuði í röð. En af því mundi nú leiða afskapleg bágindi, og erfitt fyrir að sjá, hversu víðtæk þau gætu orðið.

Af þessu er sprottin umhugsun manna um kornforðabúr til *skepnufóðurs*.

Þó undarlegt megi virðast, hefur miklu minna verið hugsað um kornforða til *manneldis*. Það mun koma af því, að menn hugsa sjer, að jafnan megi flytja kornvöru til manneldis landveg á hestum, ef skipagöngur teppast, en gæta ekki að hinu, hversu mikill sá flutningur þyrfti að vera.

Það er óðs manns æði að neita því, að ís *geti* tept allar skipagöngur að norðurlandi frá því í febrúar og fram í júnímánuð, eða lengur.

Í norðursveitum, frá Horni að Langanesi lifa um 23000 manns. Kornmatar þörfin er um 224 pund á ári á mann. Ef flytja ætti á hestum þriggja mánaða kornbirgðir sunnan frá sjó í norðursýslur, þá yrðu það um 8000 hestburðir.[1])

Nú er í almæli, að kornforða til skipnufóðurs verði allvíða að flytja heim í sveit á haustin, af því að ógerlegt geti verið að ná vörunni úr *næsta* kaupstað á útmánuðum, þegar helst þarf á henni að halda. En hvernig mundi þá ganga að ná kornvöru úr öðrum landsfjórðungum — mörg þúsund hestburðum.

Það getur ekki dulist, að hjer er um mjög alvarlegt mál að ræða.

Með áminningum einum er aldrei unt eð girða til fulls fyrir óforsjálni manna.

Og heimildarlög, í líkingu við lögin 1909 um kornforðabúr, geta aldrei komið að fullum notum. Það er að vísu líklegt, að fá megi b e s t u sveitirnar til að sjá að sjer og afla sjer meiri vetrarbirgða; en þar mundi fara sem oftar, að þeir þrjóskuðust, er síst skyldi. Það er að sönnu góð breyting á lögunum 1909, að heimila sveitum að semja við verslanir um vetrarforða, í stað þess að kaupa kornvöru og láta í forðabúr. En það er engin fullnaðarbót. *Skyldan* er engin eftir sem áður.

*Kornvaran er ein af helstu lífsnauðsynjum þjóðarinnar.*

Og mörgum allsherjarnauðsynjum er þannig háttað, að menn geta ekki aflað sjer þeirra, hver um sig, svo að vel fari, og jafnvel ekki með frjálsum, óbundnum samtökum, sem engum er skylt að vera í fremur en hann vill. Er þá ekki annars úrkostur, en að allir leggist á eitt, gangi í einn fjelagsskap, og sje engum leyft að skerast úr leik. Það er *þvingun* eða *einokun*.

Það er allsherjarnauðsyn að hjálpa þeim, sem verða ósjálfbjarga, og þar er beitt þvingun; þó einhver segi sem svo: »Jeg vil ekkert borga til fátækra og kæri mig ekki um neitt, þó að jeg fari á vonarvöl«, þá er það ekki tekið til greina, honum er ekki leyft að taka sig út úr. Póstmál og símamál eru allsherjarnauðsyn; þar er beitt einokun. Neysluvatn er lífsnauðsyn; þar getur einokun ekki komið til greina í sveitum, en í stórum kaupstöðum er hún nauðsynleg; og þar eru nú gerðar vatnsveitur á kostnað allra bæjarbúa og vatnsskattur heimtaður af þeim *öllum*, hvort sem þeim þykir það ljúft eða leitt; það er *algerð einokun;* og kauptúnin keppa hvert við annað, að koma henni á, þeirri einokun, af því að nú sjá allir, að það er eina rjetta leiðin.

*Kornvara er lífsnauðsyn, og það mun sannast um hana, eins og vatnið í kaupstöðunum, að þar er brýn þörf á einokun; annars getur þjóðin lent í stórvandræðum, — af því að landið er járnbrautalaust; án einokunar er óhugsandi að ná því marki, að jafnan sjeu til í landinu öruggar vetrarbirgðir af kornmat og honum góðum og ódýrum.*

Þvingun eða einokun má beita á tvennan hátt: — *1) láta landsstjórn annast nauðsynina fyrir alla þjóðina,* eins og gert er við póstmál og símamál; — *2) skylda hvert hjerað eða sveit til fjelagsskapar og samvinnu* undir umsjón

---

1) $\frac{(23000 \times 2\frac{1}{4})}{160} = 8050$

og eftirliti landsstjórnarinnar, eins og farið er með fátækramál og barnafræðslu hjer á landi.

Það er nú sennilegt, að þessi *síðari* aðferð mundi gefast best, ef um kornmatar einokun er að gera. Ætti þá að setja lög um kornvörukaup, koma á fót *lögskorðuðu kornvörukaupfjelagi fyrir alla þjóðina og veita því einkarjett til kornvöruaðflutnings;* mætti þá skylda hvert sýslufjelag (bæjarfjelag) til að stofna kornvörukaupfjelag, og kveða svo á, að í hverjum hreppi skuli vera undirdeild og þar deildarstjóri, kosinn af hreppsbúum; deildarstjórarnir ættu þá að kjósa stjórn sýslukaupfjelagsins; en sýslufjelögin ættu að vera skyld að lögum að vera öll í einu allsherjarsambandi, og ættu fulltrúar þeirra að eiga fund með sjer á hverju ári (kaupfjelagsþing) og kjósa sambandsstjórn eða framkvæmdarstjórn fyrir alla þjóðina, til þess að annast öll kornvörukaup utanlands og flutning vörunnar til landsins. Þetta fyrirkomulag kannast allir við, því að sýslukaupfjelög eru orðin mjög algeng og þá með undirdeild í hverjum hreppi; og nú, fyrir skömmu eru ýms af þessum sýslukaupfjelögum komin í kaupfjelagssamband. *Í lögum um kornvörukaupfjelög yrði vitanlega að vera örugg fyrirmæli um aðgæslu á haustbirgðum og aðflutning á nægum vetrarbirgðum.*

Á hverju ári eru nú flutt hingað til landsins um *9500 tonn af kornvöru* er kosta rúmlega $1^3/_4$ miljón krónur. Megnið af vörunnl er rúgur, rúgmjöl og hveiti.

Árið 1911 voru flutt hingað:

| | | |
|---|---|---|
| Rúgur ... ... ... ... ... | 977,7 | tonn |
| Rúgmjel ... ... ... ... | 3874,1 | — |
| Hveiti ... ... ... ... ... | 1924,8 | — |
| Hrísgrjón ... ... ... ... | 885,7 | — |
| Bankabygg... ... .. ... | 564,1 | — |
| Haframjel ... ... ... ... | 879,3 | — |
| Baunir ... ... ... ... | 209,9 | — |
| Aðrar kornt. .. .. ... | 315,1 | — |
| | 9631,6 | tonn |

Af fóðurtegundum (maís, hrati, höfrum, byggi, heyi) voru aðflutt 523,7 tonn (þar af 29,7 tonn af heyi) og metið 78146 kr. virði.

Þess ber vel að gæta, að matvaran er nú ekki líkt því eins stór hluti af verzlun landsins og áður á tímum. 1881—85 var matvaran að meðaltali 35,3% af allri aðfluttri voru, en 1911 ekki nema 18,8%,

Kornvörueyðsla á mann er litlum breytingum háð.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1904 | kemur | 106 | vogir (tvípund), | metnar | 21,81 | kr. | á | mann |
| 1906 | — | 114 | — | — | 28,42 | — | - | — |
| 1908 | — | 96 | — | — | 29,19 | — | - | — |
| 1910 | — | 112 | — | — | 20,86 | — | - | — |
| 1911 | — | 112 | — | — | 20,51 | — | - | — |

Árið 1904—8 er farið eftir búðarverði, en 1910—11 eftir aðkaupsverði að viðbættum flutningskostnaði.

Hjer á landi hefir komið til orða kolaeinokun og steinolíueinokun, og mætt mikilli mótspyrnu. Kornvörueinokun hefir einnig verið færð í tal, en fallið fáum vel í geð.

*Það er sagt að þess konar einokun sje brot á atvinnufrelsi manna* (verzlunarfrelsinu).

En nú á dögum er atvinnufrelsið margbrotið á bak aftur — til almenningsheilla. Rikin taka að sjer póstflutninga, ritsíma og talsíma, járnbrautir o. fl. Stórbæir taka enn fleiri atvinnugreinar einokunartaki: Vatnsveitur, gasveitur, rafstraumsveitur, fráræslu, sporbrautir o. fl., og skerða með því atvinnufrelsið og svifta oft fjölda fólks atvinnu í svipinn. Vatnsberarnir í Reykjavík mistu atvinnu sína þegar vatnsveitan var gerð; það var líka lengi haft fyrir mótbáru á móti vatnsveitunni, þó að allir sjái *nú þá* heimsku. Um kornið og kaupmennina er rjett eins ástatt — sama heimskan; að meta meir hag fárra manna en allsherjar nauðsýn.

*Önnur aðalmótbáran á móti landsverslun er í því fólgin, að menn óttast svik og fjárdrátt af þeirra hálfu, er stjórna œttu versluninni.*

Ef landsstjórnin hefði öll yfirráð yfir versluninni, þá gæti það hugsast, að hún veldi einhverntíma óhæfa eða óvandaða menn til að stjórna versluninni, eða vanrækti að vikja þeim frá, sem óhæfir þættu. Þetta mun nú vera það, sem flestir óttast mest, og gerir menn fráhverfa þessu nýmæli. En sje hin leiðin farin, sem fyr var lýst, þá er áreiðanlega ekkert að óttast; þá hefir alþýðan sjálf öll yfirráðin; þá velur hún sjálf alla starfsmenn landsverslunarinnar, og það til skams tíma í senn, og víkur óðar frá öllum þeim, sem reynast henni miður vel; þá verður ekki um annað að ræða í raun og veru en lögskorðaðan alþýðukaupfjelagsskap, sem eflaust mundi gefast *enn betur* en sá kaupfjelagsskapur, sem nú er tíðkaður hjer á landi, af því, að í lögskorðuðu þjóðarkaupfjelagi yrði fjelagsskapurinn miklu tryggari, og miklu betur girt fyrir allar áhættur og ógætni.

Þá er að líta á hina hliðina, á *hagnaðinn*, sem hljótast mundi af þessu nýmæli.

*Lögskorðað kornvörukaupfjelag fyrir alla þjóðina er vafalaust eina örugga ráðið til þess, að tryggja þjóðinni nægar birgðir af þessari lífsnauðsyn á öllum tímum árs.*

Ef járnbrautir væru komnar úr Reykjavík í alla landsfjórðunga, þá væri ekki þessari ástæðu til að dreifa. En meðan þá samgöngubót vantar, er hættan afskapleg, sem af því stafar, að flest hjeruð landsins geta nú orðið fyrir því, að allir aðdrættir teppist frá miðjum vetri og langt fram á sumar, enda fult missiri. Til eru svo ljósar og glöggar sagnir af árferði hjer á landi, að það er víst, að þetta *getur* komið fyrir, vitanlega mjög sjaldan, en það *getur* átt sjer stað; það er óvíst að nokkurt slíkt heljar-ár beri að höndum á þessari öld, en það er jafn óvíst að vita nema það komi — þegar minst vonum varir; og ef það kemur, þá getur hæglega farið að forgörðum heillar aldar gróði.

*Það er ekkert vit og engin sanngirni, að œtlast til, að almenningur sjái við þessari lífshœttu þjóðarinnar, án þess að þjóðfjelagið í heild sinni skifti sjer neitt af því máli.* Mennirnir eru misjafnir; einn vill þetta, annar hitt, þriðji vill ekkert. Það má svo vera, ef um smámuni er að ræða. En sje um lífsnauðsyn að gera, þá er sundrungin lífshætta, þá ríður lífið á, að allir leggist á eitt, og engum liðist að skerast úr leik; þá verða allir að lúta þjóðarnauðsyninni.

*Þar að auki er þess að gœta, að vœri öll kornvara, sem þjóðin þarf, keypt í einu lagi og flutt hingað á stórum skipum, og kornverslunin lögskorðuð og varin allri óforsjálni, öllu skuldavafsi, þá er öldungis víst, að varan mundi*

*verða allmiklum mun ódýrari en nú gerist, og það þótt miklu vandaðri vörur væru keyptar en menn hafa oftast átt að venjast.*

Oss er full ljóst, að þetta mikla vandamál þarf náinnar íhugunar og mikils undirbúnings og engin tök að taka það upp á þessu þingi.

Frumvarp það, sem oss hefir verið falið til athugunar, er ofurlítið spor í rjettu áttina, að því leyti, að þar er gert ráð fyrir að varaforðinn megi vera verslunarforði. Þess vegna leggjum vjer til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

*En jafnframt viljum vjer vekja athygli á því, að lögin 1909 með þessum viðauka eru að vorum dómi ekki annað en smávægileg bráðabirgðaráðstöfun.*

Efri deild Alþingis, 25. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Guðjón Guðlaugsson, formaður. | G. Björnsson, skrifari og framsögum. |

Björn Þorláksson. Jón Jónatansson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **570. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Situ í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og tveir menn, er sýslunefnd kýs eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sjer, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn frambjóðandi í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.


Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar. Ef hann er frambjóðandi, skal hann þó víkja sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

2. gr.

19. grein laganna orðist svo:

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi, heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannaefni kosin eða kosna. Kjörseðlar skulu búnir til úr pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafn-stórir og eins í lagi og með sama lit. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ sm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 sm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ sm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum og þykkum pappír. Þeir skulu vera

brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje, að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

3. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann, (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 sentímeter að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þar til gerðum þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 28. gr.

4. gr.

38. grein laganna orðist svo:

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

5. gr.

40. gr. laganna falli burt; í hennar stað komi svohljóðandi grein:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fleiri fram, skal enn bíða $^1/_4$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 4 klukkustundir eru liðnar frá því, er byrjað var að taka við atkvæðum.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 39. gr. fyrri málsgrein, til að greiða atkvæði á meðan seðlaforðinn endist.

6. gr.

Hvervetna þar sem orðið »landshöfðingi« kemur fyrir í kosningarlögum 3. október 1903, skal sett stjórnarráð, í þeim beygingum, sem málið krefur, þegar þessar breytingar verða færðar inn í meginmál laganna.

Nd. **571. Lög**

um umboð þjóðjarða.

(Samþykt í Nd. 25. ágúst).

1. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, öðrum en þeim, er standa undir umsjón sýslumanna.

2. gr.

Hreppstjóri hefir byggingarráð á þjóðjörðum þeim, er hann hefir umráð yfir. Þó skal bygging þeirra því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

3. gr.

Þjóðjarðir skulu að jafnaði bygðar æfilangt. Eftirgjald þeirra (landskuld og kúgildaleigur), svo og lóðargjöld og rekaleiga, skal ákveðið í peningum, og gjalddagi 31. desember ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, skal ávalt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

4. gr.

Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að þjóðjarðir sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefir og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þetta.

5. gr.

Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld þjóðjarða þeirra, er hann hefir umráð yfir, og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau í landssjóð. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.

6. gr.

Nánari ákvæði um umboð þjóðjarða skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og umboð þjóðjarða losna, þó svo, að 3. gr. komi til framkvæmdar svo fljótt sem verða má, eigi síðar en við næstu leiguliðaskifti á jörðunum.

Ed. **572. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

## I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1914 og 1915 er ætlast til, að tekjur landsins verði 3,718,470 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,267,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 2. Húsaskattur | 13,500 | 13,500 | 27,000 |
| 3. Tekjuskattur | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 4. Aukatekjur | 68,000 | 68,000 | 136,000 |
| 5. Erfðafjárskattur | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 6. Vitagjald | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 8. Útflutningsgjald | 150,000 | 150,000 | 300,000 |
| 9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade) | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 10. Tóbakstollur | 205,000 | 205,000 | 410,000 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 415,000 | 415,000 | 830,000 |
| 12. Vörutollur | 300,000 | 300,000 | 600,000 |
| 13. Annað aðflutningsgjald | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 14. Árgjöld af verslun og veiting áfengis | 10,000 | ... | 10,000 |
| 15. Pósttekjur | 100,000 | 100,000 | 200,000 |
| 16. Símatekjur | 155,000 | 160,000 | 315,000 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 12,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500 | 19,500 | 19,500 | 39,000 |
| 18. Óvissar tekjur | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| Samtals | 1,636,000 | 1,631,000 | 3,267,000 |

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 58,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og öðrum útgjöldum ... ... ... ... ... ... | 16,000 | 16,000 | 32,000 |
| 2. Tekjur af kirkjum ... ... ... ... ... | 100 | 100 | 200 |
| 3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| 4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands ... ... | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| Samtals... | 29,100 | 29,100 | 58,200 |

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar kr. 264,070.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... Eftirstöðvar af láni Laugardalshrepps (til Sogsbrúar) kr. 250 falli niður. Af láni Barðastrandarsýslu frá 22. júní 1897 úr viðlagasjóði, veitist uppgjöf á 625 kr. | 49,000 | 47,000 | 96,000 |
| 2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs... | 10,675 | 10,675 | 21,350 |
| 3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar, kr. 108,000 .... ... ... ... ... ... ... | 4,860 | 4,860 | 9,720 |
| 4. Leigur af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909 (árin 1909 og 1912)... ... ... ... ... ... ... ... | 46,000 | 45,000 | 91,000 |
| 5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| 6. Vextir af innstæðum í bönkum ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| Samtals... | 133,535 | 130,535 | 264,070 |

5. gr.

Ymislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum. | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna | 600 | 600 | 1,200 |
| 3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| Samtals... | 4,600 | 4,600 | 9,200 |

6. gr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | 120,000 |

## II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1914 og 1915 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,983,713 kr. 85 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 450,284,05.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| I. Vextir: | | | |
| 1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur, kr. 500000, tekið 1908 til 15 ára til símalagninga ... ... ... ... ... ... ... | 14,333,33 | 13,000,00 | |
| 2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1500000, til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans ... ... ... ... ... ... ... | 56,945,02 | 54,693,20 | |
| 3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannah., kr. 250000, tekið 1912 til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans... ... ... ... | 10,968,75 | 10,593,75 | |
| 4. 4½% lán hjá dönskum bönkum, kr. 500000, tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.). | 20,625,00 | 19,125,00 | |
| | 102,872,10 | 97,411,95 | 200,284,05 |
| II. Afborganir: | | | |
| 1. Af láninu frá 1908 ... ... ... ... ... | 33,333,33 | 33,333,34 | |
| 2. — — — 1909 . ... ... ... ... | 50,000,00 | 50,000,00 | |
| 3. — — — 1912 ... ... ... ... ... | 8,333,33 | 8,333,33 | |
| 4. — — — 1912 ... ... ... .. | 33,333,34 | 33,333,33 | |
| | 125,000,00 | 125,000,00 | 250,000,00 |
| Samtals... | ..... | ..... | 450,284,05 |

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 106,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Til ráðherra: kr. | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... 8,000 | | | |
| b. Til risnu ... ... ... .. ... 2,000 | | | |
| | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 2. Til utanferða ráðherra ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 3. Laun landritara ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 4. Laun þriggja skrifstofustjóra .. ... ... ... | 10,500 | 10,500 | 21,000 |
| 5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar alt að | 18,000 | 18,000 | 36,000 |
| 6. Til Landsbankans fyrir að gegna landsfjehirðistörfum eftir reikningi alt að ... ... | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| 7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| Samtals... | 53,000 | 53,000 | 106,000 |

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 65,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 67,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 263,130 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| A. Dómgæzla og lögreglustjórn: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Til dómara og sýslumanna ... ... ... | 67,300 | 67,300 | |
| b. Til hreppstjóra ... ... ... ... ... | 8,000 | 8,000 | |
| 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ... | 1,400 | 1,400 | |
| 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður ... ... ... ... ... | 4,715 | 4,715 | |
| 4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m., alt að ... ... ... ... ... ... ... | 5,100 | 5,100 | |
| | 86,515 | 86,515 | |
| Flyt... | ..... ... | ..... | 173,030 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 173,030 |
| B. | | | |
| Ýmisleg útgjöld: | | | |
| 1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur: | | | |
| a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... ... ... .. ... kr. 450 | | | |
| b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna .. ... ... ... ... 5,000 | | | |
| c. Til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að 3,600 | | | |
| d. Til kostnaðar við sending með póstum ... ... ... ... ... ... 1,000 | 10,050 | 10,050 | |
| 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef svo og embættissímskeyti og samtöl ... ... ... ... | 10,000 | 10,000 | |
| 3. Brunaábyrgðargjald, sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 4. Til embættiseftirlitsferða alt að ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum ... ... ... | 300 | 300 | |
| 6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... ... .. ... ... gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæzlu og njóta hennar. | 10,000 | 10,000 | |
| 7. Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann ... | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar... ... ... ... ... ... ... | 200 | 200 | |
| 9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... ... ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi. | 8,000 | 8,000 | |
| | 45,050 | 45,050 | 90,100 |
| Samtals... | ..... | ..... | 263,130 |

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 360,529,80 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Laun ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 81,200 | 81,200 | 162,400 |
| 2. Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis. ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Árneshreppi og fellur niður þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjerað. | 300 | 300 | 600 |
| 3. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi. | 300 | 300 | 600 |
| 4. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsteds í Reykjavík ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að... | 300 | 300 | 600 |
| 5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 6. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík ... ... ... ... Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og hafi ókeypis læknishjálp handa fátækum mönnum, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði. | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 7. Holdsveikisspítalinn.. ... ... ... ... ... | 32,447,40 | 33,447,40 | 65,894,80 |
| Flyt... | 118,047,40 | 119,047,40 | 237,094,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | | Flutt... | 118,047,40 | 119,047,40 | 237,094,80 |
| Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | 1914 kr. a. | 1915 kr. a. | | | |
| 1. Laun ... ... ... ... Þar af kr. 300 persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis. | 5,700 | 5,700 | | | |
| 2. Viðurværi 76 m. ... | 14,147,40 | 14,147,40 | | | |
| 3. Klæðnaður.. ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 4. Meðul og sáraumbúðir | 1,500 | 1,500 | | | |
| 5. Eldsneyti ... .. ... | 3,500 | 3,500 | | | |
| 6. Ljósmeti ... ... ... | 700 | 700 | | | |
| 7. Húsbúnaður og áhöld | 1,000 | 1,000 | | | |
| 8. Viðhald á húsum ... | 1,500 | 2,500 | | | |
| 9. Þvottur og ræsting | 800 | 800 | | | |
| 10. Greftrunarkostnaður | 200 | 200 | | | |
| 11. Skemtanir... ... ... | 300 | 300 | | | |
| 12. Skattar o. fl. ... ... | 1,300 | 1,300 | | | |
| 13. Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ——— | 800 | 800 | | | |
| | 32,447,40 | 33,447,40 | | | |
| 8. Geðveikishælið á Kleppi.. ... ... ... ... Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | kr. a. | 21,017,50 | 21,017,50 | 42,035 |
| A. Laun læknis ... ... ... ... | | 2,700 | | | |
| B. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Kaup starfsmanna ... ... | | 3,950 | | | |
| 2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag ... ... ... ... ... | | 14,782,50 | | | |
| 3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.). ... ... ... ... | | 1,800 | | | |
| 4. Meðul og umbúðir ... ... | | 500 | | | |
| 5. Ljós og hiti.. ... ... ... | | 4,000 | | | |
| 6. Viðhald og áhöld .. .. | | 2,800 | | | |
| 7. Þvottur og ræsting ... ... | | 800 | | | |
| 8. Skemtanir ... ... ... ... | | 200 | | | |
| 9. Skattar m. m. ... ... ... | | 1,000 | | | |
| 10. Óviss útgjöld ... ... ... | | 800 | | | |
| | | 33,332,50 | | | |
| | Flyt... | 33,332,50 | 139,064,90 | 140,064,90 | 279,129,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | Flutt... | 33,332,50 | 139,064,90 | 140,064,90 | 279,129,80 |
| | Þar frá dragast tekjur: | | | | |
| | Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag... ... kr. 10,585 | | | | |
| | Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag.. ... ... 730 | | | | |
| | Tekjur af búinu ... ... 1,000 | 12,315 | | | |
| | Mismunur .. | 21,017,50 | | | |
| 9. | Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag.. ... ... | | 28,000 | 25,000 | 53,000 |
| 10. | Önnur útgjöld: | | | | |
| a. | Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.. ... ... ... ... ... ... kr. 4,000 | | | | |
| | Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 a. fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur. | | | | |
| b. | Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs ... ... ... 3,000 | | | | |
| c. | Bólusetningarkostnaður ... ... 1,000 | | | | |
| d. | Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... 4,000 | | | | |
| e. | Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... ... ... ... ... 1,000 | | | | |
| | Flyt... | 13,000 | 167,064,90 | 165,064,90 | 332,129,80 |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 13,000 | 167,064.90 | 165,064.90 | 332,129,80 |
| f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar ... ... | 600 | | | |
| Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis. | | | | |
| g. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... | 200 | | | |
| h. Til tveggja hjúkrunarkvenna til hjúkrunarnáms erlendis, 400 kr. handa hvorri fyrra árið ... .. | 800 | | | |
| | | 14,600 | 13,800 | 28,400 |
| Samtals... | | 181,664.90 | 178,864.90 | 360,529.80 |

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,220,250 kr.

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| A. | | | | |
| Póstmál. | | | | |
| 1. Laun: | kr. | | | |
| a. Póstmeistara .. ... ... ... ... ... | 4,000 | | | |
| b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík. ... ... ... ... | 7,200 | | | |
| 2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur ... ... ... ... ... | 23,700 | | | |
| c. Brjefhirðingarmanna ... ... ... | 8,100 | | | |
| | | 43,000 | 43,000 | |
| 2. Póstflutningur ... ... ... ... ... ... ... | | 64,000 | 64,000 | |
| Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun. | | | | |
| Flyt... | | 107,000 | 107,000 | ..... |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 107,000 | 107,000 | ..... |
| 3. Annar kostnaður: | kr. | | | |
| a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... ... | 6,000 | | | |
| b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að ... | 3,000 | | | |
| c. Húsaleiga í Reykjavík... ... ... | 2,000 | | | |
| d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur .. ... ... ... | 2,500 | | | |
| e. Önnur gjöld ... ... ... ... ... | 7,500 | | | |
| f. Til pósthúsbyggingar í Reykjavík f. á. alt að ... .. ... ... ... | 35,000 | | | |
| | | 56,000 | 21,000 | |
| Pósthúsið í Reykjavík sje opið 10 stundir samfleytt hvern virkan dag og 4 stundir hvern helgan dag. | | | | |
| | | 163,000 | 128,000 | |
| | | | | 291,000 |
| B. Vegabætur. | | | | |
| I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða o. fl.: | | | | |
| | 1914 kr. | 1915 kr. | | |
| 1. Verkfræðingur landsins: | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... | 3,600 | 3,600 | | |
| b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings ... ... | 400 | 400 | | |
| c. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi, alt að .. ... | 500 | 500 | | |
| 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga alt að | 4,000 | 6,700 | | |
| Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins. | | | | |
| 3. Skrifstofukostnaður alt að | 700 | 700 | | |
| 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi... ... ... ... ... | 200 | 200 | | |
| | | | 9,400 | 12,100 | |
| Flyt... | 30,000 | 5,000 | 9,400 | 12,100 | 291,000 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flyt .. | 30,000 | 5,000 | 9,400 | 12,100 | 291,000 |
| II. Flutningabrautir: | kr. | kr. | | | |
| 1. Borgarfjarðarbraut... ... | 15,000 | 5,000 | | | |
| 2. Reykjadalsbraut. ... ... | 15,000 | | | | |
| 3. Eyjafjarðarbraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 4. Húnvetningabraut ... ... | 15,000 | 15,000 | | | |
| 5. Skagfirðingabraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 6. Grímsnesbraut... ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 7. Viðhald flutningabrauta.. | 11,000 | 11,000 | | | |
| | | | 86,000 | 61,000 | |
| III. Þjóðvegir: | kr. | kr. | | | |
| 1. Stykkishólmsvegur... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| 2. Brú á Eystri-Rangá.. ... | 18,000 | | | | |
| 3. Brú á Ljá í Dalasýslu ... | | 3,000 | | | |
| 4. Til brúar á Fáskrúð í Dalasýslu og vegar frá henni yfir á þann veg, sem nú er... ... ... ... ... | 10,000 | | | | |
| 5. Brú á Hamarsá ... ... | | 11,000 | | | |
| 6. Brú á Síká í Hrútafirði.. | | 4,000 | | | |
| 7. Brú á Langadalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... | | 8,000 | | | |
| 8. Brú á Bleikdalsá (Ártúnsá) á Kjalarnesi ... ... ... Gegn því að sýslan leggi fram það sem á vantar. | | 3,800 | | | |
| 9. Til þjóðvegar í Austur-Skaftafellssýslu... ... ... | | 5,000 | | | |
| 10. Aðrar vegabætur og viðhald ... ... ... ... ... | 29,000 | 29,000 | | | |
| Þar af: | | | | | |
| Til Eskifjarðarvegar 6000 | | | | | |
| — Hróarstungu-vegar ... ... 10000 | | | | | |
| — Hörgárdalsvegar 5000 | | | | | |
| — Langadalsvegar í Húnavatnss. ... 5000 | | | | | |
| 11. Til þess að setja dragferju á Blöndu hjá Löngumýri | 1,300 | | | | |
| | | | 66,300 | 71,800 | |
| IV. Fjallvegir... ... ... ... ... ... ... ... .. | | | 5,000 | 5,000 | |
| V. Til áhalda ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| | | Flyt ... | 168,700 | 151,900 | 291,000 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 168,700 | 151,900 | 291,000 |
| VI. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum... ... | 300 | 300 | |
| VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti ... ... | 300 | 300 | |
| VIII. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarstaðar frá, alt að ... ... | 2,000 | | |
| IX. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi úr annari átt, alt að ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| X. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fje því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| XI. Til Gullbringusýslu uppbót fyrir umframgreiðslu sýslufjelagsins til Keflavíkurvegarins ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,600 | | |
| XII. Til að gera akfæran veg frá Kláffossbrú að Reykholti í Reykholtsdal, gegn tvöföldu tillagi úr annari átt ... ... ... ... ... | 2,000 | | |
| XIII. Styrkur til þess að fullgera færan reiðveg yfir Flöguflóa í Þistilfirði ... ... ... ... | 500 | | |
| XIV. Til steinsteypubrúar á Þverá syðri í Eyjafirði, þó ekki yfir 1/4 byggingarkostnaðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 700 | | |
| | 183,100 | 148,000 | 338,600 |
| C. Samgöngumál á sjó. | | | |
| I. Til undirbúnings samgöngumála á sjó alt að | 4,000 | 4,000 | |
| II. Til strandferða... ... ... ... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | |
| III. Til Eimskipafjelags Íslands ... ... ... Að því tilskildu, að fjelagið hafi í förum tvö millilandaskip árið 1915, enda samþykki stjórnarráðið ferðaáætlun þeirra. | | 40,000 | |
| Flyt... | 64,000 | 104,000 | 629,600 |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 64,000 | 104,000 | 629,600 |

| IV. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum: | 1914 kr. | 1915 kr. | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Til Faxaflóabáts alt að | 12000— | 12000 | | | |
| 2. Til bátaferða á Breiðafirði alt að ... ... ... | 9000— | 9000 | | | |
| 3. Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa alt að | 9000— | 9000 | | | |
| 4. Til Norðurlandsbáts alt að | 9000— | 9000 | | | |
| 5. Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands: | | | | | |
| a. Til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka alt að ... 4800— | | 4800 | | | |
| b. Til Rangársands alt að ... 1200— | | 1200 | | | |
| | 6000— | 6000 | | | |
| 6. Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði alt að. ... | 800 | 800 | | | |
| 7. Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar alt að... ... | 400 | 400 | | | |
| 8. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti alt að... ... ... | 300 | 300 | | | |
| 9. Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu alt að | 400 | 400 | | | |
| | | | 46,900 | 46,900 | |

Styrkirnir til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum veitast með þeim skilyrðum:

*að* bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi hlutaðeigandi hjeraðsstjórna góðir bátar og hentugir til þessara ferða og sendist vottorð um það til stjórnarráðsins;

*að* stjórnarráðið samþykki ferðaáætlun bátanna og sje uppkast að henni sent stjórnarráðinu innan þess tíma, sem það tiltekur;

*að* landssjóðsstyrkurinn nemi aldrei meiru en helmingi reksturskostnaðar bátanna;

*að* að útgerðarmenn bátanna sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en styrkurinn er að fullu greiddur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 150,900 | 110,900 | 261,800 |
| Flyt... | ..... | ..... | 891,400 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 891,400 |
| D. | | | |
| Hraðskeyta- og talsímasamband. | | | |
| I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925) ... ... ... ... ... ... | 35,000 | 35,000 | |
| II. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landsíminn á innanbæjarkerfi: Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Eskifirði, til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl. alt að... ... ... ... ... .. | 7,500 | 7,500 | |
| III. Til starfrækslu landsímanna m. m.: | | | |
| | kr. 1914 | kr. 1915 | |
| 1. a. Laun landsímastjóra ... | 3,500 | 3,500 | |
| b. Persónuleg launaviðbót | 1,500 | 1,500 | |
| 2. a. Ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna... ... ... | 15,160 | 15,160 | |
| b. Bæjarsíminn... ... ... | 7,200 | 7,200 | |
| 3. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu .. | 6,840 | 6,840 | |
| 4. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu... | 8,790 | 8,790 | |
| 5. Ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu ... | 5,260 | 5,260 | |
| 6. Símastöð á Borðeyri. ... | 3,240 | 3,240 | |
| 7. Símastöð í Hafnarfirði alt að... ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | |
| 8. Símastöð í Vestmannaeyjum alt að ... ... ... | 1,600 | 1,600 | |
| 9. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði. | 3,000 | 3,000 | |
| | | 57,490 | 57,490 | |
| IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.... | | 4,000 | 4,000 | |
| V. Viðbót og viðhald stöðvanna ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| Flyt... | | 104,990 | 104,990 | 891,400 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 104,990 | 104,990 | 891,400 |
| VI. | Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna eftir reikningi alt að... ... ... ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| VII. | Viðhald landsímanna ... ... ... ... ... | | 10,000 | 10,000 | |
| VIII. | Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern... | | 510 | 510 | |
| | | | 117,500 | 117,500 | 235,000 |
| | E. | | | | |
| | Vitamál: | | | | |
| I. | Stjórn og undirbúningur vitamála. | | | | |
| | | | kr. | kr. | |
| | a. Laun verkfræðings ... ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landstjórnar. | | 3,700 | 3,700 | |
| | b. Til aðstoðarmanns ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| | c. skrifstofuhalds eftir reikningi alt að... ... ... ... | | 1,000 | 500 | |
| | d. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| | | | | 7,700 | 7,200 | |
| II. | Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna: | | | | |
| | 1. Svörtulofta- og Öndverðarnesvitar: | | | | |
| | a. Laun vitavarða . ... ... | | 400—400 | | |
| | b. Reksturskostnaður .. ... | | 600—600 | | |
| | 2. Elliðaeyjarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | | 400—400 | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | | 450—450 | | |
| | 3. Bjargtangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | | 200—200 | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | | 250—250 | | |
| | 4. Arnarnesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | | 500—500 | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | | 500—500 | | |
| | | Flyt... | 3,300 | 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,126,400 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 3,300 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,126,400 |
| 5. | Kálfshamarsviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 100—100 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 200—200 | | | |
| 6. | Skagatáarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 150—150 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 400—400 | | | |
| 7. | Siglunesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 900—900 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 600—600 | | | |
| 8. | Flateyjarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 150—150 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 400—400 | | | |
| 9. | Rifstangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 400—400 | | | |
| 10. | Langanesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 250—250 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 200—200 | | | |
| 11. | Dalatangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 600—600 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 600—600 | | | |
| 12. | Vattarnesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 100—100 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 200—200 | | | |
| 13. | Dyrhólaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 400—400 | | | |
| 14. | Vestmannaeyjaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 700—700 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 500—500 | | | |
| 15. | Reykjanesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ...1500—1500 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ...1600—1600 | | | |
| | Flutt... | 13,650 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,126,400 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 13,650 | 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,126,400 |
| 16. Garðskagaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 600—600 | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 750—750 | | | |
| 17. Gróttuviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 500—500 | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 450—450 | | | |
| 18. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir ferðam.: | | | | | |
| a. Á Skipaskaga... .. ... | | 75— 75 | | | |
| b. Á Gerðatanga... ... ... | | 100—100 | | | |
| c. Á Svartatanga við Stykkishólm ... ... ... ... | | 100—100 | 16,225 | 16,225 | |
| III. Bygging nýrra vita m. m. | 1914 kr. | 1915 kr. | | | |
| a. Svörtuloftaviti og breyting á Öndverðarnesvita ... ... | 18,000 | | | | |
| b. Nýtt hús um Langanesvita | 2,500 | | | | |
| c. Ingólfshöfðaviti... ... ... | | 16,000 | | | |
| d. Bygging húss um Reykjanesvita og rauð horn á Reykjanes-aðalvita og Garðskagavita ... ... ... ... | 3,000 | | 23,500 | 16,000 | |
| IV. Sjómerki ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| V. Ýmislegt .. ... ... ... ... ... ... ... | | | 1,500 | 1,500 | |
| | | | 50,925 | 42,925 | |
| | | | | | 93,850 |
| | | Samtals... | ..... ..... | ... ..... | 1,220,250 |

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 783,310 kr.

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| A. | | | | | |
| Andlega stjettin: | | kr. | | | |
| a. 1. Laun biskups ... ... ... ... ... | | 5,000 | | | |
| 2. Skrifstofukostnaður... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| | | | 6,000 | 6,000 | |
| | | Flyt ... | 6,000 | 6,000 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 6,000 | 6,000 | |
| b. Önnur útgjöld: | | | |
| 1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. ... ... ... ... ... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 2. Til bráðabirgðauppbótar brauðum.. ... | 4,000 | 3,500 | |
| 3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 4. Framlag til prestlaunasjóðs ... ... ... | 50,000 | 50,000 | |
| 5. Til þess að mála að utan og pappaleggja Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkjur | 1,000 | | |
| 6. Til viðgerðar á Reykjavíkur dómkirkju alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 20,000 | | |
| | 88,500 | 67,000 | 155,500 |
| B. | | | |
| Kenslumál: | | | |
| I. Til háskólans: | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | 36,000 | 37,200 | |
| b. Aukakensla | 1914 kr. | 1915 kr. | |
| 1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... ... ... | 800 | 800 | |
| 2. Til kennarans í efnafræði ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 3. Til kennarans í lagal. læknisfræði... ... ... | 300 | 300 | |
| 4. Þóknun til frakknesks kennara í frönsku ... | 720 | 720 | |
| | | 2,420 | 2,420 | |
| c. Styrktarfje: | | | |
| 1. Námsstyrkur ... ... | 8,500 | 8,500 | |
| 2. Húsaleigustyrkur.. ... | 4,000 | 4,000 | |
| 3. Utanfararstyrkur læknaefna ... ... ... | 300 | 300 | |
| | | 12,800 | 12,800 | |
| Flyt... | | 51,220 | 52,420 | 155,500 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | | | 51,220 | 52,420 | 155,500 |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 100 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 320 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. | | | | | |
| d. Til bókakaupa m. m. | | | | | |
| 1. Bókakaup ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| 2. Til kaupa á tímaritum og öðrum bókum handa læknadeild ... ... ... | 4,000 | | | | |
| 3. Til bókakaupa handa heimspekisdeild ... ... | 1,500 | | | | |
| 4. Til kensluáhalda handa læknadeild ... ... ... | 500 | 500 | | | |
| 5. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik ... ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 8,000 | 2,500 | |
| e. Til útgáfu kenslubóka alt að... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka. | | | | | |
| f. Til starfrækslu væntanlegra Rönigensáhalda m. m. alt að .. ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| g. Til að kaupa risasegul ... ... ... | | | 180 | | |
| h. Eldiviður, ljós og ræsting ... ... ... | | | 1,300 | 1,300 | |
| i. Önnur gjöld: | | kr. | | | |
| 1. Laun ritara ... ... ... ... | | 800 | | | |
| 2. Laun dyravarðar, gæsla hitunarvjelar m. m. ... ... ... | | 1,600 | | | |
| 3. Ýmisleg útgjöld ... ... ... | | 1,500 | 3,900 | 3,900 | |
| | | | 68,100 | 63,620 | 131,720 |
| II. Mentaskólinn almenni: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 21,000 | 21,000 | |
| b. Aðstoðarfje: | | kr. | | | |
| Til söngkennara ... ... ..... | | 600 | | | |
| Handa fimleikakennaranum. ... | | 700 | | | |
| Flyt... | | 1,300 | 21,000 | 21,000 | 287,220 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 1,300 | 21,000 | 21,000 | 287,220 |
| Til dyravarðar ... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| Fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans.. ... ... ... | | 200 | | | |
| | | | 2,500 | 2,500 | |
| c. Önnur útgjöld: | kr. | kr. | | | |
| 1. Til bókasafns skólans. | 400 | 400 | | | |
| 2. Til eldiviðar, ljósa og vatns ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Til skólahússins utan og innan ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 4. Til tveggja fastra aukakennara.. ... ... ... | 4,000 | 4,000 | | | |
| 5. Til tímakenslu og til prófdómenda alt að ... | 4,500 | 4,500 | | | |
| 6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum | 720 | 720 | | | |
| 7. Námsstyrkur.. ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 8. Læknisþóknun ... ... | 100 | 100 | | | |
| 9. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,200 | 1,200 | | | |
| 10. Til vísindalegra áhalda við kensluna. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 12. Til áhalda við fimleikakenslu .. ... ... | 100 | 100 | | | |
| 13. Til verðlaunabóka ... | 100 | 100 | | | |
| | | | 17,220 | 17,220 | |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarnemendum og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. | | | | | |
| | | | 40,720 | 40,720 | |
| | | | | | 81,440 |
| III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 9,200 | 9,200 | |
| | Flyt ... | | 9,200 | 9,200 | 368,660 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 9,200 | 9,200 | 368,660 |
| Af þessari upphæð eru 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. kennara og 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 3. kennara. | | | | | |
| b. Önnur útgjöld: | kr. | kr. | | | |
| 1. Til aukakennara þriggja | 2,000 | 2,000 | | | |
| 2. Tímakensla ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| 3. Til bóka- og kensluáhalda ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| 4. Til eldiviðar og ljósa... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 5. Námsstyrkur... ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 800 | 800 | | | |
| 6. Til dyravörslu ... ... | 500 | 500 | | | |
| 7. Til skólahússins utan og innan ... ... ... ... | 8,000 | 1,000 | | | |
| 8. Til ýmislegra útgjalda | 700 | 700 | | | |
| | | | 15,100 | 8,100 | |
| | | | 24,300 | 17,300 | 41,600 |
| IV. Kennaraskólinn: | kr. | kr. | | | |
| a. Laun... ... ... ... ... | 6,600 | 6,600 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Tímakensla .. ... ... | 2,000 | 1,200 | | | |
| 2. Til aukakennara. ... Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara. | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Eldiviður og ljós ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 4. Bókakaup og áhöld... | 300 | 300 | | | |
| 5. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 1,500 | 1,500 | | | |
| 6. Til viðhalds.. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 7. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,300 | 1,300 | | | |
| | | | 14,400 | 13,600 | |
| | | | | | 28,000 |
| | | Flyt... | ..... | ..... | 438,260 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt ... | | ..... | ..... ..... | 438,260 |
| V. Stýrimannaskólinn: | | | | | |
| a. Laun .. ... ... ... ... | 4,400 | 4,400 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til tímakenslu ... ... | 1,900 | 1,900 | | | |
| 2. Til áhaldakaupa o. fl. | 600 | 400 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa.. | 500 | 500 | | | |
| 4. Ýmisleg útgjöld... ... | 800 | 800 | | | |
| | | | 8,200 | 8,000 | 16,200 |
| VI. Til bændakenslu: | | | | | |
| 1. Til bændaskólans á Hólum: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkennara ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíðakennara.. ... | 600 | 600 | | | |
| d. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegrar kenslu | 700 | 700 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... | 400 | 400 | | | |
| 5. Til járnsmíðaáhalda og smiðjubyggingar.. | 1,000 | | | | |
| 6. Ýmisleg útgjöld ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| | | | 8,800 | 7,800 | |
| 2. Til bændaskólans á Hvanneyri: | | | | | |
| a. Laun ... .. ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkenslu ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíða og leikfimiskenslu .. ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| d. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegrar kenslu | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga uemendnm ... ... | 400 | 400 | | | |
| 5. Ýmisleg útgjöld ... | 800 | 800 | | | |
| 6. Til símalagningar ... | 1,200 | | | | |
| 7. Til þess að byggja anddyri við íbúðarhúsið ... .. ... | 850 | | | | |
| | | | 9,950 | 7,900 | |
| 3. Til skólahalds á Eiðum... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| | | | 21,250 | 18,200 | 39,450 |
| | Flyt ... | | ..... ... | ..... | 493,910 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | ..... | ..... | 493,910 |
| VII. | Til iðnfræðslu: | | | | |
| | a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnar innar að reka iðnskóla í Reykjavík ... | 5,000 | 5,000 | | |
| | b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds . ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | |
| | c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds.. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | |
| | d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds . ... ... ... | 600 | 600 | | |
| | Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 reksturskostnaðar. | | 7,600 | 7,600 | 15,200 |
| VIII. | Til verslunarskóla: Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar... ... ... ... ... ... ... .. ... | | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| IX. | Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds ... ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| X. | Yfirsetukvennaskólinn: | 1914 kr. | 1915 kr. | | |
| | 1. Laun forstöðumanns ... | 1,000 | 1,000 | | |
| | 2. Til verklegrar kenslu: | | | | |
| | a. Laun 3 yfirsetukvenna í Reykjavík ... ... | 300 | 300 | | |
| | b. Annar kostnaður alt að | 400 | 400 | | |
| | 3. Styrkur til námskvenna... | 2,000 | 2,000 | | |
| | 4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting ... ... ... ... | 300 | 300 | | |
| | | | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| XI. | Til kvennaskóla: | | | | |
| | 1. Til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði | 6,700 | 6,700 | | |
| | Flyt .. | 6,700 | 6,700 | ..... | ..... | 529,110 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 6,700 6,700 | ..... | ..... | 529,110 |
| 2. | Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 2,000 2,000 | | | |
| 3. | Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla | 600 600 | | | |
| 4. | Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 750 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði .. .. ... ... | 3,000 3,000 | | | |
| 5. | Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 1,400 1,400 | | | |
| | | | 13,700 | 13,700 | 27,400 |
| XII. | Til almennrar barnafræðslu: | | | | |
| 1. | Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 10,000 kr. hvort árið. Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks annarstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld. | | 30,000 | 30,000 | |
| 2. | Til farskóla alt að 200 kr. til hvers og til eftirlits með heimafræðslu alt að 100 kr. til hrepps ... ... ... ... Farskólastyrkur veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld. | | 20,000 | 20,000 | |
| 3. | Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ... ... | | 18,000 | 18,000 | |
| 4. | Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum .. ... .. ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| 5. | Til prófdómara við barnapróf ... | | 4,000 | 4,000 | |
| 6. | Til framhaldskenslu handa kennurum | | 2,500 | 2,500 | |
| | | Flyt... | 75,500 | 75,500 | 556,510 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 75,500 | 75,500 | 556,510 |
| 7. a. | Laun umsjónarmanns fræðslumálanna .. ... | 3600 3600 | | | |
| | Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr. | | | | |
| b. | Til eftirlitsferða eftir reikningi ... ... ... | 600 600 | | | |
| c. | Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi ... ... ... ... | 200 200 | | | |
| | | | 4,400 | 4,400 | |
| | | | 79,900 | 79,900 | 159,800 |
| XIII. a. | Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar .. ... ... ... ... ... ... | | 14,000 | 14,000 | |
| | Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Lýðskólanum á Hvítárbakka má auk þess veita 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er að minsta kosti 6 mánuði á skólanum, þó ekki yfir 600 kr. | | | | |
| b. | Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.. ... ... ... ... ... ... | | 7,000 | 7,000 | |
| | | | 21,000 | 21,000 | 42,000 |
| XIV. | Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... ... ... ... | | 800 | 800 | 1,600 |
| XV. | Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... ... ... ... ... ... ... | | 7,000 | 7,000 | 14,000 |
| XVI. | Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá ... ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| | | Flyt... | ..... | ..... | 775,910 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 775,910 |
| XVII. Til sundkenslu og leikfimi: | | | |
| a. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis. | 300 | 300 | |
| b. Til sundkenslu o. fl. annarstaðar.. ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur. | 1,500 | 1,500 | |
| c. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara, til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| d. Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| | 2,700 | 2,700 | 5,400 |
| XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík ... ... ... .. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Samtals... | ..... | ..... | 783,310 |

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista veitast 174,790 kr.

| | 1914. kr. | 1915. kr. | 1914 kr. | 1915 kr. | Alls kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Landsbókasafnið: | | | | | |
| a. Laun landsbókavarðar .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| b. — 1. bókavarðar ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| Þar af 500 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. bókavarðar. | | | | | |
| c. Laun 2. bókavarðar ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til aðstoðar á lestrarsal ... | 800 | 800 | | | |
| e. Til að kaupa bækur og handrit ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | | | |
| f. Til bókbands .. ... .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| g. Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| h. Fyrir afskriftir (eftir reikningi) .. ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| i. Til að prenta ritaukaskrár... | 200 | 200 | | | |
| j. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... ... ... ... ... | 360 | 360 | | | |
| k. Ýmisleg gjöld .. ... ... ... | 250 | 250 | | | |
| | | | 19,110 | 19,110 | |
| 2. Landsskjalasafnið: | | | | | |
| a. Laun skjalavarðar . ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Laun aðstoðarskjalavarðar .. | 960 | 960 | | | |
| c. Til að binda inn og búa um skjöl o. fl. ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ... ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| e. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið .. ... ... ... | 250 | 250 | | | |
| | | | 4,610 | 4,610 | |
| 3. Þjóðmenjasafnið: | | | | | |
| a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar) .. ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Til aðstoðar eftir reikningi, alt að ... ... ... ... ... | 800 | 800 | | | |
| Flyt... | 2,600 | 2,600 | 23,720 | 23,720 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls. |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 2,600 2,600 | 23,720 | 23,720 | |
| c. | Til að útvega forngripi og til áhalda, alt að ... ... ... | 1,500 1,500 | | | |
| d. | Til að gefa út skýrslur um safnið frá 1876 ... ... ... | 300 300 | | | |
| e. | Til að raða myntasafninu... | 500 | | | |
| f. | Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að ... .. ... ... ... | 1,000 1,000 | | | |
| g. | Til Skúla Guðmundssonar til verndunar hins forna skála á Keldum í Rangárvallasýslu | 300 | | | |
| | | | 6,200 | 5,400 | |
| | Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. | | | | |
| 4. | Náttúrufræðisfjelagið. ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| | Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári. | | | | |
| | Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku. | | | | |
| 5. | Landsbókasafnshúsið: | 1914. kr. 1915. kr. | | | |
| a. | Til eldiviðar, ljósa o. fl... | 3,200 3,200 | | | |
| b. | Til dyravarðar... ... ... | 1,400 1,400 | | | |
| c. | Til viðhalds og áhalda ... | 1,000 1,000 | | | |
| d. | Upp í girðingarkostnað um Landsbókasafnshúsið og til þess að flísleggja gólf í fordyri hússins ... ... | 2,550 | | | |
| | | | 8,150 | 5,600 | |
| 6. | Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði ... ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| 7. | Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði.. ... ... ... ... ... ... | | 1,500 | 1,500 | |
| 8. | Til hins íslenzka bókmentafjelags ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| 9. | Til Þjóðvinafjelagsins... ... ... ... ... | | 750 | 750 | |
| | | Flyt... | 45,320 | 41,970 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 45,320 | 41,970 | |
| 10. Til Fornleifafjelagsins ... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið. | 400 | 400 | |
| 11. Til sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... | 750 | 750 | |
| 12. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu. | 800 | 800 | |
| 13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 14. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk ... ... ... | 150 | 150 | |
| 15. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 16. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvikur, alt að ... | 2,000 | 2,000 | |
| 17. Til Einars skálds Hjörleifssonar ... ... | 2,000 | | |
| 18. Til Þorsteins Erlingssonar skálds. ... ... | 2,000 | | |
| 19. Til síra Valdimars Briem's. ... ... ... | 1,600 | | |
| 20. Til Guðm. skálds Magnússonar ... ... ... | 2,000 | | |
| 21. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ... | 1,600 | | |
| 22. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds .. ... | 1,200 | | |
| | 1914 kr. | 1915 kr. | |
| 23. a. Til þess að kaupa listaverk eftir íslenska myndhöggvara ... ... ... .. ... | 2,400 | | |
| b. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara ... | | 2,000 | |
| | 2,400 | 2,000 | |
| 24. Styrkur til Jóh. S. Kjarval málara ... .. | 1,000 | ... | |
| 25. Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til þess að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... | 600 | 600 | |
| 26. a. Styrkur til Ríkharðs Jónssonar, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... | 1000 » | | |
| b. Til Rómferðar ... ... ... | » 1000 | | |
| | 1,000 | 1,000 | |
| Flyt... | 66,420 | 51,270 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 66,420 | 51,270 | |
| 27. Til Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn | 400 | 400 | |
| 28. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hér á landi ... ... ... ... | 1,100 | 1,100 | |
| 29. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri ... ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| 30. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum, 1. og 2. greiðsla af 8 ára styrk ... ... ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn láti af öllum öðrum launuðum störfum. | 3,000 | 3,000 | |
| 31. Ferðastyrkur til Jóns Jónssonar docents til sögulegra rannsókna á erlendum skjalasöfnum | 1,200 | ... | |
| 32. Til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum . ... ... ... ... ... ... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 33. Til Boga Th. Melsteð til að rita Íslendingasögu ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 800 | 800 | |
| 34. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár ... ... ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 35. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsókna ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 36. Til dr. phil. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 37. Til dr. phil. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna... ... ... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| 38. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands ... ... | 600 | 600 | |
| 39. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ... | 600 | 600 | |
| 40. Til Eggerts Guðmundssonar og Þórarins Guðmundssonar, til að fullnuma sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði ... ... ... | 1,600 | | |
| 41. Til landmælinga á Íslandi . ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 42. Til jarðskjálftarannsókna .. ... ... ... | 550 | 550 | |
| 43. Til veðursímskeyta innanlands ... ... ... | 4,800 | 4,800 | |
| Flyt ... | 93,370 | 75,420 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 114,200 | 94,000 | |

Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje fram annarstaðar frá upphæð sú, er til vantar.

| | 1914 kr. | 1915 kr. | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 8. Til dýralækninga: | | | | | |
| a. Laun handa 2 dýralæknum | 2,400 | 2,400 | | | |
| b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík | 400 | 400 | | | |
| c. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna ... ... ... ... ... | 300 | | | | |
| d. Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis | 1,200 | 1,200 | | | |
| Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun. | | | | | |
| e. Hálfs árs styrkur fyrir 1 dýralæknisnemanda erlendis | 300 | | | | |
| f. Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk alt að ... ... ... ... | 900 | | | | |
| | | | | 5,500 | 4,300 |
| 9. Til eftirlits með útflutningi á hrossum. ... | | | | 600 | 600 |
| 10. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík: | | | | | |
| | 1914. kr. | 1915. kr. | | | |
| a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar ... ... ... ... | 2,400 | 2,400 | | | |
| Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forstöðumanns. | | | | | |
| b. Til húsaleigu ... ... ... | 700 | 700 | | | |
| Flyt... | 3,100 | 3,100 | | 120,300 | 98,900 |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 93,370 | 75,420 | |
| 44. Til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins ... | 500 | 500 | |
| 45. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur ... ... | 600 | 600 | |
| 46. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi ... ... ... ... ... ... | 2,000 | | |
| Fjelagið gefi stjórnarráðinu reikning fyrir því, hvernig fjenu er varið. | | | |
| 47. Til Íþróttasambands Íslands... ... ... ... | 1,000 | 500 | |
| 48. Til Sighvatar Gr. Borgfirðings, til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík ... | 300 | | |
| | 97,770 | 77,020 | |
| | | | 174,790 |
| Samtals... | ..... | ..... | 174,790 |

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 372,220.

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. a. Til Búnaðarfjelags Íslands ... ... ... | 54,000 | 54,000 | |
| b. Til nýrra rannsókna til undirbúnings áveitu á Skeið og Flóa, gegn því, að sýslan leggi til það, sem umfram þarf, alt að | 5,000 | | |
| c. Til endurbyggingar á mjólkurskálanum við mjólkurskólann á Hvítárvöllum, alt að | 1,000 | | |
| 2. Til búnaðarfjelaga ... ... ... ... ... ... | 22,000 | 22,000 | |
| 3. Til fyrirhleðslu fyrir Holtsá... ... ... ... | 3,700 | | |
| 4. Til skógræktar: | | | |
| | 1914. kr. | 1915. kr. | |
| a. Laun skógræktarstjóra... | 3,000 | 3,000 | |
| b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu.. ... ... ... | 14,000 | 10,000 | |
| | 17,000 | 13,000 | |
| 5. Til húsabóta á skógræktarjörðinni Vöglum | 2,500 | | |
| 6. Til sandgræðslu. ... ... ... ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 7. Styrkur til að ryðja vör við Ingólfshöfða og gera veg upp höfðann ... ... ... ... | 4,000 | | |
| Flyt... | 114,200 | 94,000 | |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 3,100 3,100 | 120,300 | 98,900 | |
| | c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar ... ... ... ... ... | 500 500 | | | |
| | d. Til áhaldakaupa... ... ... | 1,000 | 4,600 | 3,600 | |
| 12. | Til Gísla Guðmundssonar til gerlarannsókna erlendis ... ... ... ... ... ... ... ... | | 1,500 | | |
| 13. | Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við opinberar byggingar..... ... ... | | 2,500 | 2,500 | |
| 14. | Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum alt að ... ... ... ... ... | | 400 | 400 | |
| 15. | Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita ... ... ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| 16. | Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis ... ... ... ... ... ... | | 3,000 | 3,000 | |
| 17. | Til »Sambands íslenskra samvinnufjelaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfjelagsskap og öðrum samvinnufjelagsskap... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að. | | 500 | 500 | |
| 18. | Til Fiskiveiðasjóðs Íslands ... ... ... | | 6,000 | 6,000 | |
| 19. | Til Fiskifjelagsins ... ... ... ... ... ... | | 12,500 | 12,500 | |
| 20. | Styrkur til Samábyrgðarinnar... ... ... | | 5,000 | | |
| | | 1913. kr. 1915. kr. | | | |
| 21. | a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum... ... ... ... ... | 8,000 8,000 | | | |
| | b. Til ferðakostnaðar.. ... ... | 400 400 | 8,400 | 8,400 | |
| 22. | a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði | 2,000 2,000 | | | |
| | b. Ferðakostnaður m. m... ... | 400 400 | 2,400 | 2,400 | |
| 23. | Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga og Sláturfjelags Suðurlands, til þess að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum landafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að. ... | | 4,000 | 4,000 | |
| 24. | Til að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum markaði, þó eigi | | | | |
| | Flyt... | | 172,100 | 143,200 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 172,100 | 143,200 | |
| yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 25. a. Til leiðbeiningar í ullarverkun 1,200 1,200 | | | |
| b. Ferðakostnaður alt að... ... 400 400 | | | |
| | 1,600 | 1,600 | |
| 26. Þóknun til vörumerkjaskráritara... ... ... | 360 | 360 | |
| 27. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu .. ... | 1,500 | 1,500 | |
| 28. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd... ... ... ... ... ... ... .. | 300 | 300 | |
| 29. Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina. | 200 | 200 | |
| 30. Eftirlit með áfengiskaupum: 1914. 1915. kr. kr. | | | |
| a. Laun umsjónarmanns. ... 600 600 | | | |
| b. Önnur útgjöld ... ... ... 800 800 | | | |
| | 1,400 | 1,400 | |
| 31. Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 32. Styrkur til Sveins Oddssonar, til þess að halda uppi vöru- og mannflutningum á bifreiðum til og frá Reykjavík... .. ... ... Flutningaferðirnar sjeu reglubundnar og samkvæmt áætlun, er stjórnarráðið samþykkir. | 5,000 | | |
| 33. Styrkur til að halda uppi reglubundnum flutningum með sjálfrenningi (»automobil«) yfir Fagradal, þannig að flutningsgjald sje bundið samþykki stjórnarráðsins... ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 34. Styrkur til Hjálpræðishersins, til þess að koma upp gistihæli og sjómannahæli í Reykjavík... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 35. Styrkur til Steingríms Jónssonar, til þess að halda áfram námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... | | 800 | |
| Flyt... | 189,660 | 155,560 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 189,660 | 155,560 | |
| 36. Til Guðmundar sýslumanns Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar í viðurkenningarskyni fyrir góða framgöngu við tilraun til að hefta botnvörpung, 500 kr. handa hvorum... ... .. ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 37. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... ... ... Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota. | | 6,000 | |
| 38. Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje og fram eigi minni upphæð annars staðar frá. | 10,000 | 10,000 | |
| | 200,660 | 171,560 | 372,220 |
| Samtals... | ..... | ..... | 372,220 |

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna, styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 162,600 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobinu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.; til fyrr-

um spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur (frá Holti undir Eyfjafjöllum) 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Krákssonar pósts 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 18,000 kr. Af þessum gjaldlið má endurgreiða vörutoll af þeim kolum, sem Hið sameinaða gufuskipafjelag sannar að það hafi tekið í skip hjer á landi á fjárhagstímabilinu, til notkunar þeim skipum þess, sem samkvæmt samningi dags. 7. ágúst 1909 halda uppi millilandaferðum milli Íslands og Kaupmannahafnar um Leith og Færeyjar.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 265,243,85 greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

1. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum landbúnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 25,000 kr.

4. Alt að 5,000 kr. til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita- eða sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

5. Sýslufjelögum má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr. hvort árið, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðist á 15 árum.

6. Rangárvallasýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 14000 kr. til að kaupa jörðina Stórólfshvol með hjáleigum, fyrir læknissetur, og til þess að hafa þar sjúkraskýli. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

7. Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu má, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, lána alt að 20 þús. kr. úr viðlagasjóði, til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað.

Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

8. Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelagsins, til að raflýsa Vík í Mýrdal. Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

9. Hvanneyrarhreppi í Eyjafjarðarsýslu má lána úr viðlagasjóði 18000 kr., til þess að raflýsa Siglufjarðarkauptún. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

10. Úr viðlagasjóði má lána Jóni Björnssyni & Co. í Borgarnesi 7000 kr. til byggingar ullarþvottahúss. Full trygging sje sett fyrir láninu og greiðist af því $4^1/_2$% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 14 árum.

11. Stjórninni veitist heimild til að breyta afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppur fjekk úr viðlagasjóði 1908, að upphæð 10000 kr., þannig að lánið borgist á 25 árum í stað 15, enda rýrni eigi tryggingin fyrir láninu.

12. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi, alt að 25,000 kr., til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með $4^1/_2$%, er afborgunarlaust fyrstu árin tvö, og endurgrniðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1913 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, sbr. 25. gr stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **573. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912—13.

Frá fjárlaganefndinni.

Efri deild hefir gert einungis óverulegar breytingar á frumvarpinu, að undantekinni fjárveiting til pósthússbyggingarinnar, en það var með samkomulagi við nefndina í neðri deild.

Leggur nefndin því til að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Alþingi 25. ágúst 1913.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Pjetur Jónsson, skrif. og framsögum.

Eggert Pálsson. Jóh. Jóhannesson. Skúli Thoroddsen.

Kristján Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **574. Nefndarálit**

um frumv. til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu.

Nefndin leggur til að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 25. ágúst 1913.

Skúli Thoroddsen, (formaður). Jón Magnússon, (skrifari og framsögumaður).

Valtýr Guðmundsson. G. Eggerz. Einar Jónsson.

Nd. **575. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Í frumvarpi þessu fer stjórnin fram á, að í viðbót við gjöld þau, sem talin eru á fjárlögunum fyrir 1910 og 1911, sjeu veittar alls 120,664 kr. 30 aurar til gjalda þeirra, er nánar eru tilgreind í 2.—11. gr. frumvarpsins. Nefndin getur fallist á þessar fjárveitingar, en leggur til, að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu, og er gerð grein fyrir þeim, sem hjer fer á eftir.

Við 3. gr.

Nefndin leggur til, að þar sje bætt við nýjum lið, til landshagsskýrslna 2131 kr. 52 aur. Samkvæmt 48. ath. yfirskoðunarmanna við LR 1911 er lagt til, að leitað verði aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslunni á þessum lið árið 1911 alls ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... .. kr. 2342,89
en þar frá álítur nefndin, að megi draga það sem sparaðist á þessum gjaldlið árið 1910 nefnilega.. ... .. ... ... ... ... ... ... .. — 211,37

Mismunur kr. 2131,52

er aukafjárveitingar þykir rjett að leita fyrir.

Yfir höfuð að tala lítur nefndin svo á, og það hafa enn fremur síðustu þing (1909, 1911) gert, að heimilt sje fyrir stjórnina eftir atvikum að láta einhvern hluta útgjaldanna lenda á næsta ári á undan eða eftir því ári, sem fjárveitingin er fyrir, þó þannig að greiðslan fari fram á sama fjárhagstímabili.

Samkvæmt þessu lítur nefndin svo á, að ekki þurfi að leita aukafjárveitingar fyrir upphæðunum, sem taldar eru í athugasemdum yfirskoðunarmanna við LR. 1911 undir ath. 60, 66, 67, 68, 69, 90 og 100.

Við 5. gr.

Nefndin leggur til, að aukafjárveitingar sje leitað fyrir 118 kr. 75 aur. umframgreiðslu (laun póstafgreiðslumanna) sbr. 61. ath. við LR '11), og 147 kr. 48 aurum umframgreiðslu á skrifstofukostnaði landsverkfræðingsins, sbr. 62 ath. LR. '11.

Til þjóðvega var veitt bæði árin alls 95 þús. kr., en varið hefir verið alls 95334 kr. 10 aur., og hefir svo landsstjórnin leitað aukafjárveitingar fyrir mismuninum 334 kr. 10 aur.

Yfirskoðunarmenn vilja hins vegar láta leita aukafjárveitingar fyrir

| | |
|---|---|
| 78. ath. 1910 ... ... ... | kr. 728,96 |
| 65. — 1911 ... ... ... | — 2155,95 |
| | kr. 2884,91 |

Sje n.l. gætt nánar á landsreikning fyrir bæði árin, kemur í ljós, að veitt hefir verið og varið til hinna einstöku þjóðvega svo sem hjer segir:

| | Veitt kr. | Varið kr. |
|---|---|---|
| 1. Mosfellssveitarvegur. ... ... ... ... ... | 12000,00 | 12000,00 |
| 2. Stykkishólmsvegur... ... ... ... ... ... | 12000,00 | 12000,00 |
| 3. Holtavörðuheiði ... ... ... ... ... ... | 16000,00 | 16000,00 |
| 4. Lagarfljótsbrúarvegur ... ... ... ... ... | 4000,00 | 4728,96 |
| 5. Skaftárhraunsvegur.. ... ... ... ... ... | 12000,00 | 11782,48 |
| 6. Brú á Laxá í Hornafirði ... ... ... ... | 10000,00 | 9660,16 |
| 7. Frá Ljárskógum til Svínadals ... ... ... | 1000,00 | 1000,00 |
| 8. Frá Hrútafjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns.. | 3000,00 | 2984,54 |
| 9. Aðrar vegabætur ... ... ... ... ... ... | 25000,00 | 25177,96 |

Það er því ljóst, að umframgreiðslur eru ekki nema á 4. og 9. lið, alls 906 kr. 92 aur., og leggur nefndin til, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir þeirri upphæð, því hún lítur svo á sem rjett sje að leita aukafjárveitingar, þegar svo stendur á sem hjer, að fje, sparað á einum vegi, er varið til annars vegar.

Við 13. gr. D. III. hafa fjárveitingar og greiðslur orðið svo:

| | Veitt | Varið | Umframgreiðsla |
|---|---|---|---|
| 1. Ritsímastöðin í Reykjavík ... .. ... | 20000,00 | 25113,03 | 5113,03 |
| 2. Eftirlitsstöðvar o. fl. ... ... ... ... | 2800,00 | 6666,80 | 3866,80 |
| | | Umframgreiðsla alls | 8979,83, |

en auk þessara tveggja liða hefir orðið 86 kr, 55 aur. umframgreiðsla til símastöðvarinnar á Borðeyri seinna árið, en þar sem 218 kr. 84 aur. spöruðust á þeim lið árið 1910, litur nefndin svo á, að óþarft sje að leita aukafjárveitingar fyrir þeirri upphæð. Hins vegar hafa yfirskoðunarmenn álitið að þar ætti og að leita aukafjárveitingar. Nefndin leggur þannig til að þessum tölum sje breytt í frumv. í 7. breytingartillögu sinni.

Við starfrækslu landssímans hefir orðið umframgreiðsla bæði árin, og hefir stjórnin leitað aukafjárveitingar á nærfelt allri upphæðinni fyrra árið; vantar þar á að eins 34 kr. 10 aura umframgreiðslu til alþjóðaskrifstofunnar í Bern, og þykir nefndinni að við svo búið megi standa, þar sem um svo litla upphæð er að ræða. En síðara árið hefir stjórnin að eins tekið nokkurn hluta af umframgreiðslunni upp á aukafjárlögin, án þess að sjeð verði á hverju það er bygt, að hún hefir ekki tekið alla upphæðina, sbr. 72. ath. LR. 1911, og svar við hana. Nefndin leggur því til, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir allri upphæðinni það ár, kr. 5403,92.

Loks eru vitarnir. Þar hefir alls orðið 1601 kr. 28 aura umframgreiðsla árið 1911, (sbr. 75. ath. LR. 1911), er yfirskoðunarmenn leggja til, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir, en stjórnin hefir þar leitað aukafjárveitingar fyrir 1061 kr. 9 aur., af því að hún hefir (sbr. svar við 75. ath. 1911) dregið frá umframgreiðslunni, það sem sparast hefir á öðrum vitum en þeim, er umframgreiðslan varð á. Þessa ástæðu stjórnarinnar getur nefndin ekki fallist á, en telur rjett, þegar svo stendur á sem hjer, að aukafjárveitingar sje leitað þegar upphæð er notuð annrsstaðar (á öðrum lið) en ætlast var til af fjárveitingavaldinu.

Nefndin lætur þess getið, að það sem mest hækkar upphæð þá, sem tilfærð er í þessari grein, eru 12 þús. kr. fyrir póstflutning, og þykir nefndinni rjett að taka fram, að hún er sammála yfirskoðunarmönnum um, að greiðsla þessi hafi verið »óheimil«, þar sem fjelagið naut fasts tillags úr landssjóði, en eftir atvikum leggur nefndin til, að við svo búið standi.

### Við 6. gr.

Fyrri breytingin er leiðrjetting á ritvillu, er orðið hefir, en hina upphæðina hefir stjórnin samþykt að taka upp á fjáraukalögin (sbr. svar 88 við LR. 1911), en hefir gleymst.

### Við 7. gr.

Nefndin hefir þar tekið upp smá-lið, er orðið hefir umframgreiðsla á, og henni þykir rjettara, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir, enda þótt upplýst sje, að um óhjákvæmileg gjöld sje að ræða.

### Við 8. gr.

Nefndin tekur hjer upp þrjá nýja liði. Um fyrsta liðinn, skóggræðsluna, er það að segja, að stjórnin er samþykk yfirskoðunarmönnum um, að leita beri

aukafjárveitingar fyrir þeirri upphæð, en hefir gleymt að taka hann upp í frumvarpið.

Að því er annan liðinn snertir, telur nefndin rjett, að hann sje tekinn upp samkvæmt 105. ath. yfirskoðunarmanna við LR. '10.

Þriðji liðurinn er umframgreiðsla við húsaskoðun á prestssetrum, er stjórnin er samþykk að leita aukafjárveitingar fyrir (sbr. LR. 1911, bls. 120), en þetta hefir farist fyrir.

Við 9. gr.

Þar tekur nefndin upp einn lið í viðbót, sbr. 104. ath. við LR. 1911.

Við 11. gr.

Nefndin bætir hjer við tveim nýjum liðum. Gjöld þau, er orðið hafa við ráðherrabústaðinn, telur nefndin að hafi verið óhjákvæmileg, og hin gjöldin eru til milliþinganefndar í fjármálum, en fullnaðarreikningur yfir kostnað við nefndina er ekki í þessum reikningum.

Yfirskoðunarmenn hafa vilja láta leita aukafjárveitingar fyrir öllum umframgreiðslum, er orðið hafa til óvissra útgjalda, en það getur nefndin ekki fallist á, með því að hún telur upphæðina áætlaða.

Neðri deild Alþingis, 25. ágúst 1913.

| Stefán Stefánsson, Eyf., (formaður). | G. Eggerz, (skrifari og framsögum.). | M. J. Kristjánsson. |
|---|---|---|

Nd. **576. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá nefndinni.

Við 1. gr.

1. Upphæðin »kr. 120,664,30« breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Við 3. gr.

2. Í stað »29,26 kr. ... 985,88«
komi: 29,66 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 986,28
3. Á undan »Við B. 6.« komi nýr liður:
Við B. 1. Landshagsskýrslur ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 2131,52
4. Í stað »2193 kr. 93 aurar« í 1. línu og samlagning
komi: 4325 kr. 85 aurar.

Við 5. gr.

5. Á undan »Við A. 1. c.« komi nýr liður:
Við A. 1. b. 1. árið 1911 ... ... ... ... ... ... ... ... .. kr. 118,75

6. Á undan »Við B. II.« komi nýr liður:
Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður landsverkfræðings ... ... ... kr. 147,48
7. Við B. III. Í stað »334,10«
komi: 906,92.
8. Við D. III. Í stað »Árið 1910... ... ... ... ... — 2579,68«
komi: Árið 1910 ... .. ... ... ... kr. 3662,46
— 1911 ... ... ... .. ... — 5317,37 — 8979,83
9. Við D. Í stað »einkum V og VI.«
komi: V—VII.
10. Við D. Í stað »956,80«
komi: 1558,61.
11. Við E. Í stað »1061,09«
komi: 1601,28.
12. Samlagningar í greininni og við hana ásamt upphæðinni í 1. línu breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Við 6. gr.

13. Við B. VI. Í stað »238,95«
komi: 538,95.
14. Á undan »B. VIII. k.« komi nýr liður:
Við B. VIII. c. Unglingaskólar . ... ... ... ... ... ... ... kr. 350,00
15. Í stað »15179 kr. 92 aurar« í 1. línu og samlagning
komi: 15829 kr. 92 aurar á báðum stöðum.

Við 7. gr.

16. Í stað »kr. 5598,64« í enda greinarinnar
komi: Við 45. Jarðskjálftamælir ... ... ... ... ... ... ... kr. 246,64
Kr. 5835,28
17. Í stað »5598 kr. 64 aurar« í 1. línu
komi: 5835 kr. 28 aurar.

Við 8. gr.

18. Í stað »kr. 29086,20« í síðustu línu
komi: Við 9. Skóggræðslan ... ... ... ... ... ... ... kr. 822,00
— 23. Viðskiftaráðanautar ... ... ... ... ... ... — 838,49
— 25. Húsaskoðun á prestssetrum . ... ... ... ... — 163,75
Kr. 30810,44
19. Í stað »29086 kr. 20 aurar« í 1. línu
komi: 30810 kr. 44 aurar.

Við 9. gr.

20. Aftan við greinina bætist:
Öndverðarnesvitinn árið 1911 ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 490,55
og samlagning og upphæð í 1. línu breytist samkvæmt því.

Við 11. gr.

21. Aftan við greinina bætist:
Ráðherrabústaður .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 1562,62
Milliþinganefnd í fjármálum landsins ... ... ... ... ... ... — 4500,00

Nd. **577. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnskipunarlögum 3. okt. 1903.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson, Sigurður Sigurðsson, M. J. Kristjánsson.

1. Við 9. grein.
   Setningin: »Þingmenn kosnir óhlutbundinni kosning — og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár«, falli burt, en í hennar stað komi ný setning, er hljóði svo: Þingmenn kosnir óhlutbundinni kosning skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn kosnir hlutbundinni kosning til 12 ára og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár.
2. Við 19. grein.
   Málsgreininni: »Nú er maður utan þjóðkirkjunnar«, og til enda greinarinnar, falli burt.

Nd. **578. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874. og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903. (Þgskj. 551).

Flutningsm. Valtýr Guðmundsson.

1. Við 5. gr.

Á eftir orðunum »Breyta má þessu með lögum« bætist inn í:

Engan má skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna og fullnægi fyrirmælum gildandi laga um kunnáttu í íslenskri tungu.

2. Við 5. gr.

Aftan við greinina bætist svo hljóðandi ný málsgrein:

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin eða þá lausn frá embætti með eftirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

3. Við 5. gr.

Á eftir henni komi svobljóðandi ný grein sem verður 6. gr. (og greinatalan breytist samkvæmt því):

Konungur getur rofið alþingi eða aðrahvora málstofu þess, og skulu þá kosningar fram fara áður en tveir mánuðir sjeu liðnir frá því, er þingið (eða málstofan) var rofið, og alþingi stefnt saman eigi síðar en fjórum mánuðum frá þingrofi.

Til vara: eigi síðar en næsta ár.

4. Við 8. gr.

Síðari málsgrein orðist svo:

Alþingi skiftist í tvær málstofur, efri og neðri. Í neðri málstofu eiga sæti 26 þingmenn, kosnir beinum kosningum í 26 kjördæmum. Í efri málstofu eiga sæti 14 þingmenn, kosnir í fjórðungum eftir fólksfjölda, 5 í Sunnlendingafjórðungi, 4 í Vestfirðingafjórðungi, 3 í Norðlendingafjórðungi og 2 í Austfirðingafjórðungi. Tölum þessum má breyta með lögum.

Hvarvetna þar, sem efri og neðri deild kemur fyrir í stjórnarskrá Íslands eða stjórnarskipunarlögum, komi í þess stað: efri og neðri málstofa.

5. Við 8. gr.

Á eftir þeirri grein komi svo hljóðandi ný grein, sem verður 9. gr. (og greinatalan breytist samkvæmt því):

Þingmenn efri málstofu skulu kosnir óbeinum kosningum af kjörmönnum, þannig að allir þeir kjósendur, sem kosningarrjett hafa til Alþingis, kjósa jafnmarga kjörmenn og sýslunefndarmenn og bæjarfulltrúar eru í hverjum landsfjórðungi, en allir sýslunefndarmenn og bæjarfulltrúar eru sjálfkjörnir kjörmenn, og kjósa þeir, ásamt hinum kjörnu kjörmönnum af hálfu hinna almennu kjósenda, þingmenn efri málstofu með hlutfallskosningu.

Nánari ákvæði um þessar kosningar og um kjördæmaskipun og kosningar til neðri málstofu skulu sett í kosningalögum.

6. Við 9. gr.

Síðari málsgrein orðist svo:

Þingmenn neðri málstofu skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn efri málstofu til 12 ára, og fara 4 þeirra frá þriðja hvert ár, en 2, þegar kjörtímabilið er á enda. Deyi þingmaður, eða fari frá, áður en kjörtíma hans er lokið, skal kjósa þingmann í hans stað, en aðeins fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

7. Við 10. gr.

Í stað orðanna: »Kosningarrjett — fer fram« í upphafi 2. málsgr. komi:

Kosningarrjett til Alþingis hafa karlar og konur, sem fædd eru hjer á landi eða hafa hin almennu rjettindi innborinna manna og eru 25 ára, er kosningin fer fram;

8. Við 10. gr.

Síðasta málsgrein þessarar greinar falli burt.

9. Við 11. gr.

Önnur málsgrein orðist þannig:

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem kosningarrjett á til þess, ef hann hefir hin almennu rjettindi innborinna manna. Kjósa má samt þann mann til neðri málstofu, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en eitt ár. En til efri málstofu má ekki kjósa aðra en þá, sem heimilisfastir eru í hverjum landsfjórðungi, þegar kosningin fer fram.

10. Við 16. gr.

Síðari málsgrein orðist svo:

Hvort þingmenn sjeu löglega kosnir, og hvort þingmaður hefir mist kjörgengi, skal úrskurðað af nefnd, er í sitja allir dómendur landsyfirdómsins, lögfræðisprófessórar háskólans og þrír menn, er alþingi kýs til þess með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi. Dómstjóri yfirdómsins er forseti nefndarinnar.

11. Við 17. gr.

Í staðinn fyrir orðin: »Atkvæðisrjett — þingmaður« komi:

Ráðherra má veita öðrum manni umboð til að mæta á alþingi fyrir sína hönd eða jafnframt sjer, er hann álítur brýna nauðsyn til bera. Atkvæðisrjett hefir ráðherra eða umboðsmaður hans því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

12. Við 22. gr.

Síðasta málsgrein falli burt.

13. Við ákvæði um stundarstakir. 1. liður orðist svo:

Umboð allra þingmanna, jafnt konungkjörinna og þjóðkjörinna, falla niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosningar fram fara til bæði neðri og efri málstofu.

14. Við 2. lið. Liðurinn orðist svo:

Á fyrsta reglulegu alþingi, eftir að efri málstofa hefir skipuð verið samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, skal ákveða með hlutkesti, í hverri röð þingmenn þeirrar málstofu skuli fara frá samkvæmt fyrirmælum 9. greinar.

15. Við 3. lið. Liðurinn falli burt.

Ed. **579. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um friðun æðarfugla.

Frumvarp þetta er komið aftur frá háttvirtri neðri deild, en í svo breyttri mynd, að nefndinni þykir ekki geta komið til mála, að samþykkja það eins og það er. Það er nefnilega búið að fella úr því algerlega 4 greinar, og í einni þessara greina (2. gr.) voru þau ákvæði, er komu þessu frumvarpi á stað og oss þótti mestu skifta, en það eru ákvæðin um það, að enginn megi á nokkurn hátt af hendi láta æðaregg til annara utan heimilis síns.

Að vísu hafði nefnd sú, er skipuð var í málið í neðri deild, lagt það til í einu hljóði, að frumvarpið væri samþykt nær því óbreytt. En við 2. umræðu í deildinni voru hinar nefndu greinar feldar burtu.

Nefndin lítur nú svo á, að umrædd ákvæði um bann gegn því, að láta

æðaregg af hendi til annara manna, megi ekki missast úr þessu frumvarpi, og fyrir því leyfir hún sjer að taka þau upp aftur, fullviss um, að þau verði samþykt af háttvirtri efri deild, og vonandi, að háttvirt neðri deild átti sig og samþykki þau líka.

Aftur á móti getur nefndin eftir atvikum fallið frá því, að halda fram því ákvæði, að bannað sje að hirða dauða æðarfugla, og sektir lagðar við, enda hefir það ákvæði verið óvinsælt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin þá til, að háttvirt efri deild samþykki frumvarpið með þessum breytingum:

1. Ný grein takist upp, er verði 2. grein, svohljóðandi:
   Enginn má selja eða kaupa æðaregg, nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara utan heimilis síns, nema eggskurn til vísindalegra þarfa. Ekki má heldur selja eða kaupa dauða æðarfugla, nje hluta af þeim.
   Brot gegn þessu varða 5 krónu sekt, sem tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, alt að 20 krónum.
2. Greinatalan breytist samkvæmt 1. breytingartillögu.
3. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er verði 11. gr., svohljóðandi:
   Með lögum þessnm eru úr gildi feld viðaukalög frá 22. mars 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og öll þau ákvæði í þeirri tilskipun, er snerta friðun á æðarfugli.

Efri deild alþingis 26. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Björn Þorláksson, formaður. | Sigurður Stefánsson, framsögumaður. |

Jósef Björnsson.

Nd. **580. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um vatnsveitingar (þingskj. 531).

Frá landbúnaðarnefndinni (meiri hlutanum).

Frumvarp þetta er endursent frá efri deild, eftir eina umræðu þar. — Eina breytingin, sem gerð hefir verið á frumvarpinu, er sú, að 18. gr. eins og hún var samþykt í neðri deild, er feld í burtu, og sett í staðinn grein um eignarnámsheimild, eins og hún var orðuð í frumvarpinu, er það kom frá efri deild hið fyrra skiftið. Með því nú að þetta ákvæði er mjög svo þýðingarmikið, þegar um stærri vatnsveitingafyrirtæki er að ræða, en hinsvegar svo um búið, að eigi er hætt við vanbrúkun þess, ræður meiri hluti nefndarinnar eindregið til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 26. ágúst 1913.

| | | |
|---|---|---|
| Eggert Pálsson, formaður. | Sigurður Sigurðsson, skrifari. | Kristján Jónsson. |

Nd. **581. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjódóma og rjettarfar í sjómálum (þskj. 340).

Nefndin, sem kosin var til að íhuga frv. til siglingalaga, fjekk einnig þetta mál til meðferðar, enda er það hinu nátengt.

Hún hefir komist að sömu niðurstöðu um þetta mál sem hitt, að rjett sje að ráða þingdeildinni til að samþykkja það óbreytt að öllu.

Neðri deild Alþingis, 26 ágúst 1913.

Kristján Jónsson, (formaður). Jón Ólafsson, (skrifari og framsögum). Matth. Ólafsson.

Jón Magnússon. Skúli Thoroddsen.

Nd. **582. Nefndarálit**

um frumvarp til siglingalaga (þskj. 293).

Nefndin hefir farið vendilega yfir frumvarpið, og sjeð þess merki, að þar hafi verið vel og rækilega um fjallað, enda hafa lögin fengið óvenju-langan og góðan undirbúning.

Að öllu vel íhuguðu hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að ráða háttvirtri þingdeild til að hagga í engu við frumvarpinu, en samþykkja það óbreytt.

Neðri deild alþingis, 26. ágúst 1913.

Kristján Jónsson, formaður. Jón Ólafsson, skrifari, framsögumaður. Matth. Ólafsson.

Jón Magnússon. Skúli Thoroddsen, (með fyrirvara).

Nd. **583. Nefndarálit**

um frumvarp til landskiftalaga (þingskj. 272).

Frá landbúnaðarnefndinni.

Frumvarp þetta er komið frá efri deild, og hefir verið athugað þar í nefnd.

Landbúnaðarnefndin viðurkennir, að þörf sje á lagasetning um þetta efni. Víða hjer á landi, einkum á Suðurlandsundirlendinu eru heimalönd jarða óskift,

og notuð í sameiningu. En eins og búnaði er nú komið, samfara aukinni jarðrækt, bæði túnútgræðslu og áveitum, verður þörfin á slíkum lögum brýnni með ári hverju. Virðist því sjálfsagt, að mönnum sje gert hægt fyrir að fá landi skift, ef einstakir menn, er hlut eiga að máli óska þess.

Frumvarp það, sem hjer um ræðir, inniheldur nú ákvæði um skifting lands, hverjir skuli framkvæma skiftinguna, og hvers sje að gæta við slík skifti.

Nefndin hefir leyft sjer að gera nokkrar breytingar við frumvarpið, sem aðallega eru orðabreytingar og miða að því, að laga málið á frumvarpinu. Ræður nefndin til, að frumvarpið sje samþykt með þessum breytingum.

Neðri deild alþingis, 26. ág. 1913.

| Eggert Pálsson, formaður. | Sigurður Sigurðsson, skrifari og framsögumaður. | Bjarni Jónsson frá Vogi. |
|---|---|---|

Kristján Jónsson. Halldór Steinsson.

Nd. **584. Breytingartillögur**

við frumvarp til landskiftalaga (þingskj. 272).

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein: »Öll ... lögum þessum« orðist svo:
Eftir lögum þessum geta komið til skifta öll heimalönd sveitajarða, tún, engi og úthagi, sem fleiri býli hafa til samnota, og ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota svo sannað verði, nje heldur hafa viðurkend landamerki.

2. — 4. — Í stað: »gætt skal ... úrslit skiftanna« komi: ekki skulu þeir þó viðstaddir, er úttektarmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna að síðustu.

3. — 6. — Í stað: »Þeir sem ... þörf er á« komi: úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort

4. — 6. — Seinni málsliður greinarinnar orðist þannig:
Sjeu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting þeirra.

5. — 8. — Greinin orðist svo:
Nú hefir eigandi ræktað hluta úr óskiftu sameignarlandi, og skulu þá úttektarmenn við skiftin láta hann halda þessu landi, móti því, að hinir sameigendurnir fái hvor um sig að tiltölu samsvarandi hluta af sameignarlandinu. En verði því ekki við komið og hljóti einhver hluti hins ræktaða lands að koma

til skifta, þá skal honum heimilt að kaupa þann hluta eftir mati úttektarmanna.

6. — 9. — Fyrsti málsliður orðist svo:
Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiftagerðinni ákveðið um notkunarrjett hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhaldskostnað og vegagerðar, svo og hvar, nýir vegir skuli liggja.

7. — 9. — Orðin »það, er skifta skal«, í 1. línu annarar málsgreinar í 9. gr. falli burt.

8. — 10. — Greinin orðist þannig:
Skiftagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr sýslusjóði.

9. — 11. — Greinin orðist þannig:
Þegar landi hefir verið skift samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg landamerki. Eru landeigendur skyldir að gera þau. Í skiftagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um vilst.

10. Við 13. gr. Í stað: »breytist þá ...« til enda greinarinnar komi: kemur það þá til greina við næsta jarðamat.

11. — 15. — Í stað: »jarðarmagni« komi: jarðardýrleika.

Ed. **585. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Greinin falli burt.

2. a. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Þá er leiguliði vill gera jarðabót, sem eigi er áskilin í byggingarbrjefi, en vill ekki hlíta ákvæðum 20. gr. ábúðarlaganna frá 12. jan. 1884 um endurgjald fyrir jarðabótina, þá skal hann tilkynna ..... og svo síðan sem í frumvarpinu.
b. Við 2. gr. Fyrir »1 kr.« komi: 1 kr. og 50 aur.

3. Í stað 3. og 4. gr. frumvarpsins komi ný grein er hljóðar svo:
Þá er leiguliðaskifti verða á jörð eftir það, er lög þessi öðlast gildi,

skal sá maður, er þá fær jörðina bygða, eiga heimilt að kjósa, áður en byggingarbrjef er gert, hvort hann vill taka við kúgildum þeim, er fylgt hafa jörðinni, með ábyrgð þeirri og leigumála, er áður var, eða hann vill vera laus við þau.

Nú kýs hann að vera laus við kúgildi, eða eitthvað af þeim, og tekur þá landsdrottinn við þeim, er hann kýs að losna við, og fer með sem honum sýnist.

4. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Með lögum þessum eru numin úr gildi þau lagaákvæði, sem koma í bága við þau.

Greinin verði 3. gr.

Nd. **586. Frumvarp**

til laga um samþyktir um hrepinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Eyjafirði innan línu, er hugsast dregin um Eyjafjörð þveran, beint frá Rípli um nyrðri enda Hríseyjar og til lands að austanverðu fjarðarins.

Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Skagafirði innan beinnar línu milli syðri enda Þórðarhöfða og Ingveldarstaðabæjar á Reykjaströnd.

2. gr.

Þá er sýslunefndunum eða bæjarstjórn Akureyrar þykir þörf á, að gera samþykt þá, er 1. gr. ræðir um, eða fá óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum, eður úr Akureyrarkaupstað, og þeim þykir rjett að taka þær óskir til greina, skulu þær semja frumvarp til samþyktarinnar og kveðja síðan til fundar, með nægum fyrirvara, fyrir svæði það, er samþyktin á ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir þeir, er kosningarrjett eiga til alþingis á nefndu svæði. Oddvitar sýslunefndanna og bæjarstjórnar boða fundinn, ákveða fundarstað og sjá um fundarstjórn.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er samið hefir verið samkæmt 2. gr. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, skal það sent stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það

breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefndirnar og bæjarstjórnin fallast á þær. En vilji þær ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný á því ári.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

Samþykt, sem gerð er samkvæmt lögum þessum, gildir eigi lengur en 5 ár í senn, en endurnýja má samþyktina fyrir jafnlangan tíma á sama hátt og hún hefir verið sett.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir alt að 500 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skulu renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **587. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Ábúðarlögin frá 12. jan. 1884 eru nú orðin nær 30 ára gömul, og þótt þau lög sjeu vel samin og hafi verið góð og gild á þeim tíma, þá er síst að furða, þótt þau sjeu nú ekki lengur fullnægjandi, svo mikil og margháttuð breyting sem orðið hefir á búnaðarhögum vorum um þetta 30 ára skeið.

Framfarir í búnaði hafa orðið miklu meiri en jafnvel bjartsýnustu og vondjörfustu mönnum gat í hug komið árið 1884. Þá var enn kyrkingur í þjóðlífi voru, og þótt menn hafi vænst þess, að nokkuð mundi úr rætast, og hafi því viljað sníða stakkinn við vöxt, er lög þessi voru samin, var þess eigi að vænta, að hann gæti orðið viðeigandi eftir 30 ára vöxt. Þjóðin hefir tekið bráðari þroska

en þá var gert ráð fyrir, og nú er stakkurinn orðinn að spennitreyju, sem hindrar eðlilegan vöxt og viðgang.

Lögin eru nú orðin ófullnægjandi og að ýmsu leyti ranglát, og þurfa mjög umbóta við. Þetta hefir stjórn og þingi verið ljóst að undanförnu, og vart hefir orðið við talsverðan áhuga á því, að bæta ábúðarlöggjöfina. En úr þessari viðleitni hefir orðið minna en skyldi, vegna ónógs undirbúnings og ófullnægjandi rannsókna á ástandinu. Og á þessum skerjum hlýtur málið að stranda, meðan ekki er gerður nægilegur undirbúningur og rannsókn, til að finna færar leiðir En það er skylda stjórnar og þings, að sjá um, að þessi undirbúningur verði gerður, skylda, sem ekki má lengur slá á frest að fullnægja, því eins og öllum hlýtur að vera ljóst, er alt það í þessari löggjöf, sem óhentugt er og ranglátt, þröskuldar í vegi fyriir eðlilegum framförum í landbúnaði, þar sem svo mikill fjöldi jarða, er einstakir menn eiga, eru í leiguábúð.

Það er því brýn nauðsyn á, að hefja sem fyrst nauðsynlegan undirbúning og rannsókn, til þess að fært verði að taka ábúðarlögin frá 1884 til rækilegrar endurskoðunar og gagngerðrar breytingar. Úr göllum þeirra laga verður aldrei bætt til fulls, þó verið sje smátt og smátt að reyna að gera bráðabyrgðabót á einstökum atriðum.

Á undanförnum þingum hefir þetta verið reynt af þingmanna hálfu, einkum á þinginu 1911, landbúnaðarnefnd neðri deildar flutti þá frumvarp um breytingu á ábúðarlögunum í háttv. efri deild; var því frumvarpi breytt all-verulega og ítarlegt álit samið um málið, en frumvarpið varð ekki útrætt. En á meðferð málsins á þinginu þá er mikið að græða, og hefðu stjórnir þær, er síðan hafa setið að völdum, haft áhuga á málinu, hefðu þær getað notfært sjer margt af því, er þar kom fram til frekari undirbúnings á málinu, en þær hafa látið málið hvíla sig.

Nú hefir á þessu þingi enn verið af þingmanna hálfu gerð tilraun að bæta úr verstu göllum ábúðarlaganna. Í frumvarpi því, er flutt var í háttv. neðri deild, var gripið á verstu kýlunum. Viðfangsefni þess frumvarps voru 4. 1. um bygging jarða. 2. Um endurgjald fyrir jarðabætur leiguliða. 3. Um bygging og viðhald bæjarhúsa, og 4. Um rjett leiguliða til að losa sig við jarðakúgildi.

Fyrsta og þriðja viðfangsefnið hefir háttv. neðri deild gefist upp við, enda er þar um vandamál að ræða, en þó brýn og knýjandi nauðsyn á að fá þessu breytt í betra horf, en þess er engin von hjeðan af á þessu þingi.

Í frumvarpi því, er samþykt var í neðri deild, og oss var falið til athugunar, er nú aðeins þetta tvent eftir, að *tryggja betur en áður rjett leiguliða til endurgjalds fyrir jarðabætur*, og *að veita honum rjett til að losa sig við kúgildin*. Þetta eru hvorttveggja mikilsverð atriði, einkum hið fyrra, en ekki getum vjer sjeð ástæðu til að samþykkja svo umfangsmikið frumvarp, ekki meiri breytingar á gildandi lögum en hjer er um að ræða.

Enda þótt svo virðist í fljótu bragði, að rjettur leiguliða til endurgjalds fyrir unnar jarðabætur sje allvel trygður með 20. gr. ábúðarlaganna, þá er þó eigi svo, þegar nánar er að gáð, enda hefir reynslan sýnt, að þessi ákvæði hafa að litlu eða engu haldi komið. Þessi undirbúningsskilyrði, sem þar eru heimtuð, eru alt of flókin og umsvifamikil. Rjettur leiguliðans er sá, að hann fái fult endurgjald hjá landsdrotni fyrir þær jarðabætur, er hann gerir, og til fullra nytja geta komið, en sem hann ekki hefir notið arðs af um hæfilega langan tíma. En

auk þess sem 20. gr. ábúðarlaganna, með örðugum undirbúningsskilyrðum, gerir leiguliða erfitt að ná þeim rjetti, sem honum þar er áskilinn, eru ákvæði sömu greinar um að meta skuli, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir jarðabótina, ófullnægjandi til þess að leiguliði nái fullum rjetti.

Ef leiguliði gerir á eigin kostnað dýra jarðabót, t. d. girðingu, en verður svo af ósjálfráðum ástæðum að fara frá jörðinni árið eftir, þá ætti hann að rjettu lagi að fá verð girðingarinnar að fullu greitt. En nú er óvíst, að eftirgjaldshækkunin fyrir girðingu verði metin svo hátt, að leiguliði fái sitt uppborið, þegar svona stendur á, hitt miklu líklegra, að hann fengi ekki meira en helming girðingarverðsins, eða jafnvel minna. Úttektarmenn gera ef til vill of lítið úr notum girðingarinnar fyrir jörðina, og ef til vill taka þeir einnig tillit til þess, ef jörðin er dýrt leigð áður, og telja hana ekki þola þann eftirgjaldsauka, sem af girðingunni stafar, ef metin væri til fullvirðis. All-líklegt er, að svo gæti farið, að eftirgjaldshækkun fyrir nýgerða girðingu, sem kostað hefði 400 kr., yrði metin á 10—20 kr. Nú á leiguliði ekki að fá meira en sem svarar tólffaldri þessari eftirgjaldshækkun, sem yrði þá í þessu dæmi 120—240 kr.

Það er því augljóst, að með 20. gr. ábúðarlaganua er rjettar leiguliðans illa gætt, og það er ekki að ástæðulausu, að leiguliðar hafa hikað við að ráðast í dýrar jarðabætur, meðan rjettur þeirra er ekki betur trygður en gert er í þessari grein, og litlar líkur eru til þess, að reynslan verði önnur í framtíðinni en sú, sem þegar er fengin, og verður því nauðsynlegt að finna aðra leið, sem er greiðfærari og rjettlátari, og það er gert í 2. gr. frumvarpsins. Sú leið, sem þar er farin, er svo miklu betri, að ekki er saman berandi.

1. gr. frumvarpsins er ekki annað en 20. gr. ábúðarlaganna frá 1884 með þeirri einu breytingu, að hámark endurgjalds fyrir jarðabætur er hækkað úr tólffaldri eftirgjaldshækkun í fimtánfalda. Þótt þessi breyting sje gerð, mun þessi lagagrein koma að litlu haldi eftir sem áður, og sjáum vjer því enga ástæðu til að taka hana upp í frumvarpið, en leggjum til að fella hana burtu, en lofa 20. gr. ábúðarlaganna að standa óbreyttri, þangað til gerð verður gagngerð breyting á þeim lögum. Vilji einhver nota þá leið, sem þar er heimiluð, getur hann gert það, en vjer erum í engum vafa um, að ef 2. gr. frumvarpsins verður að lögum, þá verður það sú leiðin, sem þar er opnuð, sem farin verður.

Þá breytingu viljum vjer þó gera á 2. gr., að hækka borgun fyrir dagsverkið úr 1 kr. í 1 kr. og 50 a. Vjer gerum ráð fyrir, að svo dýr og torfenginn sem vinnukrafturinn er, nú orðið, muni hvert dagsverk í jarðabótum eigi kosta minna en 2 kr., að fæði meðtöldu, en þar sem hins vegar er lagt til að leggja jarðabætur í dagsverk eftir gildandi reglum um það efni, en eftir þeim reglum er lagt nokkru minna í dagsverk af sumum jarðabótum en takast má að vinna, þá þykir oss hæfilegt að ákveða endurgjaldið kr. 1,50 fyrir dagsverkið.

Um 3. og 4. gr. frumvarpsins skal það tekið fram, að nefndin er því samþykk, að rjett sje að opna leiguliðum veg til að vera lausir við að taka við kúgildum, en hinsvegar hefir sú skoðun orðið ofan á í nefndinni, að varhugavert væri að setja um þetta lagaákvæði, er nái til þeirra leigusamninga, sem þegar eru gerðir, en að rjettara væri, að láta slík ákvæði koma þá fyrst til framkvæmda, er leiguliðaskifti verða á jörðum eftir að lögin öðlast gildi, og þá þannig, að það, hvort kúgildi skuli fylgja jörð eða ekki, verði frjálst samningsatriði milli landsdrottins og leiguliða.

Þau tvö viðfangsefni til endurbóta á ábúðarlögunum, sem tekin voru til meðferðar í háttv. neðri deild, um bygging jarða og um bygging og viðhald bæjarhúsa, en sem sú deild gafst upp við, teljum við árangurslaust að taka upp aftur á þessu þingi, en viljum þó enn taka það fram, að mjög brýn nauðsyn er á því, að gerð verði sem fyrst veruleg breyting á þessum atriðum, og að hjeðan af má það ekki dragast lengur, að gerður verði nauðsynlegur undirbúningur á þessu máli.

Til undirbúnings í þessu máli þarf að safna upplýsingum um: ábúðartíma og leigumála á jörðum, sem eru í leiguábúð, um það, hvernig þessar jarðir eru húsaðar, hve mikil hús nú fylgja jörðunum, hvernig þessi hús eru og hvers virði þau eru samanborið við verðmæti jarðanna sjálfra. Þetta þarf alt að rannsaka vandlega, og fyr en það er gert, er ómögulegt að fá málinu hrundið í æskilegt horf. Mun að þessu vikið nokkru nánar við framsögu málsins.

En til þess þó að bæta dálítið úr þeim göllum ábúðarlaganna, sem unt er að bæta úr að svo stöddu, ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumvarp þetta, sem hjer liggur fyrir með þeim breytingum sem prentaðar eru á þingskjali 585.

Alþingi 26. ágúst 1913.

J. Havsteen formaður. Jón Jónatansson skrifari og framsm. Jósef Björnsson

Einar Jónsson. Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **588. Frumvarp**

til girðingalaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði og Ræktunarsjóði, svo og aðrar vírgirðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 metri á hæð. Þó skulu girðingar fyrir kynbótagripi ekki vera lægri en 1 metri og 12 sentímetrar.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum. Nú er garður hlaðinn undir vírinn, og þarf þá eigi fleiri strengi en fjóra, ef garðurinn er að minsta kosti 30 sentímetra hár, þrjá strengi, ef hann er 60 sentímetrar, og eigi fleiri en tvo strengi, ef hann er 75 sentímetrar á hæð.

2. gr.

Milli stuðla má vera alt að 6 metra bil, eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Að öðru leyti skal gera girðingar samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur, sje lán veitt til þeirra úr landssjóði eða ræktunarsjóði.

3. gr.

Nú vill einstakur maður eða fjelag girða og leitar um lán til þess úr áðurnefndum sjóðum, skal þá fylgja lánsbeiðninni skýrsla um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Ef ekki er fje fyrir hendi til að fullnægja öllum þeim, er um lán hafa beðið, skulu þeir, er eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Nú er lánað til girðingar úr nefndum sjóðum, og skal hún þá vera fullgerð innan þriggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda stjórnarráðinu vottorð um, að hún sje gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið innan þriggja ára, er lánið alt afturkræft, og skal þá greiða þriðjungi hærri vexti af því en upphaflega var ákveðið, og reiknast þessir viðbótarvextir frá útborgunardegi lánsins.

5. gr.

Skylt er sjerhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða fjelög, er fengið hafa lán til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar, sem einstakir menn hafa tekið lán til, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú er girðing gerð, samkvæmt 1. og 2. gr., og lánað til hennar úr Ræktunarsjóði eða landssjóði, og skal þá girðingin fylgja jörðinni og má ekki flytja hana í burt, þó að eigandaskifti eða ábúandaskifti verði á henni, enda sje girðingin gerð í samráði við landsdrottin, ef leiguliði á í hlut.

7. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlast að hún byggist aftur, og verða eigi lengur not að girðingunni, losnar þá jarðeigandi við þá skyldu, að halda henni við eða láta hana standa á jörðinni. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af girðingaláninu.

8. gr.

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri jarða saman, eða tún eða engjar jarðar liggja að beitilandi annara, og jarðeigandi eða ábúandi með samráði við jarðeiganda vill girða á mörkum samkvæmt lögum þessum og reglugerð þeirri, er um getur í 2. grein, og samkomulag næst ekki við þann jarðeiganda eða ábúanda, sem á land á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það, og skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir báða, og skifta girðingarkostnaðinum á milli málsaðila að tiltölu við gagn hvers

um sig. Þó skal sá, er girðir, aldrei eiga rjett til frekari endurgreiðslu en svari helming girðingarkostnaðarins.

Nú liggur bithagi jarðar að landi kauptúns, og verður fyrir miklum ágangi af beit frá kauptúninu og skal þá jarðeigandi eiga sama rjett til framlags til girðingar frá kauptúninu eða eiganda þess lands er kauptún liggur í, eins og tún eða engi lægi á móti.

Verð girðingar liggur undir mat úttektarmanna, og kaup þeirra telst til girðingarkostnaðar.

Um viðhaldskostnað fer eftir sömu reglum.

9. gr.

Nú er vírgirðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sje gengið, sem land á að henni. Sje garður hlaðinn undir vírinn, skal efni og grundvöll taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur, eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en maður vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn meta, að eigi sjeu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið, og skulu þá úttektarmenn meta skaðabætur þeim er landið missir. Rjettur til annara afnota en engja og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skifti löndum til fullnustu.

10. gr.

Girðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 65 sentimetrar sjeu milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 5 metrar og 65 sentimetrar sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 3 metrar og 77 sentimetrar sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Þetta nær og til gaddavírsgirðinga meðfram tröðum og heimreiðum.

11. gr.

Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut eða fjallveg, nema hlið sje á fyrir veginum, en þá skal það vera heimilt. Ef vegur er akfær, þarf þó samþykki hreppsnefndar, ef um hreppsveg er að ræða, en sýslunefndar um aðra vegi. Nú er girðing sett yfir veg með hliði fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu varða sektum og skaðabótum.

Nú liggur yfir land forn fjallvegur, afrjettarvegur, eða bæjavegur, og telst eigi til neins vegaflokks, gildir þá hið sama um þá vegi og vegi þá, er áður eru taldir.

Ef girt er yfir aðra stíga eða götutroðninga, getur hreppsnefnd, ef þess er krafist, heimtað, að hæfilegt hlið sje sett á girðinguna.

Eigi má landeigandi læsa hliði nje með öðru móti hindra umferð um slíkan veg, nema hreppsnefnd leyfi.

Sama gildir og um sleðabrautir og aðrar vetrarleiðir sem nauðsynlegar

eru til almenningsnota. Þar sem svo stendur á, má landeigandi kjósa um að taka upp girðinguna að vetrinum, þar sem hún liggur yfir leiðina, eða búa svo um hlið, að auðvelt sje að opna, þó að snjór leggist að. Skylt er við slík hlið að hafa hlaðna kampa, vörðu eða háan stólpa, með ánegldu spjaldi, svo glöggvar sjáist hliðið álengdar. Nánari ákvæði um þetta setur sýslunefnd, ef leiðin liggur um fleiri hreppa en einn, en hreppsnefnd, ef um innanhreppsveg er að ræða.

12. gr.

Stórgripagirðingar með 1 eða 2 gaddavírsstrengjum skulu ávalt þannig gerðar, að vírinn sje hvergi minna en 65 sentimetra frá jörð. Vírinn skal strengja vandlega. Nú er girðing illa strengd eða í vanhirðu, svo fjenaður festist í henni eða hlýtur meiðsl af þeim sökum, skal þá eigandi girðingarinnar sæta sektum, og greiða auk þess skaðabætur þeim er fjenaður meiddist fyrir.

13. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

14. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 13. gr., og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

15. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 14. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni, með $^2/_3$ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja, og samþyktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

16. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 13. gr. Er öll meðferð samþyktar þá hin sama og 14. og 15. gr. skipa fyrir um, nema að hreppsnefnd kemur þá hvervetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

17. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til stað-

festingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitasjóð, ef brotið er móti hreppssamþykt.

19. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 30. júlí 1909 um girðingar, svo og þau ákvæði í 44. og 45. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og önnur lagaákvæði er koma í bága við lög þessi.

Nd. **589. Framhald af nefndaráliti**

minni hluta nefndar um frv. til laga um vatnsveitingar.

Efri deild hefir gert þann óvinafagnað, að setja aftur inn í frumvarpið grein, sem feld var hjer í deildinni með 14 atkvæðum gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli. Svo miklu ástfóstri hefir hún tekið við ákvæði um eignarnámsheimild á jörðum til handa samáveitufjelögum. Og svo áfjáð er hún um eignarnámið, að hún skipar svo fyrir, að áður en 5 mánuðir eru liðnir frá því, er undirbúningi þess happaverks er lokið, þá *skal* stjórn áveitufjelagsins láta eignarnámið fara fram. Þó að menn væru hættir við fyrirtækið á þessum 5 mánuðum, þá *skal* eigandi missa jörðina.

Minni hluti búnaðarnefndarinnar taldi samáveitufyrirtækjum vel borgið, ef heimilað væri að taka kostnað fjárnámi af þeim, er þrjóskast vildi við samþyktum, og urðu 14 deildarmenu því samþykkir.

Minni hlutinn leggur því til, að 18. gr. frumvarpsins verði feld, en í hennar stað samþykt svo látandi

BREYTINGARTILLAGA

1. 18. grein skal orða svo:

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn

samkv. 17. grein, þá má taka kostnaðinn lögtaki hjá eiganda. En skyldur er leiguliði að greiða að sínum hluta árlegan kostnað til viðhalds, stjórnar og umsjónar á fyrirtækinu, og má taka þann kostnað lögtaki, ef tregða verður á greiðslunni. Um eftirgjaldsauka fer eftir 17. grein þessara laga.

2. Til vara 18. gr. skal orða svo:

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkvæmt 17. gr., má taka hann lögtaki hjá leiguliða svo og viðhaldskostnað. Þegar sá leiguliði fer af jörð, sem áveitukostnaður hefir verið tekinn lögtaki hjá, þá skal hann fá endurgjald eftir ákvæðinu í síðara hlufa 17. gr. í þessum lögum. Nú er leiguliði óreigi, og má þá ganga að landsdrotni um kostnað við áveitu og viðhald hennar.

Alþingi 27. ágúst 1913.

Bjarni Jónsson frá Vogi. Halldór Steinsson.

Nd. **590. Nefndarálit**

um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna Alþingis við landsreikningana fyrir árin 1910 og 1911.

## Reikningurinn 1910.

### Tekjubálkurinn.

*18. Áfengistollur o. fl.* (ath. 18).

Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að í Jarðabókarsjóðsreikningnum sje öllu aðflutningsgjaldi slengt saman, en ekki sundurliðað eins og í fjárlögunum og LR. Stjórnarráðið hefir haldið fram, að landsfjehirðir verði látinn semja sjerstaka sundurliðaða skrá yfir aðflutningsgjaldið, er verði látin fylgja reikningunum til yfirskoðunarmanna, en þó slík skrá yrði samin, þá telur nefndin hana ekki eins heppilega og að aðflutningsgjaldið sje sundurliðað í bókunum, enda virðist nefndinni það sjálfsagt, að hver sjerstök tekjugrein sje færð sjer.

Yfirskoðunarmenn hafa ennfremur athugað að röð hjeraðanna sje önnur í JR en LR, og felst stjórnin á það í svari sínu, að það sje hentugra, að sama hjeraðaröð sje á báðum reikningunum. Nefndin felst á þetta, en vill jafnframt vekja athygli á, að viðkunnanlegast er, að sama hjeraðaröð sje á öllum opinberum skýrslum (Landshagsskýrslum, LR o. s. frv.).

Yfirskoðunarmenn hafa óskað þess með skírskotun til samþyktar Alþingis á tillögum yfirskoðunarmanna við LR '08—'09, 5. lið, að landsstjórnin láti þess getið í ath. við LR, þegar tollur er endurgoldinn, sem og hve mikill og hvers vegna. — Nefndin aðhyllist þessa tillögu yfirskoðunarmanna, og leggur til, að henni verði fullnægt framvegis.

*18 b. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar* (ath. 43, 44).

Yfirskoðunarmenn hafa getið þess, að ávísunarkostnaðurinn virðist eiga að lenda á hinum seku, en ekki á landssjóði. Enda þótt nefndin geti fallist á, að þetta álit yfirskoðunarmanna muni vera rjett, er þó að athuga, að það þykir töluverðum vandkvæðum bundið fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra að fá upplýsingar, um hve miklu þessi kostnaður muni nema í hverju einstöku tilfelli.

Af þessum ástæðum þykir nefndinni ekki fært að leggja til breytinga á þessu atriði.

*3. gr. 1. Tekjur af fasteignum landssjóðs* (ath. 46—53).

Reikningar frá sumum umboðunum eru all-ógreinilega færðir, og um einn þeirra segir landsstjórnin, að hann sje »eiginlega fremur skilagrein en reikningur« (sbr. LR '10, bls. 113), enda er þar mikil ósamræmi á milli reikningsins og LR (sbr. 48. ath. '11, svar við hana og tillögur til úrskurðar um hana). — Nefndin lítur svo á, að þessir gallar umboðsreikninganna stafi mjög mikið af því, að nýja umboðsmenn, sem óvanir eru að gefa reikningana, vantar með öllu fyrirmynd fyrir þeim eða eyðublað undir þá. Nefndin vill því leggja til, að stjórnin láti semja slík reikningseyðublöð til afnota fyrir umboðsmenn.

*3. gr. 2. Tekjur af kirkjum* (ath. 54).

Í ath. 54 við LR '11 finna yfirskoðunarmenn að því, að reikningurinn fyrir Reykjavíkurdómkirkju fyrir árið 1910 var ókominn, er LR var saminn, 15. des. 1911, og í ath. 35 við LR '11 er fundið að hinu sama.

Enda þótt nefndin hafi orðið þess vís, að það sje miklum erfiðleikum bundið, að innheimta gjöld þau er hjer um ræðir, þá þykir nefndinni þó dráttur hafa orðið um of á reikningsskilunum, og leggur því til, að lagt sje fyrir reikningshaldara að bæta úr þessu.

*3. gr. 3. Tekjur af silfurbergi* (ath. 55, 1).

Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að skilagrein dags. 7. des. 1910 um silfurberg úr Helgustaðafjalli »sje alveg óhafandi skilagrein«, og stjórnin segir í svari sínu, að hún hafi ekki fengið aðra skilagrein, enda hafi leyfishafar ekki enn fengið aðalkvittun, og eigi ógreiddar 86 kr. 25 aura. — Næsta ár, 1911, hafa engar tekjur orðið af silfurbergi, vegna þess að peningarnir komu ekki frá Frakklandi fyr en árið 1912, segir í svari stjórnarinnar (svar 36, LR '11).

Af þessu er ljóst, að leyfishafarnir 1910 hafa þá ekki gefið fulla skýrslu um silfurbergið, og leggur nefndin því til, að landsstjórninni sje falið að fá fullnaðarskýrslu samhliða því, er hún gefur aðalkvittun.

## Reikningurinn 1911.

### Tekjubálkurinn.

*1. Ábúðar- og lausafjárskattur o. fl.* (ath. 1 o. fl.).

Yfirskoðunarmenn hafa lagt til, að landsstjórnin gangi ríkt eftir því, að reikningshaldarar fari nákvæmlega eftir fyrirmælum reglugerðar 12. febr. 1873.

Þessu er nefndin fyllilega samþykk, og þar eð greiðsludráttur sá og vanskil, er átt hafa sjer stað hjá einum innheimtumanni, hafa ekki bakað landssjóðnum tjón, sjer nefndin ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta atriði.

*16. Símatekjur* (ath. 21).

Nefndinni þykir rjett að geta þess, að hún sje sammála yfirskoðunarmönnum um það, að landssímastjóra beri sem öðrum innheimtumönnum landssjóðs að greiða símatekjurnar ársfjórðungslega.

**Gjaldabálkurinn.**

*13. gr. Vitarnir* (ath. 77).

Yfirskoðunarmenn vilja skjóta því til úrskurðar Alþingis, hvort vitaumsjónarmanni sje heimilt að reikna sjer fæðispeninga á ferðinni auk ferðakostnaðar.

Að vísu telur nefndin ekki sanngjarnt að hann beri þennan kostnað, en telur hinsvegar nægilegt, að hann fái 4 kr. á dag í fæðispeninga á ferðum sínum, hvort heldur hann ferðast á sjó eða landi.

*21. Fjárgreiðslur eftir fjáraukalögum 1910—11* (ath. 110).

Upphæð sú, er ræðir um í þessari athugasemd, er að vísu ekki há, en nefndinni þykir þó rjett að taka það fram, að hún álítur að landsstjórnin eigi ekki að greiða fje úr landssjóði, þar sem engin fjárveiting liggur fyrir, nema að brýna nauðsyn beri til.

Að því er snertir ágreining milli endurskoðenda og stjórnarinnar um það, hvort aukafjárveitingar beri að leita fyrir upphæðum eða ekki, leyfir nefndin sjer að skírskota til nefndarálitsins um frumvarpið til fjáraukalaga fyrir 1910 og 1911.

Alþingi, 26. ágúst 1913.

Stefán Stefánsson Eyf., formaður.

G. Eggerz, skrifari og framsögumaður.

M. J. Kristjánsson.

Nd. **591. Framhaldsálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

Nefndin hefir eigi fallist á allar breytingar efri deildar og ræður því deildinni til að gera nokkrar breytingar.

BREYTINFARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Á eftir »allskonar netagarn« komi: strigi.
2. — — — Fyrir »vjelaolíur til áburðar« komi: vjelaáburður.
3. — — — Á eftir »spengur« komi: rær og gaddar.
4. — — — Á eftir málsgreininni »Af allskonar vefnaðarvöru o. s. frv.« komi ný málsgrein og ný lina:
   Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. greinar vörutollslaganna, skulu þar taldir bátar.
5. — — — Síðustu málsgrein skal orða svo:
   Pappír skal undanþeginn vörutolli, ennfremur tilbúin áburðarefni, leirpípur, sandur til járnsteypu, skip og bátar, sem siglt er til landsins.

Alþingi, 27. ágúst 1913.

Jón Jónsson, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari. M. J. Kristjánsson.

Einar Jónsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. **592. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911.

Nefndin hefir ekki fundið annað að athuga við frumvarp þetta en það, að tekjurnar af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði eru vantaldar 1910 um kr. 406,72, og kemur því fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 19. tölulið:
Í stað »45,338,57«
komi: 45,745,29
og breytast niðurstöðutölurnar í frumvarpinu samkvæmt þessu.

Nefndin leggur þannig til, að frumvarpið verði samþykt með þessari breytingu.

Alþingi, 26. ágúst 1913.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. G. Eggerz, skrifari og framsögum. M. J. Kristjánsson.

Nd. **593. Ágreiningsálit**

um frv. til laga um mannanöfn.

Kunnara er það, en frá þurfi að segja, að vjer Íslendingar höfum varðveitt betur tungu og siðu norræns þjóðabálks en nokkur önnur þjóð. Eigum vjer þeirri lífseigju tungunnar það að þakka, að vjer erum enn þá taldir meðal mentaðra og siðaðra þjóða. Að öðrum kosti mundum vjer nú vera orðnir að hálfdönskum undirlægju lýð, sem enginn vildi að neinu geta nje nokkurs meta. Þessi fastheldni við tungu og siðu forfeðra vorra er oss hin dýrasta menningarlind, því að nálega hvert orð segir oss sögu af æfikjörum þeirra og andarstarfi um margar þúsundir ára og bindur nútíð við fortíð, svo að framtíðin knýtist þar ósjálfrátt við eftir rjettu orsakar lögmáli. Verður því andarþroski þjóðarinnar fagur og mikill viður svo sem askur Yggdrasils. Má sá viður verða allra trjá mestur og limar hans dreifast um heim allan og standa yfir himni, því að ein rót hans stendur yfir Urðarbrunni, þar sem heilladísir Íslands vaka, en önnur yfir Mímisbrunni, þar sem spekt og mannvit norrænna þjóða er í fólgið og auðfundið þeim, sem tunguna geyma, svo að eigi þurfu menn nú að setja auga sitt að veði. En því er nú ver að ein rót þessa viðar stendur yfir Niflheimi og svo er um hann sem um ask Yggdrasils að

hjörtr bítr ofan
en á hliðu fúnar,
gnagar Níðhöggr neðan.

Þjóðrækni vil jeg jafna til arnarins, er situr í limum asksins, en glöggskygnin er haukur sá, er Veðrfölnir kallast og situr í milli augna honum. Ræktarleysi við tungu og þjóðerni jafna jeg til Níðhöggs, en Ratatöskr er hver sá uppskafningur, sem veit eigi í hverja löppina hann á að stíga og veit það eitt, að

sá vegur lá að valdi og öllu gengi
að veðrast upp við erlent siðafar.

En fleiri en einn Ratatöskr rennur upp og niður stofninn á þeim viði þjóðarþroskans, sem fyr var nefndur, því að nú verður erfitt að telja þá. Um þá verður naumast sagt, að þeir beri öfundarorð milli Níðhöggs og arnarins, heldur mun rjettar að orði kveðið, að þeir beri Níðhöggi njósnir um það, hvenær örninn sefur og hvenær honum muni óhætt að senda yrmlinga sína til þess að naga rót viðarins.

Nú ber vel í veiði, því að örninn dottar og haukurinn sjer eigi voðann, en íkornarnir bregða við og gera óvininn við varan. Skipar hann allri sinni átfreku yrmlingafjöld að naga rætur viðarins.

Vera má, að sumir vilji eigi telja meðferð á nöfnum manna svo mikilvægan þátt í meðferð tungunnar, að svo ríkt þurfi að kveða að, sem hjer er gert. En þeim mönnum skjöplast hrapallega. Er þess þar fyrst að gæta, að kynvillur, endingafall og beygingarskekkjur eru einmitt hvað hættulegastar í nöfnum, því að nálega engin önnur orð eru svo oft töluð og rituð. Þetta er því geysileg hætta fyrir tunguna, að fara illa með nöfn. Þar er og sú gatan, sem uppskafningar

sækja mest á, þeir sem kunna eigi annað ráð vænna sjer til upphefðar, en að auðkenna sig með aðfengnum ónefnum. Þar sannast sá málsháttur, sem segir að auðlærð sje ill danska, því að svo mikið vinna Íslendingar til þessarar nafnprýði, að konur kalla sig syni tengdafeðra sinna og því bræður manna sinna og sona. Eru þá orðin allþykk þau skolleyru, sem menn skella við kröfum málsins, og veit jeg þá eigi, hvers muni örvænt í því efni, ef þetta gengur fram. Þá er eigi síður hins að gæta, að þá hverfur minning og meðvitund um eitt hið fegursta atriði í menning norrænna þjóða og vor Íslendinga, ef vjer brjálum heiti manna með þeim hætti, sem nú verður mörgum og lög þessi heimila. Það atriði er sú virðing fyrir einstaklingsrjetti, sem felst í því, að hver maður eigi nafn sitt, en það sje eigi sameign margra manna. Einkum er þetta mikils vert um konur, því að af því má ráða, hversu norræn menning var þar fremri menningu Rómverja, því að þar var konan alla æfi nafnlaus eign karlmanna, fyrst föður síns, en síðan manns.

Af þessum ástæðum vil jeg eigi að mönnum sje leyft að taka upp ættarnöfn, heldur að það verði bannað. Raunar ætti eigi að vera þörf laga til þess vjer hjeldim trygð við tungu og siðu þjóðar vorrar, en þó mun nú eiga hjer við það, sem getur í Þingvallabrjefi Jónasar Hallgrímssonar, er menn voru tjóðraðir til þess að þeir stælist eigi burt af Þingvelli. Lagaboð gæti hjer orðið tjóður á þá, sem vilja stelast frá því, sem þeim ætti að vera dýrmætast.

Mjer vex það eigi í augu, þótt bann væri lagt við slíku. Þó er jeg sammála meiri hluta um, að eigi beri að takmarka frelsi einstaklings framar en nauðsyn er á, til þess að borgið sje hag þjóðfjelagsins. Hins hefir meiri hlutinn (þ. e. sá fyrirvaralausi) ekki gætt, að hjer er þörf á lögum til þess að hefta skemdarverk, en óhappaverk að styðja með lögum að þeim ósóma. Þó er þess verra, að vinna skemdir á frv. efri deildar, því að það var áður allilt. En það gerir meiri hlutinn, er hann telur ekki nægja að gera kynvillur í orðabókum og málfræðibókum, heldur vill og leyfa mönnum kynvillingshátt á lifandi verum. Og auk þess unir hann best einu falli á Guðnýju Sigurðsson, en vill ekki beygja hana.

Það er því á góðum rökum bygt, að jeg vil ekkert sálufjelag eiga við meiri hlutann í þessu máli, svo og hitt, að jeg vil hafa lög þessi með öðrum hætti. Vísa jeg í mínar

## BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Hver maður skal heita einu eiginnafni og kenna sig til föður síns, er þörf gerist. En heimilt er honum að taka sjer kenningarnafn með þeim skilyrðum, sem sett verða í lögum þessum.

2. — 2. — Greinina skal orða svo.
Hver maður skal rita nafn sitt með fullum stöfum, og eigi má hann breyta nafni, nema með þeim hætti, sem segir í lögum þessum. Svo skal kenna sig til föður, að karlmaður nefnist sonur föður síns en kvenmaður dóttir. Kenningarnafn skal og rita fullum stöfum.

3. Við 3. gr. Í stað »má hún taka — þau er lifa hjer á landi« komi: skal hún halda nafni sínu, því er hún áður hafði.

4. — 4. — Fyrra lið greinarinnar skal orða svo:

Nú tekur erlendur maður sjer bólfestu hjer á landi, sá er ber ættarnafn, og er honum þá heimilt að bera það svo og næsta ættlið, en þá skal niður falla. En eigi er börnum hans skylt að bera ættarnafnið.

5. — 4. — Síðari liður greinarinnar skal vera svo:

Ef barn er föðurlaust, skal því gefa kenningarnafn.

6. — 5. gr. Greinin falli niður.

7. — 6. — Greinina skal orða svo:

Nú vill maður, 16 ára eða eldri, skifta um nafn eða taka sjer kenningarnafn, og skal hann þá senda stjórnarráðinu beiðni um það og láta henni fylgja skírnarvottorð sitt eða þau vottorð, sem koma í þess stað eftir gildum lögum. Sje umsækjandi yngri en 16 ára, verður hann að láta beiðninni fylgja samþykki þess, er foreldraráð hefir yfir honum.

Ef sá á börn, sem skiftir um nafn, skulu þau velja um, til hvers nafnsins þau vilja kenna sig, ef þau eru fullveðja, en ella kenna sig til hins nýja nafns, en tilkynna skal stjórnarráðinu, til hvers nafnsins fullveðja börn vilja kenna sig.

Enginn má breyta nafni oftar en um sinn eftir 16 ára aldur.

8. — 7. — Greinina skal orða svo:

Enginn getur fengið heimild til að taka að kenningarnafni þau nöfn, er nú skal greina.

a. Kenningarnöfn annara manna.
b. Ættarnöfn, hvort sem eigandi er hjerlendur eða erlendur.
c. Nöfn, er telja verður óhæf í íslensku máli.

9. Bæta skal inn nýrri grein svo hljóðandi:

Ef þeir menn vilja halda ættarnöfnum, sem nú hafa þau, skal þeim það heimilt, ef þeir sækja um það til stjórnarráðsins og gjalda 20 krónur í nafnskatt á ári eða 500 krónur einu sinni. Undanskilin þessari heimild eru þó ættarnöfn, sem enda á *son*, *sen* eða *dóttir*. Þeir menn skulu leita löglegrar heimildar, sem nú hafa kenningarnafn.

10. — 8. gr. Hana skal orða svo:

Stjórnarráðið lætur gera skrá yfir rjett íslensk heiti karla og kvenna forn og ný. Skal hún vera til sölu hjá öllum bóksölum landsins. Stjórnarráðið ákveður söluverðið.

11. — 9. — Greinin falli niður.

12. — 10. — Greinin falli niður.

13. Við 11. gr. Fyrri málsgreinin falli niður.

14. — 12. — Hana skal svo orða:
Fyrir heimild til nafnaskifta eða kenningarnafna skal greiða 5 krónur í landssjóð.

15. — 13. — Tvær hinar fyrri málsgreinar falli niður.

16. — » — Fyrir »fornafn«
komi: nafn.

17. — 15. — Greinin falli niður.

Ræð jeg deildinni til að samþykkja lögin, ef þessar breytingartillögur mínar ná samþykki, en að öðrum kosti skora jeg á menn að fella það gjörsamlega.

Alþingi, 27. ágúst 1913.

Bjarni Jónsson frá Vogi.

Nd. **594. Frumvarp**

til laga um hagstofu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Það skal falið sjerstakri stofnun að safna skýrslum um landshagi Íslands, vinna úr þeim og koma þeim fyrir almennings sjónir. Stofnunin nefnist hagstofa Íslands, og stendur beinlínis undir ráðherranum.

2. gr.

Þessi eru meginatriði landshagsins, sem hagstofunni ber einkanlega að rannsaka:

1. Fólksmagn: a, manntöl; b, fæðingar; c, hjónabönd; d, heilsufar; e, manndauði: f, fólksflutningar.
2. Dómsmál, þar með talin einkamál, sáttanefndarmál, sakamál og lögreglumál.
3. Atvinnuvegir: a, landbúnaður; b, iðnaður; c, fiskiveiðar; d, siglingar og verslun; e, bankar, sparisjóðir og aðrar allsherjar lánsstofnanir.
4. Efnahagur landsmanna: a, tekjur af eign og atvinnu; b, virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim; c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim eignum; d, verðmæti skipa og báta og veðskuldir er á hvíla.
5. Stjórnmál: a, notkun kosningarrjettar; b, starfsmenn þjóðfjelagsins.
6. Fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitarfjelaga, gjafasjóðir og styrktarsjóðir.
7. Þjóðareignir til almenningsnytja: a, vegir og brýr; b, ritsímar og talsíma c, póstflutningar.

8. Fræðslumál: a, barnafræðsla; b, unglingaskólar og aðrir alþýðuskólar.
9. Tryggingarstarfsemi: a, líftrygging; b, heilsutrygging; c, eignatrygging.

Auk skýrslna um framangreind atriði vinnur hagstofan að skýrslum, er hjer eftir kunna að verða lögboðnar eða fyrirskipaðar af landsstjórninni, eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

3. gr.

Hagstofan á að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað.

Landshagsskýrslur skulu koma út svo fljótt sem unt er, jafnóðum og þær eru tilbúnar frá hendi hagstofunnar.

Árlega skal gefa út stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs, með þýðingum á eitthvert hinna þriggja aðal-mentamála.

4. gr.

Öll þau störf viðvíkjandi söfnun og móttöku landshagsskýrslna, sem samkvæmt gildandi lögum, reglugjörðum o. fl. nú hvíla á stjórnarráði Íslands, hefir hagstofan á hendi eftirleiðis.

Heimilt er hagstofunni að fyrirskipa, að skýrslur, sem hingað til hafa verið sendar frá hreppstjórnarvöldum eða einstökum mönnum til sýslumanns, sjeu sendar beint til hagstofunnar, og getur hún endursent til leiðrjettingar skýrslur, er henni þykja ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um vanrækslu í því, að inna af hendi lögmælt skýrsluskil.

5. gr.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri og einn aðstoðarmaður, skipaðir af ráðherra. Vanalega hafa þeir einir rjett til þessara starfa, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði.

Hagstofustjóri hefir að launum 3000 kr., en aðstoðarmaður 2500 kr.

6. gr.

Til stofnsetningar hagstofunnar veitast alt að 3000 kr. af landssjóði.

Laun starfsmanna og árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar, svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögunum fyrir hvert ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

Nd. **595. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík.

Nefndin, sem hefir haft þetta mál til ihugunar, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ekkert sje varhugavert við að selja umrædda landspildu og ræður því þingdeildinni til að samþykkja frumvarpið.

Neðri deild Alþingis, 27. ágúst 1913.

| Jón Magnússon, formaður. | Tryggvi Bjarnason, skrifari og framsögum. | Eggert Pálsson. |
|---|---|---|

Kristinn Daníelsson.
með fyrirvara.

Jeg sje enga ástæðu til að selja landsspildu þá, er ræðir um í frumvarpinu, og tel það varhugavert að ganga inn á þá braut, *að selja einstökum mönnum* stærri eða minni sneið af jörðum hins opinbera. Hitt gæti komið til mála, að selja umrædda landsspildu á erfðafestu.

Sigurður Sigurðsson.

Ed. **596. Breytingar- og viðaukatillögur**

við breytingartillögur á þskj. 579 og við frv. á þskj. 553.

Frá nefndinni.

1. Við 1. brtt.: Fyrir »20« komi: 200.

2. — 4. gr. frumvarpsins á þskj. 553, sem verður 5. gr.
Fyrir: »5. og 6.« komi: 3. og 4.

Ed. **597. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóvbr. 1907.

Hjer er að ræða um kosningu borgarstjóra í Reykjavík. Hann er nú kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn, samkvæmt lögum nr. 86, 1907. En í þessu frumvarpi er svo fyrir mælt, að hann skuli »kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn«; eru honum ætluð sömu laun og áður; 4500 kr. á ári og 1500 kr. í skrifstofufje.

Oss er kunnugt, að ýmsum bæjarbúum er áhugamál, að þessi breyting nái fram að ganga, og tillögur um það hafa verið samþyktar á borgarafundum. En vjer vitum líka að margir bæjarbúar eru þessu andstæðir, *er öldungis óvíst, hvort meiri hluti allra atkvæðisbærra borgara í Reykjavík er nú með eða móti þessu nýmæli.*

Oss er einnig kunnugt, að málið var borið upp á bæjarstjórnarfundi rjett fyrir skömmu, og tillaga í sömu átt og frumvarpið samþykt þar með 7 atkvæðum af 10, sem voru á fundi. Bæjarfulltrúar eru 15 alls; er því *einnig óvíst að meiri hluti bæjarstjórnar sje breytingunni hlyntur.*

Þá er á það að líta, hvort ætla má, að þessi breyting sje til bótar, eða baga fyrir Reykjavíkurbæ.

Borgarstjórastaðan er mjög vandasöm; er öllum glöggskygnum borgurum bæjarins fullljóst, að jafnan má búast við miklum erfiðleikum á því, að fá vel hæfa menn í þá stöðu, einkanlega vegna þess, að starfið er ekki veitt nema til 6 ára í senn, og fyrir þá sök hæpið, að nokkur reyndur og ráðsettur maður vilji sleppa góðri atvinnu og takast þetta starf á hendur, án minstu vissu um að mega halda því lengur en 6 ár.

Ef bæjarstjórn veitir stöðuna, getur hún leitað fyrir sjer hjá þeim mönnum, sem hún hefir best álit á, og lofað þeim manni, sem hún telur hæfastan, að hann skuli fá starfið ef hann sæki. En eigi allir atkvæðisbærir borgarar að kjósa borgarstjórann, þá getur hæglega farið svo, að margur góður maður vilji ekki gefa kost á sjer, sem þó kynni að hafa fengist, ef bæjarstjórn hefði boðið honum stöðuna.

Þá er og þess að gæta, að þegar miklar stjórnmáladeilur eru uppi, má telja víst, ef almenningur kýs, að barist verði um borgarstjórakosningu, rjett eins og þingmannakosningu, og getur þá vel farið svo, að besta borgarstjóraefnið nái ekki kosningu.

Í bæjarstjórn er þessi hætta minni, af því að bæjarfulltrúarnir eru ekki kosnir allir í einu, heldur $^1/_3$ í senn, annað hvort ár, enda eru þar jafnan þeir menn einir, sem gæta betur gerða sinna og finna hver um sig meir til ábyrgðar á atkvæði sínu, en kjósendafjöldinn ef æsing hleypur í kosningar.

Og loks viljum vjer vekja athygli á því, að það varðar miklu fyrir alla þjóðina, hvernig sjermálum höfuðstaðarins er stjórnað. Í Reykjavík búa allir yfirembættismenn landsins; þar eru allir helstu skólarnir, en í þá skóla sækir ungt fólk hvaðanæfa af landinu og hefir hjer vetursetu; útgjöld landssjóðs í allar þessar þarfir eru um 400000 kr. á ári. Fari nú fjárhagsmál Reykjavíkur í óreiðu, svo að allar álögur á bæjarbúa verði mjög þungar og mjög kostnaðarsamt að lifa í bænum, þá er augljóst, að það bitnar á allri þjóðinni; þeim mun meir verður þá að auka laun allra starfsmanna þjóðarinnar sem hjer búa, og þeim mun kostnaðarsamara verður skólanám hjer fyrir æskulýðinn.

Af öllum þessum ástæðum verðum vjer að álíta, að það sje óráðlegt að gera að svo stöddu þá breytingu á skipun borgarstjóra, sem frv. fer fram á, og sjáum oss ekki annað fært, en leggja til, að frumv. verði felt.

Efri deild Alþingis, 27. ág. 1913.

| | | |
|---|---|---|
| Eiríkur Briem, formaður. | G. Björnsson, skrifari og framsögum. | Guðjón Guðlaugsson. |

Nd. **598. Nefndarálit**

um frumv. til laga um lögskipaða endurskoðendur.

Frá meiri hlutanum.

Allir voru nefndarmenn á því, að nauðsyn bæri til, að svo yrði með tímanum sem frumv. gerir ráð fyrir, en meiri hluta þótti undinn of bráður bugur að framkvæmdinni, ef mönnum væri þegar gert að skyldu að láta lögskipaða endurskoðendur skoða reikningana. Meiri hluti vill því fella 1. gr. framan af, en kljúfa aðra grein í heimildarlög til þess að löggilda endurskoðendur. Sýna það þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinina skal kljúfa í eftirfarandi greinar:

1. gr.

Með lögum þessum er stjórnarráði Íslands veitt heimild til þess, að löggilda endurskoðendur. Þá er maður beiðist löggildingar til þess starfa, skal hún honum veitt, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í þessum lögum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur um í 1. gr.:

1. Löggildur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri, hann skal vera fullráði fjár síns og hafa óflekkað mannorð.

2. Hann skal sanna fyrir stjórnarráðinu, eða fyrir nefnd er stjórnin skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem nauðsyn þykir.

3. gr.

Ef löggildur endurskoðandi er eigi lengur fjár síns ráðandi, eða mannorð hans flekkast, þá skal stjórnarráðið taka af honum löggildinguna. En er hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggildan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun hafa fult gildi.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eður á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Stjórnarráðið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda.

3. 3. gr. falli niður.

Fyrirs. verði: Frumvarp til laga um löggilta endurskoðendur.

Meiri hlutinn ræður deildinni til að samþykkja lögin með þessum breytingum.

Alþingi, 27. ágúst 1913.

Jón Ólafsson, (framsögum. meiri hl.). Ólafur Briem. Pjetur Jónsson.

## Frá minni hlutanum.

Minni hlutinn telur lög þessi miklu lítilvægari, ef eigi eru menn skyldaðir til endurskoðunar. Vill haun raunar heldur hafa tillögur meiri hlutans en að engu þoki um, en leggur fastlega með því, að aftan við tillögur meiri hlutans sje bætt þessu:

## VIÐAUKATILLAGA

við breytingartill. meiri hlutans.

1. Aftan við skal bæta þessum greinum:

7. gr.

Stjórnarráðið skiftir landinu í endurskoðunar umdæmi. Þá er endurskoðandi hefir verið löggiltur í umdæmi, skulu allir opinberir sjóðir, hlutafjelög og hverskonar sameignarfjelög í því umdæmi, láta hann endurskoða reikninga sína, en stjórnarráðið gerir fyrirsögn um, hversu launa skuli endurskoðun.

Löggiltir endurskoðendur mega eigi vera embættismenn, nje hafa sýslanir, sem launaðar eru af almannafje.

8. gr.

Heimilt er að láta löggilda endurskoðunarmenn utan umdæmis endurskoða reikninga, þeim er það kjósa.

3. gr. frv. verði 9. grein.

Alþingi, 27. ágúst 1913.

Kristján Jónsson, (formaður) Bjarni Jónsson frá Vogi, (skrifari).

Nd. **599. Breytingartillögur**

við frv. til laga um strandferðir (þingskjal 367).

Frá samgöngumálanefndinni.

1. Orðin í 1. gr.: »og hafi tvö skipin . . . í förum 1911 og 1912« falli burtu.
2. Á eftir orðinu »Um« í niðurlagi sömu greinar bætist inn: hluttöku fyrir landssjóðs hönd í stjórn fjelagsins, stærð strandferðaskipanna, gerð þeirra og hraða.

Nd. **600. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 22. okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarpið er, eins og kunnugt er, upphaflega komið frá stjórninni þess efnis, að fá það lögbundið, að áfallnir vextir og afborganir af láni því, sem stjórnin tekur til símalagninganna, samkv. heimild í ofannefndum lögum, skuli greiðast af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum hefir verið varið til annars. Hefir efri deild fallist á þetta óskorað, og má skírskota til álits nefndarinnar þar um þetta efni (sjá þingskj. 253). Meiri hluti vor nefndarmanna hefir nú fallist á þetta, eða 4 af 5, og það af sömu ástæðum sem efri deildar nefndin til færir. Minni hlutinn, Skúli Thoroddsen, gerir sjerstakan ágreining í þessu efni.

Fyrstu grein frumvarpsins er öll nefndin sammála um að fella burt, sökum þess, að slík færsla á símalínum milli flokka myndi gera rugling á símakerfinu eftir því skipulagi, sem því er fengið með lögunum frá 22. okt. 1912, og flyti þar af, að ýmsum fleiri línum yrði þrengt inn í fyrsta flokk og hjeruðin heimtuðu tillög sín til símanna endurgreidd.

Fjórðu grein er nefndin einnig sammála um að fella skuli burt. Samkv. þeirri grein getur svo farið, að símaþjónusta á sumum símastöðvum verði borguð öllu hærra af landssjóði, en nú er úr sveitarsjóði. Kostnaðarauki, sem af þessu flyti fyrir landssjóð, nemur nú þegar, samkv. skýrslu frá landssímastjóra, alt að 4550 kr., og fer hann hækkandi mjög við nýjar símalínur. Við þetta skerðist að allmiklum mun afgangur sá af símatekjunum, sem ganga á til lagningar þriðja flokks símum, og það álitur nefndin óheppilegt.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að frumvarpið sje samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. gr. falli burt.
4. gr. sömuleiðis, og greinatalan breytist samkv. þessu.

Alþingi, 27. ágúst 1913.

Jóh. Jóhannesson, formaður.
Pjetur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Jón Jónsson.
Þorleifur Jónsson.

Ed. **601. Lög**

um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

(Samþ. í Ed. 27. ágúst).

Ákvæðin í konungsstaðfestingu 4. október 1831 á skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, sbr. gjafabrjef 8. júlí 1830, 5. lið, skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að verja megi árstekjunum af gjafasjóðnum, eða nokkru af þeim, til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, eftir tillögum sýslunefndar og bæjarstjórnar, til að koma í veg fyrir bjargarskort í harðæri.

Ed. **602. Lög**

um breyting á lögum nr. 39, 10. nóv. 1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

(Samþykt í Ed. 27. ágúst).

1. gr.

Orðin: »og nöfnin á hverjum lista — standa á listanum« í niðurlagi síðustu málsgreinar í 2. gr. laganna falli burt.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sje eigi stungið upp á fleiri fulltrúaefnum á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal bæjarfulltrúa, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjör-

stjórn, að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna, sem löglega hefir verið upp á stungið.

Sjeu aftur á móti fulltrúaefni á framkomnum, gildum listum fleiri samtals en kjósa skal fulltrúa, skal kjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kaupstaðinn og gera almenningi kunnugt með uppfestum auglýsingum, hverjir listar sjeu í kjöri, að tilgreindum nöfnum fulltrúaefna og bókstaf hvers lista.

Á kjörseðli skulu allir listar, er gildir hafa verið metnir, skráðir þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstrik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu skráðir á blaðið, hver við annars hlið, eftir stafrófsröð bókstafa sinna og nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista aðgreind með þverstrikum; hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þessa striks, sem takmarkar listann. Eigi tvö eða fleiri fulltrúaefni að öllu samnefnt, skal einkenna þau til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir bæjarstjórnarkosning í N.-kaupstað . . d. mán. 19 . . «, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

3. gr.

Aftan við 1. málsgrein 6. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn fyrir hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa.

Í 2. málsgrein 6. gr. falli burt orðin: »ásamt umslagi« — til enda málsgreinarinnar, svo og 3. og 4. málsgreinin og í þess stað komi:

fer kjósandi með hann inn í kjörklefann (kjörherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæðanna. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrikun nafns, ef hann vill útstrika, skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í, er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu, og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt

kosningarrjettar, nema hann sje sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórninni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist á einhvern hátt, eftir að kjósandi tók við honum, þá getur kjósandinn afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðirnar eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

4. gr.

Á eftir orðunum: »skemur en 3 tíma« í 1. málsgrein 7. gr. laganna bætist:

nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar.

5. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfninni er lokið; oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Sje kjósendum skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á honum; sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum meðmælendum og leggur þá svo frá sjer, þannig, að þeir kjörseðlar, sem eru sammerktir, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fari í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,

bætt nafni eða nöfnum við á lista,

skrifað nafn sitt á seðilinn,

sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan,

eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 6. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarjettar. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af, hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver fulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá meðmælendum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra fulltrúa, sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu fulltrúanna að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleiri en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefur mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur. eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

7. gr.

Í stað 12. gr. laganna komi svo látandi grein:

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa viðauka þá og breytingar á bæjarstjórnarkosningalögunum frá 10. nóvember 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra; getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem »Lög um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum«, og öðlast þau gildi 1. janúar 1914 í stað nefndra laga.

Nd. **603. Álit minni hluta nefndarinnar**

í málinu: »Frumvarp til laga um breyting á lögum 22. okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands«.

Minni hlutinn: *Skúli Thoroddsen*, þm. Norður-Ísfirðinga.

Það er tvent, sem því veldur, að jeg hefi eigi getað orðið háttv. samnefndarmönnum mínum samdóma:

I. Lögin frá 22. okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands, eru, í mínum augum, í fylsta máta **ójafnaðar-lög**, þar sem þau:

a, gera þeim að skyldu, að greiða tillag til síma-lagninga, sem öðrum landsbúum eru *ver settir*, þ. e. afskektari, eða fámennari, og þá og oft fátækari hjeruðunum, — þótt önnur hjeruð hafi þegar fengið síma-sambandið, án nokkurra fjárframlaga;

b, ætla og — þar á ofan — hjeruðunum, sem ver eru sett, að bíða, lengur eða skemur, og það jafnvel þótt áskilið *ójafnaðar-framlag* kynnu að vilja greiða, þarfar sinnar vegna.

Þessi **ójafnaðar-** eða *rangsleitnis-* **stefna** *laganna* hefir þegar víða valdið *eigi all-litilli óánægju*, — sbr. þá og efri deildar frumvarpið, þar sem tvær svo nefndar annars flokks línur hafa þegar verið færðar yfir í fyrsta flokkinn, og eigi ólíklegt, að líkar tilraunir, eigi all-fáar, yrðu og gerðar í neðri deild, væri frumvarpinu ætlað fram að ganga á þessu þingi.

Það er því *óhjákvæmilegt*, að lögin frá 22. okt. 1912 verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar, og það þegar á næsta þingi.

*Öllum skylt, að láta eigi ójöfnuðinn viðgangast*, og á þingmönnum hvílandi »meiri-ábyrgðin« í því efni, þ. e. enn ríkari ábyrgð, en á öðrum.

II. Stjórnin hefir þegar gert bráðabirgðasamning við »Norræna ritsímafjelagið mikla«, þar sem það lofar 500 þús. króna láni til símalagninga hjer á landi, gegn ábyrgð landssjóðs, en að því þó tilskildu, að »áfallna vexti og afborganir af láninu skuli greiða af tekju-afganginum af rekstri talsíma, og ritsíma landsins, áður en honum sje varið til annars«.

Vextir af láni þessu, sem á að endurborgast á 30 árum, eru áskildir $4^1/_2$ %, en lækka þó ofan í 4%, ef landið reisir loftskeytastöð í grend við Reykjavík, og sams konar stöð fæst og reist á Færeyjum.

Þessi er þá ástæðan til þess, að stjórnin leitar lagaheimildarinnar í 3. gr. frumvarpsins, sem fyr er getið.

Jeg fæ nú eigi betur sjeð, er *slíks* er krafist — sem ofanálags á ábyrgð landssjóðsins sjálfs —, en landinu sje gerð **óvirðing,** *og vantrausti lýst á skilsemi þess.*

Það, að leyfa ráðherra, að binda tekju-afganginn af síma-tekjunum, sem fyr segir, **gæti því og dregið að mun úr lánstrausti landssjóðs** — og landsmanna yfirleitt — **í öðrum löndum,** er æ má vitna í það, að eigi hafi »Norræna ritsímafjelaginu mikla« þótt annað þorandi, en að tryggja sig – auk ábyrgðar landssjóðsins — á fyrgreindan hátt, og hljóti það þó, ýmsra orsaka vegna, að vera öðrum kunnugra.

En þar sem um það ræðir, að gera eigi neitt, er spilt geti lánstrausti landsins, *þá tjáir eigi að horfa í*, þótt sæta yrði enda að mun dýrari lánskjörum annars staðar.

Af framan greindum ástæðum legg jeg það til, að frumvarpið verði felt, en að samþykt verði í þess stað svo látandi:

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur það sjálfsagt, að lögin frá 22. okt. 1912, um ritsíma og talsímakerfi Íslands, verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar, og að lagt verði, af hálfu stjórnarinnar, frumvarp fyrir Alþingi 1915 í þá átt, telur hún eigi rjett, að frumvarpið gangi fram á þessu þingi, og tekur því fyrir næsta mál á dagskránni.

Alþingi 27. ágúst 1913.

Nd. **604. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar.

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 28 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

34 alþingismenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum, en 8 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Þeir þingmenn, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, eiga allir sæti í efri deild og að auki 6 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, er kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Þingmenn kosnir óhlutbundnum kosningum skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum til 12 ára og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

Deyi þingmaður kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans, fyrir það, sem

eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafn margir og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.

4. Við 10. gr. Í stað orðanna:
»til efri deildar« komi: til hlutbundinna kosninga.

5. Við 11. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar er hver sá, sem kosningarrjett á til þeirra; kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt þar heima skemur en eitt ár. Kjörgengur við hlutbundnar kosningar er hver sá, er kosningarrjett á til þeirra. Heimilisfesta innan lands, er skilyrði fyrir kjörgengi, bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.

6. 17. gr. falli burtu.

7. Við ákvæði um stundarsakir.
Við 1. málsgr. Í stað »6« komi: 8. Orðin: »til efri deildar« falli burt.
— 2. — . Í stað »4« komi: 6.
— 3. — . Orðin »til efri deildar« falli burt.
— 5. — . Orðið »heldur« falli burt.

Nd. **605. Fjáraukalög**

fyrir árin 1912 og 1913.

(Samþykt í Nd. 28. ágúst).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913, veitast kr. 108,799,85 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast kr. 1325,00.

| | | |
|---|---|---|
| Við A. 3. | Til viðgerðar fangahússins á Seyðisfirði alt að ... ... | kr. 700,00 |
| | Á eftir A. 4. komi nýr liður, er verði 5. liður: | |
| | Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Strandasýslu... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — 125,00 |
| Við B. 6. | Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum í Garðsjó innan landhelgi gegn jafnmiklu annarstaðar frá ... ... ... | — 500,00 |
| | | kr. 1325,00 |

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (Læknaskipun) veitast kr. 1501,50.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 8. B. | Til að mála að utan geðveikrahælið á Kleppi ... ... | kr. | 600,00 |
| Við 10. | lið (nýir liðir): | | |
| | Aðgerð á sóttvarnarhúsinu á Akureyri ... ... ... ... | — | 601,50 |
| | Til drengsins Einars Guðmundssonar á Þórarinsstaðaeyri, til þess að leita honum læknishjálpar í Danmörku ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 300,00 |
| | | kr. | 1501,50 |

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (Samgöngumál) veitast kr. 63040, 66.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. | Til pósthúshyggingar (til undirbúnings og til að byrja á byggingunni).. .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 30000,00 |
| Við B. II. 3. | Reykjadalsbraut ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 10000,00 |
| Við B. II. | Til steinsteypubrúar á Steinslæk í Holtum $^2/_3$ hlutar kostnaðarins... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1146,11 |
| Við B. XII. | (nýr liður): | | |
| | Til fyrirhleðslu við Holtsá ... ... ... ... ... ... | — | 2547,56 |
| Við D. | Til endurgreiðslu á tillagi til simalínu frá Selfossi að Eyrarbakka .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 2500,00 |
| | Til endurgreiðslu á tillagi Rangárvallasýslu til Garðsaukasímans alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 3333,33 |
| | gegn því, að sýslan leggi á sínum tíma hlutfallslega til Víkursímans. | | |
| | Til endurgjalds á sýslutillagi til Patreksfjarðarsímans ... | — | 5000,00 |
| | Til þess að styrkja símalínuna á Fjarðarheiði, Fljótsheiði og víðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 7000,00 |
| Við E. VII. | Til vitavarðarbústaðar á Siglunesi ... ... ... ... | — | 713,66 |
| Við E. XVII. | Til brunngraftar við Garðskagavita alt að ... ... | — | 800,00 |
| | | kr. | 63040,66 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (Kirkju- og kenslumál) veitast kr. 14103,61.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. b. 6. | Álag á Staðastaðarkirkju ... ... ... ... ... ... | kr. | 1110,05 |
| | 7. Til Ásólfsskálakirkju, eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, að því tilskildu, að söfnuðurinn taki kirkjuna að sjer | — | 803,56 |
| Við B. I. | Til þess að kaupa Röntgensáhöld handa læknadeild háskólans ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 6000,00 |
| — - - | Til hr. A. Courmont í viðurkenningarskyni fyrir kennslu hans í frakkneskri tungu og bókmentum skólaárin 1911—1913 ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1440,00 |
| — B. III. b. 1. | Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | |
| | Til byggingar á úthýsi og aðgerðar á skólahúsinu eftir reikningi, alt að ... ... ... ... | — | 4000,00 |
| — B. IV. b. 2. | — aukakenslu við kennaraskólann ... ... | — | 750,00 |
| | | kr. | 14103,61 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. (Vísindi og bókmentir) veitast kr. 5153,33.

Við 1. c. (nýr liður):

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Aðstoð við Landsbókasafnið ... ... ... ... ... ... | kr. | 1053,33 |
| — 49. | (nýir liðir): | | |
| | Styrkur til að sækja olympisku leikina í Stokkhólmi 1912 | — | 2500,00 |
| | Til kvennrjettindafjelags Íslands, styrkur til þess að senda fulltrúa á alþjóðamót í Buda-Pest í júní þ. á. um kosningarrjett kvenna ... ... ... ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | Til stúdentafjelagsins í Reykjavík styrkur til þess að senda mann á 100 ára afmæli stúdentafjelagsins norska | — | 600,00 |
| | | kr. | 5153,33 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (Til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 17500,95.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. | Bændaskólinn á Hólum: | | |
| | Endurbætur á gamla skólahúsinu ... .. ... ... ... | kr. | 782,98 |
| | Til smíðakennslu .... ... ... ... ... ... ... ... .. ... | — | 500.00 |
| Við 2. | Bændaskólinn á Hvanneyri: | | |
| | Viðbótarstyrkur til að reisa leikfimishús ... ... ... ... | — | 3258,27 |
| | Upphæð þessi útborgast þá fyrst, er stjórnarráðið hefir fengið fullkomna skilagrein fyrir efnisleifum frá byggingu skólahússins á Hvanneyri. | | |
| — 20. | Styrkur til manns til að læra dýralækningar erlendis, fyrir síðasta ársþriðjung 1913 ... ... ... ... ... ... | — | 200,00 |
| — 30. | Ferðastyrkur til Sigurgeirs Einarssonar til að kynnast ullarþurkun í Englandi og Þýskalandi ... ... ... ... | — | 1000,00 |
| | Til sama upp í kostnað við Ameríkuferð 1911 ... ... — | — | 1159,70 |
| — 37. | Til Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns upp í utanfararkostnað 1910 ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 200,00 |
| | Til Árna Gíslasonar fiskimatsmanns upp í ferðakostnað til Spánar og Ítalíu ... ... ... ... ... ... ... .. ... ... | — | 400,00 |
| — 54 | (nýr liður): | | |
| | Til að mæla innsigling á Gilsfjörð (endurveiting) alt að | kr. | 10000,00 |
| | | kr. | 17500,95 |

8. gr.

Sem viðbót við 18. gr. veitist 420 kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Til ekkjufrúar Valgerðar Jónsdóttur frá Múla ... ... ... ... | kr. | 420,00 |

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (Óviss útgjöld) veitast kr. 5754,80

1. Ferðakostnaður og fæðispeningar nokkurra þingmanna á

fund í Reykjavík í desember 1912 (án þess veiting þessi myndi nokkurt fordæmi).. ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 754,80

2. Til endurgreiðslu á vörugjaldi af kolum, sem þau af skipum Hins sameinaða gufuskipafjelags, sem halda uppi umsömdum millilandaferðum samkvæmt 10 ára samningi, gerðum árið 1909, taka á Íslandi eftir 1. jan. 1913, eftir reikningi alt að kr. 5000,00

kr. 5754,80

3. Stjórninni veitist heimild til að lána Stokkseyrarhreppi og Eyrarbakkahreppi úr landssjóði kr. 4650,00, til þess að bæta skemdir á sjógarðinum frá Óseyri austur fyrir Stokkseyri. Lánið ávaxtist með 4½% á ári, og afborgist á 15 árum með jöfnum afborgunum.

4. Stjórninni veitist heimild til að veita viðtöku til viðhalds á landsjóðs kostnað skipbrotsmannaskýli í Máfabót í Hörgslandi, sem reist verður í sumar, með stikum frá húsinu til bygða, þó með því skilyrði, að húsið sje traustlega bygt, og við skoðunargerð skilað í fullu standi.

Sþ. **606. Frumvarp**

til laga um vatnsveitingar.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Vötn öll, stór og smá, skulu svo renna sem að fornu hafa runnið, og má ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, sem breytingin snertir hagsmunalega, eða heimild sje gefin til þess í lögum þessum.

Nú breyta vötn farvegi sínum, og er þá hverjum heimilt, sem fyrir skaða verður, að veita þeim í sinn forna farveg, og hefir hann jafnframt rjett til að nota til þess efni úr annars manns landi, ef nauðsyn krefur, gegn endurgjaldi. Þegar um mikið mannvirki er að ræða, skal um það leita álits verkfróðs manns, sem landsstjórnin hefir tekið gildan eða sett til þess, og skal farið að hans ráðum um framkvæmd verksins. Borgun til hans telst til kostnaðar við verkið.

2. gr.

Við áveitu og framræslu skal vatni veita svo á land eða af landi, að öðrum sje ekki mein að.

Nú telur einhver sjer mein af áveitu eða framræslu annars og samkomulag verður ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt úttektarmenn til skoðunar- og matsgerðar á þessu. Telji úttektarmenn gjörðarbeiðanda að vísu skaða af áveitunni eða framræslunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en úttektarmenn skulu þá meta fullar bætur fyrir.

Ef úttektarmenn meta gjörðarbeiðanda ekki meiri bætur en honum hafa verið boðnar, greiði hann matskostnað, en að öðrum kosti sá, er áveituna eða framræsluna hefir gjört.

3. gr.

Sá, sem veita vill vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars eða þarf að leiða vatnið yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt úttektarmenn til gjörðar um málið. Álíti úttektarmenn hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt í gegnum það, skal það heimilt gegn hæfilegri þóknun. Telji þeir landeiganda baga að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef úttektarmenn telja skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstökunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið annarsstaðar eða leitt með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn gjöri. Gjörðarbeiðandi greiði matskostnað.

4. gr.

Ekki má öðruvísi en eftir samkomulagi gerstífla ár, læki eða aðra vatnsfarvegi, og halda þannig vatni fyrir öðrum.

5. gr.

Nú fellur vatn milli tveggja jarða, og eiga þá hvor um sig, þeir er land eiga að, rjett á að nota vatnið að helmingi. Ef vatnið er svo lítið, að ekki nægi, þá skal með úrskurði úttektarmanna ákveða skifti og notkun vatnsins. Borgun til úttektarmanna greiði hvor um sig að helmingi.

Ef fleiri jarðir liggja að á, læk eða öðru vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag næst ekki um, hvernig nota skuli, má útkljá það með löggiltri samþykt samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land og geta þá þeir, er landið eiga, krafist þess, að úttektarmenn skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanua eftir jarðamatinu, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu. Rjett til að heimta yfirmat eða yfirúrskurð um skiftin hefir hver jarðeigenda og ábúenda, og auk þess hver veðhafi í landi því, er skift var, um eitt ár frá skiftadegi. Kostnaðinn við skiftin greiða jarðeigendur að tiltölu við jarðarstærð svo og kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð, ef breyting verður gerð á skiftum, ella greiðir gerðarbeiðandi þann kostnað.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns til samáveitu, um viðhald skurða og vatnsfarvega, og um vörn gegn skemdum af vatnságangi.

8. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt um samáveitu eða framræslu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metinn er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber honum 4 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað að auki, eftir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

9. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 8. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefur gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefur ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

10. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

11. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþyktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

12. gr.

Ákveða má í samþykt 1—200 kr. sektir fyrir brot gegn henni, og þá jafnframt tiltaka, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stiflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sje krafist. Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar, en náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

14. gr.

Þegar gerðar eru mælingar til undirbúnings samáveitu, er þeim, sem það gera, heimilt að fara að ósekju yfir lönd manna hvar sem er, hvort heldur gangandi eða með hesta, en varast skulu mælingamenn óþarfa troðning á túnum eða engjum. Merki þau og vörður, er mælingamenn þessir setja, skulu teljast til hluta þeirra, er friðaðir eru samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

15. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli jarðanna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver jörð liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar jarðir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna.

16. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi úttektarmanna er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til úttektarmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Nú er samþykt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landsdrottin um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landsdrottinn leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og ennfremur eftirgjaldsauka eftir samkomulagi eða eftir mati úttektarmanna, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landsdrottinn ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn

meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar fimtánföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

18. gr.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkv. 17. grein, þá má taka kostnaðinn lögtaki hjá eiganda. En skyldur er leiguliði að greiða að sínum hluta árlegan kostnað til viðhalds, stjórnar og umsjónar á fyrirtækinu, og má taka þann kostnað lögtaki, ef tregða verður á greiðslunni. Um eftirgjaldsauka fer eftir 17. grein þessara laga.

19. gr.

Þar sem ákveðið er í lögum þessum, að úttektarmenn skuli skoða, meta, skera úr o. s. frv., skulu það gjöra úttektarmenn í því umdæmi, þar sem land það liggur, sem meta á, skoða eða skera úr um. Nú liggur það í tveim úttektarmannaumdæmum eða fleiri, en í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá sýslumaður tilnefna tvo af úttektarmönnum umdæmanna til gerðarinnar. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Úttektarmenn tilnefna oddamann, áður mat byrjar, sem sker úr, ef þá greinir á. Nú er svæði það, sem gerðina varðar, í tveim lögsagnarumdæmum eða fleiri, og heyrir þá tilnefning gerðarmanna, sú, sem á undan greinir, undir hjeraðsdómarann í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðarbeiðandi býr, ef hann býr á svæðinu, eða, ef hann býr utan þess, þar er sú fasteign liggur, sem hann beiðist gerðar vegna. Má dómarinn í þessu tilfelli útnefna menn úr hverju umdæmanna sem er.

Fyrir skoðunar- og matsgerðir o. s. frv. eftir lögum þessum fá úttektarmenn sömu borgun og þeim ber að lögum fyrir áþekk störf, og greiðist hún af gerðarbeiðanda, ef ekki er öðru vísi kveðið á í lögum þessum.

20. gr.

Öllum matsgerðum og úrskurðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, má hver sá, sem málið varðar, skjóta til yfirmats eða yfirúrskurðar dómara þess, sem útnefning úttektarmanna samkvæmt 19. gr. ber undir, og 4 manna annara, óvilhallra, sem hann kveður til þess fyrir rjetti og mega þeir vera úr öðrum lögsagnarumdæmum, ef dómaranum þykir ástæða til þess. Dómarinn er formaður yfirmatsmanna og stýrir matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð, ella skal ákveðið í yfirmatinu eða yfirúrskurðinum, hverir greiða skuli, sbr. þó 6. gr.

21. gr.

Skaðabætur þær, sem úttektarmenn eða yfirmatsnefnd meta samkvæmt lögum þessum, mega vera annaðhvort fjegjald í eitt skifti eða árlegt fjegjald, eftir því hvernig skaða þeim er varið, sem bæta skal.

Nú kemur í ljós, er frá líður, meiri skaði en fyrirsjáanlegur var, þá mat fór fram, og er þá heimilt að láta meta upp aftur, og fer það mat fram á sama hátt og frummatið.

Fjegjöld samkvæmt matsgjörðum og kostnað við matsgjörðir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki.

22. gr.

Úttektarmenn, matsmenn eftir 18. gr., og yfirmatsnefnd skulu gefa málsaðilum kost á að vera við mats- og skoðunargerðir þær, er þeir framkvæma eftir lögum þessum; skulu þeir því í tæka tíð tilkynna þeim, hvenær matsstörfin eða skoðunargjörð byrja og er störfum lýkur í hvert sinn, hvenær þau verði tekin fyrir aftur. Aðilum skal gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu aðilar viðstaddir, er matsmenn ræða málið sín í milli til undirbúnings álits síns eða þegar álitið er samið.

23. gr.

Brot gegn 3. og 4. gr. laga þessara varða sektum 10—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir þessar renna í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþyktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir ákvæðum framanskráðra laga.

Nd. **607. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um strandferðir.

Frá samgöngumálanefndinni.

Við 2. gr.

Í stað orðanna: »er samsvari skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. gr.« komi: hafi annað þeirra að minsta kosti jafn mikið farþega- og lestarúm og sje að minsta kosti jafn örskreitt og strandferðaskip þau, sem hjer voru í förum árin 1910—1912, og ennfremur heimild til að

Nd. **608. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907 (um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands).

Sjávarútvegsnefndin, sem háttvirt neðri deild fjekk frumvarp þetta til athugunar, hafði þegar áður en frumvarpið var borið upp, veitt því eftirtekt, og búist til að leggja á ráð um það, sem er tilefni frumvarpsins, að heimild brast til að veita eftir árið 1913, lán úr lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins, nema það hafi verið heimilað með nýjum lögum, og mæla lögin sjálf fyrir, að landsstjórnin skuli leggja fyrir alþingi frumvarp til slíkra laga, eigi síðar en árið 1913, ásamt skýrslu um fengna reynslu á útlánsstarfinu.

Slík reynsla hefir engin fengist, með því að lánsdeildin hefir alls ekki tekið til starfa, líklega af því, að ekki hefir þótt vænlegt um sölu á vaxtabrjefum hennar.

Nefndin telur, úr því sem komið er, að ekki sje annað ráð fyrir hendi en það, sem í frumvarpinu felst, að lengja hinn ákveðna frest á endurskoðun laganna og þá jafnframt heimildartímann til að veita lán úr lánsdeildinni, án þess að það sje heimilað með nýjum lögum, og þykir þá nefndinni sá frestur ekki mega styttri vera en til 1917, sem lagt er til í breytingartillögu á þingskj. 378 í stað 1915, sem í frumvarpinu er. Leggur því nefndin til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með þeirri breyting.

Jafnframt telur nefndin ærna nauðsyn á, að umrædd lög gætu komið sem fyrst til framkvæmda og til þeirrar eflingar fyrir sjávarútveginn, sem er tilgangur þeirra.

Að vísu býst nefndin við, að talin sjeu enn tormerki á um sölu vaxtabrjefa. En þar sem lögin heimila að verja fje ómyndugra og opinberra stofnana til að kaupa vaxtabrjefin og þau eru trygð með tryggingarfje, sem landssjóður hefir alla ábyrgð á, þá álítur nefndin engan veginn örvænt um, að brjefin mundu seljast, og lánsdeildin geta tekið til starfa.

Nefndin kemur að vísu ekki með sjerstaka ályktunartillögu um þetta til stjórnarinnar, en vill þó mega í nafni deildarinnar hvetja til þessa og vænta þess, að landsstjórnin hlutist til um, að lögin komi til framkvæmda og vinni það gagn, sem þeim er ætlað, og orðið gæti sjávarútveginum mjög til eflingar.

Alþingi, 28. ágúst 1913.

Valtýr Guðmundsson, formaður. Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum.

M. J. Kristjánsson. G. Eggerz. H. Steinsson.

Matth. Ólafsson. Stefán Stefánsson.

Nd. **609. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sparisjóði (þingskj. 271).

Frumvarp þetta er lagt fyrir þingið af stjórninni, og komið hingað frá efri deild. Nefndin hefir athugað frumvarpið og fallist á það í flestum atriðum, sem þarfa rjettarbót, en leggur þó til, að á því verði gerðar all-margar orðabreytingar, sem ekki þurfa skýringa við, og fáeinar efnisbreytingar, er hjer skal í stuttu máli gerð grein fyrir.

Í 7. gr. frumvarpsins er svo fyrir mælt, að stjórnendur sparisjóða og starfsmenn megi ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum, nema *fulltrygt fasteignarveð eða handveð sje fyrir.* Nefndin telur tryggilegra, að um lántökur gildi sama og um ábyrgðir, að stjórnendur og starfsmenn megi alls ekki takast á hendur neinar slíkar skuldbindingar gagnvart sjóðnum, meðan þeir gegna tjeðum störfum.

Þá er svo ákveðið í 9. gr. frumvarpsins, að starfsmenn sparisjóða, fjehirðir og bókari, megi ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, *ef innstæðufje hans er 50 þús. kr. eða þar yfir.* Með því að oft getur staðið svo á, að haganlegra sje og kostnaðarminna, að stjórnendur sjóðsins hafi störf þessi með höndum, enda ekki sýnilegt, að það út af fyrir sig þurfi að veikja traust sjóðsins eða valda neinum vandkvæðum, jafnvel þó upphæð innstæðufjárins sje meiri en hjer er tiltekin, þykir nefndinni ekki brýn nauðsyn að banna tjeð fyrirkomulag með lögum.

Í 12. og 19. gr. er stjórnarráðinu heimilað, að setja reglur um bókfærslu sparisjóða og um endurskoðun á reikningum þeirra og bókum. Þetta telur nefndin svo mikilsvarðandi til tryggingar glöggri bókun og reikningshaldi, að það eigi ekki að eins að vera heimilt, heldur skylt, að setja þær reglur.

Þá er svo ákveðið í 17. gr., að af eignum varasjóðs skuli jafnan vera svo mikið handbært, *að það nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsfjenu samanlögðu.* Jafnvel þó æskilegt væri, að ekkert af fje varasjóðs sje haft til útlána, nema það, sem um fram er tjeð lágmark, þykir hætt við, að það mundi reynast örðugt í framkvæmdinni. Nefndin vill því leggja það til, að það verði látið nægja, að af fje varasjóðs sje að minsta kosti 5% af innstæðufjenu handbært í peningum, inneign í bönkum eður í auðseldum verðbrjefum, því fremur, sem svo er til skilið í 13. gr., að sparisjóðir þeir, er geyma 50 þús. kr. innstæðufje eður meira, skuli *auk varasjóðs* eiga innistandandi í bönkum minst 5% af innstæðufjenu eða trygg verðbrjef fyrir slíkri upphæð.

Um leið og gerðar eru nýjar og strangari kröfur til sparisjóða, er sumpart draga úr arði af innstæðufje þeirra, og sumpart baka þeim aukin útgjöld, þykir sanngjarnt, að veita þeim nokkur fleiri hlunnindi en þeir hafa nú, í líkingu við samskonar rjettindi Landsbankans og Söfnunarsjóðsins. Einkum eru það tvö atriði, sem hjer geta komið til greina, annað það, að sparisjóðsinnlög, að vöxtum meðtöldum, sjeu undanþegin kyrsetning og löghaldi, og annað það, að sparisjóðir, sem eru almenningseign, sjeu ekki að eins undanþegnir tekjuskatti, heldur einnig útsvari. Þar að lútandi ákvæði, telur nefndin því rjett að taka upp í frumvarpið.

Hið eina, sem nefndin hefir ekki orðið ásátt um, er fyrirkomulag á eftirliti með starfsemi sparisjóða (sbr. 22. og 23. gr. frumvarpsins), og mun minni hlutinn gera grein fyrir afstöðu sinni í sjerstöku ágreiningsáliti.

Samkvæmt framansögðu er það tillaga meiri hlutans, að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum, er nefndin flytur á sjerstöku skjali.

Neðri deild Alþingis 28. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Lárus H. Bjarnason, formaður. | M. J. Kristjánsson, framsögum. meiri hlutans. |

Pjetur Jónsson.

Með skírskotun til ágreiningsálits.

| | |
|---|---|
| Ólafur Briem, skrifari. | Kristinn Daníelsson, með fyrirvara. |

Nd. **610. Ágreiningsálit**

um frumvarp til laga um sparisjóði (þingskj. 271.).

Frá minni hluta nefndarinnar.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins í 22. og 23. gr. er eftirliti með starfsemi sparisjóða svo fyrir komið, að skipaður sje einn umsjónarmaður fyrir land alt. Það fyrirkomulag telur minni hlutinn hvorki tryggilegt nje haganlegt. Lítt tryggilegt fyrir þá sök, að ekki verður búist við, að einn maður hafi svo náinn kunnugleik og víðtæka þekkingu, að því er snertir verðgildi fasteigna eða efnahag og skilvísi skuldunauta og ábyrgðarmanna víðsvegar um landið, að hann geti myndað sjer sjálfstæða skoðun og dæmt til fullnustu um tryggingar þær, er innstæðufje sjóðanna aðallega hvílir á. Óhaganlegt er fyrirkomulag þetta að því leyti, að einum manni er ætlað að hafa yfirsókn yfir land alt, er gæti leitt til þess, að ýmist yrðu gæslustörfin gerð á hlaupum með minni vandvirkni en vera ætti, eða falin öðrum misjafnlega hæfum mönnum, sínum í hvert skifti, er ef til vill skorti þá ábyrgðartilfinningu, sem slíkt trúnaðarstarf verður að styðjast við, ef það á að vera meira en nafnið tómt.

Auk þess má benda á það, að ef eftirlit þetta yrði gert að atvinnustarfi, svo sem farið er fram á í frumvarpinu, hlyti kostnaðurinn við það fljótlega að verða margfalt meiri en áætlað er, bæði til launa og í ferðakostnað handa umsjónarmanni og staðgöngumönnum hans.

Til þess að gera eftirlitið tryggilegra, ódýrara og að öllu haganlegra, telur minni hlutinn vel gerlegt, að fela það sjerstökum manni við hvern sparisjóð eða við fáa sjóði, er væru í grend hver við annan, og efast ekki um, að í hverju hjeraði landsins sje kostur á þar til hæfum manni, er treysta megi til að leysa starf þetta af hendi með ráðdeild og samviskusemi.

Minni hlutinn leggur því til, eð í staðinn fyrir 22. og 23. gr. frumvarpsins komi þrjár nýjar greinir svo hljóðandi:

22. gr.

Stjórnarráðið hefir umsjón yfir öllum sparisjóðum landsins. Til að hafa eftirlit með starfsemi hvers sparisjóðs skipar stjórnarráðið gæslumann, er hafi sem besta þekkingu á efnahag og ástæðum þeirra manna, er mest nota sjóðinn.

Til launa fyrir starfa sinn fær gæslumaður dagpeninga, 5 kr. fyrir dag hvern, er hann gegnir gæslustörfum eða er fjarverandi frá heimili sínu í þeim erindum, svo og ferðakostnað eftir reikningi, er liggur undir úrskurð stjórnarráðsins, ef ágreiningur verður. Dagpeninga og ferðakostnað gæslumanns greiðir sparisjóður sá, er í hlut á.

23. gr.

Gæslumaður sparisjóðs skal hafa nákvæmt eftirlit með starfsemi sjóðsins og árlega rannsaka allan hag hans. Hefir hann rjett til, hvenær sem er, að skoða bækur sjóðsins og eignaskilríki, Svo getur hann og krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sjóðsins, fjárhag og alt fyrirkomulag. Komist hann að raun um, að einhverju sje ábótavant, skorar hann á stjórn sjóðsins að bæta úr því hið bráðasta. En sje það eigi gert í tæka tíð, svo að sjóðnum stafi hætta af, skal hann tafarlaust tilkynna það stjórnarráðinu.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa gæslumönnum sparisjóða. Vanræki þeir skyldur sínar, getur stjórnarráðið vikið þeim frá.

24. gr.

Jafnskjótt og ársreikningur sparisjóðs er samin og endurskoðaður, skal senda stjórnarráðinu samrit af reikningum, svo og athugasemdir endurskoðunarmanna og svör reikningshaldara eður sparisjóðsstjórnar. Ennfremur skal gæslumaður sparisjóðsins senda stjórnarráðinu athugasemdir sínar, ef hann hefir eitthvað við reikningin að athuga, svo og ársskýrslu um starfsemi sjóðsins. Skýrslu um alla sparisjóði landsins skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Stjórnendum sparisjóða og starfsmönnum er skylt að láta gæslumönnum svo og stjóruarráðinu í tje skýrslur þær um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsylegt þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum alt að 5 kr. á dag ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjeð rennur í landssjóð, og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

Neðri deild alþingis, 28. ágúst 1913.

Ólafur Briem. Kristinn Daníelsson.

Nd. **611. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimild til að veita einkarjett, til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

Frá nefndinni.

1. 4. gr. orðist svo:
Í einkaleyfisbrjefinu skal stjórnarráðinu áskilinn rjettur til að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

2. 5. gr., þriðja málsgrein orðist svo:
Ennfremur greiði leyfishafi frá byrjun 50 aura af hverri smálest af salti er fyrirtæki hans framleiðir.

3. 6. gr. orðist svo:
Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, er leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

Nd. **612. Tillaga**

til þingsályktunar um strönduð skip.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að gera ráðstafanir til þess, að útlend strönduð skip, liggi eigi óseld á strandstaðnum árum saman.

Nd. **613. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sparisjóði (þingskj. 271).

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Orðið »allra« í 2. línu falli burt.
2. — 2. — Fyrir: »innborgað« í 6. línu komi: greitt.
3. — 3. — Fyrir: »innborgað« í 3. línu komi: greitt.
4. — 4. — Orðið »reglulegir« í 2. línu falli burt.
5. — 5. — Upphaf greinarinnar orðist svo:
Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágrip o. s. frv.
6. — 6. — Orðið »einstaks« í 1. línu falli burt.
7. — 6. — Fyrir: »færri vera« í sömu línu komi: vera færri.

8. Við 6. gr. Aftan við orðið: »menn« bætist: og skal einn þeirra vera formaður.
9. — 6. — Upphaf 2. liðs orðist svo:
Birta skal jafnan, hverjir sjeu o. s. frv.
10. — 6. — Orðið »augljósa« í 1. línu 4. liðs falli burt.
11. — 7. — Orðið »nema fulltrygt fasteignarveð eða handveð sje fyrir« falli burt.
12. — 7. — Seinni liður falli burt.
13. — 8. — Orðin »um sig« í 2. línu falli burt.
14. — 8. — Niðurlag fyrri liðs orðist svo: sjeu þar að lútandi ákvæði í lögum sparisjóðsins eigi fullnægjandi.
15. — 8. — Fyrir orðin: »Allar stjórnarkosningar skal tafarlaust tilkynna« komi: Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna.
16. — 9. — Orðið »einstakan« í 1. línu falli burt.
17. — 9. — Orðin »Mega þeir ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, ef innstæðufje hans er 50 þús. kr. eða þar yfir« falli burt.
18. — 9. — Fyrir: »gjaldkeri« á 2. stöðum komi: fjehirðir.
19. — 9. — Fyrir: »innborgunum« í 7. línu komi: greiðslum.
20. — 10. — Orðin: »sem sparisjóðsfjehirðir« falli burt.
21. — 10. — Fyrir: »tryggingarinnar« komi: tryggingar.
22. — 10. — Fyrir: sparisjóðsstjórnarinnar« komi: sparisjóðsstjórnar.
23. — 11. — Fyrir: »borga út« komi: greiða.
24. — 11. — Fyrir: »hin útborgaða upphæð« komi: upphæðin.
25. — 11. — Fyrir: »þó« í 4. línu komi: þótt.
26. — 11. — Fyrir: »þangað til að« í 6. línu komi: þangað til.
27. — 12. — Fyrir orðin: »Sjerhver innstæðueigandi í sparisjóði« komi: Innstæðueigandi hver.
28. — 12. — Fyrir: »tilfærð« í 2. línu komi: tilgreind.
29. — 12. — Fyrir orðin: »færa yfir« í 1. línu 3. liðs komi: halda um.
30. — 12. — Fyrir: »skrá yfir« í 2. línu sama liðs komi: skrá um.
31. — 12. — Orðin: »einstaks« í 3. línu sama liðs falli burt.
32. — 12. — Fyrir orðin: »Heimilt er stjórnarráðinu að fyrirskipa« komi: Stjórnarráðið setur.
33. — 13. — Orðið: »neitt« í 1. línu falli burt.
34. — 13. — Fyrir: »sparisjóðsstjórnarinnar« komi: sparisjóðsstjórnar.
35. — 13. — Fyrir: »lánsupphæðarinnar« komi: lánsupphæðar.
36. — 13. — Orðin: »nokkru sinni« í 2. lið falli burt.
37. — 13. — Fyrir: »helming« í sama lið komi: helmingi.
38. — 13. — Fyrir: »innborguðu« í sama lið komi: greiddu.
39. — 13. — Orðin: »og mega þau aldrei eldri verða en 10 ára áður innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið« falli burt.
40. — 13. — Aftan við 4. málsgrein bætist 5. málsgrein.
41. — 13. — Fram fyrir 6. málsgrein færist 7. málsgrein.
42. — 17. — Fyrir: »10% af sparisjóðsfjenu« komi: 5% af sparisjóðsinnstæðufjenu.
43. — 18. — Fyrir: »fullsaminn« í 2. línu komi: saminn.

44. Við 18. gr. Fyrir: »form« í 3. línu komi: fyrirmynd.
45. — 19. — Fyrir orðin: »Stjórnarráðinu er heimilt að setja« komi: Stjórnarráðið setur.
46. Við 20. gr. Fyrir: »getur« í 6. línu komi: þá getur.
47. — — — Fyrir: »svo« í 2. lið komi: þá.
48. — 21. — Fyrir: »Ef að« í 1. línu komi: Ef
49. — 23. — Á eftir: »samdir« í 2. línu (6. bls. að ofan) sje komma og lítill stafur.
50. — 24. — Orðin: »á einhvern hátt« í 1. línu, falli burt.
51. — — — Orðin: »á Íslandi« í 3. línu, falli burt.
52. — — — Fyrir orðin: »má útborga« í 5. línu komi: þá má greiða.
53. — — — Orðin: »þar fyrir« í 7. línu, falli burt.
54. Á eftir 25. gr. komi ný grein, er verði:

26. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið kyrsetning og löghaldi, meðan það stendur þar.

55. Þar á eftir komi ný grein, er verði:

27. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugerð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars, en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

56. Orðin: »hjer með« í 29. gr., falli burt.
57. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Nd. **614. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1913.

Frá minni hluta nefndarinnar, þm. Dalam. og 1. þingm. Eyf.

1. Við 8. gr. Þá grein skal orða svo:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

2. Við 10. gr. Í stað »40« í 2. línu að neðan á bls. 2 komi: 30.
   Til vara: 35.
3. Við 10. gr. Í stað »39« í 1. línu að ofan á bls. 3 komi: 29.
   Til vara: 34

Nd. **615. Breytingatillögur**

við breyt.till. meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar á þgskj. 604.

Frá minni hlutanum.

1. Við 3. Við 9. gr. Fyrir »12 ára — — — sjötta hvert ár« komi: 8 ára og fer helmingur þeirra frá 4. hvert ár.
2. Við 3. Við 9. gr. Fyrir »nær ekki« komi: ná.

Nd. **616. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

Flutningsmaður: Pjetur Jónsson.

Við 1. gr., 7. málsgrein.

Aftan við orðin: »0,20 kr. af hverjum 10 kílógr.« komi: Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, eða í svo löguðum umbúðum, að tegund vörunnar verður eigi greind, nema hún sje tekin úr umbúðum.

Nd. **617. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um forðagæslu (þingskj. 514).

Frumvarp þetta er komið frá efri deild og hefir þar verið mjög vandlega íhugað. Ef það verður að lögum, á það að koma í staðinn fyrir horfellislögin frá 9. febr. 1900. Helstu nýmæli frumvarpsins eru þessi:

1. Um skipun forðagæslumanna er svo fyrir mælt, að þeir sjeu kosnir til 3 ára í senn í stað eins árs, og á það að vera til tryggingar því, að vel sje vandað til kosningarinnar, og að þeir, sem fyrir valinu verða, fái nokkra æfingu og reynslu í þessu vandasama starfi.

2. Um verksvið forðagæslumanna er svo ákveðið, að þeir fari 2 eftirlitsferðir á vetri í staðinn fyrir eina, og framkvæmi aukaskoðanir, svo oft sem þörf krefur. Með því lagi fá þeir nánari kynni af því, hvernig ástatt er, og geta gefið betri leiðbeiningar um það í tæka tíð, hvort hjálpar sje þörf.

3. Um skyldur þeirra, er komast í fóðurþröng, eru miklu víðtækari og haganlegri ákvæði en í núgildandi lögum. Geta þeir kosið um, hvort þeir vilja heldur afla sjer nægilegs fóðurs, ef þess er kostur, eða farga af búpeningi sínum, svo að því sje borgið, sem eftir lifir.

Allar þessar breytingar telur nefndin til bóta, og hefir engu verulegu við að bæta. Aðeins skal þess getið, að rjett þykir að forðagæslumenn skoði húsakynni fyrir búpening á eftirlitsferðum sínum, ennfremur, að þeim sjeu til hægðarauka fengin til afnota prentuð eyðublöð undir skoðunarskýrslur, og loks að bækur þær, er forðagæslumenn halda, sjeu eign landsins og geymist í Landsskjalasafninu.

Nefndin leggur því eindregið til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Á eftir »heimili« (í 3. lið 3. línu) komi: svo og húsakynni fyrir búpening.
2. — 5. — Orðin »sem hreppssjóður borgar« (í 1. lið) falli burt.
3. — 6. — Orðið »rjettlátan« (í 2. lið 1. línu) falli burt.
4. — 8. — Fyrir »hallærisvarnarstjórnin« komi: Bjargráðastjórn landsins, og fyrir »hallærisvarnarstjórnarinnar« komi: Bjargráðastjórnar.
5. Á eftir 8. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Forðagæslubækur sjeu með prentuðum dálkum og fyrirsögnum, og skulu löggiltar af sýslumanni. Bjargráðastjórn landsins útvegar bækurnar, svo og prentuð eyðublöð undir skoðunarskýrslur, eftir óskum sýslunefnda, og greiðist andvirði þeirra úr landssjóði. Forðagæslubækur eru lands eign og sendast Landsskjalasafninu, þá er þær eru full skrifaðar fyrir nokkru, eftir nánari ákvæðum bjargráðastjórnar.

Neðri deild Alþingis, 28. ágúst 1913.

Jón Ólafsson, formaður.
Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Matth. Ólafsson. Pjetur Jónsson. Kristinn Daníelsson.

Nd. **618. Breytingartillögur**

við breytingartillögur frá meiri hluta nefndarinnar í stjórnarskrármálinu á þgskj. 604.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 1. lið 7. gr. Í stað »42« komi: 40.
2. — 2. — 8. — Í stað »28« komi: 26.
3. — 2. — 8. — Í stað »34« komi: 32.

Ed. **619. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar (þskj. 579) við frv. um friðun æðarfugla.

Frá Einari Jónssyni þm. N.-M.

Við 1. brtt. Eftir orðin: »vísindalegra þarfa« í 1. málsgr. komi: Greiða má þó varpeigandi þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt með eggjum, ef þeir óska.

Nd. **620. Breytingartillaga**

við breyt.till. meiri hluta stjórnarskrárnefndar á þgskj. 604.

Frá minni hlutanum.

Við 3. Við 9. gr. Setningin »Þingrof nær ekki til o. s. frv.« falli niður.

Nd. **621. Breytingartillaga**

við frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903. (Þskj. 551).

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Eftir 5. gr. komi ný grein svo látandi:

8. gr. stjórnarskrárinnar falli niður, en í hennar stað komi:

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til kosninga áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því, er þingið var rofið, og skal Alþingi stefnt saman innan árs frá þingrofi. Þingrof ná til beggja deilda og allra þingmanna, hvort sem þeir eru kosnir hlutbundnum eða óhlutbundnum kosningum.

Nd.

# 622. Nefndarálit

við frumv. til hafnarlaga fyrir Vestmanneyjar.

Frá fjárlaganefndinni.

Nefndin hefir haft til athugunar áhrærandi frumvarpið ýms gögn svo sem:

1. Rannsókn hafnarstæðisins og »plan« fyrir hafnargerðinni ásamt uppdrætti yfir höfnina og fyrirhuguð hafnarvirki, alt gert af dönskum verkfræðingi, herra C. Bech.
2. Áætlun sama um kostnað við að gera höfnina, og nemur upphæð kostnaðarins samkvæmt henni kr. 249,300, að meðtöldum vitum á báðum hafnarörmum og bryggju til að leggja að bátum og smærri skipum.
3. Áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar, er sýslunefnd Vestmanneyinga hefir gert, bygða á bátaeign eyjarskeggja, skipakomum og vöruflutningum, eins og þetta er nú.

Af þessum gögnum er það ljóst, að höfn sú, er hjer er ráðgerð, verður aðallega fyrir mótorbáta og fiskiskip og fyrir smærri flutningaskip. Hún miðar því aðallega til gagns fyrir sjávarútveg frá eyjunum.

Dýpi í innsiglingunni og við bryggjuna verður 4 metrar um meðalfjöru, þegar alt það er uppgrafið, sem ráðgert er í kostnaðaráætluninni. Enn fremur verður pollur á innri höfninni 5 metra djúpur um fjöru, þar sem skip sem komast inn með flóði, geta legið, að m. k. eitt í einu, en það dýpi er þó ot lítið handa hinum venjulegu millilandaskipum, en að sögn er dýpi þetta nægilegt fyrir þau skip, sem að jafnaði flytja kol og salt til eyjanna.

Áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar, sú er nefndin hefir haft til hliðsjónar, er alls eigi rökstudd með neinum skýrslum nje skýringum. En nefndin vill ekki vefengja, að ummmæli sýslunefndarinnar um það, að tekjuáætlunin sje eigi of hátt talin eftir gjaldstofnum þeim, sem á er bygt, sje ábyggileg, og ber þá áætlunin með sjer, að þörfin fyrir höfn þessa er nú þegar mikil, þar sem eyjarskeggjar vilja leggja á sig gjöld þau til hafnarinnar, sem þar eru talin. Þar að auki getur höfn í Vestmanneyjum haft nokkra þýðingu fyrir samgöngur og vöruflutning til þeirra staða á suðurströndinni, sem örðugast er að lenda við, svo sem eru Eyrarbakki, Stokkseyri, Vík, Rangársandur og máski fleiri. Til þessara staða verður auðveldast að ná með mótorbátum eða smáskipum, sem væru til taks á tryggri höfn í Vestmanneyjum þegar leiði gefst.

Þýðing sú, sem hin fyrirhugaða höfn hefir fyrir sjávarútveginn annarsvegar og jafnvel fyrir samgöngur við suðurströnd landsins hins vegar, vegur svo mikið hjá meiri hluta nefndarinnar, að hann fellst á frumvarpið í aðalatriðum, enda telur nefndin fyrirtæki þetta nokkru skyldara landssjóði fyrir það að eyjarnar eru allar eign landsins.

Í fyrstu grein frv. er farið fram á beinan fjárstyrk úr landssjóði til hafnargerðarinnar, fjórða part kostnaðar, eins og átt hefir sjer stað um Reykjavíkurhöfn og fleiri hafnarvirki. En talan, sem þar stendur er þriðjungur áætlaðs kostnaðar og því í ósamræmi við meginmálið. Þetta er sjálfsagt að lagfæra með því, að lækka töluna í 1. gr. ofan í 62500 kr. En af því leiðir aftur, að upphæð sú, er taka þarf til láns, hækkar að sama skapi í 2. gr.

Um ábyrgð á láni til hafnargerðarinnar var töluvert hik á nefndinni. En með því að vonlítið þótti um, að framlag landssjóðs kæmi að haldi, nema að því fylgdi líka ábyrgðin, varð ofaná hjá meiri hlutanum, að játa hvorutveggja.

Fáeinar smábreytingar leyfir nefndin sjer að leggja til, að gerðar verði, og geymist til framsögunnar að minnast á þær.

Alþingi, 29. ágúst 1913.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Pjetur Jónsson, skrifari og framsögum.

Eggert Pálsson. Skúli Thoroddsen.

Kristján Jónsson. Jóh. Jóhannesson. Sigurður Sigurðsson, með fyrirvara.

Nd. **623. Breytingartillögur**

við frumvarp til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrir »83000 — áttatíu og þrjú þúsund» — komi: 62500 — sextíu og tvö þúsund og fimm hundruð — krónur.
2. — 1. — Aftan við greinina bætist: þó ekki fyr en á árinu 1916.
3. — 2. — Fyrir »167000« komi: 187500 — eitt hundrað áttatíu og sjö þúsund og fimm hundruð — krónur.
4. — 4. — Í fyrstu málsgrein. Á eftir »sýslunefndar« komi: og stjórnarráðs.
5. — 4. — Í enda sömu málsgreinar komi: Þetta nær þó ekki til mannvirkja þeirra, sem heimilnð eru með leigusamningi milli stjórnarráðsins og Arents Claessens, dags. 31. janúar 1913.
6. — 10. — Fyrir orðin í enda fyrstu málsgr.: »og farmi þeirra« komi: svo og af farmi þeirra.
7. — 10. — Síðasta málsgrein orðist svo:
   Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkvæmt 1.—3. lið 10. gr.
8. — 11. — Í staðinn fyrir »löggæslumaður« komi: sýslumaður, og sömuleiðis annarsstaðar í frumvarpinu.
9. — 14. — Fyrstu línu, fyrir »meiri« komi: meiri háttar.
10. — 15. — Orðin »nema brýn nauðsyn beri til« í enda greinarinnar falli burt.
11. — 16. — Önnur málsgrein orðist svo:
    Reikningana skal endurskoða á sama hátt og sýslusjóðsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

Nd. **624. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur, þgskj. 309.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Máli þessu hefir áður verið hreyft á Alþingi, og þá í sambandi við sameiningu jarðanna Laugarness og Klepps við Reykjavík. Þannig vaxið var málið borið fram á Alþingi 1893, en Bústaðir og Skildinganes þá undanskilið til samkomulags.

Árin 1905 og 1913 hefir bæjarstjórn Reykjavíkur leitað samkomulags við sýslunefnd Kjósarsýslu um framgang málsins, en sýslunefndin og hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi hafa í bæði skiftin lagst á móti því, enda málið nú þess vegna aftur borið fram á Alþingi.

Ástæður bæjarstjórnarinnar fyrir sameiningunni eru fyrst og fremst afstaða jarðanna til landareignar Reykjavíkur. Reykjavík á land að Skildinganesi öllum megin nema sjávar megin, og sömuleiðis vestan- og norðanvert við Bústaði, en að austanverðu liggja Elliðaárnar, sem bærinn á, að meiri hluta Bústaðalands. Með sameiningu jarðanna við Reykjavík fengjust því eðlilegri mörk um landareign Reykjavíkur og jafnframt lögun á slitrueign Seltjarnarnesshrepps í landi bæjarins.

Í annan stað mælir það sjerstaklega með sameiningu Bústaða við Reykjavík, að bærinn á nú þá jörð, og því eigi að eins eðlilegast, heldur og jafnvel nauðsynlegt, til þess að bærinn geti haft sem happadrýgst not af jörðinni, að hún liggi að öllu leyti undir Reykjavík. Líku máli gegnir og um Skildinganes, enda þó að sú jörð sje einstakra manna eign, að miklu leyti eign Reykvíkinga.

Þá mælir það og með margnefndri sameiningu, að miklum mun hægra væri bæði um lögregluvörslu, rjettarvörslu og öll skil af jörðunum en nú er, ef þær lægju undir Reykjavík. Og þessi ástæða yrði því ríkari, því meiri og fjölbreyttari sem notin yrðu af jörðunum.

Loks gæti Reykjavík og jafnvel landinu staðið það á eigi all-litlu, að geta haft hönd í bagga um notkun Skildinganess, vegna námunda þess við Reykjavík og legu þess að öðru leyti.

1905 amaðist sýslunefnd og hreppsnefnd aðallega við að láta Bústaði lausa, en nú virðast nefndirnar leggja meiri áherslu á það, að fá að halda Skildinganesi. Það ár fundu nefndirnar og aðallega að því, að framlag Reykjavíkurbæjar í notum sameiningarinnar væri eigi nógu hátt, og þó sjerstaklega að því, að sýslunefndinni voru *þá* ekki ætlaðar neinar bætur, fremur en þegar jarðirnar Laugarnes og Kleppur voru lagðar undir Reykjavík, sbr. lög nr. 5, 23. febrúar 1894.

Í ár, þegar boðnar eru fram bætur bæði til handa sýslusjóði og hreppssjóði, er ekki annað borið í vænginn, en að miða verði bæturnar, ekki við *fortíðina*, heldur við *framtíðina*, eða, eins og tekið er fram af sýslunefndinni, við

»mögulegleika fyrir því, að allar tekjur til sveitarfjelagsins og sýslufjelagsins geti aukist þar stórkostlega á ókomnum tíma«. En það er hvorttveggja, að litlar horfur virðast vera á slíkum »mögulegleikum«, enda mundi nefndin leiða hest sinn frá að meta þá, þó að einhverjir væru.

Þá verður og eigi heldur vitnað til þess, að sameining Skildinganess við Reykjavík mundi spilla þeim vonum, sem nýmyndað fjelag um hafnargerð þar syðra þykist gera sjer um góðan árangur af því fyrirtæki, því að samkv. nýbirtri skýrslu forseta fjelagsins er einmitt búist við því, að Skildinganes verði lagt undir Reykjavík, og svo langt frá að það sje talið til skemdar, að þess virðist þvert á móti getið sem meðmæla með fjelaginu.

Nefndin, eða meiri hluti hennar, ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 28. ágúst 1913.

Kristján Jónsson, framsögumaður.

Lárus H. Bjarnason, skrifari.

Benedikt Sveinsson.

Nd. **625. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hallærissjóð. (Þingskjal 344).

Mál þetta hefir verið borið upp í efri deild og fengið þar rækilegan undirbúning. Nefnd sú, er þar hafði málið til meðferðar, hefir skýrt það til fullnustu í tveim álitsskjölum (þingskj. 263 og 423). Við framsögu málsins voru ennfremur færð ítarleg rök fyrir því, enda mun því hafa aukist fylgi, eftir því sem það skýrðist betur.

Í nefndaráliti efri deildar er glögglega sýnt fram á, hver nauðsyn það sje, að tryggja atvinnuvegi landsmanna gegn áföllum af illu árferði eða óhöppum af náttúruvöldum. Og er þetta frumvarp einn liður í lagasetning um það efni. Frumkvöðlum þess hefir verið það ljóst, að til þess að nokkru verulegu yrði ágengt í þessu mikla nauðsynjamáli, væri óhjákvæmilegt að hafa ráð á fje til framkvæmda, og er því í frumvarpinu bent á leið til að afla þess. Auk fjárframlags úr landssjóði, er það lagt til grundvallar, að allir landsmenn, þeir sem komnir eru á þroskaaldur, leggi fram lítinn skerf árlega, þó svo, að sveitarstjórn sje heimilt að ljetta gjaldinu af hinum efnaminni gegn auknu tillagi frá þeim, sem betur mega. Sjóður sá, er þannig myndast, á svo að ávaxtast, en vera til taks ef óáran ber að höndum.

Eftir ákvæðum frumvarpsins eru árstekjur sjóðsins auk vaxta fullar 50 þúsundir króna. Hvernig fje þessu verði varið samkvæmt aðaltilgangi sjóðsins, er ekki bundið föstum skorðum í frumvarpinu, en svo er til ætlast, að nánari

ákvæði þar að lútandi verði sett í samþyktum þeim, er 15. gr. mælir fyrir um. Ennfremur er það komið undir atvikum, sem ekki verður giskað á fyrirfram, hver þörf verður á fje til að fullnægja áminstu markmiði sjóðsins, og er því eigi unt að gera áætlun um vöxt hans, þá er fram líða stundir. Fari svo, að ekki þurfi til hans að taka fleiri ár í röð, svo að hann komist á fastan fót og aukist jafnt og þjett, er þar með fengið álitlegt veltufje til arðvænlegra framkvæmda. Enda ekki óhugsandi, að fjármagn sjóðsins mætti að einhverju leyti nota sem tryggingu fyrir stofnun nytsemdarfyrirtækja, er annars væri örðugt að koma á fót. En þá gæti einnig komið til mála að ljetta gjaldinu af almenningi og láta vextina duga sjóðnum til eflingar.

Um efni frumvarpsins og aðalstefnu þykir að öðru leyti nægja að skírskota til hinna ítarlegu skýringa og röksemda, er felast í áminstum álitsskjölum nefndarinnar í efri deild. Við einstakar greinir frumvarpsins hefir nefndin ekkert verulegt að athuga. Þó skal þess getið, að upphaf 1. gr. virðist fremur eiga við samfastan lagabálk en sjerstakt lagaboð um afmarkað efni. Þá er það og tillaga nefndarinnar, að niðurlag fyrra liðs 1. gr. sje felt burt, en í þess stað tekið upp ákvæði um, að tilgangur sjóðsins sje ekki að eins að veita hjálp í hallæri, heldur einnig að afstýra því. Ennfremur hefir sú orðið niðurstaðan, að bæta við 1. gr. skilgreining á orðinu »hallæri«. Og loks þykir betur við eiga að nefna sjóðinn Bjargráðasjóð og breyta öðrum nöfnum í samræmi við það.

Yfirleitt lítur meiri hluti nefndarinnar svo á, að hjer sje um þarft mál að ræða, og leggur því til að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar »Það er upphaf þessara laga, að« falli burt.
2. — 1. — Niðurlag fyrra liðs »er hlýtst af hafís, eða eldgosum, eða öðrum stórfeldum orsökum« falli burt.
3. — 1. — Á eftir »hallæri« komi: eða til að afstýra því.
4. — 1. — Aftan við liðinn bætist:

   En það er hallæri, ef sveitarfjelög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfjelag, verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að sýslufjelagið eða bæjarfjelagið megnar ekki af eignum ramleik að forða mönnum og skepnum við harðrjetti eða felli.
5. — 1. — og fyrirsögn frumvarpsins. Fyrir »hallærissjóður« komi: Bjargráðasjóður Íslands.
6. Í öllum öðrum greinum frumvarpsins breytist þessi nöfn:

Fyrir »hallærissjóður« komi: Bjargráðasjóður. Fyrir »hallærisvarnastjórn« komi: Bjargráðastjórn. Fyrir »hallærisgjald« komi: bjargráðagjald. Fyrir »hallærissamþykt« komi: bjargráðasamþykt

í þeim beygingum, sem við eiga.

Neðri deild Alþingis, 28. ágúst 1913.

Jón Ólafsson, (formaður). Ólafur Briem, (skrifari og framsögum.).

Matth. Ólafsson. Pjetur Jónsson. Kristinn Daníelsson, (með fyrirvara).

Nd. **626. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

Nefndin var öll á því máli, að mikla nauðsyn bæri til þess, að hjer væri sem í öðrum löndum menn til, er gætu þýtt úr öðrum málum og á með fullum trúverðleik. Telur hún það vera mikinn viðskiftaljetti, þar sem hingað til hefir verið mjög mikið óhagræði að því, er annaðhvort þurfti að leita staðfestingar á þýðingum til ráðaneytis Íslands eður hjá ræðismönnum annara þjóða hjer. Á dómþingum er og hin mesta nauðsyn á túlkum, er aðilar megi treysta. Telur nefndin sjálfsagt, að dómtúlkar verði jafnan hafðir til að túlka þar, ef til þeirra næst, þótt eigi sje það gert að skyldu í lögunum sjálfum. Nefndinni þótti rjett, að málið kæmi sem mest til aðgerða stjórnarráðsins, því að eigi væri vert að binda ofmargt lögum. Meðal annars ætlast nefndin til, að stjórnarráðið geri eigi að eins að ákveða kaup prófnefndar, heldur ákveði og, hvaðan sú borgun komi, hvort umsækjandi greiði kaupið alt, eitthvað eða ekkert af því, eða þá landssjóður. Nefndin var á því, að eigi þyrfti próf við þá menn, sem prófvottorð hefði frá háskóla um kunnáttu í því máli, sem um væri að ræða.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi 28. ágúst 1913.

Þorleifur Jónsson (formaður). Bjarni Jónsson frá Vogi (skrifari).

Valtýr Guðmundsson. Jóh. Jóhannesson. Jón Jónsson.

Nd. **627. Breytingartillögur**

við brtt. á þingsk. 598 (n. um lögskipaða endurskoðendur).

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Í stað »skal hún honum veitt« komi: má veita honum hana.
2. Við 2. gr. Í stað »nauðsyn þykir« komi: krafist verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur.
3. — 4. — Í stað: »hafa fult gildi« komi: gilda sem opinber endurskoðun væri.
4. — 7. — (tillögur minni hlutans). Í stað »hann« komi: löggiltan endurskoðanda.

Ed. **628. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

Vjer sem hin háttvirta efri deild hefir kosið til að íhuga nefnt frumvarp leyfum oss hjer með að skýra frá áliti voru um það á þessa leið:

Þareð nú er eigi eftir að gefa út nema nokkuð á þriðja hundrað þúsund krónur af bankavaxtabrjefum 3. flokks, þá er óumflýanlegt að veita heimild í þá átt, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, ef eigi á að vera tekið fyrir öll veðdeildarlán, og því er nefndin sammála um að mæla með, að frumvarpið nái fram að ganga; en í frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, eru ýms nýmæli og þykja nefndinni sum þeirra nokkuð athugaverð, og fyrir því leggur hún til, að gjörðar sjeu á frumvarpinu nokkrar breytingar.

Í 1. greininni er ákveðið, að hinn 4. flokkur bankavaxtabrjefanna nemi altað 6 miljónum króna; þetta er tvöfalt stærri upphæð en 2. og 3. flokkur bankavaxtabrjefanna nam, og þykir nefndinni það eigi nauðsynlegt, því síður sem hjer er um tilraun að ræða að því er snertir hina sameiginlegu ábyrgð lántakenda. Nefndin leggur því til, að upphæðin sje færð úr 6 miljónum niður í 3 miljónir og þá um leið, að tillagið úr landsjóði greiðist aðeins í 2 ár.

Oss þykir betur fara að orða 3. gr. nokkuð öðruvísi, án þess þar sje um eiginlega efnisbreyting að ræða. Sama er að segja um breytingarnar við 4. og 5. gr. Breytingin við 7. gr. er aðeins til að koma í veg fyrir, að lántakendur þurfi að óttast, að skoðunargjörð sú, er þar ræðir um, gæti orðið þeim mjög kostnaðarsöm. Við 9. gr. vill nefndin gjöra þá breytingu, að heimilað sje að veita lán, þótt eigi sje meira en 300 krónur.

Niðurlagið á 10. gr. er nýmæli, sem nefndinni þykir varhugavert; eftir því hefir lántakandi ekki rjett til að fá lán sitt útborgað með bankavaxtabrjefunum sjálfum, en svo getur staðið á, að hann eigi kost á að fá meira fyrir þau, en þá upphæð, sem bankastjórnin á von á að fá fyrir þau að frádregnum kostnaði. Aftur er á það að líta, að með þessu ákvæði væri bankastjórninni gjört mögulegt að semja um sölu fyrirfram á bankavaxtabrjefunum í einu lagi og hugsanlegt er, að þá kynni að fást meira fyrir þau en ella á sama tíma, en ef vextir kynnu seinna að breytast yfirleitt, þá er þó nokkuð á tvísýnu teflt í þessu efni. Niðurstaðan hefir því í nefndinni orðið sú, að leggja til, að þessu sje slept.

Í 11. gr. er svo ákveðið, að við hver eigendaskifti á fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skuli greiða 2% af því, sem á eigninni hvílir, til varasjóðs; gjald þetta kæmi nokkuð ójafnt niður og gæti orðið tilfinnanlegt, þegar það bættist við annan kostnað, sem eigenda skiftunum væri samfara, þinglestrargjald, erfðafjárgjald, ef til vill stimpilgjald o. fl. Nefndin leggur því til að þetta sje felt burt.

Breytingartillagan við 13. gr. er afleiðing af breytingartillögunni við 11. gr., og við 14. gr. er að eins lítil orðabreyting. Á eftir 17. gr. þykir oss nauðsynlegt að taka upp 10. gr. úr lögum 9. júlí 1909 um útgáfu 3. flokks bankavaxtabrjefa og þar kemur þá niðurlagið á 17. gr. Við 18. og 20. gr. eru aðeins orðabreytingar

Fyrri breytingartillagan við 22. gr. er afleiðing af fyrri breytingartillögunni við 1. gr., en síðari breytingartillagan er til þess, að laun endurskoðendanna standi þá á 1000 kr. samtals til hvors.

Efri deild alþingis, 28. ágúst 1913.

J. Havsteen, formaður. Eiríkur Briem, skrifari og framsögumaður. Steingr. Jónsson.

Sig. Eggerz. H. J. Kristófersson.

Ed.

## 629. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrir: »6 miliónum« komi: 3 miliónum.
2. — 1. — Fyrir: »5 árin« komi: 2 árin.
3. — 3. — orðist svo:
   Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir veðdeildinni vera:
   1. Varasjóður veðdeildarinnar.
   2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10% sbr. 8. gr.
   3. Ábyrgð landssjóðs.

   Ef taka þarf til tryggínganna 1—3 skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.
4. — 4. — Fyrir: »vaxtamiðarnir« í upphafi annarar málsgreinar komi: vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga.
5. — 5. — Aftan við greinina hætist: til afnota fyrir sjálfa sig.
6. — 7. — Á eftir »skoðunargjörð« í næstsíðustu línu komi: af innanhjeraðsmönnum.
7. — 9. — Fyrir: »500 kr.« komi: 300 kr.
8. — 10. — Niðurlag greinarinnar: »Veðdeildin hefir þó o. s. frv.« falli burt.
9. — 11. — Orðin: »og verði eigendaskifti — fyrir þessu gjaldi« falli burt.
10. — 13. — Orðin í 3. línu að neðan: »eða gjald við sölu (sbr. 11. gr.) eigi er greitt« falli burt.
11. — 14. — Fyrir: »samþykkir. Þó« komi: samþykkir, þó.
12. — 17. — Síðasta línan falli burt.
13. Á eftir 17. gr. bætist inn í ný grein, er verður 18. gr. svohljóðandi:

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum,

Greinatalan breytist eftir þessu.

14. — 18. gr. er verður 19. gr. Fyrir: »vöxtum« í 3. línu komi: vaxtamiðum.
15. — 20. — er verður 21. gr. Fyrir: »bankanum« í 4. línu komi: veðdeildinni. Fyrir: »Bankinn« í 5. línu komi: Veðdeildin.
16. — 22. — er verður 23. gr. Fyrir: »6000 krónur« komi: 4000 krónur.
17. Við sömu grein. Fyrir: »alt að 300 kr.« komi 250 kr.

Nd. **630. Frumvarp**

til laga um friðun æðarfugla.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Brot gegn því varðar 10 kr. sekt fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítrekun brotsins alt að 400 kr. Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð þar, sem brotið var framið.

2. gr.

Enginn má selja eða kaupa æðaregg, nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara utan heimilis síns, nema eggskurn til vísindalegra þarfa. Greiða má þó varpeigandi þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt með eggjum, ef þeir óska. Ekki má heldur selja eða kaupa dauða æðarfugla, nje hluta af þeim.

Brot gegn þessu varða 5 krónu sekt, sem tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, alt að 200 krónum.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km.

4. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn án leyfis varpeiganda leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varplandi hans en 1/4 km. frá stórstraumsfjörumáli.

5. gr.

Brot gegn 3. og 4. grein varða 5—15 króna sektum. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem drepnir eru með skotunum eða netunum, fer eftir ákvæðum 1. greinar. Varpeigandi, þar sem brotið er framið, má taka upp netin, en láta skal hann þau af hendi við þann, er þau lagði, er hann hefir goldið sekt sína og kostnað við upptöku netanna eftir óvilhallra manna mati.

6. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet. Nú gerir einhver það, og varðar það 50—100 króna sektum. Netin skulu upptæk og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið var framið. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem í þau voru veiddir, fer eftir ákvæðum 1. gr.

7. gr.

Sýslumenn skulu hvert ár á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypis friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum. Nú vill maður koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það; skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sje rjett, og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu á næsta manntalsþingi og greiðast 2 krónur fyrir þá friðlýsingu, er renna í landssjóð.

8. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sjerstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frakknesku.

9. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að 1/3 í sveitarsjóð, en að 2/3 til uppljóstrarmanns.

10. gr.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld viðaukalög frá 22. mars 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og öll þau ákvæði í þeirri tilskipun, er snerta friðun á æðarfugli.

Ed. **631. Frumvarp**

til laga um hagstofu Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Það skal falið sjerstakri stofnun að safna skýrslum um landshagi Íslands, vinna úr þeim og koma þeim fyrir almennings sjónir. Stofnunin nefnist hagstofa Íslands, og stendur beinlínis undir ráðherranum.

2. gr.

Þessi eru meginatriði landshagsins, sem hagstofunni ber einkanlega að rannsaka:

1. Fólksmagn: a, manntöl; b, fæðingar; c, hjónabönd; d, heilsufar; e, manndauði: f, fólksflutningar.
2. Dómsmál, þar með talin einkamál, sáttanefndarmál, sakamál og lögreglumál.
3. Atvinnuvegir: a, landbúnaður; b, iðnaður; c, fiskiveiðar; d, siglingar og verslun; e, bankar, sparisjóðir og aðrar allsherjar lánsstofnanir.
4. Efnahagur landsmanna: a, tekjur af eign og atvinnu; b, virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim; c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim eignum; d, verðmæti skipa og báta og veðskuldir er á hvíla.
5. Stjórnmál: a, notkun kosningarrjettar; b, starfsmenn þjóðfjelagsins.
6. Fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitarfjelaga, gjafasjóðir og styrktarsjóðir.
7. Þjóðareignir til almenningsnytja: a, vegir og brýr; b, ritsímar og talsíma c, póstflutningar.
8. Fræðslumál: a, barnafræðsla; b, unglingaskólar og aðrir alþýðuskólar.
9. Tryggingarstarfsemi: a, líftrygging; b, heilsutrygging; c, eignatrygging.

Auk skýrslna um framangreind atriði vinnur hagstofan að skýrslum, er hjer eftir kunna að verða lögboðnar eða fyrirskipaðar af landsstjórninni, eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

3. gr.

Hagstofan á að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað.

Landshagsskýrslur skulu koma út svo fljótt sem unt er, jafnóðum og þær eru tilbúnar frá hendi hagstofunnar.

Árlega skal gefa út stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs, með þýðingum á eitthvert hinna þriggja aðal-mentamála.

4. gr.

Öll þau störf viðvíkjandi söfnun og móttöku landshagsskýrslna, sem samkvæmt gildandi lögum, reglugjörðum o. fl. nú hvíla á stjórnarráði Íslands, hefir hagstofan á hendi eftirleiðis.

Heimilt er hagstofunni að fyrirskipa, að skýrslur, sem hingað til hafa verið sendar frá hreppstjórnarvöldum eða einstökum mönnum til sýslumanns, sjeu sendar beint til hagstofunnar, og getur hún endursent til leiðrjettingar skýrslur, er henni þykja ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um vanrækslu í því, að inna af hendi lögmælt skýrsluskil.

5. gr.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri og einn aðstoðarmaður, skipaðir af ráðherra. Vanalega hafa þeir einir rjett til þessara starfa, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði.

Hagstofustjóri hefir að launum 3000 kr., en aðstoðarmaður 2500 kr.

6. gr.

Til stofnsetningar hagstofunnar veitast alt að 3000 kr. af landssjóði.

Laun starfsmanna og árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar, svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögunum fyrir hvert ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

Ed. **632. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Sóda, krít, eldfastur leir, karbíd, bensín, þakhellur (Skifer) og smjörsalt.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, allskonar netagarn, strigi, lausar umbúðir, ullarsekkir, fljettuvoðir til umbúða (mottur), strigaábreiður (hvort sem þær eru tjargaðar, farfaðar eða eigi), vjelaáburðar, húsapappi, allskonar kaðlar, allskonar færi og fiskinet, kork, netakúlur og flotholt, hjólklafar (blakkir), saumur, ljáblöð, brýni, hverfisteinar, járnkarlar, sleggjur, steðjar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, spaðar, kvíslar, bátavjelar (mótorar), akkeri og akkerisfestar, kokolit, járnbitar til húsagerðar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, járnbrautarteinar og spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður) tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar taldir bátar.

Sjötti liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir: Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, eða í svo löguðum umbúðum, að tegund vörunnar verður eigi greind, nema hún sje tekin úr umbúðum.

Pappír skal undanþeginn vörutolli, ennfremur tilbúin áburðarefni, leirpípur, sandur til járnsteypu, skip og bátar, sem siglt er til landsins.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Sþ. **633.. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vatnsveitingar (þingskj. 606).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar í neðri deild.

Við 18. gr.

Greinin falli burt, en í stað hennar komi ný grein svo hljóðandi:

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn, samkv. 17. gr., getur stjórn samáveitunnar krafist þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa áveitufjelaginu. Snýr stjórnarnefndin sjer í því efni til hjeraðsdómarans, sem dómkveður 3 óvilhalla menn utan sveitar og utan áveitusvæðisins til að meta jörðina til eignarnáms. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna. Nú er landeigandi eða áveitufjelagsstjórnin óánægð með matsverðið, og má þá hvor um sig skjóta gerðinni til yfirmatsnefndar þeirrar, sem greinir um í 20. gr. Matsnefndirnar skulu láta birta landeiganda og áveitustjórn matsgerðir á sama hátt og dómar eru birtir; kostnaður við það telst til matskostnaðar. Áfrýjunarfrestur er 3 mánuðir frá birtingu. Áður en 5 mánuðir eru liðnir frá birtingu matsgerðar, enda sje undirmatsgerð ekki áfrýjað, skal stjórn áveitufjelagsins krefjast, að eignarnámið fari fram, og leggja fram matsverðið. Áveitufjelaginu eða þeim, er síðar eignast jörðina, er skylt að leggja fram áveitukostnaðinn og öðlast þá þann rjett gagnvart leiguliða, sem segir í 17. gr.

Nd. **634. Frumvarp**

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

(Eftir 2. umr, í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Páli Júlíusi Torfasyni í Reykjavík einkarjett um 30 ár til að vinna salt og fleiri efni úr sjó, hvort heldur með fossafli, gufuafli eða rafmagni, með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki stjórnarráðs að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót þegar 5 ár eru liðin frá dagsetning einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara.

Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt upp einkaleyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal stjórnarráðinu áskilinn rjettur til að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 5%.

Getur landsstjórnin hækkað hundraðsgjald þetta um alt að helmingi að 10 árum liðnum frá byrjun fyrirtækisins.

Ennfremur greiðir leyfishafi frá byrjun 1 krónu af hverri smálest af salti, er fyrirtæki hans framleiðir, og samsvarandi gjald af öðrum efnum eftir verðmæti.

Ennfremur greiði leyfishafi frá byrjun 50 aura af hverri smálest af salti er fyrirtæki hans framleiðir.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, er leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landsstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins, með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Nd. **635. Tillaga**

til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um að nema úr gildi lög nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: G. Eggerz og Valtýr Guðmundsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina, að láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu allra alþingiskjósenda á landinu um það, hvort nema skuli úr gildi lög nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi. Atkvæðagreiðsla þessi fari fram fyrir 1. júlí 1914.

Nd. **636. Frumvarp**

til landskiftalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir lögum þessum geta komið til skifta öll heimalönd sveitajarða, tún, engi og úthagi, sem fleiri býli hafa til samnota, og ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota, svo sannað verði, nje heldur hafa viðurkend landamerki. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðaparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Úttektarmenn skulu gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Sýslumaður skal og nefna oddamann til skiftagerðar, og skal hann vera formaður úttektarmanna og stýra skiftunum; hann skal bóka skiftagerðina og skera úr, ef úttektarmenn greinir á.

Úttektarmenn fá í dagpeninga 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum, en oddamaður 4 kr.

3. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sjerstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sjerstakt býli, og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiði sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað, að út sje skift

nema nokkrum hluta lands þess, er býli hans fylgir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

4. gr.

Skifti þau, er um ræðir í 3. gr., skulu vera til fullrar eignar, og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, og svo leiguliðum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á landinu, að vera við skiftin. Þeim skal einnig gefinn kostur á að vera við yfirmat og upplýsa málið fyrir matsmönnum, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er úttektarmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna að síðustu. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í landi því, sem skift er, um 1 ár frá því er sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla, til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður yfirmatsmanna og stýra matinu.

5. gr.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag, meðan þeir eru að skiftum og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess beiðist, sje engin breyting gerð á skiftum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

6. gr.

Áður en skifti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skifta skal, sje með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Sjeu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um rjettindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess.

Sjeu merki milli lands þess, er skifta skal, og annarar jarðar eða jarða, krókótt og óhagkvæm fyrir skiftin, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting merkjanna.

7. gr.

Skifta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi. Verði þessu ekki við komið, skal tilgreina ástæður fyrir því.

8. gr.

Nú hefir eigandi ræktað hluta úr óskiftu sameignarlandi, og skulu þá úttektarmenn við skiftin láta hann halda þessu landi, móti því, að hinir sameigendurnir fái hver um sig að tiltölu samsvarandi hluta af sameignarlandinu. En verði því ekki við komið, og hljóti einhver hluti hins ræktaða lands að koma til skifta, þá skal honum heimilt að kaupa þann hluta eftir mati úttektarmanna.

9. gr.

Nú liggja túu- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiftagerðinni ákveðið um notkunarrjett hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhaldskostnað og vegagerðar, svo og hvar nýir vegir skuli liggja.

Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblástri, skal þá við skiftin taka sjerstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skift.

Ef svo stendur á, að mýri eða votlend landspilda, sem þarfnast framræslu, er í hinu óskifta landi, skulu þeir, sem skiftin gera, sjá fyrir því, að þau geti á engan hátt hindrað framkvæmd framræslunnar.

10. gr.

Skiftagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr sýslusjóði.

11. gr.

Þegar landi hefir verið skift samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg landamerki. Eru landeigendur skyldir að gera þau. Í skiftagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um vilst.

12. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver óskar þess; kostnaðinn greiði þeir allir eftir jarðastærð.

13. gr.

Landeigendum er frjálst að skifta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum, og leiguliðar og aðrir, er notkunarrjett hafa á landinu, og skiftin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Um slík skifti skal skrá greinilega skiftagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiftin, takmörkum þess og rjettindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiftin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skift var. Skiftagerð þessari skal þinglýsa.

Sje ekki skift að tiltölu rjettri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða rjettindum innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, skal líta á það sem afsalað eða selt, og kemur það þá til greina við næsta jarðamat.

14. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiftu landi, má enginn eiganda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn

þeirra nota beitina nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektarmönnum.

Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fjenað má í högum hafa, án þess örtröð verði.

Nú hefir einhver sambeitareigenda minni fjenað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meir en þeim ber, skulu þeir þá hafa forgangsrjett til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurjett þess, sem of fátt hefir, meðan hann notar eigi sjálfur.

Nd. **637. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um friðun fugla og eggja (þingskj. 241).

Nefndin hefir athugað frumv. þetta, sem komið er frá efri deild, og ræður þingdeildinni til að samþykkja það með nokkrum breytingum.

Í 1. gr. frv. eru taldir þeir fuglar, er alfriðaðir skulu vera, en þar þykir nefndinni vanta nokkrar fuglategundir, er rjett sje að taka með.

Erni þyki nefndinni ekki rjett að ófriða með öllu, einkum sakir þess, að fugl þessi er orðinn afar-fátíður hjer í landi, eða gjöreyddur að kalla má. Úr því að háttv. efri deild vill friða arnaregg, þykir ósamræmi að friða þá ekki fuglinn sjálfan. Á hitt er að líta, að örnin gerir stundum skaða, og því ekki rjett að alfriða hann til langframa, heldur aðeins að reisa skorður við því, að honum sje gjöreytt. Vill því nefndin ráða til að friða örn um fimm ára tíma, en síðan sje hann ófriðaður. Má þá síðar friða hann að nýju, ef vert þykir.

Friðunartíma rjúpna vill nefndin stytta frá því sem er í frumv., en hafa þær í þess stað alfriðaðar 5. hvert ár.

Nefndin ber fram svofeldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Á eftir tölulið 18. komi þessir liðir:
   19. Keldusvín. 20. Heiðlóur. 21. Tjaldar. 22. Stelkar. 23. Vepjur.
   Liðatalan breytist samkvæmt því.
2. — 2. — Orðið »Ernir« falli burt.
3. — 3. — Liðurinn a. orðist svo:
   a. Rjúpur alfriðaðar á tímabilinu frá 1. febrúar til 20. september, og auk þess alt árið 1915 og úr því 5. hvert ár.
4. — 3. — Liðurinn d. orðist svo:
   d. Allar fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið taldar, nema friðaðar sjeu með sjerstökum lögum, skulu vera friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.
5. — 3. — Aftan við greinina bætist nýr liður svo hljóðandi:
   e. Ernir skulu friðaðir 5 ár frá því lög þessi koma í gildi, en síðan ófriðaðir og teljist undir 2. gr.

6. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist:
Brot gegn 3. gr. e., varðar 25 króna sektum.
7. 5. grein frumvarpsins orðist svo:
Egg þeirra fugla, sem taldir eru í 1. gr. skulu friðuð vera, nema kríuegg. Ennfremur skulu rjúpnaegg og arnaregg vera friðuð.

Neðri deild Alþingis, 27. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Sigurður Sigurðsson, formaður. | Benedikt Sveinsson, skrifari. |
| Matth. Ólafsson. | Þorleifur Jónsson. |

G. Eggerz.
Með fyrirvara.

Ed. **638. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. jan. 1884.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er leiguliði vill gera jarðabót, sem eigi er áskilin í byggingarbrjefi, en vill ekki hlíta ákvæðum 20. gr. ábúðarlaganna frá 12. jan. 1884 um endurgjald fyrir jarðabótina, þá skal hann tilkynna það landsdrotni, og gera honum kost á að líta eftir því, að jarðabótin sje vel innin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta til dagsverka eftir gildandi reglum um það efni, jarðabætur þær, sem fráfarandi hefir gert á jörðinni samkvæmt þessari grein, og til fullra nytja hafa komið. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. og 50 aur. fyrir hvert dagsverk. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðabótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 11 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðabótin var unnin.

2. gr.

Þá er leiguliðaskifti verða á jörð eftir það, er lög þessi öðlast gildi, skal sá maður, er þá fær jörðina bygða, eiga heimilt að kjósa, áður en byggingarbrjef er gert, hvort hann vill taka við kúgildum þeim, er fylgt hafa jörðinni, með ábyrgð þeirri og leigumála, er áður var, eða hann vill vera laus við þau.

Nú kýs hann að vera laus við kúgildi, eða eitthvað af þeim, og tekur þá landsdrottinn við þeim, er hann kýs að losna við, og fer með sem honum sýnist.

3. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi þau lagaákvæði, sem koma í bága við þau.

Nd. **639. Frumvarp**

til laga um strandferðir.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa hluti í »Eimskipafjelagi Íslands« fyrir alt að 400,000 kr., gegn því að fjelagið taki að sjer að halda uppi strandferðum umhverfis landið með tveimur eða fleiri strandferðaskipum. Ferðir þessar skal fjelagið hefja svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en í apríl 1916. Um hluttöku fyrir landssjóðs hönd í stjórn fjelagsins, stærð strandferðaskipanna, gerð þeirra og hraða, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta fer eftir samningi milli fjelagsins og stjórnarráðsins.

2. gr.

Náist ekki samningar við »Eimskipafjelag Íslands«, samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að kaupa tvö strandferðaskip, hafi annað þeirra að minsta kosti jafn mikið farþega- og lestarúm og sje að minsta kosti jafn örskreitt og strandferðaskip þau, sem hjer voru í förum árin 1910—1912, og ennfremur heimild til að halda þeim út á kostnað landssjóðs, bæði til strandferða og annara ferða, eftir því sem haganlegast þykir, þegar strandferðum lýkur hvert ár.

3. gr.

Stjórnarráðið semur áætlun fyrir strandferðaskip landssjóðs og ákveður fargjöld og farmgjöld þeirra. Það ræður og afgreiðslumann skipanna, sem jafnframt er reikningshaldari, og ákveður þóknun hans, og stjórnar hann útgerðinni að öllu leyti undir yfirumsjón þess, samkvæmt erindisbrjefi er það setur.

4. gr.

Útgerð landssjóðs skal, ef til kemur, hefjast eigi síðar en í apríl 1916, og skal stjórninni heimilt að leigja skip til strandferðanna til bráðabirgða, hafi ekki tekist að ná hentugum skipakaupum fyrir þann tíma, og fer þá um rekstur leiguskipanna samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán alt að 450,000 kr. til að fullnægja ákvæðum 1. og 2. greinar. Stjórninni veitist og heimild til að setja strandskipin að veði til tryggingar þeim hluta lánsupphæðarinnar, sem út á þau kann að fást.

Nd. **640. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun fugla og eggja (þingskjal 241).

Flutningsmaður: G. Eggerz.

Við 3. gr. a. Liðurinn orðist þannig:
Rjúpur frá 20. desember til 20. september.

Nd. **641. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að leggja jarðirnar bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Við höfum ekki getað orðið háttvirtum meðnefndarmönnum okkar sammála um, að rjett sje að samþykkja þetta frumvarp gegn skýrum og beinum mótmælum bæði hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar og enn fremur gegn mótmælum eigenda Skildinganess. Að samþykkja slík þvingunarlög, virðist koma fullkomlega í bága við anda sveitarstjórnarlaganna frá 10. nóv. 1905 eða jafnvel bein ákvæði þeirra, þar sem þau ákveða í 3. gr., að ekki megi skifta hreppi, sameina hreppa nje breyta hreppamörkum, nje gera neina aðra þess konar breytingu, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmæluin sýslunefndar.

Af þessum ástæðum leggjum við til, að frumvarpið verði felt.

Neðri deild alþingis 29. ágúst 1913.

Valtýr Guðmundsson framsögumaður. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **642. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til girðingalaga. (Þingskj. 588).

Frá landbúnaðarnefndinni.

Efri deild hefir gert nokkrar breytingar við frumvarpið, og sumar þeirra ekki til bóta. — Helstu breytingarnar eru þessar:

1. Við 3. gr.

Þar hefir verið gerð sú breyting, að í stað þess sem áður var sagt, að ef nægilegt fje væri ekki áætlað á fjárlögunum öllum umsækjendum til kaupa

á girðingarefni, þá er nú svo að orði komist, að *»ef ekki er fje fyrir hendi til að fullnægja öllum þeim, er um lán hafa beðið, skulu þeir, er ekki komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu«.*

Með þessu er það sagt, að þeir er um lán biðja, til girðinga eða girðingarefniskaupa, og eigi komast að í það sinn, skuli ganga fyrir öðrum næsta ár að öðru jöfnu, hvort heldur ræða er um girðingarlán úr Ræktunarsjóði eða girðingarefnislán úr Viðlagasjóði samkvæmt fjárlögum, og má telja þessa breytingu meinlausa og eigi til hins lakara.

Að öðru leyti er breyting sú, er gerð hefir verið við þessa grein, að eins orðabreyting.

2. Við 4. gr.

Í frumvarpinu var ákveðið, að ef girðingunni eigi væri lokið innan þriggja ára, þá væri lánið alt afturkræft, og ætti þá að greiða 6% í vexti af því. Þessu ákvæði um vextina hefir efri deild breytt á þá lund, að það skuli greiða *þriðjngi hærri vexti af láninu en upphaflega var ákveðið, og að þessir vextir eigi að reiknast frá útborgunardegi lánsins.*

3. Við 7. gr.

Þar hefir verið gerð sú breyting, að jarðeigandi losni því að eins við skyldu til að halda við girðingunni, ef jörð hans fer í eyði, og *ekki er til ætlast, að hún byggist aftur.*

Þessa breytingu telur nefndin ekki til bóta.

4. Við 8. gr.

Í frumvarpinu, eins og það fór frá neðri deild, var ákveðið, að skyldan til að girða á móti á landamerkjum, kæmi að eins þá til greina, er tún og engjar tveggja eða fleiri jarða lægju saman.

Efri deild hefir nú bætt við ákvæði um það, að ábúandi í samráði við jarðeiganda, geti krafist girðingar, ef *tún eða engjar jarðar hans liggja að beitilandi annara jarða.* Miðar þetta að því, að færa út girðingarskylduna, og er að því leyti nær því, er frumvarpsgreinin var upphaflega.

5. Við 9. gr.

Síðara málslið greinarinnar hefir verið breytt. Veruleg efnisbreyting er það ekki, en ákvæðin fyllri og tekið skýrt fram, að svo sje til ætlast, er girt er beint, en landamerki í krókum, að þá sje það gert þannig, *að sem jafnast sneiðist bæði löndin.*

6. Við 11. gr. og 12. gr.

Báðar þessar greinir hafa verið settar saman í eina grein, sem er 11. gr. frumvarpsins nú.

Eins og frumvarpið var úr garði gert, er það fór frá neðri deild, þá var svo ákveðið, að til að mega girða yfir veg og setja hlið á fyrir veginum, þyrfti að leita leyfis sýslunefnda, ef um sýsluveg eða hreppsveg var að ræða, en leyfis stjórnarráðsins, ef um flutningabraut, þjóðveg, eða fjallveg var að ræða. Þessu hefir efri deild breytt á þann veg, að nú á eftir frumvarpinu *að*

*fá samþykki hreppsnefndar, til þess að mega girða yfir veg með hliði á fyrir veginum, ef um akfæran hreppsveg er að ræða, en samþykki sýslunefndar um aðra vegi.* — Með þessum ákvæðum, er 44. og 45. gr. vegalaganna breytt, eins og líka til er tekið í 20. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti getur ekki talist, að gerðar hafi verið verulegar efnisbreytingar við þessar greinir. Hins vegar hefir verið bætt inn í greinina, eins og hún er nú í frumvarpinu, ákvæðum um, *að landeigandi megi kjósa um*, þegar girðing liggur yfir sleðabrautir og aðrar vetrarleiðir, *að taka girðinguna upp að vetrinum, eða búa svo um hlið, að auðvelt sje að opna, þó að snjór leggist að.* Ennfremur er og því viðbætt, að við slík hlið *eigi að hlaða kampa, vörðu, eða háan stólpa með áfastri spjaldi, svo glöggar sjáist hliðið.*

7.

Breytingin er sú, að bætt hefir verið inn í frumvarpið nýrri grein, sem er 12. gr. þess. Er grein þessi um stórgripagirðingar, hvernig þær skuli vera o. s. frv. Það nýmæli er og í greininni, að eigandi girðingar skuli sæta sektum og greiða auk þess skaðabætur, ef fjenaður meiðist fyrir það, að girðingin er í ólagi eða vanhirðu.

Eru þá taldar allar helstu breytingarnar, sem efri deild hefir gert á frumvarpinu. — Þær breytingar, sem hjer er ekki getið að neinu, eru örfáar og aðeins orðabreytingar.

Jafnvel þó að breytingarnar sjeu eigi að áliti nefndarinnar allar til bóta, þá eru þær þó hins vegar eigi svo verulegar, að ástæða þyki til að fara að breyta frumvarpinu. Leggur nefndin því til, að það sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 30. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Eggert Pálsson, formaður. | Sigurður Sigurðsson, skrifari og framsögum. |

Bjarni Jónsson frá Vogi (af öðrum ástæðum). H. Steinsson. Kristján Jónssen.

Nd. **643. Nefndarálit**

um frv. til laga um málskostnað.

Nefndarmenn litu talsvert ólíkt á þetta mál, sumir hverjir. Sjerstaklega taldi þm. Borgfirðinga ósanngjarnt, að dómstóll skyldi ávalt vera skyldur til að dæma stefnda málskostnað skaðlaust í einkamáli, *þó að* hann væri algerlega sýknaður. Það gæti verið nærri bersýnilegt, eftir líkum allra atvika, að hann væri sýknaður að eins fyrir skort fullra sannana gegn honum. Á þetta fjellust flestallir nefndarmenn.

En þótt *nokkuð* megi til færa í sömu átt gegn því, að dæma sækjanda málskostnað eftir reikningi, þegar *allar* kröfur hans eru teknar til greina, þá horfir

þar þó talsvert öðruvísi við. Auk þess mundi það talsvert draga úr þrætugirni manna og ástæðulausum kröfum, ef sá einn á vissu fyrir, að fá málskostnað dæmdan sjer eftir reikningi, sem ekki fer fram öðrum kröfum en þeim, sem hann á vísa von á að vinna.

Samkvæmt þessu varð það að samkomulagi nefndarmanna, að ráða háttv. n. d. til að samþykkja það þannig breytt.

Samkvæmt þessu berum vjer fram þessar

BREYTINGATILLÖGUR.

1. Orðin: »og þegar stefndi í einkamáli er algerlega sýknaður« falli burt.
2. Að í stað orðanna: »skal tildæma þeim ... að skaðlausu frá hinum« komi: skal dæma honum málskostnað frá gagnaðila eftir reikningi, sem dómstóllinn úrskurðar.

N. d. alþingis, 30. ágúst 1913.

Kristján Jónsson
formaður.

Jón Ólafsson
ritari og framsögum.

Stefán Stefánsson, Eyf. með fyrirvara.

Skúli Thoroddsen.

Tryggvi Bjarnason.

Nd. **644. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 614 við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874, og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Þorleifi Jónssyni.

Við 1. tölul. við 8. gr.

Þriðji og síðasti málsliður greinarinnar orðist þannig:

Efri deild skal skipuð þannig: Sjáltkjörnir eru þeir 6 þingmenn, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þess þeir 4 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum, er lengst hafa átt sæti á Alþingi. Loks kýs sameinað Alþingi til deildarinnar 4 þingmenn úr flokki þeirra þingmanna, sem þá eru eftir og kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir 26 eiga allir sæti í neðri deild.

Nd. **645. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 592 (við frv. til laga um samþ. á landsreikningnum 1910—11).

Frá reikningslaganefndinni.

Breytingartillagan orðist svo:

1. Við I. 19. Í stað »45,338,57« komi: 45,745,29.
2. — II. 14. Í stað »421,901,96« komi: 422,308,68.
   Samlagningar í I. og II. breytast samkvæmt þessu.
3. — Í stað »Tekjueftirstöðvar s. d. ..... 39,962,09« komi: Tekjueftirstöðvar s. d. ..... 40,368,81.

Ed. **646. Frumvarp**

til laga um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir Vestmanneyjasýslu eða hluta hennar má gjöra lögreglusamþykt og byggingarsamþykt. Semur sýslunefnd frumvarp til hvorrar samþyktar fyrir sig, og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir sýslunefnd, með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktirnar staðfestar skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktunum má í þeim ákveða sektir, er renni í sýslusjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþyktum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **647. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um friðun æðarfugla. (þingskj. 630).

Háttvirt efri deild hefir haft frumvarp þetta til meðferðar á ný við eina umræðu og tekið upp aftur bannið gegn sölu og kaupi æðareggja, sem felt var niður við 2. umræðu frumvarpsins hjer í deildinni.

Vjer verðum að vera sammála nefndinni í efri deild um það, að ákvæði þetta megi ekki vanta í friðunarlögin, og leggjum því til, að frumvarpið verði nú samþykt óbreytt, eins og efri deild hefir gengið frá því.

Neðri deild Alþingis, 30. ágúst 1913.

Sigurður Sigurðsson, formaður. Benedikt Sveinsson, skrifari.

Matth. Ólafsson. Þorleifur Jónsson. G. Eggerz.

Nd. **648. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

| I. Tekjur: | Aætlun. kr. a. | Reikningur. kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 100,000 00 | 106,029 98 |
| 2. Húsaskattur | 24,000 00 | 27,120 95 |
| 3. Tekjuskattur | 46,000 00 | 61,718 42 |
| 4. Aukatekjur | 100,000 00 | 125,550 83 |
| 5. Erfðafjárskattur | 6,000 00 | 10,538 56 |
| 6. Vitagjald | 40,000 00 | 72,357 25 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 10,000 00 | 12,205 35 |
| 8. Útflutningsgjald | 240,000 00 | 321,656 09 |
| 9. Afengistollur | 560,000 00 | 505,148 28 |
| 10. Tóbakstollur | 360,000 00 | 415,857 43 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 700,000 00 | 860,538 25 |
| 12. Annað aðflutningsgjald | 50,000 00 | 60,158 74 |
| 13. Gjöld af innlendri vindlagerð og bittergerð | » » | 5,777 20 |
| 14. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veitingu áfengra drykkja | 25,000 00 | 23,200 00 |
| 15. Pósttekjur | 160,000 00 | 207,069 08 |
| 16. Símatekjur | 155,000 00 | 219,328 32 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka | 26,000 00 | 24,126 98 |
| 18. Óvissar tekjur | 36,000 00 | 72,108 29 |
| 19. Tekjur af jarðeignum landssjóðs | 42,000 00 | 45,745 29 |
| 20. Tekjur af kirkjum | 130 00 | 207 38 |
| Flyt . . | 2,684,130,00 | 3,176,442,67 |

| | Fjárveiting. kr. a. | Reikningur. kr. a. |
|---|---|---|
| Fluttar . . | 2,805,330 00 | 3,176,442 67 |
| 21. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli . . . . . | 3,200 00 | 22,237 20 |
| 22. Tekjur af ræktunarsjóði Íslands . . . . . | » » | 14,277 05 |
| 23. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs . . . . . | 87,000 00 | 102,167 97 |
| 24. Tekjur af láni landssjóðs til Landsbankans . . . . . | 15,000 00 | 15,000 00 |
| 25. Leigur af innstæðufje í bönkum og af bankavaxtabrjefum . | 16,000 00 | 31,921 83 |
| 26. Það sem greitt er frá prestaköllum . . . . . | 4,000 00 | 6,171 23 |
| 27. Endurgjald skyndilána til embættismanna . . . . . | 1,200 00 | 1,874 76 |
| 28. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . . . . | » » | 30.418 61 |
| 29. Greitt úr ríkissjóði Danmerkur . . . . . | 120,000 00 | 120,000 00 |
| 30. Innkomið fyrir seld bankavaxtabrjef 1911 . . . . . | » » | 501,864 87 |
| Samtals . . | 2,926,530 00 | 4,022,376 19 |

| II. Útgjöld: | Fjárveiting. kr. a. | Reikningar. kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Til greiðslu vaxta og afborgana af láni landssjóðs úr ríkissjóði Danmerkur . . . . . | 105,333 33 | 104,666 68 |
| 2. Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins. . . . . | 100,000 00 | 99,034 11 |
| 3. Til alþingis og til yfirskoðunar landsreikninganna . . . . . | 61,600 00 | 85,302 03 |
| 4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn o. fl. | | |
| A. Dómgæzla og lögreglustjórn . . . . . | 172,630 00 | 171,166 07 |
| B. Ýmisleg útgjöld . . . . . | 45,300 00 | 74,317 04 |
| 5. Til útgjalda við læknaskipunina . . . . . | 298,050 00 | 288,607 25 |
| 6. Til samgöngumála: | | |
| A. Til útgjalda við póststjórnina . . . . . | 204,400 00 | 225,631 57 |
| B. Til vegabóta . . . . . | 246,300 00 | 241,905 74 |
| C. Til gufuskipaferða . . . . . | 198,000 00 | 198,900 00 |
| D. Til ritsíma og talsíma. . . . . | 256,300 00 | 317,009 16 |
| E. Til vita . . . . . | 82,227 00 | 73,866 69 |
| 7. Til kirkju- og kenslumála: | | |
| A. Í þarfir andlegu stjettarinnar . . . . . | 92,200 00 | 136,163 82 |
| B. Til kenslumála . . . . . | 409,840 00 | 482,237 89 |
| 8. Til vísinda og bókmenta . . . . . | 145,320 00 | 144,675 35 |
| 9. Til verklegra fyrirtækja . . . . . | 439,520 00 | 458,727 34 |
| 10. Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna . . . . . | 5,200 00 | 34,262 98 |
| 11. Til eftirlauna og styrktarfjár . . . . . | 126,220 00 | 128,392 45 |
| 12. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld . . | 6,000 00 | 39,500 43 |
| 13. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum . . . . . | » » | 295,700 91 |
| 14. Tekjuafgangur. . . . . | » » | 422,308 68 |
| Samtals . . | 2,994,440 33 | 4,022,376 19 |

| | | |
|---|---|---|
| Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1911 . . . . . | kr. | 1,661,679 84 |
| Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. . . . . | — | 40,368 81 |
| Peningaforði landssjóðs s. d. . . . . | — | 664,693 24 |

Nd. **649. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1910 og 1911, veitast kr. 140,451,47 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. fjárlaganna veitast 3,744 kr. 50 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við tölulið 5. | Aðstoðar- og skrifstofukostnaður: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... | kr. | 1199,85 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... | — | 1550,35 | kr. | 2,750,20 |
| — — 7. | Viðhald á stjórnarráðshúsinu ... ... ... ... ... | | | — | 994,30 |
| | | | | kr. | 3,744,50 |

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna veitast 4,325 kr. 85 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við A. 3. | Hegningarhúsið í Reykjavík: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... | kr. | 956,62 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... | — | 29,66 | kr. | 986,28 |
| Við B. 1. | Landshagsskýrslur ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 2,131,52 |
| Við B. 6. | Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum útlendinga: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... | kr. | 661,55 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... | — | 546,50 | — | 1,208,05 |
| | | | | kr. | 4,325,85 |

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna veitast 11,529 kr. 12 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við 6. lið. | Geðveikrahælið á Kleppi: | | | | |
| | árið 1910... ... ... ... ... ... | kr. | 1745,70 | | |
| | — 1911... ... ... ... ... ... | — | 2249,00 | kr. | 3,994,70 |
| Við 7. lið. | Heilsuhælið... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 3,333,33 |
| Við 9. lið c. og d. | Nám yfirsetukvenna: | | | | |
| | árið 1910... ... ... ... ... | kr. | 3338,64 | | |
| | — 1911... ... ... ... ... | — | 641,96 | — | 3,980,60 |
| Við 9. lið g. | Sótthreinsunarofn á Akureyri ... ... ... ... ... | | | — | 220,49 |
| | | | | kr. | 11,529,12 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna veitast 43,052 kr. 71. au.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við A. 1. b. 1. árið 1911 ... ... ... | kr. 118,75 | | | |
| Við A. 1. c.: árið 1910 ... ... ... | — 405,00 | | | |
| Við A. 1. c.: — 1911 ... ... ... | — 760,00 | kr. | 1283,75 | |
| Við A. 2. Póstflutningur 1910 og 1911 ... ... ... | | — | 12000,00 | |
| Við aðra liði til póststjórnar: | | | | |
| árið 1910 ... ... ... | kr. 2738,99 | | | |
| — 1911 ... ... ... | — 2693,71 | — | 5432,70 | kr. 18,716,45 |
| Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður landsverkfræðings | | kr. | 147,48 | |
| Við B. II. Flutningabrautir og viðhald ... ... | | — | 2683,56 | |
| Við B. III. Þjóðvegir ... ... ... ... ... ... | | — | 906,92 | — 3,737,96 |
| Við D. II. Til nýrra talsímalagninga o. fl.: | | | | |
| árið 1910 . ... ... ... | kr. 2274,97 | | | |
| — 1911 . ... ... ... | — 1695,68 | kr. | 3970,65 | |
| Við D. III. Starfræksla landssíma: | | | | |
| árið 1910 . ... ... ... | kr. 3662,46 | | | |
| — 1911 . ... ... ... | — 5317,37 | — | 8979,83 | |
| Við D. Aðrir liðir V.—VII.: | | | | |
| árið 1910 . ... ... ... ... | kr. 3120,38 | | | |
| — 1911 . ... ... ... ... | — 1558,61 | — | 4678,99 | — 17,629,47 |
| Við E. Vitar: | | | | |
| árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... | | kr. | 1367,55 | |
| — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... | | — | 1601,28 | — 2,968,83 |
| | | | | kr. 43,052,71 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. fjárlaganna veitast 15,829 kr. 92 aurar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við B. IV. Hinn almenni mentaskóli: | | | | |
| Við c. 3. Árið 1910 ... ... ... ... | | kr. | 1693,46 | |
| Við c. 5. — 1910 ... ... ... ... | | — | 1331,25 | |
| Við c. 5. — 1911 ... ... ... ... | | — | 1754,50 | kr. 4,779,21 |
| Við B. V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | |
| Við b. 2. Árið 1910 ... | kr. 761,45 | | | |
| Við b. 2. — 1911 ... | — 495,98 | kr. | 1257,43 | |
| Við b. 3. — 1910 ... | kr. 381,49 | | | |
| Við b. 3. — 1911 ... | — 1656,00 | — | 2037,49 | |
| Við b. 5. — 1910 ... | kr. 284,92 | | | |
| Við b. 5. — 1911 ... | — 297,75 | — | 582,67 | — 3,877,59 |
| | | | Flyt | kr. 8,656,80 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | Flutt | kr. | 8,656,80 |
| Við B. VI. | Kennaraskólinn: | | | | | | |
| | Við b. 2. Árið 1910 ... | kr. | 105,63 | | | | |
| | Við b. 2. — 1911 ... | — | 538,95 | kr. | 644,58 | | |
| | Við b. 5. — 1910 ... | kr. | 1063,53 | | | | |
| | Við b. 5. — 1911 ... | — | 468,44 | — | 1531,97 | — | 2,176,55 |
| Við B. VII. | Stýrimannaskóli: | | | | | | |
| | Við b. 1. Árið 1911 ... ... ... ... | | | kr. | 183,50 | | |
| | Við b. 4. — 1910 ... | kr. | 350,06 | | | | |
| | Við b. 4. — 1911 ... | — | 266,94 | — | 617,00 | — | 800,50 |
| Við B. VIII. c. | Unglingaskólar ... ... ... ... ... ... ... ... | | | | | — | 350,00 |
| Við B. VIII. k. | Kensla heyrnar- og málleysingja: | | | | | | |
| | Árið 1910... ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 1772,68 | | |
| | — 1911... ... ... ... ... ... ... | | | — | 1664,34 | — | 3,437,02 |
| Við B. IX. b. | Sundkensla: | | | | | | |
| | Árið 1910... ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 297,91 | | |
| | — 1911... ... ... ... ... ... ... | | | — | 111,14 | — | 409,05 |
| | | | | | | kr. | 15,829,92 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 5,845 kr. 28 aurar.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Við 1. h. | Prentun ritaukaskrár 1910... ... ... ... ... ... ... ... | | | | | kr. | 314,25 |
| Við 2. d. | Skrá yfir skjalasafnið (endurveiting) . ... ... ... ... | | | | | — | 500,00 |
| Við 5. | Safnhúsið: | | | | | | |
| | Eldiviður, áhöld o. fl. 1910 ... ... ... | | | kr. | 2132,31 | | |
| | — — — 1911 ... ... ... | | | — | 1627,08 | — | 3,759,39 |
| Við 9. | Syslubókasöfn o. fl.: | | | | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 530,00 | | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 300,00 | — | 830,00 |
| Við 30. | Útgáfa dómasafns: | | | | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 180,00 | | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 15,00 | — | 195,00 |
| Við 45. | Jarðskjálftamælir ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | | | — | 246,64 |
| | | | | | | kr. | 5,845,28 |

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. fjárlaganna veitast 30,910 kr. 44 aurar.

Við 1. Bændaskólinn á Hólum:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við c. 3. | Árið 1910 ... ... | kr. 444,50 | | | |
| Við c. 3. | — 1911 ... ... | — 240,40 | kr. 684,90 | | |
| Við c. 5. | — 1910 ... ... | kr. 1233,23 | | | |
| Við c. 5. | — 1911 .. ... | — 863,79 | — 2097,02 | | |
| Við c. 6. | Árið 1910 ... ... | kr. 8527,04 | | | |
| Við c. 6. | — 1911 ... ... | — 9590,32 | — 18117,36 | | |
| Við aðra liði árið 1911 . ... ... ... ... | | | — 433,06 | kr. | 21,332,34 |
| Við 2. | Bændaskólinn á Hvanneyri: | | | | |
| Við c. 6. | Árið 1910 ... ... ... ... ... | | kr. 580,42 | | |
| Við c. 6. | — 1911 ... ... ... ... ... | | — 7173,44 | — | 7,753,86 |
| Við 9. | Skóggræðslan... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 822,00 |
| Við 23. | Viðskiftaráðunautar. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 838,49 |
| Við 25. | Húsaskoðun á prestssetrum... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 163,75 |
| | | | | kr. | 30,910,44 |

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. fjárlaganna veitast 2,268 kr. 82 aurar.

| | | |
|---|---|---|
| Hálfur kostnaður við rannsókn Landsbankans... ... ... ... ... ... | kr. | 878,27 |
| Greitt fyrir undirbúning á siglingalögunum ... ... ... ... ... | — | 600,00 |
| Styrkur til 2 íslenskra stúlkna til handavinnunáms hjá Kunstflids-foreningens Friundervisning í Khöfn (endurveiting) ... ... | — | 300,00 |
| Öndverðarnesvitinn árið 1911 .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 490,55 |
| | kr. | 2,268,82 |

10. gr.

Sem viðbót við gjöld samkvæmt fjáraukalögum nr. 10, 11. júlí 1911 fyrir árin 1910 og 1911 veitast 14,906 kr. 49 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við 4. gr. | Tvöföld símalína milli Reykjavíkur og Borðeyrar... ... ... .. ... ... ... | kr. 328,06 | | | |
| Við 4. gr. | Sömuleiðis milli Akureyrar og Sauðárkróks... ... ... ... ... ... ... ... | — 1077,88 | kr. | 1,405,94 | |
| Við 5. gr. | Háskóli Íslands: | | | | |
| | a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. 9100,00 | | | |
| | b. Ýmisleg útgjöld... ... ... ... ... | — 4043,53 | — | 13,143,53 | |
| Við 5. gr. | Akureyrarskóli, málun m. m. ... ... ... ... ... ... | | — | 100,08 | |
| Við 5. gr. | Kvennaskóli, aðgerð ... ... ... ... ... ... ... ... | | — | 190,35 | |
| Við 5. gr. | Stýrimannaskóli, aðgerð ... ... ... ... ... ... ... | | — | 66,59 | |
| | | | kr. | 14,906,49 | |

11. gr.

| | | |
|---|---|---|
| Til hitaleiðslu í pósthúsinu í Reykjavík veitast | kr. | 1,975,72 |
| Ráðherrabústaður.. ... ... ... ... ... ... ... | — | 1,562,62 |
| Milliþinganefnd í fjármálum landsins ... ... | — | 4,500,00 |
| | kr. | 8,038,34 |

Nd. **650. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík (237).

Frá Jóni Ólafssyni.

Í frumvarpsgreininni stendur »Ytri-Skálavík«, en í stað þess komi: Innri-Skálavík.

Nd. **651. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Frumvarp þetta, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, var samþykt í efri deild með 2 smávægilegum breytingum.

Þær skýrslur, sem hingað til hafa verið samdar um mannskaða hjer á landi, hafa verið mjög ófullkomnar og ónákvæmar, en hins vegar er augljóst, að full þörf er á glöggum skýrslum í því efni, svo að fengin verði nokkurnveginn ljós vitneskja um tölu þeirra manna, er deyja vofeiflega og orsakir til dauða þeirra.

Frumvarpið hefir fengið ítarlegan undirbúning í hendur stjórnarinnar, eins og sjá má af brjefi landlæknis til stjórnarráðsins og athugasemdum hans við frumvarpið.

Nefndin lítur svo á, að hjer sje um þarft laganýmæli að ræða, og hefir eftir vandlega athugun ekki sjeð ástæðu til að breyta frumvarpinu, en leggur til að það sje samþykt óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 29. ágúst 1913.

| | |
|---|---|
| Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. | H. Steinsson, skrifari og framsögum. |

Matth. Ólafsson. Kristinn Daníelsson. Tryggvi Bjarnason.

Nd. **652. Frumvarp**

til laga um mannanöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, er hjer fara á eftir, hvert um sig, þá merkingu, er nú skal greina:

*Eiginheiti* hvers manns er það nafn, sem hann hlýtur í skírn eða í lögákveðinni tilkynningu til kirkjubókar.

*Föðurnafn* hvers manns er eiginheiti föður hans haft í eignarfalli að viðbættum *son*, ef karlmaður er, en *dóttir*, ef kvenmaður er.

*Kenningarnafn* er hvert það heiti, er maður hefir í viðbót við eiginheiti og föðurnafn, en gengur ekki til afkomenda hans.

*Ættarnafn* er hvert það heiti, auk eiginheitis og föðurnafns, er ganga skal óbreytt mann fram af manni í beinan karllegg.

2. gr.

Hver sá maður, er hlotið hefir 2 eiginheiti eða fleiri, er skyldur til, frá því er hann verður 16 ára, að nota sama nafn og nöfn alla ævi, nema leyfi fái til breytingar, og skal hann jafnan rita þau á sama hátt. Eiginheiti skal ávalt rita á undan föðurnafni eða ættarnafni.

Hver maður skal rita föðurnafn sitt eða ættarnafn fullum stöfum á eftir eiginheiti.

Nú hefir maður löglegt kenningarnafn eða ættarnafn, og skal þá rita það fullum stöfum í stað föðurnafns, og má þá rita föðurnafnið á undan því, fullt eða skammstafað eða upphafsstaf þess einn, eða sleppa því.

Nú hefir maður í skírn eða tilkynningu til bókar hlotið nafn, sem er löglegt ættarnafn annarar ættar, þá er honum óheimilt að hafa það fyrir kenningarnafn eða ættarnafn.

3. gr.

Þá er kona giftist, má hún taka upp ættarnafn manns síns með eða án föðurnafns síns eða ættarnafns, ella nota nafn sitt og kenna sig til föðurnafns síns.

Nú skilur kona við mann sinn að lögum, og er henni þá frjálst að taka upp aftur ættarnafn sitt, ef til var, en fá verður hún leyfisbrjef samkvæmt 10. gr. Þessi nafnskifti getur stjórnarráðið, ef sjerstök ástæða er til, leyft að nái til barna hennar, sem hún hefir foreldraráð yfir og yngri eru en 16 ára, og eins þó eldri sjeu, ef þau æskja þess sjálf; þó má hún ekki fá börnunum ættarnafn sitt, nema foreldrar hennar og systkin gefi leyfi til, þau er lifa hjer á landi.

4. gr.

Öllum er skylt að nota löglegt ættarnafn föður síns, og tekur það einnig til óskilgetinna barna, ef faðerninu er játað.

Nú er barn föðurlaust, og skal það að föðurnafni kenna sig til móðurföður eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er.

5. gr.

Enginn má breyta eiginheiti sínu, föðurnafni, kenningarnafni eða ættarnafni, eða taka upp og nota nokkurt nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þessara laga.

6. gr.

Nú vill maður, sem fæddur er á Íslandi, taka upp kenningarnafn eða ættarnafn hjer á landi eða breyta eldra ættarnafni, og skal hann þá senda

stjórnarráði Íslands beiðni um það, og láta henni fylgja skírnarvottorð sitt eða þau vottorð, er samkvæmt gildandi lögum koma í þess stað. Sje umsækjandi yngri en 16 ára, verður hann að láta beiðninni fylgja samþykki þess foreldranna, er foreldraráð hefir yfir honum.

Hjón geta, meðan hjónabandinu er ekki slitið með lögum, því að eins fengið heimild til nýs ættarnafns, að þau sjeu því bæði samþykk.

Systkin mega í sameiningu sækja um sameiginlegt ættarnafn, og verður þá að fylgja umsókninni skírnarvottorð þeirra, er hið nýja nafn á að ná til eða það vottorð, er löglega kemur í þess stað.

Eigi umsækjandi börn á lífi, er lögum samkvæmt bera nafn hans, skal nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef þau eru yngri en 16 ára og hann hefir foreldraráð yfir þeim. Sjeu þau eldri en 16 ára, má nafntakan eða nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef umsækjandi hefir haft foreldraráð yfir þeim innan 16 ára aldurs, og þau sjálf samþykkja.

Nú eru framangreind skilyrði fyrir hendi, og geta þá einnig faðir eða móðir fengið heimild til ættarnafnstöku eða ættarnafnsbreytingar fyrir börn sín, þótt þau sjálf breyti ekki ættarnafni sínu. Skal þá nafntakan eða nafnbreytingin ná til þeirra barna allra, sem umsækjandi hefir foreldraráð yfir.

Hafi hjón fengið nýtt ættarnafn upptekið fyrir sameiginleg börn sín, hljóta seinni börn í því hjónabandi sama ættarnafn.

Enginn getur fengið nafni sínu breytt oftar en einu sinni eftir 16 ára aldur.

7. gr.

Enginn getur fengið heimild til að taka upp og hafa að kenningarnafni eða ættarnafni nein þau nöfn, er nú skal greina:

*a.* Ættarnöfn, sem eru lögleg eða viðurkend eign íslensks manns, ef aðili sjálfur eða fjárhaldsmaður hans hefir með brjefi til stjórnarráðsins fyrir 1. jan. 1915 tilkynt ættarnafnið, og lagt bann við, að það sje notað.

Ættarnafn, sem upp hefir verið tekið fyrir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), telst viðurkend eign þess, er það hefir notað. Skýrsla um það, hvenær ættarnafn hefir verið tekið upp, skal fylgja tilkynningunni, og getur stjórnarráðið heimtað þær sannanir fyrir upptöku nafnsins, er því finst ástæða til.

*b.* Ættarnöfn, sem eru löglega upptekin eftir 1. jan. 1915.

c. Nöfn, er hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er er um getur í staflið a. og b., að villum geti valdið.

Stjórnarráðið skal skera úr öllum deilum, er rísa kunna út af fyrirmælum þessarar greinar.

8. gr.

Skrá um ættarnöfn, er ekki má taka upp samkvæmt 7. gr., staflið a., lætur stjórnarráðið semja og prenta í B-deild Stjórnartíðindanna. Við hver árslok skal prenta viðauka við skrá þessa, og færa þar inn þau ættarnöfn, sem leyfi hefir verið veitt til að taka upp á árinu. Nafnaskráin og viðaukarnir skulu vera til sölu hjá bóksala í Reykjavík. Stjórnarráðið ákveður söluverðið.

Ennfremur skal stjórnarráðið láta semja og gefa út til leiðbeiningar:

1. Skrá yfir orð og heiti, sem fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum.

2. Skrá yfir góð íslensk, forn og ný eiginheiti karla og kvenna, er sjerstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni.
3. Skrá yfir skammstafanir þær á eiginheitum manna, sem æskilegt þykir að nota.

9. gr.

Ættarnöfn eða kenningarnöfn, sem upp hafa verið tekin án löglegrar heimildar eftir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), má því að eins nota eftirleiðis, að sá, er í hlut á, fái heimild til að nota þau, með konunglegu leyfisbrjefi.

10. gr.

Sje ekkert nafntökunni eða nafnbreytingunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef, sem umsækjandi fær afhent gegn gjaldi því, er ákveðið er í 12. gr. Jafnframt sendir stjórnarráðið sóknarpresti, þeim sem í hlut á, eftirrit af leyfisbrjefinu, og skal hann geta nafntökunnar í kirkjubókinni við skírnarnöfn þeirra er nafntakan eða nafnbreytingin nær til.

11. gr.

Breytingar á nöfnum eða ný eiginheiti geta menn fengið með konungsleyfi á þann hátt, er tíðkast hefir.

Prestum er heimilt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg, eða færa slík nöfn til bókar.

12. gr.

Fyrir hvert leyfisbrjef, sem út er gefið samkvæmt 10. gr., hvort heldur fyrir einn mann eða heila fjölskyldu, skal greiða 10 kr., er renna í landssjóð.

Fyrir skrásetningu ættarnafna, þeirra sem getið er í upphafi 8. gr. (sbr. 7. gr. a.), skal gjalda 2 kr. fyrir hvert nafn, og rennur gjaldið í landssjóð.

13. gr.

Fullveðja mönnum, sem nú eru uppi, er frjálst að rita nafn sitt á þann hátt, sem þeir hafa tíðkað.

Útlendingum, sem hingað koma, er frjálst að rita löglegt heiti sitt á sinn vanahátt.

Í öllum opinberum skrám og skýrslum, skal ávalt rita eiginheiti manna á undan föðurnafni.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er falla í landssjóð. Með mál út af þeim skal farið sem með almenn lögreglumál.

15. gr.

Heimild stjórnarráðsins til að gefa út leyfisbrjef um upptöku ættarnafna gengur í gildi 1. jan. 1915. 9. gr. laganna gengur í gildi 1. jan. 1916. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi 1. jan. 1914.

Nd. **653. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson og Jón Ólafsson.

1. Við 5. gr. Miðmálsgreinin falli burtu.
2. — 5. — Í stað »Ennfremur« í 3. málsgrein komi: Einnig.

Ed. **654. Frumvarp**

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Páli Júlíusi Torfasyni í Reykjavík einkarjett um 30 ár til að vinna salt og fleiri efni úr sjó, hvort heldur með fossafli, gufuafli eða rafmagni, með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki stjórnarráðs að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót þegar 5 ár eru liðin frá dagsetning einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara.

Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt upp einkaleyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal stjórnarráðinu áskilinn rjettur til að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 5%.

Einnig greiði leyfishafi frá byrjun 50 aura af hverri smálest af salti er fyrirtæki hans framleiðir.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, er leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, geʻur landsstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins, með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Ed.

## 655. Frumvarp

til landskiftalaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir lögum þessum geta komið til skifta öll heimalönd sveitajarða, tún, engi og úthagi, sem fleiri býli hafa til samnota, og ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota, svo sannað verði, nje heldur hafa viðurkend landamerki. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðaparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Úttektarmenn skulu gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Sýslumaður skal og nefna oddamann til skiftagerðar, og skal hann vera formaður úttektarmanna og stýra skiftunum; hann skal bóka skiftagerðina og skera úr, ef úttektarmenn greinir á.

Úttektarmenn fá í dagpeninga 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum, en oddamaður 4 kr.

3. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sjerstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sjerstakt býli, og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiði sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað, að út sje skift nema nokkrum hluta lands þess, er býli hans fylgir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

4. gr.

Skifti þau, er um ræðir í 3. gr., skulu vera til fullrar eignar, og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, og svo leiguliðum og öðrum þeim,

er notkunarrjett hafa á landinu, að vera við skiftin. Þeim skal einnig gefinn kostur á að vera við yfirmat og upplýsa málið fyrir matsmönnum, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er úttektarmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna að síðustu. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í landi því, sem skift er, um 1 ár frá því er sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla, til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður yfirmatsmanna og stýra matinu.

5. gr.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag, meðan þeir eru að skiftum og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess beiðist, sje engin breyting gerð á skiftum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

6. gr.

Áður en skifti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skifta skal, sje með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Sjeu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um rjettindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess.

Sjeu merki milli lands þess, er skifta skal, og annarar jarðar eða jarða, krókótt og óhagkvæm fyrir skiftin, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting merkjanna.

7. gr.

Skifta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi. Verði þessu ekki við komið, skal tilgreina ástæður fyrir því.

8. gr.

Nú hefir eigandi ræktað hluta úr óskiftu sameignarlandi, og skulu þá úttektarmenn við skiftin láta hann halda þessu landi, móti því, að hinir sameigendurnir fái hvor um sig að tiltölu samsvarandi hluta af sameignarlandinu. En verði því ekki við komið, og hljóti einhver hluti hins ræktaða lands að koma til skifta, þá skal honum heimilt að kaupa þann hluta eftir mati úttektarmanna.

9. gr.

Nú liggja túu- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiftagerðinni ákveðið um notkunarrjett hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhaldskostnað og vegagerðar, svo og hvar nýir vegir skuli liggja.

Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblástri, skal þá við skiftin taka sjerstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skift.

Ef svo stendur á, að mýri eða votlend landspilda, sem þarfnast framræslu, er í hinu óskifta landi, skulu þeir, sem skiftin gera, sjá fyrir því, að þau geti á engan hátt hindrað framkvæmd framræslunnar.

10. gr.

Skiftagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr sýslusjóði.

11. gr.

Þegar landi hefir verið skift samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg landamerki. Eru landeigendur skyldir að gera þau. Í skiftagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um vilst.

12. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver óskar þess; kostnaðinn greiði þeir allir eftir jarðastærð.

13. gr.

Landeigendum er frjálst að skifta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum, og leiguliðar og aðrir, er notkunarrjett hafa á landinu, og skiftin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Um slík skifti skal skrá greinilega skiftagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiftin, takmörkum þess og rjettindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiftin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skift var. Skiftagerð þessari skal þinglýsa.

Sje ekki skift að tiltölu rjettri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða rjettindum innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, skal líta á það sem afsalað eða selt, og kemur það þá til greina við næsta jarðamat.

14. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiftu landi, má enginn eiganda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn þeirra nota beitina nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektarmönnum.

Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fjenað má í högum hafa, án þess örtröð verði.

Nú hefir einhver sambeitareigenda minni fjenað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meir en þeim ber, skulu þeir þá hafa forgangsrjett til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurjett þess, sem of fátt hefir, meðan hann notar eigi sjálfur.

Nd. **656. Lög**

um sjódóma og rjettarfar í sjómálum.

(Samþykt í Nd. 1. september).

1. gr.

Einkamál og refsimál um þau efni, sem ræðir um í siglingalögunum, að undanskildum málum um rjettindi yfir skipum samkvæmt 2. kap. siglingalaganna, eiga undir sjódóm. Ennfremur eiga undir sjódóm mál út af vátryggingu á skipi, farmi og öðrum hagsmunum, sem vátrygðir eru gegn hættum á sjó, sjóferðaskýrslur, sjóferðapróf og vitnamál, ef nota á vitnisburðinn í máli, sem á undir sjódóm, svo og störf þau, sem á dómstólum hvíla að því er snertir skoðunar-, álits- og matsgerðir, er ræðir um í siglingalögunum.

Sjódóm skipa hlutaðeigandi hjeraðsdómari, og er hann formaður dómsins, og tveir menn aðrir, sem sjerþekkingu hafa á siglingamálefnum.

Nú er kröfu, sem samkvæmt framansögðu á undir sjódóm, lýst í bú, sem tekið hefir verið til opinberrar skiftameðferðar, og ris þræta um kröfuna, sem ekki snertir skiftin sjerstaklega, og á þá skiftaráðandi að vísa þrætunni til sjódóms, ef hann telur það nauðsynlegt vegna þess hvernig þrætunni er varið, eða einhver aðila krefst þess.

Frjálst er aðilum að semja svo um, að einkamál, sem samkvæmt þessari grein á undir sjódóm, skuli rekið fyrir og dæmt af venjulegum dómi.

2. gr.

Fastur sjódómur skal vera í kaupstöðunum, og má með konunglegri tilskipun leggja þær þinghár, sem næstar eru, að öllu eða nokkru leyti undir sjódóm kaupstaðarins. Ennfremur má með konunglegri tilskipun ákveða fastan sjódóm utan kaupstaða í þeim þinghám, þar sem kauptún er og sjávarútgerð, og má jafnframt ákveða, að fleiri en ein dómþinghá skuli vera ein sjódómsþinghá. Áður en skipað er sjódómaþinghám, skal þó ávalt leitað álits bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda, sem hlut eiga að máli, um takmörk þingháarinnar.

Ráðherra tiltekur hve margir skuli vera sjódómsmenn í sjódómsþinghá hverri, en leita skal áður um það álits sveitastjórna þeirra, sem hlut eiga að máli. Þó mega sjódómsmenn aldrei fleiri vera en 12 í neinni sjódómsþinghá.

Þá eina má tilnefna og skipa sjódómsmenn, sem eru 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, búsettir innan sjódómsþingháarinnar og hafa sjerstaklega þekking á siglingum, útgerð, vjelastörfum, vörum eða vátryggingarmálefnum.

Ráðherra skipar sjódómsmenn í tiltekinni röð, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna í sjódómsþinghánni, til 4 ára í senn, og má enginn kjörgengur maður skorast undan skipun, nema hann sje 65 ára að aldri eða ráðherra taki afsökun hans gilda. Sá, sem gegnt hefir sjódómsmannsstöðu að minsta kosti eitt kjörtímabil, má skorast undan endurskipun jafn langan tíma.

Hjeraðsdómari kveður tvo hinna skipuðu sjódómsmanna til að sitja í dómi um hvert mál, sem fyrir kemur; skal kveðja sjódómsmennina hvern af öðrum eftir útnefningarröð, og má hjeraðsdómarinn ekki bregða út af röðinni, nema nauðsynlegt sje vegna sjerþekkingar, er mál það, sem um er að ræða, útheimtir, eða forföll eða aðrar tálmanir banni þeim að sitja dóminn, sem næstur er í röðinni. Nú er þess ekki kostur, að útnefna nægilega marga sjódómsmenn meðal hinna skipuðu sjódómsmanna, og skal þá útnefnt samkvæmt ákvæðum næstu greinar.

Ef brugðið er út af rjettri röð við útnefning sjódómsmanna, eða gengið er fram hjá hinum skipuðu sjódómsmönnum, þá skal ástæðunnar til þess getið í þingbókinni.

3. gr.

Nú er ekki fastur sjódómur í þinghá, og þinghá sú hefir heldur ekki verið lögð undir sjódóm annarar þinghár, og skal þá tilnefna sjódómsmenn hvenær sem mál ris um þau efni, sem eiga undir sjódóm, fyrir það mál sjerstaklega. Hjeraðsdómarinn nefnir sjódómsmenn á þann hátt, sem tíðkast um dómkvaðning manna. Það leysir ekki dómara undan að dómkveðja sjódómsmenn, að málsaðilar sjeu á einu máli um það, hverjir þeir kjósi að sitji dóminn, enda er dómara aldrei skylt að fara eftir tillögu málsaðila um mennina.

4. gr.

Áður en sjódómsmaður tekur til starfa í fyrsta sinn í sjódóminum, skal hann vinna drengskaparheit samkvæmt 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911 að því, að hann skuli rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann.

5. gr.

Fyrir starf sitt í sjódómi eiga hinir útnefndu sjódómsmenn 4 kr. kaup fyrir hvern dag, sem þeir sitja í sjódómi, eigi þeir heima í þeim kaupstað, kauptúni eða þorpi, þar sem sjódómur er háður. Eigi sjódómsmaður heima utan kaupstaðarins, kauptúnsins eða þorpsins, þar sem sjódómurinn er háður, ber honum auk þess 2 kr. í fæðispeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, sem dómarinn úrskurðar í einkamálum um leið og málinu er lokið, en í refsimálum úrskurðast reikningurinn á venjulegan hátt.

6. gr.

Sækjanda er frjálst að stefna útgerðarmanni á persónulegt varnarþing hans eða þar sem skipið á heima. Sama er um mál gegn skipstjóra eða skipshöfn út af skyldustörfum þeirra.

Nú á maður kröfu að heimta, sem skip eða farmur er að veði fyrir, og er skipið eða farmurinn kyrsett hjer á landi vegna kröfunnar, og má þá höfða mál til greiðslu kröfunni á þeim stað, þar sem kyrsetningin var gerð.

Mál út af ákvörðun eða skifting björgunarlauna, má höfða þar sem bjargað var eða þar sem björgunargóssið var flutt á land.

7. gr.

Sjódómur skal háður, þá er mál eru fyrir hendi, sem eiga undir sjódóm. Málshöfðanda eða gerðarbeiðanda ber að sýna formanni dómsins stefnu sína, eða beiðast sjódóms skriflega, og á hann í beiðninni að skýra frá efni málsins. Formaður ákveður þá fyrirtekt málsins með áritun á stefnuna eða beiðnina.

Formaður kveður jafnan meðdómsmenn sína til dómhaldsins. Þó skal hann ekki kveðja þá til dómhalds, ef líklegt er að áliti hans, að að eins verði lögð fram skrifleg skjöl og beðið um frest. Ennfremur má formaður einn taka við sjóferðaskýrslu, sem eigi má dragast og að áliti hans er ekki mikils varðandi, og byrja rannsókn, sem ekki má fresta, ef ekki verður náð til sjódómsmanna nægilega snemma.

Formanni ber að sjá um, að stefnan eða innköllunin sje birt hlutaðeigendum, ef gerðarbeiðandi óskar þess og greiðir kostnað þann, sem af því leiðir.

8. gr.

Stefnufrestur til sjódóms í einkamálum er bæði að því er kemur til málsaðila og vitna hinn sami sem til gestarjettar; sömuleiðis gilda sömu reglur sem í gestarjettarmálum um sáttir, fresti, dómsuppsögn og aðför. Í þessum málum má ennfremur koma fram gagnkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar. Ákvæði N. L. 1—13—13 um skyldu til að stefna á ný vitnum, sem áður hafa gefið skýrslu um málið, þá er nýjum vitnum er stefnt, skal ekki gilda um sjódómsmál, sjóferðaskýrslur nje vitnaleiðslur, sem nota á í málum, sem eiga undir sjódóm. Reglan eftir N. L. 1—4—1, að óstefndur skuli vera ónefndur, gildir ekki um sjóferðaskýrslur.

Í málum milli skipstjóra og skipshafnar, eða útgerðarmanns og skipshafnar, mega málsaðilar ekki láta málflutningsmann mæta fyrir sína hönd, nema dómurinn leyfi.

Að öðru leyti gilda um sjómál almennar rjettarfarsreglur.

9. gr.

Formaður stjórnar öllum störfum sjódóms, og heldur þingbókina.

Ef þörf er á túlk, og enginn sjódómsmanna getur og vill túlka, þá skal

kveðja til málfróðan mann til aðstoðar dóminum; skal sá maður staðfesta á þann hátt, sem lög nr. 29, 11. júlí 1911 um eiða og drengskaparorð mæla fyrir, að hann skuli rækja starf sitt samviskusamlega og eins og best má hann. Túlkur á borgun fyrir starf sitt; dómurinn ákveður borgunina, en gerðarbeiðandi greiðir.

10. gr.

Heimilt er sjódómi að taka við sjóferðaskýrslu, láta skoðunargerð og matsgerð á skipi og gössi fram fara og aðrar gerðir, sem að áliti dómsins ekki mega bíða, þó eiganda, vátryggjanda og öðrum þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, hafi ekki verið tilkynt gerðin. Hinsvegar skal þess gætt af dóminum, að hlutaðeigendur sjeu ávalt kvaddir til gerðarinnar, ef þeir eru staddir á staðnum, eða umboðsmenn þeirra, eða svo nærri, að auðvelt er að kveðja þá til, án þess gerðinni sje seinkað óhæfilega mikið, og gerðarbeiðanda eða dóminum var kunnugt um það. Nú næst ekki til hlutaðeiganda, og á dómurinn þá að gæta þess vandlega, að ekki sje gengið á rjett fjarstaddra manna.

11. gr.

Skipstjóri skal hafa með sjer skipsbækurnar, þá er hann gefur sjóferðaskýrslu, og ber dóminum að bera þær saman við afrit það, sem fylgja skal skýrslunni samkvæmt 45. gr. siglingalaganna. Fyrst tekur dómurinn við munnlegri skýrslu skipstjóra; síðan skulu leidd vitni þau, sem skipstjóri hefir með sjer eða dómurinn hefir stefnt til. Skal þess ávalt gætt, að enginn þeirra hlusti á skýrslu hinna.

Vitnin eiga, að því leyti sem auðið er, að gefa samfelda skýrslu um atvik þau, sem um er að ræða; ef nokkuð vantar á skýrsluna, eða hún er ógreinileg eða óákveðin, þá ber dóminum að spyrja vitnin sjerstaklega, og reyna þannig að fá áreiðanlega vitneskju um það, sem hver um sig hefir sjálfur komist að raun um. Áður en tekið er til að spyrja vitnin, ber dóminum að áminna vitnin alvarlega um sannsögli og um að leyna engu, og að brýna fyrir þeim þýðing staðfestingarinnar og lagahegning þá, sem þau verða að þola, ef þau bregða út af hinu sanna í nokkru atriði. Að jafnaði má ekkert vitnanna staðfesta framburð sinn, sbr. lög nr. 29, 11. júlí 1911, II. kafla, fyr en öll hafa borið.

12. gr.

Nú hefir íslenskt skip farist, eða skipshöfnin hefir yfirgefið það á hafi úti, eða það hefir farið á grynningar, svo að það komst ekki á flot aftur, nema með aðstoð annara eða með því að kasta fyrir borð eða höggva siglutrjen, eða það hefir beðið tjón af eldsvoða, eða rekist á annað skip og hlotið tjón af árekstrinum, eða það varð fyrir óhappi, sem mannsbani hlaust af, og skal dómurinn þá jafnframt sjóferðaskýrslunni halda próf til þess að reyna að komast fyrir orsakir óhappsins; próf þetta heldur dómurinn fyrir hönd hins opinbera með valdi því, sem dómar eiga við opinberar rannsóknir. Sjerstaklega skal það rannsakað, hvort orsakir óhappsins eru þær, sem nú skal greina:

1. Gallar á skipi, siglingaverkfærum þess, útbúnaði eða mannafla.
2. Gallar á fermingu skipsins, svo sem að skipið hafi verið ofhlaðið, eða farmurinn hafi verið hættulegs efnis, eða skift skakt niður í skipinu, eða óforsvaranlega búlkaður eða skorðaður, eða seglfesta hafi verið ónóg, óhæf, illa skift eða óforsvaranlega skorðuð.
3. Gáleysi eða hirðuleysi skipstjóra eða skipshafnar, eða skipstjóra eða skipshafnar annars skips.
4. Gáleysi eða hirðuleysi hafnsögumanns, gallar á sjóbrjefum eða vitum, sjómerkjum eða öðrum tilfærum, sem ætlaðar eru siglingum til öryggis.

13. gr.

Nú er ástæða til að gruna eftir því sem fram hefir komið við sjóferðaskýrslu eða sjóferðapróf, að um hegningarvert athæfi sje að ræða, og skal þá sjódómurinn fara með málið og dæma það, ef það á undir sjódóm samkvæmt lögum þessum, en að öðrum kosti senda stjórnarráðinu útskrift úr sjóferðaskýrslunni og sjóferðaprófinu með tillögum sínum til frekari aðgerða.

14. gr.

Nú eru einhver þau atvik fyrir hendi, sem um er rætt í 12. gr., og það kemur í ljós, að sjóferðaskýrsla hefir ekki verið gefin, af því að enginn þeirra, sem bar skylda til að tilkynna óhappið, hefir komist lífs af, eða óhappið hefir af öðrum ástæðum ekki verið rannsakað, og skal þá sjódómur rannsaka málið þar sem því verður best við komið. Þannig á rannsókn fram að fara á heimili skipsins, hafi það horfið, en ella að jafnaði þar sem skipið kemur til hafnar eftir óhappið, eða þar sem skipshöfn, skip eða skipsflak kemur á land.

15. gr.

Um áfrýjun dóma og úrskurða sjódóms fer eftir almennum lögum um áfrýjun.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914. Þau taka ekki til þeirra mála, sem stefnt er til dóms, nje þeirra gerða, sem tekið er til að framkvæma fyrir þann dag.

Nd.

# 657. Siglingalög.

(Samþykt í Nd. 1. september).

## Fyrsti kapituli.

### Um skip.

1. gr.

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og, að tveim þriðju hlutum minst, eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelags eign, og skal þá hver stjórnarnefndarmaður þess fullnægja skilyrðum þeim, er nú voru talin um heimilisfestu eða rjett innborinna manna, enda sje meiri hluti stjórnarinnar búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

Halda skal opinbera skrá yfir íslensk skip, samkvæmt lögum um skrásetning.

3. gr.

Nú er skip skrásett, og ræður útgerðarmaður þess þá, hvar á Íslandi það skuli eiga heimili. Hafi útgerðarmaður ekki kveðið á um þetta, og eins ef skipið er ekki skrásett, þá telst heimili útgerðarmannsins heimili skipsins, og sjeu útgerðarmenn fleiri, ræður heimili útgerðarstjóra. Heimili skipsins skal letrað á það skýrum stöfum.

4. gr.

Skip er óbætandi:

1. Er engri viðgerð á því verður við komið;
2. er ekki verður gert við það, þar sem það er, eða á neinum þeim stað, er það verður flutt á;
3. er skipið er ekki talið þess vert, að við það sje gert.

Skulu öll þessi atriði sönnuð með löglegri skoðunargerð.

## Annar kapituli.

### Um rjettindi yfir skipum.

5. gr.

Um stofnun og vernd eignarrjettar og eignarhafta á skrásettu skipi eða skipshluta skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

Sjólánsveð, sbr. 7. kap., er þó undanþegið þessu ákvæði.

6. gr.

Nú er eigandi skips sviftur fjárforræði, og skal þá þinglesa fjárforræðissviftinguna eins og um fasteign væri að ræða. Sama er um hjónakaupmála um skip.

7. gr.

Þinglestur samkvæmt 5. og 6. gr. skal fara fram þar, sem skipið er skrásett.

8. gr.

Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra skjala, sem þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu samkvæmt 5. og 6. gr., og vitnað til veðmálabókanna; koma skrárnar í stað fasteignaregistursins. Ef skipið er ekki skrásett á skipaskrá, skal þinglestrarins getið í dálki skipsins á smáskipaskránni eða fiskiskipaskránni.

9. gr.

Nafnbreyting á skipi og flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því að eins leyfa, að allir þeir, sem eiga þinglesin rjettindi yfir því, samþykki það.

Nú er samþykki veitt, og skal þá skrásetningarstjórinn í því umdæmi, sem skipið var skrásett í, sjá um, að skrásetningarstjóranum í því umdæmi, sem skipið er flutt í, sjeu send eftirrit af öllum eignarhaftaskjölum, sem þinglesin hafa verið um skipið, og ber skrásetningarstjóranum í hinu nýja umdæmi að sjá um, að skjölin verði þinglesin eða fyrirfram innrituð þar innan mánaðar frá flutningnum, og halda þau þá krafti sínum óskertum án tillits til flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur greiðist ekkert gjald. En verði skjölin þinglesin seinna en mánuði eftir flutninginn, þá telst lagakraftur þeirra einungis frá þinglestrar- eða innritunardegi.

10. gr.

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hjer á landi, halda gildi sínu, ef þau eru skrásett hjer á landi samkvæmt 5. og 6. gr., innan 3 mánaða frá bráðabirgðaskrásetning skipsins í íslensku skipaskrárnar, eða frá fullnaðarskrásetning þess, ef það var eigi skrásett til bráðabirgða.

11. gr.

Nú missir skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið eða skipshlutinn verður eign útlendings, og er því strikað út úr skipaskránni.

## Þriðji kapituli.

### Um útgerð skipa.

12. gr.

Sje ekki annan veg fyrir mælt í lögum þessum, ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum allar skuldbindingar, sem hann stofnar sjálfur eða aðrir fyrir hans hönd.

Rjúfi skipstjóri samninga, er útgerðarmaður hefir gert, eða aðrir menn í umboði hans — enda var það skyldukvöð skipstjóra að fullnægja þeim samningum, — þá ábyrgist útgerðarmaður slík samningsrof einungis með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum sínum; svo er og um allar skuldbindingar sem skipstjóri gengst undir samkvæmt stöðu sinni og hefir ekki sjerstakt umboð útgerðarmanns til. En allar skiparáðningar og vistarsamninga við skipverja ábyrgist útgerðarmaður með allri eign sinni.

13. gr.

Tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi. Sama gildir um tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipsins þarfir, þótt ekki sje skipverjar.

Nú greiðir útgerðarmaður fje fyrir þessar sakir, og bæti honum aftur sá, er skaða vann.

14. gr.

Nú er fjelagsútgerð á skipi, og koma þá skuldbindingar allar, sem hvíla á fjelögum sem sjálfskuld, á þá að eins að rjettri tiltölu við eign þeirra í skipi.

15. gr.

Ef skip er fjelagseign, skulu fjelagar kjósa sjer útgerðarstjóra og sje hann heimilisfastur hjer á landi. Sje það skip skrásetningarskylt, skal senda tilkynning um kosninguna til innritunar á skipaskrána.

Sækja má útgerðarstjóra að lögum um öll mál, sem snerta útgerðina. Nú er ekki kosinn útgerðarstjóri, og er þá rjett að sækja hvern af fjelögum, er vill, í útgerðarmálum. Sækja má fjelaga hvort er vill á varnarþingi hans eða skipsins.

16. gr.

Útgerðarstjóri getur, samkvæmt stöðu sinni, gert alla löggerninga, sem útgerð alment krefur, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum. Hann getur því ráðið skipstjóra, látið hann fara og gefið honum fyrirskipanir; svo getur hann og veitt viðtöku fje, sem útgerðinni greiðist. Hann getur og verið rjettur sóknar- og varnaraðili útgerðarinnar. Hinsvegar er útgerðarstjóra ekki frjálst að taka fje að láni fyrir hönd útgerðarinnar, að selja skip eða veðsetja eða kaupa trygging á skipi, nema sjerstök heimild komi til.

Nú takmarka útgerðarmenn með sjerstökum fyrirmælum valdsvið útgerðarstjóra frá því, sem það er alment talið og hjer hefur verið greint, og er þá sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, sem við útgerðarstjóra semja og eru eigi vitandi um hana.

17. gr.

Nú skal útkljá einhver málefni útgerðarinnar með atkvæðagreiðslu fjelagsmanna, og ráða þá atkvæði þess eða þeirra, sem meira eiga en helming skipsins. Þó er nóg, að þeir eigi hálft skipið, ef útgerðarstjóri er þeim samþykkur, þó ekki sje hann fjelagsmaður. Nóg er og helft skipseignar til kosningar útgerðarstjóra; hljóti tveir jöfn atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fari samþyktir í bága við efni útgerðarsamnings eða taki út fyrir tilgang útgerðarinnar, eru þær því að eins lögmætar, að allir fjelagsmenn samþykki.

18. gr.

Um heimild útgerðarstjóra til samninga og annara athafna fyrir hönd útgerðarmanna skulu gilda gagnvart þeim hinar almennu reglur um umboð. Skylt er útgerðarstjóra, ef atvik og ástæður meina það ekki, að kveðja fjelagsmenn til ráðstefnu eða afla sjer á annan hátt vitneskju um vilja þeirra um öll mikilsverð málefni, sjerstaklega ef skipinu eru ætlaðar verulega ólíkar ferðir eða flutningar eða nýjar veiðiaðferðir, svo og ef ráða skal skipstjóra eða setja hann af eða bæta skip að mun.

19. gr.

Heimilt skal jafnan fjelögum þeim, sem meira eiga en hálft skip, að setja útgerðarstjóra af.

Nú á hann hálft skipið eða meira, og getur dómari þá svift hann stöðunni, ef hluthafi krefst og dómari finnur nægar sakir til, og skipað annan útgerðarstjóra til bráðabirgða.

20. gr.

Skylt er útgerðarstjóra að hafa sjerstaka reikninga yfir öll viðskifti útgerðarinnar, þau er undir hann koma, og gera á þeim öllum full skil. Hafi fjelagar ekki aðra skipan á gert, skal hann hafa gert þeim skil fyrir almanaksár hvert, áður mánuður sje liðinn frá lokum ársins.

21. gr.

Nú eru gerð reikningsskil, og er þá útgerðarstjóra skylt að senda reikningana hverjum einstökum fjelagsmanni eða leggja þá fram til sýnis. Rjett á hver fjelagsmaður á því, til tryggingar, að sjá reikningsbækur útgerðarinnar og fylgiskjöl og einkanlega reikninga skipstjóra.

Nú mótmælir einhver reikningum útgerðarstjóra og er þó eigi um misreikning eða svik að ræða, og skal þá fram fylgja mótmælunum með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá því er reikningsskil voru af hendi int og fjelagsmönnum sagt til þeirra.

22. gr.

Skylt er fjelagsmanni að greiða allan útgerðarkostnað að rjettri tiltölu við eign hans í skipi. Vanræki fjelagsmaður að greiða skylduhlut sinn og hafi þó verið krafinn, og greiði útgerðarstjóri þann hluta eða annar af fjelagsmönnum, og skal þá hinn lúka það fje og vexti, 8 af hndr. á ári, frá því greiðsla fór fram, og þar að auki þau tryggingariðgjöld, sem sá, er galt fyrir hann, kann að hafa greitt til tryggingar sjer. Veðrjett á lánssali í skipshluta þess, er hann galt fyrir, og ágóða þeim, sem í hans hlut kemur, og skal sá veðrjettur ganga fyrir öðrum eldri samningsveðrjetti í þeim skipshlut, en þoka skal hann fyrir sjóveði því, sem getur hjer í 11. kapítula, svo og fyrir eldra samningsveði í öllu skipi; en hafin skal málssókn til lúkningar kröfunni áður ár sje liðið frá því er hann greiddi fjeð; missi ella veðsins.

23. gr.

Nú er skipinu ráðin ný ferð eður ráðnar bætur á því að lokinni ferð og krafið framlaga til og einhver fjelagsmanna hefur ekki lagt þeim samþyktum atkvæði sitt, og skal honum þá heimilt að segjast úr þeim framlögum með því að láta af hendi sinn hlut í skipi endurgjaldslaust, svo framarlega sem ekki hvíla sjerstök eignarhöft á hluta hans. Nú vill hann neyta þessarar heimildar, og skal hann þá skýra útgerðarstjóra frá því brjeflega svo snemma, að útgerðarstjóri viti það áður 8 dagar sje liðnir frá því er samþyktin var gerð eða frá því er honum var skýrt frá henni, ef hann var ekki viðstaddur samþyktargerðina. Jafna skal hlut þess, er úr gekk, á hluti sameignarmanna hans að rjettri tiltölu við stærð þeirra hluta, er þeir áttu áður.

Ef keypt hefur verið vátrygging á hlut þess, er úr gekk, og hún er enn í gildi við eigendaskiftin, greiða hinir nýju eigendur iðgjald fyrir hana, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fyrir það sem eftir er tryggingartímans.

24. gr.

Jafna skal á fjelagsmenn skaða og ábata á útgerðinni að rjettri tiltölu við eign þeirra í skipi.

Nú reynist, að gerðum reikningsskilum, að tekjuleifar eru, og skal þeim þá skift upp meðal fjelagsmanna, sje þeirra ekki þörf til nauðsynja útgerðarinnar.

25. gr.

Ekki slítur það samútgerð skips þótt skipshluti verði eign annara manna eða fjelagsmaður deyi, verði sviftur fjárforráðum eða gjaldþrota.

Heimilt er fjelagsmanni að selja hluta sinn öðrum mönnum án samþykkis sameigenda; þó er ólögmæt sala skipshluta, jafnvel þótt nauðungarsala sje, nema allir fjelagsmenn samþykki, ef salan sviptir skipið heimild til skrásetningar á íslenzkar skipskrár.

Nú er skipshluta afsalað öðrum manni til eignar en sameiganda, og á þá hver sameigandi rjett á að leysa til sín hlutann, enda bjóði hann hinum nýja eiganda innlausnarfjeð, eða fullnægjandi tryggingu, ef lausnarfjeð er ekki að fullu ákveðið, innan hálfs mánaðar eftir þann dag, er eigandaskiftin voru tilkynt, samkvæmt 26. gr., 2. málsgr. Ef málsaðilar verða ekki á eitt sáttir um innlausnarfjeð, þá skal upphæð þess ákveðin með lögmætu mati; þó má hún

aldrei lægri vera en kaupverð það, er hinn nýi eigandi greiddi. Ef hinn nýi eigandi vill ekki láta hluta sinn lausan án málssóknar, skal mál hafið áður en 3 mánuðir sje liðnir frá tilkynningunni samkvæmt 26. gr. Nú er skipshluti seldur á uppboði og útgerðarstjóri hefir fengið tilkynningu um það viku áður en það er haldið, og eiga sameigendur þá ekki innlausnarrjett. Ef fleiri en einn sameigenda krefjast innlausnar samtímis, eiga þeir allir innlausnarrjett að rjettri tiltölu við hluta hvers þeirra í skipinu. Nú hefir einn sameigenda neytt innlausnarrjettarins að fullu,.og eiga þá hinir sameigendurnir eigi framar innlausnarrjett að því sinni.

Verði skipshluti eign manns, sem ekki hefur rjett til þess að eiga íslenskt skip, sbr. 1. gr., á hver fjelagsmaður rjett á að krefjast sölu þess skipshluta á uppboði, nema eigandi hafi gert þá ráðstöfun áður 6 mánuðir sje liðnir, að skipið haldi heimild sinni til skrásetningar á íslensku skipaskrána. Svo skal að öllu fara með þá sölu sem nauðungarsala væri og sama gildi hafa.

26. gr.

Nú verður maður eigandi skipshluta, og eignast hann þegar gagnvart meðeigendum rjett þann og bindst skyldum þeim, sem bera rjettum sameignarmanni. Hlíta skal hann og svo sem formaður hans samþyktum þeim, er skipseigendur gerðu áður hann varð eigandi, svo og öðrum framkvæmdum þeim, er þeir höfðu hafið þá, og svo þeim skyldum, er þeim fylgja. Rjett er og, að sameignarmenn hans færi honum til skuldajafnaðar þær kröfur, sem þeir áttu á formann hans og af sameigninni stafa. Hann ábyrgist sem sameigandi gagnvart öðrum mönnum skuldbindingar þær allar, sem útgerðin tekst á hendur eftir það er hann varð fjelagsmaður.

Skylt er hlutsala að skýra útgerðarstjóra eða öllum sameignarmönnum frá eigendaskiftunum og sanna, að viðtakandi, sá er hann til nefnir, kannist við kaupin, en meðan hann gerir það ekki, getur hlutsali ekki skotið sjer vegna eigendaskiftanna undan neinum þeim skyldum við sameigendur, er af sameigninni stafa. Ábyrgjast skal hann skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigendaskiftin, ef þeir menn vissu þau ekki.

27. gr.

Þeir fjelagsmenn, einn eða fleiri, sem meira eiga en hálft skipið, geta ákveðið, að sameigninni skuli slitið.

Þá getur hver fjelagsmaður krafist, að slitið sje sameign:

1. ef skip missir heimild til skrásetningar á íslensku skipaskrána án tilverknaðar hans eða samþykkis og er því máð af skipaskrá;
2. ef útgerðarstjóra er vikið frá með dómsúrskurði samkvæmt 19. gr.;
3. ef hann sannar, að útgerðarsamningurinn hafi verið verulega rofinn, eða gengið að öðru leyti á rjett hans í framkvæmdum eða forstöðu sameignarinnar;
4. ef það kemur í ljós við lok ferðar innanlands, að skuldir sameignar fari fram úr eignum hennar.

Verði ágreiningur í þessu síðasta atriði um verðmæti skips, skal það ákveðið með löglegu mati.

28. gr.

Nú er fjelagsútgerð slitið, og skal þá skipið selt á opinberu uppboði. Ef skipið er utanlands og greini menn á um, hvort það skuli flutt heim eða ekki, eða um uppboðsskilmálana, skal uppboðsrjetturinn á heimili fjelagsútgerðar skera úr.

## Fjórði kapítuli.

### Um skipstjóra.

29. gr.

Útgerðarmenn ráða skipstjóra eða útgerðarstjóri fyrir þeirra hönd. Ef einhver þeirra á meira en helming skips, á hann rjett til skipstjórnar, enda hafi hann til þess lögfull skilyrði. Greini menn á um skipstjórakaup, er heimilt að leita dómsúrskurðar.

30. gr.

Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann, er hann veit að var ráðinn annarstaðar.

31. gr.

Skipstjóri annast um, áður ferð er byrjuð, að skip sje haffært, og sjer um það í tæka tíð, að það sje vel útbúið, nægilega vel ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf og kol og aðrar vjelanauðsynjar, ef það er gufuskip. Skylt er honum og að annast um, að lögboðin bendingaáhöld og björgunartæki, sæbrjef og siglingaverkfæri sjeu á skipi.

Skylt er honum að annast um, að skip sje ekki offermt og farmur vel búlkaður, og til að tryggja hann sje sjeð fyrir nægu refti, undirbreiðum, hlerum, skorðum o. s. frv., og að lestarop sjeu tryggilega lukt og fleiguð. Sje farmur fluttur á þilfari, skal tryggilega um hann búið, og svo settur, að hann hindri ekki að mun athafnir skipverja. Fari skipið með seglfestu, annast skipstjóri um, að hún sje sæmileg að gnægð og gæðum og svo tryggilega um hana búið, að ekki byltist á leið.

Konungur kveður nákvæmara á um birgðir skips að læknislyfjum, svo og um ferming, flutning og afferming sprengiefna, eldfimra og etandi hluta, og ábyrgist skipstjóri, að þeim fyrirmælum sje hlýtt.

Heimilt er og að láta ákvæði þau, er getur í næstu málsgrein hjer á undan, ná til erlendra skipa, er þau eru í landhelgi.

32. gr.

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

33. gr.

Ekki má skipstjóri án samþykkis útgerðarmanns hafa söluvarning sinn eða annara manna í skipsherbergi sínu nje í neinu því rúmi öðru, sem ekki er ætlað farmi. Nú gerir skipstjóri það, og gjaldi hann þá útgerðarmanni venjulegt flutningsgjald fyrir þann varning og bæti allan skaða.

34. gr.

Ekki má skipstjóri fara frá skipi, nema hann segi stýrimanni til áður um það, sem þörf er á, og gefi honum skipanir sínar eða skipverja öðrum, sje stýrimaður ekki á skipi. Sje skipið ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi, má skipstjóri ekki vera frá skipi, nema að nauðsynjaerindum, þótt hafnsögumaður sje á skipi. Svo er og ávalt, ef hætta er á ferðum.

35. gr.

Nú má skipstjóri ekki vera fyrir skipi sakir sjúkleika eða af öðrum brýnum ástæðum, og skal þá útgerðarmanni tafarlaust sagt til um það. Verði atkvæðis útgerðarmanns ekki beðið að skaðlausu, skal skipstjóra skylt að sjá fyrir nauðsyn skipsins, einkanlega að setja fyrir skipið til bráðabirgða stýrimann eður annan hæfan mann, og hafi við ráð konsúls, að því er hann getur, ef það er utanríkis. En sje skipstjóri ófær til, eða vanræki þessa skyldu sína, annast konsúll nauðsynjar skipsins.

36. gr.

Skipstjóri annast um, að ferming og afferming skips sje hraðað eftir þörfum og að burtför skips dragist ekki að því loknu. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af rjettri leið á ferð þess nje tefja það á annan hátt, nema til þess að bjarga mönnum úr sjávarháska, en ekki má tefja skipið til að bjarga öðrum skipum eða fjármunum, ef skipinu er stofnað með því í nokkurn háska, eða af því stafa veruleg óþægindi fyrir útgerðarmann eða aðra menn, og sje skipstjóra skylt að annast hagsmuni þeirra.

37. gr.

Skylt er skipstjóra að gera alt það, er hann má, til að halda skipi sjófæru á ferð. Nú hefur skip tekið grunn, eða annað að borið, svo að ætla má, að skip hafi laskast, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það, þar sem því verður fyrst við komið.

38. gr.

Skylt er skipstjóra að kynna sjer ákvæði og fyrirmæli um siglingar, er honum ber að gæta á viðkomustöðum á ferð sinni. Hann skal og afla sjer vitneskju um, hvers gæta ber til tryggingar skipi og farmi, ef við ófriði er að sjá eða herkviun.

39. gr.

Skyldur er skipstjóri að veita viðtöku sjómönnum úr Danaveldi, þeim er konsúlum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eður til annarar

hafnar, þeirrar er skipið fer til í þeirri ferð, svo marga og fyrir það fargjald, sem konungur kveður á.

Þeim mönnum, sem svo eru sendir, ber að hlíta á skipi reglum þeim og háttum, sem skipverjum er skylt, og starfa á skipi eftir mætti, ef þörf krefur.

40. gr.

Öll skip, sem fara á milli landa, skulu halda leiðarbók. Skip, sem eru við fiskiveiðar, flutning aða annað hjer við land, þurfa ekki að halda leiðarbók, en sjeu þau yfir 12 tonn að rúmmáli, skulu þau halda dagbók. Gufuskip hafi að auki sjerstaka vjelarbók. Konungur setur nánari reglur um tilhögun og löggilding bókanna. Þegar skip er afgreitt úr höfn innanlands, skal sýna leiðarbókina eða dagbókina lögreglustjóra og skrifar hann ókeypis í þær vottorð um það, að þær voru sýndar.

41. gr.

Í leiðarbók skrifar skipstjóri, eða stýrimaður með umsjá skipstjóra, og ábyrgist þá báðir; en vjelarstjóri skrifar í vjelarbók með umsjá skipstjóra og ábyrgist báðir. Skrifa skal alt í bækurnar eftir rjettri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir varðtíðir. Skrifa má fyrst í bráðabirgðabók það, sem gerist á varðtíð hverri, en skrifa skal það í bækurnar, áður sá sólarhringur sje á enda.

Bóka skal í leiðarbók glögt og skipulega. Ekki má skafa það af, sem skrifað var, draga yfir það, eða gera það með öðru móti ólæsilegt; gerist leiðrjettingar þörf, skal henni bæta við sem athugagrein.

42. gr.

Skrifa skal í leiðarbók itarlega alt það, er við ber á ferðinni, og hvað annað það, er útgerðarmönnum er gagn að vita eður eigendum farms eður vátryggjendum eður öðrum þeim mönnum, er ferðin snertir hagsmunalega.

Geta skal því þess í leiðarbók, nær starftími skipverja hefst og endar, nær vistir og vatn er tekið á skip, nær ferming skips og afferming hófst, var frestað, og nær þeim lauk; bókað skal, hvað fermt er og affermt hvern dag, og ef tekin er seglfesta, hver hún var, hve þung og hversu um hana var búið, hvort aðrir unnu en skipverjar, djúpmál skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það ljet úr höfn, hverju skipið er fermt og ásigkomulag farmsins; ef búlki er á þilfari, skal sagt, hve mikill er og hve hár, um leiðrjetting áttavitans og afbrigði (deviation); nær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar; um vind,veðurfar, stöðu loftvogar, strauma, stefnu, skriðhraða, hvað haft var af seglum, hver vegalengd var farin, hver skipsljós höfð; djúpmál, miðun og athuganir; nær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi; um dælinguna, hve oft var dælt, hve lengi um sinn og með hve miklu afli og um vatnshæð í dælunum.

Leiðarreikning skal bóka um hvern sólarhring.

Sje ráðstefna haldin á skipi, skal bóka í leiðarbók tillögur manna svo og úrskurð skipstjóra og skrifa þeir nöfn sín undir bókun, sem á ráðstefnu voru. Þess skal og getið í leiðarbók, ef skipverji sýkist, deyr eða strýkur, eða vinnur glæp eða skipsagabrot, sbr. 52. og 108. gr., svo og hvenær og af hvaða ástæðum skipstjóra þykir nauðsyn að draga af matgjöfum, sbr. 50. gr.

Sjerstaklega ber að rita í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það óhapp, sem verða kann á skipi eða farmi, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hversu úr var ráðið.

Í vjelarbók skal greint frá kolabirgðum skips og annara vjelanauðsynja er skip ljet úr höfn, kolaeyðslu hvern sólarhring og alt annað, er vjelina snertir, gang hennar og gæslu.

Í dagbók skal rita greinilega frásögn um ferð skipsins, og skal, auk veðuráttu, skýrt frá öllum þeim atvikum, er verulega þýðing hafa fyrir ferðalagið, eða á einn eða annan hátt geta snert hagsmuni útgerðarmanna, eigendur farms eða vátryggjendur. Sje skipið við fiskveiðar, skal ennfremur greina daglega frá öllu því markverðasta, er snertir fiskveiðarnar, svo sem hvar skipið fiskar og hvernig aflast, dýpi, botnlag o. s. frv. Halda skal leiðarreikning, hvenær sem þörf krefur.

43. gr.

Þegar leiðarbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð annars vegna, fær skipstjóri nýja bók og lætur löggilda, og skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók sje löggilt og nær það var. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju, og sagt, hvað til þess bar.

Við slík bókarskifti ber rjettu yfirvaldi að rannsaka það, hvort hirðulega var bókað í hina eldri bók dag eftir dag og annast um, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Nú verða skipstjóraskifti, og skal þá leiðarbók send yfirvaldi til slíkrar rannsóknar áður næsti dagur á eftir sje liðinn, ef því verður við komið, annars svo fljótt, sem unt er, svo og ef skipið verður fyrir slysi, svo að sjóferðaskýrslu þurfi að krefja af þeim sökum (47. gr.), og skipstjóri leitar hafnar innanríkis eða utanríkis, þar sem skipaður er danskur konsúll; svo skal og vera, þegar menn eru skráðir úr skiprúmi eða skip tekur aftur innlenda höfn og affermir þar að öllu eða meiri hluta. Geta skal í leiðarbók nær hún var færð yfirvaldi og um þá rannsókn, er fram fór.

Ákveða má með konunglegri tilskipun linkind í eftirliti þessu á gufuskipum, sem eru í reglubundnum förum landa í milli.

44. gr.

Rjett á hver maður á að fá að kynna sjer leiðarbók skips, sá er sýnir, að hann eigi þar lögmætra hagsmuna sinna að gæta. Geyma skal leiðarbækur afskrifaðar ekki skemur en tvö ár eftir það er ferð var á enda. Nú rís dómsmál og snertir það ferðina, og skal þá varðveita leiðarbók til þess er því máli lýkur að fullu.

45. gr.

Nú gerist einhver sá atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við svo nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðaskýrslu; svo er og ef maður ferst voveiflega af skipinu og það varð ekki á innlendri höfn, eða skipið rekst á annað skip og vinnur því slíkar skemdir eða tjón, sem fyr greinir.

Nú verður slysið hjer í ríkinu, og skal þá skipstjóri segja til þess yfirvaldi á þeim stað svo fljótt sem unt er, eftir það er slysið bar að eða varð kunnugt. Fylgja skal frásögunni orðrjett afrit af því, sem bókað var um þann atburð í leiðarbókinni; ef ekki var leiðarbók eða hún hefur farist, skal gefa brjeflega skýrslu um atburðinn og skrá yfir skipverja og þá menn aðra, sem ætla má að skýrt geti málið, og til nefna, ef auðið er, þá menn, sem þetta mál kemur við, eða umboðsmenn þeirra. Dómari eindagar síðan þinghald til sjóferðaskýrslu og framkvæmir til undirbúnings það, er þörf krefur. Hafa skal skipstjóri leiðarbækurnar með sjer á þingið.

Utanríkis skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, gefa sjóferðaskýrslu því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, sem hann er þá staddur á, eða fyrir hlutaðeigandi dönskum konsúl, ef utanríkismálastjórnin hefir sjerstaklega fengið honum vald til að taka við slíkum skýrslum.

Ef sjóferðaskýrsla er gefin erlendu yfirvaldi og danskur konsúll er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið við staddur þinghaldið og annast um, að sjóferðaskýrslan sje sem glegst og fylst.

Skýrslu um það, sem fram hefur farið, sendir konsúll utanríkismálastjórninni, bæði er hann sjálfur hefur tekið við skýrslunni og er honum hefur verið veittur kostur á að vera við staddur þinghald. Skýrslan verður síðan send stjórnarráði Íslands, er skipar nánari rannsókn hjer á landi, ef þurfa þykir.

Öll þau fyrirmæli, er þessi grein og 41., 43. og 44. gr. gefur um leiðarbók, gilda og um dagbók skips.

46. gr.

Laskist skip á ferð, svo bæta verði að mun eða tefja það um hríð, er skipstjóra skylt að láta lögmæta matsgerð fram fara. Skulu matsmenn líta á skemdir og segja álit sitt um, hvað að hafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils skipið sje þá vert óbætt. Þá er skip er bætt, skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð, hvort skip er þá fært til að halda áfram ferð sinni.

Nú spillist farmur að mun á ferð, eða ráða má af líkum, að hann sje svo á sig kominn, að nauðsyn beri til að afferma skipið, eða hjálpa farmi við á annan veg, eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs, og skal þá skipstjóri láta fram fara lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemd á farmi, skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það, hvað ætla má, að valdið hafi og hversu hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög eru til eða venja á þeim stað; þar sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð, skal skipstjóri afla sjer yfirlýsinga skynbærra manna.

47. gr.

Ef grunur getur leikið á því, að skemdunum hafi valdið misfellur við hleðsluna, umbúnaðinn, lestarop vanlukt og annað þess háttar, skal kveðja til skoðunarmenn að sjá lestarrúm opnuð og skip affermt. Ef óttast má, að góss hafi spilst á ferð, skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en góssið er fengið í hendur viðtakanda.

48. gr.

Ef skip kemst í sjávarháska, er skipstjóra skylt að gera alt, sem hann

má, til bjargar skipinu, og má ekki hverfa frá því meðan nokkur von er um björg þess. Ef engin er bjargarvon en háskinn svo vís, að það eitt sje til, að hverfa frá skipi, þá er honum skylt einkanlega að annast björgun skipsbóka og skipsskjala; hann annast og björgun á skipi og góssi og leitar sjer til þess hjálpar, sem nauðsyn krefur.

Nú verður björg, og sjer þá skipstjóri um björgunina, nema það komi í bága við lög á þeim stað, eða sjerstakur björgunarsamningur sje til fyrirstöðu. Skrifað skal nákvæmlega, hverju bjargað er, svo og tölu þeirra manna, sem að björgun vinna og góssið flytja á geymslustað; skrifar skipstjóri það sjálfur, eða lætur stýrimann gera; skipstjóri rannsakar og, svo sem hann má við koma, reikninga alla fyrir björgun, flutning og geymslu, og vottar með nafni sínu, að rjettir sjeu.

Skipstjóri annast og, svo fljótt sem hann má, um lögmæta skoðunargerð á skipi og því góssi, sem bjargað var, og fær því þá varðveislu, sem hann má besta.

49. gr.

Skylt er skipstjóra að fara sæmilega með undirmenn sína og skipa þeim svo verk, að hann gæti stöðu hvers þeirra á skipi, svo sem hann má við koma. Líkamsrefsingu má hann engan mann láta sæta.

Á sunnudögum og öðrum lögskipuðum helgum dögum hjer á landi má ekki setja skipverja til neinna starfa fram yfir það, er trygging og meðferð skips krefur, eða gæsla og umsjá vjela, eða að þrífa skip sem títt er, þurkun segla, nauðsynleg bátstörf og svo matgerð; því að eins má þá skipa mönnum önnur störf, að ekki verði frestað.

50. gr.

Skipstjóri annast um, að skipverjar fái nægan mat og góðan og skal hann að því hlíta reglugerð, sem konungur setur. Nú ber nauðsyn til, að hann dragi mat af skipverjum á ferð og skulu þeim þá goldnar sanngjarnar bætur þess.

Í nefndri reglugerð skal og nákvæmar kveðið á um herbergi skipshafnar á skipi.

51. gr.

Nú andast einhver skipverja, og annast skipstjóri þá greftrun hans. Hann skal og láta skrásetja við votta alt það, er hinn látni maður ljet eftir á skipi; andist maðurinn utanríkis, er rjett, að skipstjóri fái skrána í hendur konsúl eða öðrum rjettum valdsmanni á þeim stað, eða selji munina, geti hann ekki varðveitt þá á skipi að bagalausu.

52. gr.

Drýgi skipverji eða farþegi glæp, sem opinber málsókn liggur við, og skipið er ekki í innlendri höfn, skal skipstjóri svo fljótt sem auðið er, taka skýrslu til bráðabirgða af sakborning, af skipshöfn sinni og þeim mönnum öðrum, sem það mál geta skýrt. Nú var glæpurinn unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, og skal þá sú rannsókn því að eins fram fara, að yfirvöld á þeim stað reki ekki málið. Skýrslur og vitnisburði skal skrifa í leiðarbók eða dagbók eða skrá á annan hátt, ef bækurnar vantar, og þeirra fyrirmæla gætt, sem getur í 108. gr.

Skipstjóri gætir þess, ef hann má, að sakborningur hverfi ekki á burt og er heimilt að byrgja hann inni, ef þörf krefur, eða hefta á annan hátt og ábyrgist skipstjóri, að hann sje ekki harðara leikinn en vera þarf.

Nú er glæpur unninn í utanríkis höfn, þar sem er danskur konsúll, eða skip kemur til slíkrar hafnar, eftir það er glæpurinn var unninn, og skal þá skipstjóri, svo fljótt sem hann má, skýra konsúl frá því, að glæpur var unninn og fá honum í hendur staðfest eftirrit af rannsóknarskýrslu sinni. Konsúllinn rannsakar þá málið og ákveður hvað frekara skuli gera. Hafi skipstjóri engan konsúl fundið að máli í utanríkishöfn, skal hann skýra yfirvöldum frá málinu við heimkomu sína, svo fljótt sem hann má.

53. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, gerir skipstjóri, svo fullgilt sje gagnvart öðrum mönnum, samkvæmt stöðu sinni í umboði útgerðarmanns alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd ferðar hans, svo sem útbúnað skips allan og viðhald og öflun vista; hann gerir farmsamninga og er sóknaraðili útgerðarmanna í málum, sem við koma skipinu.

Enga löggerninga getur skipstjóri gert á lögheimili skips, þá er skuldbindi útgerðarmenn, ef hann hefir ekki sjerstakt umboð þeirra til, nema að ráða menn í skiprúm.

54. gr.

Ef fjár er vant til framkvæmdar einhverju því, sem 48. gr. getur, er skipstjóra heimilt að taka til þess fje að láni eða selja góss útgerðarmanna, eða jafnvel af farmi. Nú tók skipstjóri fje að láni eða seldi af góssi um þörf fram, og skerðir það að engu rjett hins, sem lánaði eða keypti, ef ætla má eftir atvikum, að hann vissi það ekki.

55. gr.

Óheimilt er skipstjóra að selja skip án samþykkis útgerðarmanns, nema skip sje dæmt óbætandi eftir að lögleg skoðunargerð fór fram, sbr. 46. gr., og eigi sje auðið að ná til útgerðarmanns. Selja skal á opinberu uppboði.

56. gr.

Nú hafa útgerðarmenn gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem 53. og 54. gr. heimila skipstjóra, og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

57. gr.

Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmönnum iðulega frá ásigkomulagi skips og hvernig ferðinni líður, hverir löggerningar voru gerðir, og frá öllum þeim atburðum í heild sinni, sem máli skifta fyrir þá. Hann skal og leita skipana útgerðarmanna sjálfra um öll mikilsverð málefni, að því er hann má við koma, eða þess manns, er útgerðarmenn vísuðu til. Skorti gjaldeyri til skipsþarfa og ekki megi bíða skipana útgerðarmanna, skal skipstjóri leitast við að afla þess fjár svo sem útgerðarmönnum er hagkvæmast; að eins í ítrustu nauðsyn má hann selja af farmi.

58. gr.

Skipstjóri skal meðan ferð stendur láta sjer ant um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeigenda.

59. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, er skipstjóra samkvæmt stöðu sinni heimilt að gera, svo fullgilt sje gagnvart þriðja manni, alla þá löggerninga, sem miða til að varðveita farm og koma honum áleiðis, svo og til að vera sóknaraðili þeirra í málum, sem farminn snerta. Nú skortir skipstjóra gjaldeyri til framkvæmda einhverri slíkri nauðsyn og er þá rjett, að hann taki fje að láni fyrir hönd farmeigenda eða selji jafnvel af farmi. Um slík lán og sölu gildir það, sem segir í síðari málsgrein 54. gr.

Skuldbindingar þær, sem skipstjóri þannig játast undir fyrir farmeigenda, ábyrgist farmeigandi að eins með góssi því, sem hann á á því skipi.

60. gr.

Nú ber þau atvik að hendi, sem ráð er gert fyrir í 46. gr., og það sannast við lögmæta skoðunargerð, að farmi er svo farið, að hætta er á, að spillist við geymslu, og er þá rjett, að skipstjóri selji farm. Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi, er og rjett að selja farm, ef skoðunarmenn dæma, að kostnaður á því að geyma farminn eða koma honum áleiðis, yrði of mikill að tiltölu við verðmæti hans.

61. gr.

Nú hafa farmeigendur gert sjerstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem skipstjóra er veitt í 59. og 60. gr., og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

62. gr.

Áður en skipstjóri aflar lánsfjár vegna farms, eða selur nokkuð af góssinu, eða gerir nokkurar aðrar sjerstaklegar ráðstafanir á kostnað farmeigenda, skal hann leita fyrirskipana þeirra, ef kostur er, eða þess manns, er þeir nefndu til.

Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi og eiga farmeigendur engan umboðsmann á þeim stað og ekki verður leitað skipana þeirra, og er skipstjóra þá skylt eftir atvikum, annaðhvort að senda góssið á ákvörðunarstað þess sem kostnaðarminst, eða fela það til geymslu eða selja.

Farm skal selja á opinberu uppboði, ef því verður við komið.

63. gr.

Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fje skuldbindingar þær, sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri.

64. gr.

Bæta skal skipstjóri skaða þann, sem hann olli útgerðarmönnum eða farmeigendum með svikum, hirðuleysi eða gáleysi við skyldustörf sín, og leysir það hann eigi úr ábyrgð, að hann fór eftir fyrirmælum annara, nema gagnvart þeim, er fyrirmælin gáfu. Þótt ályktun sje gerð á skipsráðstefnu ber skipstjóri engu að síður ábyrgð á framkvæmdunum.

Skipstjóri ábyrgist ennfremur skaða þann, er verður af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipverja við skyldustörf þeirra, nema ætla megi að frá hans hendi hafi hvorki skort næga athygli nje eftirlit.

65. gr.

Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil við heimkomu skips að lokinni ferð, og annars svo oft sem útgerðarmenn heimta. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi, skal það gert með lögsókn áður 6 mánuðir sje liðnir frá því, er hann fjekk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt, nema misreiknun eða svik sannist.

Ef ekki er annan veg tilskilið, skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanna á reikningum hverja sjerstaka uppbót, sem hann hefir tekið við af farmsendara, farmeiganda, birgðasala eða öðrum, þeim er hann átti skifti við sem skipstjóri.

66. gr.

Setja má skipstjóra af á hverjum tíma er vill. Nú á hann meira en hálft skip, og má þá dómari setja hann af, ef hluthafi skips krefst og nægar sakir eru til.

Nú hefir skipstjóri gengið í sjálfskuld til gagnsmuna skipi eða farmi, og var honum það ekki óheimilt, og er hann þá ekki skyldur að láta af stöðu sinni fyr en útgerðarmenn fá honum þá trygging, að hann verði skaðlaus af ábyrgðinni.

67. gr.

Ef skipstjóri var ekki ráðinn um ákveðinn tíma eða til tiltekinnar ferðar og ráðningarsamningur hans tekur ekki til um uppsögn eða burtför, getur hann sagt upp þjónustu sinni þegar skipið er í innlendri höfn og ferð á enda. Nú hefir hann gegnt starfinu í 3 ár og skipið hefir aldrei á þeim tíma lokið ferð hjer við land, og er skipstjóra þá heimilt að segja þjónustu sinni lokið við lok þeirrar ferðar, sem hann þá er í, og veiti hann svo langan frest, að útgerðarmenn fái sæmilegan tíma og tækifæri til að afla sjer annars skipstjóra. Nú ákveða útgerðarmenn, þegar þeir fengu uppsögn skipstjóra, að skipið skuli snúa hingað til lands úr þeirri höfn, sem það þá er í, og er þá skipstjóri skyldur til að vera fyrir skipinu heim, þá er það hefir tekið farm, þó afferma skuli á leiðinni í annari höfn.

Eigi að afferma skipið, má skipstjóri ekki hverfa burt fyrri en lokið er.

Missi skipið rjett til að sigla undir dönsku flaggi, á skipstjóri þegar heimila burtför.

68. gr.

Nú er skipstjóri settur af sakir óhæfileika hans, svika, hirðuleysis eða gáleysis við starfa sinn, og á hann þá kaup sitt einungis til þess tíma er hann var rekinn.

Svo er og, ef hann var settur af sakir þess, að ferðin varð ekki farin, eða henni varð ekki lokið, eða löng frestun varð á, sökum ófriðar, herkvíunar, farbanns (embargo), aðflutnings- eða útflutningsbanns á vörum, eða sakir ísa eða skemda á skipi, svo að það varð ekki fært til ferðarinnar.

Farist skip, eða það er dæmt óbætandi, er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er skipstjórasamningurinn úr gildi, enda missir

hann rjett til frekara kaups. Þó má hann ekki fara burt af þeim stað, þar sem slys varð, áður öllu er ráðstafað, því er að skipi og farmi lýtur, og á hann rjett á hæfilegri þóknun fyrir þann tíma, sem hann ver til þess, og ekki minni en nam kaupi hans áður og að auki ókeypis dvöl og viðurværi eða fæðispeninga.

69. gr.

Ef skipstjóri er settur af, sakir sjúkleika eða meiðsla, sem geri hann ófæran til skipstjórnar, á hann kaup sitt til þess er hann er settur af.

Nú verður skipstjóri fyrir sjúkleik eða meiðslum á ráðningartíma sínum, og var sjálfur ekki sök í, og eru útgerðarmenn þá skyldir að kosta lækning hans og aðhlynning, og eins eftir það er hann var settur af; þó ekki nema 4 vikur eftir afsetningu, ef hann vjek frá hjer á landi eða á þeim stað í útlöndum, þar sem samningur sagði til, að hann færi, ella 8 vikur.

70. gr.

Ef skipstjóri er settur af, og það er eigi gert af neinum þeim sökum, sem nefndar voru í 68. og 69. gr., tekur hann alt það kaup sitt, sem áskilið var. Nú var ráðningartími hans látinn óákveðinn, og á hann þá kaup til þess, er hann vjek burt og að auki eins mánaðar kaup, ef hann vjek frá starfi hjer á landi og það var ekki á þeim tíma, sem honum var sjálfum heimilt að fara eftir 67. gr.; en 2 mánaða kaup, ef honum var vikið frá í öðrum höfnum í Norðurálfu, en 3 mánaða kaup, ef það var í höfnum utan Norðurálfu.

Þessi ákvæði taka og til þess, er skipstjóri víkur burt sakir þess, að skipið missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi.

71. gr.

Nú er starfstími skipstjóra á enda með þeim atvikum, sem getur í 70. gr., og á öðrum stað en til var tekið eða fyrir sjeð í ráðningarsamningi hans, og á hann þá rjett á endurgjaldi frá útgerðarmönnum fyrir ferðakostnað til ráðningarstaðar síns, ef hann var ráðinn hjer á landi, en ella til lögheimilis skipsins, og skulu fæðispeningar taldir til kostnaðar. Sama rjett á skipstjóri, ef honum er vikið frá erlendis með þeim atvikum, sem 2. hluti 68. gr. tekur til, svo og ef hann er látinn eftir utanlands sakir sjúkleika og útgerðarmenn eru skyldir til að kosta hjúkrun hans og lækning eftir 69. gr.

Ef skip ferst utanlands eða laskast svo, að það er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður heimfararkostnað skipstjóra; svo er og ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki, að ófriður væri hafinn, er hann ljet síðast í haf, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá.

72. gr.

Ef skipstjóri deyr, á hann kaup sitt til dánardags. Nú týnist skip og er vafi um, nær það bar að og svo um dánardag skipstjóra, og skal þá meta svo, sem slysið og dauða hans hafi að borið þá er liðinn var helmingur þess tíma, er slíkt skip, sem þetta var, þurfti á þeim tíma árs til ferðar sinnar þangað, sem ætlað var, frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins.

73. gr.

Nú er skipstjóra heitið sem kaupi eða auk kaups hundraðsgjaldi af farmgjaldi (kaplak) eða hlut í öðrum tekjum af ferðinni, og víkur hann burt áður sú ferð sje á enda, og skal hann þá hafa svo mikinn hluta fjár þess, er honum var heitið, sem koma mundi á þann tíma, sem hann gegndi stöðu sinni að rjettri tiltölu við ferðarlengd alla. Eigi hann rjett á kaupi fyrir lengri tíma eftir 70. gr., skal honum goldið að öllu samtöldu tvöfalt stýrimannskaup frá lokum starfstíma, en haldi þó ráðningarkaupi sínu, ef það var meira.

74. gr.

Þegar skip er afgreitt til ferðar og að öðru ferðbúið, má ekki halda skipstjóra eftir sakir skulda, nje leggja löghald á eða gera fjárnám í neinum munum hans, þeim sem á skipi eru og hann þarfnast til starfa síns á því.

## Fimti kapituli.

### Um skipshöfn.

75. gr.

Þá er skipstjóri á skipi, sem er meira en 12 tonn að rúmmáli, ræður mann á skip með sjer, skal hann gera um ráðninguna skriflegan samning við manninn, og skulu skipstjóri og sjómaður rita undir ráðningarsamninginn í viðurvist skráningarstjóra, sem skal votta það með áritun sinni á hann. Áður en samningurinn er undirritaður, skal skráningarstjóri gæta þess, að í samningnum sje skýrt tekið fram nafn skipsins, tonnatal og heimili, og sá staður, sem skipið er gert út frá, fult nafn sjómannsins aldur og heimili, ferð sú sem sjómaðurinn er ráðinn til, staða hans á skipinu og vistarkjör, þar á meðal, hvernig honum skuli goldið kaup hans, hlutur í afla og hlunnindi. Sje kaup ákveðið í einu fyrir ferðina, skal þess getið jafnframt, hve lengi á er ætlað að ferðin muni standa. Ennfremur skal ávalt, þar sem kaup er ekki miðað við mánuð eða aðra takmarkaða tímaeining, tekið fram, hve hátt mánaðarkaup megi teljast algengt eða hæfilegt á þeim stað og tíma er samningurinn er gerður; og skal þá jafnan farið eftir því, þegar reikna á kaup eftir tíma samkvæmt lögum þessum. Skráningarstjóri skal ennfremur gæta þess, að samningurinn sje að öðru leyti lögum samkvæmur, og benda sjómanninum á, ef í honum eru óvanaleg ákvæði.

Á samninginn skulu vera prentuð ákvæðin um skipshöfn í lögum þessum og erindisbrjefi danskra konsúla, og reglugerð um hibýli og fæði á skipum.

Hvor málsaðila getur krafist þess, að rituð sje á samninginn viðurkenning fyrir öllu því, sem greitt er upp í kaup, fyrirfram eða meðan á ferðinni stendur.

Skipstjóri gerir tvö eintök af skrá yfir skipshöfn sína (skipshafnarskrá) og skal á henni vera útdráttur úr ráðningarsamningnum. Öðru eintakinu heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt og skal það fylgja skipinu.

76. gr.

Í kaupstöðum eru bæjarfógetar skráningarstjórar, en annarsstaðar sýslumenn. Stjórnarráðið semur leiðarvísi fyrir skráningarstjóra.

Skráningarstjórar skulu gæta þess, að skipstjórar og stýrimenn fullnægi skilmálum laganna um atvinnu við siglingar, og að skilyrðum laganna fyrir ráðningu í skiprúm sje yfir höfuð fullnægt.

77. gr.

Nú leysir skipstjóri mann úr vist, eða einhver skipverja fer af skipi af öðrum ástæðum, og skal skipstjóri þá snúa sjer til skráningarstjóra og getur hann breytingarinnar á skipshafnarskránni.

78. gr.

Ef farmaður ræðst í fleiri skiprúm en eitt, gengur eldri samningur fyrir yngri.

79. gr.

Skyldur er skipráðinn maður að koma til starfs síns á skipi á þeim tíma, sem skipstjóri tók til, og má ekki fara leyfislaust frá skipi eftir það. Kaup á hann frá og með þeim degi, er hann kom á skip, ef ekki var um annað samið.

80. gr.

Nú er maður ráðinn í skiprúm með samningi samkvæmt 75. gr., og neitar að ganga á skip, eða kemur eigi til skips í ákveðna tíð, eða gengur af skipi í leyfisleysi, og getur þá skipstjóri þröngvað honum, eða látið þröngva honum með lögregluvaldi, til að uppfylla skuldbindingu sína.

Draga má af kaupi skipverja það, sem kostaði að færa hann á skip.

81. gr.

Fyrirmæli 74. gr. um skipstjóra, gilda og um skipshöfn.

82. gr.

Allir skulu skipverjar hegða sjer siðsamlega og friðsamlega og ekki gera sig seka í óreglu og gæta vandlega allra fyrirskipana til viðhalds siðsemi og reglu á skipi. Þeir skulu sýna virðing yfirmönnum sínum og hlýða með athygli á skipanir þeirra og láta á sjer skilja með skýrum svörum, þeim sem við eiga, að þeir skildu skipunina.

83. gr.

Skylt er hverjum skipverja að hlýða boðum yfirmanna sinna bæði á landi og á skipsfjöl, í höfn og í hafi, í öllu, sem lýtur að skylduverkum hans, og sýna í öllu umhyggju um skip og góss og vinna verk sín með áhuga og gaumgæfni jafnt á nóttu sem degi, helga daga og rúmhelga. Ef tjón hlýtst af svikum hans, hirðuleysi eða gáleysi, er hann skyldur að bæta.

Nú kemst skip í sjávarháska, og er skipshöfn þá skyld til að gera alt það, er hún má til bjargar skipinu, og fari ekki frá skipi á undan skipstjóra, nema hann leyfi.

84. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega að aðstoða skipstjóra við siglinguna og athuganir þær og mælingar, sem nauðsynlegar eru, og við bókun í leiðarbók eða dagbók; hann lítur og eftir öðrum skipverjum, vistum og skipi og áhöldum öllum; hann skal og skrásetja farmgóss, sem fer af skipi eða á skip, og ábyrgjast skipstjóra alt það, er hann tekur við, og svo hversu búlkað er. Riti stýrimaður leiðarbók, ábyrgist hann að rjett sje.

Nú er skipstjóri forfallaður eða fjarverandi og ber eitthvað það að, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, og skal þá stýrimaður ráða úr því, sem ekki má fresta. Ef skipstjóri deyr eða verður ófær til skipstjórnar eða gengur af skipi, skal stýrimaður koma í hans stað til þess ráðstöfun er gerð, svo sem 35. gr. mælir fyrir um.

85. gr.

Það er skylda vjelarstjóra einkanlega að líta eftir gufukötlum og vjelum; hann ábyrgist notkun þeirra og gæslu og hefir umsjón þeirra manna, er þeim gegna. Hann ritar í vjelarbók með eftirliti skipstjóra og ábyrgist að rjett sje ritað.

86. gr.

Enginn skipverja má hafa á skipi verslunarvörur fyrir sig eða aðra, nema skipstjóri leyfi. Nú hefur hann vöru, og fer um það sem fyrir er mælt í 33. gr.

Ef orsök er til að gruna, að vörur sjeu heimildarlaust á skipi eða eitthvað það sje komið á skip, sem skipi eða farmi geti stafað háski af eða áhætta, eða valdið þar óreglu, þá er skipstjóra heimilt að láta rannsaka hirslur skipshafnar.

Nú er góss tekið heimildarlaust á skip, og er þá rjett að færa það aftur á land eða varpa fyrir borð, ef skip var látið út þegar góssið fanst, ef það verður ekki haft á skipi háskalaust eða áhættulaust.

87. gr.

Ef skipverjar eru ráðnir um ótiltekinn tíma, og ekki er annan veg tilskilið, eru þeir skyldir til að fara með skipinu til þess ferð sú er á enda og það er komið á þann stað, þar sem skipverjar voru skipráðnir, eða til einhverrar hafnar innlendrar, ef þeir voru ráðnir á Íslandi. Ef þeir voru ráðnir um ákveðinn tíma og hann endar meðan á ferð stendur, geta þeir þó ekki krafist lausnar fyrri en á næsta stað, er skipið kemur á til fermingar eða affermingar. Ef þeir voru ráðnir til ákveðinnar ferðar, og breytt er síðan um ferðir áður skipið fer af ráðningarstaðnum, geta þeir krafist lausnar þá þegar. Nú er skift um ferð eftir það er skipið fór af stað, og stendur þá ráðningin til þess er skipið kemur á hinn nýja ákvæðisstað sinn, nema um hann sje svo skift, að hann verði útlend höfn í stað innlendrar eða annarar álfu höfn í stað Norðurálfu, því þá getur skipshöfn krafist lausnar á hinni fyrstu höfn, sem skipið kemur í, eftir það er breytt var til um ferð, enda eiga þeir ekki kaup lengur en þeir voru í þjónustu skipsins.

88. gr.

Nú hefir maður verið tvö ár háseti á sama skipi eftir það er vistartími hans samkvæmt síðasta ráðningarsamningi byrjaði, og getur hann þá, hvað sem ráðningarsamningur hans kveður á um það, krafist lausnar á næsta stað, sem skipið kemur á til affermingar eða fermingar, nema skipið fari þaðan beint til þess staðar, þar sem ráðningarsamningur hans heimilar honum burtför. Kaup á hann að eins til burtfarar sinnar.

89. gr.

Nú er skipverjum heimilt að fara úr skiprúmi eftir ráðningarsamningi sínum eða fyrirmælum 87. og 88. gr., og eru þeir þó skyldir til, ef skipstjóri vill, að vinna það, sem þörf krefur að affermingu eða ruðningu seglfestu, ofantöku reiða, festing skips eða umbúnaði, og geta þeir ekki krafist lausnar áður því starfi sje lokið. Ekki eru þeir skyldir til að starfa að þessu lengur en viku eftir það er skipið kom í höfn.

90. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, á hann heimilt að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað og auki það ekki kostnað útgerðarmönnum. Svo er og, ef maður á kost á yfirstýrimannsstöðu eða vjelarstjóra, sá er ráðinn var til óæðra starfs.

Krefja má og lausnar úr skiprúmi, ef ófrið ber að, svo að hætta sje á, að skipið geti orðið hernumið sakir þjóðernis síns, farms eða fararstefnu.

Þeir eiga kaup til burtfarar sinnar, sem lausn fá úr skiprúmi eftir þessari grein.

91. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hefur misþyrmt honum á skipi eða aðrir, og hafi skipstjóri þá ekki veitt honum vernd og verið þó beiddur til, eða skipstjóri meinaði honum sæmilegt fæði, og getur skipverji þá krafist burtfarar. Nú fer maður burt fyrir þessar sakir, og á hann þá kaup fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu, og að auki mánaðarkaup. Nú fær hann lausn á öðrum stað en ráðningarstað sínum, og á hann þá enn kaup fyrir þann tíma, sem þarf til að komast þangað, sem hann skal skráður úr skipi, eða til ráðningastaðar síns, ef ekki var samið um úrskráningarstað, og getur hann krafist að fá þann ferðakostnað og fæðiskostnað allan greiddan sjer í peningum. Nú var hann ráðinn til ferðarinnar fyrir ákveðna fjárhæð, og ber honum þá aldrei meira en það kaup og svo ferðakostnaður hans.

92. gr.

Nú er skip ófært til þeirrar ferðar, sem ákveðin er, og skipstjóri vanrækir að ráða þær bætur á, að skip sje í góðu lagi, og má skipshöfn þá krefjast lausnar úr skiprúmi. Skyldur er skipstjóri til að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipinu og meta, hversu fært það sje til ferðar, ef meiri hluti skipshafnar krefst; hann er og skyldur til að láta skoða vjel skipsins, þar sem því má við koma og vjelarstjóri krefst þess; synji skipstjóri þessara skoðunargerða, er skipshöfn heimil burtför úr skiprúmi. Um kaup og ferðakostnað fer í þessum atriðum svo sem fyrir er mælt í 91. gr.

Nú reynist það við skoðunargerðina, að skipið var fært til þeirrar ferðar og engir þeir gallar á, að skynsamleg rök væri til kærunnar, og eru þá þeir menn, sem skoðunargerðar kröfðust, skyldir að bæta kostnað þann og tjón, sem af henni leiddi.

93. gr.

Ef skip missir rjett til að sigla undir dönsku flaggi, getur skipshöfn þegar krafist vistarslita, og á hún kaup og ferðakostnað sem segir í 91. gr. Ekki er skipverjum heimilt að bregða ráðningu, þótt breyting verði á útgerðarmönnum eða skift sje um skipstjóra.

94. gr.

Nú sannast það, að maður er óhæfur í þá stöðu, sem hann rjeð sig til, og má þá víkja honum úr skiprúmi, og taki sá maður kaup til þess er hann fór. Svo skal og vera, ef skipverji sýnir skipstjóra ofbeldi eða öðrum yfirmanni sínum, eða verður sekur um það, að hafa leynt á skipi tollskyldum vörum eða öðru því gössi, sem óheimill var á útflutningur á burtfararstað skipsins, eða aðflutningur á ætlunarstað þess; svo skal og enn, ef skipverji hefur svo oft sætt refsingu fyrir yfirsjónir við störf sín, eða brot á siðsemi og reglusemi, að refsivald skipstjóra eftir 107. gr. hljóti að verða þýðingarlaust. Ekki má víkja manni utanríkis úr skiprúmi sakir ódugnaðar hans, nema danskur konsúll samþykki, ef hann er á þeim stað; nú er enginn konsúll á þeim stað, og er þá skipstjóri skyldur að sjá þeim manni fyrir ókeypis ferð til ráðningarstaðar hans, ef hann getur ekki fengið sjer skiprúm, þar sem hann er þá.

Nú getur skipstjóri ekki þegar vikið óhæfum sjómanni á burt, eða vill það ekki, og er rjett að skipstjóri lækki þá kaup hans alt að helmingi, svo sem efni liggja til; heimilt er þó sjómanni að kæra gerðir skipstjóra þann veg, sem segir í 109. gr.

Atvik þau, sem liggja til burtreksturs skipverja eða kauplækkunar, skal skrifa í leiðarbók, ef hún er til, eða dagbók, en að öðrum kosti sje skýrt frá þeim brjeflega og þau staðfest með vottorði tveggja hinna bestu manna á skipi, eftir að það, sem bókað var eða brjefað, hefur verið lesið manninum sjálfum og öðrum skipverjum, og er úrskurður um kauplækkun ógildur nema svo sje gert.

95. gr.

Ef skipverji sýkist eða slasast eftir að hann er kominn í skiprúm, er skipstjóra skylt að sjá honum fyrir sæmilegri hjúkrun á skipi eða á landi; en sje svo ástatt um hann, að hann verði óstarfhæfur um langan tíma eða þjáist af fransós, má þegar víkja honum úr skiprúmi. Ef það ber að utanríkis, skal skipstjóri fá hann í hendur konsúl, og sje þar enginn danskur konsúll, skal hann fá manninum hjúkrun svo trygt sje.

Nú er manni vikið úr skiprúmi sakir meiðsla eða sjúkleiks, sem hann er sjálfur valdur að, eða sakir fransós, og fær hann þá kaup fyrir þann einn tíma, sem hann var í þjónustu skipsins, og má taka hjúkrunarkostnað af kaupi hans. Nú er honum ekki vikið burt, og fær hann þá ekki kaup fyrir þann tíma, sem hann var frá verki, og greiði sjálfur hjúkrunarkostnað sinn.

Ef meiðsli manns eða sjúkleiki er ekki af þeim orsökum, sem nú var sagt, og honum er ekki vikið úr skiprúmi, tekur hann kaup sitt fult meðan

hann var sjúkur og fær þá hjúkrun, sem hann þarfnast, á kostnað útgerðarmanna. Nú er honum vikið á burt, og tekur hann þá kaup sitt til þess hann er skráður úr skipi, eða ef hann er ekki úr skráður, til þess dags, er skipið lætur út, og auk þess hjúkrun á kostnað útgerðarmanna í 4 vikur, ef hann er hjer á landi eða á þeim stað utanlands, þar sem löglega mátti slita ráðning hans, ella um 8 vikur, og sje talið frá úrskráningu hans, ef hún fer fram, annars frá burtför skipsins.

Nú er enginn danskur konsúll, sem hinn sjúki maður verði fenginn í hendur, og skipstjóri verður því að greiða fje erlendis til hjúkrunar íslenskum farmanni, en útgerðarmenn voru ekki skyldir til að kosta þá hjúkrun, og eiga þeir þá rjett á að fá það fje endurgoldið úr landssjóði, og á landssjóður enga endurgjaldskröfu á hendur farmanninum.

96. gr.

Nú er hætt við ferð sakir ófriðar, herkvíunar, farbanns, útflutningsbanns eða aðflutningsbanns, ístálmunar eða skemda á skipi, svo að það er ekki ferðafært, eða ferð verður að fresta eða gera hlje á henni svo stórum nemi af þessum sökum, og má þá rifta ráðningu skipshafnar, og heldur hún kaupi sínu til burtfarar.

Farist skip eða það meiðist og er dæmt óbætandi, eða það er hernumið og gert upptækt, eða sjóræningjar taka það, er ráðning skipshafnar slitið, enda tekur hún þá ekki lengur kaup. Ef skip ferst, er þó skipshöfn skylt, gegn hæfilegri þóknun, að taka þátt í björguninni og má ekki fara burt fyr en sjóferðaskýrsla er gefin.

97. gr.

Ef hætt er við ferð af öðrum sökum en þeim, sem getur í 96. gr., eða ráðning er slitið við skipverja án lögmætra saka og það er ekki sjerstaklega til skilið í ráðningarsamningi, þá ber skipverjum kaup og ferðakostnaður svo sem fyrir er mælt í 91. gr.; svo er og, ef skipi er lagt utanlands í vetrarlægi og ráðningu slitið við skipverja, en þá fellur burt mánaðarauki sá við kaupið, sem greinin til tekur.

98. gr.

Ef skipverji deyr, er honum talið kaup til dánardags, hafi hann ekki áður glatað rjetti sínum til launa sakir sjúkleiks eða annars þess, sem áður er talið. Deyi skipverji af meiðslum eða sjúkdómi og útgerðarmenn áttu að kosta hjúkrun og læknishjálp, þá skulu þeir og kosta greftrunina.

Nú spyrst ekki til skips og engin vitneskja fæst um, á hverjum tíma slysið bar að, og skal skipshöfn þá talið kaup svo sem segir í 72. gr.

99. gr.

Nú er samið um ákveðna fjárhæð fyrir tiltekna ferð og er sú breyting gerð á ferðinni, að hún stendur lengur en ráð var fyrir gert í samningnum, og ber þá skipverjum kaupauki að tiltölu við lenging tímans; en einskis missa þeir af umsömdu kaupi, þótt ferð standi skemur. Þeir eiga og rjett á kaupauka, ef skipstjóri eða útgerðarmenn tefja ferð skips á eindæmi sitt, eða einhver þeirra er valdur að töfinni á annan hátt, svo og fyrir þann tíma, sem skipið er neytt til að halda kyrru fyrir sökum ófriðar, herkvíunar, farbanns, útflutn-

ingsbanns eða aðflutningsbanns eða ístálmunar, svo og ef skip hleypir í bjarghöfn og tefst þar við aðgerð eða sakir farmsins, eða lengur en hina ákveðnu biðdaga við ferming eða afferming; þó á skipshöfn ekki rjett á launaauka fyrir skemri töf en 8 daga samfelda, nje heldur, ef ferðin hefur ekki lengst meira en ráð var fyrir gert við ráðninguna.

100. gr.

Nú fækkar skipverjum meðan á ferðinni stendur og hinir, sem eftir voru, vinna skipsstörfin, og skal þá því kaupi, sem sparaðist við fækkunina þann tíma, sem skipið er í hafi, skift meðal hinna, sem eftir voru, að rjettri tiltölu við aukið starf hvers þeirra.

Þó er ekki skylt að skifta fjenu milli skipverja, ef fækkunin varð við strok skipverja, og það varð með þeim atvikum, að hinir hefðu getað varnað því.

101. gr.

Þyki skipstjóra brýna nauðsyn bera til að setja skipverja til starfa að fermingu skips eða affermingu á sunnudögum eða öðrum helgum dögum hjer á landi, skal hver maður, sem í því starfi var, fá sjerstaka þóknun fyrir, ef annað var ekki til tekið við hann, og skal sú þóknun metin jöfn $^1/_2$ dags kaupi fyrir hverjar tvær klukkustundir eða hluta úr þeim. Þessi ákvæði gilda ekki um skip, sem fara reglubundnar ferðir milli ákveðinna staða eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.

102. gr.

Ef maður er ráðinn á skip til ákveðinnar ferðar, en breyting er síðar gerð á ferðinni, svo að henni skal nú ljúka á öðrum stað en þar, sem úrskráning átti að fara fram samkvæmt ráðningarsamningnum, og getur hann þá krafist fæðis og ferðakostnaðar til úrskráningarstaðar síns.

103. gr.

Nú slítur ráðningu íslenskra farmanna utanlands af þeim sökum einhverjum, sem getur í 96. gr., eða þeir eru látnir eftir utanlands sakir meiðsla eða sjúkleika, svo að þeim ber hjúkrun og lækning á kostnað útgerðarmanna samkvæmt 95. gr., og geta þeir þá krafist ókeypis flutnings og fæðis til næstu hafnar innlendrar. Ef skip týnist eða laskast og er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður kostnaðinn; svo er og, ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki um ófriðinn, þá er hann ljet í haf síðast, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá. Annars kostar greiði útgerðarmenn þann kostnað.

Nú á farmaður skyldan ókeypis heimflutning og verður honum fengið skiprúm á skipi, sem heldur til innlendrar hafnar eða annarar, sem auðvelt er að senda hann heim úr, og er hann þá skyldur til að taka við því skiprúmi, ef það er ekki verra en hitt, sem hann var ráðinn í.

104. gr.

Á ferðum geta farmenn krafist jafnóðum greiðslu á kaupi því, sem þeir hafa unnið fyrir, annaðhvort í peningum, þegar skip er í höfn, eða ávís-

un á útgerðarmenn; þó er skipstjóra jafnan heimilt að halda eftir einum þriðjungi kaups til þess er úrskráning fer fram.

Nú reynist, þá er gerður er upp reikningur manns, að honum var greitt meira fyrir fram en kaup hans nam, og er þá ekkert afturkræft af því, sem greitt var, ef svo stendur á, sem gert er ráð fyrir í 91.—93. gr., 3. lið 95. gr. eða 96.—98. gr.

105. gr.

Nú er skip utanríkis og rís ágreiningur milli skipstjóra og einhvers af skipverjum um eitthvað út af stöðu þeirra, og skal málið þá borið upp fyrir hinum danska konsúl á þeim stað, eða á fyrsta viðkomustað, þar sem danskur konsúll er.

Úrskurði konsúls verða báðir aðilar að hlíta til þess er málið getur komið fyrir rjett hjer á landi.

106. gr.

Neiti einhver skipverji að hlýða því, sem honum er skipað, eða sýni hann mótþróa við starf sitt, er skipstjóra heimilt, eða þeim, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, að þröngva þeim manni til hlýðni með valdi. Þá er skip er í háska, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri skipan, og er hver af skipverjum skyldur til að veita aðstoð sína yfirmanni, og jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, sem mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti ekki meira harðræði en atvik kröfðu.

107. gr.

Ef maður verður sekur um yfirsjónir þær í þjónustu sinni, sem hjer skulu taldar, eða óhlýðni við góða háttsemi, getur skipstjóri látið það varða kaupmissi, sem hjer segir:

1. Ef maður er settur við stýri, eða honum er skipuð útsýn, og gengur hann af verði eða komið er að honum þar sofandi eða ölvuðum, eða maður fer óvarlega með eld eða ljós, eða breytir ósæmilega við yfirmenn sína, eða sýnir þeim óhlýðni, varðar það kaupmissi alt að 1/2 mánuði.
2. Ef menn vanrækja vörð eða annað starf, sem þeim er falið, eða komið er að þeim þar sofandi eða ölvuðum, eða hafa brennivín á laun á skip eða annað áfengi, eða fara með fatnað sinn af skipi ólofað, missa þeir alt að 1/4 mánaðar kaups síns.
3. Ef maður fer á land ólofað og hverfur aftur samdægurs, varðar það kaupmissi alt að 1/4 mánaðar, en missi alt að 1/2 mánaðar kaups ef síðar kemur.
4. Ef manni er lofuð landför og kemur hann ekki aftur svo sem á var kveðið, varðar það kaupmissi 1 dags eða 2, ef hann kemur sama dag, en alt að 1/4 mánaðar kaups, ef síðar kemur.
5. Það varðar kaupmissi alt að 4 daga, ef maður fer frá báti, sem hann var sendur með til lands, eða vekur úlfúð eða illindi á skipi eða við skyldustörf manna, eða hleypir óviðkomandi mönnum á skip ólofað, eða leynir þeim á skipi eða gætir ekki í öðru reglu og góðrar háttsemi.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum eða vjelarstjóra, bæta þeir hálfu meira en aðrir skipverjar.

Tvöfalda má sektir, ef maður, sem einu sinni hefur verið hegnt, gerir sig sekan í sömu yfirsjón.

Ekki má þó leggja á mann í einni ferð meiri sektir fyrir þessar sakir, en nema mundi helmingi kaups þess, sem við lokareikning reynist að maðurinn vann fyrir á ferðinni.

108. gr.

Áður en skipstjóri beitir refsivaldi því, sem 107. gr. heimilar honum, skal hann halda próf yfir hinum seka í viðurvist tveggja bestu manna á skipinu og ekki fyr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því, er yfirsjónin var framin, nema sjerstök rök liggi til, að fyr sje prófað. Rita skal í leiðarbók eða dagbók framburð hans og þá refsing, sem skipstjóri leggur á, ef bækur þær eru á skipi, ella skal það skrifa sjerstaklega, og skal það, sem ritað var, lesið hinum seka manni og vottunum, og sanna þeir, sem við voru staddir, með nöfnum sínum, að rjett sje. Ómætur er úrskurður skipstjóra um það, er hann dró af kaupi, nema hann gæti fyrirmæla þessara.

109. gr.

Nú refsaði skipstjóri manni með kaupmissi og vill sá kæra það, og skal hann þá hafa sent kæru sína dómara áður 3 dagar sje liðnir frá því, er skipið kom á innlenda höfn, þar sem ferma skal skip, afferma eða búa um það, og það er um kyrt að minsta kosti þrjá daga. Ef skráð er úr skiprúmi, telst fresturinn frá úrskráningu. Ekki má skipstjóri synja honum farar á land með kæru sína.

Ef slitið er ráðningu farmanns í utanríkis höfn, ber hann fram kæru sína fyrir þeim dönskum konsúl, sem þar er, og skal fyrst um sinn hlíta úrskurði hans við samningu lokareiknings mannsins. Heimilt skal skipstjóra eða háseta á ársfresti þaðan frá að skjóta málinu til dóms að lögheimili skipsins; kært getur og háseti þangað úrskurð skipstjóra eða reikning hans, ef ekki var danskur konsúll á þeim stað erlendis, þar sem ráðning hans var slitið, og hefir háseti og ársfrest til, frá því er ráðningu sleit. Krafist getur háseti afrits af því, sem bókað var, eða annan veg ritað samkvæmt 108. gr. um refsingu þá, sem honum var úrskurðuð.

Með mál þau, sem ræðir um í þessari grein, skal fara sem einkalögreglumál.

110. gr.

Kaupi því, sem eftir var haldið eftir 107. gr., getur skipstjóri varið til endurgjalds kostnaði þeim og tjóni, sem hinn seki maður olli útgerðarmönnum, ef það, sem hann átti hjá þeim eftir af kaupi sínu, vanst ekki til þess. Það, sem þá kann að verða afgangs, verði eign stofnunar, sem gerð sje til gagnsmuna siglingum eða farmönnum og konungur skipar nánara fyrir um; fjeð skal greiða við úrskráning til skráningarstjóra, utanríkis til konsúls, eða skipstjóri sendir það stofnuninni sjálfri, ef háseti fór úr skiprúmi og var ekki lögskráður úr.

111. gr.

Ef maður strýkur frá skipi og hverfur ekki aftur áður skip lætur út, fyrirgerir hann til útgerðarmanna kaupi því, sem hann átti inni, og þeim fjemunum, sem hann ljet eftir á skipi; hrökkvi það ekki til að bæta útgerðarmönnum það tjón, sem þeir biðu við strokið, er hann skyldur að gjalda það, sem á skortir. Ekki taka skipverjar kaup fyrir þann tíma, sem þeir eru burtu frá skipi ólofað.

112. gr.

Ef gruna má af líkum, að menn búi yfir stroki, er skipstjóra heimilt að taka fatnað skipverja og geyma svo lengi, sem tækifæri er til stroksins eftir atvikum. Ef skipverji er staðinn að stroki eða gripinn eftir það er hann strauk, getur skipstjóri haft manninn í varðhaldi á skipi eða í landi til þess er skipið lætur út.

113. gr.

Menn, sem ráðnir eru á skip og þó ekki taldir til skipshafnar sjálfrar, eru skyldir að hlýða boðum skipstjóra um hátterni á skipi og reglusemi, og vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til tryggingar skipinu. Til þeirra taka og fyrirmæli 86., 106. og 107. gr.

Ef þeir voru ráðnir af skipstjóra eða útgerðarmönnum, eiga þeir jafnan rjett öðrum skipverjum; þó skulu þeir ekki teknir til greina þegar talinn er meiri hluti sá, sem getur í 92. gr.

## Sjötti kapituli.

### Um flutningssamninga.

114. gr.

Farmsamning skal jafnan gera skriflega (c e r t e p a r t i), ef annarhvor aðila æskir þess.

115. gr.

Farmsamningur tekur ekki til opins þilfars skipsins, nema sjerstaklega sje um samið; ekki heldur farrýmis eða herbergja þeirra annara, sem ætluð eru skipverjum, eða til geymslu skipsmunum, vistum, eldivið eða öðrum fararnauðsynjum.

Þó má ekki taka vörur af öðrum mönnum í þau herbergi nje á þilfar, nema farmsendari samþykki, ella greiði farmflytjandi venjulegt farmgjald fyrir þær vörur og allan skaða, er hinn hlaut af því.

116. gr.

Nú er skip ekki komið á fermingarstað og búið til að taka við farmi á þeim tíma, sem áskilið var í farmsamningi, og er farmsendara þá heimilt að rifta samningnum; hann á og heimting á bótum fyrir tjón það, er töfin olli honum, nema það vitnist, að útgerðarmaður átti ekki sök á töfinni og ekki skipstjóri nje skipshöfn.

Ef farmsamningur tekur engan tíma til, nær ferming skal hefja, skal framsendari þola bið, nema það vitnist, að útgerðarmaður, skipstjóri eða skipverjar áttu sök á.

Ekki getur farmsendari krafist neinskonar skaðabóta ef samningi er ekki rift og hann áskildi sjer ekki rjett til þess, áður hann ljet vörur af hendi til fermingar.

117. gr.

Heimilt er farmsendara að framselja öðrum manni rjett sinn eftir samningnum, en eigi að síður ábyrgist hann, að allar þær skuldbindingar haldist, sem samningurinn batt honum.

118. gr.

Ekki má senda góss farmsendara án samþykkis hans með öðru skipi en því, sem samið var um, nema skift verði um skip fyrir þeirra nauðsynja sakir, er 165. og 166. gr. til taka. Nú skiftir útgerðarmaður um skip, og bæti skaða þann allan, er af hlýtst.

119. gr.

Nú er ekki áskilinn neinn fermingarstaður í höfn og hefur maður samið um alt skipið, og skal þá skip liggja á þeim stað, sem hann vísar til, ef þar er ekki tálmun fyrir og skipið liggur þar á floti, og því er óhætt, og kemst þaðan hlaðið tálmunarlaust; vísa skal á þann stað, þegar er skipstjóri krefst þess, ella má hann sjálfur velja stað skipinu og sje þó almennur fermingarstaður. Nú hafa fleiri menn en einn samið um flutning á skipi, og á þá sá, sem samdi um meiri hluta skips, sama rjett og sá, er samdi um alt skipið. Svo er og ef þeir verða fleiri saman og ásáttir og sömdu um meiri hluta skips, og taka þeir þá til staðinn, ef skipstjóri flutti skipið ekki áður í annað lægi.

Sá, sem samdi um alt skipið eða meiri hluta skips, ef þeir voru fleiri, eiga og heimting á, að skip sje flutt á annan hagkvæman fermingarstað í sömu höfn, og greiði allan flutningskostnað, sbr. niðurlag 124. gr. Sama rjett á og hver maður sá, er semur um hluta úr skipi, ef aðrir farmsendarar hafa ekki óþægindi af flutningnum.

120. gr.

Nú fermir maður skip góssi, sem svo er háttað, að skipi eða öðrum farmi er háski eða tjón búið af, og hefur hann ekki sagt til, hversu háttað var góssinu eða gætt þeirra fyrirskipana, sem settar eru um slíkar sendingar, og ábyrgist hann þá skaða þann allan og kostnað, sem af hlýtst. Svo er og ef maður hleður skip góssi án vitundar skipstjóra eða segir rangt til um góssið, og er þá sendandi auk þess skyldur til að greiða hæsta farmgjald, sem þar var á burtfararstað skipsins.

Verði góssið ekki haft á skipi háskalaust, er heimilt að færa það á land á kostnað sendanda eða jafnvel varpa því fyrir borð, ef það fanst ekki fyr en eftir að skip ljet út, en greiði fult farmgjald, hvort sem gert var.

121. gr.

Skylt er sendanda að færa góss að skipsborði, en farmflytjandi annist þaðan af og kosti búlkun alla, undirbreiður og refti.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki á umsaminn stað eða á vanalegan fermingarstað í höfninni, ef enginn staður var tilskilinn, og kostar þá skipstjóri flutning góssins á skip úr landi.

122. gr.

Óheimilt er skipstjóra að búlka góss manns á þilfari ólofað (sbr. 195. gr.) eða í skipsbáta eða hengja það utan borðs á skipið.

123. gr.

Farmsendari á heimting á, að skipstjóri láti skipið vera búið til fermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) endurgjaldslaust, og þá enn annan tíma (aukabiðdaga), en greiði þá þóknun fyrir aukreitis.

Biðdaga skal telja frá fyrsta morgni rúmhelgum eftir að skipið er komið á rjettan stað og búið til að taka við farmi og skipstjóri hefir sagt sendanda til. Nú er honum sagt til eftir kl. 6 e. h. eða á helgum degi, og skal þá telja biðdaga frá öðrum morgni rúmhelgum. Sje sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til með auglýsingu í blaði þess staðar, eða þann veg, sem þar er títt.

124. gr.

Ef ekki er samið um tölu biðdaga, skal telja þá eftir nettótonnatali skips svo sem hjer segir:

| Þegar skip er ekki | tonn | seglskip | gufuskip |
|---|---|---|---|
| meira en 20 en minna en | 20 | 2 daga | 2 daga |
| — — 35 — — — | 35 | 3 — | 2 — |
| — — 50 — — — | 50 | 4 — | 2 — |
| — — 100 — — — | 100 | 6 — | |
| — — 150 — — — | 150 | 7 — | 3 — |
| — — 200 — — — | 200 | 8 — | |
| — — 250 — — — | 250 | 9 — | |
| — — 300 — — — | 300 | 10 — | 4 — |
| — — 400 — — — | 400 | 11 — | |
| — — 500 — — — | 500 | 12 — | |
| — — 600 — — — | 600 | 13 — | 5 — |
| — — 750 — — — | 750 | 14 — | |
| — — 900 — — — | 900 | 15 — | 6 — |
| — — 1100 — — — | 1100 | 16 — | 7 — |
| — — 1350 — — — | 1350 | 17 — | 8 — |
| — — 1650 — — — | 1650 | 18 — | 9 — |
| | 2000 | 19 — | 10 — |

Ef skip er meira en 2000 tonn, hvort sem er seglskip eða gufuskip, skal auka einum degi fyrir hver 400 tonn, sem afganga eða minna o. s. frv.

Ekki eru helgidagar taldir til biðdaga og ekki þeir dagar heldur, sem ekki varð unnið að fermingu sakir veðurs eða tálmana frá skipsins hálfu; tími, sem ekki tekur yfir meira en hálfan vinnudag, er að eins talinn hálfur dagur.

Ef til er tekin ákveðin tala samfeldra biðdaga, skulu og helgir dagar taldir.

Til biðdaga er og talin sú töf, sem leiðir af flutningi skips milli fermingastaða í höfn samkvæmt 2. lið 119. gr.

125. gr.

Aukabiðdagar skulu hálfu færri en biðdagar, ef ekki er annan veg um samið; þeir eru taldir samfeldir.

Ef ekki er annan veg um samið, er þóknun fyrir aukabiðdaga 30 aurar á dag fyrir seglskip og 40 aurar fyrir gufuskip fyrir nettótonn hvert. Þóknunin er talin fyrir hálfa daga, svo að það, sem nemur ekki meira en hálfs dags vinnutíma, er talið hálfur dagur, en heill ef meira er.

Krefja má kaups að kveldi fyrir hvern aukabiðdag. Nú er kaupið ekki greitt, þá er skip er ferðbúið, og er þá skipstjóra heimilt að geta þess á farmskírteini (konossement) hvað ógreitt var.

126. gr.

Ákvæði þau um tiltekna biðdaga og aukabiðdaga, sem hjer hafa verið talin, ná ekki til skipa, sem eru í reglubundnum ferðum milli ákveðinna staða og áætlun er birt um fyrirfram.

127. gr.

Ekki er skipstjóra skylt að bíða móttöku farms eftir það er aukabiðdagar eru á enda, en skyldur er hann að hafa með sjer það góss alt, sem honum var fengið þangað til, þótt hann verði að lengja biðina til að ferma góssið og búlka því, en þóknun skal hann fá fyrir þá bið, ekki minni en fyrir aukabiðdaga, og á heimilt að geta þess á farmskírteininu, ef hún var ekki greidd.

128. gr.

Ef varan er stykkjagóss, lætur sendandi hana af hendi eftir tilkynningu skipstjóra. Sje sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til á þann hátt, sem segir í 123. gr. Ef góssið er þá ekki látið svo snemma af hendi, að taka megi á skip og búlka jafnóðum, er skipstjóri ekki skyldur til að taka við því og taki þó fult farmgjald fyrir, sbr. þó 135. gr.

Ekki er skylt að segja til nær vara skal koma til skipa þeirra, sem um getur í 126. gr.

129. gr.

Skylt er skipstjóra að gefa sjálfur eða láta stýrimann gefa viðurkenning fyrir viðtöku góssins jafnóðum, ef sendandi krefst. Viðurkenningar þessar skulu fengnar aftur skipstjóra þegar er farmskírteini er undirskrifað eða góss fer af skipi, ef það verður áður, sbr. 132. gr.

130. gr.

Skylt er sendanda að fá skipstjóra öll þau skjöl, sem fylgja skulu góssinu, áður sá tími sje liðinn, sem ákveðinn var til viðtöku góssins. Nú vanrækir sendandi það og tefur með því burtför skipsins, og getur þá skipstjóri

krafist skaðabóta, ekki minni en fyrir aukabiðdaga og getið þess á farmskírteininu, ef ekki er greitt.

Annast skal skipstjóri um, að hann sje búinn til burtfarar þegar er hann hefur tekið við farmi og skjölum þeim, sem honum er nauðsyn að hafa. Nú vanrækir skipstjóri það eða tefur burtför sína, og getur sendandi þá krafist bóta fyrir tjón það, er af hlautst, og riftað samningi eftir atvikum.

131. gr.

Ef maður semur um heilt skip, er honum heimilt að rifta samningi og greiða hálft farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og tafir, ef meiri hafa orðið, en segja skal hann sundur við skipstjóra samningi áður skip sje farið af þeim stað, er það skal láta út frá. Ef enginn farmur er kominn til skips áður aukabiðdagar sje á enda, skal litið svo á, sem farmsendari hafi rift samningi. Nú er samið um skipið til fleiri ferða en einnar, og skal þá bæta hálfu farmgjaldi fyrstu ferð, en aðrar ferðir fjórðungi farmgjalds, en helming farmgjalds báðar ferðir, ef önnur er burtför en hin heimför.

Nú lætur farmsendari ekki af hendi alla vöru þá, er tilskilið var, og er skipstjóra þá ekki skylt að fara þá för, nema farmsendari greiði honum fult farmgjald fyrir vöru þá, sem ekki fer, svo og bætur fyrir kostnað, sem af því leiddi, að ekki kom sumt af farminum, fái ella skipstjóra trygging fyrir því, er greiða skyldi. Nú var endurgjalds krafist og ekki greitt og ekki trygging tengin fyrir lok aukabiðdaga, og er þá skipstjóra heimilt að líta svo á, sem farmsendari hafi rift samningi og greiði hann farmgjald og skaðabætur sem fyrr segir.

Nú er farmskírteini fullgert, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

132. gr.

Nú er riftað samningi með þeim atvikum, sem segir í 131. gr., og affermt aftur af þeim sökum góss það, er á skip var komið, og er þá farmsendari skyldur til að greiða skipstjóra allan fermingarkostnað og affermingarkostnað og bæta honum ef skipið var tafið lengur en aukabiðdaga og gjaldi ekki minna en fyrir þá.

133. gr.

Nú vill sá, er samið hefur um alt skip, rifta samningi eftir það er skip fór af þeim stað, þar sem ferð var hafin, og er hann þá skyldur að greiða fult farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og ef aðrar tafir urðu; þó skal að eins greiða þrjá fjórðunga farmgjalds, ef svo er um samið, að skipið skuli fara á annan stað til fermingar þar og samningi var sagt í sundur áður skip fór frá fermingarstað eða samningur raufst sakir þess, að farmsendari vanrækti skyldu sína með þeim atvikum, sem 2. liður 131. gr. til tekur. Nú var samið um fleiri ferðir en eina, og skal þá greiða fult farmgjald fyrir þá ferð, sem hafin var, og hálft fyrir hina næstu, en fyrir hinar að fjórða hlut; ef samið var um ferð á ákveðinn stað og afturkomu þaðan tafarlaust, skal greiða þrjá fjórðunga farmgjalds fyrir báðar leiðir, ef samningi var riftað áður skip fór þaðan heim á leið.

Ekki getur farmsendari krafist, að skip sje affermt eftir það er skip lagði út, nema á þeim stað sje, sem skip átti erindi til, og greiði skipstjóra farmgjald, svo sem sagt var, og bæti kostnað allan og skaða af affermingu á viðkomustað.

Nú er farmskírteini afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 146. gr.

134. gr.

Ef fleiri hafa samið um skip að hlutum og allir farmsendarar eru ásáttir um að rifta samningi, fer um hvern þeirra sem fyrir er mælt í 131.—133. gr. Nú koma þeir sjer ekki saman, og skal þá sá þeirra, sem samningi vill rifta, greiða fult farmgjald svo og aukabiðdagagjald eftir atvikum, og bæta auk þess, ef meiri töf verður, og allan kostnað, sem af því leiddi að hann gekk úr. Vöru sinnar getur einstakur farmsendari því að eins krafist aftur úr skipi, ef það getur orðið öðrum farmsendurum að skaðlausu, svo að það tefji ekki ferð eða skaði þá á annan hátt, og bæta skal hann ávalt skipstjóra skaða, tjón og kostnað, sem affermingin olli.

135. gr.

Sá, sem gert hefir farmsamning um skip og greiða skal samkvæmt 128., 131., 133. og 134. gr. fult farmgjald fyrir vöru, sem ekki fer á skipi til ætlunarstaðar, getur krafist, að dreginn sje frá greiðslufje hans kostnaður sá, sem hann sparaði skipinu við það, að hann tók aftur vöru sína. Taki skipstjóri aðra vöru í hinnar stað, skal helmingur farmgjalds fyrir þá vöru dreginn frá greiðslufje farmsendara.

136. gr.

Ef maður leggur löghald á eða gerir fjárnám í góssi, sem fermt hefur verið á skip, getur hann að eins krafist góssins með sömu skilyrðum og farmsendari gat.

137. gr.

Nú er farmur kominn á skip, og skal þá skipstjóri eða sá maður, sem er í hans stað, gefa út farmskírteini (konnossement), ef sendandi beiðist, og skal hann þar kannast við, að hann tók við vörunni og skyldu sína til að flytja hana til ætlunarstaðar og fá rjettum viðtakanda.

Undir skírteinið skal sá maður rita nafn sitt, er gaf það út, stað og dagsetning, er það var gefið út, svo og nafn skipsins og hver varan var, og nafn viðtakanda og ætlunarstað vörunnar. Auk þess getur hver aðila krafist, að þar standi nafn skipstjóra, ef hann skrifaði ekki undir sjálfur, svo og nafn þess, er vöruna ljet af hendi, heimili skipsins, hvort það er gufuskip eða seglskip, tegund vörunnar og ásigkomulag, þungi hennar, mergð og hversu merkt, um samið farmgjald og að vísað sje til farmsamnings í heild sinni eða til einstakra ákvæða hans.

138. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af farmskírteini, sem sendandi telur nauðsyn á; hann getur og krafist, að farmskírteini sje gefið fyrir allri vörunni í heild

eða sjerstakt skírteini fyrir einstaka hluta hennar. Skylt er sendanda að fá skipstjóra svo mörg eintök, sem þarf, til undirskriftar, áður tími sá sje liðinn, sem 130. gr. tekur til, og getur skipstjóri krafist eins eintaks, sem sendandi skrifi undir með honum. Aldrei má skipstjóri gefa skírteini fyrir vöru, sem ekki er komin á skip.

Nú eru gerð af farmskírteini fleiri eintök en eitt, og skal þá eintakatalan til greind í sjálfu skírteininu, og þó ekki talið með eintak skipstjóra. Skírteinin skulu öll vera samhljóða; þó getur sendandi krafist, að eintökin sje í sjálfu meginmálinu merkt svo sem fyrsta eintak, annað, þriðja o. s. frv.

139. gr.

Farmskírteini má stíla til ákveðins manns, eða þess, sem hann tilvísar, eða til handhafa; sje það stílað »að tilvísun« að eins, merkir það tilvísun vörusendanda. Farmskírteini má framselja með áritun (endossement) til ákveðins manns eða eyðuframsali (in blanco), nema framsal þess sje berlega óheimilað með orðunum »ekki til framsals«, eða öðrum ákveðnum fyrirvara í meginmáli þess.

Nú er maður löglega að farmskírteini kominn eftir orðum sjálfs þess eða við framsöl sem í óslitinni röð ná til handhafa, eða við eyðuframsal (in blanco), og getur hann þá krafist, að varan sje fengin sjer í hendur sem rjettum aðila.

140. gr.

Ef ekki hefir verið tekinn til í höfn neinn ákveðinn staður til affermingar, getur viðtakandi farms krafist, að skipið sje fært til þess staðar, sem hann vísar til, ef ekkert tálmar þar og skipið getur legið þar á floti og óhult; þenna stað skal þó til taka jafnskjótt og skipstjóri krefst, ella er honum frjálst að kjósa sjer stað og sje þó vanalegur affermingarstaður. Nú eru viðtakendur farms fleiri en einn og tekur einn þeirra meira hluta þess farms, sem til þeirrar hafnar fer, og á hann þá sama rjett sem sá, er allan farm tekur. Svo er og ef fleiri viðtakendur eru saman um meiri hluta þess farms, og eru ásáttir, og nefna þeir þá til stað og skulu þó hafa gert það áður skipstjóri færði skipið í annað lægi.

Um skyldu skipstjóra til flutnings skips innan hafnar gildir það, sem mælt er fyrir um fermingu í 119. gr., eftir því sem við á.

141. gr.

Skyldur er skipstjóri til við affermingu að láta góssið af hendi við skipshlið, en annan affermingarkostnað greiðir viðtakandi.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki í ákveðið lægi, eða ekki á almennan affermingarstað í höfninni, ef ekkert lægi var tekið til, og skal þá skipstjóri færa góssið á hæfilegan affermingarstað í höfninni á sinn kostnað.

142. gr.

Viðtakandi farms á heimting á, að skipstjóri hafi skipið búið til affermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) án endurgjalds, og þá enn um annan tíma tiltekinn (aukabiðdaga), en greiði aukreitis þóknun fyrir. Þetta nær þó

ekki til skipa í þeim ferðum, sem getur í 126. gr. Gefa skal tilkynning um það, nær skip er búið til affermingar og fer um það áþekt því, sem fyrir er mælt um ferming í 123.—125. gr., svo og um það, hversu telja skuli biðdaga og aukabiðdaga, fjölda þeirra og gjald fyrir aukabiðdaga.

Ef affermt er og fermt í einu lagi fyrir sama manninn, hefjast ekki aukabiðdagar fyr en hvorirtveggja biðdaga samantaldir eru á enda, þeir sem ákveðnir eru til affermingar og fermingar.

143. gr.

Sá, sem taka skal við stykkjagóssi, skal koma til að veita því viðtöku þegar er skipstjóri hefir gefið honum tilkynning um það. Ef viðtakandi er ókunnur eða hann finst ekki, skal honum sagt til svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Þá er stykkjagóss er flutt á þeim skipum, sem 126. gr. ræðir um, er skipstjóra heimilt að afferma tafarlaust án sjerstakrar tilkynningar um það.

144. gr.

Á ætlunarstaðnum skal skipstjóri fá farminn þeim manni, sem segir til sín og sýnir eintak af farmskírteininu, sem heimilar honum samkvæmt 139. gr. að kalla eftir vörunni sjer til handa. Þá er lokið er affermingu, skal fá eintak þetta skipstjóra og rita á viðurkenning um viðtöku vörunnar; til að tryggja sjer þetta getur skipstjóri krafist, að farmskírteinið sje falið öðrum mönnum til vörslu, áður en afferming hefst. Skipstjóri getur krafist, að skrifað sje á farmskírteinið jafnóðum og affermt er, eður og sjerstakra viðtökuvottorða.

145. gr.

Nú sýna fleiri menn en einn eintak af farmskírteini, sem heimilar þeim að krefjast farmsins sjer til handa, og má þá skipstjóri engum þeirra fá í hendur farminn, en hann skal fela hann til varðveislu svo óhult sje, ef aðilar verða ekki ásáttir um einn viðtakanda, sem hann geti fengið vöruna, og skal hann tafarlaust skýra þeim frá, hvar varðveitt sje. Nú eru eintök farmskírteinis tölusett svo sem síðasti kafli 138. gr. mælir fyrir, og skal þá skipstjóri fá þeim í hendur vöruna, sem lægsta hefir töluna á eintaki sínu.

146. gr.

Óheimilt er skipstjóra að láta farminn af hendi annarstaðar en á áætlunarstað hans, jafnvel þótt rift sje farmsamningi eða hætt við ferð, nema því að eins, að skilað sje þá aftur öllum þeim eintökum farmskírteinis, sem hann ljet af hendi, sbr. þó 172. gr. Þó nær þetta ákvæði ekki til þess, ef farmskírteinið óheimilar framsal á sjer, nje til þess, ef eintök farmskírteinisins eru tölusett svo sem síðasti hluti 138. gr. mælir fyrir, og getur þá löglegur handhafi þess eintaks, sem hefir merkið »fyrsta«, krafist, að varan sje fengin honum, þótt ókunnugt sje um hin eintökin.

147. gr.

Farmflytjandi ábyrgist allar skemdir á farminum og ef hann minkar frá því, er við honum var tekið á skip og til þess er hann kemur í hendur

viðtakanda, nema líkur sjeu leiddar að því, að skemdin eða rýrnunin stafi af sjóslysi, hernámi eða öðru óhappi, sem skipstjóri eða skipshöfn mátti ekki við gera, eða af ónógum umbúnaði vörunnar, spilling í henni sjálfri, rýrnun, af venjulegum leka íláta, eða dýr deyi, eða í heild sinni stafi af ásigkomulagi farmsins sjálfs.

Ef skemdir stafa af því, að skip var ekki svo í lagi til ferðar, sem vera bar, ábyrgist farmflytjandi það þó ekki, ef ekki fundust gallar á skipinu, hversu vel sem að var gætt.

148. gr.

Ef sendur er með skipi farmur, sem þarf við sjerstakrar umönnunar og gætilegrar meðferðar, skal skipstjóra sagt til þess og góssið glögglega einkent í þá átt. Nú er það vanrækt, og greiðir farmflytjandi þá engar bætur fyrir skaða, sem einungis varð girt fyrir, með umönnun þeirri og varfærni, sem nefnd var.

Ekki skal bæta peninga, verðbrjef eða aðra dýrgripi, nema sagt sje til þeirra greinilega og hversu mikils eru verðir.

149. gr.

Farmskírteinið er grundvöllur rjettarstöðu skipstjóra og viðtakanda farms sín á milli, og skal fá viðtakanda farminn eftir því, sem skírteinið mælir fyrir. Ákvæði farmsamnings, þau er ekki voru sett í farmskírteinið, eru ólögmæt gagnvart viðtakanda, nema að svo miklu leyti sem farmskírteinið vitnar til þeirra.

Nú er vitnað til farmsamnings í farmskírteini um farmgjaldið, svo sem með orðunum »farmgjald eftir farmsamningi (certeparti)«, og tekur þá sú tilvitnun ekki til ákvæða samnings þess um biðdaga, aukabiðdaga og gjald fyrir þá.

Ekki getur skipstjóri krafið viðtakanda farms um ógreitt aukabiðgjald nje önnur gjöld, sem af fermingu skipsins stafa, nema fyrirvari sje hafður um það í farmskírteininu.

150. gr.

Skipstjóri ábyrgist viðtakanda eftir 149. gr., að rjett sje, það sem farmskírteinið greinir um góssið. Ef það er sent í luktri kistu eða umbúðum, svo að skipstjóri veit ekki hvað í er, eða ef til er tekið í farmskírteininu mál, þungi eða tala og skipstjóri mældi það ekki, vó eða taldi, þá er hann tók við því á skip, þá á hann heimilt að geta þess á farmskírteininu, og ábyrgist hann þá ekki, að rjett sje, nema hann hafi sjeð við fermingu, að rangt var sagt til eða hefði átt að sjá það við almenna athygli.

151. gr.

Þá er skipstjóri getur ekki sjeð við móttöku, hversu góssinu er háttað, eða hve tryggilega er um búið, getur hann skrifað á farmskírteinið» ábyrgist ekki leka, brot eða skemd«, eða annað því líkt, og áskilið sjer með því að vera úr ábyrgð þeirri, sem 147. gr. til tekur. Slíkur fyrirvari leysir hann þó ekki úr ábyrgð, ef ætla má, að skemd eða rýrnun yrði með þeim hætti, að útgerðarmenn ábyrgist hana eftir 147. gr.

152. gr.

Ef góss er flutt á skip og glögt verður sjeð, að spilt er eða óhæfilega um búið, er skipstjóra skylt að geta þess berum orðum í farmskirteininu. Nú vanrækir hann þetta, og ábyrgist hann þá hvorttveggja gagnvart viðtakanda, þótt hafður sje í farmskírteininu fyrirvari, slíkur sem 151. gr. getur.

153. gr.

Nú kemur skip til affermingarstaðar og má gruna af líkindum, að farmur sje spiltur eða glatað af, og er viðtakanda þá heimilt að láta fram fara skoðunargerð, og skal henni fylgja álitsgerð um það, hver orsök var til, ef það reynist, að spilst hefur varan.

Nú hefur viðtakandi látið fá sjer í hendur farminn og ekki látið skoðunargerð fara fram áður, og vill síðar kæra ásigkomulag hans, og skal hann þá áður næsti virkur dagur sje liðinn krefjast, að skoðunargerð fari fram sem fyrst. Nú vanrækir hann það, og getur hann þá ekki krafist skaðabóta nema það sannist, að skemdin eða rýrnunin sje orðin við svik, hirðuleysi eða gáleysi útgerðarmanns eða þeirra manna einhverra, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

154. gr.

Þá er greiða skal bætur eftir 147. gr. fyrir skemdan farm eða týndan, eða farmflytjandi skal bæta vöru, sem seld var í ferðinni til skipsþarfa eftir heimild 54. gr., skal meta bæturnar eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.

155. gr.

Ef skipstjóri tekur farm á skip og hefur ekki samið um farmgjald, hve mikið skuli vera, skal greiða það gjald svo sem alment var á fermingarstaðnum þá er hann tók farm. Nú var samið um farmgjald en meira fermt af góssinu en um var samið, og skal þá gjalda fyrir það, sem meira var, að rjettri tiltölu við hitt, sem um var samið.

156. gr.

Ekki skal greiða farmgjald fyrir það góss, sem kemur ekki til skila við ferðarlok, nema það hafi farist sakir ásigkomulags þess sjálfs (sbr. 147. gr.) eða af ónógum umbúnaði, eða sakir annarar yfirsjónar eða hirðuleysis sendanda, eða það hafi verið selt í ferðinni fyrir hönd eiganda þess.

Ef greitt er farmgjald fyrirfram fyrir góss, sem ekki skal gjalda fyrir, eftir því sem nú var sagt, má heimta það aftur, nema annað sje áskilið.

157. gr.

Ef ílát hefur lekið meiri hlut lagar, er rjett, að viðtakandi láti það, sem eftir er, vera farmgjald vörunnar. Heimild þessi nær til hvers íláts um sig, en neyta skal þeirrar heimildar áður viðtakandi taki við ílátinu, og ekki nær hún til þess, ef varan kom á skip í lömuðu eða óhæfu íláti og skipstjóri gat þess sjerstaklega á farmskirteininu, sbr. 152. gr.

158. gr.

Farmflytjandi greiðir allan ferðarkostnað og gjöld frá því er við farmi er tekið og til þess hann var af hendi seldur á ætlunarstað; skipsgjöld, sóttkvíunarkostnaður, dráttargjald og annað þess kyns taka þannig ekki til farmsendara.

159. gr.

Nú tekur viðtakandi við farminum, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjald og annað það, sem skipstjóri getur krafist greiðslu á eftir farmskírteini eða öðru því skjali, sem segir fyrir um afgreiðslu farmsins til viðtakanda.

160. gr.

Ekki er skipstjóri skyldur til að láta farminn af hendi fyrri en viðtakandi greiðir eða tryggir í geymslu það, sem honum er skylt að greiða eftir 159. gr., svo og bætur fyrir aukabiðdaga eða aðrar affermingartafir, sjótjónsframlög og annað það gjald, sem á vörunni liggur, sbr. 244. gr. Þá er farmurinn er af hendi greiddur, getur skipstjóri kallað til geymslufjárins, þó að áskildri heimild viðtakanda til að sjá sjer borgið með kyrsetningu eða lögbanni, ef ósamþykki kemur upp. Nú er ekki kveðið á um sætjónsframlag, hversu mikið skuli vera, og má þá ekki halda farmi eftir af þeim sökum, ef viðtakandi setur trygging fyrir.

Ákvæði þessarar greinar gilda og, er krafist er affermingar á gössi á fermingarstað eða viðkomustöðum.

161. gr.

Ef maður, sem farmur er ætlaður, skorast undan að taka við honum, eða viðtakandi er ókunnur eða finst ekki, skal skipstjóri skýra sendanda frá því, þegar er hann má. Nú segir enginn löglegur viðtakandi til sín svo fljótt, að gössið geti orðið affermt fyrir lok aukabiðdaga, eða fyrir lok þess tíma, sem skipstjóri kveður á eftir 143. gr., ef það var stykkjagóss, og skal þá skipstjóri færa vöruna á land og fá til varðveislu svo óhult sje. Nú vanrækir viðtakandi að gegna skyldum sínum eftir fyrirmælum 160. gr. eða tefur svo afferming, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er þá skipstjóra heimilt að afferma og fela vöruna til varðveislu svo sem sagt var.

Þá er farmur er falinn þannig til geymslu, skal skipstjóri skýra frá því þeim, sem hann var ætlaður. Sje viðtakandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal skýrt frá því svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Nú dvelst skipi, lengur en aukabiðdagar endast, við það að fá góssi varðveislu, eða því dvelst á annan hátt svo að skipið verður ekki sakað um, og getur hann þá krafist fullra bóta fyrir, ekki minni en aukabiðdagar væri.

162. gr.

Þá er góss er látið til varðveislu, svo sem 145. og 161. gr. ræða um, er skipstjóra heimilt að láta selja við opinbert uppboð svo mikið af því, sem þarf til að fullnægja kröfum þeim, sem 160. gr. getur um, svo og til greiðslu tolla og kostnaðar.

163. gr.

Eftir það er skipstjóri hefur fengið farminn í hendur viðtakanda, á skipstjóri enga kröfu á hönd farmsendara um það fje, sem viðtakanda var skylt að greiða; þó er rjett, að hann sæki farmsendara um þá upphæð, sem hann mundi vinna honum úr hendi, ef allar kröfur fjelli niður. Ef góssið er ekki selt af hendi og kröfum skipstjóra ekki fullnægt með sölu þess, ábyrgist farmsendari það, sem á skortir.

164. gr.

Heimilt er öllum aðilum að rifta farmsamningi ábyrgðarlaust meðan skip hefir ekki látið út af þeim stað, þar sem ferð skyldi hefja,
ef ófriður kemur upp, svo að skip eða farmur eigi ekki frjálsa ferð,
eða farbann er lagt á skip,
eða fráfararhöfn eða ætlunarhöfn er herkvíuð eða flutningur góssins óheimilaður frá fararhöfn eða aðflutningur á ætlunarhöfn, eða ferð skipsins eða flutningur góssins sætir tálmun af nokkrum öðrum ráðstöfunum yfirvalda.

Ef slík tálmun tekur að eins til nokkurs hluta af farmi sendanda, er honum ekki heimilt að rifta samningi nema hann greiði farmgjald eftir reglum 131. og 134. gr.; sje samningi ekki riftað, má afferma aftur á kostnað sendanda þeirri vöru, sem tálmuninni sætir og áður var á skip færð. Nú segir farmsendari til áður aukabiðdagar sje á enda, að hann ætli að senda aðra vöru, og er skipstjóri þá skyldur til að taka við henni, ef hún er látin til tafarlaust og ekki er óhægra að flytja hana á skipi, en skyldur er farmsendari til að greiða kostnað allan, sem af því leiðir, og svo skaðabætur eftir 127. gr., ef töf verður lengri en aukabiðdagar. Ef fleiri menn eru farmsendarar en einn, má töfin ekki lengjast af þessum sökum umfram aukabiðdaga, nema allir farmsendarar samþykki.

Nú eru farmsendarar fleiri en einn og samningi er rift við einn þeirra eða fleiri sakir tálmana á flutningi vöru þeirra, og er þá skipstjóra heimilt að rifta samningi við aðra farmsendara, ef það farmgjald, sem hann mundi fá fyrir ferðina, verður minna en helmingur þess farmgjalds alls, sem til var tekið.

165. gr.

Nú ferst skip á ferð, eða verður dæmt óbætandi, og er þá slitið farmsamningi; þó er skipstjóra skylt á kostnað farmeiganda að gera hagkvæmar ráðstafanir um farminn, svo sem fyrir er mælt í 62. gr.

Þá er svo ber að, skal greiða farmgjald eftir vegalengd, svo að goldið sje fyrir þá leið, sem farin var, að sömu tiltölu, sem sú leið var mót allri ferðinni þó svo, að þess sje gætt, hve miklum tíma var til varið og svo sjerstakra erfiðleika, sem á voru og kostnaðar, að rjettri tiltölu við sjerstakan kostnað og erfiðleika á því, sem ólarið var. Ef aðilar geta ekki orðið ásáttir um það, hvert farmgjald skal greiða, getur hver þeirra heimtað, að úr sje skorið með lögmætu mati.

Heimilt er eigendum að láta góssið koma fyrir vegalengdarfarmgjaldið, ef þeir kjósa það heldur.

166. gr.

Nú ber að slíka tálmun, sem 164. gr. ræðir um, eftir það er skip fór burt þaðan, sem ferð var hafin, og er hverjum aðila þá og heimilt að rifta samningi, en greiða skal þá farmsendari vegalengdarfarmgjaldið eftir fyrirmælum 165. gr. Ef rift er samningi, skal skipstjóri á kostnað eiganda annast svo um farminn sem 62. gr. mælir fyrir.

Nú tefur slík tálmun skipið á fermingarstaðnum eftir að það hefir tekið þar farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá þeim kostnaði af töfinni, sem á kom, til þess er samningi var slitið, skift niður á skip, farmgjald og farm, eftir því, sem mælt er fyrir um sameiginlegt sætjón.

167. gr.

Ef farmsamningi er riftað af þeim sökum, sem 164. gr. ræðir um, og verður því að afferma vöruna, er farmsendari skyldur til að greiða allan kostnað, sem af því leiðir, ef tálmunin á efndum samningsins snertir farminn einan saman. Nú snertir tálmunin einnig skipið eða það eitt saman, eða skipstjóri hefir neytt heimildar sinnar eftir síðasta lið 164. gr. til að segja sundur samningum, og fer þá um það eftir hinu almenna ákvæði í 141. gr.

168. gr.

Nú tefur eitthvað skipið á fermingarstað eða síðar á viðkomustað á ferðinni og ætla má, að sú töf muni nokkuð lengjast, og er þá farmsendara heimilt að láta afferma vöru sína í bráð, ef hann fær til trygging fyrir greiðslu krafa þeirra, sem 160. gr. skyldar hann til, ef varan kemur ekki aftur á skipið í tæka tíð, þegar skipstjóri segir til. Ef fleiri eru farmsendarar getur enginn þeirra krafist, að vara hans sje affermd, nema hinir leyfi, ef sú afferming skaðar þá.

169. gr.

Nú leitar skip hafnar í nauð sakir bilunar, og talið er víst, að farmurinn spillist allur eða að miklum hluta við þá dvöl, sem umbót skipsins krefur, og er þá farmsendara heimilt að rifta samningi og ráða vöru sinni, ef hann greiðir farmgjald eftir vegalengd, sem talin sje eftir fyrirmælum 165. gr. Þó nær þessi heimild ekki til farmsendara ef fleiri eru en einn, og einhver þeirra krefst, að fram sje haldið ferðinni.

170. gr.

Nú eru einstök eintök farmskírteinis framseld ýmsum mönnum, og veitir þá það eintak bestan rjett, sem framseljandi sendi fyrst eða seldi af hendi, ef handhafa er heimilt að krefjast þess eftir annari málsgrein 139. gr., að sjer sje fengin varan. Þó taka þessi ákvæði ekki til þess, ef eintökin eru tölusett eftir fyrirmælum 138. gr., því að þá gengur sá handhafi fyrir, sem eintak hefur með lægstri tölu. En nú er vara affermd og hún fengin löglega í hendur öðrum manni, og er hann þá ekki skyldur til að selja hana aftur af hendi, nema það sannist, að hann vissi, að kaup hans á farmskírteininu var ólögmætt, eða hann sýndi þar stórkostlegt gáleysi.

171. gr.

Rjettur sá, sem seljandi kann að eiga að lögum til að hefta afhending á góssi til kaupanda, er hann getur ekki greitt andvirðið eða fullnægir ekki skyldum þeim, er kaupin gerðu honum, fellur ekki niður, þótt kaupandi hafi fengið farmskírteinið í hendur.

Ef kaupandi hefur framselt öðrum manni farmskírteinið, á seljandi ekki þenna rjett gagnvart þeim manni, nema í skírteininu hafi staðið bann gegn framsali, eða það sannist, að handhafi skírteinisins hafi þekt málavexti, er hann fjekk það, eða sýnt stórkostlegt gáleysi.

172. gr.

Ef farmskírteini glatast, má fá það ónýtt með dómi á þeim stað, þar sem láta skyldi af hendi vöruna. Sá, sem ónýtingar æskir, skal senda beiðni um hana til dómanda og geri þar grein fyrir, hversu hann eignaðist hið glataða skírteini og lýsi því, að hann ljet það ekki af hendi til annara manna og bjóða eið sinn á. Ef veitt er beiðni hans, nefnir dómari til stefnufrest, og má hann ekki vera skemri en 12 vikur og ekki lengri en 1 ár. Stefnuna skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og sje ekki skemra milli hverra birtinga en ein vika.

Heimilt er manni að krefjast þess, að vara sú sje seld honum í hendur, sem farmskírteinið til tekur, ef hann fær til trygging og stefnan hefur verið löglega birt; en þangað til það er gert, þarf hann til þess sjerstakan úrskurð dómara.

173. gr.

Ef maður hefir farmskírteini í höndum og hefir fengið það svo sem 139. gr. segir, er hann ekki skyldur til að láta það af hendi við þann, sem mist hefur, nema það sannist, að hann hafi þekt málavexti er kaup fór fram, eða sýnt í því kaupi stórkostlegt gáleysi.

174. gr.

Nú er farsamningur ger um flutning á tilteknum manni og hann getur ekki farið af stað sakir sjúkleiks, eða annarar tálmunar, eða hann er dáinn, og skal þá að eins greiða hálft fargjald, ef sagt var til forfalla áður skipið hjelt af stað. Ella gjaldi maður það far fullu verði, er hann áskildi sjer, þótt hann geti ekki farið.

175. gr.

Slitið er farsamningi farþega, þegar skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða nokkura aðra tálmun ber að, þá er ræðir um í 164. gr., og á þar hvorugur aðila bótakröfur á annan. Ef ferð var hafin, er farþegi þó skyldur til að greiða gjald fyrir þann hluta leiðar, sem farinn var, og fer um það eftir fyrirmælum 165. gr.

176. gr.

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um reglu og góða háttsemi á skipi. Ákvæði 86. gr. taka og til þeirra.

177. gr.

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um skaðabætur fyrir týnt góss eða skemt, nær og til ábyrgðar á því góssi, sem farþegar hafa með sjer og fengið er skipstjóra í hendur eða þeim manni, sem settur er til að veita viðtöku góssi manna.

178. gr.

Heimilt er skipstjóra að halda góssi farþega til þess er fargjald er greitt og andvirði þess, er farþegi hefur neytt á skipi á ferðinni. Skipstjóri á og auk þess sama rjett á þessu góssi sem 160.—162. gr. veita honum á annari vöru, þeirri sem ekki er greitt farmgjald fyrir.

## Sjöundi kapituli.

### Um sjólán (bodmeri).

179. gr.

Þá er skipstjóri tekur peninga að láni í neyð til framhalds ferð sinni eða til bjargar farminum eða til að koma honum áleiðis og leggur skipið að veði fyrir láninu, farmgjald eða farm, með þeim hætti, sem hjer verður sagt, þá á lánsali að eins aðgang að hinum veðlögðu fjemunum að lokinni ferð, en í þeim á hann sjóveðrjett eftir 11. kapítula þessara laga.

180. gr.

Sjólán má taka gegn veði í skipi, farmgjaldi og farmi eða einu þeirra eða fleiru. Ef tekið er lán til greiðslu kostnaði á farminum einum, má veðleggja hann sjerstaklega, en fyrir öðrum kostnaði má ekki leggja farm að veði, nema ásamt skipi og farmgjaldi. Ef saman er veðlagt skip og farmur, er farmgjald og talið til veðsins, en ella að eins þar, sem það er sjerstaklega tekið til.

Nú er eitthvað af fjemunum þessum sjólánsveðlagt fyrir tilkostnaði, sem ekki snertir það veð sjálft, og lánsali leitar sjer lúkningar í veðinu, og getur þá eigandi veðsins aftur leitað sjer bóta fyrir missi sinn í þeim fjemunum, sem kostnaðurinn varð á, og á hann þá sömu heimild á þeim sem væri þeir sjólánsveð honum til handa.

181. gr.

Áður skipstjóri tekur sjólán, skal hann gera skýra grein fyrir þeim atvikum, sem neyddu hann til lántökunnar, og gera það með þeim hætti, sem 46. gr. ræðir um, ef hann má því við koma, en ella með yfirlýsingum konsúls eða annara yfirvalda.

182. gr.

Þá er sjólán er tekið, skal um það gera brjef. Það er því að eins lögmætt sjólánsbrjef, að í því standi:

1. Nafnið sjólánsbrjef eða önnur orð, sem skýra frá, að samningurinn sje gerður um sjólán.
2. Nafn lánsala.
3. Stærð veðskuldarinnar (lánsfje og tilgjöt).
4. Tilgreining hinna veðbundnu hluta.
5. Nafn skipsins.
6. Tilgreining ferðarinnar, sem lán er fengið til (sjólánsferð).
7. Nafn skipstjóra undirritað og tiltekinn staður og dagur.

183. gr.

Gera skal af sjólánsbrjefi fleiri eintök en eitt, ef lánsali vill; öll skulu eintökin vera samhljóða og taka til hversu mörg eintök gerð voru.

Nú er sjólánsbrjef framselt, og heftir það ekki andmæli gegn því, að lögmæt skilyrði sjeu fyrir sjólánstöku.

184. gr.

Sjótjónsframlög skulu greidd af hinum sjólánsveðlögðu fjemunum, án þess að sjólánsveðskuldin minki við það; en vinnist fjemunirnir við það ekki til fullrar greiðslu á veðskuldinni, skal sjólánssali bera hallann.

185. gr.

Skyldur er skipstjóri að annast um varðveislu og björgun hinna veðlögðu eigna. Ekki skal hann nema í ítrustu nauðsyn hafast neitt það að, sem stofnað geti þeim í annan nje meiri háska en þann, sem lánsali gat búist við eftir veðbrjefinu. Verði skipstjóra á í því, ábyrgist hann skaða þann, er af hlýtst.

Nú breytir hann að nauðsynjalausu ferð sinni, þeirri sem sjólánsveðbrjefið til tók, og án þess að gagnsmunir lánsala krefjist þess, eða hann vikur af venjulegri leið og ekki til að bjarga mönnum í sjávarháska, eða hann stofnar hinum veðlögðu fjemunum í nýja hættu eftir það er ferðinni var lokið, og reynist þeir eftir það ónógir til lúkningar sjólánsskuldinni, og ábyrgist skipstjóri þá það, sem á skortir, nema það sannist, að skaði hefði þó á orðið, þótt skipstjóri hefði gætt als þess, er honum var skylt.

186. gr.

Sje ekki annað tilskilið, skal gjalda sjólánsskuld á þeim stað, þar sem sú sjólánsferð er á enda eftir samningnum og er gjalddagi sjöunda daginn eftir það er skipið kom þangað, og án frestdaga.

Ef ferð endar áður skipið kom á ætlunarstað þann, sem sjólánsveðbrjefið til tekur, þá skal gjalddagi vera á láninu sjöunda daginn frá því, er ferð var lokið, og greiðast á þeim stað, þar sem henni lauk. Skylt er skipstjóra að skýra lánsala þegar frá breytingu þeirri, sem á er orðin. Nú voru önnur efni til breytingarinnar en þau, sem getið er í 164. og 165. gr., og getur þá lánsali krafist bóta fyrir þann kostnað, sem hann hafði af breytingunni.

187. gr.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga, og fæst ekki greiðsla á, og er þá lánsala heimilt að krefjast vaxta, 6 af hndr. á ári bæði af lánsfje og tilgjöf.

Ef tilgjöf var ákveðin eftir tímalengd, skal tími aðeins talinn til gjalddaga.

188. gr.

Þegar gjalddagi er kominn, má krefja skuldarinnar, eftir einu eintaki af sjólánsbrjefinu, gegn því, að selja það eintak af hendi með áritaðri kvittun. Nú segja til sín fleiri handhafar en einn, og krefjast þeir greiðslu, og skal þá engum þeirra greiða, en skipstjóri skal fela greiðslufjeð í trygga varðveislu og skýra frá því rjettum aðilum.

Ekki má skipstjóri greiða þá skuld fyrir gjalddaga, nema fram komi öll eintök sjólánsbrjefsins.

189. gr.

Nú er kominn gjalddagi á sjóláni, og er veðbrjefið þá ekki á þeim stað, þar sem greiða skal veðskuldina (sbr. 186. gr.), og er þá skipstjóra heimilt að fela skuldafjeð í örugga varðveislu, og leysa með því veðið. Nú felur skipstjóri fjeð til varðveislu, og er hann þá skyldur til að skýra lánsala frá því tafarlaust.

190. gr.

Þegar er skipið er komið á ætlunarstað sinn, þann sem sjólánsveðbrjefið nefnir til, eða þegar fullráðið er, að ferðin skuli enda á öðrum stað, getur kröfuhafi látið leggja löghald á hina veðlögðu eign, þótt skuldin sje þá ekki komin í gjalddaga. Ekki er þörf að reka löghaldsmál til staðfestingar haldinu, en ónýtt skal það löghald ávalt 8 dögum eftir gjalddaga.

Nú er krafist sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga og er þá ekki greidd, og er þá kröfuhafa þegar heimilt að láta gera fjárnám í veðfjenu, án dóms og laga, til lúkningar skuld sinni og selja veðið því næst á opinberu uppboði. Þegar ætla má, að veðlagður farmur spillist ef hann er geymdur lengi, má beiðast úrskurðar fógeta um það, að halda skuli uppboðið sem fyrst. Þó má ekki boða það með skemri fyrirvara en eins dags. Nú er sjólánsveðbrjefinu mótmælt við fjárnámsgjörðina og talið fals í, eða mótmælt lögmæti kröfunnar, eða annar maður telst hafa lögmætara tilkall til veðsins, og getur þá dómarinn synjað um fjárnámsgjörðina, nema lánsali fái tryggíng fyrir.

191. gr.

Ef hætt var við sjólánsferðina áður af stað væri farið, er lánið þegar komið í gjalddaga á þeim stað, er farið skyldi frá, og greiði þá lánþegi 5 af hndr. á ári í vöxtu af höfuðstólnum og 3 af hndr. í ómakslaun í stað tilgjafar. Nú ljet skip út, og skal þá greiða hina áskildu tilgjöf þó að síðar sje hætt við ferðina.

## Attundi kapituli.

### Um sjótjón.

192. gr.

Til sameiginlegs sjótjóns (groshavari) teljast hver þau spjöll, sem gerð eru með vilja á skipi eða farmi með þeirri fyrirætlan, að bjarga hvorutveggja úr yfirvofandi háska, svo og sjerhvað, sem lagt er í sölurnar með þeirri fyrirætlan; enn fremur skaði sá og kostnaður, sem var samfara slíkum viðbúnaði eða leiddi beinlínis af honum. Sameiginlegu sjótjóni skal jafna niður á skip, farmgjald og farm að rjettri tiltölu við verðmæti þeirra, og sje það ákveðið eftir fyrirmælum 212.—217. gr.

193. gr.

Þetta skal einkanlega bæta sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss og skipsbúnað allan, sem varpað er fyrir borð til að ljetta skip í sjávarháska eða til að forðast fjandmenn eða sjóræningja, svo og góss og búnað þann, er skolast útbyrðis við það að út er varpað, svo og annað það tjón, sem af því leiddi að varpað var út, eða af þeim viðbúnaði, sem hafa þurfti til þess.
2. Siglu, segl eða annan reiða, sem höggvinn er, akkeri og festi, sem laust er látið, svo og það tjón, sem af því leiðir, að af var höggvið eða laust látið, ef það var lagt í sölurnar til bjargar bæði skipi og farmi úr háska, svo sem að forða skipbroti eða árekstri.
3. Tjón, sem verður á skipi eða farmi við það, að verjast eldshættu eða slökkva eld, til að ná vatni í dælurnar eða veita burt ágjöf.
4. Það, sem kostað var til að fá hjálp í háska til að bjarga bæði skipi og farmi frá voða, svo og það tjón, sem skip eða farmur sætir af þeim skipum, sem kvödd voru hjálpar.
5. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að skipinu er hleypt með vilja á grynningar til að forða báðum við meira tjóni, og þó einungis að því leyti, sem kalla má, að slíkt væri lagt í sölurnar.
6. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að ná skipi af grynningum, og sjá borgið skipi og farmi, svo og þann kostnað, sem af því verður. Nú verður ferð ekki haldið áfram af því skipið næst ekki af grynningum, eða af því að það hefur verið dæmt óbætandi, og er þá talinn með sameiginlegu sjótjóni sá einn skaði, sem orðinn var áður augljóst yrði, að ferðinni varð ekki haldið áfram og kostnaður sá, sem þá var á kominn.
7. Kostnaður, sem á því varð að leita hafnar í neyð til bjargar skipi og farmi, svo sem þá er skip varð ósjófært á ferð, eða því og farminum er búinn auðsær háski af því að halda ferðinni áfram, sakir þess, að ófriður er hafinn, eða ísrek ber skjótlega að hendi.

Kostnaður sá, sem af þessu leiðir og telja ber til sameiginlegs sjótjóns, er þetta einkanlega: Hafnsögugjald, vitagjald, merkjagjald og hafnargjald, svo og annar kostnaður af töf skips í neyðarhöfn; kostnaður á affermingu farms, geymslu, endurfermingu og búlkun, ef affermt var til að

koma skipinu í lægi, eða afferma varð af sömu sökum og þeim, sem knúðu skipið til að leita hafnar, svo og fæðispeningar og mánaðarkaup skipstjóra og skipshafnar þann tíma, sem skipið hlýtur að liggja í neyðarhöfn af þeim sökum, sem knúðu það til að leita þangað, og þó einungis að svo miklu leyti sem ekki mátti spara sjer kostnað með því að leysa skipverja úr vist. Nú lengist dvöl skips í neyðarhöfn af öðrum sökum, svo sem þá er ís meinar að halda ferð áfram eða veðurfar, eða aðgerð skips dregst að nauðsynjalausu, og skal þá ekki telja með sameiginlegu sjótjóni fæði og mánaðarkaup þann tíma, sem dvölin lengist af þeim sökum. Nú er ferðinni lokið í neyðarhöfninni, og skal þá til sameiginlegs sjótjóns talinn kostnaðurinn að eins til þess tíma er fastráðið var, að ferðin skyldi enda þar.

Ekki skal telja til sameiginlegs sjótjóns skaða af rýrnun, leka íláta, eða skemdum á farmi, sem urðu við dvöl skipsins í neyðarhöfninni, nje heldur kostnað á því, að verjast þess háttar sköðum. Skemdir, sem verða á farmi við ferming eða afferming í neyðarhöfn, skulu einungis þá taldar með sameiginlegu sjótjóni, þegar þær stafa af því, að ferming eða afferming varð að fara fram á uppskipunarbátum eða með óvenjulegu móti.

Ekki er heldur talinn til sameiginlegs sjótjóns hin sjerstaki kostnaður í neyðarhöfn, sem verður við það, að farmurinn er sjálfur háskagóss.

Nú er bilun bætt til bráðabirgða í neyðarhöfn og hún telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, og skal þó endurgjalda þann kostnað, svo sem sameiginlegt sjótjón, ef komist varð við það hjá öðrum kostnaði, sem annars hlaut að verða og talist hefði með sameiginlegu sjótjóni.

8. Tjón það og skemdir, sem á farmi verða við það, að tekið er til hans í neyð til framkvæmdar ferðinni eða til bjargar skipi og farmi á annan hátt, svo og tjón og skemdir, sem urðu á skipsbúnaði við það að grípa til þess í nauð til einhvers annars en það var ætlað til frá upphafi.

Það, sem eytt er af kolabirgðum gufuskips og vjelanauðsynjum til þess að ná skipinu af grynningum og við dælingu, þá er skipið er lekt orðið, skal alt bæta sem sameiginlegt sjótjón, svo og það, sem eytt er til að flytja skipið, afferma það eða ferma á ný í neyðarhöfn, þá er kostnaður sá telst til sameiginlegs sjótjóns, en hitt skal ekki bæta, sem varið er til að leita inn til neyðarhafnar og láta aftur út þaðan, eða á annan veg er varið vegna lengingar ferðarinnar, þótt hún hafi leitt af sameiginlegu sjótjóni.

9. Tjón, sem með vilja er gert skipi eða farmi til að greiða fyrir vörn gegn fjandmönnum eða sjóræningjum, svo og tjón, sem varð meðan á vörninni stóð, hergögn öll, sem varið var til hennar, svo og góss og peningar, sem varið er til bjargar eða lausnar skipi og farmi.

10. Kostnaður af lækningu, hjúkrun og fæði þann tíma, sem lækning þeirra skipverja varir, sem mein hlutu af vörn móti óvinum eða sjóræningjum eða við framkvæmdir viðbúnaðar til að bjarga skipi og farmi, greftrunarkostnaður látinna manna og kostnaðarauki sá, sem verður við það, að ráða verður aðra menn í stað hinna særðu og dauðu.

11. Farmgjald, sem missist við sameiginlegt sjótjón.

12. Kostnaður og tjón, sem hlautst af því að afla nægra peninga til að greiða með úr sameiginlegu sjótjóni, einkanlega ómakslaun, vextir og ábyrgðar-

gjöld greiddra peninga, tilgjöf við neyðarlán, ef nauðsyn var á sjóláni, svo og tjón það, sem hlýtst af verðfalli vöru, sem seld er í neyðarhöfn til greiðslu á sjótjóninu.

13. Ómakslaun umboðsmanns, sem ráðinn var til framkvæmdar viðskiftum þeim, sem sjótjónið krafði.
14. Kostnaður, sem leiddi af sjóferðaskýrslu, skoðunargerð, álits- og matsgerð, svo og af að afla sannana, sem við þarf til að finna hvert sjótjónið var og hvernig því skal jafna niður, enn fremur kostnaður við reikning yfir það og niðurjöfnun.

194. gr.

Ekki skal telja með sameiginlegu sjótjóni þann skaða, sem verður af slysum, meðan framkvæmdur er sá viðbúnaður, sem hafður er til bjargar skipi og farmi, jafnvel þótt það forði sameiginlegu sjótjóni; ekki þann skaða heldur, sem af hendingu eða óbeinlínis snertir slíkan viðbúnað.

Eigi skal því bæta sem sameiginlegt sjótjón stöng, sem vindur braut, meðan verið var að höggva siglu, þótt brotið verði til þess, að ekki þarf að höggva sigluna; ekki heldur skemdir á skipi og farmi, af stormi, eldi, þjófnaði eða öðru, sem að ber meðan skipið dvelur í neyðarhöfn; ekki heldur fjártjón, sem stafar af því, að farmi varð ekki skilað í tæka tíð sakir sjótjónsins; ekki heldur aukin iðgjöld vátryggingar á skipinu nje tjón af því, að skipið misti væntanlegs farmgjalds sakir tafar, sem sjótjónið olli.

195. gr.

Þetta er ekki bætt sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss, sem látið er á skip án vitundar skipstjóra, svo og peningar, verðbrjef og dýrgripir, ef þeir voru ekki nægilega einkendir eftir fyrirmælum 148. gr.
2. Farmur á þilfari, þótt varpað sje útbyrðis, nje tjón á slíkum farmi, sem varð við það, að út var rutt, eða við annan viðbúnað, sem hafður var í sjávarháska, til bjargar skipi og farmi, nema varpað hafi verið út til ljettis skipi, eftir að það kom á grynningar.

   Með farmi á þiljum er ekki talið það góss eitt, sem hlaðið er á opið þilfar eða í báta skips, eða haft utan borðs, en til þess farms telst einnig það góss, sem hlaðið er í þau þakskýli á þilfari, sem ekki eru feld inn í bandakerfi skips, eða veita nægilega trygging með öðru móti fyrir því, að sjór skaði þar ekki góss nje taki út.
3. Skemdir, sem við slíkan viðbúnað, sem getið var, verða á skipsmunum, sem lágu á þilfari og voru þar ekki á sínum stað.
4. Skemdir af ofsiglingu, þótt gerð sje til að forðast skipbrot, fjandmenn eða sjóræningja; tjón á seglum eða á kötlum gufuskips og vjel, nema skemdin verði við tilraun til að ná skipinu af grynningum; svo og skemdir á skipsdælum, er verður við austur skipsins.
5. Tjón, sem hlýtst af því, að sigla er höggvin, sigluviðir eða önnur áhöld, sem brotnað hafa áður við einkasjótjón, þótt nauðsyn beri til að höggva þau þá, til að forðast háska, sem skipi er búinn og farmi.
6. Tjón á farmi, sem kviknað hefur í af sjálfu sjer, eða hiti er í og tjónið

verður við það, að honum er varpað útbyrðis, eða steypt er á hann vatni eða aðrar tilraunir gerðar til að slökkva í honum, svo og tjón af eldi, hvernig sem hann kemur upp í skipi, og þær skemdir, sem við slíka athöfn verða á þeim hluta farmsins, sem eldur hafði gripið.

7. Kostnaður, sem leiðir af því, að skip varð að leita neyðarhafnar sakir skorts á vistabirgðum eður ferðanauðsynjum eða vegna ístálmunar eða annars, sem veðurátta var sök í.

196. gr.

Jafna skal niður sjótjónsbyrðinni fyrir því, þótt einstakur maður sje sök í þeim háska, sem tjóninu olli, en ekki getur sá maður krafist bóta fyrir missi þann, sem hann varð fyrir sjálfur. Ef skipstjóri er sök í háskanum eða annar sá maður, sem útgerðarmenn ábyrgjast eftir 13. gr., eiga þeir og ekki bætur fyrir skaða sinn.

Nú hefur skipstjóra, eða öðrum þeim manni á skipinu, sem eftir stöðu sinni gekk í stað skipstjóra, yfirsjest, er meta skyldi, hversu háskanum var háttað eða hversu honum skyldi verjast, og heftir það þá ekki niðurjöfnun sjótjónsins; en ekki getur útgerðarmaður þá heimtað sjer bættan þann skaða, sem hann beið, nema yfirsjónina megi telja afsakanlega, svo sem efni voru til.

Sá, sem missir rjett sinn til bóta af þessum sökum eða varð að greiða sjótjónsframlag sakir yfirsjónar annars manns, getur heimtað bætur af þeim, sem ábyrgð hefur á yfirsjóninni.

197. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt það, sem lagt var í sölurnar, yrði ekki að því gagni, sem ætlað var.

198. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt lagt sje í sölurnar skipið alt eða farmurinn allur, nje heldur það, þótt eftir slysið sje einungis bjargað einhverju af öðru hvoru einu saman, skipi eða farmi.

199. gr.

Þá er eitthvað verður að leggja í sölurnar, er skipstjóra skylt að annast um, að skaðinn verði ekki meiri en vera þarf. Ef varpað er fyrir borð af farmi eða skipsmunum, skal varpa ef unt er fyrst því, sem þyngst er og verðminst, fremur en hinu, sem ljettara er og dýrara.

Ef skipstjóri hefur ófyrirsynju gert skaðann meiri en þörf krafði, skal um það farið eftir fyrirmælum 196. gr.

200. gr.

Skylt er skipstjóra, ef atvik leyfa, að kalla til ráðs við sig þá menn, sem best skyn bera á og reyndastir eru af skipverjum, áður hann aðhafist nokkuð það, sem valda megi niðurjöfnun sjótjóns. Skipstjóri skal rita skýrslu um þetta svo fljótt sem hann má í leiðarbókina, eða dagbókina, eða rita það á annan hátt, ef bækurnar vantar, svo það megi bera fram þegar sjóferðaskýrsla er gefin. Í skýrslunni skulu til greind öll atvik, sem máli geta skift

við mat og niðurjöfnun sjótjónsins, og einkanlega hver nauðsyn bar til að leggja það í sölurnar, sem gert var, og svo nákvæma skrá sem við má koma yfir það, sem í sölurnar var lagt, eða þá skýrt með öðru móti frá viðtæki tjónsins.

201. gr.

Tjón á skipi og skipsbúnaði skulu meta skynbærir menn og til þess skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr. og á þeim stað, þar sem skip er bætt, ef það er gert á ferðinni, en ella á endastað ferðar.

Það skal til tekið um hverja einstaka skemd, hve mikið muni kosta að bæta, og þurfi nýrra muna við í stað hinna spiltu, þá skal hvorttveggja til greina, hve dýrir verði hinir nýju og hvers virði sje hinir spiltu.

Skemd öll af elli, hrörnun og öðru síku skal greind frá þeirri skemd, sem af sjótjóninu stafar, og metin sjer.

202. gr.

Þá er ákveða skal, hve mikið sameiginlegt sjótjón á skipi og skipsbúnaði, hefir orðið, skal matsgerð ráða, ef skemd er eigi bætt, eða matsupphæðin er lægri en aðgerðarkostnaður reyndist; en aðgerðarkostnaður ræður, ef hann reynist lægri en matsupphæðin.

203. gr.

Þá er endurgjalda skal skemdir á járnskipi, skal bæta að fullu skemdir á skrokki skipsins, siglum og siglubúnaði af járni, ef skipið hefur ekki gengið 5 ár á sjó, þá er sjótjónið bar að, og sje talið frá því, er skipið ljet út í hina fyrstu ferð sína. Nú bar slysið að eftir þessi 5 ár, en áður skipið hafði verið í förum í 10 ár, og skal þá dreginn af $^1/_6$ hluti fyrir verðmun á hinu gamla og nýja og $^1/_3$ hluti, ef skipið hefur lengur verið í förum. Skemd á gufuvjel skal bæta að fullu, ef vjelin hefur ekki starfað 3 ár þá er slysið bar að; ef það varð síðar og þó áður vjelin hafði starfað 6 ár, skal dreginn af $^1/_6$ hluti og $^1/_3$ hluti, ef lengur var. Skemdir á siglu og siglubúnaði af trje svo og á reiða þeim, sem uppi er, skulu bættar að fullu, ef skipið hefur ekki verið eitt ár í förum og annar skaði, ef það hefur ekki verið missiri; beri tjónið síðar að, skal draga af $^1/_8$ hluta; þó skal bæta akkeri fullu, og af akkerisfesti skal draga einungis $^1/_6$ hluta.

Ef skipið er trjeskip, skal bæta að fullu skemdir á skrokki þess, ef það hefur ekki gengið 2 ár á sjó, þá er slysið bar að; ef það varð síðar, skal draga af $^1/_8$ hluta fyrir verðmun á gömlu og nýju. Aðrar skemdir skulu bættar svo sem fyr segir um járnskipin.

Af skaðabótafje því, sem svo er ákveðið, skal draga verð þeirra hluta, sem nýju voru bættir, eftir því, sem verð þeirra var gert í matsgerðinni, eða, ef á uppboði er selt, andvirðið að frádregnum kostnaði.

Ef leggja skal á skipið nýja málmhúð, skal svo meta skaðabætur, að draga skal málmvirði hinnar fornu húðar af kostnaði þeim, sem á því verður að leggja á nýja húð úr sama efni og jafnþunga hinni fornu húð, þá er hún var ný, og skal þá bæta afganginn, og sje þó af dreginn $^1/_{60}$ hluti, ef húðin var úr eir eða látúni (yellowmetal) og $^1/_{30}$, ef hún var úr sinki eða öðrum

málmi, fyrir hvern fullan mánuð, og sje talinn þrítugnættur, sem liðinn er frá því, er sú húð var á lögð, er bæta skal annari nýrri. Ef eirhúð eða látúns hefur verið meira en 5 ár í sjó eða húð af öðrum málmi meira en 2 ár og hálft, skal þær engu bæta.

204. gr.

Nú hefur skip farist með öllu við sameiginlegt sjótjón, eða laskast svo mjög, að það er dæmt óbætandi, og skal þá bæta það því verði, sem ætla má, að sannvirði þess væri þá er það fórst, og sje dreginn af verðinu ágóðinn af því, sem kann að hafa orðið bjargað.

205. gr.

Bætur fyrir góss, sem ferst við sameiginlegt sjótjón, skulu metnar eftir gangverði samkyns vöru á ætlunarstað skipsins við komu þess þangað, og komist það, sem eftir er af farmi skipsins ekki á ætlunarstað, skal metið eftir verðinu á þeim stað, þar sem endir var gerður á ferðinni, og skal þó af dregið farmgjald, tollur og annar kostnaður, sem eiganda sparast við það, að varan komst ekki á ætlunarstað hennar.

Verð vörunnar skal ákveðið með lögmætu mati, ef ekki er kostur að fá vitneskju um verð hennar með öðru móti.

Ef varan var seld í neyðarhöfn, má ávalt heimta bætur fyrir hana, að minsta kosti sem því verði nemur, sem hún var seld fyrir.

206. gr.

Ef farmur skemmist við sameiginlegt sjótjón, skulu ákveðnar svo miklar bætur, sem nema verðmun á vörunni óskemdri og skemdri; skal meta verð vörunnar sem óskemd væri, eins og fyrir er mælt í 205. gr., og sami frádráttur gerður sem þar segir; en verð hinnar skemdu vöru fer eftir söluverði hennar, ef hún var seld, áður en sjótjónsreikningi var lokið, ella skal verðið ákveðið með lögmætu mati.

207. gr.

Nú hafa vörur týnst eða spilst við sameiginlegt sjótjón og hafa þegar áður rýrnað að verðmæti við einkasjótjón, spilst af sjálfu sjer eða með öðru móti, eða vörur hafa skemst við sameiginlegt sjótjón og rýrnað síðan enn meira að verði við atburði, sem snertu ekki sjótjónið, og skal þá sú fjárupphæð, er samsvarar rýrnunni, dregin frá skaðabótum. Afdráttarfjeð skal ákveðið með lögmætu mati og skal þá einkanlega miðað við það tjón, sem aðrar vörur samkynja eða svipaðar hafa orðið fyrir við sömu atburði og af sömu sökum, en skemdust ekki við sjótjónið.

208. gr.

Við sameiginlegt sjótjón greiðast engar bætur fyrir vörur, sem ekki fylgir farmskírteini og ekki eru heldur fullnægjandi skýrslur um, að á skip kæmi, hvorki í farmskrá nje gósstökubók eða annarstaðar.

Bæta skal klæðnað og ferðanauðsynjar skipstjóra, skipshafnar og farþega, ef það vitnast, að mist sje við sjótjónið.

209. gr.

Farmgjald af vörum, sem farist hafa við sameiginlegt sjótjón, eða seldar hafa verið í neyðarhöfn, til þess að greiða sjótjónskostnað, skal bæta í sjótjónsreikningi með sömu fjárhæð, sem hefði átt að greiða undir þær, ef þær hefði verið í skipinu til ætlunarstaðar þeirra eða þangað, sem ferðin endar, ef ekki var farið alla leið. Af hinu mista farmgjaldi skal draga þann sjerstaka kostnað, sem kynni að hafa sparast útgerðarmanni við það, að vörunni var varið öðru til bjargar eða hún var seld.

210. gr.

Nú verða skemdir á einhverjum munum við sameiginlegt sjótjón og þeir ónýtast síðan eða skemmast við einkasjótjón, og falla þá niður bótakröfur að öllu eða nokkru fyrir þá muni, ef ætla má með vissu, að tjónið hefði að nokkru eða öllu hlotist af einkasjótjóninu síðar, þótt sameiginlega sjótjónið hefði ekki borið að.

Svo falla og niður eða lækka sjótjónsbætur, þegar ætla má með vissu, að munir þeir, sem fórust við sameiginlegt sjótjón, hefðu ónýtst eða spilst við einkasjótjón síðar, ef þeir hefðu enn þá verið á skipinu.

211. gr.

Nú hljótast skemdir sumpart af sameiginlegu sjótjóni og sumpart af einkasjótjóni og stafar kostnaður af hvorutveggja, og skal þá skifta skemdum og kostnaði milli þeirra eftir sanngjörnu mati.

212. gr.

Skip tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni:

1. eftir því verði, sem skynbærir menn skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr., meta tjónið við komu þess á þann stað, þar sem ferðin er á enda, og
2. eftir því fje, sem í sjótjónsreikningnum er gert í bætur fyrir skemdir á skipi, og þó einungis að því leyti, sem þær skemdir eru þá ekki bættar.

Ef gerðar hafa verið umbætur á skipi eftir það er sameiginlegt sjótjón bar að, eða ef gert hefur verið að skemdum, sem ekki urðu við sjótjónið, þá skal draga af matsverði skipsins svo mikið, sem virðingarverð umbótanna eða viðgerðarinnar nam.

213. gr.

Farmurinn tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni:

1. eftir verðmæti þeirrar vöru, sem á skipinu var þegar sjótjónið bar að og er á skipi við enda ferðar, og skal verðmætið ákveðið eftir fyrirmælum 205. og 206. gr.,
2. eftir því fje, sem gert er í bætur fyrir góss, sem lagt var í sölur eða spiltist við sjótjónið í ferðinni, og
3. eftir því skaðabótafje, sem farmeigandi fær af útgerðarmanni fyrir vörur, sem farist hafa eða skemst í ferðinni, eða seldar voru til skipsþarfa, sbr. 154. gr.

214. gr.

Farmgjaldið tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni:

1. eftir helmingi þess farmgjalds, er greiða bar við ferðarlok

2. eftir helmingi skaðabóta þeirra, sem gerðar eru í sjótjónsreikningnum fyrir mist farmgjald.

Ef ekki er tilskilið neitt ákveðið farmgjald, skal það talið eftir fyrirmælum 155. gr.

215. gr.

Ef farmgjald er greitt fyrir fram, þann veg, að það skuli ekki endurgreiða, þótt ekki verði unnið til neins farmgjalds sökum slysa, þá eru útgerðarmenn ekki skyldir til að taka þátt í sameiginlegu sjótjóni, að því er nemur því fje.

216. gr.

Af því framlöguskyldu fje, sem ákveðið er eftir fyrirmælum 212.—215. gr., skal draga bæði framlög til sameiginlegs sjótjóns, sem síðar kann að hafa orðið í ferðinni, svo og kostnað, sem á kann að hafa fallið við björgun eða verndun hinna framlöguskyldu fjemuna, ef sá kostnaður skal ekki endurgoldinn sem sameiginlegt sjótjón.

217. gr.

Þetta er undanþegið bótaframlögum við sameiginlegt sjótjón:

1. Vistir, kol og aðrar vjelanauðsynjar og hernaðargögn,
2. kaup skipstjóra og skipshafnar, og
3. klæðnaður og ferðanauðsynjar allra manna á skipinu og það, sem þeir bera á sjer.

Nú voru munir þeir einhverjir lagðir í sölurnar við sameiginlegt sjótjón, sem taldir voru til 3. liðar, eða þeir spiltust, og skal þá eigandi taka þátt í niðurjöfnun tjónsins með því fje, sem hann fjekk í bætur fyrir þessa muni í sjótjónsreikningnum.

218. gr.

Fullnaðarmat og niðurjöfnun skaðans, sem varð við sameiginlegt sjótjón, fer fram á þeim stað, þar sem skip og farmur skilja, og eftir því, sem á þeim stað eru lög.

Úrslitareikninga sjótjóns annast hjer á landi 2 menn kvaddir til þess af hlutaðeigandi dómara fyrir rjetti. Dómstólarnir dæma ágreining um rjettmæti sjótjónsreikninga.

219. gr.

Skylt er skipstjóra að annast um alt, er þörf krefur til þess að sjótjónsniðurjöfnunin geti farið fram, og má ekki draga það að nauðsynjalausu.

Hver sá, sem sjótjónið snertir, er skyldur til að sínu leyti að láta í tje allar skýrslur þær og sönnunargögn, sem hinir dómkvöddu niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf.

220. gr.

Nú koma síðar fram fjemunir þeir, er talið var við niðurjöfnunina, að farist hefðu við sameiginlegt sjótjón, eða sá, sem tjóni olli, bætir síðar eitthvað af þeim skaða, sem talin var til sjótjóns, og skal þá gera breyting með aukaniðurjöfnun á allri niðurjöfnun sjótjónsins. En ekki má fresta úrslitagerð sjótjóns af þeim sökum einum, að líkindi gætu verið til að fá aftur fjemuni, sem lagðir voru í sölurnar, eða skaða bættan, sem á varð.

221. gr.

Sjótjónsframlag ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim munum einum, en ekki sem sjálfskuld.

222. gr.

Skip, sem framlöguskylt er til sjótjónsbóta, má ekki fara af þeim stað, þar sem skip og farmur skildu, og góss, sem er í ábyrgð fyrir slíkum framlögum, má ekki fá í hendur eiganda, áður sjótjónsframlög sje greidd eða trygging fengin fyrir framlögunum, ef þau eru þá ekki ákveðin.

223. gr.

Nú verður á skipi eða góssi tjón eða kostnaður, sem stafar af óhappi á ferð, og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, eða skipað er fyrir um með sjerstökum ákvæðum, að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sjótjón (sbr. síðara lið 166. gr.), og skal það þá sem einkasjótjón (partikulært havari) koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms, og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fjemuni, sem kostnaðurinn reis af, og skal þar þá farið svo sem verða má eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður á björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því, sem greitt er af góssinu, sem bjargað varð.

Dómkvaddir menn (sbr. 218. gr.) framkvæma úrslitareikning og niðurjöfnun einkasjótjóns, ef þess krefst einhver sá, sem þar á hlut að máli.

## Níundi kapituli.

### Um tjón af árekstri.

224. gr.

Konungur gefur fyrirskipanir um það, hvers gætt skal á skipi til að forðast árekstur.

225. gr.

Þá er tjón verður á skipi eða farmi, af því að skip rákust á og annað þeirra var eitt saman sök í árekstrinum, þá bætir hið seka skaða þann allan, er af hlautst.

Nú eru bæði skipin sek, og skal þá dómur ákveða, hvort annaðhvort skipið skal greiða skaðabætur og hve miklar, eða hvort skipin skulu hvort sjer hafa skaða sinn óbættan, og skal það metið með hliðsjón á því, hversu þeim yfirsjónum var háttað, sem á urðu fyrir hvorum aðila um sig.

Þá er meta skal sök hvors skips, þá skal dómandi einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

226. gr.

Ef árekstur inn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki, að annarhvor aðila hafi verið sök í honum, fær hvorugt skipið bættan skaða sinn.

227. gr.

Skaðabætur þær, sem greiða skal eftir 225. gr., ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi, ef sá nokkur var valdur að árekstrinum, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr.

228. gr.

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti, sem það má verða, án þess að hafa sitt skip í háska, skipshöfn þess og farþega, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem árekstur inn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, sem björg veitti, að segja hinum til nafns á skipi sínu og til heimkynnis þess, úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

Nú leiðir skipstjóri hjá sjer að nauðsynjalausu að hlýða fyrirmælum þessum, og skal þá telja hann sekan í árekstrinum, nema annað sannist.

## Tíundi kapítuli.

### Um björgunarlaun.

229. gr.

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefur eða er statt í neyð, eða farmi þess, eða nokkru af því skipi eða farmi þess, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um, hve mikil skuli vera björgunarlaunin, og sker þá dómur úr; þó sker stjórnarráðið úr ef andvirði þess, sem bjargað var, er ekki meira en 500 krónur.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

230. gr.

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt einkanlega:

1. Háskans, sem það var í statt, sem borgið var; hvort skipverjar höfðu skilist við skipið; hvort þeir áttu hlut í björguninni, eða hvort stutt var að björguninni í heild sinni með tækjum hins nauðstadda skips;
2. háska þess, sem björgunarmönnum og eigu þeirra var stofnað í, og þess tjóns, sem þeir hafa beðið á heilsu eða fjemunum;
3. hagvirkni þeirrar og atorku, sem unnið var með að björguninni, og tíma og áreynslu, sem til hennar var varið;
4. tölu björgunarmanna og tilkostnaðar og verðmætis björgunartækja þeirra;
5. verðmætis þess, sem borgið var.

231. gr.

Ekki má gera björgunarlaun hærri vanalega en þriðja hluta verðmætis þess, sem borgið var, og sje þó af dreginn tollur og önnur opinber gjöld, svo og kostnaður af geymslu, virðingargerð og sölu. Nú er verðmætið lítið og björgunin var mjög hættuleg eða óvenjulega erfið, og má þá hækka björgunarlaunin.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að færa gössið, sem borgið var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru við björgunina.

232. gr.

Nú hafa skipstjóri, útgerðarmaður eða farmeigandi gert samning um björgunarlaun meðan hættan vofði yfir, og er þó þeim manni heimilt, sem greiða skal björgunarlaunin, að skjóta því til dómsúrskurðar, hve mikil launin skuli vera; gera skal hann það, áður 3 mánuðir sjeu liðnir frá því samningurinn var gerður, og getur dómari fært niður hin tilskildu björgunarlaun, ef þau fara að mun fram úr því, sem hæfilegt sýnist. Nú var samningurinn á þá leið, að leggja skyldi bjarglaunin í gerð eða útkljá um þau á annan líkan hátt, og bindur sá samningur ekki þá menn, sem greiða skulu launin, ef þeir segja honum sundur áður mánuður sje liðinn frá því er hann var gerr.

233. gr.

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og þar gætt atvika þeirra, sem 230. gr. tilgreinir; þó sker stjórnarráðið úr að fenginni yfirlýsingu lögreglustjóra ef upphæð þess, sem bjargaðist, fer ekki fram úr 500 krónum, og sömuleiðis ef meiri hluti bjargenda hefur samið svo um.

Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð, og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, ef gufuskip bjargaði, en helming, ef það var seglskip, en afganginum skal skift til helminga milli skipstjóra og skipshafnar, og skal skifta milli hennar að rjettri tiltölu við kaup manna á skipinu. Nú var tilskilið, að skipstjóri eða skipshöfn skyldu hafa minni hlut í launanum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ógildur, nema skipið sje einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert tiltekið björgunarstarf.

234. gr.

Rjett er, að björgunarmenn mótmæli því, að skip, sem bjargað var, eða góss sje fært á burt þaðan, áður þeim sje greidd að fullu björgunarlaunin eða trygging er til fengin fyrir greiðslu þeirra.

## Ellefti kapituli.

### Um sjóveðrjett og fyrning á sjókröfum.

235. gr.

Þær kröfur, sem kröfuhafi á sjóveðrjett fyrir eftir þessum kapítula (sjókröfur), eiga forgangsrjett að veðinu næst eftir opinber gjöld, sem á veðinu hvíla, en ganga fyrir öllum skuldum öðrum.

236. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrjett í skipi og farmgjaldi:

1. Hafnsögumannskaup, björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknanar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins.
3. Kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnaður, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.), sjólánskröfur, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vöru, sem seld var í þágu skips á ferð.
4. Kröfur, til orðnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefur gengið í vegna stöðu sinnar, eða til orðnar við vanefndir á samningum, sem útgerðarmaður gerði sjálfur, eða fjekk öðrum umboð til, og skipstjóra skylda var að annast efndir á, sbr. 12. gr., svo og skaðabótakröfur fyrir tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi þeirra manna, sem ráðnir eru til þess að vinna í skipsins þarfir við skyldustörf þeirra, sbr. 13. gr.; og enn kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir það, sem hann hefur greitt sjálfur til lúkningar kostnaði í skipsins þágu, eða ábyrgst greiðslu á.

Sjóveðrjettur í skipi nær og til skipsbúnaðar, og telst ekki til hans vistabirgðir, eldiviður, kol nje aðrar vjelarnauðsynjar; sjóveðrjettur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald fyrir þá ferð, sem krafan stafar af. Sjóveðrjettur fyrir sjólánskröfum nær til skips eða farmgjalds eða hvorstveggja, eftir því sem sjólánsbrjefið til tekur, sbr. 180. gr.

237. gr.

Kröfum þeim, sem taldar eru í 236. gr., skal fullnægja eftir þeirri röð, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar á sömu ferð. Kröfur taldar í sama tölulið, eru jafnrjetthár sín á milli, en þó svo, að stafi kröfurnar í 1. og 3. lið ekki af sama slysinu, gengur yngri krafan fyrir eldri.

Nú stafa kröfurnar af ýmsum ferðum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari ferð stafar, fyrir hverri kröfu af eldri ferðum; þó heldur skipstjóri og skipshöfn forgangsrjetti sínum til skipsins fyrir svo miklu af inneign sinni eftir síðasta ráðningarsamningi, sem nemur í mesta lagi kaupi 12 síðustu mánaða, þótt skipið hafi farið fleiri en eina ferð á þeim tíma.

238. gr.

Nú ferst skip eða laskast, eða farmgjaldsmissir verður að nokkru eða öllu og með þeim atvikum, að útgerðarmaður á bótakröfu að þeim, er skaða olli, eða hann á þær eftir ákvæðum um sameiginlegt sjótjón, og á þá sá kröfueigandi, sem sjóveðrjett á í skipi eða farmgjaldi, einnig sama rjett í skaðabótafjenu. En ekki skulu þær bætur, sem ábyrgðarsali skal greiða fyrir skip eða farmgjald, koma í stað hins vátrygða veðs.

239. gr.

Þá er skip er selt á nauðungaruppboði, fellur niður sjóveðrjettur í því skipi, en veðhafi á þá í stað þess veðrjett í kaupverði skipsins, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Svo skal og vera, ef skip er selt eftir að það var dæmt á lögmætan hátt óbætandi. Nú verða önnur og sjálfráð eigandaskifti að skipinu, og eiga þá kröfur þær, sem nefndar eru í 236. gr., eftir sem áður veðrjett í því skipi.

240. gr.

Nú fellur sjóveðrjettur niður við það, að bótafje, söluverð eða farmgjald, sem sjókrafa er trygð með, er greitt af hendi til útgerðarmanns, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fje hrekkur, sem hann tók við, ef hann var þar ekki í sjálfskuld áður. Á sama hátt ábyrgist hann gagnvart þeim, sem sjóveðrjett eiga í farmgjaldi, venjulegt farmgjald af góssi, sem hann hefur sjálfur látið í skip.

Nú er þetta fje, sem nefnt var, greitt þrotabúi útgerðarmanns, og skal því þá varið til að fullnægja þeim kröfueigendum, sem sjóveðrjett áttu í fjenu.

241. gr.

Nú verður skip við frjálst afsal eign manns, sem ekki getur átt íslenskt skip, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim sjóveðrjettarkröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfskuldarmaður, þótt hann ábyrgðist þær áður að eins með skipi og farmgjaldi. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum þá er það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins.

242. gr.

Nú hefur útgerðarmaður greitt út til fullnægingar sjóveðrjettarkröfu alt það, er hann var skyldur til eftir 240. og 241. gr., og það kemur síðar fram, að önnur krafa átti þar forgangsrjett, og er þá útgerðarmaður ekki skyldur til meiri greiðslu, ef hann vissi ekki af þessari kröfu þá er hann greiddi hitt. Þó ná þessi ákvæði ekki til þeirrar greiðslu, sem útgerðarmaður innir af hendi til fullnægingar kröfum, sem hann ábyrgðist sem sjálfskuld.

Nú hefur kröfueigandi fengið með þessum hætti fje, sem öðrum bar að rjettu, og ábyrgist hann þá þeim manni kröfu hans, en þó ekki lengra en það fje hrökkur, sem hann tók við, og því að eins, að hann vissi af þeirri kröfu þá er hann tók við fjenu.

243. gr.

Þó eigandi leigi öðrum manni skip til siglinga á hans kostnað, breytir það í engu þeim rjetti, sem sjóveðhafi á eftir þessum kapítula til aðgangs að skipinu.

244. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrjett í farmi:

1. Björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur um framlög farms til sameiginlegs sjótjóns, eða til kostnaðar, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.); sjólán, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vörur, sem seldar voru í þágu annara farmeiganda.
3. Kröfur, sem stafa af skuldbindingum, sem skipstjóri hefur gengið í fyrir hönd farmeiganda vegna stöðu sinnar, svo og kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir fje, sem hann hefur sjálfur greitt eða tekið ábyrgð á til lúkningar kostnaði á farmi.
4. Kröfur fyrir farmgjald, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og þær tafir, sem meiri verða við ferming og afferming.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær nú voru taldar. Kröfur í sama lið eru jafnrjettháar, og þó því að eins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama slysi; ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

245. gr.

Sjóveðrjettur í farmi fellur niður þá er varan er seld í hendur sendanda eða viðtakanda. Svo er og ef varan er seld á nauðungaruppboði eða skipstjóri seldi hana á ferð í þarfir skips eða farms, en í stað þess á kröfueigandi veðrjett í söluverðinu, meðan það er ekki látið af hendi.

246. gr.

Um rjett sjóveðhafa til að leita sjer fullnægingar í skaðabótafje því, sem ógoldið er fyrir skemdir eða tjón á farmi, svo og skaðabótafje, sem farminum ber eftir ákvæðunum um sameiginlegt sjótjón, gilda samskonar fyrirmæli, sem talin eru í 238. gr. um sjóveð í skipi. Bótafje, sem ábyrgðarsali skal greiða, skal ekki heldur koma hjer í stað veðsins.

247. gr.

Nú hefur farmeigandi veitt viðtöku nokkrum hluta sölufjár eða bótafjár, sem sjóveðhafi á rjett til að leita sjer fullnægingar í eftir 245. og 246. gr., og ábyrgist þá farmeigandi honum sjóveðrjettarkröfu hans sem sjálfskuldarmaður, eftir sömu fyrirmælum, sem mælt er um útgerðarmann í 240. og 242. gr.

Ákvæðin í 2. lið 240. gr. koma og til greina á sama hátt, ef fjeð var greitt þrotabúi farmeiganda.

248. gr.

Nú lætur skipstjóri selja af hendi án samþykkis kröfueiganda vöru, sem sjókrafa á veðrjett í, og ábyrgist þá skipstjóri fullnæging á kröfunni, svo og viðtakandi, ef hann vissi af veðrjettinum, þá er varan var látin af hendi

við hann. Nú sannast það, að farmurinn var ónógur til fullnægingar kröfunni, þá er hann var látinn af hendi, og nær þá ábyrgðin ekki lengra en verðmæti farmsins hrökkur til.

249. gr.

Ef eigandi sjókröfu hefir fleiri veð en eitt fyrir kröfu sinni, á hann heimilt að ganga að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfu sinni.

Nú hefur hann leitað sjer í einu veðinu lúkningar á meira fje, en koma mundi á það veð að rjettri tiltölu, og getur þá sá eigandi, sem skaða bíður, svo og sá sjóveðhafi, sem veð sitt fjekk svo rýrt, að ekki hrökkur til lúkningar, gengið að hinum öðrum veðum með sömu heimild, sem sá kröfueigandi átti, er leitaði sjer lúkningar í veði því, sem getið var, og gengið að veðinu til lúkningar jafnmiklu fje, sem hitt var, er greitt var um of af eign hans eða veði.

Nú er sami eigandi að öllum hinum veðbundnu hlutum og einhver kröfueigandi á sjerstakan sjóveðrjett í einum þeirra, og annar maður hefur leitað sjer lúkningar í því veði, og er þá þeim manni, sem sjerstaka veðrjettinn á, heimilt að ganga að hinum öðrum veðum til lúkningar öllum þeim hluta skuldarinnar, sem hann fjekk ekki greiddan af veði sínu, sakir þess að það var skert; en ef það var ekki skert meira en koma skyldi á veð hans að rjettri tiltölu, þá skal hann þoka fyrir öðrum mönnum, sem trygging kunna að eiga í þeim fjemunum.

250. gr.

Sjálfráður er kröfueigandi að höfða mál hvort er hann vill á hönd útgerðarmanni eða skipstjóra til fullnægingar á sjókröfu, sem veð er fyrir í skipi eða farmgjaldi. Ef kröfueigandi, annar en útgerðarmaður eða skipstjóri, á sjóveðrjett í góssi, þá má lögsækja skipstjóra.

251. gr.

Nú eru kröfur, sem eiganda er heimilt eftir þessum lögum að leita sjer fullnægingar á í þeim munum einum, sem hann á sjóveðrjett í, og fyrnast þá þær kröfur hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðara lið 166. gr. og 2. lið 223. gr.), fyrnast áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagerðar sjótjónsins.

Kröfur til skaðabóta á glötuðum eða skemdum farmi fyrnast áður ár sje liðið frá því, er affermt var.

Kröfur til allra annara skaðabóta fyrnast áður tvö ár sje liðin frá því, er tjónið bar að.

Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur fyrnast áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfueigandi auk þess rjett á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir einhverjum af þessum kröfum, sem nefndar voru, og taka þá hin almennu fyrningarákvæði laga til þessa rjettar hans.

252. gr.

Sjóveðrjettur sá, sem 2. tölul. 236. gr. heimilar skipstjóra og skipshöfn, fellur niður, ef honum er ekki fylgt með lögsókn áður eitt ár sje liðið frá þeim degi, er starfstíma þeirra lauk. Nú á skuldheimtumaður annars eftir lögum þessum sjóveðrjett í skipi, farmgjaldi eða farmi til tryggingar einhverri þeirri kröfu, sem skuldunautur ábyrgist sem sjálfskuld, og fellur þá sjóveðrjettur hans niður eftir tímatakmörkum þeim, sem 251. gr. til tekur.

## Tólfti kapituli.

### Um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl.

253. gr.

Ef skipstjóri ræður til sín nokkurn þann mann, sem honum er kunnugt um, að annar maður hefur áður ráðið á annað skip, sætir hann alt að 200 kr. sektum.

254. gr.

Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eitt eintak af lögum þessum og af reglugerðum þeim og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann alt að 100 kr. sektum.

Sömu sektum varðar það, ef skipstjóri vanrækir þær skyldur, sem 76. gr. leggur á hann.

255. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr., sbr. 84. og 85. gr., um skráning í leiðarbók, eða dagbók, geymslu þeirra og sýningu, varðar það 10 til 500 kr. sektum.

Nú hefur skipstjóri, stýrimaður eða vjelarstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, dregið hana undan eða gert ólæsilega, og varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, nema þyngri refsing liggi við. Sama gildir um dagbók.

256. gr.

Nú er svo ástatt, sem ræðir um í 45. gr., og vanrækir skipstjóri að gefa skýrslur þær, sem þar er boðið, og varðar það þá 10 til 500 kr. sektum.

257. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 2. lið 52. gr. eða í 106. gr., eða refsar skipverja án lögmætra saka, eða svo, að hann hefur ekki þá aðferð, sem boðin er í 108. gr., eða leggur á harðari refsing en 107. gr. heimilar, þá varðar það sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að almennum lögum.

Dragi skipstjóri lögboðið fæði af skipverjum, eða beiti við þá óþarfa hörku, skal hann sæta 10 til 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

258. gr.

Nú fremur skipstjóri launflutninga eða annað athæfi ólöglegt og skaðar með því útgerðarmann, farmeigendur, ábyrgðarsala eða aðra, sem þessi lög skylda skipstjóra til að annast hagsmuni þeirra, og varðar það þá sektum eða fangelsi, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Ef skipstjóri flytur án leyfis útgerðarmanns vöru, sem stofnar skipi eða farmi í háska eða áhættu, varðar það og 25 til 500 kr. sektum eða fangelsi.

259. gr.

Ef skipstjóri skilur við skipið og hefur ekki sagt upp stöðu sinni í tæka tíð eða á rjettan hátt, þá sætir hann fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru. Ef hann skilur við skipið í sjávarháska og gætir ekki fyrirmæla 48. gr., eða ef svo er ástatt, að skipið komist við það í augljósa hættu, getur refsingin orðið betrunarhússvinna.

260. gr.

Nú leggur skipstjóri út skipi án þess sjerstök atvik knýi hann til og stofnar með því öllum, sem á eru í bersýnilegan lífsháska, sakir þess, hve skipið er gallað að skrokki, vjel eða útbúnaði, eða er svo ofhlaðið eða óhæfilega, eða svo illa skipað, að hann hlaut að sjá þetta fyrir, og sætir þá skipstjóri fangelsi eða sektum, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Vanræki skipstjóri að öðru þær skyldur, sem hann skal gegna eftir 31. gr., skal refsa honum með 10 til 500 kr. sektum.

Refsingum þeim, sem til eru teknar hjer á undan, skal einnig beitt við útgerðarmenn og aðra, sem ráða fyrir burtför skips fyrir þeirra hönd, þegar þeir einir eða með öðrum mönnum hafa ábyrgð á slíkum glæpum eða yfirsjónum.

Nú vanrækir farmsendari skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglum þeim og fyrirskipunum, sem settar eru með tilskipun samkvæmt 31. gr. um ferming o. s. frv. á sprengiefnum, eldfimum og etandi hlutum, og skal honum þá refsað með þeirri hegning, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, ef hann hlaut að sjá það fyrir, að hann með atferli sínu stofnaði þeim, sem á skipi eru á ferðinni, í bersýnilegan lífsháska. Vanræki sendandi að öðru leyti þær skyldur, sem á honum hvíla samkvæmt greindum ákvæðum, skal refsa honum með þeirri hegningu, er ákveðin er í 2. lið greinarinnar.

261. gr.

Ef skipstjóri hefur orðið valdur að tjóni á sjó með ónytjungshætti, ofdrykkju eða öðru hirðuleysi um skyldur sínar, skal hann sæta fangelsi eða sektum, nema atferli hans sje svo háttað, að þyngri refsing liggi við.

262. gr.

Vanræki skipstjóri það, sem 228. gr. skyldar hann til að gera, ef skip rekast á, varðar það fangelsi eða sektum ekki minni en 100 kr.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 224. gr. um það, hvers gætt skal á skipi, til þess að forðast árekstur, varða 5 til 200 kr. sektum.

263. gr.

Ef skipstjóri færist undan að taka við farmönnum á skip sitt, þá er svo er ástatt sem 39. gr. ræðir um, og hefur ekki lögmæta afsökun, sætir hann 15 til 500 kr. sektum.

264. gr.

Nú hefur skipstjóri orðið sekur eftir síðari lið 255. gr. eða eftir 257. gr. og eru miklar sakir til, eða eftir 2. málsgr. 259. gr. eða 1. lið 260. gr. eða 261. gr., og má þá auk refsingar dæma hann óhæfan til skipstjórnar. Ekki frestar áfrýjun til æðri dóms framkvæmd dómsins að þessu leyti; en ef sök skipstjóra ber undir 261. gr. og málið er tekið upp aftur, þá getur nýr dómur ónýtt hinn eldra dóm, og liði þó ekki skemri tími en ár milli dómanna og færi hann fram sönnur, sem mæla með því, að trúa megi honum fyrir heimild til að ráða fyrir skipi.

265. gr.

Ef maður kemur ekki í skiprúm sitt á til teknum tíma, sætir hann 5 til 200 kr. sekt. Sömu sekt varðar það, ef maður ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, sem hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi.

266. gr.

Ef maður strýkur úr skiprúmi, varðar það 14 daga til 3 mánaða einföldu fangelsi. Ef skipverjar strjúka saman fleiri eða höfðu samtök um að strjúka, skal lengja fangelsisvistina eftir atvikum, eða þeir látnir sæta fangelsi við vatn og brauð.

Nú strýkur skipshöfn eða meiri hluti hennar, eða högum var svo háttað þá er menn struku, að strokumenn hlutu að sjá það fyrir, að skipið kæmist við það í háska, og getur það þá varðað fangelsi við vatn og brauð alt að því, sem það verður mest, eða betrunarhúsvinnu alt að einu ári.

Ef strokumaður hverfur aftur til skips að sjálfs síns vild áður skipið lætur út frá þeim stað, sem hann strauk frá, má færa sekt hans niður, svo að hún verði frá 10 til 400 kr., og sje málsbætur að öðru leyti.

267. gr.

Nú strýkur maður með kaup sitt, sem hann hefur enn eigi unnið fyrir, og skal honum þá hegnt sem fyrir svik, hvort sem hann hafði tekið við skipsstörfum sínum eða ekki, nema málavextir geri það sennilegt, að það væri ekki ásetningur hans að draga undir sig kaup það, sem honum var greitt en hann var ekki búinn að vinna fyrir.

268. gr.

Nú er maður fjarstaddur er skip lætur úr höfn eða er burtu lengur en sólarhring, eða sólarhring lengur en honum var lofað, og er hann þá strokumaður, nema ætla megi af atvikum, að það væri ekki tilgangur hans að skjótast undan skipsstörfum sínum.

269. gr.

Nú fer maður frá skipi, og er skipið í háska statt, og gætir hann ekki fyrirmæla 2. liðs 83. gr. eða þess, sem góður sjómaður er skyldur til að gæta, og varðar það þá sektum eða einföldu fangelsi.

270. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi eftir 92. gr. og það reynist við skoðunargerðina, að engin sennileg rök voru til að telja skipið ósjófært, og varðar það alt að 100 kr. sektum eða fangelsi.

271. gr.

Nú rís farmaður upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, og beitir þó ekki ofbeldi eða ógnar með því, og sætir hann þá 10 til 500 kr. sektum eða einföldu fangelsi, eða fangelsi við vatn og brauð, ef miklar sakir eru.

Nú var skipið í höfn eða við festar í tryggu lægi, og skoraðist farmaður þá undan hlýðni við skipstjóra eða þann mann, sem var í hans stað, og það reynist, að orsökin til óhlýðni farmanns var sú, að skipstjóri eða staðgöngumaður hans vildu meina honum að fara frá skipi til að kæra við rjett yfirvald atferli skipstjóra eða ásigkomulag skipsins, og geta þá sektir fallið niður, ef málsbætur voru að öðru leyti.

272. gr.

Ef nokkur skipverji ræðst á skipstjóra á skipi eða í landi með ofbeldi eða ógnunum um ofbeldi, varðar það fangelsi, nema atferli skipverja væri svo háttað, að meiri refsing lægi við, eða sektum, ef málsbætur eru, einkanlega ef skipstjóri var sjálfur sök í árásinni með óhæfilegu atferli sínu.

Nú verður skipstjóri eða annar yfirmaður fyrir slíkum árásum, þá er þeir eru að skyldustörfum sínum, eða á að þröngva þeim til að vinna eitthvert start, er að köllun þeirra lýtur, eða tálma þeim frá að vinna það, eða var ráðist á þá, sakir þess, sem þeir gerðu eða ljetu ógert, og skal það þá varða hegningarvinnu alt að þremur árum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir atvikum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki skemra en 2 mánaða einföldu fangelsi.

273. gr.

Nú gerir skipshöfn eða nokkur hluti hennar samblástur til að ná skipstjórninni á vald sitt, eða það er gert til þess að þröngva skipstjóra eða þeim manni, sem stjórn hefur í hans stað, til þess að hafast eitthvað að sjerstaklega eða láta það ógert, eða samblástur var vakinn í þeim tilgangi, að menn heftu í sameiningu með ofbeldi einhverja þá ráðstöfun, sem skipstjóri hafði gert um skylduverk sín, eða sá maður, sem hefur stjórn í stað skipstjóra, og samblástursmenn hverfa ótilkvaddir aftur til hlýðni og reglu, eða af því skorað var á þá, og hvorki hefur verið unnið ofbeldisverk á mönnum nje munum, og varðar það þá forgöngumenn eða foringja samblástursins fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, og skal þá ekki refsað öðrum mönnum.

Nú hverfa uppreistarmenn ekki þann veg aftur til hlýðni og góðrar háttsemi, heldur þrjóskast þeir við skipunum skipstjóra, eða þess manns, sem

stjórn hefur í hans stað, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar samblásturs, ef ekkert ofbeldi var framið, sæta fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, og aðrir samsærismenn fangelsi. Ef samsærið varð þá, er svo stóð á, sem ráð er fyrir gert í 2. lið 271. gr., getur refsingin orðið vægari, og þó ekki minni fyrir forgangsmennina en fangelsi.

Nú var ofbeldi framið á mönnum eða munum, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar sæta hegningarvinnu alt að 6 árum, ef verknaðinum var ekki svo farið, að þyngri refsing varði, en aðrir samsærismenn sæti fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum.

274. gr.

Verði farmaður valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, sætir hann sömu refsingu sem skipstjóra var gerð í 261. gr. Verði stýrimanni það eða vjelarstjóra, þá má, með sömu afleiðingum og fyrir er mælt í 264. gr., úrskurða þá með dómi óhæfa til starfa síns og óheimila þeim þann starfa.

275. gr.

Ef einhver skipverja hefur góss með sjer án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af því góssi, varðar það 10 til 200 kr. sektum eða fangelsi.

276. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðru móti en áður er sagt, eða raskað góðri háttsemi og reglu, og varðar hann það þá 5 til 200 kr. sektum.

277. gr.

Nú hefur farmaður orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 107. gr. og verður mál höfðað um það á hendur honum, og skulu dómendur þá kveða á um sekt hans með rjettmætri hliðsjón á hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

278. gr.

Ákvæði 253.—264. gr. taka og til þess manns, sem gegnir starfi skipstjóra í forföllum hans.

279. gr.

Yfirsjónir þær, sem um er rætt í 253. gr., í fyrri lið 257. gr., í 258. gr., í fyrri málsgrein 259. gr., í 265., 266., 269., 270., 271., 275. og 276. gr., skulu ekki sæta opinberri málshöfðun, nema sá krefjist, sem misboðið var, skipstjóri eða útgerðarmaður. Mál, sem ekki varða meira en sektum, svo og mál, sem koma undir fyrri málsgrein 259. gr., 266. og 270. gr., skal fara með sem opinber lögreglumál; en komi til þess, að dæmd geti orðið á hendur manni betrunarhúsvinna eftir 266. gr. eða fangelsi við vatn og brauð, þá skal skipa talsmann sakborningi, ef hann æskir þess þá er hann er spurður.

280. gr.

Sektir, sem dæmdar eru á hendur mönnum eftir þessum kapítula, renna í landssjóð og ef sektir eru ekki greiddar, sæti menn fangelsisvist eftir almennum fyrirmælum um afplánun sekta í öðrum málum en sakamálum.

Þar sem fyrirskipuð er fangelsisrefsing í þessum kapítula, skal farið eftir ákvæði 26. gr. hinna almennu hegningarlaga.

## Þrettándi kapituli.

### Um hvenær lög þessi öðlast gildi og um afnám eldri lagaákvæða.

281. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirfarandi lagaákvæði:
10. og 25. kap. farmannalaga Jónsbókar,
26. gr. rjettarbótar 1314,
5. kap. 4. bókar dönsku laga Kristjáns 5.,
tilsk. 28. des. 1792 um kröfur farmanna í þrotabúum,
tilsk. 19. des. 1794 um respondentiabrjef,
tilsk. 3. febr. 1836 I um skyldu skipstjóra til að flytja menn á alþjóðakostnað,
lög nr. 2, 14. jan. 1876 um skipströnd, 7. og 8. gr, nema síðasti partur 8. gr.,
lög nr. 25, 9. des. 1889 um varúðarreglur til að forðast ásiglingar,
farmannalög nr. 13, 22. mars 1890,
lög nr. 31, 13. des. 1895 um skrásetning skipa, 1. gr.,
lög nr. 13, 9. sept. 1899 um dag- og næturbendingar, 2. gr.,
fátækralög 10. nóv. 1905, 23.—26. gr.,
lög nr. 20, 16. nóv. 1907 um veð í skipum,
og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

282. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Ed. **658. Viðaukalög**

**við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.**

(Samþykt í Ed. 1. september).

1. gr.

Nú vill hreppur eða sýsla tryggja sjer kornforða á þann hátt, að semja við kaupfjelag eða kaupmann um að hafa fyrirliggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. janúar til maímánaðarloka, til ráðstöfunar fyrir sveitarstjórn eða sýslunefnd, þá skal gera samþykt þar um fyrir hreppinn eða sýsluna á þann hátt,

sem fyrir er mælt í lögum um kornforðabúr til skepnufóðurs. Í samþykt má ákveða meðal annars um kostnað við geymslu forðans og ábyrgð og hversu kostnaður sá greiðist.

2. gr.

Nú er kornið látið ónotað að því sinni, eða einhver hluti þess, og kemur til kasta sýslunefndar eða hreppsnefndar að greiða umsamdan kostnað af þessum hluta kornsins, og fæst þá helmingur hans endurgreiddur af landssjóði, þó eigi yfir 80 aura fyrir 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans.

3. gr.

Samning þann, sem hjer ræðir um, svo og reikningsskil fyrir notkun forðans og kostnaðinum, skal senda stjórnarráðinu, svo að glöggleg verði sjeð, hvað landssjóði ber að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **659. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. jan. 1884.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er leiguliði vill gera jarðabót, sem eigi er áskilin í byggingarbrjefi, en vill ekki hlíta ákvæðum 20. gr. ábúðarlaganna frá 12. jan. 1884 um endurgjald fyrir jarðabótina, þá skal hann tilkynna það landsdrotni, og gera honum kost á að líta eftir því, að jarðabótin sje vel innin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta til dagsverka eftir gildandi reglum um það efni, jarðabætur þær, sem fráfarandi hefir gert á jörðinni samkvæmt þessari grein, og til fullra nytja hafa komið. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. og 50 aur. fyrir hvert dagsverk. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðabótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 11 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðabótin var unnin.

2. gr.

Þá er leiguliðaskifti verða á jörð eftir það, er lög þessi öðlast gildi, skal sá maður, er þá fær jörðina bygða, eiga heimilt að kjósa, áður en byggingarbrjef er gert, hvort hann vill taka við kúgildum þeim, er fylgt hafa jörðinni, með ábyrgð þeirri og leigumála, er áður var, eða hann vill vera laus við þau.

Nú kýs hann að vera laus við kúgildi, eða eitthvað af þeim, og tekur þá landsdrottinn við þeim, er hann kýs að losna við, og fer með sem honum sýnist.

3. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi þau lagaákvæði, sem koma í bága við þau.

Ed. **660. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912 (á þingskj. 632).

Þótt breytingar neðri deildar á frumvarpinu sjeu ekki til bóta, sumar jafnvel spilli því, ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 1. september 1913.

Guðjón Guðlaugsson, formaður.
Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum.

Jón Jónatansson.

Ed. **661. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um hagstofu Íslands (þskj. 631).

Háttvirt neðri deild hefir samþykt frumvarpið með tveim lítilsháttar breytingum. Í 2. gr. 6. lið er bætt við gjafasjóðum og styrktarsjóðum. Í 5. gr. er hagstofustjóra ætlaður einn fastur aðstoðarmaður með 2500 kr. launum.

Nefndin vill fallast á þessar breytingar, og leggur til að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. sept. 1913.

Sigurður Stefánsson, formaður.
Guðmundur Björnsson, skrifari og framsögumaður.

Steingrímur Jónsson.

Nd. **662. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði.

Frumvarp þetta er komið aftur frá háttv. efri deild, með þeim viðauka frá því, er það var afgreitt hjeðan úr deildinni, að heimild er gefin til þess, að fyrirbyggja herpinótaveiði á Skagafirði »innan beinnar línu milli syðri enda Þórðarhöfða og Ingveldarstaðabæjar á Reykjaströnd«.

Ennfremur er ákveðinn staður á Upsaströnd — Rípill — vestan Eyjafjarðar, er takmarkalínan stefnir frá, um ytri enda Hríseyjar, til lands að austanverðu fjarðarins; er línan með því, aðeins nánar ákveðin en áður, þar sem nú eru tveir staðir — bæði á vesturlandi og í Hrísey — tilnefndir, og loks er orðið »herpinót« notað í stað »hringnót«, er mun aðallega stafa af því, að annað frumvarp hefir verið til meðferðar í þinginu, er nefndi veiðarfærið því nafni. Þessar tvær síðast töldu breytingar verða því að teljast til bóta á frumvarpinu.

Hvað þá aðalbreytingu snertir, að heimila herpinótasamþykt á Skagafirði, þá var tillaga um það feld hjer í deildinni við aðra umræðu málsins, en í því var hún frábrugðin þeirri, sem hjer er gerð, að takmarkalína fyrir samþyktina, var allmiklu norðar á firðinum, einkum að vestanverðu, og er það því síður varhugavert, að veita þessa heimild, sem það er tiltölulega lítið landhelgissvæði innst á firðinum, er slík samþykt þá gildir fyrir, og auk þess, að því er oss er frekast kunnugt, mjög lítið um herpinótaveiði á þessum insta hluta Skagafjarðar.

Um málið alment skal það tekið fram, að það er flutt inn á þingið eftir eindregnum óskum þeirra, sem útveg stunda á þessum svæðum, sökum þess, að það er álit þeirra, að þessi veiðiaðferð stórspilli bæði síld og þorskveiði hjeraðsbúa, og að sá óhagur hafi langtum víðtækari áhrif til þess að eyðileggja atvinnuveg og efnalegar ástæður almennings, en sá stundarhagur einstakra manna, er herpinótaveiðina reka, fremur í gróðaskyni, en sjer og fjölskyldu sinni til daglegrar framfærslu.

Hjer er því um það að ræða, hvort fremur á að hlynna að aðal-atvinnu- og bjargræðisvegi mikils fjölda almennings eður láta það líðast athuga- og aðgerðalaust, að um leið og tiltölulega fáir efnamenn safna fje á þennan hátt, þá megi þó færa miklar líkur fyrir því, að það sje að nokkru á kostnað fjöldans, sem að miklu leyti verður að byggja á innfjarðaveiðinni.

Með þessu frumvarpi er því hafin viðleitni til þess, að fá sem ábyggilegasta reynslu um það, hvort skoðanir almennings á þessari veiðiaðferð, ekki hafa við góð og gild rök að styðjast. Verði hinsvegar engin breyting á með netasíldveiðar og annan fiskafla, á þessum 5 ára tíma; leikur enginn vafi á, að samþykt verður ekki endurnýjuð á þessum tveim fjörðum, og er þá ekki á neinn hátt miklu spilt.

Alþingi, 1. september 1913.

G. Eggerz.
Með fyrirvara.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
skrifari og framsögum.

Tryggvi Bjarnason.

Matth. Ólafsson.
Með fyrirvara.

Kristinn Daníelsson.
Með fyrirvara.

Ed.

## 663. Nefndarálit

í málinu frv. til laga um hvalveiðamenn.

Norðmenn eru í þann veginn að hætta hvalveiðum hjer við land. Fyrir nokkrum árum voru 8 hvalveiðastöðvar hjer á landi, nú eru að eins 3. Meðan Norðmenn voru að eyða hjer hvölunum, græddu þeir stórfje á veiðunum, en nú er svo komið, að þeir fáu hvalveiðamenn, sem eftir eru, þykjast tapa stórfje árlega, og kveðast vera á förum. Svo mikil þurð er orðin á hvalnum umhverfis landið.

Frá þessu sjónarmiði virðist því ekki brýn nauðsyn til þeirrar lagasetningar, sem frumv. þetta fer fram á.

En hjer er á fleira að líta.

Flestir munu telja það illa farið, ef hvalnum er algerlega eytt í hafinu umhverfis Ísland. Auk prýðinnar í dýraríki landsins, sem er að þessum tignarlegu skepnum, hefir fram til síðustu ára verið mikil arðsvon af þeim í þeim árum, er landsmenn hafa hvað mest þarfnast, og er hjer átt við hvalrekana, sem í harðindum hafa oft bjargað heilum hjeruðum frá hungurdauða. Þessi bjargræðisvon er alveg úti, ef hvölunum er gereytt eða þeir algerlega flæmdir burtu.

Sú skoðun hefir og allajafna verið uppi hjer á landi, að hvalgöngur að landinu hefði þýðingu fyrir síldargöngu að landinu, einkum inn á firði og víkur, og væru þannig að gagni fyrir síldveiðar á fjörðum, en þær síldargöngur eru til hinna mestu nytja fyrir fiskiveiðar lundsmanna, þar sem síldveiði á fjörðum er eitt af aðalskilyrðunum fyrir þorskbeitufeng landsmanna.

Nefndin fullyrðir að vísu ekkert um það, á hve miklum rökum þessi skoðun er bygð, en þó má í þessu efni benda á að mesta hvalveiðaþjóð heimsins, Norðmenn, hefir fyrir tæpum 10 árum bannað allar hvalveiðar við Noreg, sökum þess, að þær væru þar í landi heldur skaðlegar fyrir síld- og fiskiveiðar landsins, og í ár er bann þetta endurnýjað í næstu 10 ár. Og þó græddu Norðmenn margar miljónir króna á hvalveiðunum. Fáar þjóðir munu kunnugri öllu, er að síldar- og fiskiveiðum lýtur en Norðmenn, og því er óneitanlega nokkuð tillit takandi til skoðana þeirra á þessu máli.

Það er ekki eingöngu hvaladrápið út af fyrir sig, sem veldur því, að hvalurinn hlýtur að hverfa úr hafinu umhverfis landið, heldur veldur það og afar miklu um fækkun hvalanna, að þeir sem undan skotunum komast styggjast burtu, er þeir hafa hvergi friðland hjer við land.

Væri nú þessar veiðar algerlega bannaðar, má vel gera ráð fyrir, að hvölunum fjölgaði aftur með tíð og tíma og gæti þá veiði þeirra orðið einn liður í atvinnuvegum landsmanna sjálfra. Auðvitað mundi þeim eins fjölga ef veiðin legðist sjálfkrafa niður, eins og alt útlit er fyrir, en þá mætti búast við að útlendingar söfnuðust aftur hingað til þessara veiða, svo að aftur sækti í sama horfið. Líka er á það að líta, að þótt ekki hjeldi hjer nema eitt fjelag uppi þessum veiðum með fleiri eða færri bátum, þá gæti það enn um nokkurn tíma unnið að því, að eyða hvölunum og flæma þá í burtu.

Nefndin verður því að ætla, að nú sje mjög heppilegur tími til þess, að dæmi Norðmanna, að banna allar hvalveiðar hjer við land eins og frumv. þetta fer fram á.

Því hefir verið haldið fram sem mótbáru gegn frumv. þessu, að hvalveiðamenn þeir, sem hjer verða, er lögin kæmu í gildi, mundu krefjast skaðabóta fyrir

atvinnuspjöll. Um það verður ekkert fullyrt, hvort þeir fengi sjer dæmdar skaðabætur, en á það má benda, að hvalveiðamenn í Noregi munu ekki hafa farið fram á neinar slíkar skaðabætur, enda var það einróma álit lögfræðisdeildar háskólans í Kristjaníu, að þeir hefðu engan rjett til þeirra. Til þess að taka af allan vafa um þetta atriði málsins, bað nefndin sendiræðismann Norðmanna að fá vitneskju um það hjá norsku stjórninni, hvort nokkurra slíkra skaðabóta hefði verið krafist af hinum norsku hvalveiðamönnum eða þeir fengið þær. Svar hefir ekkert komið upp á þessa málaleitun, þótt liðnar sjeu alt að þrem vikum síðan nefndin afhenti ræðismanninum í símskeyti fyrirspurn þessa. Nefndin telur því vonlaust úr þessu, að fá nokkra upplýsingu um þetta ræðismannsleiðina, og leggur því til, að frumvarpið sje samþykt.

Efri deild alþingis, 1. sept. 1913.

| | | |
|---|---|---|
| Einar Jónsson, formaður, með fyrirvara. | Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum. | Sig. Eggerz. |

Ed. **664. Breytingartillaga**

við frv. til laga um hvalveiðamenn.

Frá Einari Jónssyni þm. N.-M.

Við 6. gr. Fyrir orðin: »1. október — — — janúar 1925«
komi: 1. október 1916 og gilda til 1. janúar 1926.

Ed. **665. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskj. 572.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 9. gr. 5.
Orðin »alt að« falli burt.
2. —, 11. — B. 6.
Fyrir »10,000—10,000«
komi: 4,500—4,500.
3. — 12. — 4. b.
Fyrir orðin »á einum ..... viðkomustað«
komi: samtals á tveim hinna fjölmennustu viðkomustaða.
4. — 12. — 6.
Fyrir orðin »hafi ókeypis ..... mönnum«
komi: veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað.

5. — 12. — 9.
Fyrir »28,000—25,000«
komi: 27,000—24,000.

6. — 12. — 10. a.
Fyrir »4,000—4,000«
komi: 4,200—4,200.

7. — 12. — 10. b.
Fyrir »2,000« í miðri málsgreininni
komi: 3,000.

8. — 12. — 10. f.
Fyrir »600«
komi: 900.

9. — 12. — 10. f.
Fyrir »120 kr.« í athugasemdinni
komi: 150 kr.

10. — 12. — 10. g.
Fyrir »200«
komi: 600.

11. — 12. — 10. h.
Á eftir þessum lið komi nýr liður:
i. Handa húsameistara Rögnvaldi Ólafssyni til utanfarar, með því skilyrði, að hann afli sjer þekkingar á geðveikrahúsum og geri glögga áætlun um viðbót við geðveikrahælið á Kleppi 1,200 f. á.

12. — 13. — B. III. 3.
Upphæðin færist á fyrra árið.

13. — 13. — B. III. 8.
Liðurinn falli burt.

14. Við 13. gr. B. III. 9.
Liðurinn falli burt.

15. — 13. — B. III. 10.
Fyrir »29,000—29,000«
komi: 27,500—27,500.

16. — 13. — B. III. 10.
Fyrir orðin »Til Eskifjarðarvegar 6000«
komi: Til vegarins um Völlu í Suður-Múlasýslu 3000.

17. — 13. — B. III. 11.
Liðurinn færist aftar í greinina og verði: B. VIII.
Liðatalan þar á eftir breytist samkvæmt því.

18. — 13. — B. XIV.
Liðurinn falli burt.

19. — 13. — C III.
Athugasemdin orðist þannig:
Styrk þennan er stjórninni einungis heimilt að veita Eimskipafjelagi Íslands, ef það kemst á fót og tekur til starfa 1915 og ef samningar takast við það um strandferðir eigi síðar en 1916.

20. — 13. — C IV, 2.
Fyrir »9000—9000«
komi: 7000—7000.

21. — 13. — C IV, 6.
Fyrir »800—800«
komi: 600—600.

22. — 13. — C IV., 7.
Liðurinn falli burt. Liðatalan breytist eftir því.

23. — 13. — C IV, 9.
Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands 300—300.

24. — 13. — D III, 2 a.
Fyrir »15,160—15,160«
komi: 14,760—14,760.

25. — 13. — D III. 5.
Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:
Símasendlarnir á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði beri símskeyti um allan kaupstaðinn.

26. — 13. — D VII.
Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til kaupa á núverandi símstöðvarhúsi á Akureyri alt að 14,000 f. á.

27. — 14. — A, b, 5.
Aftan við liðinu komi 2 nýir liðir:
6. Álag á Þönglabakkakirkju 1000 f. á.
7. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju frá 1861 400 f. á.

28. — 14. — A, b, 6.
Liðurinn falli burt.

29. Við 14. gr. B I, c, 1.
Fyrir »8,500—8,500«
komi: 7,200—7,200.

30. — 14. — B I, c, 2.
Fyrir »4,000—4,000«
komi: 3,600—3,600.

31. — 14. — B I, c.
Orðið »venjulega« í athugasemdinni aftan við liðinn falli burt.

32. — 14. — B I, e.
Fyrir »2,500—2,500«
komi: 2,000—2,000.

33. Við 14. gr. B. I. e.
Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til að undirbúa efnisskrá yfir íslensk lög að fornu og nýju 500 — 500.

34. — 14. — B. II. a.
Fyrir: »21,000 — 21,000«.
Komi: 21,200 — 21,200.

35. — 14. — B. II. c.
Orðið: »venjulega« í athugasemdinni aftan við liðinn falli burt.

36. — 14 — B. VI. 1. c.
Aftan við liðinn komi: 3. nýir liðir:
d. Til aðgerðar á gamla skólahúsinu og til skúrbyggingar 5150 f. á.
e. Til að setja ofn í leikfimishúsið 300 f. á.
f. Til að reisa peningshús (fjós, hlöðu og haughús) alt að 12.000 f. á.
Liðatalan breytist eftir því.

37. — 14. — B. IX.
Fyrir: »1,000 — 1,000«.
Komi: gegn að minsta kosti 400 kr, framlagi annarstaðar að 1,200 — 1,200.

38. — 14. — B. XI. 1.
Fyrir: »1,500 kr.«.
Komi: 1,675 kr.

39. — 14. — B. XI. 4.
Fyrir: »750 kr.«.
Komi: 900 kr.

40. — sama lið.
Fyrir: »3,000 — 3,000«.
Komi: 3,600 — 3,600.

41. — 14. gr. B. XII. 1. Orðin í athugasemdinni »einkum ... ... nemendafjölda og« falli burt.

42. — sama lið.
Fyrir orðin: »annarstaðar ... ... ... kensluáhöld« í niðurlagi athugasemdarinnar.
Komi: úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði.

43. — 14. gr. B. XII. 2.
Fyrir orðin: »eða annarstaðar frá« í athugasemdinni.
Komi: eða fræðslusjóði.

44. — sama lið.
Orðin í niðurlagi athugasemdarinnar »og að ... ... kensluáhöld« falli burt.

45. — 15. gr. I. c.
Fyrir: »1,000 — 1,000«.
komi: 1,200 — 1,200.

46. — 15. — I. k.
Fyrir: »250 — 250«.
Komi: 400 — 400.

47. — 15. — 17.
Fyrir: »2,000 — »
Komi: 1,000 — 1,000.

48. — 15. — 18.
Fyrir: »2,000 — »
Komi: 1,000 — 1,000,

49. Við 15. gr. 20. Fyrir »2000 ...«
komi: 1000—1000

50. — 15. gr. 21. Fyrir »1600 ...«
komi: 800—800.

51. — 15. gr. 22. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til Einars Jónssonar myndasmiðs 1200—1200.
Liðatalan breytist samkvæmt því.

52. — 15. gr. 30. Orðin »1 og 2... ára styrk« falli burt.

53. — sama lið. Aftan við athugasemdina bætist:
og skili árlega af handritinu fullgerðu, sem svarar 40 prentuðum örkum.

54. — 15. gr. 32. Fyrir »2500—2500«
komi: 2000--2000.

55. — 15. gr. 37. Fyrir »2000—2000«
komi: 1200—1200.

56. — 15. gr. 40. Liðurinn falli burt.

57. — 15. gr. 48. Á eftir þessum lið komi 2 nýir liðir:
49. Til Taflfjelags Reykjavíkur til að senda mann á skákþing Norðurlanda 1914, 400 f. á.
50. Til Samúels Eggertssonar til að gera hlutfallsuppdrátt yfir sögu Íslands, 1000 f. á.

58. — 16. gr. 3. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Til fyrirhleðslu við ána Skálm í Álftaveri til varnar skemdum á engi nokkurra þjóðjarða, þó eigi yfir helming kostnaðarins alt að 1000 f. á.

59. — 16. gr. 7. Liðurinn falli burt.

60. — 16. gr. 16. Fyrir »3000—3000«
komi: 2500—2500.

61. — 16. gr. 22. Orðin »Annars ..... Siglufirði« falli burt.

62. Við 16. gr. 24. Liðurinn falli burt.

63. — 16. gr. 33. Liðurinn falli burt.

64. — 16. gr. 35. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til Eggerts Briem til að nema rafmagns- og vjelafræði á Þýskalandi 600—600.

65. Við 16. gr. 38. Liðurinn orðist þannig:
Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu, þó eigi yfir $^1/_3$ kostnaðar alt að 7500—7500. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og má telja kostnað þann, sem á árinu 1911 var lagður fram til brimbrjótsins, á móti landssjóðsstyrknum.

66. — sama lið. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til að gera bátauppsátur við bryggjuna á Blönduósi, þó eigi yfir $^1/_3$ kostnaðar, alt að 1000 f. á.

67. — 18. gr. Orðin í síðari hluta greinarinnar: »Viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur (frá Holti undir Eyjafjöllum) 300 kr.« falli burt.

68. — 19. gr. Aftan við fyrri lið greinarinnar komi:
Af þessari upphæð má ennfremur greiða 700 kr. til nokk-

urra manna á Langanesi upp í kostnað við björgun og greftrun 15 líka frá strandi norsks gufuskips »Fridtjof« 10. október 1907.

69. — 19. gr. Síðari liður greinarinnar falli burt.

70. — 21. gr. Á eftir fyrstu málsgrein komi:
1. Reykjavíkurdómkirkju má lána alt að 20,000 kr. Lán þetta ávaxtist og endurgreiðist með 6% árgjaldi í 28 ár. Liðatala greinarinnar breytist eftir því.

71. — 21. gr. 6. Liðurinn falli burt.

72. — 21. gr. 8. Síðari málsgrein liðsins orðist þannig:
Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

73. — 21. gr. 9. Síðari málsgrein liðsins orðist þannig:
Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Nd. **666. Breytingartillaga**

við frv. til laga um mannanöfn (652).

Frá Jóni Ólafssyni.

Við 13. gr. 3. málslið: Aftan við bætist: nema maður hafi ættarnafn.

Við 13. gr. Við bætist 4. málsgrein, svo látandi:
Þó eru bókaskrár ekki háðar þessum fyrirmælum.

Ed. **667. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903:

»Ráðherra Íslands má eigi . . . falið að veita« falli burt, en í staðinn komi:

Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara

svo oft, sem nauðsyn er á, til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir, þar sem konungur ákveður.

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir hans á konungsfund.

Nú deyr ráðherra eða lætur af embætti, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherra veitir þau embætti, sem hann hingað til hefir veitt.

Tölu ráðherra má breyta með lögum.

Verði ráðherrum fjölgað, legst landritaraembættið niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í Landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það.

6. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

7. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í stað hennar komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeid. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um landið alt í einu lagi.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

9. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burtu, en í stað hennar komi:

Þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum, skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, til 12 ára, og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans, fyrir það, sem sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafn margir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.

10. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar), falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis hafa karlar og konur, sem fædd eru hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár og eru 25 ára, er kosningin fer fram; þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Ennfremur eru þau skilyrði sett, að hinir nýju kjósendur, konur, og þeir karlmenn, er ekki hafa kosningarrjett samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, fái ekki rjett þann, er hjer ræðir um, öll í einu, heldur þannig, að þegar semja á alþingiskjörskrá í næsta sinn, eftir að lög þessi eru komin í gildi, skal setja á kjörskrána þá nýja kjósendur eina, sem eru 40 ára eða eldri, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum til kosningarrjettar. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og svo framvegis, lækka aldursmarkið um eitt ár í hvert sinn, til þess er allir kjósendur, konur sem karlar, hafa náð kosningarrjetti, svo sem segir í upphafi þessarar greinar.

Nú hafa hjón óskilin fjárhag, og missir ekki konan kosningarrjett sinn fyrir því.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deid.

11. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar er hver sá, sem kosningarrjett á til þeirra; kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt þar heima skemur en eitt ár. Kjörgengur við hlutbundnar kosningar er hver sá, er kosningarrjett á til þeirra. Heimilisfesta innan lands, er skilyrði fyrir kjörgengi, bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.

Þeir dómendur, er hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó hvorki kjörgengir til neðri nje efri deildar.

12. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur, án samþykkis konungs.

13. gr.

A undan 20 gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

14. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

15. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann

fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

16. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

17. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breyta má þessu með lögum.

18. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

19. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

20. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sjerrjettindi, er bundin sje við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

21. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og Auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Akvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn 6 þingmenn til efri deildar og jafnmargir varamenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulegu Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverjir skuli fara frá eftir 6 ár, þeirra sem kosnir voru hlutbundnum kosningum.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

2. málsgrein 12. gr. tekur ekki til dómara þeirra, er nú skipa landsyfirrjettinn.

Heimilisfesta innanlands er ekki skilyrði fyrir kjörgengi þeirra manna, sem þá kunna að eiga setu á Alþingi, er stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi.

Ed. **668. Tillaga**

til þingsályktunar um, að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

Alþingi skorar á stjórnina að láta verkfræðing landsins skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera nákvæma teikningu og áætlun um kostnað við brúarbygginguna, sem lagt verði fyrir Alþingi 1915.

Ed.

# 669. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

| I. Tekjur: | Aætlun. kr. a. | Reikningur. kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 100,000 00 | 106,029 98 |
| 2. Húsaskattur | 24,000 00 | 27,120 95 |
| 3. Tekjuskattur | 46,000 00 | 61,718 42 |
| 4. Aukatekjur | 100,000 00 | 125,550 83 |
| 5. Erfðafjárskattur | 6,000 00 | 10,538 56 |
| 6. Vitagjald | 40,000 00 | 72,357 25 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 10,000 00 | 12,205 35 |
| 8. Útflutningsgjald | 240,000 00 | 321,656 09 |
| 9. Afengistollur | 560,000 00 | 505,148 28 |
| 10. Tóbakstollur | 360,000 00 | 415,857 43 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 700,000 00 | 860,538 25 |
| 12. Annað aðflutningsgjald | 50,000 00 | 60,158 74 |
| 13. Gjöld af innlendri vindlagerð og bittergerð | » » | 5,777 20 |
| 14. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veitingu áfengra drykkja | 25,000 00 | 23,200 00 |
| 15. Pósttekjur | 160,000 00 | 207,069 08 |
| 16. Símatekjur | 155,000 00 | 219,328 32 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka | 26,000 00 | 24,126 98 |
| 18. Óvissar tekjur | 36,000 00 | 72,108 29 |
| 19. Tekjur af jarðeignum landssjóðs | 42,000 00 | 45,745 29 |
| 20. Tekjur af kirkjum | 130 00 | 207 38 |
| 21. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli | 3,200 00 | 22,237 20 |
| 22. Tekjur af ræktunarsjóði Íslands | » » | 14,277 05 |
| 23. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs | 87,000 00 | 102,167 97 |
| 24. Tekjur af láni landssjóðs til Landsbankans | 15,000 00 | 15,000 00 |
| 25. Leigur af innstæðufje í bönkum og af bankavaxtabrjefum | 16,000 00 | 31,921 83 |
| 26. Það sem greitt er frá prestaköllum | 4,000 00 | 6,171 23 |
| 27. Endurgjald skyndilána til embættismanna | 1,200 00 | 1,874 76 |
| 28. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum | » » | 30.418 61 |
| 29. Greitt úr ríkissjóði Danmerkur | 120,000 00 | 120,000 00 |
| 30. Innkomið fyrir seld bankavaxtabrjef 1911 | » » | 501,864 87 |
| Samtals | 2,926,530 00 | 4,022,376 19 |

| II. Útgjöld: | Fjárveiting. kr. a. | Reikningar. kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Til greiðslu vaxta og afborgana af láni landssjóðs úr ríkissjóði Danmerkur | 105,333 33 | 104,666 68 |
| 2. Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins | 100,000 00 | 99,034 11 |
| 3. Til alþingis og til yfirskoðunar landsreikninganna | 61,600 00 | 85,302 03 |
| 4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn o. fl. | | |
| A. Dómgæzla og lögreglustjórn | 172,630 00 | 171,166 07 |
| B. Ýmisleg útgjöld | 45,300 00 | 74,317 04 |
| 5. Til útgjalda við læknaskipunina | 298,050 00 | 288,607 25 |
| 6. Til samgöngumála: | | |
| A. Til útgjalda við póststjórnina | 204,400 00 | 225,631 57 |
| B. Til vegabóta | 246,300 00 | 241,905 74 |
| C. Til gufuskipaferða | 198,000 00 | 198,900 00 |
| D. Til ritsíma og talsíma | 256,300 00 | 317,009 16 |
| E. Til vita | 82,227 00 | 73,866 69 |
| 7. Til kirkju- og kenslumála: | | |
| A. Í þarfir andlegu stjettarinnar | 92,200 00 | 136,163 82 |
| B. Til kenslumála | 409,840 00 | 482,237 89 |
| 8. Til vísinda og bókmenta | 145,320 00 | 144,675 35 |
| 9. Til verklegra fyrirtækja | 439,520 00 | 458,727 34 |
| 10. Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna | 5,200 00 | 34,262 98 |
| 11. Til eftirlauna og styrktarfjár | 126,220 00 | 128,392 45 |
| 12. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld | 6,000 00 | 39,500 43 |
| 13. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum | » » | 295,700 91 |
| 14. Tekjuafgangur | » » | 422,308 68 |
| Samtals | 2,994,440 33 | 4,022,376 19 |

| | | |
|---|---|---|
| Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1911 | kr. | 1,661,679 84 |
| Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. | — | 40,368 81 |
| Peningaforði landssjóðs s. d. | — | 664,693 24 |

Ed. **670. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1910 og 1911, veitast kr. 140,451,47 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. fjárlaganna veitast 3,744 kr. 50 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við tölulið 5. | Aðstoðar- og skrifstofukostnaður: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... | kr. | 1199,85 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... | — | 1550,35 | kr. | 2,750,20 |
| — — 7. | Viðhald á stjórnarráðshúsinu ... ... ... ... ... | | | — | 994,30 |
| | | | | kr. | 3,744,50 |

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna veitast 4,325 kr. 85 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við A. 3. | Hegningarhúsið í Reykjavík: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 956,62 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... ... | — | 29,66 | kr. | 986,28 |
| Við B. 1. | Landshagsskýrslur ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 2,131,52 |
| Við B. 6. | Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum útlendinga: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 661,55 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... ... | — | 546,50 | — | 1,208,05 |
| | | | | kr. | 4,325,85 |

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna veitast 11,529 kr. 12 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við 6. lið. | Geðveikrahælið á Kleppi: | | | | |
| | árið 1910... ... ... ... ... ... ... | kr. | 1745,70 | | |
| | — 1911... ... ... ... ... ... ... | — | 2249,00 | kr. | 3,994,70 |
| Við 7. lið. | Heilsuhælið... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 3,333,33 |
| Við 9. lið c. og d. | Nám yfirsetukvenna: | | | | |
| | árið 1910... ... ... ... ... | kr. | 3338,64 | | |
| | — 1911... ... ... ... ... | — | 641,96 | — | 3,980,60 |
| Við 9. lið g. | Sótthreinsunarofn á Akureyri ... ... ... ... ... | | | — | 220,49 |
| | | | | kr. | 11,529,12 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna veitast 43,052 kr. 71. au.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við A. 1. b. 1. árið 1911 ... ... ... | kr. 118,75 | | | |
| Við A. 1. c.: árið 1910 ... ... ... | — 405,00 | | | |
| Við A. 1. c.: — 1911 ... ... ... | — 760,00 | kr. 1283,75 | | |
| Við A. 2. Póstflutningur 1910 og 1911 ... ... ... | | — 12000,00 | | |
| Við aðra liði til póststjórnar: | | | | |
| árið 1910 ... ... ... | kr. 2738,99 | | | |
| — 1911 ... ... ... | — 2693,71 | — 5432,70 | kr. | 18,716,45 |
| Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður landsverkfræðings | | kr. 147,48 | | |
| Við B. II. Flutningabrautir og viðhald ... ... | | — 2683,56 | | |
| Við B. III. Þjóðvegir ... ... ... ... ... ... | | — 906,92 | — | 3,737,96 |
| Við D. II. Til nýrra talsímalagninga o. fl.: | | | | |
| árið 1910 . ... ... ... | kr. 2274,97 | | | |
| — 1911 . ... ... ... | — 1695,68 | kr. 3970,65 | | |
| Við D. III. Starfræksla landssíma: | | | | |
| árið 1910 . ... ... ... | kr. 3662,46 | | | |
| — 1911 . ... ... ... | — 5317,37 | — 8979,83 | | |
| Við D. Aðrir liðir V.—VII.: | | | | |
| árið 1910 . ... ... ... ... | kr. 3120,38 | | | |
| — 1911 . ... ... ... ... | — 1558,61 | — 4678,99 | — | 17,629,47 |
| Við E. Vitar: | | | | |
| árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | kr. 1367,55 | | |
| — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... ... | | — 1601,28 | — | 2,968,83 |
| | | | kr. | 43,052,71 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. fjárlaganna veitast 15,829 kr. 92 aurar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við B. IV. Hinn almenni mentaskóli: | | | | |
| Við c. 3. Árið 1910 ... ... ... ... | | kr. 1693,46 | | |
| Við c. 5. — 1910 ... ... ... ... | | — 1331,25 | | |
| Við c. 5. — 1911 ... ... ... ... | | — 1754,50 | kr. | 4,779,21 |
| Við B. V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | |
| Við b. 2. Árið 1910 ... | kr. 761,45 | | | |
| Við b. 2. — 1911 ... | — 495,98 | kr. 1257,43 | | |
| Við b. 3. — 1910 ... | kr. 381,49 | | | |
| Við b. 3. — 1911 ... | — 1656,00 | — 2037,49 | | |
| Við b. 5. — 1910 ... | kr. 284,92 | | | |
| Við b. 5. — 1911 ... | — 297,75 | — 582,67 | — | 3,877,59 |
| | | | Flyt | kr. 8,656,80 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Flutt | kr. | 8,656,80 |
| Við B. VI. | Kennaraskólinn: | | | | |
| | Við b. 2. Árið 1910 ... kr. 105,63 | | | | |
| | Við b. 2. — 1911 ... — 538,95 | kr. | 644,58 | | |
| | Við b. 5. — 1910 ... kr. 1063,53 | | | | |
| | Við b. 5. — 1911 ... — 468,44 | — | 1531,97 | — | 2,176,55 |
| Við B. VII. | Stýrimannaskóli: | | | | |
| | Við b. 1. Árið 1911 ... ... ... ... | kr. | 183,50 | | |
| | Við b. 4. — 1910 ... kr. 350,06 | | | | |
| | Við b. 4. — 1911 ... — 266,94 | — | 617,00 | — | 800,50 |
| Við B. VIII. c. | Unglingaskólar ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 350,00 |
| Við B. VIII. k. | Kensla heyrnar- og málleysingja: | | | | |
| | Árið 1910... ... ... ... ... ... | kr. | 1772,68 | | |
| | — 1911... ... ... ... ... ... | — | 1664,34 | — | 3,437,02 |
| Við B. IX. b. | Sundkensla: | | | | |
| | Árið 1910... ... ... ... ... ... | kr. | 297,91 | | |
| | — 1911... ... ... ... ... ... | — | 111,14 | — | 409,05 |
| | | | | kr. | 15,829,92 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 5,845 kr. 28 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við 1. h. | Prentun ritaukaskrár 1910... ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 314,25 |
| Við 2. d. | Skrá yfir skjalasafnið (endurveiting) . ... ... ... ... | | | — | 500,00 |
| Við 5. | Safnhúsið: | | | | |
| | Eldiviður, áhöld o. fl. 1910 ... ... ... | kr. | 2132,31 | | |
| | — — — 1911 ... ... ... | — | 1627,08 | — | 3,759,39 |
| Við 9. | Sýslubókasöfn o. fl.: | | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 530,00 | | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 300,00 | — | 830,00 |
| Við 30. | Útgáfa dómasafns: | | | | |
| | árið 1910 . ... .. ... ... ... ... ... ... | kr. | 180,00 | | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 15,00 | — | 195,00 |
| Við 45. | Jarðskjálftamælir ... ... ... ... ... ... .. ... ... | | | — | 246,64 |
| | | | | kr. | 5,845,28 |

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. fjárlaganna veitast 30,910 kr. 44 aurar.

Við 1. Bændaskólinn á Hólum:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við c. 3. | Árið 1910 ... ... | kr. 444,50 | | | |
| Við c. 3. | — 1911 ... ... | — 240,40 | kr. 684,90 | | |
| Við c. 5. | — 1910 ... ... | kr. 1233,23 | | | |
| Við c. 5. | — 1911 .. ... | — 863,79 | — 2097,02 | | |
| Við c. 6. | Árið 1910 ... ... | kr. 8527,04 | | | |
| Við c. 6. | — 1911 ... ... | — 9590,32 | — 18117,36 | | |
| Við aðra liði árið 1911 . ... ... ... ... | | | — 433,06 | kr. | 21,332,34 |
| Við 2. | Bændaskólinn á Hvanneyri: | | | | |
| Við c. 6. | Árið 1910 ... ... ... ... ... | | kr. 580,42 | | |
| Við c. 6. | — 1911 ... ... ... ... ... | | — 7173,44 | — | 7,753,86 |
| Við 9. | Skóggræðslan... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 822,00 |
| Við 23. | Viðskiftaráðunautar. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 838,49 |
| Við 25. | Húsaskoðun á prestssetrum... ... .. ... ... ... ... ... | | | — | 163,75 |
| | | | | kr. | 30,910,44 |

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. fjárlaganna veitast 2,268 kr. 82 aurar.

| | | |
|---|---|---|
| Hálfur kostnaður við rannsókn Landsbankans... ... ... ... ... | kr. | 878,27 |
| Greitt fyrir undirbúning á siglingalögunum ... ... ... ... ... | — | 600,00 |
| Styrkur til 2 íslenskra stúlkna til handavinnunáms hjá Kunstflidsforeningens Friundervisning í Khöfn (endurveiting) ... ... | — | 300,00 |
| Öndverðarnesvitinn árið 1911 .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 490,55 |
| | kr. | 2,268,82 |

10. gr.

Sem viðbót við gjöld samkvæmt fjáraukalögum nr. 10, 11. júlí 1911 fyrir árin 1910 og 1911 veitast 14,906 kr. 49 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við 4. gr. | Tvöföld símalína milli Reykjavíkur og Borðeyrar... ... ... .. ... ... ... | | kr. 328,06 | | |
| Við 4. gr. | Sömuleiðis milli Akureyrar og Sauðárkróks... ... ... ... ... ... ... ... | | — 1077,88 | kr. | 1,405,94 |
| Við 5. gr. | Háskóli Íslands: | | | | |
| | a. Laun ... ... ... ... ... ... ... | | kr. 9100,00 | | |
| | b. Ýmisleg útgjöld... ... ... ... ... | | — 4043,53 | — | 13,143,53 |
| Við 5. gr. | Akureyrarskóli, málun m. m. ... ... ... ... ... ... | | | — | 100,08 |
| Við 5. gr. | Kvennaskóli, aðgerð ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — | 190,35 |
| Við 5. gr. | Stýrimannaskóli, aðgerð ... ... ... ... .. ... ... | | | — | 66,59 |
| | | | | kr. | 14,906,49 |

11. gr.

| | | |
|---|---|---|
| Til hitaleiðslu í pósthúsinu í Reykjavík veitast | kr. | 1,975,72 |
| Ráðherrabústaður.. ... ... ... ... ... ... ... | — | 1,562,62 |
| Milliþinganefnd í fjármálum landsins ... ... | — | 4,500,00 |
| | kr. | 8,038,34 |

Ed. **671. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landstjórninni veitist heimild til að selja sóknarpresti að Kolfreyjustað sjera Jónasi Hallgrímssyni landspildu í svo nefndri Innri-Skálavík í Kolfreyjustaðarlandi, 250 faðma með sjó fram og 90 faðma upp frá fjörumáli, fyrir ekki minna verð en 180 kr., eða eftir mati eiðfestra dómkvaddra virðingarmanna.

Ed. **672. Frumvarp**

til laga um mannanöfn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, er hjer fara á eftir, hvert um sig, þá merkingu, er nú skal greina:

*Eiginheiti* hvers manns er það nafn, sem hann hlýtur í skírn eða í lögákveðinni tilkynningu til kirkjubókar.

*Föðurnafn* hvers manns er eiginheiti föður hans haft í eignarfalli að viðbættum *son*, ef karlmaður er, en *dóttir*, ef kvenmaður er.

*Kenningarnafn* er hvert það heiti, er maður hefir í viðbót við eiginheiti og föðurnafn, en gengur ekki til afkomenda hans.

*Ættarnafn* er hvert það heiti, auk eiginheitis og föðurnafns, er ganga skal óbreytt mann fram af manni í beinan karllegg.

2. gr.

Hver sá maður, er hlotið hefir 2 eiginheiti eða fleiri, er skyldur til, frá því er hann verður 16 ára, að nota sama nafn og nöfn alla æfi, nema leyfi fái til breytingar, og skal hann jafnan rita þau á sama hátt. Eiginheiti skal ávalt rita á undan föðurnafni eða ættarnafni.

Hver maður skal rita föðurnafn sitt eða ættarnafn fullum stöfum á eftir eiginheiti.

Nú hefir maður löglegt kenningarnafn eða ættarnafn, og skal þá rita það fullum stöfum í stað föðurnafns, og má þá rita föðurnafnið á undan því, fullt eða skammstafað eða upphafsstaf þess einn, eða sleppa því.

Nú hefir maður í skírn eða tilkynningu til bókar hlotið nafn, sem er löglegt ættarnafn annarar ættar, þá er honum óheimilt að hafa það fyrir kenningarnafn eða ættarnafn.

3. gr.

Þá er kona giftist, má hún taka upp ættarnafn manns síns með eða án föðurnafns síns eða ættarnafns, ella nota nafn sitt og kenna sig til föðurnafns síns.

Nú skilur kona við mann sinn að lögum, og er henni þá frjálst að taka upp aftur ættarnafn sitt, ef til var, en fá verður hún leyfisbrjef samkvæmt 10. gr. Þessi nafnskifti getur stjórnarráðið, ef sjerstök ástæða er til, leyft að nái til barna hennar, sem hún hefir foreldraráð yfir og yngri eru en 16 ára, og eins þó eldri sjeu, ef þau æskja þess sjálf; þó má hún ekki fá börnunum ættarnafn sitt, nema foreldrar hennar og systkin gefi leyfi til, þau er lifa hjer á landi.

4. gr.

Öllum er skylt að nota löglegt ættarnafn föður síns, og tekur það einnig til óskilgetinna barna, ef faðerninu er játað.

Nú er barn föðurlaust, og skal það að föðurnafni kenna sig til móðurföður eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er.

5. gr.

Enginn má breyta eiginheiti sínu, föðurnafni, kenningarnafni eða ættarnafni, eða taka upp og nota nokkurt nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þessara laga.

6. gr.

Nú vill maður, sem fæddur er á Íslandi, taka upp kenningarnafn eða ættarnafn hjer á landi eða breyta eldra ættarnafni, og skal hann þá senda stjórnarráði Íslands beiðni um það, og láta henni fylgja skírnarvottorð sitt eða þau vottorð, er samkvæmt gildandi lögum koma í þess stað. Sje umsækjandi yngri en 16 ára, verður hann að láta beiðninni fylgja samþykki þess foreldranna, er foreldraráð hefir yfir honum.

Hjón geta, meðan hjónabandinu er ekki slitið með lögum, því að eins fengið heimild til nýs ættarnafns, að þau sjeu því bæði samþykk.

Systkin mega í sameiningu sækja um sameiginlegt ættarnafn, og verður þá að fylgja umsókninni skírnarvottorð þeirra, er hið nýja nafn á að ná til eða það vottorð, er löglega kemur í þess stað.

Eigi umsækjandi börn á lífi, er lögum samkvæmt bera nafn hans, skal nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef þau eru yngri en 16 ára og hann hefir foreldraráð yfir þeim. Sjeu þau eldri en 16 ára, má nafntakan eða nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef umsækjandi hefir haft foreldraráð yfir þeim innan 16 ára aldurs, og þau sjálf samþykkja.

Nú eru framangreind skilyrði fyrir hendi, og geta þá einnig faðir eða móðir fengið heimild til ættarnafnstöku eða ættarnafnsbreytingar fyrir börn sín, þótt þau sjálf breyti ekki ættarnafni sínu. Skal þá nafntakan eða nafnbreytingin ná til þeirra barna allra, sem umsækjandi hefir foreldraráð yfir.

Hafi hjón fengið nýtt ættarnafn upptekið fyrir sameiginleg börn sín, hljóta seinni börn í því hjónabandi sama ættarnafn.

Enginn getur fengið nafni sínu breytt oftar en einu sinni eftir 16 ára aldur.

7. gr.

Enginn getur fengið heimild til að taka upp og hafa að kenningarnafni eða ættarnafni nein þau nöfn, er nú skal greina:

*a.* Ættarnöfn, sem eru lögleg eða viðurkend eign íslensks manns, ef aðili sjálfur eða fjárhaldsmaður hans hefir með brjefi til stjórnarráðsins fyrir 1. jan. 1915 tilkynt ættarnafnið, og lagt bann við, að það sje notað.

Ættarnafn, sem upp hefir verið tekið fyrir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), telst viðurkend eign þess, er það hefir notað. Skýrsla um það, hvenær ættarnafn hefir verið tekið upp, skal fylgja tilkynningunni, og getur stjórnarráðið heimtað þær sannanir fyrir upptöku nafnsins, er því finst ástæða til.

*b.* Ættarnöfn, sem eru löglega upptekin eftir 1. jan. 1915.

c. Nöfn, er hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er er um getur í staflið a. og b., að villum geti valdið.

Stjórnarráðið skal skera úr öllum deilum, er rísa kunna út af fyrirmælum þessarar greinar.

8. gr.

Skrá um ættarnöfn, er ekki má taka upp samkvæmt 7. gr., staflið a., lætur stjórnarráðið semja og prenta í B-deild Stjórnartíðindanna. Við hver árslok skal prenta viðauka við skrá þessa, og færa þar inn þau ættarnöfn, sem leyfi hefir verið veitt til að taka upp á árinu. Nafnaskráin og viðaukarnir skulu vera til sölu hjá bóksala í Reykjavík. Stjórnarráðið ákveður söluverðið.

Ennfremur skal stjórnarráðið láta semja og gefa út til leiðbeiningar:

1. Skrá yfir orð og heiti, sem fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum.
2. Skrá yfir góð íslensk, forn og ný eiginheiti karla og kvenna, er sjerstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni.
3. Skrá yfir skammstafanir þær á eiginheitum manna, sem æskilegt þykir að nota.

9. gr.

Ættarnöfn eða kenningarnöfn, sem upp hafa verið tekin án löglegrar heimildar eftir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), má því að eins nota eftirleiðis, að sá, er í hlut á, fái heimild til að nota þau, með konunglegu leyfisbrjefi.

10. gr.

Sje ekkert nafntökunni eða nafnbreytingunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef, sem umsækjandi fær afhent gegn gjaldi því, er ákveðið er í 12. gr. Jafnframt sendir stjórnarráðið sóknarpresti, þeim sem í hlut á, eftirrit af leyfisbrjefinu, og skal hann geta nafntökunnar í kirkjubókinni við skírnarnöfn þeirra er nafntakan eða nafnbreytingin nær til.

11. gr.

Breytingar á nöfnum eða ný eiginheiti geta menn fengið með konungsleyfi á þann hátt, er tíðkast hefir.

Prestum er heimilt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg, eða færa slík nöfn til bókar.

12. gr.

Fyrir hvert leyfisbrjef, sem út er gefið samkvæmt 10. gr., hvort heldur fyrir einn mann eða heila fjölskyldu, skal greiða 10 kr., er renna í landssjóð.

Fyrir skrásetningu ættarnafna, þeirra sem getið er í upphafi 8. gr. (sbr. 7. gr. a.), skal gjalda 2 kr. fyrir hvert nafn, og rennur gjaldið í landssjóð.

13. gr.

Fullveðja mönnum, sem nú eru uppi, er frjálst að rita nafn sitt á þann hátt, sem þeir hafa tíðkað.

Útlendingum, sem hingað koma, er frjálst að rita löglegt heiti sitt á sinn vanahátt.

Í öllum opinberum skrám og skýrslum, skal ávalt rita eiginheiti manna á undan föðurnafni, nema maður hafi ættarnafn.

Þó eru bókaskrár ekki háðar þessum fyrirmælum.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er falla í landssjóð. Með mál út af þeim skal farið sem með almenn lögreglumál.

15. gr.

Heimild stjórnarráðsins til að gefa út leyfisbrjef um upptöku ættarnafna gengur í gildi 1. jan. 1915. 9. gr. laganna gengur í gildi 1. jan. 1916. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi 1. jan. 1914.

Ed. **673. Nefndarálit**

um frumvarp til laga, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

Hin háttvirta efri deild hefir falið oss undirrituðum að athuga nefnt frumvarp, og viljum vjer hjermeð skýra frá áliti voru um það á þessa leið:

Samkvæmt lögum dags. 22. nóv. 1907 tók Landsbankinn árið 1909 gegn ábyrgð landssjóðs lán, að upphæð 2 miljónir króna, með $4^1/_2$% vöxtum, er vera skyldi afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en afborgast svo með 100 þúsund krónum á ári. Næsta ár byrja afborganirnar og minkar þá rekstursfje bankans ár frá ári, ef ekkert er að gjört. Þetta mundi geta haft tilfinnanlegar afleiðingar fyrir almenning, og til að koma í veg fyrir það, sjáum vjer eigi annað ráð vænlegra en að samþykkja frumvarpið; einn nefndarmanna (St. J.) álítur að vísu nóg í þetta sinn að gera ákvæði um afborganirnar næsta fjárhagstímabil, en meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Reykjavík 1. sept. 1913.

J. Havsteen form. Eiríkur Briem skrifari og framsm. H. J. Kristófersson.

Sig. Eggerz. Steingrímur Jónsson. með fyrirvara.

Nd. **674. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr landssjóði alt að 62.500 — sextíu og tvö þúsund og fimm hundruð — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega, þó ekki fyr en á árinu 1916.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 187,500 — eitt hundrað áttatíu og sjö þúsund og fimm hundruð — króna lán, er sýslunefnd Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Nú vill annarhvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem umræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs komi til. Þetta nær þó ekki til mannvirkja þeirra, sem heimiluð eru með leigusamningi milli stjórnarráðsins og Arents Claessens, dags. 31. janúar 1913.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til sýslunefndar, er

ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10—200 krónur, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Sýslunefnd Vestmannaeyja hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er sýslunefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 sýslunefndarmenn og 2 utan sýslunefndar, annar úr tölu kaupmanna en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd sýslunefndar.

7. gr.

Sýslunefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Sýslusjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og sýslunefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Sýslunefndin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Vestmannaeyja, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.

2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er sýslunefnd Vestmanneyja semur, og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má sýslumanni Vestmannaeyja innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkvæmt 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldastofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr,. hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá sýslunefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutingsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir sýslumaður, og fær hann 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sýslunefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir sýslunefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynnna það sýslunefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða á sama hátt og sýslusjóðsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er sýslunefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Ed. **675. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa, alt að 3 miliónum króna. Fyrstu 2 árin, eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn, veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir veðdeildinni vera:

1. Varasjóður veðdeildarinnar.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð landssjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarnna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugjörð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs, og skulu gjaldheimtumenn landssjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í landssjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti meðan lánið stendur, sýna skírteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargjörð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarinnar skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarinnar, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar; skal í reglugjörð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi hærri vera en 50 þúsund krónur, og minsta lán sem veðdeildin veitir, skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign, alt að 35 árum, sje veðið vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 25 árum, sje veðið timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer lán til veðdeildarinnar, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því að eins, að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

16. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

18. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleysfir hafa verið það reikningsár.

20. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugjörð bankans skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

22. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

23. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 4000 krónur. Til endurskoðenda má verja 250 kr. til hvors.

Nd. **676. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hallærissjóð.

Flm. Kristinn Daníelsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Stofnå skal allsherjarsjóð fyrir landsmenn, til að tryggja þeim hjálp í hallæri, er hlýtst af hafís, eldgosum eða öðrum stórfeldum orsökum. Sjóðurinn nefnist bjargráðasjóður.

2. 2. og 3. gr. falli burt og í stað þeirra komi tvær nýjar greinar:

2. gr.

Stofnfje bjargráðasjóðs skal vera árlegt gjald úr landssjóði er nemi 40 aurum fyrir hvern mann, sem gjaldskyldur er til ellistyrktarsjóðs.

3. gr.

Í hverju sýslu- eða bæjarfjelagi á landinu, þar sem sýslunefnd eða bæjarstjórn samþykkir það, skal hver maður, sem er fullra 20 ára greiða iðgjald í bjargráðasjóð, karlmaður 1 kr. en kvenmaður 60 aura á ári. Eindagi á gjaldinu er 15. dagur janúarmánaðar ár hvert fyrir það fardagaár sem þá er að líða.

3. Við 14. gr. Greinin falli burtu.

4. — 15. — Fyrir orðið »skal« í 1. línu komi: getur, og: gjört fyrir »gera«.

Ed.

## 677. Nefndarálit

um frumvarp til laga um íslenskan fána.

Frá meiri hluta nefndar.

Hjer á landi er öllum heimilt að prýða bústað sinn með blæju eða fána af hvaða gerð sem er. Því er það alsiða, að útlendingar, sem hjer búa, hafa fána ættjarðar sinnar á húsum sínum, til merkis um þjóðerni sitt. Þess vegna er það líka auðskilið, að oss Íslendingum sjálfum hefir lengi verið hugleikið, að eignast íslenskan fána til sýnilegs merkis um þjóðerni vort.

Einkennislitir þjóðar vorrar eru blátt og hvítt; hefir svo verið um langan aldur og aldrei á annan veg; er því með rjettu jafnan talið sjálfsagt, að þeir litir eigi að vera fánalitir þjóðarinnar.

Á 19. öld var tekinn upp blár fáni með fálkamynd hvítri í miðju. En 1903 fjekk landið sitt skjaldarmerki, hvítan fálka á bláum grunni, og varð mönnum þá ljóst, að íslenskur fáni yrði að vera af annari gerð, litunum öðruvísi fyrir komið.

Fyrir þá sök var skömmu síðar — 1906 — tekinn upp blár fáni með hvítum krossi í stað fálkafánans.

Þessi blái fáni er nú orðinn þjóðkunnur; hann hefir blaktað fyrir augum manna í samfleytt 7 ár; þjóðin er orðin honum vön; virðist því ekki geta komið til mála að breyta gerð fánans; er það eðlileg ósk og almenn, að Alþingi löghelgi bláhvíta fánann sem sýnilegt tákn íslensks þjóðernis. Virðist oss sjálfsagt, að Alþingi verði við þeim óskum, í því trausti að konungi vorum muni ljúft að veita til þess samþykki sitt.

Þess vegna leggjum vjer til, að frumvarpið verði samþykt hjer, eins og í háttv. neðri deild, með þeirri einni breytingu, að fyrir »landsfáni« í 1. gr. komi: fáni. Oss finst óviðfeldið að tala um íslenskan landsfána, og fáum ekki sjeð, að nein ástæða sje til þess að hafa það orðalag. Það gefur að skilja, að notkun íslenska fánans á ekki að fara í bága við nein gildandi lög.

Efri deild Alþingis, 2. sept. 1913.

Björn Þorláksson, (formaður) Jósef Björnsson.

Eiríkur Briem,
(með fyrirvara að því er breytingartillöguna snertir).

Ed. **678. Breytingartillaga**

við frv. til laga um íslenskan fána.

Frá meiri hluta nefndar.

Í stað orðsins: »landsfáni« í 1. gr. frumvarpsins komi: fáni.

Ed. **679. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar, sem háttvirt efri deild kaus til að athuga mál þetta, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ráða deildinni til að samþykkja það með þessum

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Fyrsta grein orðist svo:
   Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:
   Að endingu skal ræðismönnum framandi ríkja, sem þar hafa fæðingarrjett, vera heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári áfengisforða, er nemi alt að 800 lítrum til heimilisþarfa sinna um 1 ár í senn. Þó má áfengið ekki hafa meira í sjer af áfengisvökva en 15%.
   Öðrum en þeim er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.
2. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er verði 5. grein og hljóðar svo:
   Þá er lög þessi eru staðfest, skal fella þau inn í texta laga nr. 44 frá 30. júlí 1909, og getur konungur þá gefið þau út þannig breytt, sem lög um aðflutningsbann á áfengi.

Efri deild Alþingis 1. sept. 1913.

G. Björnsson, form.
Björn Þorláksson skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson, með fyrirvara.
Jón Jónatansson, með fyrirvara.

Nd. **680. Frumvarp**

til laga um sparisjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eður sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugerð til staðfestingar og, má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt hlutafje eða tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1914 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje, hlutafje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eður vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári, nema því að eins að varasjóður sparisjóðsins sje að minnsta kosti 20% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar eða leyfis stjórnarráðs mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágrip af lögum þess-

um, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðs, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal jafnan hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vítavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Um stjórnarkosning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í lögum hvers sparisjóðs. Þó hefir stjórnarráðið heimild til að setja nánari reglur um stjórnarkosningar, sjeu þar að lútandi ákvæði í lögum sparisjóðsins eigi fullnægjandi.

Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna umsjónarmanni sparisjóða.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minnsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en skuldbindandi er kvittun hans því að eins fyrir sjóðinn, að hún sje meðundirrituð af bókara. Sömuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar og umsjónarmanns sparisjóða.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku, þótt viðskiftabók sje eigi sýnd. Skal þá gefa sjerstaka kvittun fyrir innlögunum og þess getið á kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða, eftir tillögum umsjónarmanns.

13. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Eigi má samanlögð upphæð víxillána og sjálfskuldarábyrgðarlána, er sparisjóður veitir og trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, nema meiru en helmingi af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu greiddu hlutafje.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eður meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 16. gr.), innistandandi í bönkum að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eður önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis stjórnarráðsins mega sparisjóðir ekki taka lán til annars

en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum, sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði frádregnum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til innlausnar á hlutafje eða til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að eignir hans nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóðanna, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Af eignum varasjóðs hvers einstaks sparisjóðs skal jafnan vera svo mikið handbært í peningum, inneign hjá bönkum eður í auðseldum tryggum verðbrjefum, að það nemi að minnsta kosti 5% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan. Þó gilda um þetta sömu undantekningar og fram eru teknar í 13. gr., 4. málsgr.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýjári til nýjárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Ella sendi þeir umsjónarmanni sparisjóðanna skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins, ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi umsjónarmanns sparisjóða, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins taka þá ákvörðun um það, hvort sjóðurinn skuli tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður eigi muni fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það umsjónarmanni sparisjóða og hann síðan stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður af einhverjum ástæðum leggst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins þær, er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að alt að tveimur þriðjungum af eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í. Afgangurinn rennur í landssjóð.

22. gr.

Stjórnarráðið hefir umsjón yfir öllum sparisjóðum landsins. Til að hafa eftirlit með starfsemi hvers sparisjóðs skipar stjórnarráðið gæslumann, er hafi sem besta þekkingu á efnahag og ástæðum þeirra manna, er mest nota sjóðinn.

Til launa fyrir starfa sinn fær gæslumaður dagpeninga, 5 kr. fyrir dag hvern, er hann gegnir gæslustörfum eða er fjarverandi frá heimili sínu í þeim erindum, svo og ferðakostnað eftir reikningi, er liggur undir úrskurð stjórnarráðsins, ef ágreiningur verður. Dagpeninga og ferðakostnað gæslumanns greiðir sparisjóður sá, er í hlut á.

23. gr.

Gæslumaður sparisjóðs skal hafa nákvæmt eftirlit með starfsemi sjóðsins og árlega rannsaka allan hag hans. Hefir hann rjett til, hvenær sem er, að skoða bækur sjóðsins og eignaskilríki. Svo getur hann og krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sjóðsins, fjárhag og alt fyrirkomulag. Komist hann að raun um, að einhverju sje ábótavant, skorar hann á stjórn sjóðsins að bæta úr því hið bráðasta. En sje það eigi gert í tæka tíð, svo að sjóðnum stafi hætta af, skal hann tafarlaust tilkynna það stjórnarráðinu.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa gæslumönnum sparisjóða. Vanræki þeir skyldur sínar, getur stjórnarráðið vikið þeim frá.

24. gr.

Jafnskjótt og ársreikningur sparisjóðs er samin og endurskoðaður, skal senda stjórnarráðinu samrit af reikningum, svo og athugasemdir endurskoðunarmanna og svör reikningshaldara eða sparisjóðsstjórnar. Ennfremur skal gæslumaður sparisjóðsins senda stjórnarráðinu athugasemdir sínar, ef hann hefir eitthvað við reikninginn að athuga, svo og ársskýrslu um starfsemi sjóðsins. Skýrslu um alla sparisjóði landsins skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Stjórnendum sparisjóða og starfsmönnum er skylt að láta gæslumönnum svo og stjórnarráðinu í tje skýrslur þær um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsynlegt þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjeð rennur í landssjóð, og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

25. gr.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

26. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

27. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið kyrsetning og löghaldi, meðan það stendur þar.

28. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, hluthöfum eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugerð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars, en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

29. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú eru reknar samkvæmt sjerstökum lögum, svo sem t. d. Söfnunarsjóðs, Landsbankans, Íslandsbanka nje útbúa tjeðra banka.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renna í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

32. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

Nd. **681. Frumvarp**

til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Í stað »1913« á tveim stöðum í 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands komi: 1917.

Nd. **682. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í 7. gr. laga 22. október 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands bætist aftan við 1. málsgrein: sbr. þó 8. gr.

2. gr.

Í 8. gr. sömu laga bætist við á eftir orðunum: »þó ekki lengri en 30 árum« ný málsgrein svohljóðandi: Áfallna vexti og afborganir af láni þessu eða lánum skal greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum er varið til annars.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 22. okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Nd. **683. Frumvarp**

til laga um löggilta endurskoðendur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Með lögum þessum er stjórnarráði Íslands veitt heimild til þess, að löggilda endurskoðendur. Þá er maður beiðist löggildingar til þess starfa, má veita honum hana, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í þessum lögum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur um í 1. gr.:

1. Löggildur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri, hann skal vera fullráði fjár síns og hafa óflekkað mannorð.

2. Hann skal sanna fyrir stjórnarráðinu, eða fyrir nefnd, er stjórnin skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiptum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

3. gr.

Ef löggildur endurskoðandi er eigi lengur fjár síns ráðandi, eða mannorð hans flekkast, þá skal stjórnarráðið taka af honum löggildinguna. En er hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína,

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun gilda sem opinber endurskoðun væri.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eður á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Stjórnarráðið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda.

Nd. **684. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 13. gr. Annan málslið.

Í stað: »helmingi« komi: $^2/_3$.

Nd. **685. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Nefndin, sem þetta mál var vísað til, hefir ekki orðið að öllu leyti á eitt mál sátt um 2. gr. frumvarpsins, sem fer fram á þá breyting, að útsvar megi leggja á nokkrar arðsamar atvinnugreinir, sem nú er farið að reka í þessu bæjarfjelagi, þótt það sje skemri tíma en 3 mánuði ársins. Þykir sumum nefndarmönnum ekki mega gera þess háttar breytingu á bæjarstjórnarlögum eins kaupstaðar, nema tilsvarandi sje gert í öðrum. Aftur þykir öðrum, að á þessum stað reki nauður til, að ekki sje dregið að gera slíkar breytingar. Munu hvorirtveggja gera í umræðum nokkra grein fyrir skoðun sinni.

Um hinar aðrar greinar frumvarpsins kom allri nefndinni saman, að þær beri að samþykkja.

Samkvæmt þessu er þá lögð undir úrskurð háttv. deildar að ósk meiri hluta nefndarinnar sú

BREYTINGARTILLAGA:

að 2. gr. frumvarpsins falli burtu.

Alþingi, 2. sept. 1913.

G. Eggerz, formaður. Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum. Stefán Stefánsson, Eyf.

Tryggvi Bjarnason. Jón Magnússon.

Ed. **686. Breytingartillaga,**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson.

Við 12. gr. 2. Liðurinn orðist svo:

2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu, til þess að vitja læknis hvors 300 kr. ... ... ... ... ... ... ... ... 600—600—1,200.

Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum og fellur niður í Árneshreppi þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjeraði.

Ed. **687. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson.

1. Við 13. gr. B. III. 10. fyrir »29000—29000« komi: 30000—30000.
2. — — — — — — á eftir »Húnavatnss. 5000« komi: Til þjóðvegarins frá Bitrufirði um Krossárdal að Gilsfjarðarbotni ... 3,000—«

Ed. **688. Viðaukatillögur**

við breytingartillögur á þgskj. 665 (við fjárl.frv. 1914—1915).

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 34. lið. Aftan við liðinn komi: Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til yfirkennara Geirs Zoega.
2. Við 45. lið. Aftan við liðinn komi: Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.

Nd. **689. Girðingalög.**

(Samþykt í Nd. 3. september).

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði og Ræktunarsjóði, svo og aðrar vírgirðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 metri á hæð. Þó skulu girðingar fyrir kynbótagripi ekki vera lægri en 1 metri og 12 sentímetrar.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum. Nú er garður hlaðinn undir vírinn, og þarf þá eigi fleiri strengi en fjóra, ef garðurinn er að minsta kosti 30 sentímetra hár, þrjá strengi, ef hann er 60 sentímetrar, og eigi fleiri en tvo strengi, ef hann er 75 sentímetrar á hæð.

2. gr.

Milli stuðla má vera alt að 6 metra bil, eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Að öðru leyti skal gera girðingar samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur, sje lán veitt til þeirra úr landssjóði eða ræktunarsjóði.

3. gr.

Nú vill einstakur maður eða fjelag girða og leitar um lán til þess úr áðurnefndum sjóðum, skal þá fylgja lánsbeiðninni skýrsla um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Ef ekki er fje fyrir hendi til að fullnægja öllum þeim, er um lán hafa beðið, skulu þeir, er eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Nú er lánað til girðingar úr nefndum sjóðum, og skal hún þá vera fullgerð innan þriggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda stjórnarráðinu vottorð um, að hún sje gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið innan þriggja ára, er lánið alt afturkræft, og skal þá greiða þriðjungi hærri vexti af því en upphaflega var ákveðið, og reiknast þessir viðbótarvextir frá útborgunardegi lánsins.

5. gr.

Skylt er sjerhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða fjelög, er fengið hafa lán til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar, sem einstakir menn hafa tekið lán til, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú er girðing gerð, samkvæmt 1. og 2. gr., og lánað til hennar úr Ræktunarsjóði eða landssjóði, og skal þá girðingin fylgja jörðinni og má ekki flytja hana í burt, þó að eigandaskifti eða ábúandaskifti verði á henni, enda sje girðingin gerð í samráði við landsdrottin, ef leiguliði á í hlut.

7. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlast að hún byggist aftur, og verða eigi lengur not að girðingunni, losnar þá jarðeigandi við þá skyldu, að halda henni við eða láta hana standa á jörðinni. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af girðingaláninu.

8. gr.

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri jarða saman, eða tún eða engjar jarðar liggja að beitilandi annara, og jarðeigandi eða ábúandi með samráði við jarðeiganda vill girða á mörkum samkvæmt lögum þessum og reglugerð þeirri, er um getur í 2. grein, og samkomulag næst ekki við þann jarðeiganda eða ábúanda, sem á land á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það, og skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, þá meta notagildi girðingarinnar fyrir báða, og skifta girðingarkostnaðinum á milli málsaðila að tiltölu við gagn hvers

um sig. Þó skal sá, er girðir, aldrei eiga rjett til frekari endurgreiðslu en svari helming girðingarkostnaðarins.

Nú liggur bithagi jarðar að landi kauptúns, og verður fyrir miklum ágangi af beit frá kauptúninu og skal þá jarðeigandi eiga sama rjett til framlags til girðingar frá kauptúninu eða eiganda þess lands er kauptún liggur í, eins og tún eða engi lægi á móti.

Verð girðingar liggur undir mat úttektarmanna, og kaup þeirra telst til girðingarkostnaðar.

Um viðhaldskostnað fer eftir sömu reglum.

9. gr.

Nú er vírgirðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sje gengið, sem land á að henni. Sje garður hlaðinn undir vírinn, skal efni og grundvöll taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur, eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en maður vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn meta, að eigi sjeu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið, og skulu þá úttektarmenn meta skaðabætur þeim er landið missir. Rjettur til annara afnota en engja og beitar helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skifti löndum til fullnustu.

10. gr.

Girðingu má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 65 sentimetrar sjeu milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 5 metrar og 65 sentimetrar sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 3 metrar og 77 sentimetrar sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. Þetta nær og til gaddavírsgirðinga meðfram tröðum og heimreiðum.

11. gr.

Eigi má gera girðingu yfir hreppsveg, sýsluveg, þjóðveg, flutningabraut eða fjallveg, nema hlið sje á fyrir veginum, en þá skal það vera heimilt. Ef vegur er akfær, þarf þó samþykki hreppsnefndar, ef um hreppsveg er að ræða, en sýslunefndar um aðra vegi. Nú er girðing sett yfir veg með hliði fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2 metra og 50 sentimetra breið, og svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki. Fari maður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sjer. Brot móti þessu varða sektum og skaðabótum.

Nú liggur yfir land forn fjallvegur, afrjettarvegur, eða bæjavegur, og telst eigi til neins vegaflokks, gildir þá hið sama um þá vegi og vegi þá, er áður eru taldir.

Ef girt er yfir aðra stíga eða götutroðninga, getur hreppsnefnd, ef þess er krafist, heimtað, að hæfilegt hlið sje sett á girðinguna.

Eigi má landeigandi læsa hliði nje með öðru móti hindra umferð um slíkan veg, nema hreppsnefnd leyfi.

Sama gildir og um sleðabrautir og aðrar vetrarleiðir sem nauðsynlegar

eru til almenningsnota. Þar sem svo stendur á, má landeigandi kjósa um að taka upp girðinguna að vetrinum, þar sem hún liggur yfir leiðina, eða búa svo um hlið, að auðvelt sje að opna, þó að snjór leggist að. Skylt er við slík hlið að hafa hlaðna kampa, vörðu eða háan stólpa, með áneglda spjaldi, svo glöggvar sjáist hliðið álengdar. Nánari ákvæði um þetta setur sýslunefnd, ef leiðin liggur um fleiri hreppa en einn, en hreppsnefnd, ef um innanhreppsveg er að ræða.

12. gr.

Stórgripagirðingar með 1 eða 2 gaddavírsstrengjum skulu ávalt þannig gerðar, að vírinn sje hvergi minna en 65 sentimetra frá jörð. Vírinn skal strengja vandlega. Nú er girðing illa strengd eða í vanhirðu, svo fjenaður festist í henni eða hlýtur meiðsl af þeim sökum, skal þá eigandi girðingarinnar sæta sektum, og greiða auk þess skaðabætur þeim er fjenaður meiddist fyrir.

13. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

14. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 13. gr., og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

15. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 14. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni, með $^2/_3$ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja, og samþyktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

16. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 13. gr. Er öll meðferð samþyktar þá hin sama og 14. og 15. gr. skipa fyrir um, nema að hreppsnefnd kemur þá hvervetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

17. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til stað-

festingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, og er samþyktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitasjóð, ef brotið er móti hreppssamþykt.

19. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 30. júlí 1909 um girðingar, svo og þau ákvæði í 44. og 45. gr. vegalaganna frá 22. nóv. 1907 og önnur lagaákvæði er koma í bága við lög þessi.

Nd. **690. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga.

Nefnd sú, er háttv. neðri deild alþingis skipaði til að athuga mál þetta, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að málið sje ekki nægilega undirbúið til að halda því fram á þessu þingi.

Nefndin er að vísu öll á einu máli um það, að ástæða sje til að veita þessu málefni sjerstaka athygli.

Ástandið í þessu efni er víða iskyggilegt, einkum í kauptúnum og bæjum.

Það er talið líklegt, að mikill hluti barna í skólum í bæjum og kauptúnum neyti tóbaks í einhverri mynd, og er það, ef satt er, allmikið áhyggjuefni.

Eigi þarf að eyða orðum að, hve skaðleg tóbaksnautn er fyrir andlegan og líkamlegan þroska ungmenna; er slíkt fullsannað af vitnisburðum frá ýmsum skólum víðsvegar um heim.

Nefndin, eða að minsta kosti meiri hluti hennar, er jafnvel í vafa um, hvort ráðin verði bót á þessu böli með lögum, og telur það miklu fremur uppeldismálefni.

Nefndin er og á þeirri skoðun, að ef um það sje að ræða, að setja lög um þetta efni, þá sje nauðsynlegt að afla skýrslna um tóbaksnautn í ungmennaskólum og barnaskólum landsins, og jafnframt um áhrif þau, er tóbaksnautn

virðist hafa á heilsu og andlega hæfileika ungmenna og barna að áliti kennara þeirra.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sjer að leggja það til, að máli þessu sje eigi haldið frekar fram á þessu þingi, en jafnframt kemur hún fram með eftirfarandi tillögu til þingsályktunar:

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sjer upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt, og einkum í ungmenna- og barnaskólum landsins, svo og um áhrif þau, er tóbaksnautn virðist hafa á andlegan og líkamlegan þroska barna og ungmenna, og hverra tóbakstegunda einkum er neytt, og að fræðslumálastjórnin leggi fyrir stjórnina skýrslur þær, er hún fær um þetta efni, ásamt bendingum til umbóta, ef hún álítur þess þörf.

Neðri deild alþingis, 3. sept. 1913.

| | |
|---|---|
| Sigurður Sigurðsson, formaður. | Matth. Ólafsson, skrifari. |

H. Steinsson. Sk. Thoroddsen. Einar Jónsson.

Nd. **691. Lög**

um samþyktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði.

(Samþykt í Nd. 3. september).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Eyjafirði innan línu, er hugsast dregin um Eyjafjörð þveran, beint frá Rípli um nyrðri enda Hríseyjar og til lands að austanverðu fjarðarins.

Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Skagafirði innan beinnar línu milli syðri enda Þórðarhöfða og Ingveldarstaðabæjar á Reykjaströnd.

2. gr.

Þá er sýslunefndunum eða bæjarstjórn Akureyrar þykir þörf á, að gera samþykt þá, er 1. gr. ræðir um, eða fá óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum, eða úr Akureyrarkaupstað, og þeim þykir rjett að taka þær óskir til greina, skulu þær semja frumvarp til samþyktarinnar og kveðja síðan til fundar, með nægum fyrirvara, fyrir svæði það, er samþyktin á ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir þeir, er kosningarrjett eiga til alþingis á nefndu svæði. Oddvitar sýslunefndanna og bæjarstjórnar boða fundinn, ákveða fundarstað og sjá um fundarstjórn.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er samið hefir verið samkæmt 2. gr. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, skal það sent stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefndirnar og bæjarstjórnin fallast á þær. En vilji þær ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný á því ári.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

Samþykt, sem gerð er samkvæmt lögum þessum, gildir eigi lengur en 5 ár í senn, en endurnýja má samþyktina fyrir jafnlangan tíma á sama hátt og hún hefir verið sett.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir alt að 500 kr., og skal í samþyktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skulu renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykt skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **692. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

Frá nefndinni.

Við 20. gr.

Í stað »bankans« í 3. línu komi: veðdeildarinnar.

Nd. **693. Lög**

til laga um friðun æðarfugla.

(Samþykt í Nd. 3. september).

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Brot gegn því varðar 10 kr. sekt fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítrekun brotsins alt að 400 kr. Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð þar, sem brotið var framið.

2. gr.

Enginn má selja eða kaupa æðaregg, nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara utan heimilis síns, nema eggskurn til vísindalegra þarfa. Greiða má þó varpeigandi þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt með eggjum, ef þeir óska. Ekki má heldur selja eða kaupa dauða æðarfugla, nje hluta af þeim.

Brot gegn þessu varða 5 krónu sekt, sem tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, alt að 200 krónum.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km.

4. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn án leyfis varpeiganda leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varplandi hans en 1/4 km. frá stórstraumsfjörumáli.

5. gr.

Brot gegn 3. og 4. grein varða 5—15 króna sektum. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem drepnir eru með skotunum eða netunum, fer eftir ákvæðum 1. greinar. Varpeigandi, þar sem brotið er framið, má taka upp netin, en láta skal hann þau af hendi við þann, er þau lagði, er hann hefir goldið sekt sína og kostnað við upptöku netanna eftir óvilhallra manna mati.

6. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet. Nú gerir einhver það, og varðar það 50—100 króna sektum. Netin skulu upptæk og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið var framið. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem í þau voru veiddir, fer eftir ákvæðum 1. gr.

7. gr.

Sýslumenn skulu hvert ár á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypis friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum. Nú vill maður koma á fót nýju æðarvarpi í landar-

eign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það; skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sje rjett, og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu á næsta manntalsþingi og greiðast 2 krónur fyrir þá friðlýsingu, er renna í landssjóð.

8. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sjerstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frakknesku.

9. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að $^1/_3$ í sveitarsjóð, en að $^2/_3$ til uppljóstrarmanns.

10. gr.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld viðaukalög frá 22. mars 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og öll þau ákvæði í þeirri tilskipun, er snerta friðun á æðarfugli.

Ed. **694. Lög**

til laga um hagstofu Íslands.

(Samþykt í Ed. 3. september).

1. gr.

Það skal falið sjerstakri stofnun að safna skýrslum um landshagi Íslands, vinna úr þeim og koma þeim fyrir almennings sjónir. Stofnunin nefnist hagstofa Íslands, og stendur beinlínis undir ráðherranum.

2. gr.

Þessi eru meginatriði landshagsins, sem hagstofunni ber einkanlega að rannsaka:

1. Fólksmagn: a, manntöl; b, fæðingar; c, hjónabönd; d, heilsufar; e, manndauði: f, fólksflutningar.
2. Dómsmál, þar með talin einkamál, sáttanefndarmál, sakamál og lögreglumál.
3. Atvinnuvegir: a, landbúnaður; b, iðnaður; c, fiskiveiðar; d, siglingar og verslun; e, bankar, sparisjóðir og aðrar allsherjar lánsstofnanir.
4. Efnahagur landsmanna: a, tekjur af eign og atvinnu; b, virðingarverð jarð-

eigna og þinglesnar veðskuldir á þeim; c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim eignum; d, verðmæti skipa og báta og veðskuldir er á hvíla.

5. Stjórnmál: a, notkun kosningarrjettar; b, starfsmenn þjóðfjelagsins.
6. Fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitarfjelaga, gjafasjóðir og styrktarsjóðir.
7. Þjóðareignir til almenningsnytja: a, vegir og brýr; b, ritsímar og talsímar; c, póstflutningar.
8. Fræðslumál: a, barnafræðsla; b, unglingaskólar og aðrir alþýðuskólar.
9. Tryggingarstarfsemi: a, líftrygging; b, heilsutrygging; c, eignatrygging.

Auk skýrslna um framangreind atriði vinnur hagstofan að skýrslum, er hjer eftir kunna að verða lögboðnar eða fyrirskipaðar af landsstjórninni, eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

3. gr.

Hagstofan á að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað.

Landshagsskýrslur skulu koma út svo fljótt sem unt er, jafnóðum og þær eru tilbúnar frá hendi hagstofunnar.

Árlega skal gefa út stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs, með þýðingum á eitthvert hinna þriggja aðal-mentamála.

4. gr.

Öll þau störf viðvíkjandi söfnun og móttöku landshagsskýrslna, sem samkvæmt gildandi lögum, reglugjörðum o. fl. nú hvíla á stjórnarráði Íslands, hefir hagstofan á hendi eftirleiðis.

Heimilt er hagstofunni að fyrirskipa, að skýrslur, sem hingað til hafa verið sendar frá hreppstjórnarvöldum eða einstökum mönnum til sýslumanns, sjeu sendar beint til hagstofunnar, og getur hún endursent til leiðrjettingar skýrslur, er henni þykja ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um vanrækslu í því, að inna af hendi lögmælt skýrsluskil.

5. gr.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri og einn aðstoðarmaður, skipaðir af ráðherra. Vanalega hafa þeir einir rjett til þessara starfa, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði.

Hagstofustjóri hefir að launum 3000 kr., en aðstoðarmaður 2500 kr.

6. gr.

Til stofnsetningar hagstofunnar veitast alt að 3000 kr. af landssjóði.

Laun starfsmanna og árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar, svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögunum fyrir hvert ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

Ed. **695. Lög**

um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

(Samþykt í Ed. 3. september).

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Sóda, krít, eldfastur leir, karbíd, bensín, þakhellur (Skifer) og smjörsalt.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, allskonar netagarn, strigi, lausar umbúðir, ullarsekkir, fjeltuvoðir til umbúða (mottur), strigaábreiður (hvort sem þær eru tjargaðar, farfaðar eða eigi), vjelaáburður, húsapappi, allskonar kaðlar, allskonar færi og fiskinet, kork, netakúlur og flotholt, hjólklafar (blakkir), saumur, ljáblöð, brýni, hverfisteinar, járnkarlar, sleggjur, steðjar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, spaðar, kvíslar, bátavjelar (mótorar), akkeri og akkerisfestar, kokolit, járnbitar til húsagerðar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, járnbrautarteinar og spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdúkar (linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður) tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar taldir bátar.

Sjötti liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir: Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, eða í svo löguðum umbúðum, að tegund vörunnar verður eigi greind, nema hún sje tekin úr umbúðum.

Pappír skal undanþeginn vörutolli, ennfremur tilbúin áburðarefni, leirpípur, sandur til járnsteypu, skip og bátar, sem siglt er til landsins.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Nd.

# 696. Frumvarp

til laga um friðun fugla og eggja.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:

1. Erlur. 2. Steindeplar. 3. Þrestir. 4. Músarrindlar. 5. Þúfutitlingar (grátitlingar). 6. Auðnutitlingar. 7. Sólskríkjur (snjótitlingar). 8. Svölur. 9. Starrar. 10. Óðinshanar. 11. Þórshanar. 12. Rauðbrystingar. 13. Sendlingar. 14. Lóuþrælar. 15. Hrossagaukar. 16. Tildrur. 17. Sandlóur. 18. Jaðrakön. 19. Keldusvín. 20. Heiðlóur. 21. Tjaldar. 22. Stelkar. 23. Vepjur. 24. Hegrar. 25. Svanir. 26. Æðarkongar. 27. Kríur. 28. Hettumáfar. 29. Haftyrðlar. 30. Snæuglur.

2. gr.

Þessar fuglategundir skulu ekki vera friðaðar á neinum tíma árs:

Valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar, hvítmáfar, grámáfar, helsingjar, skarfar, súlur, svartfuglar, ritur, álkur, sefandir, toppandir, himbrimar og hrotgæsir.

3. gr.

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

a. Rjúpur alfriðaðar á tímabilinu frá 1. febrúar til 20. september, og auk þess allt árið 1915 og úr því 5. hvert ár.
b. Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði, þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. mars og ekki enda fyr en 10. ágúst.
c. Lundi frá 10. maí til 20. júní.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði. Þó getur ráðherra Íslands eftir tillögum sýslunefnda veitt leyfi til að veiða lunda með netum í eyjum, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum, enda sje það sannað, að lundanum verði ekki útrýmt með háfaveiði. Fyrir slíku leyfi skal það þó ávalt gert að skilyrði, að netaveiði þessi fari fram á þann hátt, að verið sje yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum. Skal sýslumaður annast um, að stöðugt eftirlit sje haft með veiðinni, og greiða varpeigendur allan kostnað við eftirlitið. Brot gegn þessum ákvæðum varða 10—15 kr. sektum.

d. Allar fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið taldar, nema friðaðar sjeu með sjerstökum lögum, skulu friðaðar vera frá 1. apríl til 1. ágúst.
e. Ernir skulu friðaðir 5 ár frá því lög þessi koma í gildi, en síðan ófriðaðir og teljist undir 2. gr.

4. gr.

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 32 kr.

Brot gegn 3. gr. e., varðar 25 króna sektum.

5. gr.

Egg þeirra fugla, sem taldir eru í 1. gr., skulu friðuð vera, nema kríuegg. Ennfremur skulu rjúpnaegg og arnaregg vera friðuð.

6. gr.

Fyrir hvert friðað egg, er tekið er, skal sá, er brotlegur verður greiða 1 kr. sekt, en fyrir arnaregg skal greiða 10 kr. sekt.

7. gr.

Undanþágu frá ákvæðum laga þessara getur ráðherra Íslands veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum, og náttúrufræðiskennurum, sem safna fyrir skólana og náttúrufróðum mönnum, er safna fyrir Náttúrugripasafnið í Reykjavík.

8. gr.

Mál þau, er rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál. Sektirnar renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en að $^2/_3$ til uppljóstanda.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914, og eru um leið úr gildi numin lög um friðun fugla frá 27. nóvember 1903.

Ed. **697.. Nefndarálit**

um samgöngumál á sjó.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa á mörgum fundum rætt samgöngumál landsins á sjó. Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, hafa báðar nefndir samið í sameiningu, og hafa verið gerðar á því litlar breytingar í háttv. neðri deild. Samgöngumálanefnd háttv. neðri deildar hefir í 2 ítarlegum nefndarálitum gert grein fyrir þeirri niðurstöðu, sem nefndirnar hafa komist að í ýmsum atriðum samgöngumálanna, og þykir ekki hjer sjerstök ástæða að fjölyrða um þau atriði, sem rækilega hafa verið rökstudd í greindum nefndarálitum.

Allir munu á eitt sáttir um það, að samgöngur þær er hjer ræðir um, ef tryggar eru, eru einn af þeim máttarstólpum, sem framtíð landsins hvílir á.

Á afskektum hjeruðum, sem að mestu hafa farið á mis við samgöngur

þessar, en orðið þeirra síðar aðnjótandi, sjest best, hve þýðingarmikið mál þetta er. Stakkaskiftum hafa hjeruð þessi tekið ótrúlega fljótt. Framleiðslan aukist, nýir atvinnuvegir risið upp, enda augljóst að það er frumskilyrði fyrir aukinni framleiðslu, að greiðir vegir sjeu opnaðir til að gera hana arðvæna.

Dæmi þessu til sönnunar mætti nefna hinar óðfluga framfarir á öllum sviðum, sem orðið hafa í Vestur-Skaftafellssýslu síðan verslun kom þar og strandferðir byrjuðu. Öllum hlýtur því að vera ljóst, að afturkippur í samgöngumálum þjóðarinnar, er bein árás á framleiðslu mögulegleikana í landinu. Er það því sjálfsögð skylda þingsins, að búa svo um hnútana, að slíkur afturkippur geti ekki komið í samgöngur vorar.

Reynsla síðasta árs sýnir oss nú að um slíkan afturkipp er að ræða. Stafa þau vandræði af ástæðum, sem oss eru fyrir löngu kunnar. Vjer höfum jafnan orðið að leggja samgöngumál vor í hendur útlendra fjelaga, og oft rent blint í sjóinn með það, hvort vjer yfir höfuð gætum náð nokkrum samningum við slík fjelög, og að jafnaði höfum vjer mátt sæta þungum kostum af þeirra hálfu, og oftast orðið að haga ferðum vorum meira eftir þeirra hagsmunum en vorum.

Sjerstaklega hefir Sameinaða fjelagið verið þrautalendingin í þessum vandræðum vorum. Mun það og nú hafa heitið ráðherra því, að endurnýja samninga þá um strandferðir, sem vjer nú höfum, til 2 ára. En samkvæmt símskeyti, sem ráðherra móttók í gær, þá lýsir fjelagið yfir því, að ekki geti orðið af samningum þessum, ef vjer styðjum »Eimskipafjelag Íslands« með hluttöku eða styrk. Í skilyrði þessu er fólgin svo mikil móðgun við alþingi Íslendinga, að nú mun fáa fýsa þess, að binda strandferðir við fjelag þetta. Er það og sýnilegt, að einasta leiðin úr óvissu þeirri, sem jafnan hefir vofað yfir samgöngum vorum, er að gera þær sem allra fyrst innlendar.

Að því er millilandaferðirnar snertir, þá skal það játað, að í sjálfu sjer eru þær arðsamari og því auðveldara að taka þær í hendur sjer en strandferðirnar, og samkvæmt samningi, sem gerður var 1909 til 10 ára við Sameinaða gufuskipafjelagið, er að nokkru leyti sjeð fyrir ferðum þessum. Nauðsynin er því í augnablikinu ekki eins brýn á því að taka þessar ferðir að sjer, þó hinsvegar skuli játað, að á meðan ferðir þessar eru í höndum á útlendu fjelagi, þá liggur það í hlutarins eðli, að hagsmuna landsins verður ekki gætt eins og skyldi.

Fyrir íslenska hagsmuni skiftir það mestu, að við fáum sem greiðust samböndvið þá staði, þar sem vjer höfum mestan hag af að kaupa varning þann, er vjer þörfnumst, og auðveldast getum selt afurðir vorar. Alt virðist benda á það, að tíðar og reglubundnar ferðir milli Íslands og Englands væru oss mjög hollar.

Hjer er vegalengdin minst, og að sama skapi ættu því flutningsgjöldin að vera minni. Það virðist óþarft, að taka fram, hvað mikla þýðingu þetta hefir fyrir öll viðskifti vor. Nú er það að vísu svo, að skip sameinaða fjelagsins koma við í Englandi æði oft, en hins ber að gæta, að flutningsgjöldum er svo hagað, að þau eru litlu minni milli Íslands og Englands en milli Íslands og Danmerkur, og eru það vitanlega danskir hagsmunir, sem hjer ráða mestu um.

Það skiftir hjer æði miklu, að áliti nefndarinnar, að millilandasamgöngur komist í rjett horf, og þess mundi ekki að vænta, að svo gæti orðið, nema þær væru gerðar innlendar, en þar sem þær eiga að allra dómi að geta verið arð-

vænlegar, þá er það auðvitað, að vandkvæði verða minni á því, að gera þær innlendar en strandferðirnar.

Strandferðirnar eru það, sem jafnan hafa valdið oss mestum örðugleikum. Augu þjóðarinnar vaka þó eigi síður yfir þessum ferðum en millilandaferðum, enda augljóst, að ekki verður nema hálft gagn af millilandaferðum, ef þær ekki standa í nánu sambandi við strandferðirnar. Sannleikurinn er sá, að það þarf mikla rannsókn og kostar mikla fyrirhöfn að samrýma svo ferðir þessar, að vel fari. Að því er nú strandferðir snertir, þá virðist það liggja í augum uppi, að þær eiga að geta borgað sig, ef flutningsþörfin er nægilega mikil og ferðunum er hagað eftir henni. Nákvæmar skýrslur um þessi efni vantar með öllu. Hitt er þó ljóst, að flutningsþörfin er æði mikil eins og skýrsla (fylgiskj. 1) frá afgreiðslumanni Thorefj. sýnir, og annað er víst, að ferðunum er mjög lítið hagað eftir flutningsþörfinni, sbr. fylgiskj. 2, er sýnir, að skip koma oftar á staði, sem lítil flutningsþörf er á, en mjög lítil skipasambönd við suma þá staði, sem flutningsþörfin er meiri á.

Að vísu er það nú svo, að strandskipin mega ekki sneiða fram hjá ýmsum afskektum höfnum, þó erindi sjeu þangað ekki mikil, en tvenns ber að gæta:

1. þess, að nema óþarfa viðkomustaði alveg úr ferðaáætlun.
2. að fækka komum strandferðaskipanna á þá staði, sem þau bersýnilega hafa komið óþarflega oft á.

Nefndinni þykir ekki rjett að blanda sjer inn í deilu þá, sem átt hefir sjer stað í háttv. neðri deild um það, hvort ábyggilegri sje skýrsla fyrverandi eða núverandi framkvæmdarstjóra Thorefjelagsins um rekstur strandferðaskipa fjelagsins, en hitt þykist nefndin geta fullyrt eftir vissum heimildum, að tekjur og gjöld strandferðaskipanna »Austri« og »Vestri« árið 1912 hafi verið þannig:

| | Tekjur: Austri: | Vestri: |
|---|---|---|
| Farmgjöld .. ... ... ... ... ... | 27,586,42 | 28,544,75 |
| Fargjöld ... .. ... ... .. ... | 22,942,92 | 8,507,67 |
| | 50,529,34 | 37,052,42 |
| | **Gjöld: Austri:** | **Vestri:** |
| Reksturskostnaður ... ... ... ... | 55,739,29 | 52,759,45 |
| Vextir, afborganir, stjórnarkostnaður og viðhald ... ... ... ... ... | 24,485,00 | 24,407,00 |
| | 80,224,29 | 77,166,45 |
| Tekjuhallinn verður þannig kr. | 29,694,95 | 40,114,03 |

Er þá ekki reiknað landssjóðstillag til ferðanna. Væri nú hverju skipi reiknaðar 30 þúsundir, þá mundi hreinn ágóði af Austra nema 305 kr. 05 aur., en tap á Vestra 10,114 kr. 03 aur. Væri aftur á móti tekjur skipanna miðaðar við þá hærri taxta, sem nú gilda, þá mundi að líkindum vera ágóði af skipunum.

Nefndin þykist mega fullyrða, að útgjöld skipanna sjeu talin hjer fullhá, og engin sönnun er fyrir því, hvort skipin á þeim tímum, sem þau voru ekki höfð í strandferðir, hafi verið notuð eins arðvænlega og skyldi.

Nefndin er sannfærð um, að með hyggilegu fyrirkomulagi á strandferðunum, sje enginn vafi á því, að þær muni borga sig með þeim styrk, sem venjulega hefir verið lagður til þeirra. Og í því sambandi er rjett að benda á, að þegar höfn er komin í Reykjavík, þá verður flutningsþörfin margfalt meiri, því þá má ganga að því vísu, að vörubirgðahús verði sett á stofn hjer í höfuðstaðnum og að kaupmenn utan af landinu fái verslunarvörur sínar hjeðan miklu meira en nú gerist.

Til þess nú að koma sem nánustu sambandi á milli millilandaskipanna og strandskipanna, þá þurfa ferðir þessar helst að vera á einni hönd. Við það kemur meira samræmi bæði í ferðaáætlanir skipanna, flutningsgjöld o. fl., og við það sparast að mun stjórnarkostnaður. Aukagjaldið við umhleðslu varanna úr millilandaskipunum í strandferðaskipin sparast, og er það æði verulegt atriði.

Með sjerstöku tilliti til þess, sem fram hefir verið tekið hjer að ofan, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að það sje brýn þjóðarnauðsyn, að millilandaferðir og strandferðir komist sem allra fyrst í hendur einu innlendu fjelagi. Þar sem nú er í ráði að stofna »Eimskipafjelag Íslands«, og þau sem þjóðin hefir tekið fjelagsstofnun þessa á arma sína, og hlutir hafa verið teknir í fjelagi þessu eigi síður af landsveitunum en sjávarsveitunum og verslunarstöðunum, þá er það sýnilegt, að rjett er að sníða fyrirkomulag ferða þess sem mest eftir vilja þeirra, sem hluti eiga í fjelaginu. En með því móti er fyllilega tekið tillit til vilja hluthafanna, að fjelagið sem fyrst taki bæði millilanda- og strandferðir í sínar hendur. Þetta stendur einnig á stefnuskrá fjelagsins, en í boðsbrjefi því dags. í mars síðastl., sem fjelagið hefir gefið út, er tekið fram, að það sjái sjer ekki fært að byrja einnig með strandferðunum. Ástæðan fyrir því, að bráðabyrgðastjórn fjelagsins treysti sjer ekki til að byrja einnig með strandferðunum, er vitanlega aðallega sú, að ekki var búist við, að stofnfje fjelagsins yrði svo mikið, að komið gæti til tals, að það einnig tæki strandferðirnar að sjer. Þar sem nú í frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að landssjóður taki hluti, er nemi 400 þúsund kr. í fjelaginu, þá er sýnilegt, að með því er fjelaginu gert fært að taka strandferðirnar bráðlega í hendur sínar. Þessi mikla hluttaka af hálfu landssjóðs er í fullu samræmi við þann öfluga þjóðarvilja, er stendur bak við þá hugsjón, að gera samgöngur vorar á sjó með öllu innlendar.

Nefndinni er það ljóst, að hagur fjelagsins er hagur landssjóðs, og hagur landssjóðs hagur fjelagsins í þessu efni. Því aðeins er framtíð fjelagsins viss, ef landssjóður er því öflugur bakhjarl, en það getur landssjóður því aðeins verið fjelaginu, að það taki strandferðirnar að sjer. Verði landssjóður þar á móti sjálfur að hafa ferðir þessar með höndum, þá verður honum ókleift að styðja fjelagið að nokkrum mun. Taki fjelagið aftur á móti strandferðirnar að sjer, hefir það að baki sjer ekki aðeins landssjóðinn, heldur einnig öflugan, óskiftan þjóðarvilja, og það er hugboð vort, að sá þjóðarvilji muni fjelaginu svo drjúgur, að framtíðardraumur þjóðarinnar um alinnlendar siglingar muni rætast fyrr en varir.

Varatillögu þá, sem í frumvarpinu felst, um landssjóðsútgerð teljum vjer fremur óyndisúrræði. Lítum svo á, að jafnan verði hætta á, að hún reynist dýrari, og að örðugleikum og kostnaði muni það valda, að ná heppilegu sambandi á milli millilandaskipanna og strandferðaskipanna, auk þess sem um aukinn og allverulegan stjórnarkostnað gæti orðið að ræða. Vjer verðum þó að ráða til,

að leið þessi verði farin, ef samgöngur vorar verða ekki á annan hátt gerðar innlendar.

Aðaláhersluna leggium vjer, eins og þegar hefir verið tekið fram, á, að væntanlegt »Eimskipafjelag Íslands« taki samgöngur vorar í hendur sjer með landssjóð að bakhjarli. Vjer treystum því, að útlendar tilraunir þær, sem gerðar hafa verið til að veikja fjelagsskap þennan, verði til að styrkja hann. Og vjer þykjumst ganga að því vísu, að verslunarstjett landsins muni taka í þann streng í máli þessu, að fjelaginu þurfi engin hætta að standa af samkepni fjelaga þeirra, sem aðeins líta á sinn hag í þessu máli. Loks þykir nefndinni rjett að taka fram, að enn er óráðið, hvernig heppilegast muni að haga strandferðum með suðurströnd landsins. Væntir nefndin, að stjórnin taki mál þetta til rækilegs undirbúnings undir næsta þing, en væntir þess jafnframt, að þangað til ráðstafanir verða gerðar í þessu efni, verði sjeð um, að strandferðabátarnir komi við á Suðurlandshöfnunum eins oft og auðið er.

Alþingi, 3. september 1913.

G. Björnsson, formaður. Sig. Eggerz, skrifari og framsögum. Einar Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson. Jón Jónatansson.

I. Fylgiskjal.

Reykjavík, 27. ágúst 1913.

Sem svar upp á brjef hinnar háttvirtu samgöngumálanefndar efri deildar alþingis, sem íhugar samgöngur á sjó, leyfum vjer oss hjer með að geta þess, að engar skýrslur eru til um það, er nefndin spyr um, en samt sem áður viljum vjer leitast við að gefa nefndinni þetta upp, en það verður að vera eftir ágiskun, og getum vjer því e k k i ábyrgst að tölurnar sjeu rjettar, en hyggjum það mjög nálægt því, sem hjer segir:

1. »Austri« 1912.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Flutt frá útlöndum til Íslands í 1. ferð ... ... ... ... ... | c. 250 | Tons. |
| | flutt frá Íslandi til útlanda í síðustu ferð ... ... ... ... | c. 200 | — |
| 2. | Tekið úr millilandaskipunum og flutt á íslenskar hafnir umhleðsluvörur frá útlöndum ... ... ... ... ... ... ... ... | c. 700 | — |
| 3. | Tekið á íslenskum höfnum og flutt á aðrar íslenskar hafnir (umhleðsluvörur til útlanda). ... ... ... ... ... ... ... | c. 250 | — |
| 4. | Innlendur flutningur (á milli íslenskra hafna) ... ... ... | c. 600 | — |

2. »Vestri« 1912.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Flutt frá útlöndum til Íslands í 1. ferð ... ... ... ... ... | c. 275 | — |
| | flutt frá Íslandi til útlanda í síðustu ferð ... ... ... ... | c. 250 | — |
| 2. | Tekið úr millilandaskipunum og flutt á íslenskar hafnir (umhleðsluvörur frá útlöndum)... ... ... ... ... ... ... ... | c. 625 | — |
| 3. | Tekið á íslenskum höfnum og flutt á aðrar íslenskar hafnir (umhleðsluvörur til útlanda) ... ... ... ... ... ... ... | c. 300 | — |
| 4. | Innlendur flutningur (á milli íslenskra hafna) ... ... ... | c. 600 | — |

Strandferðabátunum hefir verið reiknað í tekjur $^1/_3$ af netto millilandafragt fyrir umhleðsluvörur. Fragt á kolum milli landa er c. kr. 13,50 tonnið; hafa strandferðabátarnir því fengið kr. 4,50 fyrir flutninginn á milli hafna hjer. Fragt á kolum hjer innanlands var annars 8 kr. pr. tonnið.

Vjer viljum álíta, að strandferðaskipin hafi fengið c. 7 kr. fyrir tonn í flutningsgjald fyrir umhleðsluvörur, og að flutningsgjald innanlands hafi verið að meðaltali nálega 15 kr. pr. tonn.

»Perwie«, sem sigldi á suðurlandi, er hjer slept. Hún flutti nokkuð minna af vörum en hin strandferðaskipin (c. 5000 kr. minni vöruflutningatekjur).

Mikið af þeim flutningi, sem þetta skip flutti áður, hefir nú skipið, sem siglir austur og norður (Hólar).

Virðingarfylst.

Afgreiðsla gufuskipafjelagsins »Thore«

Sig. Guðmundsson.

II. Fylgiskjal.

## Yfirlit

yfir skipakomur 1913 og vöruflutninga 1911 á íslenskum höfnum.

| | I. | II. | III. | IV. | V. | VI. | VII. | VIII. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Flutningar 1911 | Skipakomur 1913 | | | | | | |
| | Smálestir | Sameinaða. | Thore | Flora | Alls | Strandferðir | Hringferðir | Ferðir alls |
| 1. Vík | 723 | ... | ... | ... | ... | 4 | ... | 4 |
| 2. Vestmanneyjar | 6828 | ... | ... | 1 | 1 | 6 | ... | 7 |
| 3. Stokkseyri | 1061 | ... | ... | ... | .. | 3 | ... | 3 |
| 4. Eyrarbakki | 2283 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 5. Keflavík | 1329 | ... | ... | ... | ... | 4 | ... | 4 |
| 6. Hafnarfjörður | 5199 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 7. Reykjavík | 97420 | 25 | 11 | 7 | 43 | 11 | 6 | 60 |
| 8. Viðey | 16682 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 9. Akranes | 374 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 10. Borgarnes | 667 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 11. Búðir | ... | ... | ... | ... | ... | 4 | .. | 4 |
| 12. Hellissandur | 701 | ... | ... | ... | .. | 4 | ... | 4 |
| 13. Ólafsvík | 682 | 1 | ... | ... | 1 | 5 | ... | 6 |
| 14. Stykkishólmur | 3253 | 4 | 10 | ... | 14 | 5 | ... | 19 |
| 15. Búðardalur | 500 | ... | ... | ... | ... | 3 | ... | 3 |
| 16. Flatey | 600 | 2 | 4 | ... | 6 | 5 | ... | 11 |
| 17. Patreksfjörður | 2103 | 3 | 3 | 6 | 12 | 5 | ... | 17 |
| 18. Bíldudalur | 1140 | 3 | 3 | ... | 6 | 5 | ... | 11 |
| 19. Þingeyri | 1979 | 2 | 3 | ... | 5 | 5 | ... | 10 |
| 20. Flateyri | 2676 | 1 | ... | ... | 1 | 5 | ... | 6 |
| 21. Suðureyri | 899 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 22. Bolungarvík | ... | ... | ... | ... | ... | 4 | ... | 4 |
| 23. Hnífsdalur | 562 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 24. Ísafjörður | 11190 | 19 | 3 | 6 | 28 | 5 | 6 | 39 |
| 25. Hesteyri | 1785 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 26. Norðurfjörður | ... | 1 | ... | ... | 1 | 5 | ... | 6 |
| 27. Reykjarfjörður | 361 | 1 | ... | ... | 1 | 3 | ... | 4 |
| 28. Bitrufjörður | .. | ... | ... | ... | ... | 3 | ... | 3 |
| 29. Hólmavík | 317 | 3 | ... | ... | 3 | 5 | ... | 8 |
| 30. Borðeyri | 496 | 3 | ... | ... | 3 | 5 | ... | 8 |
| 31. Hvammstangi | 529 | 3 | ... | ... | 3 | 5 | ... | 8 |
| 32. Blönduós | 3455 | 4 | ... | ... | 4 | 5 | ... | 9 |
| 33. Skagaströnd | 372 | 3 | ... | ... | 3 | 5 | ... | 8 |
| 34. Selvík | 1 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 35. Sauðárkrókur | 2260 | 6 | 9 | ... | 15 | 5 | 6 | 26 |
| 36. Kolkuós | 165 | ... | ... | ... | ... | 2 | ... | 2 |
| 37. Hofsós og Grafarós | 517 | ... | ... | ... | ... | 4 | ... | 4 |
| 38. Haganesvík | 129 | ... | ... | ... | ... | 4 | ... | 4 |
| 39. Siglufjörður | 13710 | 4 | 1 | 5 | 10 | 5 | ... | 15 |
| 40. Ólafsfjörður | 304 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 41. Dalvík | 72 | ... | ... | ... | ... | 5 | ... | 5 |
| 42. Akureyri | 10161 | 8 | 9 | 6 | 23 | 11 | 6 | 40 |
| 43. Flatey á Skjálfanda | 180 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Flyt... | ..... | 96 | 56 | 31 | 183 | 155 | 24 | 362 |

| | I. Flutningar 1911 | II. | III. | IV. | V. | VI. | VII. | VIII. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Skipakomur 1913 | | | | | | |
| | Smálestir | Sameinaða. | Thore | Flora | Alls | Strandferðir | Hringferðir | Ferðir alls |
| Flutt... | ..... | 96 | 50 | 31 | 183 | 155 | 24 | 362 |
| 44. Húsavík ... ... | 2146 | 6 | 8 | 6 | 20 | 6 | ... | 26 |
| 45. Kópasker... ... ... | 281 | ... | ... | ... | ... | 4 | ... | 4 |
| 46. Raufarhöfn... ... | ... | .. | ... | ... | ... | 4 | ... | 4 |
| 47. Þórshöfn... ... ... | ... | ... | 2 | ... | 2 | 4 | ... | 6 |
| 48. Bakkafjörður ... | 536 | ... | ... | ... | ... | 5 | ... | 5 |
| 49. Borgarfjörður eystra | ... | ... | ... | ... | ... | 6 | ... | 6 |
| 50. Vopnafjörður ... | 982 | 6 | 3 | 5 | 14 | 6 | ... | 20 |
| 51. Seyðisfjörður ... ... | 10178 | 11 | 10 | 6 | 27 | 6 | 6 | 39 |
| 52. Mjóafjörður... ... | 9994 | 2 | 2 | ... | 4 | 6 | ... | 10 |
| 53. Norðfjörður ... ... | 2728 | 5 | ... | 5 | 10 | 6 | ... | 16 |
| 54. Hellisfjörður ... | 2288 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 55. Eskifjörður ... ... | 7356 | 1 | 2 | 5 | 8 | 6 | ... | 14 |
| 56. Reyðarfjörður ... | 650 | 4 | ... | ... | 4 | 6 | ... | 10 |
| 57. Fáskrúðsfjörður ... | 2432 | 5 | 2 | 5 | 12 | 6 | ... | 18 |
| 58. Stöðvarfjörður ... | ... | ... | ... | ... | ... | 2 | ... | 2 |
| 59. Breiðdalsvík ... ... | 274 | ... | ... | ... | ... | 6 | ... | 6 |
| 60. Djúpavogur... ... | 558 | 1 | 6 | ... | 7 | 6 | ... | 13 |
| 61. Hornafjörður ... ... | 486 | ... | ... | ... | ... | 3 | ... | 3 |
| Samtals... | 234554 | 137 | 91 | 63 | 291 | 243 | 30 | 569 |

*Athugasemdir*: Í fremsta dálki eru uppskipaðar og útskipaðar vörur, í smálestum, og farið eftir verslunarskýrslum 1911.

Þá er í næstu 3 dálkunum tilgreint, hversu oft skip koma frá útlöndum og farið eftir áætlunum sameinaða fjel., Thore- fjel., og Björgvinjarfjel. fyrir árið 1913, en aukaskipum slept (2 samein., 1 Thore).

Í 5. dálki eru samantaldar skipakomur frá útlöndum (ɔ: viðkomur millilandaskipa í ferð *frá* útlöndum).

Í 6. dálki eru viðkomur strandskipa á leið *frá* Rvík., og í 7. dálki viðkomur þeirra skipa í hringferðum.

Í síðasta dálki allar skipakomur (á *framleið* — hvergi taldar viðkomur í *bakaleiðinni*).

Á áætlunum standa 56 skipsferðir til Íslands frá útlöndum[1]) (aukaskip meðtalin); þar við bætast komur strandbáta á vorin (2); verður samtals 58.

En 1911 komu í alt 48 seglskip og 309 gufuskip, samtals 357 skip.

[1]) Sameinaða 27; Thore 22; Björgvinjarfjel. 7.

Viðskifti Íslands við önnur lönd 1911 (eftir verslunarskýrslum):

| | þaðan | | þangað | |
|---|---|---|---|---|
| Danmörk ... ... ... | 6,217,000 kr. | (43,7 %) | 5,427,000 kr. | (34,0 %) |
| Bretland ... ... | 4,767,000 — | (33,5 %) | 2,660,000 — | (16,7 %) |
| Þýskaland ... ... | 1,299,000 — | (9,1 %) | 41,000 — | (0,3 %) |
| Noregur ... ... | 882,000 — | (6,3 %) | 1,077,000 — | (6,7 %) |
| Svíþjóð ... ... ... | 336,000 — | (2,3 %) | 706,000 — | (4,4 %) |
| Önnur lönd ... ... | 729,000 — | (5,1 %) | 975,000 — | (6,1 %) |
| Spánn ... ... | | | 3,534,000 — | (22,1 %) |
| Ítalía .. ... | | | 1,550,000 — | (9,7 %) |
| Alls ... | 14,230,000 kr. | | 15,970,000 kr. | |

*Hvaðan* skip gengu hingað til lands 1911.

| | | Þjóðerni skipanna |
|---|---|---|
| Frá Danmörk ... ... | 79 skip | (65 dönsk, 14 norsk). |
| — Bretlandi ... ... | 156 — | ( 6 ísl., 49 dönsk, 91 norsk, 3 sænsk, 7 bresk) |
| — Norvegi ... ... | 79 — | (11 — 7 — 56 — 2 — 3 — |
| — Svíþjóð ... ... | 25 — | (10 dönsk, 4 norsk, 11 sænsk,) |
| — Þýskalandi ... ... | 3 — | ( 1 — 2 þýsk) |
| — Spáni ... ... | 11 — | ( 4 — 5 norsk, 1 franskt, 1 hollenskt) |
| — Portúgal ... ... | 1 — | ( 1 franskt) |
| — Ítalíu ... ... | 1 — | ( 1 danskt) |
| — Bandaríkjum ... | 1 — | ( 1 norskt) |
| — Frakklandi .. ... | 1 — | ( 1 franskt) |
| | 357 skip | |

Nd. **698. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Nefndin, sem háttv. neðri deild fól mál þetta, hefir nú athugað það.

Aðaltilgangur frumvarpsins er að breyta því ákvæði fátækralaganna, að dvalarsveit eigi endurgjaldsrjett að eins á $^2/_3$ fátækrastyrks, er hún veitir utansveitar þurfaling, og atriðum er standa í sambandi við það, með því að mörgum hefir þótt þetta ákvæði ranglátt og afleiðingar þess koma æði misjafnt niður.

Meiri hluti nefndarinnar sjer þó ekki fært nje tímabært, að koma slíkri breyting á nje býst við að hún hefði almenna hylli, og vill þá minni hlutinn ekki gera það að kappsmáli, að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Aftur á móti hefir meiri hluta nefndarinnar komið saman um, að rangt sje, að dvalarsveit kosti að $^1/_3$ þurfaling annarar sveitar, þegar svo stendur á,

að hún á rjett á, að þurfalingur væri fluttur á framfærslusveit, en flutningurinn verður ekki framkvæmdur af því að þurfalingur er sjúkur og læknir bannar flutninginn.

Samkvæmt þessu verður það niðurstaða nefndarinnar, að ráða háttv. deild til þess að fella 2. og 3. gr. frumvarpsins, en samþykkja 1. gr. þess öðruvísi orðaða, og kemur þá með þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

63. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskildan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., eða þurfalingur eftir úrskurði læknis verður eigi fluttur á framfærslusveit sína sakir sjúkleika. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á, að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

2. 2. og 3. gr. frumvarpsins falli niður.

Neðri deild Alþingis 3. sept. 1913.

Jón Jónsson, formaður. Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum.

Pjetur Jónsson. Matth. Ólafsson, með fyrirvara. Einar Jónsson, með fyrirvara.

Ed.

## 699. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44 30. júlí 1909.

Frá minni hlutanum.

Minni hlutinn telur varhugavert að veita nokkra undanþágu frá aðflutningsbannslögunum, og ræður því háttv. deild til að samþykkja eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGU

1. gr. falli burt. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Efri deild, 3. sept. 1913.

Sig. Eggerz.

Ed. **700. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár (á þingskj. 552).

Frá Steingrími Jónssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir: »20« í fyrstu línu greinarinnar:
   Komi: 2.
2. — 1. — Fyrir orðið: »lán« í 2. línu greinarinnar.
   Komi: afborganir af láni.
3. — fyrirsögnina Fyrir: »20«.
   Komi: 2.

Ed. **701. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915, á þingskj. 572.

Nefndin, sem háttvirt deild fól að athuga fjárlagafrumvarpið, hefir á 12 nefndarfundum rannsakað það svo vandlega, sem hinn naumi tími hefir leyft. Ennfremur hefir hún eftir föngum kynt sjer erindi þau, snertandi fjárlögin, sem komið hafa til þingsins, svo og mörg skjöl frá stjórnarráðinu. Leyfir nefndin sjer að gera grein fyrir áliti sínu á þessa leið:

Samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar eru tekjurnar áætlaðar kr. 3,706,470, en í gildandi fjárlögum (1912—'13) kr. 2,887,400. Þessari áætlun hefir háttvirt neðri deild breytt þannig, að hún hefir felt úr 4. gr. afborganirnar af útlánum viðlagasjóðs kr. 116,000, en jafnframt hækkað ýmsa liði í 2. gr. um 128 þús. kr. svo tekjurnar eru nú 12000 kr. hærri en í stjórnarfrumvarpinu.

Nefndin lítur svo á, að þessi áætlun neðri deildar sje svo varleg, að á henni megi byggja, og gerir því engar breytingartillögur við tekjukafla frumvarpsins. Að vísu mun frumvarp það um breyting á vörutollslögunum, sem nú er til meðferðar í neðri deild, verði það að lögum, draga til muna úr þessari tekjugrein, en eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, mun mega treysta því, ef árferði verður sæmilega gott, að vörutollurinn verði ekki undir 600 þús. kr. á fjárhagstímabilinu.

Í frumvarpi stjórnarinnar eru gjöldin talin 3,630,883 kr, 85 aur. eða kr. 297.316,31 hærri en í gildandi fjárlögum. En við meðferð frumvarpsins í neðri deild hafa gjöldin hækkað um kr. 352.830, og er þá tekjuhallinn kr. 265.243,85. Hefir þessi mikla gjaldahækkun sjerstaklega komið niður á 13., 14. og 16. gr.

Þótt fjárhagur landssjóðs að vísu sje betri en menn bjuggust við á þinginu 1911 og tekjuáætlunin sæmilega varleg, erum við nefndarmennirnir allir sammála um, að tekjuhallinn sje helst til mikill, og hefir það því verið aðalmarkmið vort, að reyna að minka hann eða að minsta kosti að hamla því, að hann aukist. En engu að síður hefir oss virst óhjákvæmilegt að bera fram nokkrar tillögur um eigi óverulegar gjaldahækkanir.

Samkvæmt þessu leyfum vjer oss að ráða háttvirtri deild til að samþykkja allmargar breytingartillögur við frumvarpið og eru þær prentaðar á þgskj. 665. Gerum vjer grein fyrir þeim hjer á eftir.

Við 9. gr.

Upphæðin til aðstoðar og skrifstofukostnaðar er að eins áætluð, og eru allmiklar líkur til, að hún hrökkvi ekki. Orðin »alt að« eiga því eigi við, því auðvitað verður stjórnarráðið að fá það fje, sem til þessa þarf.

Við 11. gr.

Neðri deild hefir hækkað fjárveitinguna til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga um 17000 kr. Nefndin felst á, að gott sje að styrkja viðleitni manna til þess, að verjast ágangi útlendinga. En þar sem engar ákveðnar tillögur hafa komið fram um það, hvernig eftirlitið muni verða framkvæmt, því síður kostnaðaráætlanir, teljum vjer eigi rjett nú þegar að veita svo mikið fje til eftirlitsins. Vjer hyggjum, að 4,500 kr. muni nægja til að styrkja að minsta kosti 3 venjulega vjelabáta á þeim tímum árs, er mest á ríður og er það góð byrjun.

Við 12. gr.

Útgjöldin við læknaskipunina og til heilbrigðismála eru samkv. stjórnarfrumvarpinu kr. 356.129,80 eða 22.249,80 hærri en samkv. gildandi fjárlögum. Neðri deild hefir hækkað gjöldin um 4400 kr.

Það hefir verið kvartað yfir því, að augnlæknirinn hefði of litla viðdvöl á hinum heldri viðkomustöðum strandferðaskipanna, þegar hann fer lækningaferðir sínar, en þó hann dvelji hálfsmánaðartíma í einhverjum kaupstaðanna norðan og austan lands, getur verið ókleift fyrir sjúklinga að ná til hans. Úr þessu vill nefndin bæta með breytingartillögu við athugasemdina, en vonast eftir, að stjórnarráðið gæti þess, að læknirinn hagi ferðum sínum sem allra best og að ferðaáætlunin sje gerð almenningi kunn.

Orðalaginu á athugasemdinni á eftir 6. lið var breytt í neðri deild á þá leið, að hún getur misskilist. Úr þessu viljum vjer bæta með 4. breytingartillögunni.

Styrkurinn til heilsuhælisins á Vífilsstöðum er hækkaður um 7000 kr. frá gildandi fjárlögum, úr 18000 kr. upp í 25000 kr., og auk þess er lagt til að veita hælinu 3000 kr. f. á., til þess að kaupa Röntgensáhöld.

Heilsuhælið er privatstofnun og hefir landsstjórn og þing engin bein af-

skifti af því og engin áhrif á fjárhagsstjórn þess. Liggur því í augum uppi, að þingið verður að setja einhver takmörk fyrir styrkveitingu til þess, enda hefir tilætlunin verið, að heilsuhælisfjelagið standi straum af reksturkostnaði heilsuhælisins með tilstyrk landssjóðs. Nefndin lítur svo á, að stjórnin og neðri deild hafi gengið of langt í styrkveitingunni, og leggur því til að lækka hana um 1000 kr. hvort árið.

Nefndin vonast eftir, að stjórn heilsuhælisfjelagsins geri hið ítrasta til þess að spara og leggi ennfremur alt kapp á að afla hælinu tekna með samskotum og tillögum, sem mjög hafa minkað síðustu árin. Hefir verið bent á, að miklu meira fje muni mega safna með dánarminningargjöfum, ef minningarspjöld hælisins væru til sölu hjá sem flestum prestum landsins, og þeir fengnir til að gangast fyrir sölunni. Loks vill nefndin benda á, að gjald það, er sjúklingarnir greiða, er mjög lágt og getur því komið til mála, ef hælið eigi getur borið sig án þess, að hækka það lítilsháttar.

Nefndinni hefir borist erindi frá hjeraðslækninum í Keflavíkurhjeraði, þar sem hann meðal annars sækir um styrk til þess að leigja herbergi með 2 rúmum, til þess að taka á móti sjúklingum.

Nefndin vill taka umsókn læknisins til greina að þessu leyti, og það því fremur sem hún hyggur, að allvíða hagi svo til, að fult eins heppilegt sje fyrir hjeruðin að leigja hús eða part úr húsi, til þess að taka á móti sjúklingum, eins og að ráðast í að byggja dýr sjúkraskýli. Leggur hún því til að hækka lið 10 a um 200 kr. hvort árið í þessu skyni, þannig að um útbýtingu styrksins gildi hinar sömu reglur og um styrk til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.

Landlæknir hefir kvartað um að styrkur sá, er veittur er hjeraðslæknum til utanferða, sje of lítill. Nefndin telur styrk þenna mjög gagnlegan og utanferðirnar nauðsynlegar fyrir læknana. Hinsvegar viðurkennir hún, að styrkupphæð sú, er hver læknir getur fengið, sje helst til lág og sjerstaklega, að of lítið sje að ætla þeim 120 kr. styrk fyrir hvern mánuð. Vill hún því hækka liðinn upp í 900 kr., og að veita megi alt að 150 kr. fyrir hvern mánuð.

Styrkur úr landssjóði til sjúkrasamlaga er ákveðinn með lögum nr. 39, 1911. Sjúkrasamlög eru nú stofnuð á nokkrum stöðum, og er fjelagatala þeirra, eftir því, sem næst verður komist, hátt á 5. hundrað. Hin áætlaða upphæð er því alt of lág, og er lagt til að hækka hana upp í 600 kr. hvort árið.

Það er öllum ljóst, að geðveikrahælið á Kleppi er miklu minna en það þyrfti að vera, og auk þess fremur af vanefnum gert. Það var ætlað 40—50 sjúklingum, en nú eru þar að jafnaði 62—66, og þó eru margir sjúklingar víðsvegar í sveitum landsins, sem menn vilja koma þangað, en geta eigi fengið inngöngu. Það er því augljóst, að bráðlega verður að bæta við hælið. En mikið vandamál er að ráða fram úr, hvernig þessari viðbótarbyggingu skuli haga, og ekkert vit að byrja á verkinu fyr en nákvæm teikning og áætlun er gerð. Lítur landlæknir svo á, að ekki sje gerlegt að ráðast í þetta fyr en einhver vel hæfur maður hefir átt kost á að kynna sjer nýjustu erlend geðveikrahæli. Hann fer því fram á, að húsameistara Rögnvaldi Ólafssyni verði veittar 1500 kr. til utanfarar í þessu skyni og með því skilyrði, að hann geri glögga áætlun um viðbótarbyggingu fyrir hælið. Nefndin er samþykk þessari tillögu landlæknis, og væntir að Rögnvaldur, sem er aðalleiðbeinandi stjórnarinnar við allar opinberar byggingar, einnig hafi gagn af förinni í öðrum efnum. En meiri hluti nefndarinnar

hyggur, að hann muni komast af með 1200 kr., og leggjum vjer því til, að sú upphæð verði veitt.

Verði þessar breytingartillögur nefndarinnar við 12. gr. samþyktar, hækka gjöldin um 1000 krónur.

Við 13. gr.

Samkvæmt gildandi fjárlögum eru gjöldin til samgöngumála áætluð kr. 1,153,450, samkv. fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar kr. 1,065,150 og samkv. frumvarpinu eins og neðri deild hefir samþykt það kr. 1,220,250. Við þetta er að athuga, að á gildandi fjárlögum eru talin fjárframlög til símalagninga, að upphæð 106 þús. kr., en samkv. símalögunum frá 1912 eru tilsvarandi fjárframlög eigi talin í frumvarpinu. Samkv. frumvarpi neðri deildar hafa því gjöldin til samgöngumála hækkað um kr. 172,800.

Þessi mikla útgjaldahækkun hefir gert það að verkum, að nefndin hefir talið sjer skylt að reyna að draga úr gjöldunum, og að hún ekki hefir sjeð sjer fært, að taka upp Eyjafjarðarárbrú, sem stjórnin tók upp í frumvarp sitt, nje brú á Jökulsá á Sólheimasandi, sem fjárlaganefnd neðri deildar bar fram. Og því fremur hefir nefndin tekið þetta ráð, þar sem fje er veitt til að byggja 6 mjög nauðsynlegar brýr á þjóðvegum, er kosta 54 þús. kr.

Við einstaka liði athugast:

Launakjör póstafgreiðslumanna í og utan Reykjavíkur eru mikið bætt, auk þess sem 8 nýjar póstafgreiðslur verða teknar upp, og nemur sú gjaldaaukning 8,600 kr. Nefndin er þessu samþykk, en vonast eftir, að hækkun þessara gjaldliða stansi nú um nokkur ár.

Kostnaður við póstflutning virðist nefndinni nokkuð hár. Væntir hún, að póststjórnin gæti þar hins mesta sparnaðar, sjerstaklega að því er snertir borgun fyrir aukahesta póstanna. Í þessum lið eru talin útgjöld til bæjarpósta í kaupstöðum. Hefir verið kvartað yfir því, að í sumum kaupstöðum sjeu brjef eigi borin út um allan bæinn. Nefndin treystir því, að póststjórnin sjái um, að þetta verði leiðrjett.

Landsverkfræðingurinn óskar, að brýrnar á Ljá og Fáskrúð verði bygðar sama árið. Leggur nefndin því til að flytja fjárveitinguna til brúar á Ljá á fyrra árið.

Af sparnaðarástæðum leggur nefndin til að fella burtu liðina B III 8 og 9. Nefndin getur eigi sjeð, að brúin á Bleikdalsá sje svo bráðnauðsynleg, að hún ekki geti beðið, þar sem svo margt annað kallar að. Í Austur-Skaftafellssýslu eru þjóðvegir, að sögn nákunnugra manna, betri en í flestum öðrum sýslum landsins, og auk þess er nefndinni ókunnugt um, hvar í sýslunni eða hvernig eigi að verja þessu fje.

Akfær vegur milli Búðareyrar (endastöð Fagradalsbrautarinnar) og Eskifjarðar kostar 40—45 þús. kr., en flutningur og umferð milli þessara staða auðvitað mestmegnis á sjó. Nefndin lítur svo á, að engin ástæða sje til að byrja nú á þessum vegi, og það því fremur, sem annarsstaðar í sömu sýslu er miklu brýnni þörf aðgerða.

Hún leggur því til að fella niður 6 þús. kr. til Eskifjarðarvegar, en taka upp í þess stað 3000 kr. til þjóðvegarins um Völlu, og er ætlast til, að megninu af

þessari upphæð verði varið til að tengja Fagradalsbrautina við akfæran veg, sem byrjað er að leggja um Eiðaþinghá.

Dragferjan á Blöndu hjá Löngumýri verður á sýsluvegi, og færist liður þessi því aftur fyrir B VII.

Brúin á Þverá syðri í Eyjafirði er á hreppavegi, og getur nefndin því eigi verið því samþykk, að fje verði veitt til hennar úr landssjóði.

Nefndin er samdóma samgöngumála- og fjárlaganefnd neðri deildar um, að styrkurinn til Eimskipafjelags Íslands eigi að vera bundinn því skilyrði, að samningar um strandferðir takist við fjelagið. Leggur hún því til, að athugasemdin við liðinn taki það fram.

Í gildandi fjárlögum er veittur 7000 kr. styrkur hvort árið til bátaferða á Breiðaflóa, en stjórnin færði þenna styrk niður í 4000 kr. Nefndinni virðist eigi ástæða til að hækka styrkinn úr því, sem nú er, og ræður því til að lækka þenna lið um 2000 kr.

Þá vill nefndin færa styrkinn til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði niður í 600 kr., eins og í frumvarpi stjórnarinnar.

Nefndin fær eigi sjeð, að ástæða sje til að styrkja mótorbátsferðir til Hvalfjarðar, enda munu þær ferðir spilla fyrir Ingólfi. Leggur hún því til, að liðurinn falli burt.

Frá 53 alþingiskjósendum í Rauðasandshreppi hefir komið umsókn um styrk til mótorbátsferða frá Patreksfirði til Rauðasands. Þetta er mjög afskekt sveit og samgöngur erfiðar. Virðist nefndinni því rjett, að umsóknin verði tekin til greina, og 300 kr. styrkur veittur hvort árið.

Nefndin lítur svo á, að starfsmenn við landsímann sjeu tiltölulega vel launaðir, og getur eigi sjeð, að ástæða sje til að veita þeim símaverkfræðing P. Smith og stöðvarstjóra Gísla Ólafssyni launaviðbót, t. d. samanborið við póstafgreiðslumennina í Reykjavík. Vill hún því lækka liðinn D III, 2 a um 400 kr. hvort árið.

Það hefir verið kvartað yfir því, að símasendlarnir í kaupstöðunum utan Reykjavíkur beri ekki símskeyti út um alla bæina. Virðist nefndinni því rjett, að setja athugasemd um þetta í fjárlögin.

Þegar símastöðin var opnuð á Akureyri árið 1906, leigði landsímastjórinn húsnæði handa henni hjá ritstjóra Jóni Stefánssyni, þannig að Jón var bundinn við samninginn í 10 ár, en landsímastjórinn gat sagt húsnæðinu lausu eftir 5 ár. Sumarið 1910 gerði landsímastjórinn samning við eigandann um kaup á húsinu, að því tilskildu, að alþingi veitti fje til kaupanna. Ritaði hann síðan stjórnarráðinu um málið og fór fram á, að í fjárlagafrumvarpið fyrir 1912—'13, yrði tekin upp fjárveiting til kaupanna. En af einhverjum orsökum lagði stjórnin aldrei mál þetta fyrir þingið 1911, og síðan hefir því ekki verið hreyft, þangað til húseigandinn nú hefir snúið sjer til stjórnarinnar og þingsins og farið fram á að húsið verði keypt. Telur hann, að landstjórnin sje skuldbundin til að kaupa það samkv. samningnum frá sumrinu 1910. Landsímastjórinn lítur hinsvegar svo á, að hann og stjórnin sjeu laus allra mála. Vill hann nú flytja stöðina og byggja stöðvarhús fyrir fje landssjóðs. Telur hann þetta nauðsynlegt fyrir hagsmuni símans.

Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið um mál þetta, sjer hún enga knýjandi ástæðu til þess, einmitt nú, að ráðast í hinn kostnaðarsama flutn-

ing stöðvarinnar. Hinsvegar virðist henni, að öllum ástæðum athuguðum, sanngirni mæla með því, að landsstjórnin kaupi húsið. Fari svo ólíklega, að símstöðin verði bráðlega flutt, mun landsstjórnin geta selt húsið nokkurn veginn skaðlaust. Af þessum ástæðum vill nefndin veita 14000 kr. f. á. til húskaupanna.

Verði breytingartillögur nefndarinnar við 13. gr. samþyktar, lækka gjöldin til samgöngumála um 3900 kr. En geta má þess, að nefndin tekur ef til vill upp við 3. umr. breytingartillögur, sem hækka gjöldin lítilsháttar.

Við 14. gr.

Neðri deild hefir flutt úr 16. gr. í þessa grein gjöld til bændaskólanna og annara kenslustofnana, sem áður hafa verið taldar þar. Þessu er nefndin samþykk, en við breytinguna hafa gjöld 14. gr. hækkað um tæpar 67 þús. kr. Að öðru leyti hafa gjöldin við meðferð neðri deildar aukist um tæpl. 51 þús. kr. Við einstaka liði greinarinnar athugast.

Biskup hefir unnið að því, að koma ljenskirkjum í umsjón safnaðanna, og orðið svo ágengt, að nú eru að eins 42 eða 43 ljenskirkjur á öllu landinu. En til þess hefir landssjóður stundum orðið að leggja fram fje til álags á hinar fátækari kirkjur, áður en söfnuðurnir taka við þeim.

Skýrir biskup frá, að varla muni þurfa að greiða álag á meira en 10 af þeim ljenskirkjum, sem nú eru eftir.

Ein af þessum fátæku ljenskirkjum er Þönglabakkakirkja. Hefir söfnuðurinn boðist til að taka við henni með 1000 kr. álagi, og mælir biskup með því, að upphæðin verði greidd úr landssjóði. Kirkjan er hrörleg og á engan sjóð, en söfnuðurinn fámennur og fátækur. Nefndin mælir því með því, að þessar 1000 kr. verði veittar f. á.

Þegar makaskift var jörðunum Viðvík og Hjaltastöðum í Skagaf., var við úttekt í júní 1862 metið álag á Viðvíkurkirkju, að upphæð 200 ríkisdalir. Þessir 200 ríkisd. voru þó aldrei greiddir, og söfnuðurinn, sem nú hefir tekið við kirkjunni, hefir farið fram á, að landssjóður greiddi þessa upphæð. Með þessu hefir biskup mælt hið besta, með því kirkjan sje mjög hrörleg og eigi mjög lítinn sjóð og sanngirni mæli með greiðslunni. Af þeim ástæðum, sem biskup hefir bent á, leggur nefndin til, að álag þetta verði greitt með 400 kr. fyrra árið.

Nefndin viðurkennir, að óhjákvæmilegt sje, að gera við Reykjavíkurdómkirkju og að fullnægjandi aðgerð muni ekki kosta öllu minna en áætlað er, en hún lítur svo á, að kirkjan með sínum miklu tekjum standi betur að vígi með að greiða kostnaðinn við aðgerðina, en flestar aðrar kirkjur landsins. Ræður hún því til að fella þessa fjárveitingu burt, en veita kirkjunni lán úr viðlagasjóði, sem ávaxtist og endurgreiðist með 6% árgjaldi á næstu 28 árum.

Nefndin lítur svo á, að stjórnin og neðri deild hafi gengið oflangt í því, að hækka námsstyrk við háskólann. Tilgangurinn mun vera, að fyrirbyggja eða draga úr því, að stúdentarnir leiti til Kaupmannahafnarháskóla, en nefndin hyggur, að hinn aukni námsstyrkur muni eigi hefta för þeirra, og vill því lækka liðinn um 1300 kr. Verður námsstyrkurinn þá 1800 kr. hærri en nú. Nefndin ætlast til, að húsaleigustyrkur við háskólann og hinn alm. mentaskóla verði að eins veittur utanbæjarmönnum og telur því óþarft að hækka fjárveitinguna til húsaleigustyrks við háskólann upp úr þeim 3600 kr., sem nú eru veittar. Þá vill nefndin lækka upphæðina til kenslubóka um 500 kr. Hyggur að 2000 kr. muni

nægja næstu 2 árin, og það því fremur, sem hún vill veita 500 kr. hvort árið til þess að byrja á að undirbúa efnisskrá yfir íslensk lög. Lagakennararnir munu að sjálfsögðu vinna að þessum undirbúningi, og hafa þeir þá minni tíma til þess að gefa út kenslubækur, en við aðrar deildir háskólans mun fjeð til útgáfu kenslubóka verða fremur lítið notað.

Nefndin leggur til, að hækka launin við hinn almenna mentaskóla um 200 kr. hvort árið. Ætlast hún til að þessar 200 kr. sjeu persónuleg launaviðbót til yfirkennara Geir Zoëga, sem viðurkenning fyrir störf hans í þarfir skólans og bókmentanna.

Frá stjórnarráðinu hafa nefndinni borist tvö erindi um fjárframlög til Hólaskóla. Er þar fyrst farið fram á fjárveitingu, til þess að gera við gamla skólahúsið, og til þess að byggja geymsluskúr, að upphæð 5150 kr. og enn fremur 300 kr. fjárveitingu, til þess að kaupa ofn í leikfimishús skólans. Af lýsingu og áætlun, sem erindi þessu fylgja, virðist mega ráða, að húsið sje nú, þrátt fyrir nokkuð dýra aðgerð 1911 og 1912, lítt notandi til íbúðar, og liggi undir stórskemdum. Verður því eigi hjá því komist, að gera við húsið, og þá sjálfsagt að gera það rækilega. Þessi aðgerð kostar um 4000 kr.

Geymsluskúrinn kostar 1150 kr., og er mjög nauðsynlegt að koma honum upp. Viðvíkjandi ofninum er upplýst, að leikfimishús skólans verði naumast notað án hans.

Í annan stað er farið fram á alt að 12000 kr. fjárveitingu, til þess að byggja fjós með hlöðu og haughúsi. Það er í ráði, að skólastjórinn á Hólum taki við búinu þar og taki jörðina á leigu. Er líklegt, að þetta horfi til umbóta bæði fyrir kensluna og búskapinn. En búskapurinn á Hólum hefir undanfarið eigi verið í eins góðu lagi og æskilegt hefði verið. En peningshúsin þar eru í ólagi, og hefir skólastjórinn sett það sem skilyrði fyrir, að hann taki við skólabúinu og jörðinni, að áðurnefnd hús verði bygð, svo mikil og vönduð, að þau verði til fyrirmyndar.

Að vísu finst nefndinni mikið til um fjárbeiðnir þessar í viðbót við þær fullar 50 þús. kr., sem varið hefir verið til bygginga á Hólum síðustu 4 árin. En hún lítur svo á, að ekki verði komist hjá þessum tilkostnaði, og leggur því til, að þessar þrjár upphæðir verði veittar fyrra ár fjárhagstímabilsins.

Nefndin vill hækka styrkinn til matreiðsluskólahalds á Ísafirði um 200 kr., en jafnframt binda hann því skilyrði, að lagt verði fram til skólahaldsins að minsta kosti 400 kr. annarsstaðar að.

Eftir atvikum vill nefndin hækka tillagið til kvennaskólans á Blönduósi upp í 3600 kr., gegn 900 kr. framlögum annarsstaðar að. Aðsókn að skólanum er mikil, og nú er búið að byggja þar stórt og vandað skólahús, en stofnunin mjög hlaðin skuldum. Að sjálfsögðu verður kvennaskólinn í Reykjavík að fá 1675 kr. framlag annarsstaðar að gegn landssjóðsstyrk þeim, er honum er ætlaður.

Umsjónarmaður fræðslumálanna hefir bent nefndinni á, að athugasemdirnar við B XII 1 og 2 sjeu óheppilega orðaðar. Hann telur nauðsynlegt, til þess að fyrirbyggja misrjetti, að styrkur úr landssjóði sje að eins lagður fram til móts við framlög úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði eða úr fræðslusjóði, ef til er. Að öðru leyti sjeu athugasemdirnar óþarfar, þareð öll önnur skilyrði eru tekin fram í fræðslulögunum. Þetta eiga breytingartillögur nefndarinnar að lagfæra.

Nefndin vill benda á, að nauðsynlegt er, að eftirlitsmaður fræðslumálanna

fari eftirlitsferðir sínar sem mest eða svo sem því verður viðkomið á vetrum meðan skólarnir starfa.

Samkvæmt breytingartillögum nefndarinnar eiga gjöld þessarar greinar að lækka um 2550 kr.

Við 15. grein.

Samkvæmt gildandi fjárlögum eru gjöldin í 15. gr. 162,740 kr. Í frumvarpi stjórnarinnar eru þau áætluð 159,240 kr., en af neðri deild er greinin samþykt með 174,790 kr. gjaldaupphæð. Við einstaka liði greinarinnar athugast.

Neðri deild hefir hækkað laun 1. bókavarðar við landsbókasafnið upp í 2000 kr. Nú hefir 2. bókavörður, sem að eins hefir 1000 kr. laun, sótt um 500 kr. launahækkun. Hann hefir að vísu 1440 kr. eftirlaun, og því 2440 kr. til að lifa af. En þar sem hann hefir um 7 stunda vinnutíma við safnið hvern virkan dag árið um í kring, og þessi mismunur á launum bókavarðanna er nokkuð mikill, vill nefndin veita honum 200 kr. persónulega launaviðbót.

Landsbókasafnið á mjög gott og fullkomið skákritasafn, sem því var gefið fyrir nokkrum árum. Hefir nefndinni verið bent á, að mjög æskilegt væri, að safnið gæti keypt hin nýjustu skákrit til þess að fullkomna þetta góða safn. Vonast nefndin eftir, að stjórn landsbókasafnsins sjái sjer fært að verja nokkru af upphæð þeirri, sem veitt er til bóka- og handritakaupa, til þessa.

Liðinn 1. k. »Ýmisleg útgjöld« vill nefndin hækka um 150 kr. hvort árið, til þess að safnið geti leigt húsnæði, til þess að flytja burt úr bókasafnsbyggingunni nokkuð af bókum þeim, er mjög sjaldan eru notaðar. Landsbókavörðurinn hefir bent á, að safnið aukist svo ört, að mjög bráðlega reki að því, að rýma verði úr húsinu annaðhvort náttúrugripasafninu eða fornmenjasafninu. Telur nefndin mjög mikilsvert, að burtrekstri þessara safna verði frestað að minsta kosti um nokkur ár.

Skáldin Einar Hjörleifsson, Þorst. Erlingsson, Guðm. Magnússon og Guðmundur Guðmundsson hafa ritstörf fyrir aðalatvinnu. En þar sem þeir vitanlega hafa fremur litlar tekjur af útgáfu skáldritanna, er eðlilegt, að þeir treysti fyrst og fremst á styrkinn úr landssjóði til lífsframfæris. Nefndin lítur svo á, að þeir hafi rjett til að treysta því, að þeir haldi áfram að njóta árlegs styrks úr landssjóði, meðan þeir hafa ritstörf fyrir aðalatvinnu, og leggur því til, að fyrirkomulag styrksins verði eins og í frumvarpi stjórnarinnar, en styrkupphæðunum vill meiri hluti nefndarinnar ekki breyta.

Einar Jónsson myndhöggvari hefir 1200 kr. styrk á ári samkv. gildandi fjárlögum. Það er alkunnugt, að þessi gáfaði listamaður á mjög erfitt uppdráttar og mun hann eiga örðugra með að komast af, af því myndasafn hans, sem hann hefir viljað gefa landinu, bakar honum tilfinnanlegan kostnað. Nefndin getur ekki verið samdóma þeim mönnum, sem vilja, að landið taki við safninu að gjöf eða kaupi það af Einari, en hins vegar lítur hún svo á, að ekki sje rjett, enn sem komið er, að taka af honum styrk þann, er hann nú hefir.

Nefndinni virðist óviðkunnanlegt, að styrkurinn til Jóns Ólafssonar sje veittur skilyrðislaust, að öðru leyti en því, að hann láti af öllum öðrum launuðum störfum. Hann er nú kominn vel á veg með orðabókina, og hyggur nefndin því, að hann muni ekki eiga örðugt með að skila árlega sem svarar 40 prentuð-

um örkum af handritinu. Þá virðist nefndinni óviðeigandi, að kalla styrkinn 1. og 2. greiðslu af 8 ára styrk.

Rithöfundurinn Hannes Þorsteinsson hefir launað starf við landsskjalasafnið og fær fyrir það 960 kr. á ári. Starfi þessu er þannig varið, að það mun ekki tefja hann teljandi frá vísindastörfum hans. Nefndin vill því lækka styrkinn um 500 kr. Hefir hann þá tæpar 3000 kr. úr landssjóði.

Nefndin hyggur, að litlar líkur sjeu til þess, að dr. phil. Helgi Pjeturss muni næstu tvö árin ferðast um landið til jarðfræðisrannsókna, en við það er upphæð styrksins, er hann nú hefir, miðuð. Hún er því sammála fjárlaganefnd neðri deildar um, að færa styrkinn niður í 1200 kr.

Nefndin leggur til, að fella burt styrkinn til þeirra Eggerts og Þórarins Guðmundssona. Sjer eigi ástæðu til að taka þá fram yfir aðra umsækjendur um samskonar styrki.

Viðvíkjandi styrknum til Guðmundar Hjaltasonar vill nefndin taka fram, að hún vonast eftir, að hann á næstu 2 árum haldi fyrirlestra í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungi, ef til vill einnig á Norðurlandi, helst í afskektari sveitum.

Í taflfjelagi Reykjavíkur eru nokkrir góðir taflmenn. Virðist vel við eiga, að fjelagið sendi mann á skákþing Norðurlanda, sem halda á næsta ár. Færi svo, að sendimaðurinn gæti sjer góðan orðstír þar, mundi það með öðru vekja eftirtekt útlendinga á Íslandi og hinni íslensku þjóð, og væri þá vel farið. Fyrir því vill nefndin veita taflfjelaginu 400 kr. styrk í þessu skyni.

Takist Samúel Eggertssyni að gera hlutfallsuppdrátt yfir sögu Íslands eins fullkominn og auðskilinn eins og hann hugsar sjer og gerir grein fyrir í umsókninni til þingsins, mun uppdrátturinn óefað geta orðið til mikils gagns við sögukenslu. Virðist nefndinni þessi hugmynd svo mikils verð, að hún vill veita 1000 kr. styrk fyrra árið til tilraunarinnar.

Breytingartillögur nefndarinnar við þessa grein hækka gjöldin um 300 kr.

Við 16. gr.

Samkvæmt gildandi fjárlögum eru útgjöld þessarar greinar 438,394 kr. og samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar 343,570 kr. Neðri deild flutti úr greininni í 14. gr. 65,400 kr. og í 18. gr. 3000 kr., en þó eru útgjöldin í frumvarpinu eins og það kom frá neðri deild 372,220. Hefir því meðferð neðri deildar hækkað útgjöldin um 97,050 kr. Við einstaka liði athugast.

Nefndinni hefir borist beiðni frá nokkrum búendum í Álftavershreppi um, að landssjóður leggi fram fje til þess að varna vatnságangi úr ánni Skálm á engi nokkurra jarða þar. Jarðirnar sem mest verða fyrir áganginum eru þjóðjarðir, og lítur út fyrir, að allmikið sje í veði. Ráðanautur Búnaðarfjelags Íslands hefir gert áætlun um nauðsynlegustu aðgerðirnar, og er kostnaðurinn samkv. henni 2000 kr. Nefndin vill að landssjóður greiði helming kostnaðarins við verkið, þó ekki yfir 1000 kr.

Nefndin veit eigi til, að áætlun sje gerð um, hvað kosta muni að ryðja vör við Ingólfshöfða og gera veg upp höfðann. Henni er heldur eigi ljóst, hvaða gagn mundi verða að fjárframlagi til þessa, og getur því eigi fallist á, að rjett sje, að veita fje úr landssjóði til þessa, þar sem málið er gersamlega óundirbúið.

Nefndin ræður til að lækka styrk til iðnaðarmannanáms erlendis um 500 kr. hvort árið. Sjer eigi ástæðu til að hafa hann hærri en nú er.

Vjelfræðingur Þorkell Þ. Klemenz hefir sótt um utanfararstyrk til þess að afla sjer frekari þekkingar á þurkunaraðferðum og þeim tækjum og útbúnaði, sem notaður er til inniþurkunar. Nefndin lítur svo á, að endurbættar inniþurkunaraðferðir muni hafa langmesta þýðingu fyrir sjávarútveginn. Telur hún því rjettast, að umsækjandinn snúi sjer til Fiskifjelags Íslands, sem nú fær talsvert fje til umráða.

Við 22. lið greinarinnar vill nefndin gera lítilfjörlega orðabreytingu í samræmi við frumvarp það um skoðun á síld, sem Alþingi hefir samþykt.

Nefndinni er eigi kunnugt um, að nokkur undirbúningur hafi verið gerður til þess, að senda erindreka til útlanda til þess að hafa með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum, og er alls eigi ljóst, hvernig þessu verði hagað. Leggur hún því til, að liðurinn falli burt.

Nefndin lítur svo á, að styrkveiting til bifreiðaferða sje að eins tilraun, sem æskilegt sje að gera. En þar sem enn þá er alveg óvíst, hver árangur þessara tilrauna muni verða, álítur hún ekki rjett að veita styrk, nema á einum stað, og þá að sjálfsögðu út frá Reykjavik. Hún ræður því til að fella 33. lið greinarinnar burt.

Það er sótt um styrk til þingsins fyrir Eggert Vilhjálmsson Briem til að nema rafmagns- og vjelafræði á Þýskalandi. Hann hefir ágæt meðmæli og eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, virðist hann afbragðs vel fallinn til þessa náms. Nefndin vill því veita honum 600 kr. styrk hvort árið.

Nefndin viðurkennir, að mjög mikla nauðsyn beri til að bæta og tryggja lendinguna í Bolungarvík. En meiri hluti hennar vill alls eigi víkja frá þeirri meginreglu, að landssjóður leggi aldrei meira en $^1/_3$ hluta kostnaðarins fram til slíkra fyrirtækja. Leggur hún því til að færa fjárveitinguna niður í 7500 kr. hvort árið, og gera það að skilyrði, að landssjóðstillagið eigi nemi meiru en $^1/_3$ kostnaðarins, þó þannig, að til móts við það má telja upphæð þá, sem varið var til brimbrjótsins 1911.

Við bryggjuna á Blönduósi hagar svo til, að mjög örðugt er að koma þar bátum á land. Þarf því að gera þar bátauppsátur, sem er áætlað að muni kosta 3000 kr. Vill nefndin að alt að $^1/_3$ kostnaðarins verði greitt úr landssjóði, þó eigi yfir 1000 kr.

Breytingartillögur nefndarinnar við þessa grein lækka gjöldi um 17200 kr.

Við 18. grein.

Nefndin vill fella burt viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur frá Holti undir Eyjafjöllum. Lítur hún svo á, að verði þessari prestsekkju veitt viðbót við eftirlaun hennar, þá verði þær allmargar prestsekkjurnar hjer á landi, sem geti með eins miklum rökum vænst viðbótar við hin lágu eftirlaun sín.

Við 19. gr.

Við framsöguna mun verða gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við þessa grein.

Við 21. grein.

Í grein þessari eru heimilaðar lánveitingar úr viðlagasjóði, að upphæð samtals 159000 kr. eða 43000 kr. meira en afborganir af lánum viðlagasjóðs

nema. Liggur í augum uppi, að stjórnin getur ekki og má ekki lána alt þetta fje, eins og peningahag landssjóðs nú er varið.

Af ástæðum, sem gerð er grein fyrir hjer að framan, verður nefndin að leggja til, að Reykjavíkur dómkirkju verði veitt alt að 20,000 kr. lán til aðgerðar kirkjunni. Er enginn vafi á því, að hún hlýtur að eiga hægt með að endurborga lánið, þar sem árstekjur hennar eru nokkuð á 5. þús. kr. og hún skuldar nú að eins rúm 4 þús. kr., en mun eiga í sjóði full 2 þús. kr.

Annars hefir nefndin vísað öllum lánbeiðnum á bug. Auk þess vill hún ráða til að fella burt 6. lið greinarinnar, lán til Rangárvallasýslu til þess að kaupa Stórólfshvol með hjáleigum fyrir læknissetur. Nefndin hyggur, að það muni vera misráðið að kaupa svo stóra og dýra jörð til ábúðar handa lækninum, ekki síst í fjölmennu læknishjeraði, þar sem læknirinn mun eiga mjög annríkt. En auk þess er það varhugaverð braut fyrir landssjóð, að lána fje til þessa, því að þá má búast við að önnur læknishjeruð til sveita muni koma á eftir, og auk þess aðrir embættismenn, sem líkt er ástatt fyrir.

Þá leggur nefndin til, að breytt sje lánskjörum lánanna til raflýsingar í Vík og Siglufirði. Virðist henni ekki rjett að lána sveitar- og bæjarfjelögum fje úr viðlagasjóði til ýmsra framfarafyrirtækja fyrir lægri vexti en landssjóður verður að greiða.

Verði allar breytingartillögur nefndarinnar við frumvarpið samþyktar, lækka gjöldin og jafnframt tekjuhallinn um 33950 kr., en lánsheimildirnar í 21. gr. hækka um 6000 kr.

Alþingi 3. september 1913.

| | |
|---|---|
| Sigurður Stefánsson<br>formaður. | Steingrímur Jónsson<br>skrifari og framsögum. |

Björn Þorláksson
með fyrirvara um nokkrar breytingartillögur, er fara fram á útgjaldahækkun.

Þórarinn Jónsson. Jósef Björnsson.

Nd. **702. Þingsályktun**

um strönduð skip.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að gera ráðstafanir til þess, að útlend strönduð skip, liggi eigi óseld á strandstaðnum árum saman.

Nd. **703. Frumvarp**

til laga um forðagæslu.

(Eftir 2. umr í Nd.).

## A. Skipun forðagæslumanna.

1. gr.

Í hverjum hreppi skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi.

Sýslunefnd skal ákveða tölu forðagæslumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar.

2. gr.

Forðagæslumenn skal kjósa 3. hvert ár til 3 ára í senn um leið og hreppsnefndarkosning fer fram og að henni aflokinni. Skulu gilda sömu reglur um kosninguna sem um hreppsnefndarkosningu og hafa þeir allir kosningarrjett, sem þann rjett hafa til hreppsnefndarkosningar.

Hver karlmaður, sem er kjörgengur til hreppsnefndar, skal vera skyldur til að takast þennan starfa á hendur.

Skorast geta menn undan þessu starfi af samskonar ástæðum, sem þá er menn skorast undan hreppsnefndarstarfi.

Ef forðagæslumaður deyr eða lætur af starfi sínu af öðrum ástæðum, áður en kjörtími hans er liðinn, skal þegar kjósa mann í hans stað til þess tíma aðeins, sem eftir var af kjörtíma hans, og fer um þá kosningu, sem um aukakosningu í hreppsnefnd.

## B. Verksvið forðagæslumanna og laun þeirra.

3. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar; í fyrra sinni í vetrarbyrjun og aftur síðla vetrar. Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili.

Í reglugerð þeirri, sem sýslunefnd setur samkvæmt 8. gr., skal ákveða, hvenær eftirlitsferðirnar skuli farnar og hvernig forðagæslumaður skuli afla sjer að vorinu vitneskju um fyrningar og skepnuhöld.

Í hverri ferð skal hann athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda, og meðferðina á skepnunum. Hann skal ávalt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili, svo og húsakynni fyrir búpening. Skal hann jafnan mæla heyin og meta fóðurgildi þeirra.

Þar að auki skal forðagæslumaður, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í þröng.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargerðir sínar í þar til gerða bók.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega, hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gerist á aukaskoðunum, skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða vísari, og hverrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanna, að gefa hverjum búanda holl ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu.

Á hverju vori skulu þeir veita hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir því næst senda sýslumanni upp úr fardögum aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda, og skal sýslumaður leggja skýrslurnar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar.

Á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð, og greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Sýslunefnd skal semja reglugerð fyrir forðagæslumenn eftir fyrirmynd, sem bjargráðastjórn landsins lætur í tje, og skal þar sagt ítarlega fyrir um öll störf og skýrslugerðir forðagæslumanna.

Þessar reglugerðir skulu sýslunefndir senda stjórnarráðinu til staðfestingar, en það leitar í hvert sinn álits bjargráðastjórnar.

9. gr.

Forðagæslubækur sjeu með prentuðum dálkum og fyrirsögnum, og skulu löggiltar af sýslumanni. Bjargráðastjórn landsins útvegar bækurnar, svo og prentuð eyðublöð undir skoðunarskýrslur, eftir óskum sýslunefnda, og greiðist andvirði þeirra úr landssjóði. Forðagæslubækur eru landseign og sendast Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru eftir nánari ákvæðum bjargráðastjórnar.

C. Um skyldur þeirra, er komast í fóðurþröng o. fl.

10. gr.

Ef búandi kemst í fóðurþröng og finnur forðagæslumaður, að búpeningur hans er í slæmu standi, eða líkur til, að skepnurnar kunni að kveljast eða falla af fóðurskorti, þá skal hann hvetja búandann til þess að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða ráða honum, hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálpar von.

11. gr.

Ef búandi er í fóðurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, hvorki afla sjer fóðurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum, en hann gera sýslumanni aðvart. Getur sýslumaður þá eftir tillögum forðagæslumanns skipað búandanum að afla sjer tiltekinna, nægilegra fóðurbirgða, ef þess er kostur, en kjósi búandinn heldur að farga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fóðurs.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti forðagæslumanns um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, ásamt öllum málavöxtum, en hann aftur sýslumanni.

12. gr.

Sá, er sekur verður um horfelli samkvæmt 10. gr., skal sæta sektum frá 10 til 200 kr., eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. Önnur brot gegn þessum lögum, eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða sektum frá 5 til 100 kr., nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð.

Með mál, er rísa út af brotum gegn þessum lögum, skal farið sem opinber lögreglumál.

13. gr.

Lög nr. 7, 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. eru úr gildi numin.

Nd. **704. Frumvarp**

til laga um bjargráðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal allsherjar sjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfjelög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfjelag, verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að sýslufjelagið eða bæjarfjelagið megnar ekki af eigin ramleik að forða mönnum og skepnum við harðrjetti eða felli.

Sjóðurinn skal heita bjargráðasjóður.

2. gr.

Hver maður á landi hjer, sem er fullra 20 ára, skal greiða iðgjald í bjargráðasjóð, karlmaður 1 kr., en kvenmaður 60 aura á ári, og heitir bjargráðagjald.

Eindagi á bjargráðagjaldi er 15. dagur janúarmánaðar ár hvert fyrir það fardagaár, sem þá er að líða.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 40 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann það ár.

4. gr.

Þessir menn skulu vera í bjargráðastjórn, og hafa á hendi reikningshald bjargráðasjóðsins og geyma eignarskilríki hans: Forstjóri atvinnumálaskrifstofu stjórnarráðsins, formaður Búnaðarfjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á búnaðarþingi til 6 ára í senn, formaður Fiskifjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á fiskiþingi til 6 ára í senn.

Öllum tekjum bjargráðasjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum með þeim skilyrðum, sem landsstjórnin setur því til tryggingar, að fjeð glatist ekki og taka megi til þess, hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því, að afstýra hallæri.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir bjargráðastjórnina eftir tillögum Búnaðarfjelags og Fiskifjelags Íslands.

6. gr.

Stjórnarráðið, Búnaðarfjelag Íslands og Fiskifjelag skulu hvert um sig velja einn sjóðgæslumann til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka ársreikninga bjargráðasjóðsins, reikningsbækur hans og eignaskilríki.

Stjórnarráðið setur reglur fyrir sjóðgæslumennina.

Reikninga bjargráðasjóðsins skal jafnan leggja fyrir alþingi, endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðagjaldi á manntalsþingum fyrir sveitunga sína, en eiga tilkall til gjaldsins hjá þeim, sem gjaldskyldir eru.

8. gr.

Nú þykir sveitarstjórn óráðlegt að heimta sama gjald af öllum, og er þá rjett að hún jafni bjargráðagjaldinu niður á þá, sem gjaldskyldir eru, eftir efnum og ástæðum, eða greiði það beint úr sveitarsjóði.

9. gr.

Hver húsráðandi skal greiða bjargráðagjald fyrir þá, sem eiga lögheimili hjá honum og ekki greiða útsvar, og skal svo vera, þótt gjaldinu hafi verið jafnað niður samkvæmt 8. gr., en rjett á húsráðandi til endurgjalds hjá öllum öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum.

Nú er húsráðandi öreigi að dómi sveitarstjórnar, og á hún þá aðgang að gjaldanda sjálfum.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

10. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í tje manntalsskýrslur til afnota við útreikning og innheimtu bjargráðagjalda.

Gjaldskyldir eru þeir fyrir aldurssakir, sem voru fullra 20 ára um síðustu áramót á undan gjalddaga.

11. gr.

Bjargráðagjöld má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og hafa bjargráðagjöld sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

12. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta bjargráðagjaldið á manntalsþingum og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar.

13. gr.

Alt það fje, sem rennur úr landssjóði í bjargráðasjóðinn, samkvæmt 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það alt vera sjereign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn, að vöxtum meðtöldum.

Skrifstofukostnað bjargráðastjórnar skal gjalda af sameigninni.

14. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að

hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upphaflega gjalds.

Nú á sýsla eða kaupstaður sjerstakan sjóð, sem eingöngu er ætlaður til hjálpar í hallæri, og getur þá stjórnarráðið veitt leyfi til að lækka bjargráðagjaldið, ef bjargráðastjórnin mælir með því.

15. gr.

Í hverri sýslu skal sýslunefnd, en í kaupstað bæjarstjórn, gera samþykt um hagnýtingu þeirrar sjereignar, sem sýslan eða kaupstaðurinn á í bjargráðasjóðnum. Skal sú samþykt heita bjargráðasamþykt.

Þessum bjargráðasamþyktum skal haga eftir fyrirmyndum, sem bjargráðastjórnin semur, og þarf samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær öðlist gildi, en leita skal áður álits bjargráðastjórnar um hvert frumvarp.

Í þessum bjargráðasamþyktum má skipa fyrir um alt það, sem stjórnarráðið, eftir tillögum bjargráðastjórnarinnar, telur nauðsynlegt því til tryggingar, að bjargráðasjóðurinn komi að rjettum notum og verði ekki illa varið.

16. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í bjargráðasjóðnum til útbýtingar, samkvæmt bjargráðasamþykt sinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má hjeraðið með leyfi bjargráðastjórnarinnar neyta sjereignar sinnar til að kaupa eða tryggja sjer varaforða, en það fje, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema það komi til útbýtingar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki sjereign einhvers hjeraðs til forðatryggingar eða hjálpar í hallæri, og má þá stjórnarráðið með ráði bjargráðastjórnarinnar veita því hjeraði vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfje sjóðsins, gegn veði í bjargráðagjaldi hjeraðsins.

Ef mikil óáran gengur um land alt og bjargráðasjóðurinn kemst í fjárþröng, þá má landsstjórnin, ef bjargráðastjórnin fer þess á leit, lána bjargráðasjóðnum fje úr landssjóði, eða útvega honum lán annarsstaðar, gegn veði í eigum og tekjum sjóðsins.

Nd. **705. Breytingartillaga**

við frv. til laga um löggilta endurskoðendur (á þgsk. 683).

Frá minni hluta nefndarinnar.

Aftan við 6. gr. skal bæta þessu:

og setur kaupskrá (taxta) fyrir störf þeirra.

Ed. **706. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Frá samgöngumálanefndinni.

Við 13. gr. C. IV 5. a.
Fyrir »4800—4800«
komi: 6000—6000.

Ed. **707. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Flutningsmaður Sig. Eggerz.

Við 13. gr. B. III. 1.
Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Brú á Jökulsá á Sólheimasandi . . . . 78,000 — »
Liðatalan breytist samkvæmt því.

Ed. **708. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 665 við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904—1915.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

Við 50. br.till. (við 15. gr. 21).
Í stað »800—800«
komi: »1000—1000«.

Ed. **709. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

Við 16. gr. 10. a. Í stað »2400—2400«
komi: 2000—2000, og athugasemdin falli burt.
— — — 32. Aftan við athugasemdina bætist:
enda flytji hann ókeypis póst.
— — — 36. Liðurinn falli burt.

Ed. **710. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1914 og 1915.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

Við 13. gr. B I. b. Liðurinn falli burt.

Ed. **711. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður Jón Jónatansson.

Við 16. gr. 2. Á eftir þessum lið komi nýr liður, sem verður 3., og liðatalan breytist eftir því.

Styrkur til ræktunarverkfræðisnema síðara árið 800 kr.

Styrkurinn veitist aðeins vel mentuðum manni eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

Ed. **712. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður Jón Jónatansson.

Við 13. gr. B. I. 2. Athgs. orðist svo:

Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd ræktunarvatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og tillögum Búnaðarfjelags Íslands, meðan landið eigi á völ á sjerstökum innlendum ræktunarverkfræðingi (Kulturtekniker).

Ed. **713. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Sig. Eggerz.

1. málsliður 1. gr. falli burt.

Ed. **714. Tillaga**

til þingsályktunar um Reykjavíkur dómkirkju.

Frá fjárlaganefnd.

Efri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina, að hlutast til um, að Reykjavíkur dómkirkja verði sett undir umsjón og eftirlit biskups, og að sama skipun komist á reikningshald hennar sem fylgt er við aðrar kirkjur landsins.

Ed. **715. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til landsskiftalaga.

Neðri deild hefir gert nokkrar smábreytingar á þessu frumvarpi, og látum vjer við svo búið standa um sumar þeirra, enda þótt vjer getum ekki sjeð, að þær sjeu til bóta. En nokkrar af þessum breytingum eru þannig vaxnar, þó smávægilegar sjeu, að oss þykir betur fara að víkja þeim nokkuð við, þar sem óhjákvæmilegt er, að frumvarpið verður að fara til neðri deildar aftur vegna breytingar þeirrar, er þar hefir verið gerð á 6. gr. Skal hjer gerð nokkur grein fyrir breytingartillögum vorum.

Nokkur vafi getur verið á því, hvort 1. gr. frumv., eins og hún nú er orðuð, verði ekki skilin þannig, að ef jarðirnar sjálfar hafa viðurkend *landamerki*, þá geti óskift heimalönd þeirra ekki komið til skifta samkvæmt þessum lögum. Orðið landamerki er nú að eins haft um hin ytri ummerki jarða, er aðgreina land þeirra frá landi annara jarða. En til þess er ætlast í þessu frumvarpi, að skifta megi öllum óskiftum heimalöndum, sem ekki hefir áður verið skift, svo sannað verði, og það engu síður þótt hin ytri ummerki jarðanna, er þessi heimalönd fylgja, sjeu vafalaus og viðurkend.

Ákvæði það í 4. gr. frumv., sem neðri deild hefir felt burtu, um að aðilar megi ekki tefja skiftin eða matsstörfin að nauðsynjalausu, var upphaflega tekið upp í frumvarpið eftir frumv. til laga um vatnsveitingar, og í því frumvarpi hefir neðri deild samþykt þetta ákvæði; virðist betur fara að samræmi sje í hvorutveggju lögunum um þetta.

Við breytingu þá, er neðri deild hefir gert á 6. gr., er það að athuga, að gleymst hefir að fella burtu síðari málsgreinina, sem nú, vegna breytingarinnar, er að eins óþörf endurtekning.

Í 8. gr. frumvarpsins, eins og það var samþykt hjer í deildinni, var það ljóst, að ákvæðin um meðferð lands, er einhver eigandi hefir ræktað í óskiftu sameignarlandi, koma því að eins til greina, að þetta land hafi verið tekið til ræktunar án samþykkis hinna sameigendanna. En eins og greinin nú er orðuð, er enginn munur á því gerður, hvort landið er tekið til ræktunar með eða án þess samþykkis, en vjer lítum svo á, að ef sameigendur hafa samþykt að taka

mætti landið til ræktunar og að það skuli vera eign þess, sem ræktar, þá komi þetta ekki skiftunum við.

Orðalagi 11. gr. viljum vjer víkja við í samræmi við breytingartillögu vora við 1. gr. Regluleg landamerki verða ekki sett, fyr en skiftum er lokið til fullnustu og yfirmat hefir farið fram, ef þess var krafist, en merkjasetning er þó nauðsynleg, þegar við fyrri skiftin, og er nauðsynlegt, að þetta komi skýrt fram í lögunum.

Breyting sú, er neðri deild hefir gert á niðurlagi 13. gr., er að líkindum sprottin af misskilningi á þessu ákvæði frumvarpsgreinarinnar, eins og hún var samþykt hjer í deildinni. Með þessu ákvæði var svo til ætlast, að sýslumaður gæti breytt skattskyldu jarðanna eða jarðapartanna í rjettu hlutfall samkvæmt skiftunum, en ekki að breyta skyldi sjálfu jarðamatinu, nje heldur að skattskyldan hjeldist óbreytt þangað til nýtt jarðamat færi fram. Leggjum vjer því til, að greininni sje breytt svo, að þetta komi skýrt fram.

Þá er breyting neðri deildar á 15. gr. um að ítölu skuli meta eftir »jarðadýrleika«, í stað þess, að í frumvarpinu stóð »eftir jarðamagni«, og var þar eigi að eins átt við stærð jarðanna að hundraðatali, heldur hitt eigi síður, að ítölu skyldi meta eftir raunverulegri stærð jarðanna. Hundraðatal jarða getur verið metið sjerstaklega eftir einhverjum vissum hlunnindum, sem hafa verið til, eða enn eru til, og sem að engu leyti snerta það, hve miklum fjenaði jörðin getur framfleytt. Auk þess er jarðamatið gamalt og úrelt orðið, og getur því ekki komið til mála að hafa hundraðatal jarða eingöngu fyrir mælikvarða í þessu efni, en með orðinu jarðardýrleiki er þetta einskorðað, svo að eftir engu öðru verður farið.

Samkvæmt framanrituðu er það tillaga nefndarinnar, að háttv. efri deild samþykki frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.

   Í stað orðanna »nje heldur hafa viðurkend landamerki« komi: eða viðurkend merki eru til um.

2. Við 4. gr.

   Á eftir orðunum »matsmönnum, en« í 4. línu komi: gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur,

3. Við 6. gr.

   Síðari málsgreinin falli burt.

4. Við 8. gr.

   a) Á eftir orðinu »sameignarlandi« í 1. línu komi: og hefir eigi verið samið um, að hann skuli vera sjerstök eign hans.

   b) Fyrir orðið »hvor« í 3. línu komi: hver.

   c) Í staðinn fyrir »af sameignarlandinu« í 3. línu komi: af óræktuðu landi í sameigninni.

5. Við 11. gr.

   Í stað orðsins »landamerki« komi: merki fyrir því, hvernig þeir hafa skift landinu.

6. Við 13. gr.
Í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar »og kemur það þá ... jarðamat« komi: og breytist þá skattskylda jarðanna eða jarðarpartanna samkvæmt því.
7. Við 15. gr.
Á eftir orðinu »jarðardýrleika« komi: og jarðarstærð.

Alþingi, 3. sept. 1913.

J. Havsteen, formaður. Jón Jónatansson, skrifari og framsögumaður.

Einar Jónsson. Jósef Björnsson. Guðjón Guðlaugsson.

Ed. **716. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um íslenskan fána (á þingskjali 410).

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg hefi eigi getað orðið meðnefndarmönnum mínum samferða í þessu máli. Jeg lít svo á að það sje ekki heppilegt fyrir þjóðina og heldur eigi fyrir sjálft fánamálið, að frumvarpið gangi fram á þessu þingi.

Málið stendur í svo nánu sambandi við sambandsmálið, að mjög örðugt er að greina þar á milli. Auk þess er málið mjög viðkvæmt tilfinningamál bæði fyrir Dani og Íslendinga, ekki síst fyrir Dani.

Frumvarpið er svo óákveðið og óljóst orðað, og úr því bætir breytingartillaga meiri hlutans ekki, að óttast má, að iðulega muni rísa upp ágreiningur milli landanna um notkun hins nýja fána, og mundu þau ágreiningsatriði jafnan verða mjög óþægileg. Það er því brýn nauðsyn, að í fánalögunum sjeu greinileg og ótvíræð ákvæði um notkun fánans, þar sem tekið er fult tillit til allra gildandi lagaákvæða, svo ótvíræð að ágreiningsatriði í einstökum tilfellum sjeu útilokuð, svo sem frekast er unt að gera slíkt með lögum.

Þá virðist mjer óviðkunnanlegt, að jeg ekki segi ókurteist, að konungur skuli ekki hafa tillögurjett um gerð fánans, eða notkun hans, því það er þó alkunnugt, að fánar flestra landa eiga rót sína að rekja til konungsvaldsins og standa í nánu sambandi við það. Fáninn er miklu fremur veldis en þjóðernismerki.

Hin eðlilegasta og heppilegasta leið til þess að leysa úr þessu vandamáli, er að minni hyggju, að þingið vísi því til stjórnarinnar með áskorun um, að ráðherra beri málið upp fyrir hans hátign konunginum og fái samþykki hans til að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp um fána Íslands. Með því er bygt fyrir ágreining milli þjóðanna út af þessu máli, og alþingi sýndi þá konunginum skylduga kurteisi.

Jeg mun því bera fram í háttvirtri deild tillögu um að vísa máli þessu til stjórnarinnar.

Alþingi 4. sept. 1913.

Steingrímur Jónsson.

Nd. **717. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um að íslensk lög verði eftirleiðis aðeins gefin á íslensku, 18. sept. 1891.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson.

Önnur grein laga um að íslensk lög verði eftirleiðis aðeins gefin á íslensku, 18. sept. 1891, er numin úr lögum.

Ed. **718. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr landssjóði alt að 62.500 — sextíu og tvö þúsund og fimm hundruð — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega, þó ekki fyr en á árinu 1916.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 187,500 — eitt hundrað áttatíu og sjö þúsund og fimm hundruð — króna lán, er sýslunefnd Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra

manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Nú vill annarhvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem umræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs komi til. Þetta nær þó ekki til mannvirkja þeirra, sem heimiluð eru með leigusamningi milli stjórnarráðsins og Arents Claessens, dags. 31. janúar 1913.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til sýslunefndar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10—200 krónur, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Sýslunefnd Vestmannaeyja hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er sýslunefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 sýslunefndarmenn og 2 utan sýslunefndar, annar úr tölu kaupmanna en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd sýslunefndar.

7. gr.

Sýslunefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Sýslusjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og sýslunefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Sýslunefndin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Vestmannaeyja, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er sýslunefnd Vestmanneyja semur, og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má sýslumanni Vestmannaeyja innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkvæmt 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldastofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr,. hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá sýslunefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutingsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir sýslumaður, og fær hann 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sýslunefnd

frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir sýslunefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynnna það sýslunefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða á sama hátt og sýslusjóðsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er sýslunefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Nd. **719. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884 (þingskj. 659).

Frumvarp þetta hefir tekið allmiklum stakkaskiftum í efri deild.

*Í fyrsta lagi* hefir verið feld úr 1. gr., er var að miklu leyti samhljóða 20. gr. ábúðarlaganna, með þeirri breytingu, að hámark endurgjalds fyrir jarðabætur, er leiguliði vinnur á ábúðarjörð sinni umfram það, sem áskilið er í byggingarbrjefi, var hækkað um $^1/_5$, úr tólffaldri í fimtánfalda afgjaldshækkun jarðarinnar eftir mati úttektarmanna. Nefndin lítur svo á, að þótt tjeð lagagrein hafi hingað til verið lítt eða ekki notuð, þá sje ekki loku fyrir skotið, að hún þannig breytt geti komið að haldi, að því er snertir umfangsmeiri jarðabótafyrirtæki, svo sem girðingar, vatnsveitingar o. fl., og leggur því til, að hún verði aftur tekin upp í frumvarpið.

*Í öðru lagi* er borgun fyrir hvert dagsverk í jarðabótum, er leiguliði gerir, án þess að vera skyldur til þess eftir byggingarskilmálum, en vill ekki hlíta ákvæðum 1. gr. (20. gr. ábúðarlaganna) um endurgjald fyrir þær, hækkuð um $^1/_3$, úr 1 kr. í 1 kr. 50 aur. Þetta hefir nefndin fallist á, en þó því að eins, að tjeð ákvæði nái einungis til þeirra jarðabóta, sem líklegastar eru til að koma að bestum notum til frambúðar, og sje því bundið við mannvirki, sem að túnrækt lúta.

*Í þriðja lagi* hefir ákvæðum neðri deildar frumvarpsins um rjett leiguliða til að losa sig við jarðarkúgildi verið breytt á þá leið, að þau nái ekki til þeirra leigusamninga, sem þegar eru gerðir, en komi þá fyrst til framkvæmda, er leiguliðaskifti verða á jörðum, eftir að lögin öðlast gildi, þannig, að það verði frjálst samningsatriði milli landsdrottins og leiguliða, hvort kúgildi skuli fylgja jörð eða ekki. Með því að slíkt ákvæði gerir enga breytingu á lögum þeim, sem nú gilda, telur nefndin það með öllu þýðingarlaust, en verður hinsvegar að halda því fram, að ákvæði 3. og 4. gr. í frumvarpi því, er neðri deild samþykti, sje góð rjettarbót fyrir leiguliða, en gangi þó ekki of nærri rjetti jarðareiganda. Fyrir því er það tillaga nefndarinnar, að umræddar greinar verði aftur teknar upp í frumvarpið, og að það verði samþykt með breytingum þeim, sem prentaðar eru á þingskjali 720.

Neðri deild Alþingis 4. sept 1913.

Eggert Pálsson, formaður.
Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Kristján Jónsson.
Bjarni Jónsson. frá Vogi.

Sigurður Sigurðsson.

Nd. **720. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan 1884 (þingskj. 659).

Frá nefndinni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem ekki er áskilin í byggingarbrjefi, og skal hann þá leita um það samkomulags við landsdrottin. Nái hann eigi samkomulagi við hann, er rjett, að hann fái úttektarmenn á sinn kostnað til að meta, hver not muni verða að jarðabótinni. Skulu þeir jafnframt gera áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eftirgjaldið eftir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrotni skal bjóða að vera við mat þetta. Leiguliði skal því næst bjóða, að landsdrottinn láti gera jarðabótina, og borga jafnframt hálfan kostnað mið matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við, og greiða þá hækkun á eftirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, getur leiguliði gert jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðina megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gera hana, enda sje hún í fullu standi eða álag gert á hana. Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er fimtán sinnum hærri en hækkun eftirgjaldsins nemur.

2. Upphaf 1. gr., er verði 2. gr., orðist svo:

Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem eigi er áskilin í byggingarbrjefi, en vill ekki hlíta ákvæðum 1. gr. um endurgjald fyrir hana. Skal hann þá tilkynna o. s. frv. eins og í frumvarpinu.

3. Á eftir »dagsverk« í sömu grein komi:

í jarðabótum, er lúta að túnrækt og útgræðslu, áburðarhúsum og safnþróm.

4. Í staðinn fyrir 2. gr. komi tvær nýjar greinir svo hljóðandi:

3. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðugúgildi á ábýlisjörðum sínum, er frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin, gegn því að leggja jörðinni til aðra eign jafngóða, sem hún þarfnast:

a. Í húsum er leiguliði á, og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni.
b. Í jarðabótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð, og eru full eign leiguliða, eða þeim hluta jarðabótanna, sem er lögmæt eign hans samkvæmt 1. og 2. gr.

Úttektarmenn meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin. — Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

4. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti, og er honum það heimilt, hvenær sem hann vill, að áskildu samþykki leiguliða. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og 4% rentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldar hækkun meta úttektarmenn, nema hlutaðeigendur komi sjer saman.

Hvíli veð á jörðinni, skal leita samþykkis veðhafa til þess að taka af henni kúgildi, án þess að annað, sem jörðinni fylgir, komi í þeirra stað.

5. 3. gr., er verði 5. gr., orðist svo:

Með lögum þessum er úr gildi numin 20. gr. í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ed. **721. Frumvarp**

til laga um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Í stað »1913« á tveim stöðum í 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands komi: 1917.

Ed. **722. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í 7. gr. laga 22. október 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands bætist aftan við 1. málsgrein: sbr. þó 8. gr.

2. gr.

Í 8. gr. sömu laga bætist við á eftir orðunum: »þó ekki lengri en 30 árum« ný málsgrein svohljóðandi: Áfallna vexti og afborganir af láni þessu eða lánum skal greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum er varið til annars.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 22 okt.

1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Ed.

## 723. Frumvarp

til laga um löggilta endurskoðendur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Með lögum þessum er stjórnarráði Íslands veitt heimild til þess, að löggilda endurskoðendur. Þá er maður beiðist löggildingar til þess starfa, má veita honum hana, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í þessum lögum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur um í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri, hann skal vera fullráði fjár síns og hafa óflekkað mannorð.

2. Hann skal sanna fyrir stjórnarráðinu, eða fyrir nefnd, er stjórnin skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiptum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi er eigi lengur fjár síns ráðandi, eða mannorð hans flekkast, þá skal stjórnarráðið taka af honum löggildinguna. En er hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína,

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun gilda sem opinber endurskoðun væri.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eður á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Stjórnarráðið tiltekur nánar verksvið löggiltra endurskoðenda og setur kaupskrá (taxta) fyrir störf þeirra.

Ed. **724. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

2. gr.

Et maður vill öðlast þann rjett, sem getur í 1. grein, skal hann hafa sannað fyrir stjórnarráðinu, að hann hafi næga þekkingu á þeirri tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á. Heimilt er stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er getur í 1. grein, og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum, þýða skjöl fyrir menn og stofnanir og vinna eið að því, að ljósta eigi upp leyndarmálum nje halla máli í þýðingum sínum.

4. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðanda.

Ed. **725. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson, Jón Jónatansson.

Við 16. gr. 32. lið. Liðurinn falli burtu.

Nd. **726. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um sparisjóði.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

1. Við 9. gr. Orðin: »Þó má fjehirðir« . . . til enda greinarinnar falli burt.
2. — 17. — Greinin falli burtu.
3. — 22. — Í stað orðanna: »ef ágreiningur verður . . . er í hlut á« komi: og greiðist hvorttveggja úr landssjóði.

Til vara: Dagpeninga greiðir sparisjóður sá, er í hlut á, en landssjóður ferðakostnað.

Nd. **727. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að] gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa, alt að 3 miliónum króna. Fyrstu 2 árin, eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn, veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir veðdeildinni vera:

1. Varasjóður veðdeildarinnar.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð landssjóðs.

Ef taka þarf til tryggínganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugjörð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs, og skulu gjaldheimtumenn landssjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í landssjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargjörð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarinnar skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarinnar, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar; skal í reglugjörð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi hærri vera en 50 þúsund krónur, og minsta lán sem veðdeildin veitir, skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign, alt að 35 árum, sje veðið vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 25 árum, sje veðið timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer lán til veðdeildarinnar, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því að eins, að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stil.

16. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

18. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmanna-

höfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

20. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

22. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

23. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 4000 krónur. Til endurskoðenda má verja 250 kr. til hvors.

Ed. **728. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Einari Jónssyni þm. N.-Múl.

1. Við 15. gr. 1. g. Fyrir »1500—1500« komi: 2000—2000.
2. — 15. — 33. Eftir þann lið komi þessi liður nýr, og liðatalan breytist eftir því:
34. Til dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar til ritstarfa um heimspekileg efni, 50 kr. fyrir örkina, alt að . . . . . 600—600

Ed. **729. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir 1914 og 1915.

Frá Einari Jónssyni þm. N.-Múl.

Við 12. gr. 3. Aftan við þann lið komi þessi liður nýr, og liðatalan breytist eftir því:
4. Styrkur til að ljetta kostnað við læknishjálp í Hróarstunguhjeraði, meðan læknir er eigi skipaður þar, eða sjerstakur læknir settur. . . . 500—500
Helmingi styrksins má verja til að greiða bráðabirgðalækni ferðakostnað í nokkrum ákveðnum ferðum yfir hjeraðið til Borgarfjarðar, er hann auglýsir fyrirfram með viðkomustöðum og tiltekinni dvöl á þeim; en hinn helmingurinn veitist Borgarfjarðarhreppi, til þess að ljetta einstökum hreppsbúum kostnað við að leita læknis í bráðri nauðsyn, og greiðist hann hreppsnefnd Borgfirðinga til umráða og úthlutunar.

Nd. **730. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um sparisjóði. (Þingskjal 680).

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Við 8. gr., 10. gr., 16. gr., 19. gr. og 20. gr. (á 2 stöðum) fyrir »umsjónarmaður sparisjóða« komi: gæslumaður sparisjóðsins (í rjettri beygingu).

2. Við 12. gr. Orðin »eftir tillögu umsjónarmanns« falli burt.

3. — 13. — Í stað orðanna »nema í lengsta lagi til eins árs« komi: til lengri tíma en eins árs, en sjeu þau framlengd, skal jafnan áskilin afborgun í hverjum gjalddaga, enda mega slík lán aldrei eldri verða en 10 ára, áður innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið.

4. — 30. — Fyrir »opinber« komi: almenn.

Ed. **731. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Einari Jónssyni, þm. N.-Múl.

Við 15. gr. 2. e. Aftan við þann tölulið komi nýr stafliður svo látandi:

f. Til Landsskjalasafnsins til þess að láta afskrifa og ljósmynda skjöl í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum, er snerta Ísland 1000 — 1000

Nd. **732. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir (þingskj. 441).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar.

Máli þessu var vísað til landbúnaðarnefndarinnar, og hefir hún nú rætt það, en eigi getað orðið á eitt mál sátt um frumvarpið. Meiri hlutinn leggur það til, að frumvarpið sje samþykt með nokkrum breytingum.

Aðalbreytingarnar eru tvær að efni til. Önnur er sú, að þar sem ákveðið er í frumvarpinu, að stjórnarráðið feli Búnaðarfjelagi Íslands að annast um árlega pöntun á baðlyfjum fyrir landið, og ákveða, hvaða baðlyf skuli notuð, þá vill nefndin, að sjórnarráðið sjálft annist um þetta, og þá að sjálfsögðu með ráði og aðstoð dýralæknisins í Reykjavík. Dýralæknirinn stendur undir stjórnarráðinu, og getur það því látið dýralæknirinn útvega baðlyfin, og það því fremur, sem það er dýralæknanna að þekkja hinar ýmsu baðlyfstegundir, og hverjar af þeim muni hentugastar til notkunar hjer á landi. En Búnaðarfjelagið hefir engum slíkum mönnum á að skipa. — Að þessari breytingu á frumvarpinu lúta fjórar fyrstu breytingartillögurnar.

Hin aðalefnisbreytingin, eða fimta breytingartillagan miðar að því, að draga úr eftirlitskostnaðinum við böðunina. Nefndin eða meiri hluti hennar álítur, að eigi sje bein þörf á svo kostnaðarsömu eftirliti sem ráðgert er í 6. gr. frumvarpsins. Mönnum yfir nöfuð trúandi til að hafa baðlöginn með þeim styrkleika, sem ákveðin er í notkunarreglum baðlyfjanna, og þá eigi síður hins, að baða alt sitt fje. — Það virðist því nægilegt, að fela hreppsnefndum, og bæjarstjórnum að sjá um, að sauðfjárbaðanirnar fari fram á þeim tíma, sem til er tekið í lögunum, og samkvæmt þeim reglum, er um það verða settar, og það eftirlit telur nefndin, að vel megi una við, þó eigi sje lengra farið.

Allir eru nokkurnveginn á eitt mál sáttir um það, að þrifaböðun sauðfjár sje góð og gagnleg, bæði fyrir þrif fjárins og ullarvöxtinn. Hins vegar eru þeir margir, sem ekki kannast við þessa gagnsemi í verkinu, og vanrækja að baða fje sitt. Fyrir því er það eigi að ófyrirsynju, að óskað hefir verið eftir, að lögskipaðar væru almennar baðanir á sauðfje. Og með tiliti til þess, og skýrskotun til nefndarálits efri deildar um málið (þingskj. 341), ræður meiri hlnti landbúnaðarnefndarinnar til þess, eins og áðnr er sagt, að frumvarpið með breytingartillögunum verði samþykt.

Alþingi 4. sept. 1913.

| Eggert Pálsson, formaður. | Sigurður Sigurðsson, skrifari. | Kristján Jónsson. |
|---|---|---|

Nd. **733. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir (þingskj. 441).

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. Við 3. gr.
   Orðin »felur stjórn Búnaðarfjelags Íslands að« falli burt.
2. — 3. gr.
   Í stað »hún« í annari línu, komi: það.
3. — 3. gr.
   Í stað »Hún annast« komi: Stjórnarráðið annast.
4. — 5. gr.
   Í stað »stjórnar Búnaðarfjelags Íslands« komi: stjórnarráðsins.
5. — 6. gr.
   Greinin orðist þannig:

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með að allir baði. Að öðru leyti gefur stjórnarráðið út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sje fylgt.

Nd. **734. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um járnbrautarlagning og frumvarp til laga um verðhækkun út af járnbrautarlagningu (þingskj. 113 og 187).

Frá minni hlutanum í járnbrautarmálinu.

Jeg hefi ekki getað orðið alveg samferða nefndinni um þetta mál. Orsökin til þess er sem nú skal greina.

1. Í samgöngumálum tel jeg landið mest vanhaga um haganlegar samgöngur *á sjó*, samgöngur á sjó umhverfis landið, og við útlönd, og það eigi að ganga á undan öllu öðru í þessum málum, að koma samgöngunum í það horf, að sjóleiðin sje notuð *út í æsar*.

Jeg tel, að fyr en það er gert, sje eigi með neinni vissu hægt að dæma um, hvernig samgöngur eigi að liggja á landi, og hvaða samgöngufæri er hentugast að nota.

Það er kunnugt, að eigi er mönnum enn orðið ljóst, hvað auðvelt er að koma vörum til Stokkseyrar og Eyrarbakka, og jafnvel til Vikur sjóleiðina, *ef* skynsamlega er að farið.

Það er sem sje alhægt bæði sumar og vetur, að koma þangað vörum og sækja vörur, *ef farið er eftir veðri,* og hentugur bátur 80—100 smálestir er til taks að fara ferðir þangað, *er veður leyfir*, sem ávalt er auðið að velja sjer, ekki síst síðan síminn var lagður.

Bátur með þessari stærð gæti siglt inn á höfn á Eyrarbakka að minsta kosti alt sumarið, er veður leyfir.

Samgöngur þær til sýslnanna austan fjalls, sem vjer gætum þannig haft, bæði á sjó og landi, með þeim vegum, sem nýlega eru lagðir og flestir munu hafa verið ánægðir með, þegar þeim var sæmilega við haldið, ættu enn sem komið er, að fullnægja *sannri* flutningaþorf sýsnlanna austan fjalls.

2. Jeg tel *efnahag* þjóðarinnar þannig, að hún fyrst og fremst þurfi að eflast *að efnum* og *framleiðslu áður* en hún fer að afla sjer þeirra þæginda er slík járnbraut getur veitt. Jeg segi *þæginda*, því meira getur járnbraut ekki veitt en þægindi í landi, sem að vísu *gæti* framleitt mikið, en sem ekki getur gert það *vegna almennrar fátæktar*. Og jeg fullyrði, að járnbrautin geti ekki út af fyrir sig, aukið framleiðsluna, heldur *vaxandi efni alment og aukið veltufje bankanna*.

Þessi 2 skilyrði verða því að uppfyllast, að mínu áliti, *áður en farið er að leggja járnbraut*.

Dæmi þessu til sönnunar:

Flestir þingmenn munu þekkja jarðir, sem eru hjer næst Reykjavík og við aðalvegina hjer, svo sem Kópavog, Bústaði, Ártún, Árbæ, Gröf og Keldur. Allar þessar jarðir liggja *svo nærri Reykjavík, að ekki gæti járnbraut komið þeim að neinu haldi.* Og þessar jarðir geta selt mjólk sína með affallalausu verði alt árið um kring. Þrátt fyrir það berjast bændur þessara jarða í bökkum, og hafa ekkert afl á að rækta jörðina að neinum mun fram yfir það, sem fyrirrennarar þeirra gerðu.

Jeg sje litla breytingu á þeim jörðum þau 30 ár, sem jeg hefi verið í

Reykjavík. Og líkt mætti segja um fleiri jarðir í nánd við þessa 3 vegi Orsökin *er ekki járnbrautarleysi, heldur almenn fátækt.* Og ekki væru þessir bændur betur settir, nje bændur yfir höfuð hjer sunnan fjalls, ef mjólk færi að flytjast austan úr Rangárvallasýslu og Árnessýslu, sem hlyti að fella mjólk að miklum mun í verði, og það ef til vill svo mikið, að enginn hagnaður væri fyrir neinn að selja hana til Reykjavíkur.

Jeg hefi heldur ekki orðið var við neina mjólkureklu í Reykjavík, svo að markaður væri þar fyrir mikið meiri mjólk en að berst nú.

Ef til Reykjavíkur flyttist nokkuð að mun meira af mjólk en nú, mundi það hafa tvent í för með sjer. Mjólkin fjelli í verði, og salan yrði óviss.

3. Þá er því og haldið fram, að ef járnbraut yrði lögð yfir þetta svæði, sem frumvarpið fer fram á, þá mundi fólkinu fjölga þar unnvörpum, eins og reynslan sje í Vesturheimi og víðar, þar sem járnbrautir eru lagðar yfir órækt-uð lönd, sem þá sjeu tekin til ræktunar.

Hvaðan ætti slíkt fólk að koma? Og hvaðan á fólk að koma sem hefir yfirleitt svo mikið meiri *efni* en fólk það sem nú byggir þetta svæði, að *skjótri* ræktun yrði komið í framkvæmd, sem fæddi þessa nýju innflytjendur í sýslurnar?

Það fólk er ekki til á Íslandi, það yrði því að flytjast inn frá öðrum löndum, *til þess að rækta gras* á Íslandi í stað *korns erlendis*, sem það er vanast að rækta, og sem gengur miklu fljótara, þar sem skilyrði eru fyrir slíka ræktun. Arðurinn þar kemur að kalla má strax, án þess að fyrst þurfa að skapa áburð á jörðina.

Er slíkt fyrirtæki sem járnbrautarlagning byggjandi á því, að fólkinu fjölgi ört fyrir járnbrautina? Jeg tel það reyk einn, því ómögulegt er að bera saman Ísland í þessu efni við t. d. Vesturheim. Þar geta menn lagt járn brautir yfir órækтað svæði, og þá venjulega milli tveggja bæja, eða út frá stórbæ, *vegna þess*, að nóg *fólk er til í landinu sjálfu*, sem hefir bæði afl, dug og þörf fyrir að taka land til yrkingar, vegna þess hvað stórbæirnir eru yfirfyltir af fólki, sem verður að leita eftir arðvænlegri atvinnuveg en það hefir í bæjunum. Og ræktunin gengur þar miklu fljótara en hjer, *af því* þeir þurfa ekki að *rækta gras*, heldur korntegundir, enda nógir bankar þar til að leggja fram fjeð.

Ræktun, t. d. túna, er *alveg háð því, að áburðurinn geti aukist*, en hann eykst ekki *nema smátt og smátt*, þess vegna getur túnrækt ekki aukist að neinum mun, nema á mörgum árum. Hinsvegar gæti *áveita*, þar sem skilyrði eru góð fyrir hana, orðið nokkuð fljótt að liði, en ekki skapar útlenda *járnbrautin* hana, heldur *vaxandi dugur og aukinn efnahagur landsmanna sjálfra, og vaxandi þróttur bankanna.*

Jeg sný mér nú að járnbrautarfrumvarpinu sjálfu og skýrslu þeirri, sem verkfræðingur landsins hefir samið, sem prentað var fyrir þing, en sem þingmönnum var fyrst gefinn kostur á að sjá, er komið var fram að miðju þingi, og allir þingmenn voru orðnir önnum kafnir í öðrum þingstörfum.

Það er því ekki hentugur tími til þess að semja rökstutt álit um þessa skýrslu og þetta mál yfir höfuð, eins *afarilla undir búið og það er.*

Flutningsmenn staðhæfa, að skýrsla verkfræðingsins, sem er *áætlun* um lagningarkostnað, rekstrarkostnað og tekjur, sje í öllum greinum nægilega

ítarleg og ábyggileg, *en verkfræðingurinn sjálfur* getur þó þess að minsta kosti á sumum stöðum, að skýrslan sje bygð á *ágiskunum* að mörgu leyti. Vil eg nota hans eigin orð um þetta atriði.

»Þessi kafli 78 km. nær austur á móts við Búrfellið. Þaðan hefir vest»ari leiðin ekki verið hallamæld, en eftir samanburði á landslaginu áætla eg »að á næstu 16 km. eða til Ölvesár, verði jarðvinnan í mesta lagi 4000 ten»ingsmetrar á hvern km. og frá Ölvesá að Þjórsá 3000 teningsmetrar á km. (bls. 6)«.

Hallamæling hefir samkvæmt þessu ekki verið gerð nema að Búrfellsfjalli í Grímsnesi, vestari leiðina.

Um brýrnar segir hann á bls. 6.

»Eg hefi mælt lauslega brúarstæði á flestum ám á leiðinni, og gert laus»legar áætlanir um kostnað við brýrnar samkvæmt því«.

Hjer er því að eins um *lauslegar áætlanir* að ræða og *lauslegar* mælingar um *stór-brýr*, svo sem yfir *Sogið* og *Ölvesá* auk margra annara smærri brúa á þessari leið.

Um rannsókn snjóalaganna segir verkfræðingurinn á bls. 10: »Því »miður voru mælingar ekki framkvæmdar eins reglulega framan af vetrinum »og eg hafði lagt fyrir, heldur slept úr mælingum þegar snjólítið var«.

En ætli að hafi þá ekki líka getað sloppið úr mæling þegar snjó*mikið* var?

Um núverandi umferð og flutning segir verkfræðingurinn á bls. 12.

»Eg hefi látið telja umferðina um báða vegina árlangt svo nákvæmlega »sem kostur var, án þess að gera út til þess sjerstaka menn«.

Hjer er öllum dyrum haldið opnum, enda hlýtur umferðaskýrslan að vera mjög ónákvæm, bæði vegna þess, að talsvert er langt frá bæ að veginum, sjerstaklega Kolviðarhóli, svo örðugt er að sjá að heiman, hvað mikið og *hvað er í vögnunum*, en um það, *hvað er í* vögnunum er nauðsynlegt að vita, að minsta kosti í mánuðunum *oktober, nóvember, desember, janúar til miðs júní*, því á þessum tíma getur vel verið mikið af flutningum *hey*, fóður fyrir hestana, einkum á suðurleið, sem draga yrði frá væntanlegum járnbrautarflutningi, en sem ekki er gert.

## Áætlun verkfræðingsins.

Þessi dæmi hjer að framan hefðu átt að vera næg til þess að verkfræðingurinn hjeldi áfram að vera nokkuð gætinn á áætlunum sinum. En þegar hann fer að gera áætlanirnar, bygðar á þessum lauslegu athugunum, þá er eins og hann *hafi fallið frá öllum efa*, einnig »Um núverandi umferð og flutninga« (á bls. 12—14) og leggur víst fullmikið upp úr flutningunum, eins og eg hefi áður bent á, þó ekki sje nema að því er hrossafóðrið snertir.

Fullfermi telur hann á tvíhjóluðum vögnum 400 kíló, en menn hjer, er mest skifta við austanmenn, segja að telja megi fullfermið 325—350 kíló, en þetta gerir ekki svo mikið til, þegar að ræða er um jafnóábyggilega skýrslu yfir höfuð.

Samkvæmt þessari skýrslu (á bls. 13) kemst verkfræðingurinn að þeirri niðurstöðu á bls. 14, að *núverandi umferð* yfir Mosfellsheiði og Hellisheiði sje: $\frac{\text{menn,}}{21{,}751}$ $\frac{\text{vörur, tonn}}{1891}$ $\frac{\text{sauðkindur}}{22{,}441,}$ eins og skýrslan telur.

Af mannflutningum eru: 15,008 ríðandi menn, 2691 menn gangandi eða hjólandi, og 3052 akandi menn.

*Þess verður vel að gæta, að hjer er að ræða* **um alla umferðina um þessa vegi austur og suður,** *frá Austur og Vestur-Skaftafellssýslum, Rangárvallasýslu og Árnessýslu,* **alla núverandi flutningsþörf þessa leið, með vörur, sem hagur er að flytja til eða frá Reykjavík nú sem stendur,** og að allir þeir útlendir og innlendir skemtiferðamenn eru hjer með taldir, sem telja það aðalatriðið, að ferðast á hestum. Þess bið eg vel að gæta, þegar farið er að yfirvega áætlun um tekjur og gjöld fyrirtækisins í heild sinni, bygt á frumvarpinu, og skýrslu verkfræðingsins.

Um heyflutning, 175 kýrfóður, sem verkfræðingurinn gerir ráð fyrir á bls. 21 í skýrslu sinni, getur ekki verið að ræða, því fyrir það fyrsta fær Reykjavík nóg hey, aðflutt *sjóveg*, og því á ódýrari hátt, frá Kjalarnesi, Akranesi, Álftanesi, úr Kjós, Mosfellssveit og Borgarfirði, svo engin þurð er á heyi, og yrði um nokkurn mjólkurflutning að ræða austan yfir fjall, þá er enn síður þörf á heyflutningi til Reykjavíkur. Enda mundu aðrir ekki selja hey fyrir það verð, sem fæst fyrir það, að flutningskostnaði frádregnum, en þeir, *sem hefðu ekki ráð á,* að eiga kindur eða kýr á heyinu. Annars vil eg vísa til ritgerðar eftir prófessor Eirík Briem, sem er nákvæm, og bygð á eigin reynslu um gildi heyfóðurs, í 5. árgangi Búnaðarritsins, sem varpar skýru ljósi yfir, að eigi mundi borga sig að selja hey eða mjólk á þann hátt, sem hjer er ráð fyrir gert.

Um flutning á kartöflum að austan er það að segja, að nægt berst af kartöflum til Reykjavíkur frá Akranesi og öðrum nálægum stöðum, sem menn flytja sjer hjerum bil að kostnaðarlausu, þegar ferð fellur, og þeir fara á bátum sínum hvort sem er til Reykjavíkur. Og eigi er útlit fyrir, að Árnessýsla sje aflögu fær, þar sem hún hefir flutt inn frá útlöndum kartöflur 2000 kíló árið 1911 sjá verslunarskýrslu 1911 bls. 8.

Þá gerir verkfræðingur ennfremur ráð fyrir, að mikið flytjist af mjólk til Reykjavíkur, og sem jeg hefi mjög dregið í efa. Ef gert er ráð fyrir, að hún seldist hjer á 15 aura potturinn, þá mundi sá reikningur líta þannig út fyrir bóndann:

| | | |
|---|---|---|
| Söluverð á 100 pottum ... .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 15,00 | |
| Þar frá dragast 5 pottar fyrir vanhöldum við sölu samkvæmt venju á 0,15 a. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 0,75 | |
| Flutningsgjald á járnbraut ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,— | |
| Flutningsgjald á umbúðum fram og aftur c. 60 pd. ... ... ... | 1,20 | |
| Sölulaun á mjólkinni ... .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 2,00 | = 5,95 |
| Þá yrði eftir afgangs: Kr. | | 9,05 |

Og er þó ótalinn flutningskostnaður til stöðvarinnar.

Bóndinn fengi þannig 9 aura fyrir mjólkurpottinn *að ófrádregnu flutningsgjaldi til járnbrautarinnar.*. Og loksins er ekki gert ráð fyrir rentum af verði ílátanna, nje fyrir fyrningu þeirra, og ganga þau þó fljótt úr sjer, og ótalinn er kostnaðurinn við að flytja þau á járnbrautarstöðina í Reykjavík í baka leiðinni. Og engin vissa væri fyrir, að mjólkin seldist hjer yfir höfuð, þegar hún væri hingað komin og allra síst fyrir þetta verð.

*Það virðist því ekki vera hægt að gera ráð fyrir neinum mjólkurflutningi til Reykjavíkur.*

Þá gerir verkfræðingurinn ráð fyrir, að »flutningur á vögnum og klifjahestum milli Reykjavíkur og Árnessýslu mundi þegar í stað leggjast niður, eða sama sem leggjast niður, þegar brautin flytti fyrir 1 eyrir pundið austur á stöðvar í miðjum Flóa«, (bls. 21).

Gerir hann ráð fyrir, að 500 tons af vörum fari þegar í byrjun milli Reykjavíkur og þingvalla (í umferðaskýrslunni á bls. 14 talið 291 tons) og milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins 3000 tons, (í umferðaskýrslunni á bls. 14 talið 1600 tons).

Þessi viðbót til Þingvalla, 209 tons, er effaust bygð á mjólkurflutningi, heyflutningi, kartöfluflutningi og öðrum sveitaafurðum, sem engar virðast geta verið til á þessari leið, en hina vöraflutningsviðbótina milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, 1400 tons, byggir hann sumpart á sömu flutningsaukning, sem milli Þingvalla og Reykjavíkur, og sumpart á því, að 1/4 hluti af vörum, sem nú flytjast beint til Stokkseyrar og Eyrarbakka, fari til Reykjavíkur og verði seldur þaðan austur.

Jeg vil nú leyfa mjer að athuga þessa áætlun lið fyrir lið.

Við fyrri vöruflutningsaukann, Þingvallaleiðina, er það að athuga, að *engar líkur eru til*, að vöruflutningar á þessari leið aukist að neinum mun, sem stafar af því, að Þingvallasveitin er illa löguð til túnræktar, sem geti aukið flutning á mjólk, heyi og öðrum afurðum, enda er aðalbúskapurinn þar bygður *á sauðfjárrækt*. Og um aukinn flutning þessa leið austar að, úr Laugardal og Biskupstungum, getur ekki verið að ræða, því eins og kunnugt er liggur löng heiði þar á milli, Lyngdalsheiði.. Það virðist því engin *átylla* til að gera þar ráð fyrir auknu flutningsmagni í bráð á þeirri leið, nema ef vera skyldi smá nestispokar, sem Reykvíkingar kynnu að hafa með sjer til Þingvallaferða, ef sú umferð ykist nokkuð fram yfir það, sem nú er.

Um hina leiðina hefi jeg minst á áður, að því er aukning á mjólkurflutningi, heyflutningi, kartafla og annara afurða snertir, að um slíka aukning getur naumlega verið að ræða í bráð; er þá eftir að íhuga, á hverju verkfræðingurinn byggir það, að 1/4 hluti af vörum, sem nú flytjast til Stokkseyrar og Eyrarbakka muni flytjast beint til Reykjavíkur, og þaðan aftur með járnbrautinni austur.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, *að verslun bænda austanfjalls* við Reykjavík hefir smámsaman horfið að miklu leyti. Þetta stafar af því, að kaupmenn á Eyrarbakka og Stokkseyri, geta flutt til sín vörur beint frá útlöndum fyrir nálega sama flutningsgjald og til Reykjavíkur. Þeir hafa því getað selt þungavöruna bæði í sumar og haustkauptíð við sama verði og kaupmenn í Reykjavík.

Af þungavöru (matvörum og þesskonar) hefði því *ekkert verið keypt í Reykjavík* á síðari árum, ef bændur að austan hefðu ekki átt *önnur* erindi svo sem að flytja afurðir sínar á markað í Reykjavík (eða til útlanda, smjörbúin), eða til þess að sækja *sjáfarafurðir* og taka þá kaupstaðarvöru um leið.

Flutningur á útlendum vörum frá Reykjavík og austur, er því alveg háður *þessari* þörf. Af því leiðir, að það er heldur ekki *nein átylla* til þess að áætla að 1/4 af vörum sem til Eyrarbakka og Stokkseyrar flytjast nú sjóleið-

ina, flytjist fyrst til Reykjavíkur, til þess þaðan að flytjast aftur austur, fyrir 2 kr. 100 kíló með járnbraut.

Samkvæmt þessu virðist eigi, nú sem stendur, verða bygð nein tekjuvon fyrir járnbrautina nema á umferðaskýrslu verkfræðingsins á bls. 13—14. Verð jeg því að fara um hana nánar nokkrum orðum.

Til þess að nokkuð verulegt hefði verið hægt á henni að byggja, þá hefði hún þurft að greinast, að því er *vöruflutningana* snertir, í tvent: hvað margir hálfhlaðnir eða fullhlaðnir vagnar hefðu farið *austur*, og hvað margir *suður*, því í *suðurleið* flytja menn ekki í mánuðuuum október til miðs júní, annað af *vörum*, sem teljandi sje, en hangikjöt, smjör og lítið eitt af kæfu. Hinn hluti farmsins er *hey, fóður handa hestunum*, sem eigi mundi verða járnbrautarfarmur.

Í öðru lagi hefði þurft í skýrslunni að greina á milli *lausríðandi manna og manna sem ríða með vagnhesta í taumi*, og þeir munu ekki vera fáir, því flyttist varan með járnbraut, mundu *þeir menn* hætta að ferðast, sem nú teyma vagnana. Og meiri hlutinn, sem fer lausríðandi um veginn nú, mundi halda því áfram, þó ekki væri nema ánægjunnar vegna, því flestir Íslendingar sem með járnbrautum hafa farið, og það járnbrautum, sem veglegri og fljótari eru, en hjer er gert ráð fyrir, mundu heldur kjósa að ríða hesti sínum, en fara með járnbrautinni, enda verða þeir að eiga hann áfram, hvort sem er, þó járnbraut komi.

Þegar þessa er gætt, og þess, *að bóndinn verður að eiga hestinn þó járnbrautin komi*, og að það flutningatæki er honum því kostnaðarlaust, þá er alveg óhætt að lækka mannflutningatöluna samkvæmt þessari skýrslu um helming, sem færi með járnbrautinni, eða í öllu falli ofan í 11,000 manns.

Um þá staðhæfing verkfræðingsins »að flutuingar á vögnum og klyfjahestum milli Reykjavíkur og Árnessyslu, mundi þegar í stað leggjast niður«, ef vörur austur í miðjan Flóa yrðu fluttar fyrir 1 eyri pundið, þá stafar sú staðhæfing eflaust af ókunnugleika.

Mest af þeim vörum, sem fluttar eru nú þessa leið, eru fluttar á vögnum, getur einn unglingsmaður vel farið með 3 tvíhjólaða vagna, eða þrjá hesta með vögnunum. Til ferðarinnar eru þá notaðir 3 vagnhestar, og einn hestur til reiðar. Að sunnan geri eg ráð fyrir, að þeir flytji 700 pd. af vörum (ekki 400 kíló, eins og verkfræðingurinn áætlar), það er samtals ... ... 2100 pd.
og í suðurleið 1/4 farms eða um ... ... ... ... ... ... ... ... 500 pd.
Samtals 2600 pd.

Með járnbrautinni mundi kosta að flytja þessar vörur eftir áætlun verkfræðingsins um 26 krónur.

En hvað kostsr nú bóndann *sjálfan* að flytja vörurnar?

1. Einn unglingsmann í 3 daga, fram og aftur á 3 krónur ... ... ... 9,00
2. Vagnslit á 3 vögnum sem kostar um 125 Kr. hver með aktýgjum og vextir 8/00 ... ... ... ... .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 9,00
Samtals 18,00

Er þá eftir 8 krónur fyrir hestana, sem er góð leiga, þar sem þá þarf að eiga hvort sem er, má því telja þá upphæð fundið fje.

Og eflaust mundi bóndinn kjósa heldur að láta vinnumann sinn firra

sig þessum 9 króna útgjöldum, sem áætlaðar eru fyrir daglaunum hans, en að gjalda þær fyrir flutning.

Þetta flutningadæmi er bygt á reynslu, og verður því ekki vefengt. Margir lestamenn hafa fleiri en þrjá vagnhesta og vagna í taumi.

Þess utan liggja sum hjeruð í Árnes- og Rangárvallasýslum svo afskekt frá járnbrautinni, að óhugsandi er, að þau notuðu hana að neinum mun, jafnvel þó flutningarnir væru ódýrari með járnbraut, en nú eru þeir, vil jeg nefna sem dæmi Laugardalinn, Biskupstungur og Ölvesið.

Samkvæmt þessu ætti maður með eins miklum rjetti að geta áætlað, að að eins helmingurinn af því, sem skýrsla verkfræðingsins telur vöruflutninginn samkvæmt skýrslu hans á bls. 13, og uppgjörðinni á bls. 14, geti talist flutnings von fyrir járnbrautina eða um 1000 tons.

Um flutning sauðfjár með járnbrautinni verður fráleitt að ræða, á meðan vjer höfum þá vegi sem vjer höfum.

Sumir bændur halda því fram, að fje ljettist, sem rekið er austan úr Arnessýslu og Rangárvallasýslu, sumir giska á 5 pd. á kjöt og mör, aðrir giska á, að kind missi ekkert af kjöti, en 1 pd. af mör, og enn aðrir halda því fram, að fjeð missi ekkert nema »vömbina«.

Allir þessir menn geta haft rjett fyrir sjer, því hvort fjeð ljettist á hold eða mör eða ekki, kemur alveg undir því, *hvernig fjeð er rekið*. Sje allrar varúðar gætt við reksturinn, ljettist hvorki kjöt nje mör. Ljettist þetta um 5 pd. þessa stuttu leið, má segja að fjeð mæti svo illri meðferð, að ástæða sje til fyrir dýraverndunarfjelagið að taka í taumana.

Þess vegna er það alveg undir mönnunum komið sjálfum, hvort fjeð missir hold við reksturinn eða ekki. Læri menn að reka fje eins og t. d. Skaftfellingar gera, er alt tap á þyngd fjárins, vegna reksturs, tyrirbygt.

Og það borgar sig áreiðanlega betur að læra að reka fjeð, en að leggja járnbraut í því skyni að firrast tap, sem má komast hjá á jafn auðveldan hátt.

Sennileg áætlun um tekjur járnbrautarinnar yrði þá á þessa leið.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Fólksflutningar: | | | |
| | Til Þingvalla ... ... ... ... | 4000 × 55 = 220,000 | | mannkilom. |
| | Til Suðurlandsundirl. ... ... | 7000 × 100 = 700,000 | | — |
| | | Samtals: 920,000 | pr. % | kr. 36,800 |
| 2. | Vöruflutningar: | | | |
| | Til Þingvalla ... ... ... ... | 150 × 55 = 8,250 | t.km. | |
| | Til Suðurlandsundirl. ... ... | 850 × 100 = 85,000 | — | |
| | | Samtals: 93,250 | % | — 18,650 |
| 3. | Póstflutningur ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — 3,500 |
| | | | | kr. 58,950 |
| 4. | Eigi þarf að gera ráð fyrir miklum flutningi *skemri leiðir*, eða upp í Mosfellssveit, en til þess að ganga ekki alveg fram hjá þessum lið, áætla jeg hann, sem vitanlega er ofhátt ... ... | | | — 3,550 |
| | | | Áætlaðar tekjur samtals: | kr. 62,500 |

*Öll* tekjuvonin fyrir þessa braut, ætti því að vera nú sem stendur í hæsta lagi *62,500 krónur*, í staðinn fyrir 159 þús. kr., sem verkfræðingurinn áætlar.

Auðvitað er þessu fyrirtæki ekki reiknaðar neinar tekjur af sima, því þær tekjur mætti telja sama sem styrk veittan af landssjóði.

## Gjaldahliðin.

Þó eigi sje síður nauðsynlegt að athuga gjaldahliðina, en tekjuhliðina, þá stendur þó svo á hjer, að það má telja ómögulegt fyrir einstakan þingmann eða þingnefnd að gera það svo að fullnægjandi sje. Til þess vanta öll gögn; og aðstoð manna er erfitt að fá, þeirra sem hafa þekkingu á málinu, og áreiðanlega eigi eru við fyrirtækið riðnir, beint eða óbeint. Það liggur því við, að verkfræðingarnir geti gert áætlanirnar eins og þeim list við að hafa í slíkum málum, sem þessum.

Eg geri þó ráð fyrir, að kostnaðaráætlun landsverkfræðingsins sje miklu nær sanni, en tekjuáætlunin, *svo langt sem sú áætlun nær.* Auðvitað er í verðinu gert ráð fyrir venjulegum hag til þeirra, er fyrirtækinu ætla að koma á fót, bæði af efni og öðru.

En þó dugandi framfaramenn sjeu nokkurs stuðnings og arðs verðugir, sem venjulega hrýtur af slíkum fyrirtækjum, þegar þau komast í framkvæmd, þá verða menn þó að gæta þess í viðskiftum, að »*báðir hafi haginn*«, sem kallað er, þeir, sem fyrir fyrirtækinu gangast, *og landið* í þessu tilfelli. Annars hallast á, og hætt við að fari yfir um óðar en varir, eins og dæmi eru til um þess konar fyrirtæki, þar sem líkt hefir verið ástatt og hjer.

Þess vegna verður þingið að fara mjög gætilega í því, að taka opnum örmum, eða tveim höndum, hverju viðskifta tilboði við landssjóðinn, sem kemur fram fyrir þingið, því jafnvel á minni gróðabrallstimum, en vjer nú lifum á hjer á landi, geta menn ekki talið sig hafa tryggingu fyrir því, að *þeir*, sem hagnast vilja á slíkum stórfyrirtækjum, og sem auðveldast er að gera *með því fyrirkomulagi, sem hjer er stofnað til* — líti á annað en sinn eigin hag, hvað sem landi og þjóð líður, því hjer er blátt áfram að eins um verslun að ræða frá þeirra sjónarmiði, verslun við landssjóðinn.

Þó jeg eigi treysti mjer til að meta gildi áætlunar verkfræðingsins gjalda megin í einstökum atriðum, svo sem hvort brýr, járnbrautarteinar, timbur og annað er hæfilega áætlað, þá leynir það sjer ekki, að um gjaldaáætlunina má sama segja og tekjuáætlunina, hún er einnig mjög ónákvæm.

Á bls. 6 í skýrslu sinni tekur verkfræðingurinn það fram, að eigi hafi verið hallamæld leiðin frá Búrfellinn (í Grímsnesi) alla leið að Þjórsá, vestari leiðin, sem sennilega yrði valin. Hallamældir eru því að eins 78 km. af leiðinni frá Reykjavík að Þjórsá (bls. 6). En þá vegalengd alla telur verkfræðingurinn 112 kílómetra. Og þar fyrir austan er heldur ekkert mælt. Kostnaðurinn við brúargerðinar eru »lauslega« áætlaðar og »lauslega« mæld brúarstæðin (bls. 6).

En þegar *frumvarpið* er borið saman við áætlun verkfræðingsins, þá er sú afarstóra glompa á *sambandinu milli frumvarpsins* og *áætlunar verkfræðingsins,* að eigi munar minna *en allri leiðinni frá Þjórsárbrú að Jökulsá á Sólheimasandi,* sem mun vera 85 km.

Þetta sýnir best, hvað málið er illa undirbúið, einnig að því er gjaldahliðina snertir, að **ekkert verulegt samræmi virðist vera á milli áætlunar**

**verkfræðingsins, sem lögð er þó fram, sem grundvöllur fyrir frumvarpinu, og frumvarpsins sjálfs.**

Samkvæmt frumvarpinu (þingskj. 113) eiga leyfishafar að fá einkaleyfi til »að leggja og reka járnbraut frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu, að »henni meðtaldri með hliðarálmum niður á Eyrarbakka«.

Járnbrautarfjelagið hefir því eftir frumvarpinu rjett á að leggja járnbrautina austur að Jökulsá á Sólheimasandi.

Og nærri má geta, hvort fjelagið notar sjer ekki þennan rjett, þegar *landssjóður á að ábyrgjast allan reksturskostnaðinn á þessari leið, auk* $^1/_2$% *í varasjóð, og að ábyrgjast* 5% *vexti* af því, »sem varið hefir verið til járnbrautarinnar og þess, sem henni tilheyrir«.

Gera má ráð fyrir því, að landsverkfræðingurinn hafi rjett fyrir sjer í því á bls. 7, að hyggilegra sje að hafa járnbrautarteinana með þeim styrkleika, að meterinn vegi 20,5 kg. í staðinn fyrir 18 kg., yrði þá lagningarkostnaðurinn eftir hans áætlun að Þjórsárbrú og Eyrarbakka (bls. 15) 3,900,000 kr., sem, eins og alt er í garðinn búið, má eins kalla — 4—5 miljónir, eða hver veit hvað.

Þó að rjettast væri að gera áætlun í einu lagi um kostnaðinn við járnbrautarreksturinn frá Reykjavík til Eyrarbakka og Jökulsár, þá vil jeg til frekari glöggvunar gera hana í tvennu lagi, fyrst frá Reykjavík til Þjórsárbrúar og Eyrarbakka, sem, ef gjaldahlið verkfræðingsins og frumvarpsins, væri lögð til grundvallar, og ef reksturskostnaðurinn á hverjum lestarkílómeter er reiknaður 1 kr. 16 a., og að ferðirnar til Eyrarbakka sjeu jafnmargar og hinar (bls. 20) yrði á þessa leið:

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Reksturskostnaður milli Reykjavíkur og Þjórsárbrúar 112 km., 134,400 lestarkilómetra, á $^1/_{16}$ . . . . . | kr. 155,904,00 |
| | Reksturskostnaður milli Eyrarbakka og Ölfusárbrúar, 11 kilómetra, verða 13,200 lestarkilóm. á $^1/_{16}$ . . . . . | — 15,312,00 |
| | 5% vextir af 3,900,000 . . . . . | — 195,000,00 |
| | | Kr. 366,216,00 |
| | Þar frá tekjur, sem jeg áætla . . . . . | — 62,500,00 |
| | Árlegt tap yrði þá . . . . . | Kr. 303,716,00 |

Jeg geri hjer ekki ráð fyrir $^1/_2$% til viðhalds, sem frumvarpið gerir sjerstaklega ráð fyrir, með því verkfræðingurinn segir á bls. 19, að viðhaldskostnaður sje ávalt talinn með reksturskostnaði, og geri jeg ráð fyrir, að hann hafi gert það í áætlun sinni.

Þá leyfi jeg mjer að fara nokkrum orðum um áætlunina alla leið, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Er þá fyrst að athuga, að þó að brautin verði lögð alla leið þá, sem frumvarpið heimilar, og sem eigi þarf að efa, að framkvæmt verði samkvæmt því, sem áður er sagt, því fjelagið hefur þar alt að vinna, þá bætist þó sennilega ekki við tekjur af auknum flutningi, því að allar væntanlegar tekjur úr öllum 3 nærsýslunum eru þegar taldar (skýrslan bls. 13), allar tekjur, sem nokkur líkindi eru til að gera megi ráð fyrir í nálægri framtíð. Og bent hefir

verið á, hvers vegna nokkur þungavara yfir höfuð flytst á landi austur í sýslur, sem sje af því, að menu fara með smærri afurðir sínar suður, einkum hangikjöt, smjör og kæfu, og þurfa að sækja sjófang til Reykjavíkur. Væru nú samgöngur á sjó í sæmilegu lagi til Eyrarbakka, þá mundi sjófangið flytjast þangað sjóveginn.

Það er því ekki hægt *með neinni vissu*, að áætla, að tekjur bætist við, þó járnbrautin fari austur að Jökulsá. Það ætti þá að stafa af því, að menn flyttu vörur með brautinni milli *Jökulsár* og *Eyrarbakka*, en jeg hygg, að niðurstaðan yrði sú, sem dæmi hjer á undan sýnir, að bændur kysu heldur að nota vagna sína og hesta til þessara flutninga, en að kaupa fulldýran járnbrautarflutning.

Að því er lagningarkostnaðarhliðina snertir, er fyrst að geta þess, að á leiðinni frá Þjórsá að henni meðtaldri til Jökulsár, eru fleiri stórvötn en frá Reykjavík að Þjórsá. Það eru þessi hin helstu:

Þjórsá, Rangárnar báðar, Hróarslækur, (Selalækur), Þverá og Markarfljót.

Enginn efi er á því, að meira gengur til brúargerða á þessum kafla en á hinum. Hins vegar er þessi kafli sljettlendari en hinn kaflinn, svo ofaníburður verður minni. Ætti því að mega giska á, að lagningarkostnaðurinn yrði svipaður, og á þeim kaflanum, sem áætlun liggur fyrir um að nafninu til.

Nú kvað vegalengdin frá Þjórsá að Jökulsá vera 85 km. *símaleið*, beinasta leiðin á kr. 31,250, — ef veikari teinarnir eru notaðir. Og yrði þá járnbrautarlagningarkostnaðurinn þann kafla nálægt . . . . . Kr. 2,656,250,00
og ef sterkari teinarnir eru notaðir, bætast við um . . . . — 75,000,00
á þessum kafla; járnbrautin kostaði þá alla leið . . . . . — 6,631,250,00

Samkvæmt þessu ætti rekstursreikningurinn *alla leið* að líta út á þessa leið:

| | | |
|---|---|---|
| Reksturskostnaður milli Reykjavíkur og Jökulsár 197 km., 236,400 lestarkílóm. á 1/16 . . . . . = | Kr. | 274,224,00 |
| Milli Eyrarbakka og Ölfusár, 11 kílóm., = 13,200 lestarkíóm. 1/16 | — | 15,312,00 |
| 5% af 6,631,250 kr. . . . . | — | 331,562,50 |
| Samtals kr. | | 621,098,50 |
| Hjer frá dragast áður áætlaðar tekjur . . . . . | — | 62,500,00 |
| Tap árlega kr. | | 558,598,50 |

Tap landssjóðsins ætti þá að verða um 558000 kr. á ári af brautinni alla leið. En frá því væntanlega tapi landssjóðs ber að draga þær tekjur, sem kynnu að koma á leiðinni milli Eyrarbakka og Jökulsár, sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að verði miklar, og enga áætlun er hægt að gera um, svo og það sem kynni að nást með verðhækkunar skatti þeim á jörðum, sem frumvarpið á þingskj. 187 gerir ráð fyrir, sem jeg tel litla tekjuvon að, sem síðar mun verða bent á.

En ótaldar eru þá líka til útgjalda bætur fyrir jarðspell á jörðum, er landssjóður kann að eiga, og bætur þær, sem sveitarfjelögin eiga að greiða samkv. 3. gr. frumvarpsins. Og ennfremur tap landssjóðs af símanum, ef fjelagið fær tekjur af honum á járnbrautarleiðinni, eða núverandi símaleið, á þessu svæði.

## Niðurstaðan.

Það má gera ráð fyrir, að þrátt fyrir þessa niðurstöðu mína, sem jeg tel vera á nægum rökum bygða, verði menn í vafa um, hverri áætluninni megi betur treysta, minni eða landsverkfræðingsins. Jeg verð því ennfremur að fara nokkrum orðum um niðurstöðu þá er hann kemst að á blaðsíðu 22—23 í skýrslu sinni, þar sem hann hyggur, að með tímanum hljóti þessi járnbraut að gefa hreinan arð um 6,1%. Í nefndinni hefir landsverkfræðingurinn talið vafalaust, að sá arður fengist að *15 árum* liðnum frá því, er járnbrautin tæki til starfa.

Niðurstöðu þessa fær hann (á bls. 22) með því, að lýsa járnbraut, sem liggur eftir Jaðrinum (Jæderen) í Noregi, milli Stafanger og Egersund. Braut þessi er lögð árið 1878, milli tveggja *hafnarbæja* og er á lengd 76 km. Íbúatalan segir verkfræðingurinn að hafi verið á svæðinu er járnbrautin náði til 50,000 þegar brautin var lögð, en hafi vaxið um rúm 14,000 á 25 árum, og flutningsmagnið auðvitað að sama skapi.

Á þessu flutningsmagni milli þessara tveggja bæja Stavanger og Egersund, byggir verkfræðingurinn svo framtíðaráætlun sína hjer, sem sjá má af skýrslunni, og að brautin, samkvæmt hans síðara munnlega áliti í nefndinni, muni gefa hinn áætlaða 6,1% arð að 15 árum liðnum. En verkfræðingurinn skýrir hjer aðeins frá glæsilegu flutningsmagni milli þessara tveggja hafnarbæja, *en hann lætur þess alveg ógetið hvernig þessi braut hafi borgað sig.*

*Hann sem sje leiðir alveg hjá sjer, að taka það fram, að þessi braut var enga vexti farin að gefa af stofnkostnaðinum árið 1903, þá eftir 25 ára notkun,* og þar af leiðandi getur hann þess ekki heldur, *hvað olli því* að brautin *gaf engan arð, þrátt fyrir mjög aukið flutningsmagn* og *fólksfjölgun á járnbrautarsvæðinu.* Hver hlutur 100 kr. í þessu járnbrautarfyrirtæki er metinn 15 kr. virði, í von um, að þeir verði einhvers virði síðar (sjá Halvorsen & Larsen, Tillæg til den officielle Almanak 1904 bls. 107).

Og árið *1910,* var þessi *sama braut* heldur enga vexti farin að gefa samkvæmt skrá fyrir það ár, er jeg leyfi mjer að láta fylgja hjermeð sem nr. 2 til samanburðar. Hún er tekin eftir sama almanaki fyrir árið 1912 bls. 103.

Það má nærri geta, hvað mikið tap hefur verið á þessari braut *í upphafi,* þegar hún, þrátt fyrir mikla fólksfjölgun á járnbrautarsvæðinu og aukið flutningsmagn, var engan arð farin að gefa árið 1910 eða eftir 32 ár.

Af þessari skrá nr. 2 geta menn glögglega sjeð, að færri járnbrautirnar í Noregi gefa nokkurn arð eða vexti, þó þær hafi jafnvel verið reknar síðan 1875. En því miður verður ekki sjeð, hvað *tapið á rekstrinum* er mikið á þeim 29 járnbrautum (af 39) sem lagðar hafa verið.

Ekki verður heldur sjeð, nema stofnfjeð hafi verið sumstaðar eða alstaðar *sett niður* eins og gert var í Danmörku 1901—1902, sem jeg síðar vík að.

Þá virðist landsverkfræðingurinn ekki telja það miklu máli skifta, að brautin liggur á milli tveggja *hafnarbæja,* þar sem mikil sigling er og verslun. Stavanger með 57,936 íbúum árið 1910. En þetta eru þó einmitt bestu skilyrðin fyrir því, að járnbraut geti svarað vöxtum.

Af skýrslunni nr. 2 má sjá, hvenær hver braut var lögð í Noregi, lengd brautanna, hvað þær kostuðu, greidda vexti og mat á hlutum þeirra brauta,

sem gefa arð, eða vænst er einhverntíma arðs af síðar, og eigi eru eingöngu ríkisbrautir. Matið á hlutunum er ekki glæsilegt, og bið jeg menn sjerstaklega að athuga það í síðasta dálki skýrslunnar nr. 2.

Af skýrslunni sjest, að aðaljárnbrautin, sem bygð var *1854*, hefir ekki gefið árið 1910 nema 5½% í vexti, og liggur hún þó út frá höfuðborginni Kristianíu, sem nú hefir 242,850 íbúa (1910). Þessi braut er því ekki enn eftir 59 ár nærri búin að ná þeim hag, sem landsverkfræðingurinn væntir að járnbrautin austur nái eftir 15 ár, sem þó á ekki að vera rekin af landinu sjálfu, heldur af útlendu fjelagi *upp á landsins ábyrgð og kostnað að öllu leyti.*

Þegar um það er að ræða, hvort betur muni borga sig að reka hjer járnbrautir en í Noregi, þá þarf naumlega að benda á annað en stærð beggja landanna, fólkstölu og ferðamannastraum.

Noregur er að stærð 322,908 □ km. Fólkstalan þar 1. des. 1910 2,391,782. Ísland er að stærð 104,785 □ km. Fólkstalan 1910 85,089.

Í Noregi koma þá 7,185 menn á hverja 1000 □ kílómetra, en á Íslandi 810 menn á hverja 1000 □ kílómetra.

Ísland er umflotið sjó á alla vegu, en Noregur ekki nema öðru megin.

Af þessum staðháttum leiðir, að flutningar á sjó koma að enn betra haldi hjer en í Noregi.

Það mun því naumast vit í að gera ráð fyrir, að flutningsþörfin með járnbraut sje meiri hjer en hlutfallslega við það, sem er í Noregi. Það mun því mega gera ráð fyrir, að hún sje *svo miklð minni hjer*, sem munur er á fólkstölunni í báðum löndunum á hverjum 1000 km. af landi. Hlutfallið verður þá 1:9. Geta má þess, að hjer er ekki tekið tillit til mismunandi þjóðarauðs, og þar af leiðandi miklu meiri atvinnureksturs í Noregi að tiltölu en á Íslandi, en það eykur auðvitað flutningsþörfina.

Ferðamannastraumurinn í Noregi er alkunnur, og er ekki hægt að jafna honum við ferðamannastrauminn hingað. Það væri heldur ekki óeðlilegt, að Alþingi rjeðist í að að byggja *boðlegt skýli* yfir ferðamenn bæði á Þingvöllum og við Geysi, áður en lagt er út í það fjáreyðslufyrirtæki að leggja járnbraut fyrir þá, sem þeir þess utan mundu tæplega nota, nema að litlu leyti. Þeir mundu hjer eftir, eins og hingað til, hafa gaman af að reyna íslenskt ferðalag og og íslenska hesta.

## Járnbrautir í Danmörku.

Þá mætti bera saman Danmörku og Ísland.

Danmörk er að stærð 38,968,70 □ km. Íbúatalan 1911 2,757,076.

Í Danmörku koma þá á hverja 1000 □ km. 70,750 manns, en á Íslandi aðeins 810 manns eins og áður er sagt. Danmörk er vitanlega miklu ríkara land að tiltölu en Ísland, og hefur að því skapi meiri flutningsþörf að tiltölu.

Danmörk er *rennsljett* land, og því ágætlega fallið til *ódýrra* járnbrautarlagningu. Danmörk er þjettbýlt land og afar mikið heimsótt af ferðamanna straum.

Hún stendur óneitanlega stórkostlega mikið betur að vígi en Ísland til þess að fá járnbrautir til að bera sig, að ógleymdu því, hvað Danir fá miklu ódýrara fje til járnbrautarlagninga, en Ísland mundi nokkru sinni fá, þó um frjálsa samkepni yrði að ræða.

Skoðum þá til hvernig Danmörk gengur.

Árið 1847 var fyrsta járnbrautin lögð á milli Kaupmannahafnar og Hróarskeldu (4 mílur).

Árið 1856 var þessi braut lengd til Korsör.

Smámsaman var svo brautum fjölgað, og var búið að verja til þeirra 255 miljónum króna um aldamótin. Upphæð þessi var *svo sett niður* í landsreikningi Danmerkur fyrir reikningsárið 1901—02 í 180 miljónir, *alveg strykaðar út 75 miljónir króna,* og var hagurinn *bygður á þessari niðurfærslu stofnfjárins* árin 1902—03 og var þá 1,6% og árið 1903—04 2,5%. (Sjá Hages Haandbog í Handelsvidenskab 1910 bl. 891 og 895).

Jeg vil biðja menn að athuga þetta alt, og reyni svo hver, sem getur að trúa því, að járnbraut austur að Þjórsá geti gefið 6,1% vexti að 15 árum liðnum, eða yfir höfuð nokkra vexti, heldur skaða og aftur skaða gífurlegan fyrir landið.

Landsverkfræðingurinn bendir á á bls. 20, hverjir taxtar sjeu fyrir ríkisbrautirnar norsku, og segir þar meðal annars: »Þessir taxtar eru of lágir til »þess, að renta verð brautanna þar, því tekjuafgangur ríkisbrautanna nam »1910—11 aðeins 2,22% af stofnkostnaði þeirra«.

Meira segir verkfræðingurinn ekki, og gæti maður af því skilið, að það væru aðeins *ríkisbrautir,* sem ekki borguðu sig, hinar bæra sig sæmilega eða vel.

En af skýrslunni nr. 2 geta menn sjeð, að einka brautirnar bera sig engu betur en hinar, og eigi er hægt að sjá, hve miklu þær tapa.

Og loksins virðist mjer vanta hjá landsverkfræðingnum, að hann í þessu sambandi gefi upplýsingar um, *hvers vegna* ríkisbrautirnar hækka ekki svo taxta sína, að þær fái meiri arð en 2.22% af stofnfje sínu, og enn frekar virðist þurfa skýringar á því, hvers vegna *einkabrautirnar,* sem engan arð fá, eða jafnvel líða stórtap, *ekki hækka taxta sína.*

Jeg sje enga sennilegri ástæðu fyrir því, að taxtarnir eru ekki hækkaðir, að minsta kosti á einkabrautum, en þá, *að ef járnbrautirnar hækkuðu taxtana, þá færi almenningur að flytja vörur sínar sjálfur upp á gamla mátann sjóveg til næstu hafna, og þaðan á hestum og vögnum,* sem þá borgaði sig betur. Öldungis eins og jeg sýndi fram á hjer að framan, að járnbrautinni okkar mundi verða erfitt að keppa við Flóamanninn, þegar hann leggur á stað með hesta sína og vagna.

## Einkaleyfið.

Eigi ætlast flutningsmenn frumvarpsins til, að járnbrautarfjelagið fái að eins einkaleyfi til að leggja járnbraut á þessu svæði, sem áætlun hefir verið gerð um, heldur »**forgangsrjett fyrir öðrum, að öðru jöfnu, til þess að leggja »aðrar járnbrautir í sambandi við járnbraut þá, er hjer ræðir um, í framhaldi »af henni eða til hliðar við hana**«, ef landssjóður leggur ekki brautina sjálfur.

Í fljótu bragði getur mönnum, sem eigi eru slíkum samningum vanir, þótt þetta ákvæði meinlítið, en þegar betur er að gætt, er þetta ákvæði **fullkomið einveldi yfir öllum járnbrautarlagningum hjer á landi,** öldungis eins og *einokunin,* sem Ísland átti áður við að búa. **Öll samkepni er útilokuð.** Þetta liggur í því, að ómögulegt er að bjóða í járnbrautarlagningu, nema að *dýr*

*eigin* rannsókn hafi farið fram á svæði því, sem járnbrautin á að leggjast yfir, og þar sem þetta fjelag á að hafa *samkvæmt lögum forgangsrjett* að *öðru jöfnu til að leggja allar járnbrautir hjer á landi,* þá *dettur auðvitað engum í hug,* að *kosta* neinu til slíkrar rannsóknar, eða að bjóða nokkurt boð rannsóknarlaust, *því hann veit, að járnbrautarfjelagið hefir forgangsrjettinn, og að það fær rjettinn,* þegar það býður sömu kjör. Því þó einhver bjóði lægra boð en fjelagið, þá þarf það ekki annað en að færa boð sitt niður í það verð, sem keppinauturinn bauð, *þá á* það rjettinn.

Það dettur því engum óvitlausum manni í hug að samkeppa, þegar svo er í garðinn búið.

## Kauprjettur landssjóðs.

Gert er ráð fyrir því í 4. gr. frumvarpsins á þingskjali 113, »að landinu skuli áskilinn rjettur til þess, þegar 10 — tíu — ár eru liðin frá því, er »rekstur járnbrautarinnar byrjaði á öllu svæðinu frá Reykjavík austur að »Þjórsá, að taka við járnbrautinni með öllu, sem henni fylgir og tilheyrir, á»samt skuldbindingum þeim, er á henni hvíla, gegn því að greiða upphæð, »sem samsvarar því fje, er sannanlega hefir verið varið til byggingar og útveg»unar á brautinni með öllu tilheyrandi«.

Í þessu virðist mjer enginn kauprjettur felast, eins og hjer á stendur, nema *á pappírnum,* með því að það yrði í fyrstu röð alveg undir dönsku fjármálamönnunum komið, sem leggja eiga fram fjeð til fyrirtækisins, hvort þeir vildu útvega landinu svo margra miljón króna lán til að kaupa alla járnbrautina fyrir. En út fyrir Danmörk nær lánstraust landsins ekki enn sem komið er. Svo hefir verið fyrir sjeð.

Í öðru lagi á kauprjettur landsins til járnbrautarinnar ekki að ná yfir stærra svæði en frá Reykjavík austur að Þjórsá, enda þótt fjelagið eigi að fá skilyrðislausan rjett til að leggja brautina austur að Jökulsá og forgangsrjett til allra annara járnbrautarlagninga. Í þessu er mikil ósamkvæmni, sem eflaust er óviljaverk. Í þriðja lagi tel jeg það óframkvæmanlegt fyrir nokkra stjórn, að geta vitað um, hvað *sannanlega* hefir verið varið til járnbrautarlagningarinnar með öllu tilheyrandi, *enda engum einum manni felandi að meta þær 10 ára gömlu sannanir, sem fram yrðu lagðar.* Og í fjórða lagi mundi landssjóður eigi hafa mikla hvöt til að taka að sjer fyrirtækið, þegar reynslan væri fengin fyrir tapinu, sem af því leiddi, nema þá í því skyni, að leggja járnbrautina niður til að firrast hið árlega reksturstap.

## Verðhækkunargjald út af járnbrautarlagning.

Forgöngumenn þessa fyrirtækis hafa gert sjer vonir um, að eigi alllitlar tekjur kæmu í landssjóð út af verðhækkunargjaldi af jörðum, sem kæmu til að stíga í verði með fram járnbrautinni. En eins og jeg hefi áður bent á stendur *hinn almenni efnahagur manna* og *aflleysi hankanna* því í vegi, að járnbrautin *geti* haft til muna áhrif á, að jarðir næst brautinni stigi í verði. Tekjur virðast því eigi geta komið að *neinum mun* úr þeirri átt, samanber það sem sagt er um jarðirnar nálægt Reykjavík hjer að framan. Þar af leiðandi verð jeg að skoða þetta frumvarp á þingskj. 187 ekki til þess fallið að tryggja landssjóði tekjur.

## Samanburður.

Það virðist ekki vera þýðingarlaust í þessu máli, að bera saman, hvað hið fyrirhugaða flutningstæki kostar í samanburði við sennilegt verðmæti allra jarða í Arnessýslu og Rangárvallasýslu og alls leigubærs búpenings þeirra sýslna.

Eins og sýnt var fram á að framan, mundi járnbrautin alla leið kosta minst kr. 6,631,250,00. En verð allra jarða og búpenings í þessum sýslum samkvæmt sjerstakri áætlun, er jeg læt prenta hjer með sem nr. 1, mun nema um kr. 4,750,701,32.

| | | |
|---|---|---|
| Jarðaverðið út af fyrir sig mundi nema . . . . . | | Kr. 2,353,455,00 |
| Og búpeningur allur . . . . . | | — 2,397,246,32 |
| | Samtals: | Kr. 4,750,701,31 |
| 5% eftirgjald eftir allar jarðirnar mundi nema . . . . | | Kr. 117,672,75 |
| Verðmæti á kúm nemur um. . . . . | Kr. 506,102,00 | |
| Á ám með lömbum um . . . . . | — 451,236,54 | |
| A hestum 4 vetra og eldri um. . . . | — 516,240,00 | |
| | Kr. 1,473,578,54 | |
| 15% arður af því mundi nema . . . . . | | Kr. 221,036,78 |
| | Samtals: | Kr. 338,709,53 |

Af öðrum fjenaði fæst ekki neinn arður fyr en hann er uppalinn, eða á söludegi. Og auðvitað fullhátt að áætla arðinn af kúm ám og hestum 15%, jafnvel þó miðað sje við venjulega *leigu* af slíkum fjenaði, (eftir kú 12 kr., eftir á 2 kr., og eftir hest 12 kr.).

*Allar þessar tekjur af eign beggja sýslnanna mundu hvergi nærri nægja til að borga tekjuhallann af járnbrautinni,* ef hún næði alla hina fyrirhuguðu leið samkvæmt frumvarpinu.

Jeg vona, að jeg hafi nú nægilega sýnt fram á, að *viðskiftalega* skoðað, getur ekki komið til mála, að leggja þessa járnbraut. Skyldi eigi að síður takast að koma þessu máli í gegnum þingið, þá er ekki ólíklegt, að það gæti þá líka tekist að nokkrum árum liðnum, að leggja járnbraut, norður á Akureyri, t. d., hversu mikið sem það kostaði landssjóð. En þangað er *símaleiðin* 360,6 km. Járnbrautarleiðin yrði sennilega miklu lengri, um 400 km.

Það segir sig sjálft, hvernig landssjóður yrði þá staddur, og hvaða útgjaldabyrði yrði að leggja á þjóðina, til að standast alt það tap af járnbrautinni.

## Stjórnmálahliðin.

Slík mál sem þetta hafa venjulega 2 hliðar, *fjárhagshlið* og *stjórnmálahlið*. Það gæti því komið til álita, hvort í þessu fyrirtæki gæti falist einhver stjórnmálalegur ávinningur, sem væri svo mikils virði, að þjóðin gerði rjett í því, að leggja þetta mikla tap á sig.

Eigi hefi jeg getað fundið neinn ávinning fyrir þjóðina úr þeirri átt, heldur þvert á móti.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að Íslendingar hafa á undanförnum árum orðið fyrir allmikilli áleitni af sambandsþjóð vorri Dönum í þá átt að gera samninga milli landanna um sambandið, miklu þrengri samninga í vorn garð, en gildandi samningur er, »Gamli sáttmáli«.

Samningatilraunir þessar hafa mistekist hvað ofaní annað, og væri því

ekki óeðlilegt, að Danir kynnu að leita að einhverjum öðrum leiðum til þess að ná þeim yfirráðum yfir landinu, er þeir óska að ná, ef til vill enn staðbetri leiðum, en samningaleiðina.

Þeir hafa þegar náð allmiklum tökum á landinu með líkum einkaleyfum, og nú er farið fram á að veita, má nefna *símaeinkaleyfið*, og *seðlaútgáfurjett* Íslandsbanka. Þessa einkarjetti, auk annars, vilja þeir eðlilega tryggja sjer áfram, er einkaleyfistíminn er liðinn. En það geta þeir best trygt sjer með því, að ná viðtækum einkarjetti yfir öllum stór-fyrirtækjum í landinu. Og svo framsýnir eru danskir fjármálamenn, að þeir telja það engan skaða fyrir *sig*, þó fyrirtækin sjeu stofnsett löngu fyrir tímann, og íslenska þjóðin nálega sligist undir gjaldabyrðinni, sem af því leiðir, *ef þeim sjálfum* er trygður arður af fyrirtækjunum.

Í nefndinni hefur verið skýrt frá, að það sjeu 3 helstu fjármálamenn Dana, sem bjóða fjeð fram til járnbrautarlagningarinnar með þeim kostum, sem frumvarpið tiltekur.

Eigi eru kostirnir svo glæsilegir, að eigi hefði verið ástæða til fyrir stjórn vora, að reyna að útvega aðra betri kosti utan Danmerkur. Og að hún hefir eigi gert það, bendir til, að Danir meini eitthvað meira með svona stóru fjárframlagi, en að *hjálpa* Íslendingum til að leggja járnbraut. Þegar slíkt mál, sem járnbrautarmálið er lagt fyrir þingið, að tilhlutun stjórnarinnar, beint eða óbeint, þá hlaut hver óháð stjórn að leita fyrir sjer um tilboð í svo stórt fyrirtæki úr sem flestum áttum, *að sjálfsögðu úr nágrannalöndunum*, og jafnvel frá *Vesturheimi*. En það hefir hún ekki gert, heldur rekur hún hjer *samkepnislaust* erindi 3 fjármálamanna Dana. Erindi Íslands getur stjórnin ómögulega verið að reka, því þá mundi hún hafa útvegað *samkepnis*tilboð, áður en hún ljet bera málið fram í þinginu.

Fje þetta bjóða Danir fram 4—6½ miljón króna, eða hvaða upphæð það nú verður, gegn ábyrgð landsins *eins* á vöxtum og reksturskostnaði, *á sama tíma*, sem stjórn vorri getur ekki tekist að að fá ¼ miljón króna lán til veðdeildarbréfakaupa, þar sem bæði landssjóður ábyrgist lánið, og *jafnvirði lánsins er framboðið til tryggingar í bankavaxtabrjefum* Og á sama tíma sem stjórninni, tekst ekki að fá ½ miljón króna lán hjá Dönum upp á ábyrgð landssjóðs *eins*, nema auk þess sjeu ákveðnar tekjur veðsettar.

Danir vilja þannig leggja fram fulla 6½ miljón króna á ábyrgð landssjóðs *eins*, ef þeir mega *sjálfir ákveða*, hver fyrirtækin séu — í þessu tilfelli til fyrirtækis sem hlýtur að baka landssjóði — stór tap —, en ¼ miljón t. d. vilja þeir ekki lána til fyrirtækja, er *vjer sjálfir stjórnum, og vitanlegt er að borga sig*. Nei til þess fást þeir ekki, og það *þó tryggingin sje tvöföld*.

En þetta sýnir þó, að Íslendingar hafa lánstraust í Dana augum, þó þeir fái ekkert lán, þegar þeir *treysta* þjóðinni til að bera vexti af járnbrautinni og alla útgerðina, hversu miklum skaða sem hún veldur. Annars mundu þeir naumlega leggja fjeð fram, þó augnamiðið kunni að vera alt annað, en að ávaxta hjer fje.

Af þessu verður ekki annað ráðið, en að Danir treysti á framtíðarmöguleika landsins, en að þeir vilji ekki lána landinu fje gegn fullum vöxtum, til þess að styðja *sjálfstæða*, efnalega framþróun þess. Þeir mundu t. d. ekki vilja leggja fjeð fram til jafn óarðvænlegrar járnbrautarlagningar, ef *land-*

*ið sjálft* ætlaði að leggja járnbrautina fyrir eigin reikning. Og auðvitað ætti landið sjálft að leggja járnbrautina, *þegar* sá tími kemur, að fyrirtækið getur orðið þjóðinni til heilla.

Jeg hefi nú stuttlega drepið á stjórnmálahliðina, og getur hún naumlega verið til meðmælis því, að vjer tökum þessu eða líku járnbrautarboði. Þvert á móti leyfi jeg mjer eindregið að ráða frá því, að svo sje gert.

Það er nú búið að verja um 20 þús. krónum til undirbúnings þessu máli, og er sennilega eitthvað óframkomið af þeim kostnaði.

Eflaust hefði mátt spara þennan kostnað að mestu leyti, því hefðu þær hliðar málsins fengið að koma fram í dagsbirtuna, sem jeg hefi hjer bent á, þá hefði flestum orðið það ljóst, án mikils kostnaðar, að mál þetta var ótímabært.

Það hafa komið fram í nefndinni uppástungur um það, að veita landsstjórninni aðstoð til að rannsaka þetta mál frekar, svo sem með því að veita henni fje til þess, en eðlilega get jeg heldur ekki fallist á þá tillögu, þar sem því fje, sem til þess væri varið, mundi verða sama og að fleygja því í sjóinn.

Af því skýrsla og áætlun landsverkfræðingsins hefir ekki verið lögð fram sem þingskjal, en jeg hefi víða orðið að vísa til hennar, leyfi jeg mjer að láta prenta skýrslu þessa hjer með sem nr. 3.

Er þá mín

## Tillaga

að frumvörpin á þingskjölum nr. 113 og nr. 187 verði feld, en í þeirra stað samþyktar svohljóðandi dagskrár:

## Dagskrá.

1. Við frumvarpið um járnbrautarlagningu á þingskjali 113:

   Með því deildinni þykir ekki tiltækilegt, að stofna til járnbrautarlagningar að svo komnu hjer á landi, nje að verja meira fje til frekari rannsóknar eða undirbúnings þess máls, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

## Dagskrá.

2. Við frumvarp til laga um verðhækkunargjald út af járnbrautarlagning á þingskjali 187:

   Með því deildinni þykir eigi tiltækilegt að stofna til járnbrautarlagningar hjer á landi að svo komnu, og að þetta frumvarp er bein afleiðing af frumvarpinu um járnbrautarlagning, sjer deildin eigi tiltækilegt að samþykkja það, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Neðri deild Alþingis 3. sept. 1913.

Björn Kristjánsson.

I. fylgiskjal.

## Skýrsla

um jarðeignir og búpening í Árnessýslu og Rangárvallasýslu árið 1910, með verði samkvæmt verðlagsskránum 1912 fyrir þær sýslur, að svo miklu leyti, sem hægt var að nota þær.

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| Ábúðarhundruð í Rangárvallasýslu 7,082,9 hndr á 150/00 | 1,062,435,00 | |
| —— - Árnessýslu 8,606,8 hndr. á 150/00 | 1,291,020,00 | 2,353,455,00 |
| Kýr og kelfdar kvígur í Rangárvallasýslu 2022 á 100/00 | 202,200,00 | |
| — — — — - Árnessýslu 2491 á 122/00 | 303,902,00 | 506,102,00 |
| Griðungar í Rangárvallasýslu 17 á 100/00 | 1,700,00 | |
| —— - Árnessýslu 33 á 100/00 | 3,300,00 | 5,000,00 |
| Veturgamall nautpeningur í Rangárvallasýslu 365 á 60/00 | 21,900,00 | |
| —— —— - Arnessýslu 346 á 60/00 | 20,760,00 | 42,660,00 |
| Kálfar í Rangárvallasýslu 616 á 25/00 | 15,400,00 | |
| — - Árnessýslu 576 á 25/00 | 14,400,00 | 29,800,00 |
| Ær með lömbum í Rangárvallasýslu 16685 á 11/10 | 185,203,50 | |
| — — —— - Árnessýslu 19677 á 13/52 | 266,033,04 | 451,236,54 |
| Geldar ær í Rangárvallasýslu 3882 á 9/52 | 36,956,64 | |
| — — - Arnessýslu 4663 á 11/03 | 51,432,89 | 88,389,53 |
| Sauðir og hrútar eldri en veturgamlir í Rangárvallas. 11185 á 12/00 | 134,220,00 | |
| — — — — — —— - Árnessýslu 11611 á 13/50 | 156,748,50 | 290,968,50 |
| Gemlingar í Rangárvallasýslu 15939 á 7/85 | 125,121,15 | |
| —— - Árnessýslu 19335 á 9/16 | 177,108,60 | 302,229,75 |
| Hestar og hryssur í Rangárvallasýslu 3130 á 80/00 | 250,400,00 | |
| — — — - Árnessýslu 3198 á 80/00 | 255,840,00 | 506,240,00 |
| Trippi veturgömul til 3. v. í Rangárvallasýslu 1932 á 50/00 | 96,600,00 | |
| — —— — - - - Arnessýslu 1131 á 50/00 | 56,550,00 | 153,150,00 |
| Folöld í Rangárvallasýslu 724 á 10/00 | 7,240,00 | |
| — - Árnessýslu 423 á 10/00 | 4,230,00 | 11,470,00 |
| | | 4,740,701,32 |

II. fylgiskjal.

# Skýrsla
## um járnbrautir í Noregi árið 1910.

| Hinar einstöku brautir með hliðarbrautum | Hvenær opnuð? | Lengd brautanna km. | Lagningarkostnaður í milj. kr. | Greiddur hagur til hluthafa í prósentum | Mat hlutabrjefanna 31/10 '09, kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Norsk Hovedjernbane (Kristiania — Eidsvold) | * 1/9 1854 | 67,8 | 12,28 | .. | .. |
| Præferenceaktier | .. | .. | .. | 5,5 | 160 |
| Uprioriterede Aktier | .. | .. | .. | 4,5 | 110 |
| Smaalensbanen, vestre Linie og östre Linie | * 2/1 1879 | 249,1 | 31,46 | 1,7 | 35 |
| *Kristiania — Gjövikbanen* med Sideliner til Röikenvik og Skreia | * 20/12 1900 | 156,2 | 18,02 | .. | .. |
| Roa — Hönefoss | * 1/12 1909 | 31,9 | | .. | .. |
| Kongsvingerbanen | * 3/10 1862 | 114,6 | 11,12 | 4,5 | 80 |
| *Solörbanen.* | | | | | |
| Deraf: Kongsvinger — Flisen | 3/11 1893 | 49,2 | 3,17 | .. | .. |
| Flisen — Elverum | 4/12 1910 | 44,0 | .. | .. | .. |
| Kristiania — Drammenbanen | 7/10 1872 | 52,9 | 8,39 | 2,5 | .. |
| Drammen — Randsfjordbanen med Sidelinier til Kongsberg og Kröderen | * 15/11 1866 | 143,5 | 16,55 | 4,0 | 75 |
| Drammen — Skienb. m. Sidel. til Horten og Brevik | 7/12 1881 | 165,3 | 13,78 | .. | .. |
| Eidsvold — Ottabanen | * 8/11 1880 | 229,8 | 18,86 | 1,8 | 30 |
| Hamar — Grundsetbanen | 6/10 1862 | 38,1 | 2,15 | 2,5 | 35 |
| Grundset — Aamotbanen | 23/10 1871 | 26,3 | 0,87 | 2,5 | .. |
| Slören — Aamotbanen | 14/12 1875 | 317,8 | 17,66 | .. | .. |
| Trondhjem — Störenbanen | 5/8 1864 | 51,1 | 4,73 | 2,0 | 30 |
| Merakerbanen (Trondhjem — Rigsgrænsen) | * 17/10 1881 | 102,8 | 12,19 | 2,0 | 45 |
| Hell — Sunnanbanen | * 20/10 1902 | 105,2 | 10,48 | .. | .. |
| Arendal — Aamlibanen | 18/12 1910 | 58,0 | .. | .. | .. |
| *Sæterdalsbanen* | 27/11 1896 | 78,4 | 4,95 | .. | .. |
| Stavanger — Flekkefjordbanen | 1/3 1878 | 149,1 | 12,52 | .. | .. |
| Deraf: Stavanger — Egersund | 1/3 1878 | 76,3 | 5,61 | .. | 15 |
| *Egersund — Flekkefjord* | 1/11 1904 | 72,8 | 6,91 | .. | .. |
| Bergen Vossbanen | * 11/7 1883 | 106,7 | 53,46 | .. | 5 |
| *Voss — Gulsvik* | * 10/6 1908 | 244,6 | | .. | .. |
| *Gulsvik — Hönefoss* | * 1/12 1909 | 51,5 | | .. | .. |
| *Ofotbanen (Narvik — Riksgränsen)* | * 15/11 1902 | 41,9 | 10,12 | .. | .. |
| Private Baner: | | | | | |
| Urskog — Hölandsbanen | 19/10 1896 | 56,8 | 1,31 | .. | .. |
| Valdresbanen | * 28/11 1902 | 108,6 | 4,48 | .. | .. |
| Lier — Holsfjordbanen | 12/7 1904 | 20,6 | 0,85 | .. | .. |
| Holmestrand — Vittingfossbanen | 1/10 1902 | 30,4 | 1,26 | .. | .. |
| Tönsberg — Eidsfossbanen | 18/10 1901 | 48,0 | 1,39 | .. | .. |
| Grimstad — Frolandsbanen | 14/9 1907 | 22,1 | 0,77 | .. | .. |
| Lillesand — Flaksvandbanen | 4/6 1896 | 16,6 | 0,55 | .. | .. |
| Nesttun — Osbanen | 1/7 1894 | 26,8 | 0,75 | .. | .. |
| Sulitjelmabanen | 26/6 1896 | 13,1 | 0,57 | .. | .. |
| Thamshavnbanen: | | | | | |
| Deraf: Thamshavn — Svorkmo | 10/7 1908 | 19,5 | 1,99 | .. | .. |
| Svorkmo — Lökken | 15/8 1910 | 6,5 | .. | .. | .. |
| Notodden — Tinnoset | 9/8 1909 | 30,0 | 5,18 | .. | .. |
| Rollag — Soheim | 9/8 1909 | 16,0 | | .. | .. |

*Athugasemdir.*

1. Brautir þær, sem prentaðar eru með breyttu letri, eru eingöngu ríkisbrautir.
2. Þær brautir sem * stendur við hafa fulla breidd, en full breidd er þar talin 1.435 m., næsta breidd 1.067 m., þá 1 meter braut og mjósta breiddin 0.75 m. og skiftast brautirnar þannig árið 1910 í 4 flokka eftir breidd og lengd sem hjer segir:

*a.* 1,435 m. breidd, 1,850 km. *b.* 1,067 m. breidd, 1,011 km. *c.* 1 m. breidd, 20 km. *d.* 0,75 m. breidd, 96 km.

# Skýrsla

## til Stjórnarráðs Islands um rannsókn járnbrautarstæðis frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.

Í fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913 voru veittar 3000 kr. fyrra árið til framhalds rannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslur. Með brjefi stjórnarráðsins dags. 2. febr. 1912 var mjer falið að sjá um rannsókn þessa; var síðan Þórarinn Kristjánsson verkfræðingur ráðinn til að gera mælingar þær, er nauðsynlegar voru, og vann hann að þeim við fimta mann síðastliðið sumar, og síðan reiknaði hann út jarðvinnuna við undirbyggingu brautar frá Reykjavík að Hvítá og gerði uppdrátt af undirbyggingunni. Umsjón með vinnu þessari hafði jeg að því leyti sem önnur störf mín leyfðu, og hefi ieg jafnframt og í vetur kynt mjer málið og legg nú fram árangurinn af rannsóknunum. Skal jeg þó fyrst leyfa mjer að minna í fám orðum á það, sem gert hafði verið til undirbúnings málinu áður en rannsókn sú, er hjer um ræðir, byrjaði.

### I. Landsuppdrættir herforingjaráðsins.

Alþingi 1907 veitti í fjárlögunum fyrir 1908 og 1909 16500 kr. fyrra árið, til þess að gera nákvæmar landmælingar, er lagðar gætu orðið til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár. Þessi upphæð var greidd til herforingjaráðsins, og í notum hennar hafa fengist jafn nákvæmar hæðamælingar á fjalllendinu öllu milli Reykjavíkur og Árnessýslu, eins og mælingamenn herforingjaráðsins annars gera í bygðum. Mælikvarði landsuppdráttanna er 1 : 50000, og hæðalínur dregnar á þá, sem sýna 20 metra hæðamismun. Án slíkra uppdrátta væri lítt kleift verk að finna hentugustu leið fyrir járnbraut á svo víðlendu svæði, sem hjer ræðir um; enginn kostur væri að finna hana með yfirreið eða skoðun, ekki um annað að gera en stikumerkja og hallamæla hverja þá leið, sem rannsóknar þætti verð, ef uppdrættirnir væru

ekki. En eftir uppdráttunum má rannsaka svo margar leiðir sem þurfa þykir og velja úr þeim með fullkominni vissu þær hentugustu; vel gæti hugsast, að t. a. m. tvær leiðir væru svo jafnar að kostum og göllum, að ekki yrði gert upp á milli þeirra eftir uppdráttunum einsömlum. Á uppdráttunum má mæla lengd hverrar leiðar með nægilegri nákvæmni, og finna hvort landið er svo mishæðótt, að ekki verði komist áfram án ofmikils halla. Ef mestur halli á leiðinni á að vera t. d. 1 : 40, þá verður að leggja línuna þannig, að hvergi sje skemra en 800 metrar frá einni hæðalínu til þeirrar næstu á kortinu; sje ekki hægt að leggja línuna þannig, er leiðin ófær, og þá er alveg þýðingarlaust að rannsaka hana frekara.

Við mælingar járnbrautarstæðisins í sumar kom það í ljós, að hæðalínur uppdráttanna voru nákvæmlega rjett settar á allri þeirri leið, sem hallamæld var, og má því segja, að full vissa sje fyrir því, að þar sem ófært er eftir þeim hæðalínum, sem uppdrættirnir sýna, þar er ekki heldur til neins að gera sjer vonir um aðra útkomu við nákvæmari mælingar.

Jeg geri grein fyrir þessu, til þess að sýna fram á, að *það er tilgangslaust að heimta »rannsókn« á þeim leiðum, sem þegar við skoðun á uppdráttunum sýna sig óhæfa.*

Hins vegar má ekki ætla, að uppdrættirnir gefi nægilega vitneskju um brautarstæði til samnings kostnaðaráætlunar, og því síður til undirbúnings verki, ef til framkvæmda kæmi.

## 2. Rannsókn Th. Krabbe verkfræðings.

Eftir að lokið var mælingum herforingjaráðsins á járnbrautarsvæðinu sumarið 1908 framkvæmdi Th. Krabbe verkfræðingur að fyrirmælum stjórnarráðsins hina fyrstu rannsókn á járnbrautarleiðinni eftir landsuppdráttunum og með yfirreið að vetrarlagi. Hann hefir skýrt frá árangrinum af rannsókn sinni í »Lögrjettu«, IV. árg. nr. 11, 3. mars 1909, og vísast til þess. Hann komst að óvæntri, en ákveðinni niðurstöðu um það, hver leið væri hentugust, sem sje: Frá Reykjavík upp Mosfellssveit og Mosfellsdal, yfir Mosfellsheiði norðast, fyrir norðan og austan Þingvallavatn, niður með Sogi og vestur yfir það neðantil og svo að Ölfusárbrú, og mældist honum sú leið vera 93 km. Kostnaðinn við þá braut með 1 metra sporvídd gerði hann $3^1/_2$ milj. kr., og hann leiddi nokkur rök að því, að hún þegar í upphafi mundi borga reksturskostnað sinn, en upplýsingar um ferðalög og flutninga milli Reykjavíkur og Árnessýslu voru þá engar til og áætlunin um tekjur brautarinnar gat því ekki verið ábyggileg. Af rannsóknum sínum og athugunum leiddi hann þá aðalályktun, að hjer væri um gott og heilbrigt fyrirtæki að ræða og *þessa járnbraut yrði óhjákvæmilegt að leggja.*

Á Alþingi 1909 var tillaga um fjárveitingu til framhaldsrannsóknar á járnbrautarstæðinu *feld*, og lá málið í dái til þess, er alþingi 1911 samþykti fjárveitingu þá, að upphæð 3000 kr., sem að framan er getið.

### 3. Lega brautarinnar.

Rannsókn sú, sem nú hefir farið fram, hefir ekki breytt þeirri niðurstöðu, sem Th. Krabbe hafði komist að, um legu brautarinnar, í neinum verulegum atriðum, aðeins í nokkrum smáatriðum. Þetta á við kaflann frá Reykjavík austur á móts við Búrfellið í Grímsnesi, en þar fyrir austan er um fleiri en eina leið að velja. Leiðin hefir verið hallamæld og merkt með vörðum á 500 metra bilum og dregin á landsuppdrætti. Endastöðin í Reykjavík er fyrirhuguð á Arnarhólslóð norðanveðri, frá »Batteríinu« austur undir Klapparstíg; þaðan liggur leiðin austur með sjó, fyrir norðan Rauðará, sunnan Laugarnar, norðaustan við Bústaði, yfir Elliðaárnar móts við Árbæ fyrir norðan Árbæ, um Grafarholt, norðan við Lambhaga og svo yfir Varmá nálægt Álafossi, upp Mosfellsdal, yfir Mosfellsheiði fyrir norðan Leirvogsvatn, austur af heiðinni við norðurendann á Skálabrekkuás, niður að Þingvallavatni fyrir sunnan Almannagjá, meðfram vatninu að Öxarárósi og yfir hann fyrir sunnan Þingvallabæ, austur undir Hrafnagjá og svo á ská suðaustur upp yfir gjábakkann, síðan suður hraunið austanvert við Þingvallavatn, meðfram Soginu suður á móts við Búrfellið. Þaðan er um fleiri leiðir að velja, með því að þar er brautin komin niður á Suðurlandsundirlendið, og má því landslagsins vegna halda henni áfram í hvaða átt sem er. Hallamæling var gerð á línu suður Grímsnesið vestanvert. suður að Hvítá á Öndverðarnesferju; þar er allgott brúarstæði. Fult svo álitleg virðist þó sú leið, sem Th. Krabbe hafði valið, sem sje að fara vestur yfir Sogið, suður Grafning og Ölfus að Ölfusárbrú; kæmi þar þá ný brú á Ölfusá, og framhald brautarinnar nálægt veginum austur að Þjórsárbrú, og við þá leið eru áætlanir þær miðaðar, sem hjer fara á eftir. Þessi leið hefir ekki verið hallamæld lengra austur en að hinni fyrirhuguðu brú yfir Sogið, en sá kafli leiðarinnar, sem þá er eftir, er svo sljettlendur, að ekki virðist nauðsynlegt að hallamæla hann til þess að fá nokkurn vegin ábyggilega áætlun um kostnað við undirbyggingu brautar þar. Sama er að segja um eystri leiðina, sem liggur suður yfir Hvítá á Öndverðarnesferju; þegar komið er þar yfir Hvítá, tekur við Flóinn, alveg marflatur, og virðist ekki ástæða til að hallamæla hann að svo komnu.

Hjer hafa verið nefndar tvær leiðir, sem um er að gera eftir að komið er suður á móts við Búrfellið, en fleiri mætti nefna; landslagsins vegna má vel leggja brautina enn þá austar en að Hvítá hjá Öndverðarnesi. Lega brautarinnar á sjálfu Suðurlandsundirlendinu ákvarðast yfir höfuð *ekki* af landslaginu, nema að því leyti sem hún sumstaðar verður nokkuð bundin af brúarstæðum á vatnsföllunum, heldur verður að ákveða hana nær eingöngu eftir flutningavoninni, þ. e. leggja brautina þannig, að hún fái sem mestar tekjur af flutningum í samanburði við reksturskostnað og liggi haganlega sem stofnbraut fyrir þær hliðarbrautir, sem væntanlega koma út frá henni fyr eða síðar.

Brautarlengdirnar á þeim tveim leiðum, sem jeg hef nefnt, verða þessar:

Frá Reykjavík um Þingvelli, Grafning og Ölfus að Ölfusárbrú eru..... 93,5 km.
Frá Ölfusá að Þjórsá ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... 18,5 —

Samtals 112,0 km.

Hin leiðin, frá Reykjavík að Hvítá ..... 87 km.
Hvítá — Þjórsá ..... 15 —

Samtals 102 km.

Yrði hin síðarnefnda leið valin, virðist óhjákvæmilegt að leggja hliðarálmu frá einhverri stöð rjett fyrir sunnan Hvítá, sem lægi nálægt Ölfusárbrú til Eyrarbakka; án þeirrar álmu væri Ölfusið sama sem útilokað frá brautinni og suðvesturhluti Flóans illa settur. Þessi álma yrði að lengd um ..... 19 —

og lengd brautarinnar með þessari álmu ..... 121 km.

Sje valin leiðin um Grafning og yfir Ölfusá hjá brúnni, er fremur mögulegt að komast af án hliðarálmu til Eyrarbakka í byrjun; sú hliðarálma yrði að koma frá stöð skamt fyrir austan Ölfusárbrú og mundi verða að lengd 11 km. Við samanburð á þessum tveim leiðum er rjett að taka Eyrarbakkaálmu með í báðum tilfellum, og verður þá eystri leiðin yfir Hvítá hjá Öndverðarnesi alls ..... 121 km.
en vestri leiðin um Ölfusárbrú ..... 123 —

Lengdarmismunurinn er svo lítill, að hann getur ekki skorið úr, hvor leiðin sje hentugri.

Endastöð brautarinnar er hjer ráðgerð við Þjórsá, nálægt brúnni, sem þar er nú. Ef brautin verður ekki lögð lengra austur en að Þjórsá, verður hún að enda í nánd við Þjórsárbrú, því að öll umferð og flutningur frá brautinni og að henni úr Rangárvalla- og Skaftafellssýslum er bundin við veginn austan að og brúna yfir Þjórsá. En þótt hugsað væri til að leggja brautina lengra austur, annaðhvort þegar í upphafi eða síðar meir, þá er ekki hentugra að leggja hana neinstaðar annarsstaðar yfir Þjórsá heldur en við brúna, sem nú er, eða litlu sunnar, bæði vegna brúarstæðis á Þjórsá og vegna þess, að þar tekur við hentugasta leiðin austur eftir Rangárvallasýslu.

Það er því í raun og veru ekki nema á kaflanum frá Búrfelli vestanverðu að Þjórsárbrú, sem ágreiningur getur orðið um legu brautarinnar, og kostnaðurinn við brautarlagninguna verður mjög svipaður, hvaða leið sem farin er þar á milli, svo að óþarfi virðist að taka nokkra fasta ákvörðun um legu brautarinnar á þeim kafla, fyr en kemur að því að afráða framkvæmd verksins.

Jeg tel allsendis óþarft að þessu sinni að fjölyrða nokkuð um aðrar leiðir frá Reykjavík austur fyrir fjallgarðinn heldur en þá einu, sem að framan er lýst; ýmsir menn, sem auðsjáanlega hafa ekki kynt sjer málið neitt, hafa verið að nefna aðrar leiðir í blaðagreinum, og hef jeg athugað ýmsar þeirra á landsuppdráttunum, og það er engum efa bundið, að þær eru allar verri en sú leið, sem mæld hefir verið, yfir Mosfellsheiði norðanverða.

### 4. Breidd og halli brautarinnar m. m.

Járnhrautir eru mjög mismunandi að gerð. Aðalreglan er sú, að því meiri flutning sem brautin á að taka, og því hraðara sem lestirnar eiga að aka, því sterkari og þar með dýrari þarf brautin að vera. Þegar byrja skal járnbrautarlagningu hjer, er áríðandi að sníða sjer stakk eftir vexti, gera brautina

ekki dýrari en þörf er á, en hins vegar ekki svo veika eða ódýra, að hún verði ófullnægjandi, þegar hún er komin í fulla notkun.

Flestar járnbrautir eru að breidd 1,435 metrar. Þó eru einnig bygðar mjórri brautir, 1,00, 0,89, 0,75 og jafnvel 0,60 m. að breidd. Það er mikill kostur, að allar þær brautir, sem standa í sambandi hver við aðra, sjeu jafnbreiðar, til þess að vagnar geti gengið frá einni til annarar. Þannig þyrftu allar brautir hjer á landi að verða jafnbreiðar, og álít jeg hentugast að velja *breiddina 1,00 meter*. Sú breidd er algeng nokkuð á Þýskalandi, einnig fáeinar brautir með þeirri breidd í Danmörku, og margar aðeins örlítið breiðari í Noregi; það eru því ekki vandkvæði á að fá smíðaða vagna, sem hæfa fyrir þá breidd. Ef brautin væri gerð mjórri, mundi ökuhraðinn verða að vera minni, og það lakasta, að örðugt mundi verða að fá svo aflmiklar eimreiðir, sem þarf til þess að treysta megi því, að ferðum verði haldið uppi að vetrinum. Hins vegar mundi verða tiltölulega lítill sparnaður við að mjókka brautina í svo auðveldu landslagi, sem hjer ræðir um.

*Mestur halli* á brautinni er áætlaður 1 : 40. Það sparast mjög lítið við að gera hallann meiri, og þá þyrfti annaðhvort þyngri og dýrari eimreiðir eða ökuhraðinn yrði að vera minni. Hins vegar mundi það auka byggingarkostnaðinn til muna, ef hallinn ætti að vera minni, t. d. hvergi minni en 1 : 50.

*Bugður* eru hvergi krappari en svo á línu þeirri, sem mæld hefir verið, að álman er 100 metrar, og það aðeins á fám stöðum. Ekki er ósennilegt, að það komi í ljós við nákvæmari mælingar, að bugðurnar geti allstaðar orðið nokkuð gleiðari en þetta. Krappar bugður færa ökuhraðann niður.

*Ökuhraðinn* ætti með þeirri gerð, sem áætlanirnar eru miðaðar við, að geta orðið mest 40 km. á klukkustund.

*Girðingar*. Jeg geri ráð fyrir, að með þessum ökuhraða megi brautin vera ógirt, nema þar sem hún yrði lögð gegnum afgirt land.

## 5. Undirbyggingin.

Það má heita alveg föst regla við járnbrautarlagningar í öðrum löndum, að þær eru upphleyptar og niðurgrafnar á víxl, þannig að sá jarðvegur, sem fæst úr niðurgreftinum, nægir í fyllingarnar, auk þess sem kemur upp úr hliðarskurðunum. Með þessu móti verður undirbyggingin ódýrust. En nú er reynsla fyrir því hjer frá vegunum, að þar sem þeir eru niðurgrafnir, leggjast á þá skaflar, en þar sem þeir eru upphleyptir, eru þeir nærfelt snjólausir allan veturinn, nema á fjöllum uppi, að minsta kosti á Suðurlandi. Þess vegna hefi jeg ráðið það af, að láta mæla út leiðina og reikna út jarðarvinnuna á þeim grundvelli, að brautin verði allsstaðar eða sama sem allsstaðar upphleypt. Þetta hleypir kostnaðinum nokkuð fram, en er vel kleift hjer á þessari leið, vegna þess, hve hún er yfirleitt sljettlend.

Breidd undirbyggingarinnar að ofan er áætluð 4 metrar, og flái á hliðum eins og tíðkast á vegum. Á 78 kílómetrunum fyrstu austur frá Reykjavík verður þá fylling sú, sem flytja þarf í brautarstæðið, samtals 670456 teningsmetrar, og skiftist þannig á hina einstöku kílómetra frá Reykjavík að telja:

| Km. frá Rvík. | Fylling teningsmetrar | Km. frá Rvík | Fylling teningsmetrar | Km. frá Rvík | Fylling teningsmetrar | Km. frá Rvík | Fylling teningsmetrar | Km. frá Rvík | Fylling teningsmetrar | Km. frá Rvík | Fylling teningsmetrar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6686 | 14 | 3302 | 27 | 18827 | 40 | 8685 | 53 | 10104 | 66 | 3541 |
| 2 | 5427 | 15 | 3230 | 28 | 24991 | 41 | 3154 | 54 | 7203 | 67 | 3574 |
| 3 | 5341 | 16 | 4471 | 29 | 9995 | 42 | 14624 | 55 | 3238 | 68 | 4369 |
| 4 | 3328 | 17 | 3422 | 30 | 6439 | 43 | 9253 | 56 | 4978 | 69 | 3143 |
| 5 | 3045 | 18 | 2989 | 31 | 12561 | 44 | 23889 | 57 | 9439 | 70 | 46664 |
| 6 | 14215 | 19 | 7135 | 32 | 11868 | 45 | 6669 | 58 | 8826 | 71 | 10193 |
| 7 | 6173 | 20 | 24319 | 33 | 2749 | 46 | 7870 | 59 | 9190 | 72 | 2531 |
| 8 | 10427 | 21 | 4110 | 34 | 7565 | 47 | 5110 | 60 | 4690 | 73 | 8465 |
| 9 | 4839 | 22 | 10219 | 35 | 3840 | 48 | 12228 | 61 | 2393 | 74 | 4543 |
| 10 | 3644 | 23 | 6165 | 36 | 4413 | 49 | 4534 | 62 | 5689 | 75 | 18267 |
| 11 | 3238 | 24 | 17860 | 37 | 2909 | 50 | 9011 | 63 | 2115 | 76 | 4779 |
| 12 | 3346 | 25 | 47704 | 38 | 5878 | 51 | 8291 | 64 | 2793 | 77 | 4041 |
| 13 | 4012 | 26 | 6390 | 39 | 40721 | 52 | 2073 | 65 | 3070 | 78 | 4334 |
| | | | | | | | | | | | 670456 |

Það er býsna mismunandi, hve mikið fer í hvern kílómetra, sem von er til, frá rúmum 2000 teningsmetrum (á km. 52, 77 o. fl.) upp í 47704 teningsmetra á km. 25, þar sem byrjað er að fara upp á Mosfellsheiði. En það er athugavert, að fjárveitingin til mælinganna var ekki svo mikil, að tiltök væru að verja löngum tíma í að finna nákvæmlega hina allra hentugustu legu fyrir brautina á hverjum stað. Þetta verður þó að gera áður en brautin er lögð, og það er ekki ólíklegt að með nákvæmum mælingum megi finna smábreytingar á legunni, sem einkum á dýrustu köflunum geti minkað jarðvinnuna til muna. Sú mæling, sem gerð hefir verið, hefir sýnt að meiri en þetta þarf jarðvinnan ekki að verða, en hún getur sem sagt reynst nokkuð minni.

Þessi kafli, 78 km., nær austur á móts við Búrfellið. Þaðan hefir vestari leiðin ekki verið hallamæld, en eftir samanburði á landslaginu áætla jeg, að á næstu 16 km., eða til Ölfusár, verði jarðvinnan í mesta lagi 4000 teningsmetrar á hvern km., og frá Ölfusá að Þjórsá 3000 teningsmetrar á km. Svo kemur dálítil viðbót við stöðvar og stjettir, þvervegi m. m., svo jarðvinnan áætlast alls 827000 teningsmetrar. Þessi jarðvinna verður að teljast mjög lítil, og um jarðsmugur eða þess háttar kostnaðarsamar ráðstafanir er alls ekki að ræða.

## 6. Brýr.

Jeg hefi mælt lauslega brúarstæði á flestum ám á leiðinni, og gert lauslegar áætlanir am kostnað við brýrnar samkvæmt því. Það hefir ekki verið tími til að gera þetta nákvæmlega, sem þó hefði verið æskilegt, en jeg vona að ekki skakki svo miklu, þótt áætlanirnar sjeu lauslegar, að það hafi þýðingu fyrir kostnaðaráætlunina í heild sinni.

Jeg geri ráð fyrir, að allar hinar smærri brýr og flestar eða allar hinar stærri — ef til vill að undanskildum brúnum yfir Ölfusá og Sogið — verði bygðar úr járnbendri steinsteypu, sem er bæði ódýr og ekki viðhaldsfrek. Stærsta brúin

er yfir Ölfusá, við hliðina á hinni núverandi brú. Til þess að sú brú geti orðið sæmilega ódýr, þarf að setja stöpla út í ána — jeg hefi ráðgert 3 stöpla úti í ánni — og hagar allvel til þess, með því að í miklum hluta farvegsins er mjög grunt, þegar áin er lítil, og getur jafnvel orðið þurt. Sú brú áætlast að meðtalinni landbrú, 70 þús. kr.; næststærsta brúin er yfir Sogið, rúmir 50 metrar að lengd, og verður þar að setja a. m. k. 2 stöpla út í vatnið, sem getur orðið nokkrum örðugleikum bundið, með því að það er víðast hvar djúpt. Sú brú mun kosta um 40 þús. kr. Aðrar brýr eru stærstar á Elliðaám, Úlfarsá, Varmá, Köldukvísl, Leirvogsá og Öxará, en engar mjög stórar.

## 7. Yfirbyggingin.

Jeg geri ráð fyrir brautarteinum, sem vega 18 kg. hver metri; með sæmilega þjettum þverslám geta þeir borið 4 tonna hjólþunga, þ. e. eimreið á 4 hjólum má þá vega í mesta lagi 16 tons. Ef teinarnir væru hafðir gildari, má nota þyngri eimreiðir, og þær geta dregið þyngri lestir. Æskilegra hefði mjer þótt að nota nokkuð þyngri teina, 20,5 kg. á metra, eins og notað er á 2. flokks brautum í Noregi, en það mundi hleypa allri áætluninni upp um 100 þús. kr. Þá endast teinarnir lengur, þ. e. þeir mega slitna meira áður en þeir verða of veikir til þess að bera hinn ákveðna hjólþunga. Undir teinunum eru þverslárnar, og eru þær áætlaðar úr trje, sem er hið ódýrasta. Af tilliti til endingarinnar gæti þó komið til mála að gera þær úr járni, og verður gerð frekari grein fyrir því í athugasemdunum við kostnaðaráætlunina.

Undir þverslánum og á milli þeirra er haft lag af möl, 45 sm. þykt. Möl má fá sumstaðar nálægt brautarstæðinu, og verður að flytja hana síðan eftir brautinni sjálfri.

## 8. Afstaða við vegi.

Í nánd við Reykjavík liggur brautarlínan yfir Laugarnesveginn, veginn niður að þvottalaugunum, og yfir aðalveginn (flutningabrautina) í Sogamýrinni og síðan aftur fyrir neðan Árbæ. Fjölfarnasta veginn, flutningabrautina, þarf helst að fara þannig yfir, að brautin liggi á brú yfir veginn, svo að umferðin um veginn geti verið óhindruð af járnbrautarlestunum. Enn fremur liggur brautin yfir Mosfellssveitarveginn á tveim stöðum, og yfir Þingvallaveginn austan til á Mosfellsheiði þrisvar. Umferð á þessum vegum verður naumast svo mikil, þegar brautin er komin, að hætt sje við slysum þótt brautarsporið liggi yfir veginn í jarðhæð. Á einum litlum kafla, hjá Grafarholti, og á einum kafla austan til á Mosfellsheiði þarf að flytja vegi úr stað á litlum spottum til þess að brautin liggi ekki oftar yfir þá en hjer hefir verið sagt, og hefi jeg ekki tekið þann litla kostnað með í áætlunina um járnbrautina, með því að jeg geri ráð fyrir að hann verði greiddur af vegafje, ef til kemur.

## 9. Stöðvar.

Aðalstöðvarnar við brautina verða endastöðin í Reykjavík og við Þjórsá, stöðin á Þingvöllum, og ef álma verður lögð til Eyrarbakka, þá stöð fyrir austan Ölfusá eða í Flóanum þar sem álman gengur út frá stofnbrautinni. Á öllum þessum stöðvum verður að byggja bæði íbúðar- og afgreiðsluhús, og hafa fasta þjónustumenn. Á endastöðinni við Þjórsá verður enn fremur að vera skýli fyrir eina eða tvær eimreiðir, og í Reykjavík eimreiðaskáli og verkstæði til viðgerða á vögnum og eimreiðum. Á milli þessara aðalstöðva verða svo að vera hæfilega margar smástöðvar, og virðist mega hafa þær mjög ódýrar fyrst um sinn, aðeins með litlum geymsluhúsum og láta annaðhvort næsta búanda annast afgreiðsluna, ef stöðin er nálægt bæ, eða láta lestarþjónana annast hana. Við þetta sparast mikið fje, bæði í stofnkostnaði og rekstri, móts við það sem tíðkast víðast hvar erlendis, einkum á ríkisbrautum. Tískan er þar orðin sú, að jafnvel á lítilfjörlegustu sveitastöðvum eru bygð dýr stöðvarhús og haldið fast fólk til að annast þá litlu afgreiðslu, sem þar er. Auk stöðvanna má og hafa nokkrar *stjettir*, þar sem lestir stöðvast ef þeim er gefið merki, eða einhver, sem með lestinni ferðast, æskir þess, og geta ferðamenn stígið þar í lest og úr, og má jafnvel afgreiða þar flutning að sumarlagi í smáum stíl, án þess að kostað sje til að byggja hús við stjettina.

Á hæfilega mörgum stöðvum þarf að vera útbúnaður til þess að taka vatn og kol.

## 10. Rekstursaflið.

Jeg hefi gert ráð fyrir að brautarvagnar sjeu knúðir með gufuafli, eins og algengast er á járnbrautum erlendis. Fleira getur þó komið til mála, og einkum mundi mönnum — einnig mjer — þykja skemtilegt að knýja vagnana með rafmagni, sem framleitt væri með vatnsafli, þar sem rekstursaflið væri þá innlent, en kolin verður til útlanda að sækja. En hjer tjáir ekki að líta á annað en hvað vænlegast, er fyrir fjárhagslega afkomu fyrirtækisins. Það hefði auðvitað verið æskilegast að fá fullkomna áætlun einnig um rafmagnsbraut, en það verður ekki gert án sjerstakrar fjárveitingar. Jeg vil þó reyna að gera nokkra grein fyrir þeim almennu ástæðum, sem eiga að ráða vali rekstursaflsins.

Aðalkostir eimreiðanna (sem brenna kolum) eru þeir, að ef brautin er nægilega sterk, þá má án verulegs aukakostnaðar flytja í hverri ferð svo mikið, sem eimreiðin getur dregið, en það er því meira sem eimreiðin er þyngri. Þetta gerir það að verkum, að reksturskostnaður eykst lítið þó flutningar aukist, meðan unt er að fullnægja flutningaþörfinni án þess að fjölga lestum; t. d. mundi ein 16 tonna eimreið geta flutt lest, sem rúmaði yfir 100 manns og alt að 10 tonnum af góssi samtímis. Annar aðalkostur eimreiðanna er sá, að þegar snjór er til fyrirstöðu, þá má senda lestarlausa eimreið með snjóplóg til að hreinsa sporið, og getur hún þá beitt jafnmiklu afli við plóginn, sem annars þarf til að draga stóra lest. Ennfremur eru gufuvjelar sterkbygðar og þola talsvert misjafna meðferð án þess að skemmast. Gallinn er sá, að þær eyða kolum; kolaeyðslan mundi að líkindum verða fyrir hverja lest fram og aftur milli Reykjavíkur og

Þjórsár 1300 til 1400 kg., og telst mjer svo til, að útgjöldin til kola muni verða um 21 þús. kr. á ári meðan komist verður af með tvær lestir í hvora átt að sumrinu og eina í hvora átt að vetrinum.

Það er tiltölulega nýtt að nota rafmagn til að knýja brautarlestir utan stórborga. Kostir rafmagnsbrauta eru einkum taldir þessir:

Brautin má, ef miðað er við sama ökuhraða sem á kolabraut, vera brattari, og sparast stundum við það jarðvinna; teinarnir mega vera grennri, ef um mikla umferð er að ræða, vegna þess að á rafmagnsbrautunum eru ávalt hafðar tíðar lestir, þess vegna tiltölulega smáar, og þarf þá ekki neina jafn þunga vagna eins og eimreiðirnar. Þannig ætti brautin sjálf að geta orðið ódýrari. Og svo sparast kolakaupin. En þar á móti kemur allur rafmagnsútbúnaðurinn, með leiðslum og spenningsbreyturum meðfram allri brautinni og rafmagnsmótorum í nægilega mörgum vögnum. Þessi útbúnaður er mjög dýr og rafmagnsmótorarnir miklu viðkvæmari en gufuvjelin. Við þessa braut stendur nú líka svo sjerstaklega á, að mjög lítið getur sparast af undirbyggingunni við það að gera hallann meiri en 1 : 40; eins og áætlunin ber með sjer, er kostnaður við undirbyggingu þessarar brautar yfir höfuð svo lítill, að þar er ekki lækkun til muna hugsanleg, ef haldið er þeim grundvelli, að gera brautina alsstaðar upphleypta. Jeg álít að brautin mundi verða undirbyggð nærri því alveg á sama hátt og jeg hefi ráðgert, þótt hún ætti að rekast með rafmagni, og mundi þannig ekki verða nema mjög lítill sparnaður á undirbyggingunni. Ekki vildi jeg heldur ráða til að hafa ljettari teina en 18 kg. á metra, og það meðal annars af því, að jeg býst við að þótt lestir yrðu knúðar með rafmagni, þá þyrfti að hafa eimreið til þess að beita snjóplóg á vetrum, með því að venjulegir rafmagnsvagnar mundu hvorki verða nógu þungir nje aflmiklir til þess að knýja snjóplóginn, þar sem þeim er ekki ætlað að knýja nema sig sjálfa með einn eða í mesta lagi tvo vagna í eftirdragi. Raunar er á sumum brautum hafðir þungir rafmagnsknúðir dráttarvagnar (elektrisk lokomotiv), sem ætlað er að draga heila vagnlest, en þeir dráttarvagnar eru líka eins þungir og eimreiðirnar, og útheimta eins sterka braut. Jeg hygg því að teinar og önnur yfirbygging brautarinnar yrði sú sama, þótt hún væri ætluð fyrir rafmagn, og væri þannig ekki heldur hægt að spara á þeim lið.

Kolaeyðsla sú, sem að framan var áætluð, 21,000 kr. á ári, samsvarar 5% ársvöxtum af 420 þús. kr. Ef rafmagnið kostaði ekki neitt, og ef ekkert þyrfti að ætla fyrir fyrningu á rafmagnstækjum brautarinnar, þá er þetta hámark þess, sem rafmagnsútbúnaðurinn má kosta til þess að ársútgjöldin verði ekki meiri með rafmagni en kolum. En nú má ekki vænta að fá rafmagnið ókeypis; sú aflstöð sem framleiðir það, verður að borga vexti af stofnfje sínu, viðhald, fyrningu og rekstur, og hefir reynslan sýnt, að meðalstórar vatnsaflsstöðvar geta ekki selt hestaflið fyrir minna en um 50 kr. yfir árið. Ef brautin notar um 200 hestöfl að meðaltali, kostar rafmagnið 10 þús. kr. á ári; þá eru eftir 11 þús. kr., sem sparast af kolaverðinu, og þær nægja ekki fyrir rentum og fyrningu af því, sem rafmagnsútbúnaður brautarinnar mundi kosta umfram eimreiðirnar. Af stofnkostnaði þeim, sem áætlaður er fyrir kolabraut, mundi ekki falla burtu annað en verð eimreiðanna, og þyrfti þó að hafa a. m. k. eina til vetrarnotkunar, eins og áður er sagt.

Álit mitt um rafmagn sem rekstursafl fyrir brautina er því á þessa leið:

Það getur ekki komið til mála, að byggja rafmagnsstöð til þess aðal-

lega að framleiða rafmagn handa brautinni; aflnotkun brautarinnar er alt of lítil til þess, og rafmagn frá lítilli stöð verður alt of dýrt.

Ef bygð væri rafmagnsstöð í öðrum tilgangi, sem gæti selt brautinni ódýrt rafmagn, þá getur komið til mála að reka hana með rafmagni, en mjög ólíklegt, að það svari kostnaði, fyr en notkun brautarinnar er orðin miklu meiri en horfur eru á að hún verði fyrst um sinn.

Jeg hygg því rjettast að miða fyrst um sinn við kol til aflframleiðslu. Ef ástæður breytast seinna svo, að hentugra þykir að taka rafmagn til reksturs, þá má væntanlega breyta vögnunum (setja mótora í þá sem þarf) og gengur þá ekki annað úr notkun en eitthvað af eimreiðunum, en engin hætta á, að þær verði ónýtar eða verðlausar fyrir því.

Þetta er í fullu samræmi við það, að það er alment álit þeirra, sem vit eiga að hafa á þessu, að enn sem komið er borgi sig ekki rafmagnsrekstur á járnbrautum, nema þar sem flutningar, og þá einkum fólksflutningar, eru mjög miklir, svo sem í nánd við stórbæi eða á milli stórborga.

Það væri þó æskilegt, að fá þetta atriði rannsakað til fulls, hvað þessa braut snertir, *ef rafmagnsaflstöð væri til* eða fyrirsjáanlega kæmi upp áður en brautin yrði tekin til afnota, en til þess þarf sjerstaka fjárveitingu. Aftur á móti er alveg þýðingarlaust að eyða tíma eða fje í slíka rannsókn á þeim grundvelli að aflstöðin verði bygð og kostuð af brautarfje. Þess vegna getur rafmagnsrekstur ekki komið til mála eins og nú stendur.

Á síðustu árum er farið að nota fleira en gufu og rafmagn til reksturs járnbrauta, og má þar einkum nefna dísilvjelar (brenna steinolíu eða jarðolíu) og sameinaðar dísil- og rafmagnsvjelar. Rekstur með þeim reynist undir vissum kringumstæðum ódýrari en rekstur með kolum, en út í það skal jeg ekki fara frekar að sinni.

## II. Snjóalögin.

Ein af þeim aðalspurningum, sem ransóknin þurfti að svara, var sú, hvort snjóalög á leiðinni mundu verða svo mikil, að ekki yrði kleift að halda uppi vetrarferðum á brautinni. Þetta gat einkum komið til greina á 25 km. löngum kafla frá Laxnesi að Kárastöðum, og liggur sá kafli á Mosfellsheiði, en þó bygð fram með honum mestöllum. Til þess að fá úrlausn á þessu, ljet jeg í haust er var setja upp 50 stikur með jöfnum millibilum á þessari leið, og eru 500 metrar á milli stika; gerði jeg síðan ráðstöfun til, að snjódýptin við hverja stiku yrði mæld vikulega frá því fyrstu snjóa legði og til vors. Því miður voru mælingarnar ekki framkvæmdar eins reglulega framan af vetrinum, og jeg hafði lagt fyrir, heldur sleppt úr mælingum þegar snjólítið var. Taflan hjer á eftir sýnir niðurstöðu mælinganna, og er snjódýptin talin í sentímetrum. Í aftasta dálki töflunnar er til samanburðar sett hæðin á yfirborði brautarteina yfir jarðarflöt, eins og hún mundi verða eftir áætluninni, og er það sama sem hæð undirbyggingarinnar að viðbættum 55 sm., sem er þykt malarlagsins og hæð teinanna sjálfra, og sýna þessar tölur það, að aðeins á tveimur stöðum, við stiku nr. 4 og nr. 17, hefir komið svo mikill snjór, að taka mundi upp yfir yfirborð teina. Hæð undirbyggingarinnar var ákveðin síðastliðið haust til afnota við útreikning

Snjómælingar á Mosfellsheiði veturinn 1912—1913. Snjódýpt í sentimetrum.

| Stika nr. | 3/12 | 16/12 | 21/1 | 28/1 | 3/2 | 11/2 | 18/2 | 25/2 | 3/3 | 10/3 | 17/3 | 25/3 | 1/4 | 8/4 | Hæð teina |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | 2 | 28 | 0 | 8 | 16 | 12 | 2 | 0 | 0 | 5 | 0 | 10 | 0 | 0 | 920 |
| 2. | 0 | 24 | 0 | 0 | 9 | 0 | 2 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 120 |
| 3. | 0 | 22 | 0 | 10 | 38 | 26 | 2 | 0 | 0 | 16 | 38 | 36 | 16 | 0 | 66 |
| 4. | 54 | 54 | 16 | 46 | 64 | 64 | 18 | 8 | 7 | 64 | 74 | 118 | 94 | 64 | 75 |
| 5. | 6 | 22 | 0 | 12 | 7 | 0 | 4 | 0 | 6 | 10 | 8 | 6 | 0 | 0 | 125 |
| 6. | 2 | 32 | 0 | 9 | 18 | 0 | 4 | 0 | 0 | 16 | 20 | 12 | 0 | 0 | 94 |
| 7. | 4 | 44 | 10 | 28 | 117 | 46 | 6 | 0 | 6 | 19 | 40 | 40 | 34 | 0 | 587 |
| 8. | 0 | 23 | 0 | 8 | 4 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 87 |
| 9. | 0 | 22 | 0 | 13 | 20 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 190 |
| 10. | 2 | 42 | 0 | 50 | 60 | 40 | 18 | 0 | 0 | 21 | 76 | 146 | 126 | 106 | 527 |
| 11. | 2 | 32 | 0 | 4 | 18 | 18 | 12 | 0 | 9 | 11 | 12 | 16 | 12 | 0 | 92 |
| 12. | 0 | 33 | 0 | 2 | 72 | 47 | 17 | 0 | 2 | 17 | 37 | 27 | 13 | 0 | 91 |
| 13. | 2 | 32 | 0 | 0 | 4 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 20 | 34 | 24 | 0 | 140 |
| 14 | 3 | 36 | 0 | 0 | 7 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 14 | 12 | 0 | 0 | 104 |
| 15. | 0 | 36 | 0 | 12 | 10 | 12 | 12 | 5 | 2 | 21 | 40 | 56 | 42 | 26 | 474 |
| 16. | 0 | 36 | 0 | 8 | 9 | 0 | 4 | 0 | 16 | 0 | 6 | 14 | 18 | 0 | 133 |
| 17. | 0 | 36 | 0 | 0 | 26 | 0 | 0 | 0 | 0 | 14 | 28 | 26 | 16 | 0 | +53 |
| 18. | 0 | 94 | 50 | 34 | 38 | 34 | 30 | 30 | 36 | 40 | 72 | 50 | 38 | 20 | 90 |
| 19. | 32 | 56 | 0 | 32 | 42 | 36 | 28 | 0 | 0 | 38 | 46 | 30 | 26 | 0 | 135 |
| 20. | 45 | 75 | 133 | 141 | 203 | 215 | 199 | 175 | 186 | 199 | 233 | 246 | 215 | 203 | 300 |
| 21. | 0 | 44 | 0 | 0 | 36 | 30 | 40 | 26 | 22 | 36 | 62 | 56 | 38 | 31 | 128 |
| 22. | 24 | 64 | 42 | 34 | 46 | 0 | 0 | 0 | 38 | 34 | 16 | 12 | 0 | 0 | 106 |
| 23. | 0 | 58 | 44 | 44 | 60 | 52 | 40 | 28 | 32 | 46 | 54 | 44 | 33 | 24 | 90 |
| 24. | 18 | 56 | 28 | 36 | 58 | 46 | 72 | 56 | 49 | 74 | 86 | 81 | 58 | 49 | 100 |
| 25. | 64 | 70 | 48 | 54 | 72 | 48 | 30 | 0 | 54 | 47 | 62 | 70 | 55 | 48 | 108 |
| 26. | 0 | 63 | 0 | 43 | 65 | 37 | 19 | 0 | 0 | 49 | 57 | 43 | 30 | 0 | 186 |
| 27. | 28 | 50 | 0 | 32 | 52 | 42 | 38 | 22 | 30 | 72 | 76 | 84 | 60 | 45 | 203 |
| 28. | 0 | 55 | 0 | 0 | 63 | 47 | 0 | 0 | 0 | 45 | 37 | 20 | 0 | 0 | 101 |
| 29. | 24 | 44 | 34 | 34 | 46 | 32 | 26 | 18 | 16 | 48 | 51 | 56 | 29 | 22 | 124 |
| 30. | 37 | 55 | 0 | 43 | 57 | 45 | 59 | 0 | 37 | 75 | 77 | 55 | 0 | 0 | 562 |
| | | | | | | | | 1/8 | 8/8 | 17/8 | 22/8 | 29/8 | 8/4 | | |
| 31. | 0 | 40 | 0 | 36 | 42 | 6 | 2 | 0 | 6 | 22 | 26 | 16 | 2 | | 461 |
| 32. | 0 | 32 | 8 | 41 | 41 | 22 | 16 | 0 | 34 | 41 | 27 | 44 | 8 | | 113 |
| 33. | 7 | 34 | 12 | 7 | 20 | 12 | 8 | 10 | 20 | 42 | 48 | 47 | 38 | | 97 |
| 34. | 8 | 38 | 8 | 18 | 41 | 10 | 4 | 5 | 32 | 44 | 47 | 38 | 26 | | 115 |
| 35. | 0 | 20 | 0 | 12 | 24 | 4 | 0 | 0 | 2 | 11 | 12 | 16 | 0 | | 307 |
| 36. | 0 | 30 | 0 | 0 | 6 | 4 | 0 | 0 | 0 | 14 | 6 | 0 | 0 | | 237 |
| 37. | 13 | 42 | 32 | 16 | 69 | 38 | 12 | 54 | 72 | 81 | 94 | 86 | 74 | | 152 |
| 38. | 0 | 18 | 0 | 0 | 34 | 7 | 0 | 10 | 31 | 42 | 48 | 44 | 28 | | 282 |
| 39. | 0 | 17 | 0 | 6 | 37 | 6 | 0 | 0 | 39 | 42 | 46 | 44 | 26 | | 139 |
| 40. | 0 | 30 | 0 | 12 | 20 | 6 | 2 | 0 | 4 | 14 | 16 | 10 | 0 | | 300 |
| 41. | 0 | 22 | 0 | 0 | 29 | 6 | 10 | 2 | 10 | 22 | 39 | 28 | 6 | | 136 |
| 42. | 0 | 23 | 0 | 11 | 33 | 6 | 0 | 17 | 25 | 37 | 45 | 40 | 9 | | 216 |
| 43. | 0 | 55 | 9 | 16 | 22 | 5 | 3 | 3 | 13 | 41 | 47 | 29 | 6 | | 201 |
| 44. | 0 | 16 | 0 | 0 | 62 | 33 | 16 | 38 | 62 | 63 | 78 | 68 | 48 | | 498 |
| 45. | 0 | 12 | 0 | 11 | 7 | 6 | 0 | 0 | 6 | 12 | 40 | 0 | 0 | | 205 |
| 46. | 0 | 16 | 0 | 12 | 26 | 14 | 8 | 0 | 16 | 22 | 16 | 14 | 0 | | 88 |
| 47. | 0 | 28 | 0 | 9 | 35 | 108 | 22 | 0 | 12 | 26 | 4 | 0 | 0 | | 322 |
| 48. | 0 | 31 | 0 | 0 | 31 | 10 | 5 | 0 | 53 | 63 | 49 | 35 | 42 | | 210 |
| 49. | 0 | 16 | 0 | 6 | 24 | 5 | 0 | 0 | 16 | 16 | 8 | 0 | 0 | | 188 |
| 50. | 0 | 24 | 0 | 4 | 30 | 8 | 0 | 0 | 43 | 44 | 46 | 20 | 14 | | 214 |

jarðvinnunnar, og var því ekki unt að taka tillit til snjómælinganna við ákvörðun hennar, en jeg tel efalaust að á þessum tveim stöðum megi víkja línunni þannig við, að upphækkunin verði dálítið meiri; stika nr. 17 stendur á einum af þeim fáu stöðum, þar sem hallans vegna virtist nauðsynlegt að grafa brautina niður, en sennilega munu nákvæmari mælingar sýna að hjá því megi komast.

Það er samkvæmt þessu alveg víst, að í ámóta vetri og 1912—13 munu járnbrautarlestir geta gengið óhindraðar ef hafðar eru sæmilega sterkar eimreiðir með snjóplógum. Rjett virðist mjer að halda snjómælingunum áfram fyrst um sinn þangað til brautin verður lögð, því að áríðandi er að hafa sem fullkomnasta vitneskju um snjóalögin þegar lega og hæð brautarinnar á hverjum stað verður endanlega ákveðin.

Þessi umræddi vetur var hjer í Reykjavík álitinn að vera yfirleitt í snjóþyngra lagi. Á heiðinni byrjaði að snjóa með hægð dagana frá 23. nóv. til 2. des., en þó ekki meira en svo, að 3. des. var snjólaust við 30 stikur af þessum 50; 4.—10. des. var þýða, og heiðin þá orðin snjólaus; 11.—15. des. eða í samfleytta 5 daga, snjóaði síðan í logni, og þótti sú snjókoma mikil í Reykjavík; mælingin $^{16}/_{12}$ sýnir þann snjó á heiðinni áður en farið var að skafa til nokkurra muna; 3. jan. hlánaði og tók þá upp allan snjó, nema í lautum á miðheiðinni; þá fór engin mæling fram fyr en $^{21}/_{1}$, en $^{20}/_{1}$ hafði verið norðanhríð, og var því kominn dálítill nýr snjór þegar sú mæling fór fram. Þar eftir fóru mælingar fram nokkurnveginn reglulega með viku millibilum, og gefa því all glögt yfirlit yfir snjóalögin og breytingar þeirra. Þess hefir jafnan verið gætt, að mæla þegar snjórinn var mestur, þannig að hann hefir aldrei á milli mælingarferða orðið meiri en mælingarnar sýna.

Mjer virðist mega ályktа af þessu, að vetrarumferð muni ekki þurfa að teppast á brautinni, ef hún er lögð þessa leið, nema ef til vill dag og dag í mestu snjóavetrum, og er enginn efi á því, að þessi leið er einnig að þessu leyti hin besta sem kostur er á yfir fjallgarðinn, að sleptri leiðinni með sjó (suður á Reykjanesskaga), sem ekki getur komið til mála sakir vegalengdar m. m.

## 12. Núverandi umferð og flutningar.

Umferðin milli Árnessýslu og Reykjavíkur skiptist nú á tvo vegu, Þingvallaveginn yfir Mosfellsheiði, og Hellisheiðarveginn. Jeg hef látið telja umferðina um báða vegina árlangt svo nákvæmlega sem kostur var, án þess að gera út til þess sjerstaka menn, og fór Þingvallavegartalningin fram á Kárastöðum, en umferðin yfir Hellisheiði, var talin á Kolviðarhóli. Yfirlit yfir talninguna set jeg hjer. Allir menn eru taldir í hvert skifti sem þeir fara yfir heiðarnar, vagnar og klyfjahestar sömuleiðis.

**A. Umferð um Þingvallaveginn.**

| Mánuður: | Menn | | | Fólksvagnar | Vöruvagnar | | Klyfjahestar | | Sauðkindur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ríðandi | Gangandi eða hjólandi | Akandi | | 2-hjóla | 4-hjóla | Heil-klyfjar | Hálf-klyfjar | |
| Maí 1912 ..... | 138 | 40 | ... | ... | 11 | ... | 116 | 99 | ... |
| Júní — ..... | 526 | 103 | 69 | 19 | 129 | 5 | 146 | 141 | ... |
| Júlí — ..... | 922 | 75 | 471 | 116 | 95 | 12 | 234 | 234 | ... |
| Ágúst — ..... | 704 | 231 | 882 | 185 | 26 | 10 | 41 | 29 | 80 |
| Sept. — ..... | 506 | 42 | 60 | 12 | 114 | 6 | 101 | 102 | 1236 |
| Okt. — ..... | 468 | 23 | 18 | 6 | 59 | 2 | 130 | 83 | 3002 |
| Nóv. — ..... | 29 | 43 | 5 | 1 | 8 | 1 | 26 | 28 | 140 |
| Des. — ..... | 8 | 40 | ... | ... | ... | ... | 19 | 28 | ... |
| Jan. 1913 ..... | 15 | 25 | ... | ... | ... | ... | 31 | 41 | ... |
| Febr. — ..... ... | 21 | 32 | ... | ... | ... | ... | 40 | 40 | ... |
| Marz — ..... | 11 | 13 | ... | ... | ... | ... | 4 | 4 | ... |
| April — ..... | 27 | 35 | ... | ... | ... | ... | 45 | 49 | ... |
| Samtals | 3375 | 702 | 1505 | 339 | 442 | 36 | 933 | 870 | 4458 |
| | 5582 | | | | | | | | |

**B. Umferð um Hellisheiðarveginn.**

| Mánuður: | Menn | | | Fólksvagnar | Vöruvagnar | | Klyfjahestar | | Sauðkindur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ríðandi | Gangandi eða hjólandi | Akandi | | 2-hjóla | 4-hjóla | Heil-klyfjar | Hálf-klyfjar | |
| Júní 1912 ..... | 3378 | 53 | 443 | 79 | 863 | 46 | 213 | 187 | ... |
| Júlí — ..... | 1875 | 57 | 669 | 122 | 587 | 89 | 82 | 75 | 149 |
| Ágúst — ..... | 645 | 107 | 381 | 66 | 301 | 87 | 2 | 14 | 651 |
| Sept. — ..... | 1379 | 45 | 724 | 98 | 543 | 63 | 29 | 21 | 1125 |
| Okt. — ..... | 2331 | 53 | 219 | 37 | 818 | 9 | 78 | 47 | 15531 |
| Nóv. — ..... | 367 | 103 | 41 | 9 | 168 | ... | 54 | 15 | 527 |
| Des. — ..... | 417 | 401 | ... | ... | 82 | ... | 344 | 45 | ... |
| Jan. 1913 ..... | 203 | 301 | ... | ... | 55 | ... | 262 | 25 | ... |
| Febr. — ..... | 214 | 311 | ... | ... | 39 | ... | 206 | 32 | ... |
| Marz — ..... | 145 | 114 | ... | ... | 14 | ... | 118 | 34 | ... |
| April — ..... | 429 | 64 | ... | ... | 2 | ... | 589 | 31 | ... |
| Maí — ..... | 1250 | 290 | 70 | 9 | 325 | 8 | 520 | 76 | ... |
| Samtals | 11633 | 1989 | 2547 | 420 | 3797 | 302 | 2497 | 602 | 17983 |
| | 16169 | | | | | | | | |

Eftir skýrslum þessum hef jeg áætlað, hve miklum þunga vöruflutningarnir nemi. Jeg geri ráð fyrir, að vöruvagnar fari að meðaltali fullhlaðnir aðra leiðina, en hálfhlaðnir hina leiðina; fullfermi geri jeg á tvíhjólavagni 400 kíló og á fjórhjólavagni 800 kíló, en hálffermið 200 og 400 kíló; þá verður meðalþunginn á hverjum tvíhljóavagni 300 kíló, og á hverjum fjórhjólavagni 600 kíló; ennfremur tel jeg hverjar heilklyfjar á 100 kg. og hverjar hálfklyfjar á 50 kg. Eftir því verður vöruþunginn þessi:

a. Um Þingvallaveginn:

| | | |
|---|---|---|
| 442 | tvíhjólavagnar á 300 kg. | 132600 kg. |
| 36 | fjórhjólavagnar á 600 kg. | 21600 — |
| 933 | heilklyfjar á 100 kg. | 93300 — |
| 870 | hálfklyfjar á 50 kg. | 43500 — |
| | Samtals: | 291000 kg. |

b. Um Hellisheiði:

| | | |
|---|---|---|
| 3797 | tvíhjólavagnar á 300 kg. | 1139100 kg. |
| 302 | fjórhjólagagnar á 600 kg. | 181200 — |
| 2497 | heilklyfjar á 100 kg. | 249700 — |
| 602 | hálfklyfjar á 50 kg. | 30100 — |
| | Samtals: | 1600100 kg. |

Núverandi umferð er þá:

| | Menn tals | Vörur tonn | Sauðkindur tals |
|---|---|---|---|
| Um Þingvallaveginn | 5582 | 291 | 4458 |
| Um Hellisheiðarveginn | 16169 | 1600 | 17983 |
| Samtals: | 21751 | 1891 | 22441 |

Það væri mjög fróðlegt að hafa eldri skýrslur um þetta til samanburðar, en þær eru litlar til. Á Kolviðarhóli hefir þó verið haldið vegfarendatal áður; fyrir 3 árum síðan, frá 1. nóv. 1909 til 1. nóv. 1910, töldust þar 12660 vegfarendur á 12 mánuðum, og 2000 vagnar. (Sjá Lögr. V. árg. 55. tbl.). Nú töldust vagnar 4519 og vegfarendur 16169. Lítur því út fyrir að aukning eigi sjer stað, og að minsta kosti er það víst að vagnaumferðin er að aukast stórkostlega, og það ber vott um hina sívaxandi vöruflutningaþörf milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendis.

Til samanburðar við umferð um aðra vegi á landinu skal þess getið, að vegfarendur yfir Holtavörðuheiði voru taldir árlangt í Fornahvammi fyrir 2 árum síðan, og töldust rúm 1600. Hjá Dalsmynni í Norðurárdal töldust 1911—1912 rúml. 5000 vegfarendur, en þar í eru allir þeir, sem fara milli Borgarness annarsvegar og Norður- og Vesturlands hins vegar, og sennilega einnig talsverð innansveitar-umferð.

## 13. Fólksfjöldinn.

Hjeruð þau, sem telja má að hafi not af brautinni, eru þessi:

Vestur-Skaftafellssýsla að nokkru leyti, sem sje til flutnings á afurðum á markað og til aðflutninga á ýmri ljettavöru og svo til fólksflutninga. Íbúatala

er þar um ..... 1835
Rangárvallasýsla, íbúar ..... 4024
Árnessýsla íbúar ..... 6072
Mosfellssveit, íbúar ..... 404
Reykjavík, íbúar ..... um 12500

Ennfremur má telja nokkurn hluta Kjalarness, Kjós að nokkru leyti og Hafnarfjörð þegar hann fær brautarsamband við Reykjavík, sem ekki getur beðið lengi eftir að þessi braut er komin á. Það má því telja að brautin sje að fullum notum fyrir sem svarar 25000 manns.

## 14. Aætlun um stofnkostnað.

| Liður. | | Kr. | Kr. |
|---|---|---|---|
| I. | Landnám og jarðrask, telst ekki hjer. | | |
| II. | Undirbygging: | | |
| | a. Jarðvinna, 827000 ten.metrar á 0,60 ..... | 496200 | |
| | b. Þak á fláa m. m. ..... | 93800 | 590000 |
| III. | Girðingar, 40000 metrar á 0,60 ..... | | 24000 |
| IV. | Vegir yfir brautina .. ..... | | 25000 |
| V. | Brýr og þverrimar ..... | | 310000 |
| VI. | Yfirbygging, 112 kílómetrar á 12500 kr. ..... | | 1400000 |
| VII. | Talsími, um 400 kr. á kílómetrann ..... | | 45000 |
| VIII. | Stöðvar: | Kr. | |
| | a. Reykjavík ..... | 50000 | |
| | b. Þingvellir ..... | 20000 | |
| | c. Ölfusá (fyrir hliðarlínu til Eyrarbakka) ..... | 20000 | |
| | d. Þjórsá ..... | 25000 | |
| | e. 9 sveitastöðvar á 10000 kr. ..... | 90000 | |
| | f. 7 stjettir á 1000 kr. ..... | 7000 | 212000 |
| IX. | Verkstæði og eimreiðaskáli í Reykjavík ..... | | 50000 |
| X | Vagnar: | Kr. | |
| | a. 4 eimreiðir á 27000 kr. ..... | 108000 | |
| | b. 8 fólksvagnar ..... | 64000 | |
| | c. Vöruvagnar, hemilsvagnar m. m. ..... | 80000 | 252000 |
| XI. | Undirbúningur, stjórn, óviss gjöld ..... | | 277000 |
| XII. | Rentur meðan á byggingu stendur ..... | | 315000 |
| | | Samtals: | 3500000 |

eða 31250 kr. á hvern kílómetra. Hliðarlínu til Eyrarbakka, 11 km. að lengd mun mega gera fyrir ..... 300000

### Athugasemdir við áætlunina.

I. Landnám og jarðrask. Jeg geri ráð fyrir því að hvort sem brautin verður bygð fyrir almannafje eða sem einstakra manna fyrirtæki, þá muni hlutaðeigandi sveitir og hjeruð styrkja fyrirtækið, og ætti styrkur þeirra fyrst og

fremst að vera fólginn í því að leggja til og útvega ókeypis land undir brautina sjálfa og brautarstöðvar. Jafnframt geri jeg og ráð fyrir, að landssjóður láti ókeypis af hendi það, sem hann á af landi, er undir braut og stöðvar þarf, þar á meðal sjerstaklega skikann norðan af Arnarhólslóðinni undir brautarstöðina og verkstæðið í Reykjavík. Þetta fyrirkomulag er hentugt að því leyti, að sveitirnar munu víða geta komist að betri kjörum með kaup á landi hjá einstaklingum heldur en sá, sem brautina leggur, hvort heldur landssjóður eða einstaklingar. Ef um það væri að ræða, að fá útlendinga til að leggja fje í brautina, er sjerstaklega þýðingarmikið, að þessu sje slegið föstu, því að algengt er erlendis að land undir brautir verður að kaupa háu verði, og útlendingar mundu þess vegna verða hræddir við að þurfa að taka land eignarnámi.

II. Undirbygging. Vísast til þess, sem áður er sagt um hana.

III. Girðingar. Það er algengt í Noregi og annarsstaðar, að þegar braut er lögð, þá er heimtað af hlutaðeigandi sveitum, að þær kosti þær girðingar, sem þurfa kann vegna brautarinnar, auk landnáms og jarðrasks. Jeg hef þó ekki viljað gera svo ákveðið ráð fyrir þessu hjer, að jeg slepti girðingunum alveg úr áætluninni, en eins og áður er sagt, geri jeg ekki ráð fyrir, að girt verði meðfram brautinni, nema þar sem hún verður lögð í gegnum land, sem áður er afgirt, og girðingin rofnar við brautarlagninguna. Jeg hef giskað á, að það yrðu samtals 20 km., sem girða þarf brautina báðum megin.

IV. Vegir yfir brautina. Alstaðar, þar sem vegir, hvort heldur opinberir eða einstakra manna, skera brautarlínuna, þarf að gera akfært yfir teinana, og má víðast hvar komast af með að púkka milli þeirra og út frá þeim á báða vegu; samskonar þverbrautir getur og þurft að gera víðar; þannig verður að minsta kosti að vera ein slík yfirkeyrsla á hverri þeirri landareign, sem skorin er í tvent með brautinni. Sjálf jarðvinnan eða undirbygging þvervegarspottanna út frá brautinni er, að því er opinberu vegina snertir, talin í II. lið, svo að þessi upphæð er ætluð til þess að púkka í brautina fyrir þvervegunum og til þess að gera brú á brautinni yfir aðalveginn við Reykjavík, án þess þó að nákvæm áætlun hafi verið gerð um þá brú.

V. Brýr og þverrennur. Áætlunin um þennan lið er að eins lausleg, því að ókleift hefir verið að gera uppdrætti af brúnum, en án þeirra er ekki unt að gera nákvæma áætlun; jeg hef gert lauslega útreikninga viðvíkjandi stærstu brúnum, en giskað á verð hinna eftir hafi og stöplahæð, og treysti því vegna reynslu þeirrar, sem jeg hef fengið um verð á vegabrúm, að ekki skakki mjög miklu, og að upphæðirnar sjeu heldur ríflegar en hitt. Jeg set hjer ágiskun mína eða áætlun um verð á hinum stærri brúm eða þeim, sem eru 4 metrar eða meira að lengd.

| | Stöplahæð metrar | Haf metrar | Verð kr. |
|---|---|---|---|
| Elliðaár | 5—7 | 11+13+13 | 29000 |
| Grafarlækur | 5 | 4 | 4800 |
| Úlfarsá | 2,30 | 9+9 | 7000 |
| Varmá | 6,50 | 9 | 7000 |
| Suðurá | 2,16 | 6 | 1900 |
| Kaldakvísl | 4,0 | 3×10 | 18000 |
| Leirvogsá | 2,50 | 15 | 7000 |
| | | Flyt | 74700 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Flutt | 74700 |
| Bugða | 2,0 | 8 | 2500 |
| Torfadalslækur | 4,5 | 6 | 5000 |
| Sami | 3,5 | 8 | 4000 |
| Móakotsá | 3,6 | 8 | 4000 |
| Öxará | 1,5 | 3×10 | 13000 |
| Kaldá | 10,6 | 7 | 8000 |
| Brúará | 4,0 | 6 | 4200 |
| Sogið | 4,5 | 3×18 | 40000 |
| Ölfusá | 9,0 | 2×17,5<br>1×24<br>1×13 | 70000 |
| Smábrýr og þverrennur | | | 84600 |
| | | Samtals | 310000 |

VI. Yfirbygging. Þetta er stærsti liðurinn í kostnaðaráætluninni, og hef jeg því gert svo nákvæma áætlun um hann, sem kostur var. Kostnaðurinn fyrir hvern km. kemur þannig fram:

| | | | Einingar-verð kr. | Alls kr. |
|---|---|---|---|---|
| Teinar, 18 kg. á metra | 36,00 | tons | | |
| Til vara 2% | 0,72 | — | | |
| | 36,72 | tons | 125,00 | 4590,00 |
| Spengur, 200 pör, hvert 9,5 kg. | 1,90 | tons | | |
| Til vara 3% | 0,06 | — | | |
| | 1,96 | tons | 160,00 | 313,60 |
| Boltar, 800 stk. 0,4 kg. | 0,32 | tons | | |
| Til vara 3% | 0,01 | — | | |
| | 0,33 | tons | 270,00 | 89,10 |
| Hringfjaðrir, 800 stk. + 3% til vara = 824 stk. pr. ‰ | | | 15,00 | 12,36 |
| Reknefjur, 7200 stk. 0,2 kg. | 1,44 | tons | | |
| Til vara 3% | 0,07 | — | | |
| | 1,51 | tons | 260,00 | 392,60 |
| Svæflar, alm. 2000 stk. 1,7 kg. | 3,40 | tons | | |
| — , samskeita, 400 stk. 3,4 kg. | 1,36 | — | | |
| Til vara 3% | 0,14 | — | | |
| | 4,90 | tons | 170,00 | 833,00 |
| Flutningur járns, 45,52 tonn | | | 10,00 | 454,20 |
| Þverslár, 2,0×0,22×0,11 metri | 1200 | stk. | | |
| Til vara 2% | 24 | — | | |
| | 1224 | stk. | 2,00 | 2448,00 |
| Möl, 0,45 m. þykk, breidd að ofan 2,6 m., fláí 1,25 | 1422 | ten.m. | | |
| Til vara 10% | 148 | — | | |
| | 1570 | ten.m. | 1,50 | 2355,00 |
| Að leggja sporið | | | | 300,00 |
| Að rjetta sporið | | | | 300,00 |
| Flutningar, smávegis m. m. | | | | 412,14 |
| | | | Samtals | 12500,00 |

Verð á járni er nú í hæsta lagi, og fyrir það er áætlunin hærri en hún mundi hafa verið fyrir nokkrum árum, þegar járn var ódýrt.

Í þessari áætlun er sjerstaklega athugaverður liðurinn fyrir þverslár, 2448 kr. Jeg hefi áætlað þær úr gagndreyptri norskri furu, samskonar og nú er farið að brúka við norsku járnbrautirnar. Hingað til hafa Norðmenn brúkað þverslár úr ógagndreyptri furu, sem eru rúmum 30 aurum ódýrari hver, og mundi áætlunin í heild sinni lækka um h. u. b. 40000 kr., ef gert væri ráð fyrir þeim, en sá er galli á þeim, að þær endast ekki nema 7—8 ár að meðaltali, en þverslár gagndreyptar með kreósóti má telja upp á að endist að meðaltali 14 til 15 ár. Það er því auðsær hagnaður að því að nota gagndreyptar þverslár, og því hefi jeg gert ráð fyrir þeim, þótt þær sjeu dýrari.

Þverslár úr járni eru stundum hafðar á járnbrautum, en þær eru talsvert dýrari en trjeslár, svo að þótt þær endist lengur og endurnýjun kosti minna, mun naumast verða ráðist í að brúka þær. Á síðari árum hafa í ýmsum löndum verið gerðar talsverðar tilraunir til að búa til þverslár úr járnbendri steinsteypu, og mun þeim naumast vera lokið ennþá, en sjálfsagt væri að fá ábyggilegri vitneskju um niðurstöðu þeirra tilrauna, ef til þess kæmi að leggja þessa braut; hygg jeg, að helst yrði að leita þeirrar vitneskju á Ítalíu eða Ungverjalandi.

VII. Talsími þarf að liggja meðfram allri brautinni og inn í hverja brautarstöð. Eðlilegt virtist mjer, að leyft yrði að nota þann síma til almenningsþarfa, og gengju þær tekjur, sem af honum yrðu, umfram afgreiðslukostnað, til brautarinnar.

VIII. Það hefir alls ekki verið tími til að gera uppdrætti af stöðvum eða stöðvarhúsum, og er því áætlunin ekki nákvæm, hvað þennan lið snertir. Af hinni áætluðu upphæð til smástöðvanna, 10000 kr., má gera ráð fyrir að um 3000 kr. fari í hliðarspor og mætispor, en hitt er til húsa, vatnsleiðslu, þar sem vatn þarf að hafa handa eimreiðunum, og lögunar á stöðvarstæðinu.

IX. Jeg hefi ekki þorað að áætla lægri upphæð en þetta til verkstæðis og eimreiðaskála í Reykjavík, eftir að jeg hef kynt mjer við ýmsar brautir í Noregi, hvernig verkstæðunum er hagað og hvaða vjelar þarf í þau.

X. Vagnar. Jeg hef áætlað, að fengnir yrðu 4 stórir fólksvagnar (boggievagnar), sem rúma um 60 manns hver, og 4 smærri (fjórhjólavagnar), sem rúma 30 til 40 manns hver. Vöruvagnar kosta 1000 til 2000 kr. hver, og hygg jeg, að upphæð sú, sem ætluð er til kaupa á þeim, sje rífleg.

XI. Af þessum lið á meðal annars að greiða kostnað við þá nákvæmu mælingu brautarstæðisins, sem verður að fara fram áður en brautin er bygð, til þess að finna nákvæmlega hina hentugustu legu fyrir brautina á hverjum stað, svo og vinnu við útreikninga og uppdrætti brúa og stöðva m. m. og verkstjórn.

XII. Þessi liður hverfur venjulega úr áætlunum, ef um ríkisfyrirtæki er að ræða, með því að þá eru ekki heimtaðir vextir af stofnfje, meðan á byggingu stendur. En ef um það er að ræða, að einstakir menn eða fjelög leggi brautina verður ekki hjá því komist að taka þennan lið með. Upphæðin er hjer miðuð við það, að verkið taki 4 ár og aðeins 4% vextir, en jeg álít, að kleift sje að leggja brautina á þrem árum með innlendum vinnuafla, og mundi þá þessi liður geta lækkað nokkuð, eða vextirnir mættu vera hærri.

Um alla áætlunina gildir það, að jeg hef gert ráð fyrir að aðflutningstoll af efni þurfi ekki að greiða — undanþága frá honum er t. d. ávalt veitt í

Noregi, hvort sem um ríkisbraut eða einstakra manna braut er að ræða, aðeins ef brautin er ætluð til almenningsnota. Enn fremur hef jeg miðað kostnað við undirbyggingu og brýr og önnur slík verk við það, sem hann mun verða, ef þau eru framkvæmd á sama hátt og vega- og brúargerðir og önnur mannvirki landssjóðs nú, án þess að selja þau einstökum mönnum til framkvæmdar. Ef slík verk sem þessi eiga að framkvæmast af útlendum verktaka, verða þau að minsta kosti 15% dýrari en þau verða, ef þau eru framkvæmd af innlendum mönnum millilíðalaust, og ekki ólíklegt, að þau verði 25% dýrari.

## 15. Reksturskostnaður og tekjur.

Með reksturskostnaði járnbrauta er ávalt talinn viðhaldskostnaður brautarinnar sjálfrar og vagna, eimreiða og stöðva. Ábyggilegasta áætlun um reksturskostnað hygg jeg að megi fá með samanburði við brautir í Noregi, sem líkt stendur á með. Ef teknar eru tvær brautir, sem eru svipaðar að gerð, verður reksturskostnaðurinn líkur, ef jafnmargar lestir fara yfir árið um hvora brautina fyrir sig, en ef fleiri lestir fara um aðra, þá vex meiri hlutinn af reksturskostnaði hennar að sama skapi. Þó er nokkur hluti reksturskostnaðarins meira bundinn við lengd brautarinnar en tölu lestanna, einkum viðhald undirbyggingar og þverslóa. Samt sem áður er venja að reikna út reksturskostnaðinn fyrir hvern *lestarkílómetra*.

Ekki má þó ætla, að reksturskostnaður á hvern lestarkílómetra geti verið sá sami á tveim brautum, sem hafa mjög ólíkt flutningsmagn; þar sem lestirnar eru hafðar mjög stórar, af því að flutningur er mikill, verður kostnaðurinn fyrir hvern lestarkílómetra eðlilega meiri heldur en þar, sem venjulega má komast af með smáar lestir. Með því að hjer verður um tiltölulega mjög ljettar lestir að ræða, verður að taka til samanburðar þær brautir í Noregi, sem hafa litla flutninga. Reksturskostnaður nokkurra þeirra var 1910—11 sem hjer segir, miðað við hvern lestarkílómetra:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ríkisbrautir. | Grundset — Aamot | 26 | km., | kr. | 1,01 |
| | Stören — Aamot | 321 | — | — | 1,04 |
| | Jæderbanen | 76 | — | — | 1,05 |
| | Egersund — Flekkefjord | 74 | — | — | 1,12 |
| Einkabrautir. | Nesttun — Osbanen | 26 | — | — | 0,84 |
| | Grimstad — Froland | 22 | — | — | 0,92 |
| | Lillesand — Flaksvand | 17 | — | — | 1,11 |
| | Tönsberg — Eidsfos | 48 | — | — | 1,12 |
| | Urskog — Höland | 57 | — | — | 1,16 |
| Langd þessara brauta alls | | 667 | km. | | |

Þetta er að lengdinni til 22% af öllum járnbvautum í Noregi. Á öðrum norskum brautum eru útgjöldin fyrir hvern lestarkm. meiri, en lestirnar líka þyngri.

Reksturskostnaður mjósporabrauta er sumstaðar minni en þetta. Þannig hef jeg fárra ára gamla skýrslu um reksturskostnað prússneskra 1,00 metra brauta, og hefir hann á 14 lengstu brautunum, sem eru frá 38 til 117 km. að lengd hver, orðið minst 47 Pf., mest 85 Pf., að meðaltali 63 Pf. (57 au.) fyrir hvern lestarkílómetra.

Jeg tel því litlum vafa bundið, að ef brautin er sæmilega gerð í fyrstu, eins og mun mega fyrir það fje, sem jeg hef áætlað til hennar, muni með sparsemi og hagsýni mega koma reksturskostnaðinum eitthvað niður fyrir 1 kr. fyrir hvern lestarkm. í fyrstu, meðan lítið er að flytja, hækkandi upp í t. d. 1,16 á lestarkm. eftir því sem flutningsþörfin eykst og lestirnar verða stærri. Jeg ætla samt ekki að telja reksturskostnaðinn fyrstu árin minni en 1,00 kr. á lestarkm.

Fyrst um sinn má nú gera ráð fyrir að komist verði af með 2 lestir á dag í hvora átt milli Reykjavíkur og Þjórsár mánuðina maí til október að báðum meðtöldum, og 1 lest á dag hvora leið nóv. til apríl, og enn fremur nokkrar aukalestir þegar mikið er að flytja. Þetta verða:

| | |
|---|---|
| Í 183 daga 4 lestir á dag | 732 |
| í 182 daga 2 lestir á dag | 364 |
| aukalestir nál. 10% | 104 |
| Alls | 1200 |

Nú er lengd brautarinnar 112 km., og verður þá tala lestarkílómetra yfir árið 134400. Sje kostnaður við hvern þeirra reiknaður 1,00 kr., verður reksturkostnaður ársins 134400 kr.

Erfiðara er að gera áætlun um tekjurnar. Þar kemur tvent til greina, taxtarnir og flutningsmagnið. Bæði í Noregi og Danmörku hefir sú venja komist á, að járnbrautartaxtar eru svo lágir á ríkisbrautum, að þær borga ekki fullar rentur af stofnfje sínu, þótt notkunin sje mikil; þannig hlýtur jafnan að fara, ef taxtarnir eru settir aðeins örlitlu hærri en beini flutningskostnaðurinn. Ef byggja á braut hjer með það fyrir augum, að hún með tímanum geti borið sig að fullu, þ. e. greitt einnig vexti af stofnfje sínu, þá verður í upphafi að setja taxtana svo háa, að afgangs verði reksturskostnaði sem svarar rentum af stofnfjenu, þegar notkunin er orðin hæfilega mikil.

Á norsku ríkisbrautunum eru tekjurnar af fólksflutningum frá 2,4 til 3,6 au. fyrir mannkílómetra, og frá 1,9 til 9,1 ey. fyrir tonnkm. af vöruflutningi (meðaltal 3,9 aurar). Þessir taxtar eru of lágir til þess að renta verð brautanna þar, því tekjuafgangur ríkisbrautanna nam 1910—11 aðeins 2,22% af stofnkostnaði þeirra. Mjer virðist óhætt að gera ráð fyrir talsvert hærri töxtum hjer, sjerstaklega fyrir vöruflutninga, t. d. 4 au. fyrir mannkm. og 20 au. fyrir tonnkm. Venjulega eru gjöldin hærri fyrir hvern km. ef stutt er farið eða flutt, heldur en þegar um langa leið er að ræða, og mundi einnig verða að vera svo hjer, einkum hvað fargjöldin fyrir fólk snertir. Vegna þess að svo hagar til, að lengd brautarinnar austur að Þjórsá er talsvert meiri en lengd vegarins úr Reykjavík austur þangað, verður ekki hægt að taka jafnhátt fargjald fyrir hvern km. í allri leiðinni austur að Þjórsá, eins og t. d. í leiðinni til Þingvalla. Mjer virðist hlutfallið eiga að vera eitthvað á þá leið, að ef fargjald til Þingvalla er kr. 2,50, þá megi það vera til Þjórsár kr. 3,75, því að það samsvarar nokkurnveginn vegalengdunum þangað.

Hitt undirstöðuatriðið undir tekjuáætluninni er notkunin eða flutningsmagnið. Notkunin kemur ekki öll í einu, heldur sýnir reynslan allsstaðar að hún fer sívaxandi; að gera ábyggilega áætlun um hana hjer er mjög erfitt, af því að ekki er reynsla frá neinum innlendum brautum til samanburðar. Þó má með hliðsjón af núverandi umferð og flutningum máske gera sjer hugmynd um hver notkunin yrði í byrjun.

Mjer þykir sennilegt að fólksferðir með brautinni milli Reykjavíkur ann-

arsvegar og Suðurlandsundirlendisins hins vegar yrðu líkar fyrsta og annað ár brautarinnar, eins og þær eru eftir veginum nú. Umferðin í heild sinni mundi vitanlega þegar í stað aukast, en margir mundu ferðast upp á gamla mátann fyrstu árin. Brautin fengi efalaust þegar í fyrstu miklu meiri fólksflutning milli Reykjavíkur og Þingvalla en þar er nú, en til þess að áætla varlega vil jeg gera ráð fyrir að hún fái að því skapi minni fólksflutning milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, heldur en þar er nú. Við þessa fólksflutninga bætast svo töluverðar fólksferðir um skemri leiðir, sjerstaklega milli Reykjavíkur og stöðvanna í Mosfellssveit, og milli stöðvanna austanfjalls.

Um vöruflutningana er öðru máli að gegna. Flutningur á vögnum og klyfjahestum milli Reykjavíkur og Árnessýslu mundi þegar í stað leggjast niður, eða sama sem leggjast niður, þegar brautin flytti fyrir 1 ey. pundið austur á stöðvar í miðjum Flóa. Jafnframt mundu vöruflutningarnir þegar í stað aukast mikið, hingað mundi verða flutt mjög mikið af heyi, kartöplum, mjólk og öðrum sveitaafurðum, og hjeðan yrði flutt mjög mikið af þungavöru. Jeg tel mjög lágt áætlað að gera vöruflutninginn milli Reykjavíkur og Þingvalla 500 tonn og milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendis 3000 tonn þegar fyrstu árin. Hin áætlaða aukning á síðarnefnda flutningnum, frá því sem nú er, nemur 1400 tonnum; ef jeg geri ráð fyrir, að helmingur þar af sjeu vörur frá Reykjavík austur — að þyngd á við h. u. b. 1/4 hluta þess, sem nú er flutt inn til Eyrarbakka og Stokkseyrar —, þá er hinn helmingurinn, eða 700 tons, afurðir austan að. Nú vegur eitt kýrfóður af heyi 4 tonn, ársnyt úr meðalkú án íláta $2^1/_2$ tonn, og með ílátunum, sem þurfa að fara fram og aftur, má líklega gera hana 3 tonn; ef aukningin væri öll í heyi, samsvarar hún þá 175 kýrfóðrum, og ef hún væri öll í mjólk, samsvarar hún $233^1/_3$ kýrnyt. Jeg skil ekki annað en að allir, sem nokkuð þekkja til, muni álíta þetta of lágt áætlað, muni álíta að flutningaaukningin verði meiri þegar fyrsta árið.

Fyrir utan þetta geri jeg ráð fyrir að nokkuð af lifandi peningi (fje og nautgripum) verði strax flutt með brautinni; þá koma og tekjur af fólks- og vöruflutningum um skemri leiðir, eins og áður var sagt, og loks eru tekjur fyrir póstflutning og símanot. Nú munu vera greiddar um $3^1/_2$ þús. kr. fyrir póstflutninga sem leggjast til brautarinnar þegar hún kemur, og væri ekki ósanngjarnt að hún fengi eitthvað meira fyrir að flytja póst einu sinni til tvisvar á dag hvora leið, heldur en nú er borgað fyrir póst einu sinni á viku á sumrum og einu sinni á mánuði á vetrum. Svo ættu og samkvæmt áðursögðu að fást nokkrar tekjur fyrir afnot talsíma brautarinnar. Samt sem áður áætla jeg póst- og talsímatekjur brautarinnar ekki nema 5000 kr. í fyrstu.

Áætlunin um tekjurnar *fyrstu árin* verður þá þannig:

Fólksflutningar:

| | | | Kr. |
|---|---|---|---|
| Til Þingvalla 5600×55 = ..... ... | 308000 | mannkm. | |
| Til Suðurlandsundirlendis 16000×100 ..... ..... | 1600000 | —— | |
| Samtals | 1908000 | —— á 0/04 = | 76320 |

Vöruflutningur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Til Þingvalla 500×55 = ..... ..... | 27500 | tonnkm. | |
| Til Suðurlandsundirl. 3000×100 = ..... | 300000 | —— | |
| Samtals | 327500 | —— á 0/20 = | 65500 |
| | | Flyt: | 141820 |

| | |
|---|---|
| Flutt: | 141820 |
| Flutningur á lifandi peningi ..... | 5000 |
| Fólks- og vöruflutningur um skemri leiðir..... | 7180 |
| Póstflutningur og talsímatekjur ..... | 5000 |
| Samtals | 159000 |

Þetta er 25600 kr. hærra en hinn áætlaði reksturskostnaður í byrjun, eða *brautin mun þegar í byrjun gera meira en að borga rekstur sinn og viðhald.*

Ef gera skal áætlun um, hve mikil notkun brautarinnar muni verða með tímanum, þegar menn eru búnir að koma atvinnuvegum sínum í samræmi við þær breyttu kringumstæður, sem brautin skapar, er naumast annars kostur en bera saman við erlendar brautir, og hljóta þó ályktanir þær, sem dregnar verða af slíkum samanburði, ávalt að verða nokkuð óvissar.

Í Danmörku eru járnbrautir nú orðnar allþjettar um alt landið, þótt hvergi nærri þyki nóg af þeim enn. Þar nema fólksferðir með járnbrautum 367 km. á hvern landsmanna árlega. Í Noregi eru aftur brautirnar mjög gisnar enn þá, stórar sveitir og jafnvel heil ömt sem engan brautarstúf hafa. Þar nema fólksferðir með járnbrautum nú um 165 km. fyrir hvern landsmanna árlega, en sjálfsagt verður það talsvert á þriðja hundrað, ef jafnað er niður á þá eina, sem til brautanna ná. Til þessarar fyrirhuguðu brautar hjer ná nú 25000 manns að minsta kosti. Mjer sýnist allar ástæður benda til að umferðin um þessa braut muni ekki verða minni á hvern mann, þeirra er við brautina búa, heldur en annarstaðar, og álít að hún muni komast upp í a. m. k. 200 km. á mann um árið. Tvent er sem sjerstaklega styður að þessu; annað er ferðamannastraumur — útlendra og innlendra — til Þingvalla og lengra austur, og hitt er það, að mestur þorri þeirra, sem brautina eiga að nota, þarf að fara um og yfir 90 km. í hvert sinn sem til kaupstaðar er farið, og er það lengra en menn eiga að venjast í Noregi eða Danmörku, eða m. ö. o., ferðirnar á þessari braut verða tiltölulega langar að meðaltali, samanborið við lengd brautarinnar sjálfrar.

Um væntanlega vöruflutninga er enn þá erfiðara að ráða eftir líkum annarsstaðar frá. Helst mætti dæma eftir járnbrautum í Noregi í þeim sveitum, sem hafa hvorki skógarafurðir nje námaafurðir, og hygg jeg að ástæðurnar sjeu að ýmsu leyti líkastar á Jaðri og hjer.

Járnbrautin eftir Jaðrinum (Jæderbanen) var lögð 1878. Hún liggur milli Stavanger og Egersund, sem hvorttveggja eru hafnarbæir, nálægt sjó alla leiðina, og er að lengd 76 km. Flutningur eftir brautinni gengur til beggja enda og frá báðum endum, af því að við báða enda eru hafnir, en þó meira til Stavanger og frá, af því að sá bærinn er miklu stærri. Brautin liggur um svo hrjóstrugt land, að annað eins hef jeg ekki sjeð hjer á landi í bygð; þó eru til í nánd við brautina svæði, sem sagt er að sjeu kostabetri en það land, sem brautin liggur um, en hvorki eru þar skógar nje námar. Íbúatala kaupstaðanna við báða enda var tæp 25000 þegar brautin var lögð, og íbúatala sveitanna, sem til brautarinnar ná, var ámótamikil. Á fyrstu 25 árunum, eða til 1903, óx íbúatala kaupstaðanna um rúm 12000, og sveitanna um 2000, og eignir sveitanna er álitið að hafi ferfaldast á þeim tíma.

Flutningsmagnið á þessari braut var árið 1910—11: Fólksflutningur, 115730 mannkm. á brautarkm. (sama sem þessi mannfjöldi færi einu sinni eftir brautinni endilangri). Vöruflutningur 23580 tonnkm. á brautarkm. (á sama hátt). Alls fóru með brautinni 52178 tonn fyrir utan póstflutning og farangur ferða-

manna, og var hvert tonn flutt að meðaltali 31,2 km., eða nokkru skemri leið en helming brautarinnar, sem eðlilegt er þar.

Þar sem svona stendur á, er eðlilegt að miða vöruflutningana aðeins við íbúatölu *sveitanna* við brautina. Kaupstaðarbúarnir ferðast sjálfir með brautinni, en flytja ekki beinlínis til muna af vörum með henni. Gerum ráð fyrir að íbúatala sveitanna á Jaðri sje nú rúm 30000, eða nál. þrisvar sinnum meiri en íbúatala sveitanna við þessa braut hjer. Þá ætti að flytja með brautinni hjer um $^1/_3$ af 52178 tonnum, eða rúm 17000 tonn. Vegna hærri taxta og meiri fjarlægða og til þess að áætla varlega, vil jeg færa niður um $^1/_3$, gera ráð fyrir 11000 tonnum, sem fara milli Reykjavíkur og Árnessýslu (Þingvalla og Suðurlands), auk þess sem fer aðeins styttri leiðir, milli Reykjavíkur og Mosfellssveitar og milli stöðva austanfjalls. Meðalflutningslengdin fyrir vörur milli Árnessýslu og Reykjavíkur verður a. m. k. 90 km., og nemur þessi áætlaði flutningur því:

| | |
|---|---|
| 11000×90 = ..... | 990000 tonnkm. |
| Geri maður svo skemri flutninga aðeins ... ..... | 10000 —— |
| fást vöruflutningar alls | 1000000 tonnkm. |

Með þeim flutningum, sem hjer hafa verið áætlaðir, mun þurfa 1500 lestir á ári, og vil jeg gera ráð fyrir að kostnaðurinn á hvern lestarkm. verði þá kominn upp í kr. 1,16. Þá verður áætlunin um rekstur brautarinnar þannig:

Tekjur:

| | Kr. |
|---|---|
| 25000×200 = 5000000 mannkm. á $^0/_{04}$ ..... ..... | 200000 |
| 1000000 tonnkm. á $^0/_{20}$ ..... ..... | 200000 |
| Tekjur af póstflutn. og talsíma ..... ..... | 10000 |
| Samtals | 410000 |

Gjöld:

| | Kr. |
|---|---|
| Rekstur og viðhald 112×1500×1,16 = ..... ..... | 194880 |
| Tekjuafgangur ..... ..... ..... | 215120 |
| Samtals | 410000 |

Þessi tekjuafgangur samsvarar 6,1% af stofnkostnaðinum, $3^1/_2$ milj. kr.

Það er þýðingarlaust að spá neinu um það, hvenær notkun brautarinnar verði orðin svona mikil. Það eitt er víst, að ef brautin verður lögð, þá verður notkunin einhverntíma svona mikil, og hún heldur líka áfram að vaxa, eftir að hún er orðin svona mikil. Að hin áætlaða notkun sje engin fjarstæða, virðist mjer mega sjá af samanburði við umferðina um veginn nú. Ef fólk það, sem nú fer yfir Hellisheiði og Mosfellsheiði, ferðaðist alt með járnbrautinni, fæst tala mannkílómetra sem hjer segir:

| | |
|---|---|
| Milli Rvíkur og Þingvalla, 5582×55 = ..... | 307010 mannkm. |
| Milli Rvíkur og Suðurlands, 16169×100 = ..... | 1616900 —— |
| Sjeu skemri ferðir báðum megin heiða áætlaðar ..... | 576090 —— |
| fást | 2500000 mannkm., |

eða sú umferð af fólki, sem brautinni er ætlað að ná í framtíðinni, er aðeins tvöföld sú umferð, sem nú er um veginn.

Vöruflutningar að járnbrautarsvæðinu austanfjalls og frá því eru nú sem stendur þessir:

| | | |
|---|---|---|
| Milli Reykjavíkur og Þingvalla | 291 | tonn |
| Milli Reykjavíkur og Suðurlands | 1600 | — |
| Um 22000 sauðkindur á 60 kg. | 1300 | — |
| Innfluttar vörur til Eyrarbakka og Stokkseyrar | 3100 | — |
| Útfluttar vörur frá Eyrarbakka og Stokkseyri | 500 | — |
| Samtals | 6791 | tonn |

Ef litið er til hinna afarmiklu ónotuðu framleiðslu-möguleika á Suðurlandsundirlendinu virðist þá ekki ógætilegt að gera ráð fyrir að flutningarnir með brautinni geti komist upp í 11000 tonn.

Um gagn það fyrir Suðurlandsundirlendið og Reykjavík, sem verða mundi af brautarlagningunni, skal jeg ekki fjölyrða hjer, enda má segja, að skoðanir mínar um það eigi ekki beint heima í þessari skýrslu.

Um leið og jeg enda þessa skýrslu, vil jeg leyfa mjer að geta þess, að stjórn ríkisbrautanna í Danmörku hefir góðfúslega látið mjer í tje nokkrar upplýsingar eftir beiðni minni. En einkum hef jeg þó notið mikilsverðra og víðtækra leiðbeininga frá stjórn ríkisbrautanna í Noregi, bæði nú á ferð minni í Noregi nýverið og fyr í vetur, er jeg sneri mjer til hennar í því; sumar þær leiðbeiningar hafa kostað járnbrautarstjórnina mikla fyrirhöfn, og þær hafa verið því verðmætari fyrir ransókn þessa máls, sem kringumstæður í Noregi eru einna líkastar vorum háttum. Generaldirektör Platou hefir sýnt einstaka velvild og áhuga um það, að láta mig fá sem ítarlegastar upplýsingar.

Landsuppdrættir, teikningar og önnur skjöl þessari ransókn viðvíkjandi eru geymd hjá mjer, og til taks hvenær sem óskað verður.

Reykjavík, 10. júní 1913.

*Jón Þorláksson.*

Nd. **735. Breytingartillaga**

við frv. til laga um friðun fugla og eggja.

Frá Pjetri Jónssyni.

Við 3. gr. A.

Fyrir: »5. hvert ár« komi: 7. hvert ár.

Ed. **736. Atkvæðaskrá**

við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Fjárlagafrumvarp 572.

Nefndarálit 701.

Breytingar- og viðaukatillögur fjárlaganefndar og annara: 665, 686, 687, 688, 706, 707, 708, 709, 710, 711, 712, 725, 728, 729, 731.

1. gr.—6. gr.
Óbreyttar.

7. gr.
Breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

8. gr.
Óbreytt.

9. gr.

1. Brtt. 665, 1.
Við 5. (aðstoðar- og skrifstofukostnaður í stjórnarráði).
Orðin »alt að« falli burt.

10. gr.
Óbreytt.

11. gr.

2. Brtt. 665, 2.
Við B. 6. (eftirlit með fiskiveiðum).
Fyrir »10,000—10,000«
komi: 4,500—4,500.

12. gr.

3. Brtt. 686.
Við 2. Liðurinn orðist svo:
2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árnes-

hreppi í Strandasýslu, til þess að vitja læknis, hvors 300 kr. . . . . 600— 600

Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum og fellur niður í Árneshreppi, þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjeraði.

4. Brtt. 729.

Við 3. Aftan við þann lið komi þessi liður nýr, og liðatalan breytist eftir því:

4. Styrkur til að ljetta kostnað við læknishjálp í Hróarstunguhjeraði, meðan læknir er eigi skipaður þar, eða sjerstakur læknir settur . . . . . 500— 500

Helmingi styrksins má verja til að greiða bráðabirgðalækni ferðakostnað í nokkrum ákveðnum ferðum yfir hjeraðið til Borgarfjarðar, er hann auglýsir fyrirfram með viðkomustöðum og tiltekinni dvöl á þeim; en hinn helmingurinn veitist Borgarfjarðarhreppi, til þess að ljetta einstökum hreppsbúum kostnað við að leita læknis í bráðri nauðsyn, og greiðist hann hreppsnefnd Borgfirðinga til umráða og úthlutunar.

5. Brtt. 665, 3.

Við 4. b. (augnlæknir).

Fyrir orðin »á einum ..... viðkomustað«

komi: samtals á tveim hinna fjölmennustu viðkomustaða.

6. Brtt. 665, 4.

Við 6. (sjerfræðingar í læknisfræði).

Fyrir orðin »hafi ókeypis ..... mönnum«

komi: veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað.

7. Brtt. 665, 5.

Við 9. (Heilsuhælið).

Fyrir »28000—25000«

komi: 27000—24000.

8. Brtt. 665, 6.

Við 10. a. (sjúkrahús og sjúkraskýli).

Fyrir »4000—4000«

komi: 4200—4200.

9. Brtt. 665, 7.

Við 10. b. (sjúkraskýli á föstum læknissetrum).

Fyrir »2000« í miðri málsgreininni

komi: 3000.

10. Brtt. 665, 8.
Við 10. f. (utanfararstyrkur hjeraðslækna).
Fyrir »600«
komi: 900.

11. Brtt. 665, 9.
Við 10. f.
Fyrir »120 kr.« í athugasemdinni (hámark mánaðaðarstyrks).
komi: 150 kr.

12. Brtt. 665, 10.
Við 10. g. (sjúkrasamlög).
Fyrir »200«
komi: 600.

13. Brtt. 665, 11.
Við 10. h. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
i. Handa húsameistara Rögnvaldi Ólafssyni til utanfarar, með því skilyrði, að hann afli sjer þekkingar á geðveikrahúsum og geri glögga áætlun um viðbót við geðveikrahælið á Kleppi. . . . 1200— ...

13. gr.

14. Brtt. 710.
Við B. I. b. (Persónuleg launaviðbót landsverkfræðings).
Liðurinn falli burt.

15. Brtt. 712.
Við B. I. 2. Athgs. orðist svo:
Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd ræktunarvatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og tillögum Búnaðarfjelags Íslands, meðan landið eigi á völ á sjerstökum innlendum ræktunarverkfræðingi (Kulturtekniker).

16. Brtt. 707.
Við B. III. 1. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Brú á Jökulsá á Sólheimasandi . . . . . 78000— ...
Liðatalan breytist samkvæmt því.

17. Brtt. 665, 12.
Við B. III. 3. (Brú á Ljá).
Upphæðin færist á fyrra árið.

18. Brtt. 665, 13.
Við B. III. 8. (Brú á Bleikdalsá).
Liðurinn falli burt.

19. Brtt. 665, 14.
Við B. III. 9. (Þjóðvegur í Austur-Skaftafellssýslu).
Liðurinn falli burt.

20. Brtt. 687, 1.
Við B. III. 10. (Vegabætur og viðhald).
Fyrir »29000—29000«
komi: 30000—30000.

21. Brtt. 665, 15.
Við B. III. 10. (Vegabætur og viðhald).
Fyrir »29000—29000«
komi: 27500—27500.

22. Brtt. 665, 16.
Við B. III. 10.
Fyrir orðin »Til Eskifjarðarvegar 6000«
komi: Til vegarins um Völlu í Suður-Múlasýslu 3000.

23. Brtt. 687, 2.
Við B. III. 10. Á eftir »Húnavatnss. 5000«
komi: Til þjóðvegarins frá Bitrufirði um Krossárdal að Gilsfjarðarbotni . . . . . 3000— ...

24. Brtt. 665, 17.
Við B. III. 11. (Dragferja á Blöndu).
Liðurinn færist aftur í greinina og verði: B. VIII.
Liðatalan þar á eftir breytist samkvæmt því.

25. Brtt. 665, 18.
Við B. XIV. (Brú á Þverá syðri).
Liðurinn falli burt.

26. Brtt. 665, 19.
Við C. III. (Eimskipafjelag Íslands).
Athugasemdin orðist þannig:
Styrk þennan er stjórninni einungis heimilt að veita Eimskipafjelagi Íslands, ef það kemst á fót og tekur til starfa 1915 og ef samningar takast við það um strandferðir eigi síðar en 1916.

27. Brtt. 665, 20.
Við C. IV. 2. (Bátaferðir á Breiðafirði).
Fyrir »9000—9000«
komi: 7000—7000.

28. Brtt. 706.
Við C. IV. 5. a. (Bátferðir Vík—Eyrarbakki).
Fyrir »4800—4800«
komi: 6000—6000.

29. Brtt. 665, 21.
Við C. IV. 6. (Hvítárbátur).
Fyrir »800 - 800«
komi: 600—600.

30. Brtt. 665, 22.
Við C. IV. 7. (Hvalfjarðarbátur).
Liðurinn falli burt. Liðatalan breytist eftir því.

31. Brtt. 665, 23.
Við C. IV. 9. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands . . . . . 300— 300

32. Brtt. 665, 24.
Við D. III. 2. a. (Laun símritara).
Fyrir »15160—15160«
komi: 14760—14760.

33. Brtt. 665, 25.
Við D. III. 5.
Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:
Símasendlarnir á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði beri símskeyti um allan kaupstaðinn.

34. Brtt. 665, 26.
Við D. VII.
Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til kaupa á núverandi símstöðvarhúsi á Akureyri alt að . . . . . 14000— ...

14. gr.

35. Brtt. 665, 27.
Við A. b. 5.
Aftan við liðinn komi 2 nýir liðir:
6. Álag á Þönglabakkakirkju . . . . . 1000— ...
7. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju frá 1861 . 400— ...

36. Brtt. 665, 28.
Við A. b. 6. (Reykjavíkur dómkirkja).
Liðurinn falli burt.

37. Brtt. 665, 29.
Við B. I. c. 1. (Námsstyrkur háskólans).
Fyrir »8500—8500«
komi: 7200—7200.

38. Brtt. 665, 30.
Við B. I. c. 2. (Húsaleigustyrkur háskólans).
Fyrir »4000—4000«
komi: 3600—3600.

39. Brtt. 665, 31.
Við B. I. c. (Við húsaleigustyrk háskólans).
Orðið »venjulega« í athugasemdinni aftan við liðinn falli burt.

40. Brtt. 665, 32.
Við B. I. e. (Til útgáfu kenslubóka við háskólann).
Fyrir »2500—2500«
komi: 2000—2000.

41. Brtt. 665, 33.
Við B. I. e.
Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til að undirbúa efnisskrá yfir íslensk lög að fornu og nýju . . . . . 500— 500

42. Brtt. 665, 34.
Við B. II. a. (Laun mentaskólakennara).
Fyrir »21000—21000«
komi: 21200—21200.

43. Viðaukatill. 688, 1.
Við Brtt. 665, 34.
Aftan við liðinn komi:
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til yfirkennara Geirs Zoëga.

44. Brtt. 665, 35.
Við B. II. c. (Húsaleigustyrkur mentaskólans).
Orðið »venjulega« í athugasemdinni aftan við liðinn falli burt.

45. Brtt. 665, 36.
Við B. VI. 1. c. (Hólaskóli).
Aftan við liðinn komi 3 nýir liðir:
d. Til aðgerðar á gamla skólahúsinu og til skúrbyggingar . . . . . 5150— ...
e. Til að setja ofn í leikfimishúsið . . . . . 300— ...

f. Til að reisa peningshús (fjós, hlöðu og haughús) alt að . . . . . 12000— ...
Liðatalan breytist eftir því.

46. Brtt. 665, 37.
Við B. IX. (Kvenfjel. Ósk á Ísafirði).
Fyrir »1000—1000«
komi: gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi annarstaðar að . . . . . 1200— 1200

47. Brtt. 665, 38.
Við B. XI. 1. (Kvennaskólinn í Reykjavík).
Fyrir »1500 kr.«
komi: 1675 kr.

48. Brtt. 665, 39.
Við B. XI. 4. (Kvennaskólinn á Blönduósi).
Fyrir »750 kr.«
komi: 900 kr.

49. Brtt. 665, 40.
Við B. XI. 4. (Kvennaskólinn á Blönduósi).
Fyrir »3000—3000«
komi: 3600—3600.

50. Brtt. 665, 41.
Við B. XII. 1. (Barnaskólar).
Orðin í athugasemdinni »einkum . . . . nemendafjölda og« falli burt.

51. Brtt. 665, 42.
Við B. XII. 1. (Barnaskólar).
Fyrir orðin: »annarstaðar . . . . kensluáhöld« í niðurlagi athugasemdarinnar
komi: úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði.

52. Brtt. 665, 43.
Við B. XII. 2. (Farskólar).
Fyrir orðin: »eða annarstaðar frá« í athugasemdinni
komi: eða fræðslusjóði.

53. Brtt. 665, 44.
Við B. XII. 2. (Farskólar).
Orðin í niðurlagi athugasemdarinnar »og að . . . . kensluáhöld« falli burt.

15. gr.

54. Brtt. 665, 45.
Við 1. c. (Landsbókasafn. 2. bókavörður).
Fyrir »1000—1000«
komi: 1200—1200.

55. Viðaukatill. 688, 2.
Við Brtt. 665, 45.
Aftan við liðinn komi:
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.

56. Brtt. 728, 1.
Við 1. g. (Landsbókasafn. Skrásetning).
Fyrir »1500--1500«
komi: 2000—2000.

57. Brtt. 665, 46.
Við 1. k. (Landsbókasafn. Ýmisleg gjöld).
Fyrir »250—250«
komi: 400—400.

58. Brtt. 731.
Við 2. e. Aftan við þann tölulið komi nýr stafliður svo látandi:
f. Til Landsskjalasafnsins til þess að láta afskrifa og ljósmynda skjöl í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum, er snerta Ísland 1000 — 1000

59. Brtt. 665, 47.
Við 17. (Einar Hjörleifsson).
Fyrir »2000— «
komi: 1000—1000.

60. Brtt. 665, 48.
Við 18. (Þorsteinn Erlingsson).
Fyrir »2000— «
komi: 1000—1000.

61. Brtt. 665, 49.
Við 20. (Guðm. Magnússon).
Fyrir »2000— «
komi: 1000—1000.

62. Brtt. 708.
Við brtt. 665, 50. (Guðm. Guðmundsson).
Í stað »800—800«
komi: 1000—1000.

63. Brtt. 665, 50.
Við 21. (Guðm. Guðm.).
Fyrir »1600— «
komi: 800—800.

64. Brtt. 665, 51.
Við 22. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til Einars Jónssonar myndasmiðs . . . . . 1200— 1200
Liðatalan breytist samkvæmt því.

65. Brtt. 665, 52.
Við 30. (J. Ól.).
Orðin »1. og 2. . . ára styrk« falli burt.

66. Brtt. 665, 53.
Við 30. (J. Ól.).
Aftan við athugasemdina bætist:
og skili árlega af handritinu fullgerðu, sem svarar 40 prentuðum örkum.

67. Brtt. 665, 54.
Við 32. (H. Þorsteinsson).
Fyrir »2500—2500«
komi: 2000—2000.

68. Brtt. 728, 2.
Við 33. Eftir þann lið komi þessi liður nýr, og liðatalan breytist eftir því.
34. Til dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar til ritstarfa um heimspekileg efni, 50 kr. fyrir örkina alt að . . . . . 600— 600

69. Brtt. 665, 55.
Við 37. (Helgi Pjeturss).
Fyrir »2000—2000«
komi: 1200—1200.

70. Brtt. 665, 56.
Við 40. (Eggert og Þórarinn Guðm.).
Liðurinn falli burt.

71. Brtt. 665, 57.
Við 48. Á eftir þessum lið komi 2 nýir liðir:
49. Til Taflfjelags Reykjavíkur til að senda mann á skákþing Norðurlanda 1914 . . . . . 400— »
50. Til Samúels Eggertssonar til að gera hlutfallauppdrátt yfir sögu Íslands . . . . . 1000— »

16. gr.

72. Brtt. 711.
Við 2. Á eftir þessum lið komi nýr liður, sem verður 3., og liðatalan breytist eftir því.
Styrkur til ræktunarverkfræðisnema . . . . . » — 800
Styrkurinn veitist að eins vel mentuðum manni eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

73. Brtt. 665, 58.
Við 3. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Til fyrirhleðslu við ána Skálm í Álftaveri til varnar skemdum á engi nokkurra þjóðjarða, þó eigi yfir helming kostnaðarins alt að . . . . . 1000 — »

74. Brtt. 665, 59.
Við 7. (Ingólfshöfðavör).
Liðurinn falli burt.

75. Brtt. 709, 1.
Við 10. a. (Efnafræðingurinn).
Í stað: »2400—2400«
komi: 2000—2000,
og athugasemdin falli burt.

76. Brtt. 665, 60,
Við 16. (Iðnnemastyrkur).
Fyrir: »3000—3000«
komi: 2500—2500.

77. Brtt. 665, 61.
Við 22. a. (Síldarmatsmenn).
Orðin: »Annars . . . Siglufirði« falli burt.

78. Brtt. 665, 62.
Við 24. (Verslunarerindreki á sjávarafurðum).
Liðurinn falli burt.

79. Brtt. 725.
Við 32. (Bifreið austur).
Liðurinn falli burtu.

80. Brtt. 709, 2.
Við 32. (Bifreið austur).
Aftan við athugasemdina bætist:
enda flytji hann ókeypis póst.

81. Brtt. 665, 63.
Við 33. (Sjálfrenningur eystra).
Liðurinn falli burt.

82. Brtt. 665, 64.
Við 35. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til Eggerts Briem til að nema rafmagns- og vjelafræði á Þýskalandi . . . . . 600 — 600

83. Brtt. 709, 3.
Við 36. (Guðm. Bj. og Snæbjörn).
Liðurinn falli burt.

84. Brtt. 665, 65.
Við 38. Liðurinn orðist þannig:
Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar alt að . . . . . 7500 — 7500
Styrkurinn er bundinn því skylyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og má telja kostnað þann, sem á árinu 1911 var lagður fram til brimbrjótsins, á móti landssjóðsstyrknum.

85. Brtt. 665. 66.
Við 38. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til að gera bátauppsátur við bryggjuna á Blönduósi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að . . . 1000 — »

17. gr.
Óbreytt.

18. gr.

86. Brtt. 665, 67.
Orðin í síðari hluta greinarinnar:
»Viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur (frá Holti undir Eyjafjöllum) 300 kr.« falli burt.

19. gr.

87. Brtt. 665, 68
Aftan við fyrri lið greinarinnar komi:
Af þessari upphæð má ennfremur greiða 700 kr. til nokkurra manna á Langanesi upp í kostnað við björgun og greftrun 15 líka frá strandi norsks gufuskips »Fridtjof« 10. október 1907.

88. Brtt. 665, 69
Síðari liður greinarinnar falli burt.

20. gr.
Upphæðin breytist samkv. atkv. greiðslunni.

21. gr.

89. Brtt. 665, 70
Á eftir fyrstu málsgrein komi:
1. Reykjavíkurdómkirkju má lána alt að 20,000 kr. Lán þetta ávaxtist og endurgreiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.
Liðatala greinarinnar breytist eftir því.

90. Brtt. 665, 71
Við 6. (Læknissetur á Rangárvöllum).
Liðurinn falli burt.

91. Brtt. 665, 72
Við 8. (Raflýsing í Vík).
Síðari málsgrein liðsins orðist þannig:
Lánið ávaxtist með 4½% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

92. Brtt. 665, 73
Við 9. (Raflýsing á Siglufirði)
Síðari málsgrein liðsins orðist þannig:
Lánið ávaxtist með 4½% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.
Óbreytt.

Ed. **737. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um mannanöfn (þingskj. 672).

Frumvarpið hefir tekið nokkrum breytingum í háttv. neðri deild, en allmikið af þeim breytingum eru orðabreytingar. Sumar af þessum breytingum eru meinlausar og heldur til bóta, en aðrar eru til skemda, svo sem að fella burtu orðið *nafnfesti* og taka *leyfisbrjef* í þess stað.

Efnisbreyting er gerð á 12. gr., að færa gjaldið fyrir leyfisbrjef úr 5 kr. upp í 10 kr. Við 13. gr. er sett sú viðbót, að bókaskrár sjeu ekki háðar fyrirmælum 3. málsgreinar í þeirri grein.

Þótt nefndin telji þessar efnisbreytingar til skemdar, en ekki til bóta, þá vill hún ekki láta þær nje aðrar breytingar, sem neðri deild hefir gert á frumvarpinu, verða þess valdandi, að það kunni að verða óútrætt eða falli, og ræður því háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Efri deild Alþingis, 5. september 1913.

G. Björnsson, formaður. Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Nd. **738. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Ástæðan fyrir því að frumvarp þetta er framkomið, er sú, að ekki þykir við það unandi, að kaupmenn geti rekið verslanir sínar í öðrum hreppum en þeir eru búsettir í, alt að 4 mánuðum, án þess að vera skyldir til að greiða aukaútsvar til þess sveitarfjelags. Þetta er því óeðlilegra, sem kaupfjelög og pöntunarfjelög eru gerð gjaldskyld, hafi þau leyst borgarabrjef og hafi sölubúð og vörur til sölu, hversu stuttan tíma sem verslunarviðskifti eru rekin. Nú hagar svo til, þar sem sú selstöðuverslun, sem hjer er sjerstaklega höfð í huga, er rekin svo mánuðum skiftir af gjaldárinu, að á þeim tíma fer fram öll meginverslun sveitarmanna, sem leiðir af því, að fiskiveiðarnar, sem má heita hinn eini atvinnuvegur sveitarinnar, stendur þá yfir.

Þá þykir það óeðlilegt, að ekki sje heimilt, að leggja sveitarútsvar á aðkomandi atvinnurekendur, jafnvel útlenda menn, er t. d. kaupa lifur og stunda lifrarbræðslu í veiðistöðum, sjer til mikils ávinnings; sömuleiðis vjelarbátaúthöld frá fjarlægum sveitum, sem stunda veiði, þótt skemmri tíma sje en 4 mánuði.

Misrjettið kemur líka skýrt fram, þegar þetta er borið saman við ákvæðið í 37. gr. sveitarstjórnarlaganna, þar sem á aðkomumann, er stundar

bátfiski á útveg annara en þarsveitarmanna, má leggja á útsvar, dvelji hann í veiðistöð sama hrepps samtals 4 vikur.

Ennfremur hafa óskir komið fram um það, að undanskilja innlenda síldveiðamenn aukaútsvari í þeim hreppi, er þeir, sem aðkomumenn, reka veiðiskap í að eins fáa daga, og það án þess, að hafa þar fast aðsetur í landi.

Að því athuguðu, að hjer er um mörg atriði að ræða, sem umbóta þyrftu við, og ef til vill fleiri en hjer eru talin, sjer nefndin í hendi sjer, að mál þetta þarf meiri undirbúning, en unt er, að það fái að þessu sinni. Telur hún eðlilegast, að stjórnin ljeti undirbúa það, og leggja fyrir næsta þing frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögunum, er innihjeldi þau atriði, sem að framan er bent á, og þær aðrar breytingar, er nauðsynlegar þættu, og vill því að þessu sinni ráða háttv. deild til að afgreiða málið á þann hátt, að vísa því til stjórnarinnar.

Alþingi 4. sept. 1913.

G. Eggerz, form. — Stefán Stefánsson, Eyf., skrifari og framsögumaður.

Kristinn Daníelsson. — Tryggvi Bjarnason.

Jón Magnússon, með fyrirvara.

Nd. **739. Tillaga**

til þingsályktunar um að landsstjórnin hlutist til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sjer upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt.

Frá nefndinni í málinu:
Frv. til laga um sölubann á tóbaki til barna og unglinga.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sjer upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt, og einkum í ungmenna- og barnaskólum landsins, svo og um áhrif þau, er tóbaksnautn virðist hafa á andlegan og líkamlegan þroska barna og ungmenna, og hverra tóbakstegunda einkum er neytt, og að fræðslumálastjórnin leggi fyrir stjórnina skýrslur þær, er hún fær um þetta efni, ásamt bendingum til umbóta, ef hún álítur þess þörf.

Nd. **740. Nefndarálit**

um frumv. til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Nefndinni hefir verið skýrt svo frá, að bæjarstjórn Ísafjarðar hafi í hyggju að láta gera hafnarbryggju í kaupstaðnum, — þar er síður geti ís hamlað, en við þær hafnarbryggjur einstakra manna, er fyrir eru, — og byggja vöruhús og önnur mannvirki í sambandi við þessa hafnarbryggju. Að vísu hefir nefndin fengið vitneskju um það, að þetta hafnarbryggjumál sje lítt undirbúið, og ekki fengið fje til fyrirtækisins. Nefndin getur því varla ætlað, að á því liggi, að frumvarp þetta verði að lögum. Samt er ekki loku fyrir það skotið, að bráðara verði undið að verkinu, en nú lítur út fyrir, svo að nefndinni þykir rjett að ráða háttv. deild til að samþ. frumvarpið með eftirrituðum breytingum, er fara í þá átt, að heimild frv. verði eigi notuð fyr en þarf, vegna hinnar fyrirhuguðu bryggjugerðar, og að heimildin nái ekki til neinnar þeirra hafnarbryggju, sem nú er fyrir, því að það er álit nefndarinnar, að Alþingi eigi að taka það til íhugunar sjerstaklega, ef til slíks ætti að koma. Reyndar býst nefndin alls ekki við því, að til þess geti komið.

BREYTINGARTILLÖGURNAR eru:

1. Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein:
   Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein:

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Neðri deild Alþingis, 5. septbr. 1913.

Skúli Thóroddsen, (formaður). Jón Magnússon, (skrifari).

Valtýr Guðmundsson. Einar Jónsson. G. Eggerz.

Nd. **741. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til alþingis.

Oss virðist frumvarpið miða til endurbótar á kosningalögunum, og ráðum því til, að það verði samþykt með fám einum breytingum, sem nefndin ber

fram, og eru þær til þess að bæta úr ýmsu, sem ábóta var vant í formi og orðalagi.

Alþingi, 5. sept. 1913.

Ólafur Briem
formaður.

Jón Ólafsson
ritari, framsögumaður.

Tryggvi Bjarnason. Bjarni Jónsson frá Vogi. Jóh. Jóhannesson.

Nd. **742. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyt. á l. nr. 18, 3. október 1903 um kosningar til alþingis.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Fyrir: »kosin eða kosna« komi: kosið eða kosin.
2. — 2. — Milli »úr« og »pappír« komi: haldgóðum.
3. — 2. — síðustu málsgr. Orðin: »skulu vera úr haldgóðum og þykkum pappír. Þeir« falli burt.
4. — 3. — »Þar til gerðum« falli burt.
5. — 6. — Greinin falli burt.

Nd. **743. Lög**

um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

(Samþykt í Nd. 5. september).

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, sem hjer fara á eftir, þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

»Mannskaði« er það, ef maður deyr voveiflega.

»Voveiflegur dauðdagi« er bráður bani, er hlýst af einhverri annari orsök en undanförnum sjúkdómi, hvort heldur um slys er að ræða, eða sjálfsmorð, eða manndráp.

»Á landi« er talið að þeir farist, sem bíða bana á þurru landi, eða í ám, eða vötnum, eða sjó, ef þeir fara af sjávarbakka í sjóinn.

»Á sjó« er talið að þeir farist, sem deyja voveiflega á skipi, eða drukna af skipi á sjó.

»Skip« merkir hvern þann farkost, er flýtur á sjó.

»Skipstjóri« er sá, er ræður fyrir skipi á sjó.

»Löggæslumaður« er sá maður í hverri sveit, er samkvæmt þessum lögum á að rannsaka fundin lík, og dauðdaga þeirra, er deyja voveiflega.

»Sveit« merkir kaupstað eða hrepp.

2. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarfógeti vera löggæslumaður. Í hverjum þeim hreppi, þar sem sýslumaður býr, skal hann vera löggæslumaður; í öllum öðrum hreppum eru hreppstjórar löggæslumenn.

3. gr.

Ef maður deyr voveiflega á landi í annara manna viðurvist, þá skulu þeir tafarlaust tilkynna látið löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem maðurinn ljest, eða í þeirri fyrstu sveit, er þeir koma í, ef mannskaðinn varð í óbygðum. Bera þeir hver um sig ábyrgð á, að tilkynningin sje tafarlaust gerð.

Ef lík finst, þá skal sá er finnur tilkynna næsta löggæslumanni líkfundinn.

Ef maður hverfur og er talinn af, en líkið finst ekki, þá skal húsráðandi á því heimili, er maðurinn hafði síðast næturvist, tilkynna löggæslumanni hvarfið jafnskjótt sem líkur eru til, að maðurinn hafi farist.

4. gr.

Ef mannskaði verður á sjó, þá skal skipstjóri, ef hann er á lífi, en ella sá, er í hans stað gengur, tilkynna mannskaðann löggæslumanni í þeirri sveit, þar sem þeir komu fyrst að landi.

Ef skip ferst og kemst engin af, þá skal sá löggæslumaður, sem skráð hafði skipverja til vátryggingar, taka mannskaðann til rannsóknar. Nú voru skipverjar ekki vátrygðir, og heyrir þá rannsóknin undir löggæslumann í þeirri sveit, þar sem skipið átti heima.

Þessi ákvæði koma ekki til greina, ef sjódómur rannsakar málið.

5. gr.

Hver og einn, er fær vitneskju um, að maður hafi dáið voveiflega eða lík fundist, og honum er kunnugt um að löggæslumanni hafi ekki verið tilkynt, skal skyldur að gera næsta löggæslumanni aðvart.

Ef læknir er beðinn um dánarvottorð, og finnur hann sönnur eða líkur fyrir því, að dauðdaginn hafi verið voveiflegur, eða líkið fundist, en löggæslumanni ekki skýrt frá því, þá skal hann synja dánarvottorðs að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart.

Ef prestur er beðinn að jarða lík, og veit hann eða grunar, að maðurinn muni hafa dáið voveiflega, eða líkið hefir fundist, en löggæslumanni ekki verið tilkynt, þá skal hann neita að jarðsyngja að svo stöddu, og gera löggæslumanni aðvart; má prestur aldrei jarðsyngja fundið lík, eða lík manns, er dáið hefir voveiflega, fyr en honum er afhentur úrskurður löggæslumanns, er heimilar greftrun, og dánarvottorð frá löggiltum lækni.

6. gr.

Lík, sem löggæslumanni ber að skoða, má ekki flytja úr þeirri sveit, þar

sem líkið fanst eða var fyrst til bæja flutt, fyr en löggæslumaður veitir skriflegt leyfi til þess.

7. gr.

Ef löggæslumanni er tilkynt, eða honum færðar líkur fyrir því, að einhver hafi dáið voveiflega, eða lík hefir fundist, sbr. 3. gr., þá skal hann rannsaka, svo fljótt, sem verða má, hvernig dauðann hefir borið að höndum. Hann skal grenslast eftir því, hverjir hafi síðast sjeð hinn látna á lífi, eða verið viðstaddir, þegar hann ljet lífið, eða fundið líkið; skal hann þegar spyrja þá af þessum mönnum, sem til næst í svipinn, hvað þeir viti um hinn látna mann og dauðdaga hans.

Löggæslumaður skal ráða því, hvar líkið er geymt, og hvernig um það búið. Hann skal kveðja lækni með sjer, og skulu þeir báðir í senn skoða líkið og læknir því næst kryfja það, ef þörf gerist. Löggæslumaður ræður því, hvort líkið er krufið, en það skal hann jafnan fyrirskipa, ef nokkur minsti vafi getur leikið á því, hvað manninum hafi orðið að bana.

Hjeraðslæknar skulu hafa á hendi rjettarlæknisskoðanir á líkum, og að jafnaði sá, sem skemst er til. Ef ekki næst til neins þeirra með hægu móti, má löggæslumaður heimta til þessa starfa hvern þann löggiltan lækni, sem völ er á.

Þegar líkrannsókn er lokið, skal læknir, gefa út dánarvottorð, en löggæslumaður leyfi til að jarða líkið.

8. gr.

Hver löggæslumaður skal skrá alla mannskaða og líkfundi, sem hann fær vitneskju um og rannsakar, í sjerstaka bók, og skal hún heita mannskaðabók.

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal hver löggæslumaður semja mannskaðaskýrslu fyrir liðna árið og senda hagstofunni.

10. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um rannsókn á mannsköðum og fundnum líkum, um mannskaðabækur og skýrslur.

Í þeim reglum skal meðal annars tiltaka, hvenær hreppstjórar, sem eru löggæslumenn, megi leiða rannsóknina til lykta, og hvenær þeim beri að fela málið á vald lögreglustjóra.

11. gr.

Landlæknir semur reglur og leiðbeiningar um rjettarlæknisskoðanir á líkum, um líkskurði og sjerstök dánarvottorð fyrir þá, er deyja voveiflega.

12. gr.

Brot gegn þessum lögum, eða reglum, sem settar eru eftir þeim, varða sektum, allt að 100 kr., nema hærri hegning sje við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð.

13. gr.

Kostnaður við rannsóknir samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði, sem kostnaður við lögreglumál.

Nd. **744. Tillaga**

til þingsályktunar um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnarráðið að rannsaka og undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvernig og á hvaða hátt auðveldast sje að framkvæma mælingu á túnum og matjurtagörðum landsins og hvað slíkt mundi kosta. Komi það í ljós við þessa ransókn, að skipa þurfi fyrir með lögum um framkvæmd slíkra mælinga, leggur deildin til, að stjórnin semji og leggi fyrir alþingi frumvarp þar að lútandi.

Nd. **745. Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Kjörskrá sú, er um ræðir í 7. gr. laga 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, skal samin fyrir árslok og gilda fyrir almanaksárið næst eftir, þótt aukakosning í bæjarstjórn fari fram á því ári. Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, eða henni er full vitanlegt, að fullnægt hefir skilyrðum fyrir kosningarrjetti síðan kjörskrá var samin.

2. gr.

Aukaniðurjöfnun þá, sem eftir 22. gr. sömu laga á að fara fram í júní, má bæjarstjórn láta fara fram í maí.

3. gr.

Gjalddagi bæjargjaldanna skal vera einn á ári hverju, hinn 1. dag júlímánaðar.

Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann flutti sig til kaupstaðarins, nema hann fyrir nokkuð af þeim tíma hafi greitt útsvar annarstaðar.

Nd. **746. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

63. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., eða þurfalingur eftir úrskurði læknis verður eigi fluttur á framfærslusveit sína sakir sjúkleika. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á, að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

Ed. **747. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 687.

Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

Við 2. tölulið. Aftan við »að Gilsfjarðarbotni« komi: alt að.

Nd. 748. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um forðagæslu (þingskj. 703).

Frá Eggert Pálssyni.

7. gr. orðist þannig:

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, alt að 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð; þó má forðagæslukaup í hreppi hverjum aldrei meira vera en sem svarar 1 kr. á hvern búanda í hreppnum.

Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

Nd. **749. Breytingartillögur**

við frv. til laga um forðagæslu, þingskj. 703.

Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson, Sigurður Sigurðsson.

1. Við 3. gr. Fyrir orðið: »í vetrarbyrjun« komi: snemma vetrar.
2. — 3. — Síðasta málsgrein 3. liðs: »Skal hann . . . . »fóðurgildi þeirra« falli burt.
3. — 7. — Eftir »forðagæslumenn fá« komi: borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, alt að.
4. — 8. — Orðin: »eftir fyrirmynd« . . . »lætur í tje« falli burt.
5. — 8. — Orðin í seinni lið greinarinnar: »en það« . . . »bjargráðastjórnar« falli burt.
6. — 11. — Orðin í fyrri lið greinarinnar: »en hann« . . . »aðvart« falli burt.
7. — 11. — Í stað »sýslumaður« í sama lið komi: hreppstjóri.

Nd. **750. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um forðagæslu. (Þingskjal 703).

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Aftan við seinni lið bætist: Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefnd skift hreppnum í jafnmörg forðagæsluumdæmi, og hefir þá hver forðagæslumaður sitt svæði til umsjónar.
2. — 12. — Fyrir »10. gr.« (tilvitnun) komi: 11. gr.
3. — 12. — Fyrir »opinber« komi: almenn.

Nd. **751. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bjargráðasjóð Íslands (þingskj. 704).

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Hvert sveitarfjelag og bæjarfjelag á landi hjer skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 25 aura fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.
2. — 3. — Í stað orðanna »40 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann það ár« komi: 25 aurum fyrir hvern mann.
3. — 7. — Orðin »fyrir sveitunga sína, en eiga tilkall til gjaldsins hjá þeim, sem gjaldskyldir eru« falli burt.
4. — 7. — Aftan við greinina bætist: Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið, og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar.

5. 8. gr. falli burt.
6. Við 9. gr. falli burt.
7. — 10. — Orðin »og innheimtu« í fyrri lið gr. falli burt.
8. — 10. — Seinni liðurinn falli burt.
9. — 11. — falli burt.
10. — 12. — falli burt.

Ed. **752. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum.

Flutningsmenn: G. Björnsson og Sigurður Stefánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 3 manna nefnd milli þinga, til að rannsaka orsakir slysfara hjer á landi, einkum druknana, og koma fram með ákveðnar tillögur um:

1. Ráðstafanir til að afstýra slysförum.
2. Frumvarp til laga um slysatryggingar, einkum slysatryggingu sjómanna.

Nd. **753. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk bankavaxtabrjefa.

Frá bankamálanefndinni.

Háttvirt Efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frumvarpi því, sem neðri deild samþykti, og eru breytingar hennar við 3., 4., 14., 17., 18. og 20. gr., lagfæringar og leiðrjettingar, og því til bóta.

Breyting þá, sem háttvirt efri deild hefir gert við 7. gr., getur nefndin og fallist á, sem sje þá, að bankinn velji menn innanhjeraðs, þar sem fasteign liggur, til þess að skoða, hvort henni er sæmilega viðhaldið, og ennfremur felst nefndin á breytinguna við 9. gr., að minsta lán, sem veðdeildin veitir, sje 300 kr. í staðinn fyrir 500 kr.

Hinsvegar getur nefndin, eftir að hafa borið sig saman við bankastjórn Landsbankans, ekki fallist á breytingar þær, sem gerðar hafa verið við 1., 10., 11., 13. og 22. gr. frumvarpsins, og eru þær breytingar í þessu fólgnar:

1. Að færa stærð deildarinnar úr 6 miljónum ofan í 3 miljónir. Bankastjórnin álítur, að hún muni eiga miklu óhægra með að fá menn, til þess að gera sjer ómak fyrir að semja um sölu fyrirfram á 3 miljónum en 6 miljónum, enda er það óræk reynsla, að örðugra er að fá smá lán en stór lán. Til þess að sala bankavaxtabrjefanna gæti gengið greiðlega, ætti upphæðin helst að vera 10 miljónir. Til þess þó að slaka til við háttv. efri deild í þessu efni, og þá líka í von um að ná samkomulagi við hana, vill nefndin nú leggja til að stærð deildarinnar sje 5 miljónir.

2. Við sömu grein er tillagi landssjóðs í 5 ár breytt í 2 ár, og getur nefndin ómögulega fallist á það, því gæta verður að því, að eigi er tilætlast, að fyrir þessari deild sje sett nein verðbrjef til tryggingar, og verður því að sjá svo fyrir, að álitlegur varasjóður myndist þegar í stað. En ef stærð deildarinnar verður 1 miljón minni en nefndin lagði til í upphafi, má ef til vill telja viðunandi, að landssjóður greiði þetta tillag að eins í 4 ár.
3. Sú breyting er gerð á 10. gr., að feldur er aftan af henni síðasti málsliðurinn, um að bankastjórnin geti jafnan greitt veðdeildarlánin í peningum með því verði, sem hún getur fengið fyrir bankavaxtabrjefin, eða á von á að fá fyrir þau, að frádregnum kostnaði. Þetta getur nefndin eigi fallist á, með því, ef þá heimild bristi, væri ómögulegt fyrir stjórn Landsbankans að semja um sölu bankavaxtabrjefa deildarinnar fyrir fram, í einu eða fleiru lagi. Bankinn yrði því fyrst að kaupa brjefin upp á gamla mátann, sem hefir reynst ókleifur, og bjóða þau svo út í smáupphæðum, en til þess skortir bankann fje, og svo er næg reynsla bankans sjálfs fyrir því, að sú smásala bankavaxtabrjefanna er litt framkvæmanleg.

Í þessu efni leyfir nefndin sjer að vísa til »Statuter for Kreditforeningen af Grundejere i Köbenhavn og Omegn« 1909, 6. gr., sem hljóðar svo: »Dog forbeholdes det Direktionen at udbetale Laanene kontant til den paa Köbenhavns Börs for Kasseobligationerne noteredе laveste Kurs eller pari«.

Þetta ákvæði er auðsjáanlega sett í reglugerðina, til þess að vernda það, að lánsfjelagið geti uppfylt fyrirfram gerða samninga um sölu brjefanna. En þar sem ekkert kauphallarverð verður á þessum bankavaxtabrjefum, er ekki hægt að miða við annað en það verð, sem bankastjórnin getur best samið um að fá fyrir brjefin, Setja má og það tryggingarskilyrði, að landsstjórnin samþykki fyrirframsölu á bankavaxtabrjefum deildarinnar. Með því móti ætti sú trygging að nást, sem háttv. efri deild þykir vanta.
4. Þá hefir háttv. efri deild felt burt úr 11. gr. ákvæðið um það, að ef eigandaskifti verða að fasteign, þá skuli gjalda 2% í varasjóð af því, sem þá stendur eftir af láninu. Þetta miðar að því, að rýra vöxt varasjóðs, og um leið að auka ábyrgð landssjóðs. Svo var tilætlunin með þessu ákvæði, að halda mönnum að því, að láta veðdeildina vita um, þegar eigendaskifti að fasteign verða, sem nú er tilfinnanlega vanrækt. Nefndin getur því ekki fallist á breytinguna, en til samkomulags vill nefndin þó færa þetta gjald niður í 1%.

Þar sem reglugerðir lánsfjelaganna dönsku eru taldar fyrirmynd, leyfir nefndin sjer þessu atriði til skýringar að taka hjer upp kafla úr 12. og 19. gr. reglugerðar þeirrar, er áður var vísað til. Kaflarnir hljóða svo:

12. gr. »Ved Optagelse i Foreningen og Laanets Udbetaling har ethvert Medlem til den vedkommende Series Reserve- og Administrationsfond at indbetale mindst 2 pct. af det tilstaaede Laan« . . . .

19. gr. »For saadan Overgang af Laanet til den ny Ejer betaler denne til Reserve- og Administrationsfondet 1 pct. af Laanets Restbelöb . . . Dog betales saadan Afgift ikke naar Ejendommen falder i Arv til Livsarvinger«.

Nefndin getur því heldur eigi fallist á þessa breytingu háttv. efri deildar, en vill undanskilja eigendaskifti fasteigna við erfðir, eins og hjer er gert.

5. Og af því flýtur að 13. gr. verður að standa eins og hún stóð í frumvarpi neðri deildar.
6. Ef deildin felst á að ákveða stærð flokksins 5 miljónir, virðast laun til endurskoðenda eigi ofhátt sett 300 kr. til hvors, og 5000 kr. til reksturskostnaðar.

Nefndin leyfir sjer því að leggja til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi breytingum.

## BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Fyrir: »3 miljónum« komi: 5 miljónum.
2. — 1. — Fyrir: »2 árin« komi: 4 árin.
3. — 10. — Aftan við greinina bætist:

   Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa deildarinnar fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið.
4. Við 11. gr. Aftan við 1. málsgrein komi 2 nýjar málsgreinar svohljóðandi:

   Verði eigandaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin og greiða í varasjóð 1% af þeirri upphæð, sem þá hvílir á eigninni til veðdeildarinnar. Vanræki einhver að tilkynna veðdeildinni söluna og að greiða gjaldið með næsta pósti eftir að salan fór fram, skal hann greiða tvöfalt gjald.

   Bæði kaupandi og seljandi skulu bera sameiginlega ábyrgð á því, að gjald þetta sje skilvíslega greitt. Og stendur hin selda eign einnig að veði með 1. veðrjetti fyrir þessu gjaldi.

   Undanþegnir þessu gjaldi skulu þó lífserfingjar, er fá fasteign í arf, ef þeir tilkynna eigendaskiftin samkvæmt þessari grein.
5. — 13. gr. Á eftir orðunum »fyrir kröfu veðdeildarinnar« í 3 línu að neðan komi: eða gjald við sölu (sbr. 11. gr.) eigi er greitt.
6. — 23. — Fyrir: »4000« komi: 5000.
7. — 23. — Fyrir: »250« komi: 300.

Neðri deild Alþingis, 5. sept. 1913.

Jón Ólafsson, formaður. — Björn Kristjánsson, skrifari og framsögum.

Ólafur Briem. Valtýr Guðmundsson. M. J. Kristjánsson.

Ed. **754. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**I. kafli.**

Tekjur:

1. gr.

Árin 1914 og 1915 er ætlast til, að tekjur landsins verði 3,718,470 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,267,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 2. Húsaskattur | 13,500 | 13,500 | 27,000 |
| 3. Tekjuskattur | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 4. Aukatekjur | 68,000 | 68,000 | 136,000 |
| 5. Erfðafjárskattur | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 6. Vitagjald | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 8. Útflutningsgjald | 150,000 | 150,000 | 300,000 |
| 9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade) | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 10. Tóbakstollur | 205,000 | 205,000 | 410,000 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 415,000 | 415,000 | 830,000 |
| 12. Vörutollur | 300,000 | 300,000 | 600,000 |
| 13. Annað aðflutningsgjald | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 14. Árgjöld af verslun og veiting áfengis | 10,000 | ... | 10,000 |
| 15. Pósttekjur | 100,000 | 100,000 | 200,000 |
| 16. Símatekjur | 155,000 | 160,000 | 315,000 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 12,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500 | 19,500 | 19,500 | 39,000 |
| 18. Óvissar tekjur | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| Samtals... | 1,636,000 | 1,631,000 | 3,267,000 |

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 58,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og öðrum útgjöldum ... ... ... ... ... ... | 16,000 | 16,000 | 32,000 |
| 2. Tekjur af kirkjum ... ... ... ... ... | 100 | 100 | 200 |
| 3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| 4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands ... ... | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| Samtals... | 29,100 | 29,100 | 58,200 |

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar kr. 264,070.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... Eftirstöðvar af láni Laugardalshrepps (til Sogsbrúar) kr. 250 falli niður. Af láni Barðastrandarsýslu frá 22. júní 1897 úr viðlagasjóði, veitist uppgjöf á 625 kr. | 49,000 | 47,000 | 96,000 |
| 2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs... | 10,675 | 10,675 | 21,350 |
| 3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar, kr. 108,000 .... ... ... ... ... ... ... ... | 4,860 | 4,860 | 9,720 |
| 4. Leigur af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909 (árin 1909 og 1912)... ... ... ... ... ... ... ... | 46,000 | 45,000 | 91,000 |
| 5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| 6. Vextir af innstæðum í bönkum ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| Samtals... | 133,535 | 130,535 | 264,070 |

5. gr.

Ymislegar greiðslur og endurgiöld teljast 9,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum. | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna | 600 | 600 | 1,200 |
| 3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| Samtals... | 4,600 | 4,600 | 9,200 |

6. gr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | 120,000 |

## II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1914 og 1915 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,974,963 kr. 85 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 450,284,05.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| I. Vextir: | | | |
| 1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur, kr. 500000, tekið 1908 til 15 ára til símalagninga ... ... ... ... ... ... ... | 14,333,33 | 13,000,00 | |
| 2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1500000, til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans ... ... ... ... ... ... ... | 56,945,02 | 54,693,20 | |
| 3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannah., kr. 250000, tekið 1912 til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans... ... ... ... | 10,968,75 | 10,593,75 | |
| 4. 4½% lán hjá dönskum bönkum, kr. 500000, tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.). | 20,625,00 | 19,125,00 | |
| | 102,872,10 | 97,411,95 | 200,284,05 |
| II. Afborganir: | | | |
| 1. Af láninu frá 1908 ... ... ... ... ... | 33,333,33 | 33,333,34 | |
| 2. — — — 1909 . ... ... ... ... | 50,000,00 | 50,000,00 | |
| 3. — — — 1912 ... ... ... ... ... | 8,333,33 | 8,333,33 | |
| 4. — — — 1912 ... ... ... .. | 33,333,34 | 33,333,33 | |
| | 125,000,00 | 125,000,00 | 250,000,00 |
| Samtals... | ..... | ..... | 450,284,05 |

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 106,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Til ráðherra: kr. | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... 8,000 | | | |
| b. Til risnu ... ... ... .. ... 2,000 | | | |
| | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 2. Til utanferða ráðherra ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 3. Laun landritara ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 4. Laun þriggja skrifstofustjóra .. ... ... ... | 10,500 | 10,500 | 21,000 |
| 5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar ... ... | 18,000 | 18,000 | 36,000 |
| 6. Til Landsbankans fyrir að gegna landsfjehirðistörfum eftir reikningi alt að ... ... | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| 7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| Samtals... | 53,000 | 53,000 | 106,000 |

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 65,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 67,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 252,130 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| A. Dómgæsla og lögreglustjórn: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Til dómara og sýslumanna ... ... ... | 67,300 | 67,300 | |
| b. Til hreppstjóra ... ... ... ... ... | 8,000 | 8,000 | |
| 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ... | 1,400 | 1,400 | |
| 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður ... ... ... ... ... | 4,715 | 4,715 | |
| 4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m., alt að ... ... ... ... ... ... ... | 5,100 | 5,100 | |
| | 86,515 | 86,515 | |
| Flyt... | ..... ... | ..... | 173,030 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 173,030 |
| B. | | | |
| Ýmisleg útgjöld: | | | |
| 1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur: | | | |
| a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... ... ... .. ... kr. 450 | | | |
| b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna .. ... ... ... ... kr. 5,000 | | | |
| c. Til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að kr. 3,600 | | | |
| d. Til kostnaðar við sending með póstum ... ... ... ... ... ... kr. 1,000 | 10,050 | 10,050 | |
| 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef svo og embættissímskeyti og samtöl ... ... ... ... | 10,000 | 10,000 | |
| 3. Brunaábyrgðargjald, sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 4. Til embættiseftirlitsferða alt að ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum ... ... ... | 300 | 300 | |
| 6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... ... .. ... ... gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar. | 4,500 | 4,500 | |
| 7. Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann ... | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar... ... ... ... ... ... ... | 200 | 200 | |
| 9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... ... ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi. | 8,000 | 8,000 | |
| | 39,550 | 39,550 | 79,100 |
| Samtals... | ..... | ..... | 252,130 |

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 364,129,80 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Laun ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 81,200 | 81,200 | 162,400 |
| 2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu, til þess að vitja læknis, hvors 300 ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | 1,200 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum og fellur niður í Árneshreppi, þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjeraði. | | | |
| 3. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | 600 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi. | | | |
| 4. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsteds í Reykjavík ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl samtals á tveim hinna fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | 600 |
| 5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 6. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði. | | | |
| 7. Holdsveikisspítalinn .. ... ... ... ... ... | 32,447,40 | 33,447,40 | 65,894,80 |
| Flyt... | 118,347,40 | 119,347,40 | 237,694,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | | Flutt... | 118,347,40 | 119,347,40 | 237,694,80 |
| | Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | 1914 kr. a. | 1915 kr. a. | | |
| 1. | Laun ... ... ... ... | 5,700 | 5,700 | | |
| | Þar af kr. 300 persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis. | | | | |
| 2. | Viðurværi 76 m. ... | 14,147,40 | 14,147,40 | | |
| 3. | Klæðnaður.. ... ... | 1,000 | 1,000 | | |
| 4. | Meðul og sáraumbúðir | 1,500 | 1,500 | | |
| 5. | Eldsneyti ... .. ... | 3,500 | 3,500 | | |
| 6. | Ljósmeti ... ... ... | 700 | 700 | | |
| 7. | Húsbúnaður og áhöld | 1,000 | 1,000 | | |
| 8. | Viðhald á húsum ... | 1,500 | 2,500 | | |
| 9. | Þvottur og ræsting | 800 | 800 | | |
| 10. | Greftrunarkostnaður | 200 | 200 | | |
| 11. | Skemtanir... ... ... | 300 | 300 | | |
| 12. | Skattar o. fl. ... ... | 1,300 | 1,300 | | |
| 13. | Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ——— | 800 | 800 | | |
| | | 32,447,40 | 33,447,40 | | |
| 8. | Geðveikishælið á Kleppi.. ... ... ... ... | | 21,017,50 | 21,017,50 | 42,035 |
| | Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | kr. a. | | |
| | A. Laun læknis ... ... ... ... | | 2,700 | | |
| | B. Önnur útgjöld: | | | | |
| | 1. Kaup starfsmanna ... ... | | 3,950 | | |
| | 2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag ... ... ... ... ... | | 14,782,50 | | |
| | 3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.). ... ... ... ... | | 1,800 | | |
| | 4. Meðul og umbúðir ... ... | | 500 | | |
| | 5. Ljós og hiti.. ... ... ... | | 4,000 | | |
| | 6. Viðhald og áhöld .. .. | | 2,800 | | |
| | 7. Þvottur og ræsting ... ... | | 800 | | |
| | 8. Skemtanir ... ... ... ... | | 200 | | |
| | 9. Skattar m. m. ... ... ... | | 1,000 | | |
| | 10. Óviss útgjöld ... ... ... | | 800 | | |
| | | | 33,332,50 | | |
| | | Flyt... | 33,332,50 | 139,364,90 | 140,364,90 | 279,729,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | Flutt... | 33,332,50 | 139,364,90 | 140,364,90 | 279,729,80 |
| | Þar frá dragast tekjur: | | | | |
| | Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag... ... kr. 10,585 | | | | |
| | Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag.. ... ... 730 | | | | |
| | Tekjur af búinu ... ... 1,000 | 12,315 | | | |
| | Mismunur .. | 21,017,50 | | | |
| 9. | Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag.. ... ... | | 28,000 | 25,000 | 53,000 |
| 10. | Önnur útgjöld: | | | | |
| | a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.. ... ... ... ... ... ... kr. 4,200 | | | | |
| | Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 a. fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur. | | | | |
| | b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs ... ... ... | 3,000 | | | |
| | c. Bólusetningarkostnaður ... ... | 1,000 | | | |
| | d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... | 4,000 | | | |
| | e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | | |
| | Flyt... | 13,200 | 167,364,90 | 165,364,90 | 332,729,80 |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 13,200 | 167,364.90 | 165,364.90 | 332,729,80 |
| f. Styrku til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 150 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis. | 900 | | | |
| g. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... | 600 | | | |
| h. Til tveggja hjúkrunarkvenna til hjúkrunarnáms erlendis, 400 kr. handa hvorri fyrra árið ... .. | 800 | | | |
| i. Handa húsameistara Rögnvaldi Ólafssyni til utanfarar, með því skilyrði, að hann afli sjer þekkingar á geðveikrahúsum og geri glögga áætlun um geðveikrahælið á Kleppi f. á. . ... ... ... ... | 1,200 | 16,700 | 14,700 | 31,400 |
| Samtals... | | 184,064.90 | 180,064.90 | 364,129.80 |

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,220,250 kr.

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| A. Póstmál. | | | | |
| 1. Laun: | kr. | | | |
| a. Póstmeistara .. ... ... ... ... | 4,000 | | | |
| b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík. ... ... ... ... | 7,200 | | | |
| 2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur ... ... ... ... ... | 23,700 | | | |
| c. Brjefhirðingarmanna ... ... ... | 8,100 | | | |
| | | 43,000 | 43,000 | |
| 2. Póstflutningur ... ... ... ... ... ... ... Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun. | | 64,000 | 64,000 | |
| Flyt... | | 107,000 | 107,000 | ..... |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 107,000 | 107,000 | ..... |
| 3. | Annar kostnaður: | kr. | | | |
| | a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... ... | 6,000 | | | |
| | b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að ... | 3,000 | | | |
| | c. Húsaleiga í Reykjavík... ... ... | 2,000 | | | |
| | d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur .. ... ... ... | 2,500 | | | |
| | e. Önnur gjöld ... ... ... ... ... | 7,500 | | | |
| | f. Til pósthúsbyggingar í Reykjavík f. á alt að ... . ... ... ... | 35,000 | 56,000 | 21,000 | |
| | Pósthúsið í Reykjavík sje opið 10 stundir samfleytt hvern virkan dag og 4 stundir hvern helgan dag. | | | | |
| | | | 163,000 | 128,000 | 291,000 |
| | B. Vegabætur. | | | | |
| I. | Stjórn og undirbúningur vegagjörða o. fl.: | | | | |
| | 1. Verkfræðingur landsins: | | | | |
| | a. Laun ... ... ... ... | 3,600 | 3,600 | | |
| | b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings ... ... | 400 | 400 | | |
| | c. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi, alt að.. ... | 500 | 500 | | |
| | 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga alt að | 4,000 | 6,700 | | |
| | Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd ræktunarvatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og tillögum Búnaðarfjelags Íslands, meðan landið eigi á völ á sjerstökum innlendum | | | | |
| | Flyt... | 8,500 | 11,200 | ..... | ..... | 291,000 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt .. | 8,500 | 11,200 | ..... ..... | ..... | 291,000 |
| ræktunarverkfræðingi (Kulturtekniker). | | | | | |
| 3. Skrifstofukostnaður alt að | 700 | 700 | | | |
| 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi... ... ... ... ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 9,400 | 12,100 | |
| II. Flutningabrautir: | kr. | kr. | | | |
| 1. Borgarfjarðarbraut... ... | 15,000 | 5,000 | | | |
| 2. Reykjadalsbraut. ... ... | 15,000 | | | | |
| 3. Eyjafjarðarbraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 4. Húnvetningabraut ... ... | 15,000 | 15,000 | | | |
| 5. Skagfirðingabraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 6. Grímsnesbraut... ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 7. Viðhald flutningabrauta.. | 11,000 | 11,000 | | | |
| | | | 86,000 | 61,000 | |
| III. Þjóðvegir: | kr. | kr. | | | |
| 1. Stykkishólmsvegur... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| 2. Brú á Eystri-Rangá.. ... | 18,000 | | | | |
| 3. Brú á Ljá í Dalasýslu ... | 3,000 | | | | |
| 4. Til brúar á Fáskrúð í Dalasýslu og vegar frá henni yfir á þann veg, sem nú er... ... ... ... ... | 10,000 | | | | |
| 5. Brú á Hamarsá ... ... | | 11,000 | | | |
| 6. Brú á Síká í Hrútafirði.. | | 4,000 | | | |
| 7. Brú á Langadalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... | | 8,000 | | | |
| 8. Aðrar vegabætur og viðhald ... ... ... ... ... | 29,000 | 29,000 | | | |
| Þar af: | | | | | |
| Til vegarins um Völlu í Suður-Múlas. .. | 3000 | | | | |
| — Hróarstungu-vegar ... ... | 10000 | | | | |
| — Hörgárdalsvegar | 5000 | | | | |
| — Langadalsvegar í Húnavatnss. ... | 5000 | | | | |
| | | | 68,000 | 60,000 | |
| IV. Fjallvegir... ... ... ... ... ... ... .. | | | 5,000 | 5,000 | |
| V. Til áhalda ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| | | Flyt ... | 170,400 | 140,100 | 291,000 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 170,400 | 140,100 | 291,000 |
| VI. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum... ... | 300 | 300 | |
| VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti ... ... | 300 | 300 | |
| VIII. Til þess að setja dragferju á Blöndu hjá Löngumýri ... ... ... .. ... ... ... | 1,300 | | |
| IX. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarstaðar frá, alt að ... ... | 2,000 | | |
| X. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi úr annari átt, alt að ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| XI. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fje því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| XII. Til Gullbringusýslu uppbót fyrir umframgreiðslu sýslufjelagsins til Keflavíkurvegarins ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,600 | | |
| XIII. Til að gera akfæran veg frá Kláffossbrú að Reykholti í Reykholtsdal, gegn tvöföldu tillagi úr annari átt ... ... ... ... ... | 2,000 | | |
| XIV. Styrkur til þess að fullgera færan reiðveg yfir Flöguflóa í Þistilfirði ... ... ... ... | 500 | | |
| | 185,400 | 143,700 | 329,100 |
| C. Samgöngumál á sjó. | | | |
| I. Til undirbúnings samgöngumála á sjó alt að | 4,000 | 4,000 | |
| II. Til strandferða... ... ... ... .. ... ... | 60,000 | 60,000 | |
| III. Til Eimskipafjelags Íslands ... ... ... Styrk þennan er stjórninni einungis heimilt að veita Eimskipafjelagi Íslands, ef það kemst á fót og tekur til starfa 1915 og ef samningar takast við það um strandferðir eigi síðar en 1916. | | 40,000 | |
| Flyt... | 64,000 | 104,000 | 620,100 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 64,000 | 104,000 | 620,100 |
| IV. | Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum: | | | | |
| 1. | Til Faxaflóabáts alt að . | 12000 12000 | | | |
| 2. | Til bátaferða á Breiðafirði alt að ... ... ... | 9000 9000 | | | |
| 3. | Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa alt að | 9000 9000 | | | |
| 4. | Til Norðurlandsbáts alt að | 9000 9000 | | | |
| 5. | Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands: | | | | |
| | a. Til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka alt að ... 6000—6000 | | | | |
| | b. Til Rangársands alt að ... 1200—1200 | 7200 7200 | | | |
| 6. | Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði alt að. ... | 600 600 | | | |
| 7. | Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar alt að... ... | 400 400 | | | |
| 8. | Til mótorbátsferða á Lagarfljóti alt að... ... ... | 300 300 | | | |
| 9. | Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu alt að | 400 400 | | | |
| 10. | Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands . ... ... ... ... | 300 300 | | | |
| | | | 48,200 | 48,200 | |
| | Styrkirnir til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum veitast með þeim skilyrðum: | | | | |
| | *að* bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi hlutaðeigandi hjeraðsstjórna góðir bátar og hentugir til þessara ferða og sendist vottorð um það til stjórnarráðsins; | | | | |
| | *að* stjórnarráðið samþykki ferðaáætlun bátanna og sje uppkast að henni sent stjórnarráðinu innan þess tíma, sem það tiltekur; | | | | |
| | *að* landssjóðsstyrkurinn nemi aldrei meiru en helmingi reksturskostnaðar bátanna; | | | | |
| | *að* að útgerðarmenn bátanna sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en styrkurinn er að fullu greiddur. | | | | |
| | | | 112,200 | 152,200 | 264,400 |
| | | Flyt... | ..... | ..... | 884,500 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... .. | ..... | 884,500 |
| D. Hraðskeyta- og talsímasamband. | | | |
| I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925) ... ... ... ... ... ... | 35,000 | 35,000 | |
| II. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landsíminn á innanbæjarkerfi: Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Eskifirði, til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl. alt að... ... ... ... ... .. | 7,500 | 7,500 | |
| III. Til starfrækslu landsímanna m. m.: | | | |
| 1. a. Laun landsímastjóra ... | 3,500 | 3,500 | |
| b. Persónuleg launaviðbót | 1,500 | 1,500 | |
| 2. a. Ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna... ... ... | 14,760 | 14,760 | |
| b. Bæjarsíminn... ... ... | 7,200 | 7,200 | |
| 3. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu .. | 6,840 | 6,840 | |
| 4. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu... | 8,790 | 8,790 | |
| 5. Ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu ... | 5,260 | 5,260 | |
| Símasendlarnir á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði beri símskeyti um allan kaupstaðinn. | | | |
| 6. Símastöð á Borðeyri. ... | 3,240 | 3,240 | |
| 7. Símastöð í Hafnarfirði alt að... ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | |
| 8. Símastöð í Vestmannaeyjum alt að ... ... ... | 1,600 | 1,600 | |
| 9. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... | 3,000 | 3,000 | |
| Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði. | | | |
| | 57,090 | 57,090 | |
| IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.... | 4,000 | 4,000 | |
| V. Viðbót og viðhald stöðvanna ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| Flyt... | 104,590 | 104,590 | 884,500 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 104,590 | 104,590 | 884,500 |
| VI. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna eftir reikningi alt að... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| VII. Viðhald landsímanna ... ... ... ... ... | 10,000 | 10,000 | |
| VIII. Til kaupa á núverandi símstöðvum á Akureyri alt að ... ... ... ... ... ... ... | 14,000 | | |
| IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern... | 510 | 510 | |
| | 131,100 | 117,100 | |
| | | | 248,200 |

E.

Vitamál:

| | kr. | kr. | | |
|---|---|---|---|---|
| I. Stjórn og undirbúningur vitamála. | | | | |
| a. Laun verkfræðings ... ... | 3,700 | 3,700 | | |
| Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landstjórnar. | | | | |
| b. Til aðstoðarmanns ... ... | 2,000 | 2,000 | | |
| c. skrifstofuhalds eftir reikningi alt að... ... ... ... | 1,000 | 500 | | |
| d. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | |
| | | | 7,700 | 7,200 |
| II. Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna: | | | | |
| 1. Svörtulofta- og Öndverðarnesvitar: | | | | |
| a. Laun vitavarða . ... ... | | 400—400 | | |
| b. Reksturskostnaður .. ... | | 600—600 | | |
| 2. Elliðaeyjarviti: | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 400—400 | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 450—450 | | |
| 3. Bjargtangaviti: | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 200—200 | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 250—250 | | |
| 4. Arnarnesviti: | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 500—500 | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 500—500 | | |
| Flyt... | 3,300 | 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,132,700 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 3,300 | 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,132,700 |
| 5. Kálfshamarsviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 100—100 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 200—200 | | | | |
| 6. Skagatáarviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 150—150 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | | |
| 7. Siglunesviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 900—900 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 600—600 | | | | |
| 8. Flateyjarviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 150—150 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | | |
| 9. Rifstangaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | | |
| 10. Langanesviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 250—250 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 200—200 | | | | |
| 11. Dalatangaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 600—600 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 600—600 | | | | |
| 12. Vattarnesviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 100—100 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 200—200 | | | | |
| 13. Dyrhólaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | | |
| 14. Vestmannaeyjaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 700—700 | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 500—500 | | | | |
| 15. Reykjanesviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ...1500—1500 | | | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ...1600—1600 | | | | | |
| Flutt... | 13,650 | 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,132,700 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 13,650 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,132,700 |
| 16. | Garðskagaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 600—600 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 750—750 | | | |
| 17. | Gróttuviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 500—500 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 450—450 | | | |
| 18. | Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir ferðam.: | | | | |
| | a. Á Skipaskaga... ... ... | 75— 75 | | | |
| | b. Á Gerðatanga... ... ... | 100—100 | | | |
| | c. Á Svartatanga við Stykkishólm ... ... ... ... | 100—100 | 16,225 | 16,225 | |
| III. | Bygging nýrra vita m. m. | 1914 1915 | | | |
| | a. Svörtuloftaviti og breyting | kr. kr. | | | |
| | á Öndverðarnesvita ... ... | 18,000 | | | |
| | b. Nýtt hús um Langanesvita | 2,500 | | | |
| | c. Ingólfshöfðaviti... ... ... | 16,000 | | | |
| | d. Bygging húss um Reykjanesvita og rauð horn á Reykjanes-aðalvita og Garðskagavita ... ... ... ... | 3,000 | 23,500 | 16,000 | |
| IV. | Sjómerki ... ... ... ... ... ... ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| V. | Ýmislegt .. ... ... ... ... .. ... ... | | 1,500 | 1,500 | |
| | | | 50,925 | 42,925 | |
| | | | | | 93,850 |
| | Samtals... | | ..... ..... | ... ..... | 1,226,550 |

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 783,310 kr.

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | A. | | | | |
| | Andlega stjettin: | kr. | | | |
| a. 1. | Laun biskups ... ... ... ... ... | 5,000 | | | |
| 2. | Skrifstofukostnaður... ... ... ... | 1,000 | 6,000 | 6,000 | |
| | Flyt ... | | 6,000 | 6,000 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 6,000 | 6,000 | |
| b. Önnur útgjöld: | | | |
| 1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. ... ... ... ... ... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 2. Til bráðabirgðauppbótar brauðum.. ... | 4,000 | 3,500 | |
| 3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 4. Framlag til prestlaunasjóðs ... ... ... | 50,000 | 50,000 | |
| 5. Til þess að mála að utan og pappaleggja Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkjur | 1,000 | | |
| 6. Álag á Þönglabakkakirkju ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 7. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju frá 1861 | 400 | | |
| | 69,900 | 67,000 | 136,900 |
| B. | | | |
| Kenslumál: | | | |
| I. Til háskólans: | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | 36,000 | 37,200 | |
| b. Aukakensla | 1914 kr. | 1915 kr. | |
| 1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... ... ... | 800 | 800 | |
| 2. Til kennarans í efnafræði ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 3. Til kennarans í lagal. læknisfræði... ... ... | 300 | 300 | |
| 4. Þóknun til frakknesks kennara í frönsku ... | 720 | 720 | |
| | | 2,420 | 2,420 |
| c. Styrktarfje: | | | |
| 1. Námsstyrkur ... ... | 7,200 | 7,200 | |
| 2. Húsaleigustyrkur.. ... | 3,600 | 3,600 | |
| 3. Utanfararstyrkur læknaefna ... ... ... | 300 | 300 | |
| | | 11,100 | 11,100 |
| Flyt... | 49,520 | 50,720 | 136,900 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | | | 49,520 | 50,720 | 136,900 |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 100 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 320 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sje að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. | | | | | |
| d. Til bókakaupa m. m. | | | | | |
| 1. Bókakaup ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| 2. Til kaupa á tímaritum og öðrum bókum handa læknadeild ... ... ... | 4,000 | | | | |
| 3. Til bókakaupa handa heimspekisdeild ... ... | 1,500 | | | | |
| 4. Til kensluáhalda handa læknadeild ... ... ... | 500 | 500 | | | |
| 5. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik ... ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 8,000 | 2,500 | |
| e. Til útgáfu kenslubóka alt að... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka. | | | | | |
| f. Til að undirbúa efnisskrá yfir íslensk lög að fornu og nýju ... ... ... ... | | | 500 | 500 | |
| g. Til starfrækslu væntanlegra Röntgensáhalda m. m. alt að .. ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| h. Til að kaupa risasegul ... ... ... | | | 180 | | |
| i. Eldiviður, ljós og ræsting ... ... ... | | | 1,300 | 1,300 | |
| k. Önnur gjöld: | | kr. | | | |
| 1. Laun ritara ... ... ... ... | | 800 | | | |
| 2. Laun dyravarðar, gæsla hitunarvjelar m. m. ... ... ... | | 1,600 | | | |
| 3. Ýmisleg útgjöld ... ... ... | | 1,500 | 3,900 | 3,900 | |
| | | | 66,400 | 61,920 | 128,320 |
| II. Mentaskólinn almenni: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 21,200 | 21,200 | |
| Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til yfirkennara Geirs Zoëga. | | | | | |
| b. Aðstoðarfje: | | | | | |
| Til söngkennara ... ... ..... | | 600 | | | |
| Handa fimleikakennaranum. ... | | 700 | | | |
| Flyt... | | 1,300 | 21,200 | 21,200 | 2,65220 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 1,300 | 21,200 | 21,200 | 265,220 |
| Til dyravarðar ... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| Fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans.. ... ... ... | | 200 | | | |
| | | | 2,500 | 2,500 | |
| c. Önnur útgjöld: | kr. | kr. | | | |
| 1. Til bókasafns skólans. | 400 | 400 | | | |
| 2. Til eldiviðar, ljósa og vatns ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Til skólahússins utan og innan ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 4. Til tveggja fastra aukakennara.. ... ... ... | 4,000 | 4,000 | | | |
| 5. Til tímakenslu og til prófdómenda alt að ... | 4,500 | 4,500 | | | |
| 6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum | 720 | 720 | | | |
| 7. Námsstyrkur.. ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 8. Læknisþóknun ... ... | 100 | 100 | | | |
| 9. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,200 | 1,200 | | | |
| 10. Til vísindalegra áhalda við kensluna. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 12. Til áhalda við fimleikakenslu .. ... ... | 100 | 100 | | | |
| 13. Til verðlaunabóka ... | 100 | 100 | | | |
| | | | 17,220 | 17,220 | |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje að eins veittur utanbæjarnemendum og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. | | | | | |
| | | | 40,920 | 40,920 | |
| | | | | | 81,840 |
| III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 9,200 | 9,200 | |
| | Flyt ... | | 9,200 | 9,200 | 347,060 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 9,200 | 9,200 | 347,060 |
| Af þessari upphæð eru 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. kennara og 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 3. kennara. | | | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til aukakennara þriggja | 2,000 | 2,000 | | | |
| 2. Tímakensla ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| 3. Til bóka- og kensluáhalda ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| 4. Til eldiviðar og ljósa... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 5. Námsstyrkur... ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 800 | 800 | | | |
| 6. Til dyravörslu ... ... | 500 | 500 | | | |
| 7. Til skólahússins utan og innan ... ... ... ... | 8,000 | 1,000 | | | |
| 8. Til ýmislegra útgjalda | 700 | 700 | | | |
| | | | 15,100 | 8,100 | |
| | | | 24,300 | 17,300 | 41,600 |
| IV. Kennaraskólinn: | | | | | |
| a. Laun... ... ... ... ... | 6,600 | 6,600 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Tímakensla .. ... ... | 2,000 | 1,200 | | | |
| 2. Til aukakennara. ... Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara. | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Eldiviður og ljós ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 4. Bókakaup og áhöld... | 300 | 300 | | | |
| 5. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 1,500 | 1,500 | | | |
| 6. Til viðhalds .. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 7. Ymisleg útgjöld... ... | 1,300 | 1,300 | | | |
| | | | 14,400 | 13,600 | |
| | | | | | 28,000 |
| | | Flyt .. | ..... | ..... | 416,660 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt ... | | ..... | ..... ..... | 416,660 |
| V. Stýrimannaskólinn: | | | | | |
| a. Laun .. ... ... ... ... | 4,400 | 4,400 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til tímakenslu ... ... | 1,900 | 1,900 | | | |
| 2. Til áhaldakaupa o. fl. | 600 | 400 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa.. | 500 | 500 | | | |
| 4. Ýmisleg útgjöld... ... | 800 | 800 | | | |
| | | | 8,200 | 8,000 | 16,200 |
| VI. Til bændakenslu: | | | | | |
| 1. Til bændaskólans á Hólum: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkennara ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíðakennara.. ... | 600 | 600 | | | |
| d. Til aðgerðar á gamla skólahúsinu og til skúrbyggingar ... ... ... | 5,150 | | | | |
| e. Til að setja ofn í leikfimishúsið ... ... ... | 300 | | | | |
| f. Til að reisa peningshús (fjós, hlöðu og haughús) alt að ... ... ... ... | 12,000 | | | | |
| g. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegrar kenslu | 700 | 700 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... | 400 | 400 | | | |
| 5. Til járnsmíðaáhalda og smiðjubyggingar.. | 1,000 | | | | |
| 6. Ýmisleg útgjöld .. | 1,000 | 1,000 | | | |
| | | | 26,250 | 7,800 | |
| 2. Til bændaskólans á Hvanneyri: | | | | | |
| a. Laun ... .. ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkenslu ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíða og leikfimiskenslu .. ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| d. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegrar kenslu | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga uemendnm ... ... | 400 | 400 | | | |
| 5. Ýmisleg útgjöld ... | 800 | 800 | | | |
| Flyt ... | 7,900 | 7,900 | 26,250 | 7,800 | 432,860 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 7,900 | 7,900 | 26,250 | 7,800 | 432,860 |
| 6. Til símalagningar ... | 1,200 | | | | |
| 7. Til þess að byggja anddyri við íbúðarhúsið ... .. ... | 850 | | | | |
| | | | 9,950 | 7,900 | |
| 3. Til skólahalds á Eiðum... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| | | | 38,700 | 18,200 | 56,900 |
| VII. Til iðnfræðslu: | | | | | |
| a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnar innar að reka iðnskóla í Reykjavík ... | 5,000 | 5,000 | | | |
| b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds . ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds.. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds . ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| | | | 7,600 | 7,600 | 15,200 |
| Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 reksturskostnaðar. | | | | | |
| VIII. Til verslunarskóla: Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar... ... ... ... ... ... ... ... . . ... | | | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| IX. Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi annarstaðar að ... ... ... | | | 1,200 | 1,200 | 2,400 |
| X. Yfirsetukvennaskólinn: | 1914 kr. | 1915 kr. | | | |
| 1. Laun forstöðumanns ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til verklegrar kenslu: | | | | | |
| a. Laun 3 yfirsetukvenna í Reykjavík ... ... | 300 | 300 | | | |
| b. Annar kostnaður alt að | 400 | 400 | | | |
| 3. Styrkur til námskvenna... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting ... ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| | | | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| Flyt .. | | | ..... | ..... | 525,360 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | ..... | ..... | 525,360 |
| XI. | Til kvennaskóla: | | | | |
| 1. | Til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,675 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði | 6,700 | 6,700 | | |
| 2. | Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 2,000 | 2,000 | | |
| 3. | Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla | 600 | 600 | | |
| 4. | Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 900 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði .. .. ... ... | 3,600 | 3,600 | | |
| 5. | Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 1,400 | 1,400 | | |
| | | | 14,300 | 14,300 | 28,600 |
| XII. | Til almennrar barnafræðslu: | | | | |
| 1. | Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 10,000 kr. hvort árið | | 30,000 | 30,000 | |
| | Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði. | | | | |
| 2. | Til farskóla alt að 200 kr. til hvers og til eftirlits með heimafræðslu alt að 100 kr. til hrepps ... ... ... ... | | 20,000 | 20,000 | |
| | Farskólastyrkur veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum. | | | | |
| 3. | Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ... ... | | 18,000 | 18,000 | |
| 4. | Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum .. ... .. ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| 5. | Til prófdómara við barnapróf ... | | 4,000 | 4,000 | |
| 6. | Til framhaldskenslu handa kennurum | | 2,500 | 2,500 | |
| | | Flyt... | 75,500 | 75,500 | 553,960 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 75,500 | 75,500 | 553,960 |
| 7. a. | Laun umsjónarmanns fræðslumálanna .. ... | 3600 3600 | | | |
| | Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr. | | | | |
| b. | Til eftirlitsferða eftir reikningi ... ... ... | 600 600 | | | |
| c. | Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi ... ... ... ... | 200 200 | | | |
| | | | 4,400 | 4,400 | |
| | | | 79,900 | 79,900 | 159,800 |
| XIII. a. | Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar .. ... ... ... ... ... ... | | 14,000 | 14,000 | |
| | Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Lýðskólanum á Hvítárbakka má auk þess veita 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er að minsta kosti 6 mánuði á skólanum, þó ekki yfir 600 kr. | | | | |
| b. | Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.. ... ... ... ... ... ... | | 7,000 | 7,000 | |
| | | | 21,000 | 21,000 | 42,000 |
| XIV. | Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... ... ... ... | | 800 | 800 | 1,600 |
| XV. | Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... ... ... ... ... ... ... | | 7,000 | 7,000 | 14,000 |
| XVI. | Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá ... ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| | | Flyt... | ..... | ..... | 773,360 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 773,360 |
| XVII. Til sundkenslu og leikfimi: | | | |
| a. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis. | 300 | 300 | |
| b. Til sundkenslu o. fl. annarstaðar.. ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur. | 1,500 | 1,500 | |
| c. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara, til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| d. Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| | 2,700 | 2,700 | 5,400 |
| XVIII. Styrkur til Stefáns Eirikssonar til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík ... ... ... .. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Samtals... | ..... | ..... ..... | 780,760 |

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista veitast 178,690 kr.

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Landsbókasafnið: | | kr. | kr. | kr. |
| | a. Laun landsbókavarðar .. ... | 3,000 3,000 | | | |
| | b. — 1. bókavarðar ... ... | 2,000 2,000 | | | |
| | Þar af 500 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. bókavarðar. | | | | |
| | c. Laun 2. bókavarðar ... ... | 1,200 1,200 | | | |
| | Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar. | | | | |
| | d. Til aðstoðar á lestrarsal ... | 800 800 | | | |
| | e. Til að kaupa bækur og handrit ... ... ... ... ... ... | 6,000 6,000 | | | |
| | f. Til bókbands .. ... .. ... | 3,000 3,000 | | | |
| | g. Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár ... ... | 2,000 2,000 | | | |
| | h. Fyrir afskriftir (eftir reikningi) .. ... ... ... ... ... | 1,000 1,000 | | | |
| | i. Til að prenta ritaukaskrár... | 200 200 | | | |
| | j. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... ... ... ... ... | 360 360 | | | |
| | k. Ýmisleg gjöld .. ... ... ... | 400 400 | | | |
| | | | 19,960 | 19,960 | |
| 2. | Landsskjalasafnið: | | | | |
| | a. Laun skjalavarðar . ... ... | 1,800 1,800 | | | |
| | b. Laun aðstoðarskjalavarðar .. | 960 960 | | | |
| | c. Til að binda inn og búa um skjöl o. fl. ... ... ... ... | 1,000 1,000 | | | |
| | d. Til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ... ... ... ... ... | 600 600 | | | |
| | e. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið .. ... ... ... | 250 250 | | | |
| | f. Til Landsskjalasafnsins til þess að láta afskrifa og ljósmynda skjöl í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum, er snerta Ísland | 1,000 1,000 | | | |
| | | | 5,610 | 5,610 | |
| 3. | Þjóðmenjasafnið: | | | | |
| | a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar) .. ... ... ... | 1,800 1,800 | | | |
| | b. Til aðstoðar eftir reikningi, alt að ... ... ... ... ... | 800 800 | | | |
| | Flyt... | 2,600 2,600 | 25,570 | 25,570 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls. |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 2,600 | 2,600 | 25,570 | 25,570 | |
| c. Til að útvega forngripi og til áhalda, alt að. ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| d. Til að gefa út skýrslur um safnið frá 1876 ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| e. Til að raða myntasafninu... | 500 | | | | |
| f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að ... .. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| g. Til Skúla Guðmundssonar til verndunar hins forna skála á Keldum í Rangárvallasýslu | 300 | | | | |
| | | | 6,200 | 5,400 | |
| Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. | | | | | |
| 4. Náttúrufræðisfjelagið. ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári. | | | | | |
| Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku. | | | | | |
| 5. Landsbókasafnshúsið: | | | | | |
| a. Til eldiviðar, ljósa o. fl... | 3,200 | 3,200 | | | |
| b. Til dyravarðar... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| c. Til viðhalds og áhalda ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Upp í girðingarkostnað um Landsbókasafnshúsið og til þess að flísleggja gólf í fordyri hússins ... ... | 2,550 | | | | |
| | | | 8,150 | 5,600 | |
| 6. Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| 7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði.. ... ... ... ... ... ... | | | 1,500 | 1,500 | |
| 8. Til hins íslenzka bókmentafjelags ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| 9. Til Þjóðvinafjelagsins... ... ... ... ... | | | 750 | 750 | |
| Flyt. . | | | 47,170 | 43,820 | |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 47,170 | 43,820 | |
| 10. | Til Fornleifafjelagsins ... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið. | 400 | 400 | |
| 11. | Til sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 750 | 750 | |
| 12. | Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni... ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu. | 800 | 800 | |
| 13. | Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra... ... ... ... .. ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 14. | Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk ... ... ... | 150 | 150 | |
| 15. | Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 16. | Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvikur, alt að ... | 2,000 | 2,000 | |
| 17. | Til Einars skálds Hjörleifssonar ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 18. | Til Þorsteins Erlingssonar skálds. ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 19. | Til síra Valdimars Briem's. ... ... ... | 1,600 | | |
| 20. | Til Guðm. skálds Magnússonar ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 21. | Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 22. | Til Guðmundar Friðjónssonar skálds .. ... | 1,200 | | |
| 23. | Til Einars Jónssonar myndasmiðs ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 24. | a. Til þess að kaupa listaverk eftir íslenska myndhöggvara ... ... ... .. ... 2,400 | | | |
| | b. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara ... 2,000 | 2,400 | 2,000 | |
| 25. | Styrkur til Jóh. S. Kjarval málara ... .. | 1,000 | ... | |
| 26. | Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til þess að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... | 600 | 600 | |
| 27. | a. Styrkur til Ríkharðs Jónssonar, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... 1000 » | | | |
| | b. Til Rómferðar ... ... ... » 1000 | 1,000 | 1,000 | |
| | Flyt... | 65,870 | 58,320 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 65,870 | 58,320 | |
| 28. Til Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn | 400 | 400 | |
| 29. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hér á landi ... ... ... ... | 1,100 | 1,100 | |
| 30. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri ... ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| 31. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum ... ... ... | 3,000 | 3,000 | |
| Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn láti af öllum öðrum launuðum störfum og skili árlega af handritinu fullgerðu, sem svarar 40 prentuðum örkum. | | | |
| 32. Ferðastyrkur til Jóns Jónssonar docents til sögulegra rannsókna á erlendum skjalasöfnum | 1,200 | ... | |
| 33. Til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum . ... ... ... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| 34. Til Boga Th. Melsteð til að rita Íslendingasögu ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 800 | 800 | |
| 35. Til dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar til ritstarfa um heimspekileg efni, 50 kr. fyrir örkina alt að ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 36. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár ... ... ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 37. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsókna ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 38. Til dr. phil. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 39. Til dr. phil. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna... ... ... ... ... ... ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 40. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands ... ... | 600 | 600 | |
| 41. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ... | 600 | 600 | |
| 42. Til landmælinga á Íslandi . ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 43. Til jarðskjálftarannsókna .. ... ... ... | 550 | 550 | |
| 44. Til veðursímskeyta innanlands ... .. ... | 4,800 | 4,800 | |
| Flyt ... | 90,520 | 81,770 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 90,520 | 81,770 | |
| 45. Til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins ... | 500 | 500 | |
| 46. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur ... ... | 600 | 600 | |
| 47. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi ... ... ... ... ... ... | 2,000 | | |
| Fjelagið gefi stjórnarráðinu reikning fyrir því, hvernig fjenu er varið. | | | |
| 48. Til Íþróttasambands Íslands... ... ... ... | 1,000 | 500 | |
| 49. Til Sighvatar Gr. Borgfirðings, til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík ... | 300 | | |
| 50. Til Taflfjelags Reykjavíkur til að senda mann á skákþing Norðurlanda 1914 .. ... | 400 | | |
| | 95,320 | 83,370 | |
| | | | 178,690 |
| Samlals... | ..... | ..... | 178,690 |

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 363,220.

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. a. Til Búnaðarfjelags Íslands ... ... ... | 54,000 | 54,000 | |
| b. Til nýrra rannsókna til undirbúnings áveitu á Skeið og Flóa, gegn því, að sýslan leggi til það, sem umfram þarf, alt að | 5,000 | | |
| c. Til endurbyggingar á mjólkurskálanum við mjólkurskólann á Hvítárvöllum, alt að | 1,000 | | |
| 2. Til búnaðarfjelaga ... ... ... ... ... ... | 22,000 | 22,000 | |
| 3. Styrkur til ræktunarverkfræðisnema ... ... | | 800 | |
| Styrkurinn veitist að eins vel mentuðum manni, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands. | | | |
| 4. Til fyrirhleðslu fyrir Holtsá... ... ... ... | 3,700 | | |
| 5. Til fyrirhleðslu við ána Skálm í Álftaveri til varnar skemdum á engi nokkurra þjóðjarða, þó eigi yfir helming kostnaðarins, alt að | 1,000 | | |
| 6. Til skógræktar: | | | |
| a. Laun skógræktarstjóra... 3,000 3,000 | | | |
| b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu.. ... ... ... 14,000 10,000 | | | |
| | 17,000 | 13,000 | |
| Flyt... | 103,700 | 89,800 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 103,700 | 89,800 | |
| 7. | Til húsabóta á skógræktarjörðinni Vöglum | | 2,500 | | |
| 8. | Til sandgræðslu. ... ... ... ... ... ... | | 5,000 | 5,000 | |
| 9. | Til dýralækninga: | | | | |
| | a. Laun handa 2 dýralæknum | 2,400 2,400 | | | |
| | b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík | 400 400 | | | |
| | c. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna ... ... ... ... ... | 300 | | | |
| | d. Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis 1,200 1,200<br>Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun. | | | | |
| | e. Hálfs árs styrkur fyrir 1 dýralæknisnemanda erlendis | 300 | | | |
| | f. Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk alt að ... ... ... ... | 900 | | | |
| | | | 5,500 | 4,300 | |
| 10. | Til eftirlits með útflutningi á hrossum. ... | | 600 | 600 | |
| 11. | Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík: | | | | |
| | a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar ... ... ... ... | 2,400 2,400 | | | |
| | Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forsöðumanns. | | | | |
| | b. Til húsaleigu ... ... ... | 700 700 | | | |
| | Flyt... | 3,100 3,100 | 117,300 | 99,700 | |

| | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... 3,100 3,100 | 117,300 | 99,700 | |
| | c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar ... ... ... ... ... 500 500 | | | |
| | d. Til áhaldakaupa... ... ... 1,000 | 4,600 | 3,600 | |
| 12. | Til Gísla Guðmundssonar til gerlarannsókna erlendis ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,500 | | |
| 13. | Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við opinberar byggingar..... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 14. | Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum alt að ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 15. | Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 16. | Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis ... ... ... ... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 17. | Til »Sambands íslenskra samvinnufjelaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfjelagsskap og öðrum samvinnufjelagsskap... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að. | 500 | 500 | |
| 18. | Til Fiskiveiðasjóðs Íslands ... ... ... | 6,000 | 6,000 | |
| 19. | Til Fiskifjelagsins ... ... ... ... ... ... | 12,500 | 12,500 | |
| 20. | Styrkur til Samábyrgðarinnar ... ... ... | 5,000 | | |
| | | 1914. kr. | 1915. kr. | |
| 21. | a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum... ... ... ... ... 8,000 8,000 | | | |
| | b. Til ferðakostnaðar.. ... ... 400 400 | 8,400 | 8,400 | |
| 22. | a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar... ... ... 2,000 2,000 | | | |
| | b. Ferðakostnaður m. m... ... 400 400 | 2,400 | 2,400 | |
| 23. | Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga og Sláturfjelags Suðurlands, til þess að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum landafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að. ... | 4,000 | 4,000 | |
| | Flyt... | 168,600 | 143,500 | |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 168,600 | 143,500 | |
| 24. | a. Til leiðbeiningar í ullarverkun 1,200 1,200<br>b. Ferðakostnaður alt að... ... 400 400 | 1,600 | 1,600 | |
| 25. | Þóknun til vörumerkjaskráritara... ... ... | 360 | 360 | |
| 26. | Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu .. ... | 1,500 | 1,500 | |
| 27. | Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd... ... ... ... ... ... ... .. | 300 | 300 | |
| 28. | Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina. | 200 | 200 | |
| 29. | Eftirlit með áfengiskaupum: 1914. 1915.<br>kr. kr.<br>a. Laun umsjónarmanns. ... 600 600<br>b. Önnur útgjöld ... ... ... 800 800 | 1,400 | 1,400 | |
| 30. | Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 31. | Styrkur til Sveins Oddssonar, til þess að halda uppi vöru- og mannflutningum á bifreiðum til og frá Reykjavík... .. ... ... Flutningaferðirnar sjeu reglubundnar og samkvæmt áætlun, er stjórnarráðið samþykkir. | 5,000 | | |
| 32. | Styrkur til að halda uppi reglubundnum flutningum með sjálfrenningi (»automobil«) yfir Fagradal, þannig að flutningsgjald sje bundið samþykki stjórnarráðsins... ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 33. | Styrkur til Hjálpræðishersins, til þess að koma upp gistihæli og sjómannahæli í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 34. | Styrkur til Steingríms Jónssonar, til þess að halda áfram námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... | | 800 | |
| 35. | Til Eggerts Briems til að nema rafmagns- og vjelafræði á Þýskalandi ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| | Flyt... | 182,760 | 152,460 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 182,760 | 152,460 | |
| 36. Til Guðmundar sýslumanns Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar í viðurkenningarskyni fyrir góða framgöngu við tilraun til að hefta botnvörpung, 500 kr. handa hvorum... ... .. ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 37. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... ... ... | | 6,000 | |
| Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota. | | | |
| 38. Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... ... ... ... ... ... ... | 10,000 | 10,000 | |
| Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje og fram eigi minni upphæð annars staðar frá. | | | |
| 39. Til að gera bátauppsátur við bryggjuna á Blönduósi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að | 1,000 | | |
| | 194,760 | 168,460 | 363,220 |
| Samtals... | ..... | ..... | 363,220 |

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna, styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 162,600 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til prófessor dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.;

viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobinu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.; til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur (frá Holti undir Eyfjafjöllum) 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Krákssonar pósts 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 18,000 kr. Af þessum gjaldlið má endurgreiða vörutoll af þeim kolum, sem Hið sameinaða gufuskipafjelag sannar að það hafi tekið í skip hjer á landi á fjárhagstímabilinu, til notkunar þeim skipum þess, sem samkvæmt samningi dags. 7. ágúst 1909 halda uppi millilandaferðum milli Íslands og Kaupmannahafnar um Leith og Færeyjar. Af þessari upphæð má ennfremur greiða 700 kr. til nokkurra manna á Langanesi upp í kostnað við björgun og greftrun 15 líka frá strandi norsks gufuskips »Fridtjof« 10. október 1907.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 256,493,85 greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

1. Reykjavíkurdómkirkju má lána alt að 20,000 kr. Lán þetta ávaxtast og endurgreiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum landbúnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

3. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 25,000 kr.

5. Alt að 5,000 kr. til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita- eða sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Sýslufjelögum má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr. hvort árið, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðist á 15 árum.

7. Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu má, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, lána alt að 20 þús. kr. úr viðlagasjóði, til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað.

Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

8. Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelagsins, til að raflýsa Vík í Mýrdal. Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

9. Hvanneyrarhreppi í Eyjafjarðarsýslu má lána úr viðlagasjóði 18000 kr., til þess að raflýsa Siglufjarðarkauptún. Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

10. Úr viðlagasjóði má lána Jóni Björnssyni & Co. í Borgarnesi 7000 kr. til byggingar ullarþvottahúss. Full trygging sje sett fyrir láninu og greiðist af því $4^1/_2$% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 14 árum.

11. Stjórninni veitist heimild til að breyta afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppur fjekk úr viðlagasjóði 1908, að upphæð 10000 kr., þannig að lánið borgist á 25 árum í stað 15, enda rýrni eigi tryggingin fyrir láninu.

12. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi, alt að 25,000 kr., til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með $4^1/_2$%, er afborgunarlaust fyrstu árin tvö, og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1913 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, sbr. 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. **755. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá J. Havsteen.

1. Við 15. gr. 17. (Einar Hjörleifsson).
Fyrir »1000—1000«
komi: 1200—1200.
2. — 15. — 18. (Þorsteinn Erlingsson).
Fyrir »1000—1000«
komi: 1200—1200.
3. — 15. — 20. (Guðmundur Magnússon).
Fyrir »1000—1000«
komi: 1200—1200.

Nd. **756. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir (þingskj. 441).

Frá minni hlutanum.

Minni hlutinn leggur til, að þetta frumvarp verði felt, og telur til þess þær höfuðástæður, sem hjer fara á eftir.

Löggjöfin getur eigi hlutast til um, að hver maður reki atvinnu sína sem hyggilegast, og þá eigi fremur búskap en annað. Því að seint mundi lokið þeirri lagasmíð, enda eigi hafið yfir allan efa, að aðrir beri eigi síður skyn á þessi mál en löggjafarnir. Hirðing sauðfjár er engin undantekning í þessu efni. Það er og kynlegt, að setja eigi lög um annað áhrærandi hirðing fjárins en þrifnað, og þó einkum að setja þá eigi þrifnaðarlög um fleira en böð. Annað mál er það, þótt löggjöf hlutist til um þá atburði, er fela í sjer almenna hættu fyrir heilar atvinnugreinar, eða gjörvalt landið. Má þar til telja kláðann á sviði sauðræktarinnar og jafnvel bólusetning við bráðafári. En nú eru þrifaböð, það er að segja eitt bað á ári, engin trygging gegn fjárkláða, og höfum við þar til ótvíræðar sannanir og orð Magnúsar Einarssonar dýralæknis, sem er maður vel að sjer og áhugamaður um öll slík mál. Má því óhætt byggja á orðum hans um þessi efni.

Þessi rök renna til þess, að lögboðin þrifaböð eru óþörf, og að þau eru á því svæði, sem löggjöf á eigi að skifta sjer af. Mætti með góðum rökum halda því fram, að miklu nær lægi að fyrirskipa bólusetning við bráðafári, eður og setja lög um ljós og loft í fjárhúsum.

Enn er það ótalið, að mikill meiri hluti af óskum landsmanna hneig að samþyktarlögum, svo mikill meiri hluti, að þær stefndu nálega allar þangað. Þykir okkur þá harla illa eiga við að setja nauðungarlög um þann hlut, sem landsmenn hafa viljað fá heimild til að gera samþyktir um, og teljum meiri

líkur til, að mönnum þyki ilt undir að búa. Yrði nú þar að auki öllu eftirliti slept, þá yrði lög þessi aldrei annað en pappír og prent. Þarf þó síst að fjölga óþörfum lögum, sem enginn hlýðir.

Alþingi, 6. september 1913.

Bjarni Jónsson frá Vogi. Halldór Steinsson.

Nd. **757. Tillaga**

til þingsályktunar um forkaupsrjett landssjóðs að jörðum og um erfðafestuábúð.

Flutningsm. Sigurður Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka og undirbúa lagafrumvarp, er síðar verði lagt fyrir Alþingi, og innihaldi ákvæði um:

1. *Að* landssjóði sje heimilaður forkaupsrjettur að jörðum, er ganga kaupum og sölum, og að fje sje áætlað á fjárlögum til slíkra jarðakaupa.
2. *Að* koma skipulagi á bygging, úttekt og ábúð þjóðjarða og kirkjujarða með þeim hætti, að lögleiða erfðafestuábúð.
3. *Að* nema úr gildi lög nr. 31, frá 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, lög nr. 50, frá 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, og lög nr. 51, frá 11. júlí 1911, um breyting á lögum um sölu kirkjujarða, 16. nóv. 1907.

Ed. **758. Frumvarp**

til laga um íslenskan fána.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hjer á landi skal vera löggildur fáni.

2. gr.

Fánin skal vera blár með hvítum krossi, þvert og endilangt, og nemi breidd krossálmanna $^1/_7$ hluta af breidd fánans.

Bláu reitirnir nær stönginni skulu vera rjettir ferhyrningar, og þeir jafnbreiðir, en tvöfalt lengri, þeir reitirnir, sem fjær eru stönginni.

Ed. **759. Frumvarp**

til laga um friðun fugla og eggja.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:

1. Erlur. 2. Steindeplar. 3. Þrestir. 4. Músarrindlar. 5. Þúfutitlingar (grátitlingar). 6. Auðnutitlingar. 7. Sólskríkjur (snjótitlingar). 8. Svölur. 9. Starrar. 10. Óðinshanar. 11. Þórshanar. 12. Rauðbrystingar. 13. Sendlingar. 14. Lóuþrælar. 15. Hrossagaukar. 16. Tildrur. 17. Sandlóur. 18. Jaðrakön. 19. Keldusvín. 20. Heiðlóur. 21. Tjaldar. 22. Stelkar. 23. Vepjur. 24. Hegrar. 25. Svanir. 26. Æðarkongar. 27. Kríur. 28. Hettumáfar. 29. Haftyrðlar. 30. Snæuglur.

2. gr.

Þessar fuglategundir skulu ekki vera friðaðar á neinum tíma árs:

Valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar, hvítmáfar, grámáfar, helsingjar, skarfar, súlur, svartfuglar, ritur, álkur, sefandir, toppandir, himbrimar og hrotgæsir.

3. gr.

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

a. Rjúpur alfriðaðar á tímabilinu frá 1. febrúar til 20. september, og auk þess alt árið 1915 og úr því 7. hvert ár.
b. Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði, þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. mars og ekki enda fyr en 10. ágúst.
c. Lundi frá 10. maí til 20. júní.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði. Þó getur ráðherra Íslands eftir tillögum sýslunefnda veitt leyfi til að veiða lunda með netum í eyjum, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum, enda sje það sannað, að lundanum verði ekki útrýmt með háfaveiði. Fyrir slíku leyfi skal það þó ávalt gert að skilyrði, að netaveiði þessi fari fram á þann hátt, að verið sje yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum. Skal sýslumaður annast um, að stöðugt eftirlit sje haft með veiðinni, og greiða varpeigendur allan kostnað við eftirlitið. Brot gegn þessum ákvæðum varða 10—15 kr. sektum.

d. Allar fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið taldar, nema friðaðar sjeu með sjerstökum lögum, skulu friðaðar vera frá 1. apríl til 1. ágúst.
e. Ernir skulu friðaðir 5 ár frá því lög þessi koma í gildi, en síðan ófriðaðir og teljist undir 2. gr.

4. gr.

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 32 kr.

Brot gegn 3. gr. e., varðar 25 króna sektum.

5. gr.

Egg þeirra fugla, sem taldir eru í 1. gr., skulu friðuð vera, nema kríuegg. Ennfremur skulu rjúpnaegg og arnaregg vera friðuð.

6. gr.

Fyrir hvert friðað egg, er tekið er, skal sá, er brotlegur verður greiða 1 kr. sekt, en fyrir arnaregg skal greiða 10 kr. sekt.

7. gr.

Undanþágu frá ákvæðum laga þessara getur ráðherra Íslands veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum, og náttúrufræðiskennurum, sem safna fyrir skólana og náttúrufróðum mönnum, er safna fyrir Náttúrugripasafnið í Reykjavík.

8. gr.

Mál þau, er rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál. Sektirnar renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en að $^2/_3$ til uppljóstanda.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914, og eru um leið úr gildi numin lög um friðun fugla frá 27. nóvember 1903.

Nd. **760. Frumvarp**

til landskiftalaga.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir lögum þessum geta komið til skifta öll heimalönd sveitajarða, tún, engi og úthagi, sem fleiri býli hafa til samnota, og ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota, svo sannað verði, eða viðurkend merki eru til um. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðaparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Úttektarmenn skulu gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan

mann í hans stað. Sýslumaður skal og nefna oddamann til skiftagerðar, og skal hann vera formaður úttektarmanna og stýra skiftunum; hann skal bóka skiftagerðina og skera úr, ef úttektarmenn greinir á.

Úttektarmenn fá í dagpeninga 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum, en oddamaður 4 kr.

3. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sjerstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sjerstakt býli, og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiði sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað, að út sje skift nema nokkrum hluta lands þess, er býli hans fylgir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

4. gr.

Skifti þau, er um ræðir í 3. gr., skulu vera til fullrar eignar, og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, og svo leiguliðum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á landinu, að vera við skiftin. Þeim skal einnig gefinn kostur á að vera við yfirmat og upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur; ekki skulu þeir þó viðstaddir, er úttektarmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna að síðustu. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í landi því, sem skift er, um 1 ár frá því er sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla, til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður yfirmatsmanna og stýra matinu.

5. gr.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag, meðan þeir eru að skiftum, og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess beiðist, sje engin breyting gerð á skiftum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

6. gr.

Áður en skifti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skifta skal, sje með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Sjeu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um rjettindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess.

7. gr.

Skifta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi. Verði þessu ekki við komið, skal tilgreina ástæður fyrir því.

8. gr.

Nú hefir eigandi ræktað hluta úr óskiftu sameignarlandi, og hefir eigi verið samið um, að hann skuli vera sjerstök eign hans, og skulu þá úttektarmenn við skiftin láta hann halda þessu landi, móti því, að hinir sameigendurnir fái hver um sig að tiltölu samsvarandi hluta af óræktuðu landi í sameigninni. En verði því ekki við komið, og hljóti einhver hluti hins ræktaða lands að koma til skifta, þá skal honum heimilt að kaupa þann hluta eftir mati úttektarmanna

9. gr.

Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiftagerðinni ákveðið um notkunarrjett hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhaldskostnað og vegagerðar, svo og hvar nýir vegir skuli liggja.

Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblástri, skal þá við skiftin taka sjerstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skift.

Ef svo stendur á, að mýri eða votlend landspilda, sem þarfnast framræslu, er í hinu óskifta landi, skulu þeir, sem skiftin gera, sjá fyrir því, að þau geti á engan hátt hindrað framkvæmd framræslunnar.

10. gr.

Skiftagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr sýslusjóði.

11. gr.

Þegar landi hefir verið skift samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg merki fyrir því, hvernig þeir hafa skift landinu. Eru landeigendur skyldir að gera þau. Í skiftagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um vilst.

12. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver óskar þess; kostnaðinn greiði þeir allir eftir jarðastærð.

13. gr.

Landeigendum er frjálst að skifta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum, og leiguliðar og aðrir, er notkunarrjett hafa á landinu, og skiftin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Um slík skifti skal skrá greinilega skiftagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiftin, takmörkum þess og rjettindum öllum, er því fylgja.

Geta skal og þess, hver áhrif skiftin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skift var. Skiftagerð þessari skal þinglýsa.

Sje ekki skift að tiltölu rjettri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða rjettlindum innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, skal líta á það sem afsalað eða selt, og breytist þá skattskylda jarðanna eða jarðarpartanna samkvæmt því.

14. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiftu landi, má enginn eiganda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn þeirra nota beitina nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektarmönnum.

Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika, og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fjenað má í högum hafa, án þess örtröð verði.

Nú hefir einhver sambeitareigenda minni fjenað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meir en þeim ber, skulu þeir þá hafa forgangsrjett til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurjett þess, sem of fátt hefir, meðan hann notar eigi sjálfur.

Ed. **761. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. jan. 1884.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem ekki er áskilin í byggingarbrjefi, og skal hann þá leita um það samkomulags við landsdrottin. Nái hann eigi samkomulagi við hann, er rjett, að hann fái úttektarmenn á sinn kostnað til að meta, hver not muni verða að jarðabótinni. Skulu þeir jafnframt gera áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eftirgjaldið eftir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrotni skal bjóða að vera við mat þetta. Leiguliði skal því næst bjóða, að landsdrottinn láti gera jarðabótina, og borga jafnframt hálfan kostnað mið matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við, og greiða þá hækkun á eftirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, getur leiguliði gert jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðina megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gera hana, enda sje hún í fullu standi eða álag gert á hana. Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er fimtán sinnum hærri en hækkun eftirgjaldsins nemur.

2. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem eigi er áskilin í byggingarbrjefi, en vill ekki hlíta ákvæðum 1. gr. um endurgjald fyrir hana. Skal hann þá tilkynna það landsdrotni, og gera honum kost á að líta eftir því, að jarðabótin sje vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta til dagsverka eftir gildandi reglum um það efni, jarðabætur þær, sem frá farandi hefir gert á jörðinni samkvæmt þessari grein, og til fullra nytja hafa komið. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. 50 aur. fyrir hvert dagsverk í jarðabótum, er lúta að túnrækt og útgræðslu, áburðarhúsum og safnþróm. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðabótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 11 ár eða lengur, þarf landsdottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðabótin var unnin.

3. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðugúgildi á ábýlisjörðum sínum, er frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin, gegn því að leggja jörðinni til aðra eign jafngóða, sem hún þarfnast:

a. Í húsum er leiguliði á, og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni.
b. Í jarðabótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð, og eru full eign leiguliða, eða þeim hluta jarðabótanna, sem er lögmæt eign hans samkvæmt 1. og 2. gr.

Úttektarmenn meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin. — Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

4. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti, og er honum það heimilt, hvenær sem hann vill, að áskildu samþykki leiguliða. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og 4% rentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldar hækkun meta úttektarmenn, nema hlutaðeigendur komi sjer saman.

Hvíli veð á jörðinni, skal leita samþykkis veðhafa til þess að taka af henni kúgildi, án þess að annað, sem jörðinni fylgir, komi í þeirra stað.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 20. gr. í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ed. **762. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

Við 15. gr. 22. Fyrir »1200«
komi: 800.
Til vara: 1000.

Ed. **763. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir landstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík.

Vjer, sem kosnir vorum til að íhuga þetta mál og koma með tillögur um það, höfum athugað það og kynt oss skjöl þau, er það er bygt á og einnig leitað á annan hátt þekkingar á landspildu þeirri í Innri-Skálavík í Kolfreyjustaðarlandi, sem um er að ræða, og látum hjer uppi álit vort.

Landspilda þessi er óræktað land með sjó fram, alllangt út frá bænum Kolfreyjustað, og fáum vjer eigi sjeð, að sala hennar geti orðið að neinu meini manni þeim, er á Kolfreyjustað býr, og teljum lítil líkindi til, að hann muni taka hana til ræktunar, þar sem nóg land er nær til þess. En aftur á móti má telja víst, að spildan verði ræktuð, ef hún er seld, þar sem hún mun beinlínis keypt til þess að byggja þar hús og girða hana og rækta. Verður þá einum ræktuðum bletti meira á landinu og viljum vjer ekki hindra það.

Eigi er heldur að ræða um bátauppsátur í vík þessari, nje reka eða önnur hlunnindi, eftir því sem virðingarmenn lýsa henni, og hefir Kolfreyjustaður því engan skaða af sölunni í því tilliti.

Vjer leyfum oss því að leggja það til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarp þetta óbreytt, og það því fremur sem hjeraðsfundur Suðurmúlaprófastsdæmis hefir mælt með sölunni.

Alþingi 6. sept. 1913.

J. Havsteen
formaður.

Einar Jónsson
skrifari og framsögumaður.

Björn Þorláksson.

Ed.

## 764. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

2. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.

Ed.

## 765. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Mál þetta hefir verið stöðugt á dagskrá þjóðarinnar undanfarin ár, og óhætt mun að fullyrða, að það sje alþjóðarkrafa að því verði á þessu þingi ráðið til lykta á viðunanlegan hátt.

Ýmsar eru þær breytingar, sem nálega allir munu nú orðnir sammála um, að gera þurfi á stjórnarskránni. Má þar til nefna afnám konungkjörinna þingmanna og rýmkun kosningarrjettarins. Hitt hefir aftur verið meiri ágreiningur um, hvernig skipa skyldi efri deild, þegar konungkjörnir þingmenn eru úr sögunni, og eins það, hvað langt skyldi farið í rýmkun kosningarrjettarins. Hafa margir bundið þessi tvö atriði þannig saman, að þeir hafa talið nauðsynlegt að fengin yrði stöðvun í skipun efri deildar, ef kosningarrjetturinn yrði rýmkaður að mun, svo að ekki þyrfti að óttast snöggar breytingar eða byltingar við það, að svo margir nýir menn fengju kosningarrjett. En þess ber þó jafnan að gæta, að stöðvun þessi verði ekki svo mikil, að hún hefti eðlilegan þroska þjóðlífsins.

Í frumvarpi því, sem hjer ræðir um, er öllum, jafnt konum sem körlum, ætlaður kosningarrjettur. Telur nefndin enga ástæðu til að kynferði ráði kosningarrjetti, og telur ekki mega draga að taka þessa jafnrjettiskröfu kvenfólksins til greina. Annmarki sá er þó á ákvæðunum um kosningarrjettinn, að þeir sem ekki hafa þennan rjett nú, fá hann fyrst allir og að fullu eftir að 15 ár eru liðin frá staðfestingu stjórnarskrárinnar. Nefndin telur þetta að vísu óeðlilega takmörkun á kosningarrjettinum, en þykir atriði þetta þó ekki

skifta svo miklu máli, að hún þess vegna vilji ráða til að fella frumvarpið, en hins vegar engin von til, að þessu yrði breytt í háttvirtri neðri deild.

Skipun efri deildar er þannig fyrirkomið samkv. frumvarpinu, að í henni eiga sæti 6 menn, kosnir hlutfallskosningu um land alt, til 12 ára og komi þeir í stað hinna konungkjörnu; en að öðru leyti eiga 8 þjóðkjörnir menn sæti í deildinni, kosnir af sameinuðu Alþingi á sama hátt og nú á sjer stað. Helmingur hinna hlutfallskosnu þingmanna fer frá sjötta hvert ár og þingrof hefir ekki áhrif á þá. Auk þess er kosningarrjettur til efri deildar bundinn við 35 ára aldur. Nefndin lítur svo á, að með þessari skipun efri deildar sje fengin nægileg stöðvun í þingið, og telur það kost á þessu fyrirkomulagi, að ekki þarf að breyta kjördæmum í landinu, sem jafnan mundi valda mjög miklum erfiðleikum. Hins vegar verður ekki sjeð nein sjerstök ástæða til að binda kosningarrjettinn til efri deildar við hærri aldur.

Nefndin er sammála háttv. neðri deild um það, að ekki eigi að fastákveða í stjórnarskránni, að íslensk mál skuli borin upp fyrir konungi í ríkisráði, og getur felt sig við ákvæði 1. greinar frumvarpsins um þetta atriði.

Þá eru enn ýms ný ákvæði tekin upp í frumvarpið, og skulu þessi hjer nefnd:

1. Tölu ráðherra má breyta með lögum.
2. Meiri hluti beggja deilda getur krafist þess, að aukaþing sje kallað saman.
3. Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn með hlutfallskosningu.
4. Sambandinu milli kirkju og ríkis má breyta með lögum.
5. Heimilisfesta innanlands er skilyrði fyrir kjörgengi.
6. Dómarar, sem ekki hafa umboðsstörf með höndum, eru ekki kjörgengir.
7. Leita skal atkvæðis allra kosningabærra manna um breytingu á sambandinu milli Danmerkur og Íslands, sem Alþingi samþykkir.

Að því er 4 fyrstu ákvæðin snertir, þá er nefndin sammála um, að þau sjeu til bóta, 5. og 7. atriðið er nokkur ágreiningur um, er skýrt verður frá í framsögunni, og 6. atriðið telur nefndin óheppilegt, en þykir það þó ekki skifta svo miklu máli, að rjett sje að málið nái ekki fram að ganga fyrir því.

Yfir höfuð lítur nefndin svo á, að þó ýmislegt megi með rjettu finna að frumvarpi þessu, þá sjeu í því fólgnar svo miklar rjettarbætur, að rjett sje að samþykkja það. Örðugt mun og reynast að afgreiða þannig lagað frumvarp frá þinginu, að allir sjeu ánægðir með það. Ágreiningur hlýtur alt af að rísa af ýmsum ákvæðum, sem eiga heima í stjórnarskránni, og verður því að una við það, ef meginatriðin eru þannig að vel fari.

Samkvæmt ofanrituðu leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Nefndin tekur fram, að hún hefir að eins haft mjög lítinn tíma til að íhuga frumvarp þetta, og hefir ekki verið unt að rita eins ítarlegt nefndarálit og skyldi, en í framsögunni mun gerð grein fyrir öllum aðalatriðum málsins.

Efri deild alþingis 6. septbr. 1913.

| | |
|---|---|
| Björn Þorláksson, formaður. | Sig. Eggers, skrifari og framsm. |

Þórarinn Jónsson. Jón Jónatansson. Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **766. Breytingartillaga**

við breyt.till. á þingskj. 751, 1. lið.

Flutningsmaður: L. H. Bjarnason.

Fyrir orðið »skal« komi: má.

Ed. **767. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

Við 13. gr. B XIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til vegagerðar í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu . . . . . 1000 — »
gegn tvöföldu tillagi annarsstaðar frá.
Liðatalan breytist eftir því.

Ed. **768. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Frá J. Havsteen.

1. gr. frumvarpsins falli burt.
Greinatalan breytist eftir því.

Ed. **769. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Jón Jónatansson.

Við 15. gr. 2. f. (Landskjalasafnið):
Orðin: »Landskjalasafnsins til« í byrjun liðsins falli burt.

Ed. **770. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum.

Nefndinni var þegar ljóst, að þetta mál er mjög vandasamt og þyrfti miklu meiri undirbúning en það hefir fengið; höfum vjer verið í efa um það, hvort gerlegt væri að afgreiða það á þessu þingi og höfum því dregið að láta uppi álit vort um frumvarpið.

En oss hefir borist vitneskja um það, að Seyðisfjarðarkaupstaður og ýms kauptún eru að koma upp rafmagnsveitu og geta ekki verið án einhverrar lagasetningar þar að lútandi, og þess höfum vjer orðið áskynja, að lögin verða líka að ná til kauptúna, sem ekki eru hreppsfjelag út af fyrir sig. Oss er t. d. kunnugt að svo er ástatt um kauptúnið Vík í Mýrdal: það er hluti úr Hvammshreppi, en hreppsnefndin hefir nú afráðið að koma upp raflýsingu í kauptúninu. Og rjett fyrir skömmu kom beiðni til þingsins úr Vestmanneyjum um það, að þeir megi hafa not af þessum lögum, en kauptúnið þar er hluti af Vestmannaeyjahreppi.

Vjer höfum því afráðið, að leggja það til, að frumvarpið verði samþykt, en sú breyting gerð á því, að það taki til allra kauptúna.

Þar sem oss hins vegar er ljóst, að um þetta efni þarf miklu ítarlegri lög, t. d. ákvæði um það, hvernig að skuli fara, ef sveitarfjelagsstjórn vill selja einkaleyfið í hendur fjelagi, þá leggjum vjer til, að þessi lög gildi ekki lengur en til 1. jan. 1916, og munum leggja til, að deildin skori á stjórnina, að leggja fyrir næsta þing frumvarp til nýrra laga um rafmagnsveitu, er komið geti í stað þessara

Vjer viljum gera nokkrar orðabreytingar og munum minnast á þær, þegar málið verður rætt.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. a) 1. málsgrein falli burtu.
   b) 2. málsgrein orðist þannig:
   Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi, eða hreppsfjelag út af fyrir sig.
   c) Fyrir: »sjálfstjórnarkauptún« í 3. málsgr. komi: hrepp, sem kauptún er í.
2. Við 2. gr. a) Fyrir orðið: »rafstraumur« í þessari og öðrum greinum frv. komi alstaðar orðið *rafmagn*.
   b) Fyrir orðið: »ratstraumstaug« í þessari og öðrum greinum frv. komi alstaðar *rafmagnstaug*.
   c) Fyrir orðið »rafveita« í þessari og öðrum greinum frumv. komi alstaðar *rafmagnsveita*.
3. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist: Þetta afgjald af hústaug skal vera jafnt fyrir alla húsráðendur.
4. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til 1. jan. 1916.

5. Við fyrirs. frv.: Fyrirsögnin orðist þannig:
Frv. til laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Alþingi 6. sept. 1913.

Sig. Eggerz, formaður. G. Björnsson, skrifari og framsögum.

Björn Þorláksson.

Ed. **771. Tillaga**

til þingsályktunar um það, að stjórnin leggi fyrir næsta þing, frumvarp til laga um rafmagnsveitu.

Frá nefndinni í málinu:
frumv. til laga um rafveitu í kaupstöðum og sjálfstjórnarkauptúnum.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til nýrra laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Ed. **772. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson.

Við 15. gr. 33. lið. Fyrir »2000—2000« komi: 2300—2300.

Ed. **773. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 til 1915.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson.

Við 16. gr. 31. lið. Fyrir »5000« komi: 2000.

Ed. **774. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar.

Vjelarbátaútvegur hefir aukist mjög í Vestmannaeyjum síðustu árin, og hefir fiskiafli eyjabúa farið mjög vaxandi við þann útveg. Eyjarnar eru aflasæl fiskistöð, og eiga einmitt þess vegna eflaust góða framtíð fyrir höndum.

En allmikill þröskuldur í vegi þykir þeim Eyjamönnum það, hve höfnin þar er ill og óhagkvæm. Hefir mönnum lengi verið ljóst, að gera þyrfti allverulegar umbætur á höfn þessari, hafa nú verið gerðar rækilegar rannsóknir á höfninni, gert »plön« fyrir hafnarvirkjum og áætlun um kostnað við þau.

Að þessum undirbúningi loknum, hafa nú Eyjamenn tekið ákvörðun um að ráðast í að gera hafnarvirki, samkvæmt þessari áætlun, og hafa þeir leitað til þingsins um styrk til hafnargerðarinnar, og um lán eða ábyrgð fyrir láni til þessa fyrirtækis.

Mál þetta hefir fengið allrækilegan undirbúning, eins og sjá má á skjölum þeim, er nefndinni hafa verið afhent, en þau eru:

1. 3 uppdrættir af höfninni og hafnarvirkjunum.
2. Áætlun um kostnað við hafnargerðina; er kostnaðurinn áætlaður kr. 249,300, og eru þar með taldir vitar á báðum hafnargörðunum og bryggja fyrir báta og smærri hafskip.
3. Áætlun sýslunefndar um tekjur og gjöld hafnarinnar.

Helstu hafnarmannvirkin eru 2 skjólgarðar og skipabryggja. Þá þarf og að dýpka höfnina á nokkrum stöðum, verður þá dýpið í innsiglingunni og við bryggjuna 4 metrar um meðalfjöru. Dálítill pollur verður inni á höfninni með 5 metra dýpi, svo stór, að þar getur legið eitt skip, en oflítið dýpi er það fyrir millilandaskip þau, sem hjer eru í förum eftir fastri áætlun, en nægilegt smærri vöruflutningaskipum. En ekki mun vera auðið að fá meira dýpi þarna, eftir því er sjeð verður á þeim gögnum, er fyrir liggja.

Höfnin verður því að mestu liði fyrir báta og smærri skip, og verður því afarmikilsverð fyrir sjávarútveg Eyjanna. Eigi er heldur lítils um það vert fyrir vöruflutninga, að og frá suðurströnd landsins, að trygg höfn fáist í Vestmannaeyjum. Hafnargerð þessi verður því þegar á alt er litið að teljast mesta nauðsynja fyrirtæki, sem æskilegt er að komist í framkvæmd.

En þá er spurning um, hvort óhætt sje að ráðast í svo dýra hafnargerð þarna, úr því að höfnin þó ekki verður fær stórskipum — hvort þessi höfn muni þá geta borið sig. Af áætlun þeirri, er sýslunefndin hefir gert um tekjur og útgjöld hafnarinnar, og sem virðist vera gerð af mestu varfærni, verður ekki annað sjeð, en að góðar horfur sjeu á því, að höfnin geti strax borgað sig.

Landssjóðsstyrkur. sá, sem ákveðinn er til þessa fyrirtækis í frumvarpi því til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, sem oss var falið til athugunar, er í samræmi við það, sem áður hefir verið veitt úr landssjóði til slíkra hafnarmannvirkja, og virðist rjettmætt að styrkja þetta fyrirtæki, að sömu tiltölu.

Hjá því verður ekki komist, að landssjóður taki á sig ábyrgð á láni því, er Vestmannaeyjasýsla þarf að taka til hafnargerðarinnar, enda stendur honum nærri, þar sem eyjarnar eru landssjóðseign.

Frumvarp þetta, sem hjer liggur fyrir, er sniðið eftir hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað nr. 19, 11. júlí 1911, og hefir nefndin ekkert við það að athuga.

Tillaga nefndarinnar verður því sú í þessu máli, að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 7. sept. 1913.

J. Havsteen, formaður. Jón Jónatansson, skrifari og framsögum.
G. Björnsson.

Ed. **775. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915,

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við 13. gr. C. IV. 2. Fyrir: »9,000—9,000«
komi: 9,500—9,500.

Ed. **776. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um friðun fugla og eggja.

Neðri deild hefir gert nokkrar breytingar á þessu frumvarpi. Breytingarnar eru fremur smávægilegar, en eru fremur til bóta, og getum vjer fallist á þær allar, og ráðum því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarp þetta óbreytt.

Alþingi 7. sept. 1913.

Björn Þorláksson, formaður. Jón Jónatansson, skrifari og framsögum.
Þórarinn Jónsson.

Ed. **777. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Jón Jónatansson.

Við 21. gr. 9. lið. Á eftir þessum lið komi nýr liður:

Eyrarbakka og Stokkseyrarhreppum í Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til þess að raflýsa bæði kauptúnin Eyrarbakka og Stokkseyri.

Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Ed. **778. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (á þingskj. 754).

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 12. gr. 2. Fyrir »hvors 300« komi: til hvors hrepps 300.
2. Við 12. gr. 2. Aftan við liðinn komi nýr liður:
   Styrkur til hreppsbúa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu til þess að vitja læknis ... ... ... ... ... ... ... ... ... 300— 300
   Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður í Hróarstunguhjerað.
3. Við 12. gr. 10. i. Á eftir orðunum: »Áætlun um« komi: viðbót við.
4. Við 13. gr. B. III. 8. Á eftir: »Húnavatnss. 5000« komi: — vegarins frá Bitrufirði um Krossárdal að Gilsfjarðarbotni alt að 3000.
5. Við 13. gr. B. XIV. Á eftir þessum lið komi tveir nýir liðir:
   XV. Til brúar á Miðfjarðará á Langanesströndum ... ... ... ... ... »— 4300
   XVI. Til brúar á Hölkná á Langanesströndum .. ... ... ... ... ... »— 3600
6. Við 13. gr. D. VIII. Fyrir orðið: »símstöðvum« komi: símstöðvarhúsi.
7. Við 14. gr. B. I. c. Síðari málsgrein athugasemdarinnar aftan við liðinn orðist þannig:
   Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarnemendum; innanbæjarnemendum því að eins, að þeir verði vegna námsins að kosta til húsnæðis síns sjerstaklega á svipaðan hátt og utanbæjarnemendur.
8. Við 14. gr. B. I. d. 5. Fyrir orðið: klinik« komi: læknishjálp.
9. Við 14. gr. B. II. a. Fyrir: »200 kr.« í athugasemdinni komi: 400 kr.
10. Við 14. gr. B. III. b. 1. Fyrir: »2000—2000« komi: 2200—2200.
11. Við 14. gr. B. VI. 1. g. 1. Fyrir orðin: »verklegrar kenslu« komi: verklegs náms.
12. Við 14. gr. B. VI. 1. g. 4. Á eftir liðnum komi:
    Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira

hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári.

13. Við 14. gr. B. VI. 2. d. 1. Fyrir orðin: »verklegrar kenslu« komi: verklegs náms.

14. Við 14. gr. B. VI. 2. d. 4. Á eftir liðnum komi:

Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári.

15. Við 14. gr. B. VI. 2. Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:

Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi eigi skemur en 6 vikur á ári, og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 6 kr. fyrir hverja viku námstímans.

16. Við 15. gr. 29. Fyrir »1100—1100« komi: 800—800.

17. Við 15. gr. 41. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til Þórarins Guðmundssonar til að fullnuma sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði ... 800— »

18. Við 16. gr. 19. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Utanfararstyrkur til Þorkels Þ. Clemenz til að afla sjer frekari þekkingar á þurkunaraðferðum og þeim tækjum og útbúnaði, sem notaður er til inniþurkunar ... ... ... ... 1500— »

19. Við 16. gr. 23. Á eftir þessum lið komi nýr liður:

Styrkur til að senda mann eða menn til útlanda til þess að ransaka nýja markaði fyrir sjávarafurðir og greiða fyrir sölu þeirra, gegn jafnmiklu tillagi annarstaðar að, þó eigi frá Fiskifjelagi Íslands, alt að . ... ... ... ... 3000— 3000

Stjórnarráðið veitir styrkinn eftir tillögum Fiskifjelags Íslands.

20. — 18. — Á eftir orðunum »(frá Holti undir Eyjafjöllum) 300 kr.« komi: viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Torfadóttur frá Hólmum 300 kr.

21. — 19. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Þá má ennfremur greiða af þessari upphæð Sigurði sýslumanni Eggerz til endurgjalds aukakostnaðar vegna Skeiðarárhlaupsins við manntals þingaferð vorið 1913 eftir reikningi alt að 330 kr. 50 au.

Ed. **779. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Við 18. gr. Á eftir »til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.« komi:
Til Sigurðar regluboða og dannebrogsmanns Eiríkssonar 300 kr.

Ed. **780. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefnd.

Við 16. gr. 31.
Fyrir: »5000«
komi: 3500.

Ed. **781. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Hákoni J. Kristóferssyni.

Við 15. gr. 32. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til þess að gefa út á þýsku bók Einars háskólakennara Arnórssonar er kallast »Rjettarstaða Íslands« alt að . . . . . 4,000 — »

Ed. **782. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá J. Havsteen.

Við 14. gr. B. III. a.
1. Fyrir »9200«
komi: 9400.
2. Í athugasemdinni 1. línu:
Fyrir »200«
komi: 400.

Nd.

## 783. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

2. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.

Ed.

## 784. Fjáraukalög

fyrir árin 1910 og 1911.

(Samþykt í Ed. 8. september).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1910 og 1911, veitast kr. 140,451,47 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. fjárlaganna veitast 3,744 kr. 50 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við tölulið 5. | Aðstoðar- og skrifstofukostnaður: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... | kr. | 1199,85 | | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... | — | 1550,35 | kr. | 2,750,20 |
| — — 7. | Viðhald á stjórnarráðshúsinu ... ... ... ... ... | | | — | 994,30 |
| | | | | kr. | 3,744,50 |

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna veitast 4,325 kr. 85 aurar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við A. 3. | Hegningarhúsið í Reykjavík: | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 956,62 | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 29,66 | kr. 986,28 |
| Við B. 1. | Landshagsskýrslur ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — 2,131,52 |
| Við B. 6. | Til eftirlits úr landi með fiskiveiðum útlendinga: | | | |
| | árið 1910 ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 661,55 | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 546,50 | — 1,208,05 |
| | | | | kr. 4,325,85 |

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna veitast 11,529 kr. 12 aurar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við 6. lið. | Geðveikrahælið á Kleppi: | | | |
| | árið 1910... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 1745,70 | |
| | — 1911... ... ... ... ... ... ... ... | — | 2249,00 | kr. 3,994,70 |
| Við 7. lið. | Heilsuhælið... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — 3,333,33 |
| Við 9. lið c. og d. | Nám yfirsetukvenna: | | | |
| | árið 1910... ... ... ... ... ... | kr. | 3338,64 | |
| | — 1911... ... ... ... ... ... | — | 641,96 | — 3,980,60 |
| Við 9. lið g. | Sótthreinsunarofn á Akureyri ... ... ... ... ... | | | — 220,49 |
| | | | | kr. 11,529,12 |

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna veitast 43,052 kr. 71. au.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við A. 1. b. 1. | árið 1911 ... ... ... | kr. | 118,75 | |
| Við A. 1. c.: | árið 1910 ... ... ... | — | 405,00 | |
| Við A. 1. c.: | — 1911 ... ... ... | — | 760,00 | kr. 1283,75 |
| Við A. 2. | Póstflutningur 1910 og 1911 ... ... ... | | | — 12000,00 |
| Við aðra liði til póststjórnar: | | | | |
| | árið 1910 ... ... ... | kr. | 2738,99 | |
| | — 1911 ... ... ... | — | 2693,71 | — 5432,70 kr. 18,716,45 |
| Við B. I. 3. | Skrifstofukostnaður landsverkfræðings | kr. | 147,48 | |
| Við B. II. | Flutningabrautir og viðhald ... ... | — | 2683,56 | |
| Við B. III. | Þjóðvegir ... ... ... ... ... ... | — | 906,92 | — 3,737,96 |
| Við D. II. | Til nýrra talsímalagninga o. fl.: | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... | kr. | 2274,97 | |
| | — 1911 . ... ... ... | — | 1695,68 | kr. 3970,65 |
| Við D. III. | Starfræksla landssíma: | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... | kr. | 3662,46 | |
| | — 1911 . ... ... ... | — | 5317,37 | — 8979,83 |
| Við D. | Aðrir liðir V.—VII.: | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... | kr. | 3120,38 | |
| | — 1911 . ... ... ... ... | — | 1558,61 | — 4678,99 — 17,629,47 |
| Við E. | Vitar: | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 1367,55 | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 1601,28 | — 2,968,83 |
| | | | | kr. 43,052,71 |

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. fjárlaganna veitast 15,829 kr. 92 aurar.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Við B. IV. | Hinn almenni mentaskóli: | | | | | |
| | Við c. 3. Árið 1910 ... ... ... ... | | | kr. | 1693,46 | |
| | Við c. 5. — 1910 ... ... ... ... | | | — | 1331,25 | |
| | Við c. 5. — 1911 ... ... ... ... | | | — | 1754,50 | kr. 4,779,21 |
| Við B. V. | Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | | |
| | Við b. 2. Árið 1910 ... | kr. | 761,45 | | | |
| | Við b. 2. — 1911 ... | — | 495,98 | kr. | 1257,43 | |
| | Við b. 3. — 1910 ... | kr. | 381,49 | | | |
| | Við b. 3. — 1911 ... | — | 1656,00 | — | 2037,49 | |
| | Við b. 5. — 1910 ... | kr. | 284,92 | | | |
| | Við b. 5. — 1911 ... | — | 297,75 | — | 582,67 | — 3,877,59 |
| Við B. VI. | Kennaraskólinn: | | | | | |
| | Við b. 2. Árið 1910 ... | kr. | 105,63 | | | |
| | Við b. 2. — 1911 ... | — | 538,95 | kr. | 644,58 | |
| | Við b. 5. — 1910 ... | kr. | 1063,53 | | | |
| | Við b. 5. — 1911 ... | — | 468,44 | — | 1531,97 | — 2,176,55 |
| Við B. VII. | Stýrimannaskóli: | | | | | |
| | Við b. 1. Árið 1911 ... ... ... ... | | | kr. | 183,50 | |
| | Við b. 4. — 1910 ... | kr. | 350,06 | | | |
| | Við b. 4. — 1911 ... | — | 266,94 | — | 617,00 | — 800,50 |
| Við B. VIII. c. | Unglingaskólar ... ... ... ... ... ... ... ... | | | | | — 350,00 |
| Við B. VIII. k. | Kensla heyrnar- og málleysingja: | | | | | |
| | Árið 1910 ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 1772,68 | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... | | | — | 1664,34 | — 3,437,02 |
| Við B. IX. b. | Sundkensla: | | | | | |
| | Árið 1910 ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 297,91 | |
| | — 1911 ... ... ... ... ... ... | | | — | 111,14 | — 409,05 |
| | | | | | | kr. 15,829,92 |

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 5,845 kr. 28 aurar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Við 1. h. | Prentun ritaukaskrár 1910 ... ... ... ... ... ... ... ... | | | kr. | 314,25 |
| Við 2. d. | Skrá yfir skjalasafnið (endurveiting) . ... ... ... ... | | | — | 500,00 |
| Við 5. | Safnhúsið: | | | | |
| | Eldiviður, áhöld o. fl. 1910 ... ... ... | | kr. | 2132,31 | |
| | — — — 1911 ... ... ... | | — | 1627,08 | — 3,759,39 |
| | | | | Flyt | kr. 4,573,64 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Flutt | kr. 4,573,64 |
| Við 9. | Sýslubókasöfn o. fl.: | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 530,00 | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... | — | 300,00 | — 830,00 |
| Við 30. | Útgáfa dómasafns: | | | |
| | árið 1910 . ... ... ... ... ... ... ... | kr. | 180,00 | |
| | — 1911 . ... ... ... ... ... ... ... | — | 15,00 | — 195,00 |
| Við 45. | Jarðskjálftamælir ... ... ... ... ... ... ... .. ... ... | | | — 246,64 |
| | | | | kr. 5,845,28 |

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. fjárlaganna veitast 30,910 kr. 44 aurar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við 1. | Bændaskólinn á Hólum: | | | |
| | Við c. 3. Árið 1910 ... ... | kr. 444,50 | | |
| | Við c. 3. — 1911 ... ... | — 240,40 | kr. 684,90 | |
| | Við c. 5. — 1910 ... ... | kr. 1233,23 | | |
| | Við c. 5. — 1911 .. ... | — 863,79 | — 2097,02 | |
| | Við c. 6. Árið 1910 ... ... | kr. 8527,04 | | |
| | Við c. 6. — 1911 ... ... | — 9590,32 | — 18117,36 | |
| | Við aðra liði árið 1911 . ... ... ... ... | | — 433,06 | kr. 21,332,34 |
| Við 2. | Bændaskólinn á Hvanneyri: | | | |
| | Við c. 6. Árið 1910 ... ... ... ... ... | | kr. 580,42 | |
| | Við c. 6. — 1911 ... ... ... ... ... | | — 7173,44 | — 7,753,86 |
| Við 9. | Skóggræðslan... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — 822,00 |
| Við 23. | Viðskiftaráðunautar. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | — 838,49 |
| Við 25. | Húsaskoðun á prestssetrum... ... ... ... ... ... ... ... | | | — 163,75 |
| | | | | kr. 30,910,44 |

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. fjárlaganna veitast 2,268 kr. 82 aurar.

| | | |
|---|---|---|
| Hálfur kostnaður við rannsókn Landsbankans... ... ... ... ... | kr. | 878,27 |
| Greitt fyrir undirbúning á siglingalögunum ... ... ... ... ... | — | 600,00 |
| Styrkur til 2 íslenskra stúlkna til handavinnunáms hjá Kunstflids-foreningens Friundervisning í Khöfn (endurveiting) ... ... | — | 300,00 |
| Öndverðarnesvitinn árið 1911 .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | — | 490,55 |
| | kr. | 2,268,82 |

10. gr.

Sem viðbót við gjöld samkvæmt fjáraukalögum nr. 10, 11. júlí 1911 fyrir árin 1910 og 1911 veitast 14,906 kr. 49 aurar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við 4. gr. | Tvöföld símalína milli Reykjavíkur og Borðeyrar | kr. | 328,06 | |
| Við 4. gr. | Sömuleiðis milli Akureyrar og Sauðárkróks | — | 1077,88 | kr. 1,405,94 |
| Við 5. gr. | Háskóli Íslands: | | | |
| | a. Laun | kr. | 9100,00 | |
| | b. Ýmisleg útgjöld | — | 4043,53 | — 13,143,53 |
| Við 5. gr. | Akureyrarskóli, málun m. m. | | | — 100,08 |
| Við 5. gr. | Kvennaskóli, aðgerð | | | — 190,35 |
| Við 5. gr. | Stýrimannaskóli, aðgerð | | | — 66,59 |
| | | | | kr. 14,906,49 |

11. gr.

| | | |
|---|---|---|
| Til hitaleiðslu í pósthúsinu í Reykjavík veitast | kr. | 1,975,72 |
| Ráðherrabústaður | — | 1,562,62 |
| Milliþinganefnd í fjármálum landsins | — | 4,500,00 |
| | kr. | 8,038,34 |

Ed. **785. Lög**

um lögreglusamþykt og byggingarsamþykt fyrir Vestmannaeyjasýslu.

(Samþykt í Ed. 8. september).

1. gr.

Fyrir Vestmanneyjasýslu eða hluta hennar má gjöra lögreglusamþykt og byggingarsamþykt. Semur sýslunefnd frumvarp til hvorrar samþyktar fyrir sig, og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir sýslunefnd, með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktirnar staðfestar skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktunum má í þeim ákveða sektir, er renni í sýslusjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþyktum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **786. Lög**

um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1910 og 1911.

(Samþykt í Ed. 8. september).

| I. Tekjur: | Aætlun. kr. a. | Reikningur. kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 100,000 00 | 106,029 98 |
| 2. Húsaskattur | 24,000 00 | 27,120 95 |
| 3. Tekjuskattur | 46,000 00 | 61,718 42 |
| 4. Aukatekjur | 100,000 00 | 125,550 83 |
| 5. Erfðafjárskattur | 6,000 00 | 10,538 56 |
| 6. Vitagjald | 40,000 00 | 72,357 25 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 10,000 00 | 12,205 35 |
| 8. Útflutningsgjald | 240,000 00 | 321,656 09 |
| 9. Afengistollur | 560,000 00 | 505,148 28 |
| 10. Tóbakstollur | 360,000 00 | 415,857 43 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 700,000 00 | 860,538 25 |
| 12. Annað aðflutningsgjald | 50,000 00 | 60,158 74 |
| 13. Gjöld af innlendri vindlagerð og bittergerð | » » | 5,777 20 |
| 14. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veitingu áfengra drykkja | 25,000 00 | 23,200 00 |
| 15. Pósttekjur | 160,000 00 | 207,069 08 |
| 16. Símatekjur | 155,000 00 | 219,328 32 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka | 26,000 00 | 24,126 98 |
| 18. Óvissar tekjur | 36,000 00 | 72,108 29 |
| 19. Tekjur af jarðeignum landssjóðs | 42,000 00 | 45,745 29 |
| 20. Tekjur af kirkjum | 130 00 | 207 38 |
| 21. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli | 3,200 00 | 22,237 20 |
| 22. Tekjur af ræktunarsjóði Íslands | » » | 14,277 05 |
| 23. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs | 87,000 00 | 102,167 97 |
| 24. Tekjur af láni landssjóðs til Landsbankans | 15,000 00 | 15,000 00 |
| 25. Leigur af innstæðufje í bönkum og af bankavaxtabrjefum | 16,000 00 | 31,921 83 |
| 26. Það sem greitt er frá prestaköllum | 4,000 00 | 6,171 23 |
| 27. Endurgjald skyndilána til embættismanna | 1,200 00 | 1,874 76 |
| 28. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum | » » | 30.418 61 |
| 29. Greitt úr ríkissjóði Danmerkur | 120,000 00 | 120,000 00 |
| 30. Innkomið fyrir seld bankavaxtabrjef 1911 | » » | 501,864 87 |
| Samtals . . | 2,926,530 00 | 4,022,376 19 |

| II. Útgjöld: | Fjárveiting. kr. a. | Reikningar. kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Til greiðslu vaxta og afborgana af láni landssjóðs úr ríkissjóði Danmerkur | 105,333 33 | 104,666 68 |
| 2. Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins | 100,000 00 | 99,034 11 |
| 3. Til alþingis og til yfirskoðunar landsreikninganna | 61,600 00 | 85,302 03 |
| 4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn o. fl. | | |
| A. Dómgæzla og lögreglustjórn | 172,630 00 | 171,166 07 |
| B. Ýmisleg útgjöld | 45,300 00 | 74,317 04 |
| 5. Til útgjalda við læknaskipunina | 298,050 00 | 288,607 25 |
| 6. Til samgöngumála: | | |
| A. Til útgjalda við póststjórnina | 204,400 00 | 225,631 57 |
| B. Til vegabóta | 246,300 00 | 241,905 74 |
| C. Til gufuskipaferða | 198,000 00 | 198,900 00 |
| D. Til ritsíma og talsíma | 256,300 00 | 317,009 16 |
| E. Til vita | 82,227 00 | 73,866 69 |
| 7. Til kirkju- og kenslumála: | | |
| A. Í þarfir andlegu stjettarinnar | 92,200 00 | 136,163 82 |
| B. Til kenslumála | 409,840 00 | 482,237 89 |
| 8. Til vísinda og bókmenta | 145,320 00 | 144,675 35 |
| 9. Til verklegra fyrirtækja | 439,520 00 | 458,727 34 |
| 10. Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna | 5,200 00 | 34,262 98 |
| 11. Til eftirlauna og styrktarfjár | 126,220 00 | 128,392 45 |
| 12. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld | 6,000 00 | 39,500 43 |
| 13. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum | » » | 295,700 91 |
| 14. Tekjuafgangur | » » | 422,308 68 |
| Samtals | 2,994,440 33 | 4,022,376 19 |

| | | |
|---|---|---|
| Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1911 | kr. | 1,661,679 84 |
| Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. | — | 40,368 81 |
| Peningaforði landssjóðs s. d. | — | 664,693 24 |

Ed. **787. Lög**

um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

(Samþykt í Ed. 8. september).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Páli Júlíusi Torfasyni í Reykjavík einkarjett um 30 ár til að vinna salt og fleiri efni úr sjó, hvort heldur með fossafli, gufuafli eða rafmagni, með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki stjórnarráðs að framselja einka-

rjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót þegar 5 ár eru liðin frá dagsetning einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara.

Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt upp einkaleyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal stjórnarráðinu áskilinn rjettur til að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 5%.

Einnig greiði leyfishafi frá byrjun 50 aura af hverri smálest af salti er fyrirtæki hans framleiðir.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, er leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landsstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins, með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Ed. **788. Lög**

um mannanöfn.

(Samþykt í Ed. 8. september).

1. gr.

Í þessum lögum hafa þau orð, er hjer fara á eftir, hvert um sig, þá merkingu, er nú skal greina:

*Eiginheiti* hvers manns er það nafn, sem hann hlýtur í skírn eða í lögákveðinni tilkynningu til kirkjubókar.

*Föðurnafn* hvers manns er eiginheiti föður hans haft í eignarfalli að viðbættum *son*, ef karlmaður er, en *dóttir*, ef kvenmaður er.

*Kenningarnafn* er hvert það heiti, er maður hefir í viðbót við eiginheiti og föðurnafn, en gengur ekki til afkomenda hans.

*Ættarnafn* er hvert það heiti, auk eiginheitis og föðurnafns, er ganga skal óbreytt mann fram af manni í beinan karllegg.

2. gr.

Hver sá maður, er hlotið hefir 2 eiginheiti eða fleiri, er skyldur til, frá því er hann verður 16 ára, að nota sama nafn og nöfn alla æfi, nema leyfi fái til breytingar, og skal hann jafnan rita þau á sama hátt. Eiginheiti skal ávalt rita á undan föðurnafni eða ættarnafni.

Hver maður skal rita föðurnafn sitt eða ættarnafn fullum stöfum á eftir eiginheiti.

Nú hefir maður löglegt kenningarnafn eða ættarnafn, og skal þá rita það fullum stöfum í stað föðurnafns, og má þá rita föðurnafnið á undan því, fullt eða skammstafað eða upphafsstaf þess einn, eða sleppa því.

Nú hefir maður í skírn eða tilkynningu til bókar hlotið nafn, sem er löglegt ættarnafn annarar ættar, þá er honum óheimilt að hafa það fyrir kenningarnafn eða ættarnafn.

3. gr.

Þá er kona giftist, má hún taka upp ættarnafn manns síns með eða án föðurnafns síns eða ættarnafns, ella nota nafn sitt og kenna sig til föðurnafns síns.

Nú skilur kona við mann sinn að lögum, og er henni þá frjálst að taka upp aftur ættarnafn sitt, ef til var, en fá verður hún leyfisbrjef samkvæmt 10. gr. Þessi nafnskifti getur stjórnarráðið, ef sjerstök ástæða er til, leyft að nái til barna hennar, sem hún hefir foreldraráð yfir og yngri eru en 16 ára, og eins þó eldri sjeu, ef þau æskja þess sjálf; þó má hún ekki fá börnunum ættarnafn sitt, nema foreldrar hennar og systkin gefi leyfi til, þau er lifa hjer á landi.

4. gr.

Öllum er skylt að nota löglegt ættarnafn föður síns, og tekur það einnig til óskilgetinna barna, ef faðerninu er játað.

Nú er barn föðurlaust, og skal það að föðurnafni kenna sig til móðurföður eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er.

5. gr.

Enginn má breyta eiginheiti sínu, föðurnafni, kenningarnafni eða ættarnafni, eða taka upp og nota nokkurt nýtt nafn, nema fylgt sje fyrirmælum þessara laga.

6. gr.

Nú vill maður, sem fæddur er á Íslandi, taka upp kenningarnafn eða ættarnafn hjer á landi eða breyta eldra ættarnafni, og skal hann þá senda stjórnarráði Íslands beiðni um það, og láta henni fylgja skírnarvottorð sitt eða þau vottorð, er samkvæmt gildandi lögum koma í þess stað. Sje umsækjandi yngri en 16 ára, verður hann að láta beiðninni fylgja samþykki þess foreldranna, er foreldraráð hefir yfir honum.

Hjón geta, meðan hjónabandinu er ekki slitið með lögum, því að eins fengið heimild til nýs ættarnafns, að þau sjeu því bæði samþykk.

Systkin mega í sameiningu sækja um sameiginlegt ættarnafn, og verður þá að fylgja umsókninni skírnarvottorð þeirra, er hið nýja nafn á að ná til eða það vottorð, er löglega kemur í þess stað.

Eigi umsækjandi börn á lífi, er lögum samkvæmt bera nafn hans, skal nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef þau eru yngri en 16 ára og hann hefir foreldraráð yfir þeim. Sjeu þau eldri en 16 ára, má nafntakan eða nafnbreytingin einnig ná til þeirra, ef umsækjandi hefir haft foreldraráð yfir þeim innan 16 ára aldurs, og þau sjálf samþykkja.

Nú eru framangreind skilyrði fyrir hendi, og geta þá einnig faðir eða móðir fengið heimild til ættarnafnstöku eða ættarnafnsbreytingar fyrir börn sín, þótt þau sjálf breyti ekki ættarnafni sínu. Skal þá nafntakan eða nafnbreytingin ná til þeirra barna allra, sem umsækjandi hefir foreldraráð yfir.

Hafi hjón fengið nýtt ættarnafn upptekið fyrir sameiginleg börn sín, hljóta seinni börn í því hjónabandi sama ættarnafn.

Enginn getur fengið nafni sínu breytt oftar en einu sinni eftir 16 ára aldur

7. gr.

Enginn getur fengið heimild til að taka upp og hafa að kenningarnafni eða ættarnafni nein þau nöfn, er nú skal greina:

*a.* Ættarnöfn, sem eru lögleg eða viðurkend eign íslensks manns, ef aðili sjálfur eða fjárhaldsmaður hans hefir með brjefi til stjórnarráðsins fyrir 1. jan. 1915 tilkynt ættarnafnið, og lagt bann við, að það sje notað.

Ættarnafn, sem upp hefir verið tekið fyrir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), telst viðurkend eign þess, er það hefir notað. Skýrsla um það, hvenær ættarnafn hefir verið tekið upp, skal fylgja tilkynningunni, og getur stjórnarráðið heimtað þær sannanir fyrir upptöku nafnsins, er því finst ástæða til.

*b.* Ættarnöfn, sem eru löglega upptekin eftir 1. jan. 1915.

c. Nöfn, er hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er er um getur í staflið a. og b., að villum geti valdið.

Stjórnarráðið skal skera úr öllum deilum, er rísa kunna út af fyrirmælum þessarar greinar.

8. gr.

Skrá um ættarnöfn, er ekki má taka upp samkvæmt 7. gr., staflið a., lætur stjórnarráðið semja og prenta í B-deild Stjórnartíðindanna. Við hver árslok skal prenta viðauka við skrá þessa, og færa þar inn þau ættarnöfn, sem leyfi hefir verið veitt til að taka upp á árinu. Nafnaskráin og viðaukarnir skulu vera til sölu hjá bóksala í Reykjavík. Stjórnarráðið ákveður söluverðið.

Ennfremur skal stjórnarráðið láta semja og gefa út til leiðbeiningar:

1. Skrá yfir orð og heiti, sem fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum.
2. Skrá yfir góð íslensk, forn og ný eiginheiti karla og kvenna, er sjerstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni.
3. Skrá yfir skammstafanir þær á eiginheitum manna, sem æskilegt þykir að nota.

9. gr.

Ættarnöfn eða kenningarnöfn, sem upp hafa verið tekin án löglegrar heim-

ildar eftir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), má því að eins nota eftirleiðis, að sá, er í hlut á, fái heimild til að nota þau, með konunglegu leyfisbrjefi.

10. gr.

Sje ekkert nafntökunni eða nafnbreytingunni til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef, sem umsækjandi fær afhent gegn gjaldi því, er ákveðið er í 12. gr. Jafnframt sendir stjórnarráðið sóknarpresti, þeim sem í hlut á, eftirrit af leyfisbrjefinu, og skal hann geta nafntökunnar í kirkjubókinni við skírnarnöfn þeirra er nafntakan eða nafnbreytingin nær til.

11. gr.

Breytingar á nöfnum eða ný eiginheiti geta menn fengið með konungsleyfi á þann hátt, er tíðkast hefir.

Prestum er heimilt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg, eða færa slík nöfn til bókar.

12. gr.

Fyrir hvert leyfisbrjef, sem út er gefið samkvæmt 10. gr., hvort heldur fyrir einn mann eða heila fjölskyldu, skal greiða 10 kr., er renna í landssjóð.

Fyrir skrásetningu ættarnafna, þeirra sem getið er í upphafi 8. gr. (sbr. 7. gr. a.), skal gjalda 2 kr. fyrir hvert nafn, og rennur gjaldið í landssjóð.

13. gr.

Fullveðja mönnum, sem nú eru uppi, er frjálst að rita nafn sitt á þann hátt, sem þeir hafa tíðkað.

Útlendingum, sem hingað koma, er frjálst að rita löglegt heiti sitt á sinn vanahátt.

Í öllum opinberum skrám og skýrslum, skal ávalt rita eiginheiti manna á undan föðurnafni, nema maður hafi ættarnafn.

Þó eru bókaskrár ekki háðar þessum fyrirmælum.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er falla í landssjóð. Með mál út af þeim skal farið sem með almenn lögreglumál.

15. gr.

Heimild stjórnarráðsins til að gefa út leyfisbrjef um upptöku ættarnafna gengur í gildi 1. jan. 1915. 9. gr. laganna gengur í gildi 1. jan. 1916. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi 1. jan. 1914.

Ed. **789. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Ed. 8. september (Frumvarp til laga um íslenskan fána, þingskj. 758).

Í trausti til þess, að ráðherra skýri hans hátign konunginum frá vilja Alþingis í þessu máli, og beri það upp fyrir honum, og að stjórnin síðan leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi frumv. til laga um íslenskan fána, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **790. Frumvarp**

til laga um bjargráðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal allsherjar sjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfjelög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfjelag, verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að sýslufjelagið eða bæjarfjelagið megnar ekki af eigin ramleik að forða mönnum og skepnum við harðrjetti eða felli.

Sjóðurinn skal heita bjargráðasjóður.

2. gr.

Hvert sveitarfjelag og bæjarfjelag á landi hjer skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 25 aura fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 25 aurum fyrir hvern mann.

4. gr.

Þessir menn skulu vera í bjargráðastjórn, og hafa á hendi reikningshald bjargráðasjóðsins og geyma eignarskilríki hans: Forstjóri atvinnumálaskrifstofu stjórnarráðsins, formaður Búnaðarfjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á búnaðarþingi til 6 ára í senn, formaður Fiskifjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á fiskiþingi til 6 ára í senn.

Öllum tekjum bjargráðasjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum með þeim skilyrðum, sem landsstjórnin setur því til tryggingar, að fjeð glatist ekki og taka megi til þess, hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því, að afstýra hallæri.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir bjargráðastjórnina eftir tillögum Búnaðarfjelags og Fiskifjelags Íslands.

6. gr.

Stjórnarráðið, Búnaðarfjelag Íslands og Fiskifjelag skulu hvert um sig velja einn sjóðgæslumann til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka ársreikninga bjargráðasjóðsins, reikningsbækur hans og eignaskilríki.

Stjórnarráðið setur reglur fyrir sjóðgæslumennina.

Reikninga bjargráðasjóðsins skal jafnan leggja fyrir alþingi, endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðagjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið, og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar.

8. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í tje manntalsskýrslur til afnota við útreikning bjargráðagjalda.

9. gr.

Alt það fje, sem rennur úr landssjóði í bjargráðasjóðinn, samkvæmt 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það alt vera sjereign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn, að vöxtum meðtöldum.

Skrifstofukostnað bjargráðastjórnar skal gjalda af sameigninni.

10. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upphaflega gjalds.

Nú á sýsla eða kaupstaður sjerstakan sjóð, sem eingöngu er ætlaður til hjálpar í hallæri, og getur þá stjórnarráðið veitt leyfi til að lækka bjargráðagjaldið, ef bjargráðastjórnin mælir með því.

11. gr.

Í hverri sýslu skal sýslunefnd, en í kaupstað bæjarstjórn, gera samþykt um hagnýtingu þeirrar sjereignar, sem sýslan eða kaupstaðurinn á í bjargráðasjóðnum. Skal sú samþykt heita bjargráðasamþykt.

Þessum bjargráðasamþyktum skal haga eftir fyrirmyndum, sem bjargráðastjórnin semur, og þarf samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær öðlist gildi, en leita skal áður álits bjargráðastjórnar um hvert frumvarp.

Í þessum bjargráðasamþyktum má skipa fyrir um alt það, sem stjórnarráðið, eftir tillögum bjargráðastjórnarinnar, telur nauðsynlegt því til tryggingar, að bjargráðasjóðurinn komi að rjettum notum og verði ekki illa varið.

12. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í bjargráðasjóðnum til útbýtingar, samkvæmt bjargráðasamþykt sinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má hjeraðið með leyfi bjargráðastjórnarinnar neyta sjereignar sinnar til að kaupa eða tryggja sjer varaforða, en það fje, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema það komi til útbýtingar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki sjereign einhvers hjeraðs til forðatryggingar eða hjálpar í hallæri, og má þá stjórnarráðið með ráði bjargráðastjórnarinnar veita því hjeraði vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfje sjóðsins, gegn veði í bjargráðagjaldi hjeraðsins.

Ef mikil óáran gengur um land alt og bjargráðasjóðurinn kemst í fjárþröng, þá má landsstjórnin, ef bjargráðastjórnin fer þess á leit, lána bjargráðasjóðnum fje úr landssjóði, eða útvega honum lán annarsstaðar, gegn veði í eigum og tekjum sjóðsins.

Nd. **791. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og tveir menn, er sýslunefnd kýs eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sjer, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn frambjóðandi í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar. Ef hann er frambjóðandi, skal hann þó víkja sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.


2. gr.

19. grein laganna orðist svo:

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna

(23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi, heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannaefni kosið eða kosin. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafn-stórir og eins í lagi og með sama lit. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ sm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 sm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ sm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðlar skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje, að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

3. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann, (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 sentímeter að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 28. gr.

4. gr.

38. grein laganna orðist svo:

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

5. gr.

40. gr. laganna falli burt; í hennar stað komi svohljóðandi grein:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fleiri fram, skal enn bíða 1/4 klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 4 klukkustundir eru liðnar frá því, er byrjað var að taka við atkvæðum.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 39. gr. fyrri málsgrein, til að greiða atkvæði á meðan seðlaforðinn endist.

Nd. **792. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Flutningsmaður Jón Ólafsson.

Aftan við 1. gr. frv. bætist ný grein svohljóðandi:

Þó skal sendiræðismönnum erlendra ríkja vera heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári áfengisforða, er nemi alt að 800 lítrum til heimilisþarfa sinna um 1 ár í senn. Þó mega þessir drykkir ekki hafa meira í sjer af áfengisvökva en 15%.

Öðrum en þeim, er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

Nd. **793. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

## I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1914 og 1915 er ætlast til, að tekjur landsins verði 3,718,470 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,267,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 2. Húsaskattur | 13,500 | 13,500 | 27,000 |
| 3. Tekjuskattur | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 4. Aukatekjur | 68,000 | 68,000 | 136,000 |
| 5. Erfðafjárskattur | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 6. Vitagjald | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 8. Útflutningsgjald | 150,000 | 150,000 | 300,000 |
| 9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade) | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 10. Tóbakstollur | 205,000 | 205,000 | 410,000 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 415,000 | 415,000 | 830,000 |
| 12. Vörutollur | 300,000 | 300,000 | 600,000 |
| 13. Annað aðflutningsgjald | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 14. Árgjöld af verslun og veiting áfengis | 10,000 | ... | 10,000 |
| 15. Pósttekjur | 100,000 | 100,000 | 200,000 |
| 16. Símatekjur | 155,000 | 160,000 | 315,000 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 12,000<br>— — Landsbankanum á ári kr. 7,500 | 19,500 | 19,500 | 39,000 |
| 18. Óvissar tekjur | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| Samtals | 1,636,000 | 1,631,000 | 3,267,000 |

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 58,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og öðrum útgjöldum ... ... ... ... ... ... | 16,000 | 16,000 | 32,000 |
| 2. Tekjur af kirkjum ... ... ... ... ... | 100 | 100 | 200 |
| 3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| 4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands ... ... | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| Samtals... | 29,100 | 29,100 | 58,200 |

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar kr. 264,070.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... Eftirstöðvar af láni Laugardalshrepps (til Sogsbrúar) kr. 250 falli niður. Af láni Barðastrandarsýslu frá 22. júní 1897 úr viðlagasjóði, veitist uppgjöf á 625 kr. | 49,000 | 47,000 | 96,000 |
| 2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs... | 10,675 | 10,675 | 21,350 |
| 3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar, kr. 108,000 .... ... ... ... ... ... ... | 4,860 | 4,860 | 9,720 |
| 4. Leigur af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909 (árin 1909 og 1912)... ... ... ... ... ... ... ... | 46,000 | 45,000 | 91,000 |
| 5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| 6. Vextir af innstæðum í bönkum ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| Samtals... | 133,535 | 130,535 | 264,070 |

5. gr.

Ymislegar greiðslur og endurgiöld teljast 9,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum. | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna | 600 | 600 | 1,200 |
| 3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| Samtals... | 4,600 | 4,600 | 9,200 |

6. gr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Ur ríkissjóði Danmerkur greiðist... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | 120,000 |

## II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1914 og 1915 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,995,263 kr. 85 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 450,284,05.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| I. Vextir: | | | |
| 1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur, kr. 500000, tekið 1908 til 15 ára til símalagninga ... ... ... ... ... ... ... | 14,333,33 | 13,000,00 | |
| 2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1500000, til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans ... ... ... ... ... ... ... | 56,945,02 | 54,693,20 | |
| 3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannah., kr. 250000, tekið 1912 til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans... ... ... ... | 10,968,75 | 10,593,75 | |
| 4. 4½% lán hjá dönskum bönkum, kr. 500000, tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.). | 20,625,00 | 19,125,00 | |
| | 102,872,10 | 97,411,95 | 200,284,05 |
| II. Afborganir: | | | |
| 1. Af láninu frá 1908 ... ... ... ... ... | 33,333,33 | 33,333,34 | |
| 2. — — — 1909 . ... ... ... ... | 50,000,00 | 50,000,00 | |
| 3. — — — 1912 ... ... ... ... ... | 8,333,33 | 8,333,33 | |
| 4. — — — 1912 ... ... ... .. | 33,333,34 | 33,333,33 | |
| | 125,000,00 | 125,000,00 | 250,000,00 |
| Samtals... | ..... | ..... | 450,284,05 |

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 106,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Til ráðherra: | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... 8,000 | | | |
| b. Til risnu ... ... ... .. ... 2,000 | | | |
| | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 2. Til utanferða ráðherra ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 3. Laun landritara ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 4. Laun þriggja skrifstofustjóra .. ... ... ... | 10,500 | 10,500 | 21,000 |
| 5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar ... ... | 18,000 | 18,000 | 36,000 |
| 6. Til Landsbankans fyrir að gegna landsfjehirðistörfum eftir reikningi alt að ... ... | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| 7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| Samtals... | 53,000 | 53,000 | 106,000 |

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 65,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 67,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 252,130 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| A. | | | |
| Dómgæsla og lögreglustjórn: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Til dómara og sýslumanna ... ... ... | 67,300 | 67,300 | |
| b. Til hreppstjóra ... ... ... ... ... | 8,000 | 8,000 | |
| 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ... | 1,400 | 1,400 | |
| 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður ... ... ... ... ... | 4,715 | 4,715 | |
| 4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m., alt að ... ... ... ... ... ... ... | 5,100 | 5,100 | |
| | 86,515 | 86,515 | |
| Flyt... | ..... ... | ..... | 173,030 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 173,030 |
| B. | | | |
| Ýmisleg útgjöld: | | | |
| 1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur: | | | |
| a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... ... ... .. ... 450 | | | |
| b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna .. ... ... ... ... 5,000 | | | |
| c. Til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að 3,600 | | | |
| d. Til kostnaðar við sending með póstum ... ... ... ... ... ... 1,000 | 10,050 | 10,050 | |
| 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef svo og embættissímskeyti og samtöl ... ... ... ... | 10,000 | 10,000 | |
| 3. Brunaábyrgðargjald, sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 4. Til embættiseftirlitsferða alt að ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum ... ... ... | 300 | 300 | |
| 6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... ... .. ... ... gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar. | 4,500 | 4,500 | |
| 7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ... | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar... ... ... ... ... ... ... | 200 | 200 | |
| 9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... ... ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi. | 8,000 | 8,000 | |
| | 39,550 | 39,550 | 79,100 |
| Samtals... | ..... | ..... | 252,130 |

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 364,729,80 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Laun ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 81,200 | 81,200 | 162,400 |
| 2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu, til þess að vitja læknis, til hvors hrepps 300... ... ... ... | 600 | 600 | 1,200 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum og fellur niður í Árneshreppi, þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjeraði. | | | |
| 3. Styrkur til hreppsbúa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu til þess að vitja læknis . | 300 | 300 | 600 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður í Hróarstunguhjerað. | | | |
| 4. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | 600 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi. | | | |
| 5. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsteds í Reykjavík ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl samtals á tveim hinna fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | 600 |
| 6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði. | | | |
| 8. Holdsveikisspítalinn.. ... ... ... ... ... | 32,447,40 | 33,447,40 | 65,894,80 |
| Flyt... | 118,647,40 | 119,647,40 | 238,294,80 |

| | | | 1911. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | | Flutt... | 118,647,40 | 119,647,40 | 238,294,80 |
| | Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | | | |
| 1. | Laun ... ... ... ... Þar af kr. 300 persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis. | 5,700 | 5,700 | | |
| 2. | Viðurværi 76 m. ... | 14,147,40 | 14,147,40 | | |
| 3. | Klæðnaður.. ... ... | 1,000 | 1,000 | | |
| 4. | Meðul og sáraumbúðir | 1,500 | 1,500 | | |
| 5. | Eldsneyti ... .. ... | 3,500 | 3,500 | | |
| 6. | Ljósmeti ... ... ... | 700 | 700 | | |
| 7. | Húsbúnaður og áhöld | 1,000 | 1,000 | | |
| 8. | Viðhald á húsum ... | 1,500 | 2,500 | | |
| 9. | Þvottur og ræsting | 800 | 800 | | |
| 10. | Greftrunarkostnaður | 200 | 200 | | |
| 11. | Skemtanir... ... ... | 300 | 300 | | |
| 12. | Skattar o. fl. ... ... | 1,300 | 1,300 | | |
| 13. | Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ——— | 800 | 800 | | |
| | | 32,447,40 | 33,447,40 | | |
| 9. | Geðveikishælið á Kleppi.. ... ... ... ... | | 21,017,50 | 21,017,50 | 42,035 |
| | Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | | | |
| A. | Laun læknis ... ... ... ... | 2,700 | | | |
| B. | Önnur útgjöld: | | | | |
| 1. | Kaup starfsmanna ... ... | 3,950 | | | |
| 2. | Viðurværi 81 manns 50 a. á dag ... ... ... ... ... | 14,782,50 | | | |
| 3. | Klæðnaður sjúklinga (30 kr.). ... ... ... ... | 1,800 | | | |
| 4. | Meðul og umbúðir ... ... | 500 | | | |
| 5. | Ljós og hiti.. ... ... ... | 4,000 | | | |
| 6. | Viðhald og áhöld .. .. | 2,800 | | | |
| 7. | Þvottur og ræsting ... ... | 800 | | | |
| 8. | Skemtanir ... ... ... ... | 200 | | | |
| 9. | Skattar m. m. ... ... ... | 1,000 | | | |
| 10. | Óviss útgjöld ... ... ... | 800 | | | |
| | | 33,332,50 | | | |
| | | Flyt... 33,332,50 | 139,664,90 | 140,664,90 | 280,329,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | Flutt... | 33,332,50 | 139,664,90 | 140,664,90 | 280,329,80 |
| | Þar frá dragast tekjur: | | | | |
| | Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag... ... | 10,585 | | | |
| | Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag.. ... ... | 730 | | | |
| | Tekjur af búinu ... ... | 1,000 12,315 | | | |
| | Mismunur .. | 21,017,50 | | | |
| 10. | Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag.. ... ... | | 28,000 | 25,000 | 53,000 |
| 11. | Önnur útgjöld: | | | | |
| a. | Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.. ... ... ... ... ... ... | 4,200 | | | |
| | Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 a. fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur. | | | | |
| b. | Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs ... ... ... | 3,000 | | | |
| c. | Bólusetningarkostnaður ... ... | 1,000 | | | |
| d. | Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... | 4,000 | | | |
| e. | Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | | |
| | Flyt... | 13,200 | 167,664,90 | 165,664,90 | 333,329,80 |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt.. | 13,200 | 167,664.90 | 165,664.90 | 333,329,80 |
| f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 150 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis. | 900 | | | |
| g. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... | 600 | | | |
| h. Til tveggja hjúkrunarkvenna til hjúkrunarnáms erlendis, 400 kr. handa hvorri fyrra árið ... .. | 800 | | | |
| i. Handa húsameistara Rögnvaldi Ólafssyni til utanfarar, með því skilyrði, að hann afli sjer þekkingar á geðveikrahúsum og geri glögga áætlun um viðbót við geðveikrahælið á Kleppi f. á. .. ... | 1,200 | 16,700 | 14,700 | 31,400 |
| Samtals... | | 184,364.90 | 180,364.90 | 364,729.80 |

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,235,450 kr.

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| A. Póstmál. | | | | |
| 1. Laun: | | | | |
| a. Póstmeistara.. ... ... ... ... ... | 4,000 | | | |
| b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík. ... ... ... ... | 7,200 | | | |
| 2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur ... ... ... ... ... | 23,700 | | | |
| c. Brjefhirðingarmanna ... ... ... | 8,100 | | | |
| | | 43,000 | 43,000 | |
| 2. Póstflutningur ... ... ... ... ... ... ... Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun. | | 64,000 | 64,000 | |
| Flyt... | | 107,000 | 107,000 | ..... |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 107,000 | 107,000 | ..... |
| 3. | Annar kostnaður: | | | | |
| | a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... ... | 6,000 | | | |
| | b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að ... | 3,000 | | | |
| | c. Húsaleiga í Reykjavík... ... ... | 2,000 | | | |
| | d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur .. ... ... ... | 2,500 | | | |
| | e. Önnur gjöld ... ... ... ... ... | 7,500 | | | |
| | f. Til pósthúsbyggingar í Reykjavík f. á. alt að ... .. ... ... ... | 35,000 | 56,000 | 21,000 | |
| | Pósthúsið í Reykjavík sje opið 10 stundir samfleytt hvern virkan dag og 4 stundir hvern helgan dag. | | | | |
| | | | 163,000 | 128,000 | |
| | | | | | 291,000 |
| | B. Vegabætur. | | | | |
| I. | Stjórn og undirbúningur vegagjörða o. fl.: | | | | |
| | 1. Verkfræðingur landsins: | | | | |
| | a. Laun ... ... ... ... | 3,600 | 3,600 | | |
| | b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings ... ... | 400 | 400 | | |
| | c. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi, alt að.. ... | 500 | 500 | | |
| | 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga alt að Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd ræktunarvatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og tillögum Búnaðarfjelags Íslands, meðan landið eigi á völ á sjerstökum innlendum | 4,000 | 6,700 | | |
| | Flyt... | 8,500 | 11,200 | ..... | ... .. | 291,000 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt .. | 8,500 | 11,200 | ..... ..... | ..... | 291,000 |
| ræktunarverkfræðingi (Kulturtekniker). | | | | | |
| 3. Skrifstofukostnaður alt að | 700 | 700 | | | |
| 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi ... ... ... ... ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 9,400 | 12,100 | |
| II. Flutningabrautir: | | | | | |
| 1. Borgarfjarðarbraut ... ... | 15,000 | 5,000 | | | |
| 2. Reykjadalsbraut. ... ... | 15,000 | | | | |
| 3. Eyjafjarðarbraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 4. Húnvetningabraut ... ... | 15,000 | 15,000 | | | |
| 5. Skagfirðingabraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 6. Grímsnesbraut ... ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 7. Viðhald flutningabrauta.. | 11,000 | 11,000 | | | |
| | | | 86,000 | 61,000 | |
| III. Þjóðvegir: | | | | | |
| 1. Stykkishólmsvegur ... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| 2. Brú á Eystri-Rangá.. ... | 18,000 | | | | |
| 3. Brú á Ljá í Dalasýslu ... | 3,000 | | | | |
| 4. Til brúar á Fáskrúð í Dalasýslu og vegar frá henni yfir á þann veg, sem nú er ... ... ... ... ... | 10,000 | | | | |
| 5. Brú á Hamarsá ... ... | | 11,000 | | | |
| 6. Brú á Síká í Hrútafirði.. | | 4,000 | | | |
| 7. Brú á Langadalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... | | 8,000 | | | |
| 8. Aðrar vegabætur og viðhald ... ... ... ... ... | 29,000 | 29,000 | | | |
| Þar af: | | | | | |
| Til vegarins um Völlu í Suður-Múlas. .. | 3000 | | | | |
| — Hróarstungu-vegar ... ... | 10000 | | | | |
| — Hörgárdalsvegar | 5000 | | | | |
| — Langadalsvegar í Húnavatnss. ... | 5000 | | | | |
| — vegarins frá Bitrufirði um Krossárdal að Gilsfjarðarbotni, alt að ... ... | 3000 | | | | |
| | | | 68,000 | 60,000 | |
| IV. Fjallvegir ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 5,000 | 5,000 | |
| V. Til áhalda ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| | | Flyt ... | 170,400 | 140,100 | 291,000 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 170,400 | 140,100 | 291,000 |
| VI. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum... ... | 300 | 300 | |
| VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti ... ... | 300 | 300 | |
| VIII. Til þess að setja dragferju á Blöndu hjá Löngumýri ... ... ... .. ... ... ... | 1,300 | | |
| IX. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarstaðar frá, alt að ... ... | 2,000 | | |
| X. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi úr annari átt, alt að ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| XI. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fje því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| XII. Til Gullbringusýslu uppbót fyrir umframgreiðslu sýslusjelagsins til Keflavíkurvegarins ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,600 | | |
| XIII. Til að gera akfæran veg frá Kláffossbrú að Reykholti í Reykholtsdal, gegn tvöföldu tillagi úr annari átt ... ... ... ... ... | 2,000 | | |
| XIV. Til vegagerðar í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu . ... ... ... ... ... ... ... gegn tvöföldu tillagi annarsstaðar frá. | 1,000 | | |
| XV. Styrkur til þess að fullgera færan reiðveg yfir Flöguflóa í Þistilfirði ... ... ... ... | 500 | | |
| XVI. Til brúar á Miðfjarðará á Langanesströndum .. ... ... ... ... ... ... ... | 4,300 | | |
| XVII. Til brúar á Hölkná á Langanesströndum | 3,600 | | |
| | 186,400 | 151,600 | |
| | | | 338,000 |
| C. Samgöngumál á sjó. | | | |
| I. Til undirbúnings samgöngumála á sjó alt að | 4,000 | 4,000 | |
| II. Til strandferða... ... ... ... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | |
| III. Til Eimskipafjelags Íslands ... ... ... Styrk þennan er stjórninni einungis heimilt að veita Eimskipafjelagi Íslands, ef það kemst á fót og tekur til starfa 1915 og ef samningar takast við það um strandferðir eigi síðar en 1916. | | 40,000 | |
| Flyt... | 64,000 | 104,000 | 629,000 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 64,000 | 104,000 | 629,000 |
| IV. | Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum: | | | | |
| 1. | Til Faxaflóabáts alt að . | 12000 12000 | | | |
| 2. | Til bátaferða á Breiðafirði alt að ... ... ... | 9000 9000 | | | |
| 3. | Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa alt að | 9000 9000 | | | |
| 4. | Til Norðurlandsbáts alt að | 9000 9000 | | | |
| 5. | Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands: | | | | |
| | a. Til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka alt að ... 6000—6000 | | | | |
| | b. Til Rangársands alt að ... 1200—1200 | 7200 7200 | | | |
| 6. | Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði alt að. ... | 600 600 | | | |
| 7. | Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar alt að... ... | 400 400 | | | |
| 8. | Til mótorbátsferða á Lagarfljóti alt að... ... ... | 300 300 | | | |
| 9. | Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu alt að | 400 400 | | | |
| 10. | Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands . ... ... ... ... | 300 300 | | | |
| | | | 48,200 | 48,200 | |
| | Styrkirnir til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum veitast með þeim skilyrðum: | | | | |
| | *að* bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi hlutaðeigandi hjeraðsstjórna góðir bátar og hentugir til þessara ferða og sendist vottorð um það til stjórnarráðsins; | | | | |
| | *að* stjórnarráðið samþykki ferðaáætlun bátanna og sje uppkast að henni sent stjórnarráðinu innan þess tíma, sem það tiltekur; | | | | |
| | *að* landssjóðsstyrkurinn nemi aldrei meiru en helmingi reksturskostnaðar bátanna; | | | | |
| | *að* að útgerðarmenn bátanna sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en styrkurinn er að fullu greiddur. | | | | |
| | | | 112,200 | 152,200 | 264,400 |
| | | Flyt... | ..... | ..... | 893,400 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | | | ..... .. | ..... | 893,400 |
| D. | | | | | |
| Hraðskeyta- og talsímasamband. | | | | | |
| I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925) ... ... ... ... ... ... | | | 35,000 | 35,000 | |
| II. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landsíminn á innanbæjarkerfi: Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Eskifirði, til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl. alt að... ... ... ... ... .. | | | 7,500 | 7,500 | |
| III. Til starfrækslu landsímanna m. m.: | | | | | |
| 1. a. Laun landsímastjóra ... | 3,500 | 3,500 | | | |
| b. Persónuleg launaviðbót | 1,500 | 1,500 | | | |
| 2. a. Ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna... ... ... | 14,760 | 14,760 | | | |
| b. Bæjarsíminn... ... ... | 7,200 | 7,200 | | | |
| 3. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu .. | 6,840 | 6,840 | | | |
| 4. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu... | 8,790 | 8,790 | | | |
| 5. Ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu ... | 5,260 | 5,260 | | | |
| Símasendlarnir á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði beri símskeyti um allan kaupstaðinn. | | | | | |
| 6. Símastöð á Borðeyri. ... | 3,240 | 3,240 | | | |
| 7. Símastöð í Hafnarfirði alt að... ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 8. Símastöð í Vestmannaeyjum alt að ... ... ... | 1,600 | 1,600 | | | |
| 9. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... | 3,000 | 3,000 | | | |
| Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði. | | | | | |
| | | | 57,090 | 57,090 | |
| IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.... | | | 4,000 | 4,000 | |
| V. Viðbót og viðhald stöðvanna ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| Flyt... | | | 104,590 | 104,590 | 893,400 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 104,590 | 104,590 | 893,400 |
| VI. | Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna eftir reikningi alt að... ... ... ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| VII. | Viðhald landsímanna ... ... ... ... ... | | 10,000 | 10,000 | |
| VIII. | Til kaupa á núverandi símstöðvarhúsi á Akureyri alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | | 14,000 | | |
| IX. | Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern... | | 510 | 510 | |
| | | | 131,100 | 117,100 | |
| | | | | | 248,200 |
| | E. | | | | |
| | Vitamál: | | | | |
| I. | Stjórn og undirbúningur vitamála. | | | | |
| | a. Laun verkfræðings ... ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landstjórnar. | 3,700 | 3,700 | | |
| | b. Til aðstoðarmanns ... ... | 2,000 | 2,000 | | |
| | c. skrifstofuhalds eftir reikningi alt að... ... ... ... | 1,000 | 500 | | |
| | d. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | |
| | | | | 7,700 | 7,200 | |
| II. | Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna: | | | | |
| | 1. Svörtulofta- og Öndverðarnesvitar: | | | | |
| | a. Laun vitavarða . ... ... | 400—400 | | | |
| | b. Reksturskostnaður .. ... | 600—600 | | | |
| | 2. Elliðaeyjarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 400—400 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 450—450 | | | |
| | 3. Bjargtangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 250—250 | | | |
| | 4. Arnarnesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 500—500 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... .... | 500—500 | | | |
| | Flyt... | 3,300 | 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,141,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 3,300 | 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,141,600 |
| 5. Kálfshamarsviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 100 | 100 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 200 | 200 | | | |
| 6. Skagatáarviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 150 | 150 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 400 | 400 | | | |
| 7. Siglunesviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 900 | 900 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 600 | 600 | | | |
| 8. Flateyjarviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 150 | 150 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 400 | 400 | | | |
| 9. Rifstangaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 200 | 200 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 400 | 400 | | | |
| 10. Langanesviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 250 | 250 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 200 | 200 | | | |
| 11. Dalatangaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 600 | 600 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 600 | 600 | | | |
| 12. Vattarnesviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 100 | 100 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 200 | 200 | | | |
| 13. Dyrhólaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 200 | 200 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 400 | 400 | | | |
| 14. Vestmannaeyjaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 700 | 700 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 500 | 500 | | | |
| 15. Reykjanesviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | 1500 | 1500 | | | |
| b. Reksturskostnaður ... ... | 1600 | 1600 | | | |
| Flutt... | 13,650 | 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,141,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 13,650 | 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,141,600 |
| 16. Garðskagaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 600—600 | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 750—750 | | | |
| 17. Gróttuviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 500—500 | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 450—450 | | | |
| 18. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir ferðam.: | | | | | |
| a. Á Skipaskaga... ... ... | | 75— 75 | | | |
| b. Á Gerðatanga... ... ... | | 100—100 | | | |
| c. Á Svartatanga við Stykkishólm ... ... ... ... | | 100—100 | | | |
| | | | 16,225 | 16,225 | |
| III. Bygging nýrra vita m. m. | | | | | |
| a. Svörtuloftaviti og breyting á Öndverðarnesvita ... ... | 18,000 | | | | |
| b. Nýtt hús um Langanesvita | 2,500 | | | | |
| c. Ingólfshöfðaviti... ... ... | | 16,000 | | | |
| d. Bygging húss um Reykjanesvita og rauð horn á Reykjanes-aðalvita og Garðskagavita ... ... ... ... | 3,000 | | | | |
| | | | 23,500 | 16,000 | |
| IV. Sjómerki ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| V. Ýmislegt .. ... ... ... ... ... ... ... | | | 1,500 | 1,500 | |
| | | | 50,925 | 42,925 | |
| | | | | | 93,850 |
| | | Samtals... | ..... | ... ..... | 1,235,450 |

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 781,650 kr.

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| A. Andlega stjettin: | | | | | |
| a. 1. Laun biskups ... ... ... ... ... | | 5,000 | | | |
| 2. Skrifstofukostnaður... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| | | | 6,000 | 6,000 | |
| | | Flyt ... | 6,000 | 6,000 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 6,000 | 6,000 | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| 2. Til bráðabirgðauppbótar brauðum.. ... | | | 4,000 | 3,500 | |
| 3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 5,000 | 5,000 | |
| 4. Framlag til prestlaunasjóðs ... ... ... | | | 50,000 | 50,000 | |
| 5. Til þess að mála að utan og pappaleggja Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkjur | | | 1,000 | | |
| 6. Álag á Þönglabakkakirkju ... ... ... ... | | | 1,000 | | |
| 7. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju frá 1861 | | | 400 | | |
| | | | 69,900 | 67,000 | 136,900 |
| B. Kenslumál: | | | | | |
| I. Til háskólans: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 36,000 | 37,200 | |
| b. Aukakensla | | | | | |
| 1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... ... ... | 800 | 800 | | | |
| 2. Til kennarans í efnafræði ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| 3. Til kennarans í lagal. læknisfræði... ... ... | 300 | 300 | | | |
| 4. Þóknun til frakknesks kennara í frönsku ... | 720 | 720 | | | |
| | | | 2,420 | 2,420 | |
| c. Styrktarfje: | | | | | |
| 1. Námsstyrkur ... ... | 7,200 | 7,200 | | | |
| 2. Húsaleigustyrkur.. ... | 3,600 | 3,600 | | | |
| 3. Utanfararstyrkur læknaefna ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| | | | 11,100 | 11,100 | |
| | | Flyt... | 49,520 | 50,720 | 136,900 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | | | 49,520 | 50,720 | 136,900 |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 100 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 320 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega aðeins veita utanbæjarnemendum; innanbæjarnemendum því aðeins, að þeir verði vegna námsins að kosta til húsnæðis síns sjerstaklega á svipaðan hátt og utanbæjarnemendur. | | | | | |
| d. Til bókakaupa m. m. | | | | | |
| 1. Bókakaup ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| 2. Til kaupa á tímaritum og öðrum bókum handa læknadeild ... ... ... | 4,000 | | | | |
| 3. Til bókakaupa handa heimspekisdeild ... ... | 1,500 | | | | |
| 4. Til kensluáhalda handa læknadeild ... ... ... | 500 | 500 | | | |
| 5. Umbúðir m. m. við ókeypis læknishjálp ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 8,000 | 2,500 | |
| e. Til útgáfu kenslubóka alt að... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka. | | | | | |
| f. Til að undirbúa efnisskrá yfir íslensk lög að fornu og nýju ... ... ... ... | | | 500 | 500 | |
| g. Til starfrækslu væntanlegra Röntgensáhalda m. m. alt að .. ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| h. Til að kaupa risasegul ... ... ... | | | 180 | | |
| i. Eldiviður, ljós og ræsting ... ... ... | | | 1,300 | 1,300 | |
| k. Önnur gjöld: | | | | | |
| 1. Laun ritara ... ... ... ... | | 800 | | | |
| 2. Laun dyravarðar, gæsla hitunarvjelar m. m. ... ... ... | | 1,600 | | | |
| 3. Ýmisleg útgjöld ... ... ... | | 1,500 | 3,900 | 3,900 | |
| | | | 66,400 | 61,920 | 128,320 |
| II. Mentaskólinn almenni: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 21,200 | 21,200 | |
| Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til yfirkennara Geirs Zoëga. | | | | | |
| b. Aðstoðarfje: | | | | | |
| Til söngkennara ... ... ..... | | 600 | | | |
| Handa fimleikakennaranum. ... | | 700 | | | |
| Flyt... | | 1,300 | 21,200 | 21,200 | 265,220 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 1,300 | 21,200 | 21,200 | 265,220 |
| Til dyravarðar ... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| Fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans.. ... ... ... | | 200 | | | |
| | | | 2,500 | 2,500 | |
| c. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til bókasafns skólans. | 400 | 400 | | | |
| 2. Til eldiviðar, ljósa og vatns ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Til skólahússins utan og innan ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 4. Til tveggja fastra aukakennara.. ... ... ... | 4,000 | 4,000 | | | |
| 5. Til tímakenslu og til prófdómenda alt að ... | 4,500 | 4,500 | | | |
| 6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum | 720 | 720 | | | |
| 7. Námsstyrkur.. ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 8. Læknisþóknun ... ... | 100 | 100 | | | |
| 9. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,200 | 1,200 | | | |
| 10. Til vísindalegra áhalda við kensluna. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 12. Til áhalda við fimleikakenslu .. ... ... | 100 | 100 | | | |
| 13. Til verðlaunabóka ... | 100 | 100 | | | |
| | | | 17,220 | 17,220 | |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje að eins veittur utanbæjarnemendum og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. | | | | | |
| | | | 40,920 | 40,920 | |
| | | | | | 81,840 |
| III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 9,400 | 9,400 | |
| | Flyt ... | | 9,400 | 9,400 | 347,060 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | | 9,400 | 9,400 | 347,060 |
| Af þessari upphæð eru 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. kennara og 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 3. kennara. | | | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til aukakennara þriggja | 2,200 | 2,200 | | | |
| 2. Tímakensla ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| 3. Til bóka- og kensluáhalda ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| 4. Til eldiviðar og ljósa... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 5. Námsstyrkur... ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 800 | 800 | | | |
| 6. Til dyravörslu ... ... | 500 | 500 | | | |
| 7. Til skólahússins utan og innan ... ... ... ... | 8,000 | 1,000 | | | |
| 8. Til ýmislegra útgjalda | 700 | 700 | | | |
| | | | 15,300 | 8,300 | |
| | | | 24,700 | 17,700 | |
| IV. Kennaraskólinn: | | | | | |
| a. Laun... ... ... ... ... | 6,600 | 6,600 | | | 42,400 |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Tímakensla .. ... ... | 2,000 | 1,200 | | | |
| 2. Til aukakennara. ... Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara. | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Eldiviður og ljós ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 4. Bókakaup og áhöld... | 300 | 300 | | | |
| 5. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 1,500 | 1,500 | | | |
| 6. Til viðhalds .. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 7. Ymisleg útgjöld... ... | 1,300 | 1,300 | | | |
| | | | 14,400 | 13,600 | |
| | | | | | 28,000 |
| V. Stýrimannaskólinn: | | | | | |
| a. Laun .. ... ... ... ... | 4,400 | 4,400 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til tímakenslu ... ... | 1,900 | 1,900 | | | |
| 2. Til áhaldakaupa o. fl. | 600 | 400 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa.. | 500 | 500 | | | |
| 4. Ýmisleg útgjöld... ... | 800 | 800 | | | |
| | | | 8,200 | 8,000 | |
| | | | | | 16,200 |
| | Flyt... | | ..... | ..... | 433,660 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| VI. Til bændakenslu: | Flutt ... | | ..... | ..... ..... | 433,660 |
| 1. Til bændaskólans á Hólum: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkennara ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíðakennara.. ... | 600 | 600 | | | |
| d. Til aðgerðar á gamla skólahúsinu og til skúrbyggingar ... ... .. | 5,150 | | | | |
| e. Til að setja ofn í leikfimishúsið ... ... ... | 300 | | | | |
| f. Til að reisa peningshús (fjós, hlöðu og haughús) alt að ... ... ... ... | 12,000 | | | | |
| g. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegs náms ... | 700 | 700 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári. | 400 | 400 | | | |
| 5. Til járnsmíðaáhalda og smiðjubyggingar.. | 1,000 | | | | |
| 6. Ýmisleg útgjöld ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| | | | 26,250 | 7,800 | |
| 2. Til bændaskólans á Hvanneyri: | | | | | |
| a. Laun ... .. ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkenslu ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíða og leikfimiskenslu .. ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| d. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegs náms ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári. | 400 | 400 | | | |
| 5. Ýmisleg útgjöld ... | 800 | 800 | | | |
| Flyt ... | 7,900 | 7,900 | 26,250 | 7,800 | 433,660 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 7,900 | 7,900 | 26,250 | 7,800 | 433,660 |
| 6. Til símalagningar ... | 1,200 | | | | |
| 7. Til þess að byggja anddyri við íbúðarhúsið ... .. ... | 850 | | | | |
| | | | 9,950 | 7,900 | |
| Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi eigi skemur en 6 vikur á ári, og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 6 kr. fyrir hverja viku námstímans. | | | | | |
| 3. Til skólahalds á Eiðum... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| VII. Til iðnfræðslu: | | | 38,700 | 18,200 | |
| | | | | | 56,900 |
| a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnar innar að reka iðnskóla í Reykjavík ... | 5,000 | 5,000 | | | |
| b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds . ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds.. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds . ... ... ... | 600 | 600 | 7,600 | 7,600 | |
| Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 reksturskostnaðar. | | | | | 15,200 |
| VIII. Til verslunarskóla: Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar... ... ... ... ... ... ... ... .. ... | | | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| IX. Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi annarstaðar að ... ... ... | | | 1,200 | 1,200 | 2,400 |
| Flyt .. | | | ..... | ..... ... | 518,160 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| X. Yfirsetukvennaskólinn: | | Flutt... | ..... | ..... | 518,160 |
| 1. Laun forstöðumanns ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til verklegrar kenslu: | | | | | |
| a. Laun 3 yfirsetukvenna í Reykjavík ... ... | 300 | 300 | | | |
| b. Annar kostnaður alt að | 400 | 400 | | | |
| 3. Styrkur til námskvenna... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting ... ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| XI. Til kvennaskóla: | | | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 1. Til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,675 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði | 6,700 | 6,700 | | | |
| 2. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 2,000 | 2,000 | | | |
| 3. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla | 600 | 600 | | | |
| 4. Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 900 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði .. .. ... ... | 3,600 | 3,600 | | | |
| 5. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 1,400 | 1,400 | | | |
| | | | 14,300 | 14,300 | 28,600 |
| XII. Til almennrar barnafræðslu: | | | | | |
| 1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 10,000 kr. hvort árið | | | 30,000 | 30,000 | |
| Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði. | | | | | |
| 2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers og til eftirlits með heimafræðslu alt að 100 kr. til hrepps ... ... ... ... | | | 20,000 | 20,000 | |
| Farskólastyrkur veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum. | | | | | |
| 3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ... ... | | | 18,000 | 18,000 | |
| 4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum .. ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| 5. Til prófdómara við barnapróf ... | | | 4,000 | 4,000 | |
| 6. Til framhaldskenslu handa kennurum | | | 2,500 | 2,500 | |
| | | Flyt... | 75,500 | 75,500 | 554,760 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | | 75,500 | 75,500 | 554,760 |
| 7. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna .. ... | 3600 | 3600 | | | |
| Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr. | | | | | |
| b. Til eftirlitsferða eftir reikningi ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| c. Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi ... ... ... ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 4,400 | 4,400 | |
| | | | 79,900 | 79,900 | 159,800 |
| XIII. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar .. ... ... ... ... ... ... | | | 14,000 | 14,000 | |
| Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Lýðskólanum á Hvítárbakka má auk þess veita 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er að minsta kosti 6 mánuði á skólanum, þó ekki yfir 600 kr. | | | | | |
| b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.. ... ... ... ... ... ... | | | 7,000 | 7,000 | |
| | | | 21,000 | 21,000 | 42,000 |
| XIV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... ... ... ... | | | 800 | 800 | 1,600 |
| XV. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 7,000 | 7,000 | 14,000 |
| XVI. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá ... ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| | Flyt... | | ..... | ..... | 773,360 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 773,360 |
| XVII. Til sundkenslu og leikfimi: | | | |
| a. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis. | 300 | 300 | |
| b. Til sundkenslu o. fl. annarstaðar.. ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur. | 1,500 | 1,500 | |
| c. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara, til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| d. Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| | 2,700 | 2,700 | 5,400 |
| XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík ... ... ... .. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Samtals... | ..... | ..... ..... | 781,560 |

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista veitast 183,890 kr.

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Landsbókasafnið: | | | kr. | kr. | kr. |
| a. Laun landsbókavarðar .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| b. — 1. bókavarðar ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| Þar af 500 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. bókavarðar. | | | | | |
| c. Laun 2. bókavarðar ... ... | 1,200 | 1,200 | | | |
| Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar. | | | | | |
| d. Til aðstoðar á lestrarsal ... | 800 | 800 | | | |
| e. Til að kaupa bækur og handrit ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | | | |
| f. Til bókbands .. ... .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| g. Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| h. Fyrir afskriftir (eftir reikningi) .. ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| i. Til að prenta ritaukaskrár... | 200 | 200 | | | |
| j. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... ... ... ... ... | 360 | 360 | | | |
| k. Ýmisleg gjöld .. ... ... ... | 400 | 400 | | | |
| | | | 19,960 | 19,960 | |
| 2. Landsskjalasafnið: | | | | | |
| a. Laun skjalavarðar . ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Laun aðstoðarskjalavarðar .. | 960 | 960 | | | |
| c. Til að binda inn og búa um skjöl o. fl. ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ... ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| e. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið .. ... ... ... | 250 | 250 | | | |
| f. Til þess að láta afskrifa og ljós mynda skjöl í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum, er snerta Ísland ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| | | | 5,610 | 5,610 | |
| 3. Þjóðmenjasafnið: | | | | | |
| a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar) .. ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Til aðstoðar eftir reikningi, alt að ... ... ... ... ... | 800 | 800 | | | |
| Flyt... | 2,600 | 2,600 | 25,570 | 25,570 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls. |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 2,600 2,600 | 25,570 | 25,570 | |
| c. | Til að útvega forngripi og til áhalda, alt að ... ... ... | 1,500 1,500 | | | |
| d. | Til að gefa út skýrslur um safnið frá 1876 ... ... ... | 300 300 | | | |
| e. | Til að raða myntasafninu... | 500 | | | |
| f. | Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að ... ... ... ... ... | 1,000 1,000 | | | |
| g. | Til Skúla Guðmundssonar til verndunar hins forna skála á Keldum í Rangárvallasýslu | 300 | | | |
| | | | 6,200 | 5,400 | |
| | Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. | | | | |
| 4. | Náttúrufræðisfjelagið. ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| | Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári. | | | | |
| | Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku. | | | | |
| 5. | Landsbókasafnshúsið: | | | | |
| a. | Til eldiviðar, ljósa o. fl... | 3,200 3,200 | | | |
| b. | Til dyravarðar... ... ... | 1,400 1,400 | | | |
| c. | Til viðhalds og áhalda ... | 1,000 1,000 | | | |
| d. | Upp í girðingarkostnað um Landsbókasafnshúsið og til þess að flísleggja gólf í fordyri hússins ... ... | 2,550 | | | |
| | | | 8,150 | 5,600 | |
| 6. | Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði ... ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| 7. | Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn. eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði.. ... ... ... ... ... ... | | 1,500 | 1,500 | |
| 8. | Til hins íslenzka bókmentafjelags ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| 9. | Til Þjóðvinafjelagsins... ... ... ... ... | | 750 | 750 | |
| | Flyt. . | | 47,170 | 43,820 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 47,170 | 43,820 | |
| 10. Til Fornleifafjelagsins ... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið. | 400 | 400 | |
| 11. Til sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... | 750 | 750 | |
| 12. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni... ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu. | 800 | 800 | |
| 13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 14. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk ... ... ... | 150 | 150 | |
| 15. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 16. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvikur, alt að ... | 2,000 | 2,000 | |
| 17. Til Einars skálds Hjörleifssonar ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 18. Til Þorsteins Erlingssonar skálds. ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 19. Til síra Valdimars Briem's. ... ... ... | 1,600 | | |
| 20. Til Guðm. skálds Magnússonar ... ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 21. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 22. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds .. ... | 1,200 | | |
| 23. Til Einars Jónssonar myndasmiðs ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 24. a. Til þess að kaupa listaverk eftir íslenska myndhöggvara ... ... ... .. ... 2,400 | | | |
| b. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara ... 2,000 | 2,400 | 2,000 | |
| 25. Styrkur til Jóh. S. Kjarval málara ... ... | 1,000 | ... | |
| 26. Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til þess að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... | 600 | 600 | |
| 27. a. Styrkur til Ríkharðs Jónssonar, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... 1000 » | | | |
| b. Til Rómferðar ... ... ... » 1000 | 1,000 | 1,000 | |
| Flyt... | 66,070 | 58,520 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 66,070 | 58,520 | |
| 28. Til Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn | 400 | 400 | |
| 29. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hér á landi ... ... ... ... | 1,100 | 1,100 | |
| 30. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri ... ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| 31. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn láti af öllum öðrum launuðum störfum og skili árlega af handritinu fullgerðu, sem svarar 40 prentuðum örkum. | 3,000 | 3,000 | |
| 32. Ferðastyrkur til Jóns Jónssonar docents til sögulegra rannsókna á erlendum skjalasöfnum | 1,200 | ... | |
| 33. Til þess að gefa út á þýsku bók Einars háskólakennara Arnórssonar er kallast »Rjettarfar Íslands« alt að ... ... ... ... ... | 4,000 | ... | |
| 34. Til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum . ... ... ... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| 35. Til Boga Th. Melsteð til að rita Íslendingasögu ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 800 | 800 | |
| 36. Til dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar til ritstarfa um heimspekileg efni, 50 kr. fyrir örkina alt að ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 37. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár ... ... ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 38. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsókna ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 39. Til dr. phil. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 40. Til dr. phil. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna... ... ... ... ... ... ... ... | 1,200 | 1,200 | |
| 41. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands ... ... | 600 | 600 | |
| 42. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ... | 600 | 600 | |
| 43. Tit Þórarins Guðmundssonar til þess að fullnuma sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði | 8,00 | ... | |
| 44. Til landmælinga á Íslandi . ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 45. Til jarðskjálftarannsókna .. ... ... ... | 550 | 550 | |
| 46. Til veðursímskeyta innanlands ... ... ... | 4,800 | 4,800 | |
| Flyt ... | 95,520 | 81,970 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 95,520 | 81,970 | |
| 47. Til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins ... | 500 | 500 | |
| 48. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur ... ... | 600 | 600 | |
| 49. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi ... ... ... ... ... ... Fjelagið gefi stjórnarráðinu reikning fyrir því, hvernig fjenu er varið. | 2,000 | | |
| 50. Til Íþróttasambands Íslands... ... ... ... | 1,000 | 500 | |
| 51. Til Sighvatar Gr. Borgfirðings, til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík ... | 300 | | |
| 52. Til Taflfjelags Reykjavíkur til að senda mann á skákþing Norðurlanda 1914 .. ... | 400 | | |
| | 100,320 | 83,570 | |
| | | | 183,890 |
| Samlals... | ..... | ..... | 183,890 |

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 366,820.

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. a. Til Búnaðarfjelags Íslands ... ... ... | 54,000 | 54,000 | |
| b. Til nýrra rannsókna til undirbúnings áveitu á Skeið og Flóa, gegn því, að sýslan leggi til það, sem umfram þarf, alt að | 5,000 | | |
| c. Til endurbyggingar á mjólkurskálanum við mjólkurskólann á Hvítárvöllum, alt að | 1,000 | | |
| 2. Til búnaðarfjelaga ... ... ... ... ... ... | 22,000 | 22,000 | |
| 3. Styrkur til ræktunarverkfræðisnema ... ... Styrkurinn veitist að eins vel mentuðum manni, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands. | | 800 | |
| 4. Til fyrirhleðslu fyrir Holtsá... ... ... ... | 3,700 | | |
| 5. Til fyrirhleðslu við ána Skálm í Álftaveri til varnar skemdum á engi nokkurra þjóðjarða, þó eigi yfir helming kostnaðarins, alt að | 1,000 | | |
| 6. Til skógræktar: | | | |
| a. Laun skógræktarstjóra... 3,000 | 3,000 | | |
| b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu.. ... ... ... 14,000 | 10,000 | | |
| | 17,000 | 13,000 | |
| Flyt... | 103,700 | 89,800 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 103,700 | 89,800 | |
| 7. | Til húsabóta á skógræktarjörðinni Vöglum | | 2,500 | | |
| 8. | Til sandgræðslu. ... ... ... ... ... ... | | 5,000 | 5,000 | |
| 9. | Til dýralækninga: | | | | |
| | a. Laun handa 2 dýralæknum | 2,400 2,400 | | | |
| | b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík | 400 400 | | | |
| | c. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna ... ... ... ... ... | 300 | | | |
| | d. Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis 1,200 1,200<br>Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun. | | | | |
| | e. Hálfs árs styrkur fyrir 1 dýralæknisnemanda erlendis | 300 | | | |
| | f. Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk alt að ... ... ... ... | 900 | | | |
| | | | 5,500 | 4,300 | |
| 10. | Til eftirlits með útflutningi á hrossum. ... | | 600 | 600 | |
| 11. | Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík: | | | | |
| | a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar ... ... ... ... | 2,400 2,400 | | | |
| | Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forsöðumanns. | | | | |
| | b. Til húsaleigu ... ... ... | 700 700 | | | |
| | Flyt... | 3,100 3,100 | 117,300 | 99,700 | |

| | | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 3,100 | 3,100 | 117,300 | 99,700 | |
| | c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar ... ... ... ... ... | 500 | 500 | | | |
| | d. Til áhaldakaupa... ... ... | 1,000 | | | | |
| | | | | 4,600 | 3,600 | |
| 12. | Til Gísla Guðmundssonar til gerlarannsókna erlendis ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 1,500 | | |
| 13. | Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við opinberar byggingar..... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| 14. | Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum alt að ... ... ... ... ... | | | 400 | 400 | |
| 15. | Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita ... ... ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| 16. | Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis ... ... ... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| 17. | Til »Sambands íslenskra samvinnufjelaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfjelagsskap og öðrum samvinnufjelagsskap... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að. | | | 500 | 500 | |
| 18. | Til Fiskiveiðasjóðs Íslands ... ... ... | | | 6,000 | 6,000 | |
| 19. | Til Fiskifjelagsins ... ... ... ... ... ... | | | 12,500 | 12,500 | |
| 20. | Utanfararstyrkur til Þorkels Þ. Clemenz til að afla sjer frekari þekkingar á þurkunaraðferðum og þeim tækjum og útbúnaði, sem notaður er til innlþurkunar... ... ... | | | 1,500 | | |
| 21. | Styrkur til Samábyrgðarinnar ... ... ... | | | 5,000 | | |
| 22. | a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum... ... ... ... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| | b. Til ferðakostnaðar.. ... ... | 400 | 400 | | | |
| | | | | 8,400 | 8,400 | |
| 23. | a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar... ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| | b. Ferðakostnaður m. m... ... | 400 | 400 | | | |
| | | | | 2,400 | 2,400 | |
| 24. | Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga og Sláturfjelags Suðurlands, til þess að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum landafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, | | | | | |
| | Flyt... | | | 166,100 | 139,500 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 166,100 | 139,500 | |
| enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að. ... | 4,000 | 4,000 | |
| 25. Styrkur til að senda mann eða menn til útlanda til þess að rannsaka nýja markaði fyrir sjávarafurðir og greiða fyrir sölu þeirra, gegn jafnmiklu tillagi annarstaðar að, þó eigi frá Fiskifjelagi Íslands, alt að ... ... | 3,000 | 3,000 | |
| Stjórnarráðið veitir styrkinn eftir tillögum Fiskifjelags Íslands. | | | |
| 26. a. Til leiðbeiningar í ullarverkun 1,200 1,200 | | | |
| b. Ferðakostnaður alt að... ... 400 400 | | | |
| | 1,600 | 1,600 | |
| 27. Þóknun til vörumerkjaskráritara... ... ... | 360 | 360 | |
| 28. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu .. ... | 1,500 | 1,500 | |
| 29. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd... ... ... ... ... ... ... .. | 300 | 300 | |
| 30. Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina. | 200 | 200 | |
| 31. Eftirlit með áfengiskaupum: | | | |
| a. Laun umsjónarmanns. ... 600 600 | | | |
| b. Önnur útgjöld ... ... ... 800 800 | | | |
| | 1,400 | 1,400 | |
| 32. Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 33. Styrkur til Sveins Oddssonar, til þess að halda uppi vöru- og mannflutningum á bifreiðum til og frá Reykjavík... .. ... ... | 3,500 | | |
| Flutningaferðirnar sjeu reglubundnar og samkvæmt áætlun, er stjórnarráðið samþykkir. | | | |
| 34. Styrkur til Hjálpræðishersins, til þess að koma upp gistihæli og sjómannahæli í Reykjavík... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 35. Styrkur til Steingríms Jónssonar, til þess að halda áfram námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... | | 800 | |
| 36. Til Eggerts Briems til að nema rafmagns- og vjelafræði á Þýskalandi ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| Flyt... | 184,560 | 154,260 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 184,560 | 154,260 | |
| 37. Til Guðmundar sýslumanns Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar í viðurkenningarskyni fyrir góða framgöngu við tilraun til að hefta botnvörpung, 500 kr. handa hvorum... ... .. ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 38. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... ... ... Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota. | | 6,000 | |
| 39. Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje og fram eigi minni upphæð annars staðar frá. | 10,000 | 10,000 | |
| 40. Til að gera bátauppsátur við bryggjuna á Blönduósi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að | 1,000 | | |
| | 196,560 | 170,260 | 366,820 |
| Samtals... | ..... | ..... | 366,820 |

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna, styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 163,800 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.;

viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobinu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.; til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur (frá Holti undir Eyjafjöllum) 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Torfadóttur frá Hólmum 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Krákssonar pósts 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.; til Sigurðar regluboða og dannedrogsmanns Eiríkssonar 300 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 18,000 kr. Af þessum gjaldlið má endurgreiða vörutoll af þeim kolum, sem Hið sameinaða gufuskipafjelag sannar að það hafi tekið í skip hjer á landi á fjárhagstímabilinu, til notkunar þeim skipum þess, sem samkvæmt samningi dags. 7. ágúst 1909 halda uppi millilandaferðum milli Íslands og Kaupmannahafnar um Leith og Færeyjar. Af þessari upphæð má ennfremur greiða 700 kr. til nokkurra manna á Langanesi upp í kostnað við björgun og greftrun 15 líka frá strandi norsks gufuskips »Fridtjof« 10. október 1907.

Þá má ennfremur greiða af þessari upphæð Sigurði sýslumanni Eggerz til endurgjalds aukakostnaðar (vegna Skeiðarárhlaups) við manntals þingaferð vorið 1913 eftir reikningi alt að 330 kr. 50 a.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 276,793,85 greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

1. Reykjavíkurdómkirkju má lána alt að 20,000 kr. Lán þetta ávaxtast og endurgreiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum landbúnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

3. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 25,000 kr.

5. Alt að 5,000 kr. til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita- eða sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Sýslufjelögum má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr. hvort árið, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðist á 15 árum.

7. Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu má, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, lána alt að 20 þús. kr. úr viðlagasjóði, til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað.

Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

8. Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelagsins, til að raflýsa Vík í Mýrdal. Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

9. Hvanneyrarhreppi í Eyjafjarðarsýslu má lána úr viðlagasjóði 18000 kr., til þess að raflýsa Siglufjarðarkauptún. Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

10. Úr viðlagasjóði má lána Jóni Björnssyni & Co. í Borgarnesi 7000 kr. til byggingar ullarþvottahúss. Full trygging sje sett fyrir láninu og greiðist af því $4^1/_2$% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 14 árum.

11. Stjórninni veitist heimild til að breyta afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppur fjekk úr viðlagasjóði 1908, að upphæð 10000 kr., þannig að lánið borgist á 25 árum í stað 15, enda rýrni eigi tryggingin fyrir láninu.

12. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi, alt að 25,000 kr., til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með $4^1/_2$%, er afborgunarlaust fyrstu árin tvö, og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1913 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, sbr. 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **794. Tillaga**

til þingsályktunar um, að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Alþingi skorar á stjórnina að láta verkfræðing landsins skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera nákvæma teikningu og áætlun um kostnað við brúarbygginguna, sem lagt verði fyrir Alþingi 1915.

Nd. **795. Þingsályktun**

um að landsstjórnin hlutist til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sjer upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt.

(Samþykt í Nd. 8. september).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að fræðslumálastjórn landsins afli sjer upplýsinga um tóbaksnautn ungmenna og barna um land alt, og einkum í ungmenna- og barnaskólum landsins, svo og um áhrif þau, er tóbaksnautn virðist hafa á andlegan og líkamlegan þroska barna og ungmenna, og hverra tóbakstegunda einkum er neytt, og að fræðslumálastjórnin leggi fyrir stjórnina skýrslur þær, er hún fær um þetta efni, ásamt bendingum til umbóta, ef hún álítur þess þörf.

Ed. **796. Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kjörskrá sú, er um ræðir í 7. gr. laga 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, skal samin fyrir árslok og gilda fyrir almanaksárið næst eftir, þótt aukakosning í bæjarstjórn fari fram á því ári. Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, eða henni er full vitanlegt, að fullnægt hefir skilyrðum fyrir kosningarrjetti síðan kjörskrá var samin.

2. gr.

Aukaniðurjöfnun þá, sem eftir 22. gr. sömu laga á að fara fram í júní, má bæjarstjórn láta fara fram í maí.

3. gr.

Gjalddagi bæjargjaldanna skal vera einn á ári hverju, hinn 1. dag júlímánaðar.

Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann flutti sig til kaupstaðarins, nema hann fyrir nokkuð af þeim tíma hafi greitt útsvar annarstaðar.

Ed. **797. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

63. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann veittur honum af dvalarsveit. jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., eða þurfalingur eftir úrskurði læknis verður eigi fluttur á framfærslusveit sína sakir sjúkleika. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á, að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

Ed. **798. Frumvarp**

til laga um forðagæslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

A. Skipun forðagæslumanna.

1. gr.

Í hverjum hreppi skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, til þess

að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi.

Sýslunefnd skal ákveða tölu forðagæslumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar. Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefnd skift hreppnum í jafnmörg forðagæsluumdæmi, og hefir þá hver forðagæslumaður sitt svæði til umsjónar.

2. gr.

Forðagæslumenn skal kjósa 3. hvert ár til 3 ára í senn um leið og hreppsnefndarkosning fer fram og að henni aflokinni. Skulu gilda sömu reglur um kosninguna sem um hreppsnefndarkosningu og hafa þeir allir kosningarrjett, sem þann rjett hafa til hreppsnefndarkosningar.

Hver karlmaður, sem er kjörgengur til hreppsnefndar, skal vera skyldur til að takast þennan starfa á hendur.

Skorast geta menn undan þessu starfi af samskonar ástæðum, sem þá er menn skorast undan hreppsnefndarstarfi.

Ef forðagæslumaður deyr eða lætur af starfi sínu af öðrum ástæðum, áður en kjörtími hans er liðinn, skal þegar kjósa mann í hans stað til þess tíma aðeins, sem eftir var af kjörtíma hans, og fer um þá kosningu, sem um aukakosningu í hreppsnefnd.

## B. Verksvið forðagæslumanna og laun þeirra.

3. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar; í fyrra sinni snemma vetrar og aftur síðla vetrar. Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili.

Í reglugerð þeirri, sem sýslunefnd setur samkvæmt 8. gr., skal ákveða, hvenær eftirlitsferðirnar skuli farnar og hvernig forðagæslumaður skuli afla sjer að vorinu vitneskju um fyrningar og skepnuhöld.

Í hverri ferð skal hann athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda, og meðferðina á skepnunum. Hann skal ávalt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili, svo og húsakynni fyrir búpening.

Þar að auki skal forðagæslumaður, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í þröng.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargerðir sínar í þar til gerða bók.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega, hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gerist á aukaskoðunum, skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða visari, og hverrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanna, að gefa hverjum búanda holl ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu.

Á hverju vori skulu þeir veita hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir því næst senda sýslumanni upp úr fardögum aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda, og skal sýslumaður leggja skýrslurnar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar.

Á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, alt að 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð, og greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Sýslunefnd skal semja reglugerð fyrir forðagæslumenn og skal þar sagt ítarlega fyrir um öll störf og skýrslugerðir forðagæslumanna.

Þessar reglugerðir skulu sýslunefndir senda stjórnarráðinu til staðfestingar, en það leitar í hvert sinn álits bjargráðastjórnar.

9. gr.

Forðagæslubækur sjeu með prentuðum dálkum og fyrirsögnum, og skulu löggiltar af sýslumanni. Bjargráðastjórn landsins útvegar bækurnar, svo og prentuð eyðublöð undir skoðunarskýrslur, eftir óskum sýslunefnda, og greiðist andvirði þeirra úr landssjóði. Forðagæslubækur eru landseign og sendast Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru eftir nánari ákvæðum bjargráðastjórnar.

C. Um skyldur þeirra, er komast í fóðurþröng o. fl.

10. gr.

Ef búandi kemst í fóðurþröng og finnur forðagæslumaður, að búpeningur hans er í slæmu standi, eða líkur til, að skepnurnar kunni að kveljast eða falla af fóðurskorti, þá skal hann hvetja búandann til þess að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða ráða honum, hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálpar von.

11. gr.

Ef búandi er í fóðurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, hvorki afla sjer fóðurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal

forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum. Getur hreppstjóri þá eftir tillögum forðagæslumanns skipað búandanum að afla sjer tiltekinna, nægilegra fóðurbirgða, ef þess er kostur, en kjósi búandinn heldur að farga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fóðurs.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti forðagæslumanns um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, ásamt öllum málavöxtum, en hann aftur sýslumanni.

12. gr.

Sá, er sekur verður um horfelli samkvæmt 11. gr., skal sæta sektum frá 10 til 200 kr., eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. Önnur brot gegn þessum lögum, eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða sektum frá 5 til 100 kr., nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð.

Með mál, er rísa út af brotum gegn þessum lögum, skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög nr. 7, 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. eru úr gildi numin.

Ed. **799. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa, alt að 5 miljónum króna. Fyrstu 4 árin, eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn, veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir veðdeildinni vera:

1. Varasjóður veðdeildarinnar.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð landssjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugjörð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs, og skulu gjaldheimtumenn landssjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í landssjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargjörð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarinnar skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarinnar, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjald-

daga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar; skal í reglugjörð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi hærri vera en 50 þúsund krónur, og minsta lán sem veðdeildin veitir, skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign, alt að 35 árum, sje veðið vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 25 árum, sje veðið timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa deildarinnar fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

Verði eigandaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin og greiða í varasjóð 1% af þeirri upphæð, sem þá hvílir á eigninni til veðdeildarinnar. Vanræki einhver að tilkynna veðdeildinni söluna og að greiða gjaldið með næsta pósti eftir að salan fór fram, skal hann greiða tvöfalt gjald.

Bæði kaupandi og seljandi skulu bera sameiginlega ábyrgð á því, að gjald þetta sje skilvíslega greitt. Og stendur hin selda eign einnig að veði með 1. veðrjetti fyrir þessu gjaldi.

Undanþegnir þessu gjaldi skulu þó lífserfingjar, er fá fasteign í arf, ef þeir tilkynna eigendaskiftin samkvæmt þessari grein.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer lán til veðdeildarinnar, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar eða gjald við sölu (sbr. 11. gr.) eigi er greitt, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því að eins, að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

16. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

18. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða

fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

20. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

22. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

23. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar henn-

ar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 5000 krónur. Til endurskoðenda má verja 300 kr. til hvors.

Nd. **800 Tillaga**

til þingsályktunar um íslenskan siglingafána.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi. Skúli Thoroddsen. Benedikt Sveinsson.

Neðri deild ályktar að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um íslenskan siglingafána, er hafi þá gerð og þann lit, sem til var tekið í frumvarpi því um íslenskan fána, sem efri deild vísaði til stjórnarinnar hinn 8. þ. m.

Nd. **801. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsm. Lárus H. Bjarnason.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fella úr stjórnartíðindunum dönsku þýðinguna á íslenskum lögum.

Ed. **802. Lög**

um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

(Samþykt í Ed. 9. september).

1. gr.

Landssjóður leggur Landsbankanum til árlega næstu 20 ár 100 þúsund krónur til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóvember 1907.

Landssjóður skal vera innskotseigandi *(interessent)* að þessu fje. Skal hann af því fá sömu hlutdeild, sem hann mundi fá af jafnhárri hlutafjárupphæð, af hreinum tekjuágóða bankans, í hlutfalli við annað eignarfje hans.

Í þessu efni skal skoða seðla landssjóðs sem eign bankans.

Uns lánið, sem nú er, er að fullu greitt, greiðir bankinn vöxtu af því (þeim hluta þess, sem á hverjum tíma er ógreiddur).

2. gr.

Heimilt er stjórninni að taka í þessu skyni alt að 200,000 kr. lán handa landssjóði.

Ed. **803. Lög**

um friðun fugla og eggja.

(Samþykt í Ed. 9. september).

1. gr.

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring:

1. Erlur. 2. Steindeplar. 3. Þrestir. 4. Músarrindlar. 5. Þúfutitlingar (grátitlingar). 6. Auðnutitlingar. 7. Sólskríkjur (snjótitlingar). 8. Svölur. 9. Starrar. 10. Óðinshanar. 11. Þórshanar. 12. Rauðbrystingar. 13. Sendlingar. 14. Lóuþrælar. 15. Hrossagaukar. 16. Tildrur. 17. Sandlóur. 18. Jaðrakön. 19. Keldusvín. 20. Heiðlóur. 21. Tjaldar. 22. Stelkar. 23. Vepjur. 24. Hegrar. 25. Svanir. 26. Æðarkongar. 27. Kríur. 28. Hettumáfar. 29. Haftyrðlar. 30. Snæuglur.

2. gr.

Þessar fuglategundir skulu ekki vera friðaðar á neinum tíma árs:

Valir, smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, svartbakar, hvítmáfar, grámáfar, helsingjar, skarfar, súlur, svartfuglar, ritur, álkur, sefandir, toppandir, himbrimar og hrotgæsir.

3. gr.

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

a. Rjúpur alfriðaðar á tímabilinu frá 1. febrúar til 20. september, og auk þess alt árið 1915 og úr því 7. hvert ár.
b. Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði, þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. mars og ekki enda fyr en 10. ágúst.
c. Lundi frá 10. maí til 20. júní.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði. Þó getur ráðherra Íslands eftir tillögum sýslunefnda veitt leyfi til að veiða lunda með netum í eyjum, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum, enda sje það sannað, að lundanum verði ekki útrýmt með háfaveiði. Fyrir slíku leyfi skal það þó ávalt gert að skilyrði, að netaveiði þessi fari fram á þann hátt, að verið sje yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum. Skal sýslumaður annast um, að stöðugt eftirlit sje haft með veiðinni, og greiða varpeigendur allan kostnað við eftirlitið. Brot gegn þessum ákvæðum varða 10—15 kr. sektum.

d. Allar fuglategundir, sem hjer hafa ekki verið taldar, nema friðaðar sjeu með sjerstökum lögum, skulu friðaðar vera frá 1. apríl til 1. ágúst.

e. Ernir skulu friðaðir 5 ár frá því lög þessi koma í gildi, en síðan ófriðaðir og teljist undir 2. gr.

4. gr.

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 32 kr.

Brot gegn 3. gr. e., varðar 25 króna sektum.

5. gr.

Egg þeirra fugla, sem taldir eru í 1. gr., skulu friðuð vera, nema kríuegg. Ennfremur skulu rjúpnaegg og arnaregg vera friðuð.

6. gr.

Fyrir hvert friðað egg, er tekið er, skal sá, er brotlegur verður greiða 1 kr. sekt, en fyrir arnaregg skal greiða 10 kr. sekt.

7. gr.

Undanþágu frá ákvæðum laga þessara getur ráðherra Íslands veitt vísindalega mentuðum fuglafræðingum, og náttúrufræðiskennurum, sem safna fyrir skólana og náttúrufróðum mönnum, er safna fyrir Náttúrugripasafnið í Reykjavík.

8. gr.

Mál þau, er rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál. Sektirnar renna að $^1/_3$ hluta í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en að $^2/_3$ til uppljóstanda.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914, og eru um leið úr gildi numin lög um friðun fugla frá 27. nóvember 1903.

Nd. **804. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til landskiftalaga (þingskj. 760).

Frá landbúnaðarnefndinni.

Efri deild hefir gert nokkrar breytingar við frumvarpið; en allar eru þær fremur smávægilegar, og þó síst til þess að bæta frumvarpið. Sú breytingin, er verulegu máli skiftir er við 13. gr.

Í frumvarpinu, er það fór hjeðan, var svo fyrir mælt í niðurlagi 13. gr., að þegar landi ekki er skift að rjettri tiltölu, en einhver eigandi hefir látið af hendi meira verðmæti í landeign innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, þá skuli svo álitið, að það sje afsalað honum eða selt, *og komi það til greina við*

*næsta jarðamat.* — Þessum síðustu orðum hefir efri deild breytt á þann hátt, *að skattskylda jarðanna eða jarðarpartanna breyttist* samkvæmt umræddum skiftum.

Nefndin vill láta þess getið, að þótt hún ekki leggi til, að niðurlagi 13. gr. eins og það er nú, sje breytt á ný, þá heldur hún fast við þann skilning, *að breytingar þær, er skifti lands hafa í för með sjer, komi fyrst til greina við næsta jarðarmat.*

Við framsögu málsins verður gerð frekari grein fyrir breytingum efri deildar á frumvarpinu, og leggur nefndin til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 9. sept. 1913.

| | |
|---|---|
| Eggert Pálsson, formaður | Sigurður Sigurðsson, skrifari og framsögum. |

Kristján Jónsson. H. Steinsson. Bjarni Jónsson, frá Vogi.

Nd. **805. Frumvarp**

til laga um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfje á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, sem getur um í 6. gr.

3. gr.

Stjórnarráðið annast um árlega pöntun á nægilegum baðlyfjum fyrir landið, og skal það ákveða, hvaða baðlyf nota skuli, og jafnframt gefa út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra. Stjórnarráðið annast jafnframt um, að baðlyfin verði flutt á þær hafnir, sem hreppsnefndir óska þegar þær senda pöntun.

4. gr.

Stjórnarráðið auglýsir í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, hvaða verð sje á baðlyfjum þeim, sem panta á hvert ár, svo snemma, að nægur tími sje fyrir hreppsnefndir til undirbúnings.

5. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi annast útvegun baðlyfja og sjá um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt svo snemma, að pöntun þeirra geti komist til stjórnarráðsins fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu sauðfjáreigendur jafnframt borga baðlyfin og þeir gera pöntun. En farist það fyrir, að einhver greiði andvirði baðlyfjanna til sveitarstjórnar, skal hún greiða það úr sveitarsjóði til bráðabirgða. En innheimta skal það hið allra fyrsta og fylgir því lögtaksrjettur.

6. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með að allir baði. Að öðru leyti gefur stjórnarráðið út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sje fylgt.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfje til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 40, frá 8. nóvbr. 1901, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

Nd. **806. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909 (þgskj. 783).

Frá ráðherra.

Aftan við 1. gr. komi svolátandi:

2. gr.

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn.

Greinatalan á eftir breytist samkvæmt því.

Ed. **807. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 752.

Frá flutningsmönnum.

Fyrir »Efri deild Alþingis« komi: Alþingi.

Ed. **808. Frumvarp**

til laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi, eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

Orðið sveitarfjelag táknar í lögum þessum kaupstað eða hrepp, sem kauptún er í; sveitarfjelagsstjórn og sveitarfjelagsumdæmi táknar stjórn eða umdæmi slíks sveitarfjelags.

2. gr.

Hver sveitarfjelagsstjórn hefir einkaleyfi til að veita rafmagni um sveitarfjelagsumdæmið, hvort sem er með rafmagnstaugum ofan jarðar eða neðan, (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905). Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarfjelagsstjórnin ákveður, að rafmagnsveitan skuli ná til, skulu skyldir að þola hvers konar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarfjelagsstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarfjelagssjóður.

3. gr.

Nú er rafmagnsveita á komin, og skal þá sveitarfjelagsstjórnin hafa einkarjett til að selja rafmagn í umdæmi sveitarfjelagsins. Hún getur og áskilið sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum í umdæminu.

4. gr.

Sveitarfjelagið kostar lagning inn fyrir húsvegg, eða að mæli í húsi en húseigandi eða húsráðandi kosta, eftir því sem þeim um semur, lagning tauganna innan húss og lýsingar-áhöld, ef þeir vilja raflýsingu nota.

5. gr.

Gjald fyrir notkun rafmagnsins skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarfjelags-stjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og skal hana endurskoða eigi sjaldnar en 5. hvert ár. Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar, samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem ávantar úr sveitarfjelagssjóði.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitarfjelagsgjöld.

6. gr.

Heimilt er sveitarfjelagsstjórn að heimta gjald, samkvæmt gjaldskránni, af hverjum húsráðanda, eftir að rafmagnstaug hefir lögð verið inn í hús hans. Þetta afgjald af hústaug skal vera jafnt fyrir alla húsráðendur.

7. gr.

Sveitarfjelagsstjórnin ein hefir rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, sem sveitarfjelagsstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarfjelagsstjórnin setur. Þeir einir sem þannig eru löggiltir mega fást við lagning rafmagnstauga eða önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitu lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

8. gr.

Hver sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarfjelagsins eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsisrefsingu eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæti auk þess skaðann að fullu.

9. gr.

Sveitarfjelagið getur sett reglugerð um notkun rafmagnsins, meðferð á rafmagnsstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir hana.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 1. jan. 1916.

Nd. **809. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Matth. Ólafsson.

Við 14. gr. B. XIII. a.

Málsgreinin: »Lýðskólanum á Hvítárbakka — — þó ekki yfir 600 kr.« falli burt, en í hennar stað komi ný málsgrein svohljóðandi:

Lýðskólanum á Hvítárbakka og ungmennaskólanum á Núpi má auk þess veita, hinum fyrnefnda 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er að minsta kosti 6 mánuði í skólanum, þó ekki yfir 600 kr. á ári, og hinum síðarnefnda 20 kr. fyrir hvern nemanda, sem er að minsta kosti 5 mánuði í skólanum, þó ekki yfir 400 kr. á ári.

Nd. **810. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Við 12. gr. 2.

Á eftir þeim lið komi nýr liður, svo látandi:

| | | |
|---|---|---|
| Styrkur til hreppsbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað, og í Hólshreppi, í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar ... ... ... ... .. | 300— | 300 |

Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hólshreppi.

Sþ. **811. Lög**

um vatnsveitingar.

(Samþykt í Sþ. 8. september).

1. gr.

Vötn öll, stór og smá, skulu svo renna sem að fornu hafa runnið, og má ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, sem breytingin snertir hagsmunalega, eða heimild sje gefin til þess í lögum þessum.

Nú breyta vötn farvegi sínum, og er þá hverjum heimilt, sem fyrir skaða verður, að veita þeim í sinn forna farveg, og hefir hann jafnframt rjett til að nota til þess efni úr annars manns landi, ef nauðsyn krefur, gegn endurgjaldi. Þegar um mikið mannvirki er að ræða, skal um það leita álits verkfróðs manns, sem landsstjórnin hefir tekið gildan eða sett til þess, og skal farið að hans ráðum um framkvæmd verksins. Borgun til hans telst til kostnaðar við verkið.

2. gr.

Við áveitu og framræslu skal vatni veita svo á land eða af landi, að öðrum sje ekki mein að.

Nú telur einhver sjer mein af áveitu eða framræslu annars og samkomulag verður ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt úttektarmenn til skoðunar- og matsgerðar á þessu. Telji úttektarmenn gjörðarbeiðanda að vísu skaða af áveitunni eða framræslunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en úttektarmenn skulu þá meta fullar bætur fyrir.

Ef úttektarmenn meta gjörðarbeiðanda ekki meiri bætur en honum hafa verið boðnar, greiði hann matskostnað, en að öðrum kosti sá, er áveituna eða framræsluna hefir gjört.

3. gr.

Sá, sem veita vill vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars eða þarf að leiða vatnið yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt úttektarmenn til gjörðar um málið. Áliti úttektarmenn hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt í gegnum það, skal það heimilt gegn hæfilegri þóknun. Telji þeir landeiganda baga að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef úttektarmenn telja skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstökunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið annarsstaðar eða leitt með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn gjöri. Gjörðarbeiðandi greiði matskostnað.

4. gr.

Ekki má öðruvísi en eftir samkomulagi gerstífla ár, læki eða aðra vatnsfarvegi, og halda þannig vatni fyrir öðrum.

5. gr.

Nú fellur vatn milli tveggja jarða, og eiga þá hvor um sig, þeir er land eiga að, rjett á að nota vatnið að helmingi. Ef vatnið er svo lítið, að ekki nægi, þá skal með úrskurði úttektarmanna ákveða skifti og notkun vatnsins. Borgun til úttektarmanna greiði hvor um sig að helmingi.

Ef fleiri jarðir liggja að á, læk eða öðru vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag næst ekki um, hvernig nota skuli, má útkljá það með löggiltri samþykt samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land og geta þá þeir, er landið eiga, krafist þess, að úttektarmenn skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanua eftir jarðamatinu, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu. Rjett til að heimta yfirmat eða yfirúrskurð um skiftin hefir hver jarðeigenda og ábúenda, og auk þess hver veðhafi í landi því, er skift var, um eitt ár frá skiftadegi. Kostnaðinn við skiftin greiða jarðeigendur að tiltölu við jarðarstærð svo og kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð, ef breyting verður gerð á skiftum, ella greiðir gerðarbeiðandi þann kostnað.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns til samáveitu, um viðhald skurða og vatnsfarvega, og um vörn gegn skemdum af vatnságangi.

8. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt um samáveitu eða framræslu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til

samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metinn er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber honum 4 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað að auki, eftir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

9. gr.

A fundi þeim, sem getur um í 8. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefur gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefur ekki náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

10. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

11. gr.

Í samþykt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþyktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

12. gr.

Ákveða má í samþykt 1—200 kr. sektir fyrir brot gegn henni, og þá jafnframt tiltaka, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Þegar löggilt samþykt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land

undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sje krafist. Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar, en náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

14. gr.

Þegar gerðar eru mælingar til undirbúnings samáveitu, er þeim, sem það gera, heimilt að fara að ósekju yfir lönd manna hvar sem er, hvort heldur gangandi eða með hesta, en varast skulu mælingamenn óþarfa troðning á túnum eða engjum. Merki þau og vörður, er mælingamenn þessir setja, skulu teljast til hluta þeirra, er friðaðir eru samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

15. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli jarðanna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver jörð liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar jarðir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna.

16. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi úttektarmanna er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til úttektarmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Nú er samþykt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landsdrottin um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landsdrottinn leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og ennfremur eftirgjaldsauka eftir samkomulagi eða eftir mati úttektarmanna, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landsdrottinn ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna, og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar fimtánföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

18. gr.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn, samkv. 17. gr., getur stjórn samáveitunnar krafist þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa áveitufjelaginu. Snýr stjórnarnefndin sjer í því efni til hjeraðsdómarans, sem dómkveður 3 óvilhalla menn utan sveitar og utan áveitusvæðisins til að meta jörðina til eignarnáms. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna. Nú er landeigandi eða áveitufjelagsstjórnin óánægð með matsverðið, og má þá hvor um sig skjóta gerðinni til yfirmatsnefndar þeirrar, sem greinir um í 20. gr. Matsnefndirnar skulu láta birta landeiganda og áveitustjórn matsgerðir á sama hátt og dómar eru birtir; kostnaður við það telst til matskostnaðar. Áfrýjunarfrestur er 3 mánuðir frá birtingu. Áður en 5 mánuðir eru liðnir frá birtingu matsgerðar, enda sje undirmatsgerð ekki áfrýjað, skal stjórn áveitufjelagsins krefjast, að eignarnámið fari fram, og leggja fram matsverðið. Áveitufjelaginu eða þeim, er síðar eignast jörðina, er skylt að leggja fram áveitukostnaðinn og öðlast þá þann rjett gagnvart leiguliða, sem segir í 17. gr.

19. gr.

Þar sem ákveðið er í lögum þessum, að úttektarmenn skuli skoða, meta, skera úr o. s. frv., skulu það gjöra úttektarmenn í því umdæmi, þar sem land það liggur, sem meta á, skoða eða skera úr um. Nú liggur það í tveim úttektarmannaumdæmum eða fleiri, en í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá sýslumaður tilnefna tvo af úttektarmönnum umdæmanna til gerðarinnar. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Úttektarmenn tilnefna oddamann, áður mat byrjar, sem sker úr, ef þá greinir á. Nú er svæði það, sem gerðina varðar, í tveim lögsagnarumdæmum eða fleiri, og heyrir þá tilnefning gerðarmanna, sú, sem á undan greinir, undir hjeraðsdómarann í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðarbeiðandi býr, ef hann býr á svæðinu, eða, ef hann býr utan þess, þar er sú fasteign liggur, sem hann beiðist gerðar vegna. Má dómarinn í þessu tilfelli útnefna menn úr hverju umdæmanna sem er.

Fyrir skoðunar- og matsgerðir o. s. frv. eftir lögum þessum fá úttektarmenn sömu borgun og þeim ber að lögum fyrir áþekk störf, og greiðist hún af gerðarbeiðanda, ef ekki er öðru vísi kveðið á í lögum þessum.

20. gr.

Öllum matsgerðum og úrskurðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, má hver sá, sem málið varðar, skjóta til yfirmats eða yfirúrskurðar dómara þess, sem útnefning úttektarmanna samkvæmt 19. gr. ber undir, og 4 manna annara, óvilhallra, sem hann kveður til þess fyrir rjetti og mega þeir vera úr öðrum lögsagnarumdæmum, ef dómaranum þykir ástæða til þess. Dómarinn er formaður yfirmatsmanna og stýrir matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð, ella skal ákveðið í yfirmatinu eða yfirúrskurðinum, hverir greiða skuli, sbr. þó 6. gr.

21. gr.

Skaðabætur þær, sem úttektarmenn eða yfirmatsnefnd meta samkvæmt lögum þessum, mega vera annaðhvort fjegjald í eitt skifti eða árlegt fjegjald, eftir því hvernig skaða þeim er varið, sem bæta skal.

Nú kemur í ljós, er frá líður, meiri skaði en fyrirsjáanlegur var, þá mat fór fram, og er þá heimilt að láta meta upp aftur, og fer það mat fram á sama hátt og frummatið.

Fjegjöld samkvæmt matsgjörðum og kostnað við matsgjörðir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki.

22. gr.

Úttektarmenn, matsmenn eftir 18. gr., og yfirmatsnefnd skulu gefa málsaðilum kost á að vera við mats- og skoðunargerðir þær, er þeir framkvæma eftir lögum þessum; skulu þeir því í tæka tíð tilkynna þeim, hvenær matsstörfin eða skoðunargjörð byrja og er störfum lýkur í hvert sinn, hvenær þau verði tekin fyrir aftur. Aðilum skal gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu aðilar viðstaddir, er matsmenn ræða málið sín í milli til undirbúnings álits síns eða þegar álitið er samið.

23. gr.

Brot gegn 3. og 4. gr. laga þessara varða sektum 10—500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir þessar renna í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþyktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir ákvæðum framanskráðra laga.

Nd. **812. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson og Kristinn Daníelsson.

Við 13. gr. B. XVII. Þar á eftir komi nýr liður:

XVIII. Til sýsluvegar úr Grindavík á Keflavíkurveginn gegn jafnmiklu tillagi annarstaðar frá, síðara árið ... ... ... ... ... ... » — 5000

Nd. **813. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 15. gr. 40. (Dr. phil. Helgi Pjeturss)
Fyrir »1200—1200«
komi: 2000—2000.

Nd. **814. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flm.: Kristinn Daníelsson. Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. E. 15. b. Þar komi nýr stafliður:
c. Til að kaupa vitajörðina . ... ... ... 1750 —«

Eftirrit.

Stjórnarráð Íslands fyrir hönd landssjóðs og Ólafur hreppstjóri Ketilsson sem eigandi jarðarinnar Kalmannstjarnar í Hafnahreppi gera eftirfarandi samning um viðbót við lóð Reykjanesvitans:

Til viðbótar lóð vitans við Bæjarfell samkvæmt áreiðargerð 12. júlí 1878, sem lauslega er dregin með rauðum takmörkum á viðheftum uppdrætti, afhendi jeg Ólafur Ketilsson landssjóði lóð, sem er rjetthyrndur ferhyrningur, 300 metrar á breidd og 600 metrar á lengd, og innilykur hina nýnefndu gömlu landssjóðslóð, og eru takmörk þessarar ferhyrndu lóðar sýnd með bláum strikum á nefndum viðheftum uppdrætti.

Ennfremur afhendi jeg Ólafur Ketilsson landssjóði lendinguna Kistubás ásamt rjetthyrndri ferhyrndri lóð beggja megin og upp af lendingunni, 350 metrar á lengd og 150 metrar á breidd, og er lóð þessi sýnd með bláum takmarkastrykum á framannefndum viðheftum uppdrætti.

Loks afhendi jeg Ólafur Ketilsson landssjóði vegarstæði undir veg milli hinna tveggja nýnefndu ferhyrndu lóða með rjetti til að taka efni í hann í landi Kalmannstjarnar.

Fyrir þessi auknu lóðarrjettindi skal lóðargjaldið hækka upp úr því, sem það er ákveðið með matsgerð 12. júlí 1878 upp í 75 kr. á ári, og skuldbindur stjórnarráðið landssjóð til að greiða það.

Samningur þessi og uppdrátturinn eru gerðir í tveim samhljóða frumritum.

Lóðarafsalsbrjefi þessu má þinglýsa, án þess að jeg, Ólafur Ketilsson, sje tilkvaddur.

Kalmannstjörn 12. nóv. 1910.
Ól. Ketilsson.

Vitundarvottar:
Th. Krabbe.
Ólafur Gunnlaugsson.

Í stjórnarráði Íslands, 15. nóvbr. 1910.
F. h. r.
Kl. Jónsson.
Jón Hermannsson.

Ed.

## 815. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og tveir menn, er sýslunefnd kýs eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sjer, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn frambjóðandi í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.


Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar. Ef hann er frambjóðandi, skal hann þó víkja sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

2. gr.

19. grein laganna orðist svo:

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi, heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannaefni kosið eða kosin. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafn-stórir og eins í lagi og með sama lit. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ sm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 sm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ sm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðlar skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje, að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

3. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann, (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 sentímeter að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 28. gr.

4. gr.

38. grein laganna orðist svo:

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

5. gr.

40. gr. laganna falli burt; í hennar stað komi svohljóðandi grein:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fleiri fram, skal enn bíða $^1/_4$ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 4 klukkustundir eru liðnar frá því, er byrjað var að taka við atkvæðum.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 39. gr. fyrri málsgrein, til að greiða atkvæði á meðan seðlaforðinn endist.

Ed. **816. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Háttvirt neðri deild hefir gert örlitlar breytingar á frumvarpi þessu, mestmegnis orðabreytingar. Þar eð nefndin lítur svo á, að breytingar þessar, er gerðar hafa verið, sjeu fremur til bóta, þá leyfir hún sjer að leggja það til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir.

Efri deild Alþingis 9. sept. 1913.

G. Björnsson H. J. Kristófersson
framsögum. og skrifari.

Sig. Eggerz
form.

Nd. **817. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá sjávarútvegsnefndinni.

Við 16. gr. 25. Fyrir »3000—3000«
komi: 4000—4000.

Nd. **818. Þingsályktun**

um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

(Samþykt í Nd. 9. september).

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnarráðið að rannsaka og undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvernig og á hvaða hátt auðveldast sje að framkvæma mælingu á túnum og matjurtagörðum landsins og hvað slíkt mundi kosta. Komi það í ljós við þessa rannsókn, að skipa þurfi fyrir með lögum um framkvæmd slíkra mælinga, leggur deildin til, að stjórnin semji og leggi fyrir alþingi frumvarp þar að lútandi.

Ed. **819. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um bjargráðasjóð Íslands.

Neðri deild hefir gert eina efnisbreytingu á frumvarpinu, þá, að hallærisgjald skuli ávalt greiða úr sveitarsjóði og skuli það vera 25 aurar fyrir hvern mann í sveitinni, og skuli tillagið úr landssjóði líka vera 25 aurar fyrir hvern mann. Árstekjur sjóðsins verða talsvert minni en áður var ætlað, en þó rúmar 40,000 kr. samtals. Í frumvarpinu var upprunalega ætlast til miklu meiri tekna, 44,000 kr. frá hjeruðunum og 22,000 úr landssjóði.

Vjer álítum, að frumvarpið hljóti nú að falla öllum þeim vel í geð, sem áður voru því andvígir, vegna nefskattsins og gjaldhæðarinnar.

Hins vegar er ekki raskað megintilgangi frumvarpsins.

Fyrir því leggjum vjer til, að frumvarpið verði nú samþykt óbreytt.

Alþingi 10. sept. 1913.

Guðjón Guðlaugsson form — G. Björnsson skrifari og framsögum.

Björn Þorláksson. — Jón Jónatansson. — Þórarinn Jónsson.

Ed. **820. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um forðagæslu.

Neðri deild hefir mjög litlar breytingar gert á þessu frumvarpi og engar, sem raska gildi þess, sumar enda til bóta.

Leggjum vjer til að frumv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi 10. sept. 1913.

| | |
|---|---|
| Guðjón Guðlaugsson | G. Björnsson |
| form. og framsögum. | skrifari. |

Björn Þorláksson. Jón Jónatansson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **821. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 13. gr. B XVII.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Til steinsteypubrúar á Þverá syðri í Eyjafirði, þó ekki yfir 1/4 byggingarkostnaðar, alt að 700— »

Nd. **822. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

Við 13. gr. B. III. 7.

Eftir þann lið komi:

Til þjóðvegar í Austur-Skaftafellssýslu .. ... 5000— »

Liðatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **823. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Þorleifi Jónssyni.

Við 16. gr. 40.

Eftir þeim lið komi nýr liður svohljóðandi:

Til þess að rannsaka og gera áætlun um kostnvið að gera bátalending við Ingólfshöfða í Öræfum, alt að ... ... ... ... ... ... .. ... ... 800— »

Ed. **824. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands (þingskj. 722).

Nefndin telur það illa farið, að háttvirt neðri deild skuli hafa felt burtu úr frumvarpinu viðauka þá, sem það fjekk hjer í deildinni undir meðferð málsins. Álit nefndarinnar er nú sem áður, að línan Sauðárkrókur—Siglufjörður eigi *fulla rjettlætiskröfu* til að vera tekin í 1. fl. og um línuna Ísafjörður—Patreksfjörður og jafnvel fleiri línur má segja, að mikið mæli með, að þær sjeu teknar í sama flokk, þótt til þess sjeu ekki eins gildar ástæður.

Um starfrækslu stöðvanna hefir og nefndin eigi breytt skoðun sinni, og telur eigi að eins rjettlátt, að ákvæðum þeim hefði verið haldið, sem samþykt voru hjer í deildinni um það efni, heldur líka nauðsynlegt til að reisa skorður við alt of tilfinnanlegum starfrækslukostnaði í framtíðinni, sem reynslan mun leiða í ljós, að ekki verði komist hjá að greiða af símafje þegar frá líður.

Hvorttveggja þetta hefir þó háttv. neðri deild felt burtu. Svo varkár hefir háttvirt neðri deild verið um breytingar á 9. gr. símalaganna, að hún hefir ekki fundið ástæðu til að breyta orðinu »jafnan« í 1. línu þeirrar greinar hinnar gildandi laga, sem þó þarf að gera, ef samræmi á að fást milli framkvæmdar laganna, eins og hún er og hefir verið, og lagaákvæðisins, og á þetta hafði nefndin hjer í deildinni bent á í áliti sínu.

Þótt frumvarpið hafi stórspilst í háttvirtri neðri deild og í engu minsta atriði tekið umbótum, þá vill nefndin samt ekki, eins og nú er komið tíma þingsins, koma fram með breytingartillögur við það, af því hún eftir atvikum telur rjettara, að það nái fram að ganga, en að það falli eða dagi uppi.

Efri deild Alþingis, 8. sept. 1913.

Björn Þorláksson, formaður. Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.

Þórarinn Jónsson.

Nd. **825. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson, Kristinn Daníelsson og Jóh. Jóhannesson.

Við 13. gr. C. III. (Eimskipafjelag Íslands).
Orðin í athugasemdinni: »og ef samningar takast við það um strandferðir eigi síðar en 1916« falli burt.

Nd. **826. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni.

Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Ed. **827. Frumvarp**

til laga um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfje á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, sem getur um í 6. gr.

3. gr.

Stjórnarráðið annast um árlega pöntun á nægilegum baðlyfjum fyrir landið, og skal það ákveða, hvaða baðlyf nota skuli, og jafnframt gefa út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra. Stjórnarráðið annast jafnframt um, að baðlyfin verði flutt á þær hafnir, sem hreppsnefndir óska þegar þær senda pöntun.

4. gr.

Stjórnarráðið auglýsir í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, hvaða verð sje á baðlyfjum þeim, sem panta á hvert ár, svo snemma, að nægur tími sje fyrir hreppsnefndir til undirbúnings.

5. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi annast útvegun baðlyfja og sjá um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt svo snemma, að pöntun þeirra geti komist til stjórnarráðsins fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu sauðfjáreigendur jafnframt borga baðlyfin og þeir gera pöntun. En farist það fyrir, að einhver greiði andvirði baðlyfjanna til sveitarstjórnar, skal hún greiða það úr sveitarsjóði til bráðabirgða. En innheimta skal það hið allra fyrsta og fylgir því lögtaksrjettur.

6. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með að allir baði. Að öðru leyti gefur stjórnarráðið út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sje fylgt.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfje til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 40, frá 8. nóvbr. 1901, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

Nd.

## 828. Landskiftalög.

(Samþykt í Nd. 10. september).

1. gr.

Eftir lögum þessum geta komið til skifta öll heimalönd sveitajarða, tún, engi og úthagi, sem fleiri býli hafa til samnota, og ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota, svo sannað verði, eða viðurkend merki eru til um. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðaparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Úttektarmenn skulu gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Sýslumaður skal og nefna oddamann til skiftagerðar, og skal hann vera formaður úttektarmanna og stýra skiftunum; hann skal bóka skiftagerðina og skera úr, ef úttektarmenn greinir á.

Úttektarmenn fá í dagpeninga 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum, en oddamaður 4 kr.

3. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sjerstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sjerstakt býli, og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiði sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað, að út sje skift nema nokkrum hluta lands þess, er býli hans fylgir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

4. gr.

Skifti þau, er um ræðir í 3. gr., skulu vera til fullrar eignar, og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, og svo leiguliðum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á landinu, að vera við skiftin. Þeim skal einnig gefinn kostur á að vera við yfirmat og upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur; ekki skulu þeir þó viðstaddir, er úttektarmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna að síðustu. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í landi því, sem skift er, um 1 ár frá því er sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla, til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður yfirmatsmanna og stýra matinu.

5. gr.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag, meðan þeir eru að skiftum, og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess beiðist, sje engin breyting gerð á skiftum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

6. gr.

Áður en skifti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skifta skal, sje með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Sjeu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um rjettindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess.

7. gr.

Skifta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi. Verði þessu ekki við komið, skal tilgreina ástæður fyrir því.

8. gr.

Nú hefir eigandi ræktað hluta úr óskiftu sameignarlandi, og hefir eigi verið samið um, að hann skuli vera sjerstök eign hans, og skulu þá úttektarmenn við skiftin láta hann halda þessu landi, móti því, að hinir sameigendurnir fái hver um sig að tiltölu samsvarandi hluta af óræktuðu landi í sameigninni. En verði því ekki við komið, og hljóti einhver hluti hins ræktaða lands að koma til skifta, þá skal honum heimilt að kaupa þann hluta eftir mati úttektarmanna.

9. gr.

Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiftagerðinni ákveðið um notkunarrjett hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhaldskostnað og vegagerðar, svo og hvar nýir vegir skuli liggja.

Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblástri, skal þá við skiftin taka sjerstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skift.

Ef svo stendur á, að mýri eða votlend landspilda, sem þarfnast framræslu, er í hinu óskifta landi, skulu þeir, sem skiftin gera, sjá fyrir því, að þau geti á engan hátt hindrað framkvæmd framræslunnar.

10. gr.

Skiftagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr sýslusjóði.

11. gr.

Þegar landi hefir verið skift samkvæmt lögum þessum, skulu úttektar-

menn eða matsmenn láta setja glögg merki fyrir því, hvernig þeir hafa skift landinu. Eru landeigendur skyldir að gera þau. Í skiftagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um vilst.

12. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda ef einhver óskar þess; kostnaðinn greiði þeir allir eftir jarðastærð.

13. gr.

Landeigendum er frjálst að skifta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum, og leiguliðar og aðrir, er notkunarrjett hafa á landinu, og skiftin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Um slík skifti skal skrá greinilega skiftagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiftin, takmörkum þess og rjettindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiftin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skift var. Skiftagerð þessari skal þinglýsa.

Sje ekki skift að tiltölu rjettri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða rjettindum innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, skal líta á það sem afsalað eða selt, og breytist þá skattskylda jarðanna eða jarðarpartanna samkvæmt því.

14. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiftu landi, má enginn eiganda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn þeirra nota beitina nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektarmönnum.

Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika, og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fjenað má í högum hafa, án þess örtröð verði.

Nú hefir einhver sambeitareigenda minni fjenað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meir en þeim ber, skulu þeir þá hafa forgangsrjett til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurjett þess, sem of fátt hefir, meðan hann notar eigi sjálfur.

Ed.

## 829. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

Hin háttv. neðri deild hefir breytt nefndu frumv. töluvert frá því sem það var samþykt hjer í deildinni; helstu breytingarnar eru þær, að upphæð flokksins hefir verið hækkuð úr 3 miljónum í 5 miljónir, að bankastjórninni er heimilað, í stað þess að greiða lánin í bankavaxtabrjefum, að greiða lánin í peningum með

þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau eða hefir fyrirfram samið um; og ennfremur að skylda kaupendur veðsettra eigna til að borga 1% af láninu í varasjóð, ef þeir fá að halda því.

Þótt nefndin álíti, að breytingar háttv. neðri deildar sjeu eigi til bóta, þá höfðu þær þar mjög mikið fylgi, og því álítur meiri hluti nefndarinnar árangurslaust að leggja til að gjörðar sjeu breytingar á frumvarpinu, og ræður því til að samþykkja það óbreytt.

Efri deild alþingis, 10. sept. 1913.

| J. Havsteen, formaður. | Eiríkur Briem, skrifari frsm. | H. J. Kristófersson. |
|---|---|---|
| Steingrímur Jónsson, með fyrirvara. | | Sig. Eggerz, með fyrirvara. |

Ed. **830. Lög**

um strandferðir.

(Samþykt í Ed. 10. september).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa hluti í »Eimskipafjelagi Íslands« fyrir alt að 400,000 kr., gegn því að fjelagið taki að sjer að halda uppi strandferðum umhverfis landið með tveimur eða fleiri strandferðaskipum. Ferðir þessar skal fjelagið hefja svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en í apríl 1916. Um hluttöku fyrir landssjóðs hönd í stjórn fjelagsins, stærð strandferðaskipanna, gerð þeirra og hraða, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta fer eftir samningi milli fjelagsins og stjórnarráðsins.

2. gr.

Náist ekki samningar við »Eimskipafjelag Íslands«, samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að kaupa tvö strandferðaskip, hafi annað þeirra að minsta kosti jafn mikið farþega- og lestarúm og sje að minsta kosti jafn örskreitt og strandferðaskip þau, sem hjer voru í förum árin 1910—1912, og ennfremur heimild til að halda þeim út á kostnað landssjóðs, bæði til strandferða og annara ferða, eftir því sem haganlegast þykir, þegar strandferðum lýkur hvert ár.

3. gr.

Stjórnarráðið semur áætlun fyrir strandferðaskip landssjóðs og ákveður fargjöld og farmgjöld þeirra. Það ræður og afgreiðslumann skipanna, sem jafnframt er reikningshaldari, og ákveður þóknun hans, og stjórnar hann útgerðinni að öllu leyti undir yfirumsjón þess, samkvæmt erindisbrjefi er það setur.

4. gr.

Útgerð landssjóðs skal, ef til kemur, hefjast eigi síðar en í apríl 1916, og skal stjórninni heimilt að leigja skip til strandferðanna til bráðabirgða, hafi ekki tekist að ná hentugum skipakaupum fyrir þann tíma, og fer þá um rekstur leiguskipanna samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán alt að 450,000 kr. til að fullnægja ákvæðum 1. og 2. greinar. Stjórninni veitist og heimild til að setja strandskipin að veði til tryggingar þeim hluta lánsupphæðarinnar, sem út á þau kann að fást.

Ed. **831. Lög**

um breytingu á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907.

(Samþykt í Ed. 10. september).

Í stað »1913« á tveim stöðum í 16. gr. laga nr. 29, 16. Nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands komi: 1917.

Ed. **832. Lög**

um hvalveiðamenn.

(Samþykt í Ed. 10. september).

1. gr.

Enginn hvalveiðamaður má hafa bækistöðvar hjer á landi fyrir útveg sinn.

2. gr.

Enginn má flytja á land hval nje neinar óunnar afurðir hvala, nema þeirra, er dauðir finnast, hlaupið hafa á grunn eða kvíast í ísum. Heimilt skal þó að drepa andarnefjur, hnísur, höfrunga og önnur smáhveli, þau er almenningur hefir hingað til veitt og hagnýtt sjer.

3. gr.

Enginn maður má leigja, selja nje ljá nokkrum manni land til hagnýtingar við nokkra þá athöfn, er bönnuð er í lögum þessum.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 1000—4000 kr., er renna í landssjóð. Svo skulu og öll veiðarfæri og afli upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

5. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1915 og gilda til 1. janúar 1925.

Ed. **833. Lög**

um heimild fyrir landsstjórnina til að selja prestinum að Kolfreyjustað landspildu í Innri-Skálavík.

(Samþykt í Ed. 10. september).

Landstjórninni veitist heimild til að selja sóknarpresti að Kolfreyjustað sjera Jónasi Hallgrímssyni landspildu í svo nefndri Innri-Skálavík í Kolfreyjustaðarlandi, 250 faðma með sjó fram og 90 faðma upp frá fjörumáli, fyrir ekki minna verð en 180 kr., eða eftir mati eiðfestra dómkvaddra virðingarmanna.

Nd. **834. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá meiri hluta járnbrautarnefndar.

Við 16. gr. 32.

Eftir þeim lið komi nýr liður, er verði:

33. Til frekari rannsóknar um járnbrautarmálið alt að 18000— »

Liðatalan breytist eftir því.

Nd. **835. Framhaldsnefndarálit nr. 2**

um samgöngumál á sjó.

Frá samgöngumálanefnd neðri deildar, með árituðu samþykki samgöngumálanefndar efri deildar.

Eins og tekið er fram í framhaldsnefndaráliti voru á þingskjali 505, lögðu

samgöngumálanefndirnar til, að stjórninni væru veittar 60,000 kr. á ári til frjálsra umráða til strandferða fyrir næsta fjárhagstímabil, en látið óákveðið, hvernig þessum strandferðastyrk skyldi varið, og hefir þessi tillaga nú verið samþykt af báðum deildum í fjárlagafrumvarpinu.

En jafnframt og nefndirnar lögðu þetta til, var í nefndaráliti voru (þingskj. 505) bent á þrjár leiðir, sem stjórnin gæti valið á milli, og hafa nefndirnar nú á sameiginlegum fundum athugað þessar leiðir enn betur. Hefir niðurstaðan *nú* orðið sú, að ráða til, að samið yrði við Eimskipafjelag Björgvinjar fyrir næstu tvö ár, sem tjáð hefir sig fúst til að fara 2 hringferðir á mánuði, sumarmánuðina 7 og eina ferð á mánuði hina 5 mánuði ársins til Austur- Suður- og Vesturlandsins, gegn 30,000 kr. árstillagi úr landssjóði. Þessum ferðum álíta nefndirnar að mundi mega hlíta til mannflutninga, einkum ef hægt væri að ná samkomulagi um nokkrar smábreytingar á því uppkasti að ferðaáætlun, sem fjelagið hefir sent stjórninni. Á þeirri ferðaáætlun var enginn viðkomustaður við Húnaflóa, en fjelagið hefir nú í símskeyti tjáð sig fúst til að koma þar við á einum stað í hverri ferð, á Hólmavík. En þar sem nefndunum þykir þessi breyting ekki einhlít, vilja þær beina þeirri áskorun til stjórnarinnar, að hún geri sitt ýtrasta til að ná samkomulagi við fjelagið um svofeldar breytingar á ferðaáætluninni:

1. Að skipin verði í janúar- og febrúarferðunum látin halda áfram frá Ísafirði norður og austur um land með viðkomum á helztu stöðum á Norður- og Austurlandi og fara þaðan utan, í stað þess að snúa aftur frá Ísafirði til Suðurlandsins.
2. Að skip B sje látið fara til Seyðisfjarðar (í stað Fáskrúðsfjarðar) á útleið frá Reykjavík að minsta kosti í 4 vetrarferðum.
3. Að Hólmavík, Borðeyri, Hvammstangi og Blönduós sjeu ákveðnir viðkomustaðir skipanna í sumarferðunum, þó ekki nema einn þessara staða í hverri ferð.
4. Að skipin í vetrarferðunum verði látin taka land á Seyðisfirði í stað Eskifjarðar.
5. Að skipin komi við á Djúpavogi í stað Fáskrúðsfjarðar í einhverjum af sumarferðunum.
6. Að Reyðarfjörður verði ákveðinn viðkomustaður í stað Eskifjarðar í einstökum ferðum.
7. Að Þórshöfn verði ákveðinn viðkomustaður í einni ferð eða fleirum í stað Vopnafjarðar.
8. Að skip A sje látið koma við á Austfjörðum (Seyðisfirði) í uppleið í einum tveimur sumarferðum, til þess að einnig á sumrum fáist beinar ferðir milli Austurlands og Reykjavíkur.
9. Að skipin sjeu á leið til Vesturlandsins látin koma við til skiftis í Stykkishólmi, Ólafsvík og Flatey.

Allar þessar breytingar eru þannig vaxnar, að fjelaginu yrði í engu verulegu íþyngt með þeim, þar sem viðkomustaðirnir yrðu jafnmargir í hverri ferð eftir sem áður, að eins haganlegri fyrir landsbúa, og gera nefndirnar sjer því góðar vonir um, að samkomulag náist við fjelagið um að breyta ferðaáætlun sinni á þessa leið, ef stjórnin beitist fast fyrir því og sýnir fram á, hver nauðsyn er á þessum breytingum.

En jafnvel þó að allar þessar breytingar fengjust, mundu þessar ferðir samt ekki fullnægja kröfum manna til vöruflutninga, með því viðkomustaðirnir eru alt of fáir. En úr því ætlast nefndirnar til að sje bætt með því, að láta ódýrt vöruflutningaskip sigla á flesta eða alla þá viðkomustaði, sem strandferðaskipin hafa að undanförnu komið við á, þar á meðal Suðurlandshafnirnar, eftir því sem samgöngumálaráðunautur stjórnarinnar kann að leggja til, er hann hefir rannsakað það mál betur en nefndirnar hafa átt kost á. Þetta vöruflutningaskip þyrfti ekki að vera örskreytt nje hafa nema örlítið farþegarúm, en mætti þó varla minna vera en 200 smálestir. Þar sem stjórnin hefir hefir til umráða 30,000 kr. í þessu skyni, álíta nefndirnar, að engin vandkvæði muni verða á að útvega þetta skip fyrir þá upphæð, og búast jafnvel við, að stjórnin muni tæplega þurfa á allri þeirri upphæð að halda til þess, ef vel er á öllu haldið. Hefir nefndunum borist fregn um það, að stórkaupmaður Thor E. Tulinius mundi eigi ófús á að gera samninga við stjórnina um slíkt skip, og þær telja og mjög líklegt að eins mætti ná samningum um það við Eimskipafjelag Björgvinjar í viðbót við hinar aðrar ferðir þess. Og jafnvel þótt leigja yrði skipið og gera út á kostnað landssjóðs, eins og bent var til í fyrra framhaldsnefndaráliti voru (þgskj. 505), þá mundu engin sjerleg vandkvæði á því, að 30,000 kr. fyllilega nægja til þess. En til þeirra úrræða álíta nefndirnar, að muni alls ekki þurfa að koma.

Þá hafa nefndirnar og íhugað þá spurningu nokkuð, á hvern hátt landsstjórnin eigi að hafa hönd í bagga með Eimskipafjelagi Íslands, ef samningar takast við það fjelag um strandferðir og landssjóður gerist hluthafi í fjelaginu með 400,000 kr. Þó að nefndirnar álíti, að þetta verði að verði að vera samningamál milli landssjórnarinnar og fjelagsins, vilja þær þó taka það fram, að þær álíta, að ekki beri að krefjast atkvæðisrjettar fyrir hönd landssjóðs eftir krónutali í hlutföku hans, sem gæti leitt til þess, að landssjórnin yrði allsráðandi í fjelaginu, þar sem hún ein gæti neytt atkvæðisrjettar síns til fulls, en aðrir hluthafar ekki, með því þeir eru dreifðir um land alt og gætu því fæstir sótt hluthafafundi. Með því yrði fjelagið miklu fremur einskonar landssjóðsútgerð, en hlutafjelag einstakra manna með hluttöku úr landssjóði. En það er álit nefndanna, að svo eigi um hnútana að búa, að fjelagið sjálft hafi jafnan aðalráðin, en sje öfluglega styrkt af landssjóði, og það svo öfluglega, að engin hætta sje á, að það bíði halla af samningum sínum við landsstjórnina um strandferðirnar. Hins vegar leggja nefndirnar áherslu á það, að stjórnin hagi samningum sínum svo, að trygging fáist fyrir því (t. d. með ákvæðum í lögum fjelagsins), að fjelagið aldrei geti gengið úr greipum Íslendinga og í hendur útlendinga eða útlendra fjelaga, sem tilraun kynnu að gera til að ná valdi á fjelaginu með því að kaupa upp hluti þess. Fjelagið á að verða *alíslenskt* og aldrei annað.

Alþingi, 10. september 1913.

| | | |
|---|---|---|
| Jóh. Jóhannesson, formaður. | Valtýr Guðmundsson, skrifari. | Pjetur Jónsson. |
| H. Steinsson. | Björn Kristjánsson. | |

Samgöngumálanefnd efri deildar er samþykk þessu nefndaráliti.

Alþingi, 10. sept 1913.

G. Björnsson, form. Sig. Eggerz, skrifari. Jón Jónatansson.

Guðjón Guðlaugsson. Einar Jónsson.

Nd. **836. Nefndarálit**

meiri hlutans um járnbrautarmálið.

Nefndin hefir rætt þetta mál á allmörgum fundum, og er meiri hluti hennar þeirrar skoðunar, að járnbraut mundi hafa líka þýðingu fyrir þetta land sem önnur lönd, og að það eigi að byrja á járnbrautarlagningu við fyrstu hentugleika, og þá fyrst leggja járnbraut úr Reykjavík austur að Þjórsárbrú — enda þótt járnbrautarlagning til Norðurlands gæti komið til mála. — Telur mhl., að járnbraut þangað austur mundi borga sig með tímanum óbeint, ef ekki beint. Virðist mega búast við því, að járnbrautinni fylgi hjer eins og annarsstaðar verðhækkun á eignum, framleiðsluaukning sökum kraftmeiri og betri atvinnureksturs en ella, aukin velliðan og þægindi hjá mönnum, sem búa á því svæði, þar er járnbrautin liggur um, og svo aukið þol til skattgjalda. Hjer virðist haga vel til. Við annan brautarendann er Reykjavík, nú með um 12,500 íbúum og miklum vaxtamöguleikum, atvinnuvegir bæjarins eru aðallega fiskiveiðarnar og verslun, en nærsveitirnar svo hrjóstrugar, að þær geta ekki framleitt nánda nærri nógu mikið af landbúnaðarafurðum handa bænum. En járnbrautin lægi um bestu landbúnaðarhjeruð landsins, sem eru þjettbygðustu hjeruð landsins, en gætu framfleytt margfalt fleira fólki, en nú er þar. Engar verulegar torfærur eru á leiðinni, ekkert, er geri járnbrautarlagning sjerlega erfiða.

Það varð samt ofan á í nefndinni, að ekki væri rjett að ráðast í fyrirtækið á þessu þingi. Sumir nefndarmenn hölluðust að þeirri skoðun, að rjettast mundi að landið eða landssjóður legði sjálfur járnbrautina fyrir lánsfje, en töldu, að þá þyrfti að undirbúa málið betur á ýmsan hátt, svo sem láta vanan járnbrautarverkfræðing athuga hið fyrirhugaða verk, aðrir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar, að málið væri svo undirbúið, að gera megi sjer nokkurn veginn grein fyrir kostnaðinum við fyrirtækið. Þá þótti mhl. rjett, að það væri athugað nánar, hvort ekki mætti nota rafmagn við brautina. Enn þótti mhl. rjett, að haldið væri áfram rannsóknum um snjóþyngsli og um umferð og flutning. Og þótt svo færi, að rjettara þætti, að farin væri lík leið og sú, er járnbrautarfrumvarp það fer, er lagt var fyrir þingið, þá taldi nefndin, að ekki ætti að ráða málinu til lykta fyr en stjórnin hefði leitað viðar fyrir sjer um fje til brautarlagningar eða tilboða um lagning og rekstur,

enda málið svo vaxið, að rjett þykir að gefa kjósendum kost á, að átta sig á því, áður en því er ráðið til lykta.

Það varð þá og að samkomulagi í mhl., að leggja það til, að tekin verði upp í fjárlögin 18,000 króna fjárveiting handa stjórninni til enn frekari rannsóknar og undirbúnings á málinu. Meiri hl. nefndarinnar hefir ekki þótt ástæða til að fara nánar út í málið nje taka fyrir einstök atriði úr frv. þeim, er vísað var til hennar, með því að það kom brátt í ljós, að engin líkindi voru til þess, að neitt verulegt yrði gert við málið á þessu þingi.

Alþingi 10. sept. 1913.

Lárus H. Bjarnason formaður. Jón Magnússon skrifari.

Eggert Pálsson. M. J. Kristjánsson. Sigurður Sigurðsson.

Valtýr Guðmundsson.

Nd. **837. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um íslenskan siglingafána (þingskj. 800).

Flutningsmaður: Lárus H. Bjaraason.

Framan af orðinu »siglingafána« í fyrirsögn og meginmáli tillögunnar falli: siglinga.

Ed. **838. Þingsályktun**

um Reykjavíkur dómkirkju.

(Samþykt í Ed. 10. september).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina, að hlutast til um, að Reykjavikur dómkirkja verði sett undir umsjón og eftirlit biskups, og að sama skipun komist á reikningshald hennar sem fylgt er við aðrar kirkjur landsins.

Nd. **839. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum.

(Eftir eina. umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 3 manna nefnd milli

þinga, til að rannsaka orsakir slysfara hjer á landi, einkum druknana, og koma fram með ákveðnar tillögur um:

1. Ráðstafanir til að afstýra slysförum.
2. Frumvarp til laga um slysatryggingum, einkum slysatryggingu sjómanna.

Nd. **840. Frumvarp**

til laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi, eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

Orðið sveitarfjelag táknar í lögum þessum kaupstað eða hrepp, sem kauptún er í; sveitarfjelagsstjórn og sveitarfjelagsumdæmi táknar stjórn eða umdæmi slíks sveitarfjelags.

2. gr.

Hver sveitarfjelagsstjórn hefir einkaleyfi til að veita rafmagni um sveitarfjelagsumdæmið, hvort sem er með rafmagnstaugum ofan jarðar eða neðan, (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905). Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarfjelagsstjórnin ákveður, að rafmagnsveitan skuli ná til, skulu skyldir að þola hvers konar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarfjelagsstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarfjelagssjóður.

3. gr.

Nú er rafmagnsveita á komin, og skal þá sveitarfjelagsstjórnin hafa einkarjett til að selja rafmagn í umdæmi sveitarfjelagsins. Hún getur og áskilið sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum í umdæminu.

4. gr.

Sveitarfjelagið kostar lagning inn fyrir húsvegg, eða að mæli í húsi en húseigandi eða húsráðandi kosta, eftir því sem þeim um semur, lagning tauganna innan húss og lýsingar-áhöld, ef þeir vilja raflýsingu nota.

5. gr.

Gjald fyrir notkun rafmagnsins skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarfjelags-stjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og skal hana endurskoða eigi sjaldnar en 5. hvert ár. Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það,

er inn kemur fyrir notkun hennar, samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem ávantar úr sveitarfjelagssjóði.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitarfjelagsgjöld.

6. gr.

Heimilt er sveitarfjelagsstjórn að heimta gjald, samkvæmt gjaldskránni, af hverjum húsráðanda, eftir að rafmagnstaug hefir lögð verið inn í hús hans. Þetta afgjald af hústaug skal vera jafnt fyrir alla húsráðendur.

7. gr.

Sveitarfjelagsstjórnin ein hefir rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, sem sveitarfjelagsstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarfjelagsstjórnin setur. Þeir einir sem þannig eru löggiltir mega fást við lagning rafmagnstauga eða önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitu lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

8. gr.

Hver sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarfjelagsins eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsisrefsingu eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæti auk þess skaðann að fullu.

9. gr.

Sveitarfjelagið getur sett reglugerð um notkun rafmagnsins, meðferð á rafmagnsstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir hana.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stað í og gilda til 1. jan. 1916.

Nd. **841. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915. (Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

Frá Kristjáni Jónssyni.

Við 13. gr. C IV. 6. (Hvítárbátur).
Fyrir »600—600«
komi: 800—800.

Ed. **842. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Neðri deild hefir fært þetta frumvarp að mestu leyti í sama búning og það var í þegar, það kom fyrst til þessarar deildar. Í frumvarpið er nú aftur tekin upp þessi nýja útgáfa af 20. gr. ábúðarlaganna, og einnig tekin upp aftur sömu ákvæðin og hjer voru feld burtu, um kúgildin.

Eina breytingin sem hjer var gerð á frumvarpinu og sem neðri deild hefir getað fallist á, er hækkun á endurgreiðslu fyrir unnar jarðabætur, kr. 1,50 fyrir 1 kr.

Samkvæmt því sem nefndin hefir áður látið uppi, gæti hún að vísu fallist á, að þessi 1. gr. frumvarpsins sje meinlaus og gæti þess vegna staðið í frumvarpinu, en nefndin álítur hana nú sem fyr gagnslausa. Nefndin getur og ekki fremur nú en áður fallist á 3. gr. frv. í þessari mynd, en það er auðsjáanlega árangurslaust hjeðan af að breyta frumvarpinu á ný, svo áliðið sem nú er þingtímans. Og þar sem hjer er um að ræða svo afarsmávægilega umbót á lögum sem þarfnast gagngerðrar breytingar, eins og vjer höfum áður tekið fram, teljum vjer best fara á því að láta þetta frumvarp ekki ganga fram að þessu sinni, en ráðum háttv. deild til að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, sem nefndin mun bera fram við umræðu málsins.

Alþingi 10. sept. 1913.

J. Havsteen
formaður.

Jón Jónatansson
skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson Einar Jónsson Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **843. Framhaldsnefndarálit**

í málinu um rafveitu kauptúna.

Háttv. efri deild hefir gert þær einar breytingar við frumv. neðri deildar, að vjer ráðum henni til að samþykkja það, eins og það nú er, enda enginn tími til að málið gangi fram að öðrum kosti, en á því er brýn nauðsyn. Fyrir breytingunum verður gerð grein í framsögunni.

Neðri deild Alþingis, 10. september 1913.

Valtýr Guðmundsson, formaður. Jón Ólafsson, skrifari og framsögum.

Jóh. Jóhannesson. Ólafur Briem. Björn Kristjánsson.

Nd. **844. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (þingskj. 793).

Flutningsm.: Valtýr Guðmundsson.

Við 16. gr. 26. Á eftir þessum lið komi svolátandi nýr liður (og liðatalan breytist samkvæmt því):
Til Heimilisiðnaðarfjelags Íslands ... ... ... 500—500

Nd. **845. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 16. gr. 33.
a. Á eftir orðunum »til og frá Reykjavík« bætist: og Eyrarbakka.
b. Í stað »3500« komi: 5000.

Nd. **846. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 18. gr. Í stað »til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.« komi: til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr.

Nd. **847. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Skúli Thoroddsen.

Við 15. gr. 40. Í stað »1200—1200«
komi: 1500 —1500.

Nd. **848. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flm. Jón Magnússon.

Við 15. gr. 17. (Einar Hjörleifsson).
Fyrir: »1000—1000«
komi: 1200—1200.

Nd. **849. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914—1915.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, sem komið er frá háttv. Ed., og leyfir sjer að gera við það nokkrar breytingartill. á sjerstöku þingskjali. Mun verða gerð grein fyrir þeim í framsögunni, en nefndin vill hjer gera einungis sjerstakar skýringar á nokkrum þeirra:

Við 13. gr. B.

Eins og athugasemdinni um vatnsvirkjafræðinginn hefir verið breytt í efri deild virðist nefndinni hún of þröng, með því að vatnsvirki þau, er lúta að kraftframleiðslu, virðast útilokað, ef þau ekki beinlínis snerta ræktun landsins. Þess vegna vill nefndin færa athugasemdina í samt lag og áður. Að sjálfsögðu þurfa ekki ræktunarfyrirtæki að sitja á hakanum fyrir því, heldur verða þau í fyrirrúmi.

Við 13. gr. B. XVI.—XVII.

Fjárveitingar til 2 brúa á Langanesströndum, sem háttv. e. d. hefir tekið upp í frumvarpið, eru ekki bundnar neinum skilyrðum um framlög í móti úr hjeraði, eins og reglan er um sýsluvegi, þótt hins finnist örfá dæmi.

Þessu vill nefndin breyta; færa fjárveitingarnar saman í eitt og lækka ofan í 6000 kr., gegn því, að frá hreppnum eðu sýslunni verði lagt til það fje,

sem á vantar. Gengur nefndin að því vísu, að brýr þessar verði gerðar fullkomlega eins vandaðar og áætlun verkfræðings gerir ráð fyrir, og með eftirliti af hans hálfu.

Við 13. gr. D. VIII.

Nefndin getur ekki fallist á, að alþingi þröngvi landsstj. og símastjóra til að kaupa hús það, er hjer ræðir um, fyrir símastöð, gegn mótmælum símastjórans. Vill því nefndin, að liður þessi sje feldur burt, án þess hún þó þar með vilji dæma um, hvort ffutningur stöðvarinnar úr húsi þessu sje nauðsynlegur.

Við 14. gr. B. II. a.

Efri deild hefir hækkað þennan lið um 200 kr. á ári, sem er hækkun á persónulegri launaviðbót til yfirkennara G. Zoëga. Nefndinni virðist, úr því raskað var því, sem neðri deild hafði gert um persónulegar launabætur kennaranna, eðlilegast, að allir núverandi kennarar mentaskólans fái 400 kr. viðbót hver, og leggur því til, að liður þessi hækki um 400 kr. á ári.

Við 14. gr. B. III. og IV.

Ennfremur hefir efri deild bætt 200 kr. við hina persónul. launaviðbót til 1. kennara gagnfræðaskólans á Akureyri og fær hann þá 400 kr. Nú virðist nefndinni, þegar svona er komið nm launauppbætur á þessum 2 skólum, að þá sje eigi sanngirni að ganga fram hjá 2. kennara gagnfræðaskólans á Akureyri og núverandi 1. og 2. kennara kennaraskólans í Reykjavík. Nefndin leggur því til, að bætt sje við launaupphæðir gagnfræðaskólans á Akureyri og kennaraskólans, svo að hver þessara þriggja kennara fái 200 kr. persónulega launaviðbót.

15. gr. 17.—23.

Nefndin heldur enn fram sömu stefnu um styrki til skálda og listamanna, sem sje, að því skuli ekki slegið föstu, að neinir þeirra, sem hjer eiga hlut að máli sje æfilangt á landssjóði. Hinsvegar getur nefndin fallist á, að skáldin öll fái eigi minni upphæð en þeim var ætlað samtals bæði árin í stjórnarfrumvarpinu. Þess vegna leggur hún til, að færa fjárveitingarnar á fyrra árið á 17., 18., 20. og 21. lið og hækka 2 fyrstu liðina um 400 kr. Sömuleiðis að færa fjárveitinguna til Einars Jónssonar, sem efri deild setti inn aftur, í 1200 kr. hv. árið — á fyrra árið, en lækka hana ofan í 1800 kr. Vegna næstu fjárveitingar á eftir, sem Einar að sjálfsögðu nýtur góðs af. Leggur nefndin jafnfr. til, að fjárveitingin til höggmyndakaupa færist á síðara árið og lækki í 2000 kr.

Við 16. gr.

Samkvæmt áskorun frá Búnaðarfjelagi Íslands leyfir nefndin sjer nú að bera fram till. um 300 kr. fjárveiting hvort árið, til þess að rannsaka berkla í kúm. Er ætlast til, að dýralæknarnir geri rannsóknir þessar, eða láti eftirlitsmenn nautgripafjelaga framkvæma það með sinni umsjá, þar sem einkum liggur grunur á, að berklar í kúm eigi sjer stað, en sá grunur hefir leikið á um Austurland og Eyjafjörð.

Efri deild hefir sett inn fjárveiting til Þorkels Þ. Clemenz, til þess að afla sjer erlendis þekkingar viðvíkjandi inniþurkun (á fiski). Nefndin er því mótfallin, að slíkir styrkir sjeu veittir á nafn í fjárlögunum, en felst á, að Fiskiveiðafjel. Íslands fái fje til þessara nota til meðferðar. Hefir sú aðferð einlægt verið höfð viðvíkjandi Búnaðarfjelagi Íslands.

Styrknum til bóndans á Hrauntanga vill fjárlagan. breyta þannig, að 100 kr. sje árlegur styrkur, en 200 kr. að auki fyrra árið, til þess að hressa svo við býlið, að þar sje sæmileg gisting fáanleg fyrir ferðamenn. Getur stjórnin falið sýslunefnd Norður-Þingeyinga umsjón með þessu og bundið útborgun styrksins því, að þessu skilyrði verði sæmilega fullnægt.

Nefndin heldur því fram enn, að skilyrði fyrir fjárveitingu til bylgjubrjótsins í Bolungarvík skuli vera það, að tillagið úr landssjóði fari eigi yfir 1/8 kostnaðar við verkið. Þessu sama hjelt og fjárlaganefnd efri deildar fram. Viljum vjer, að það sje greinilegt, að það er þessi regla Alþingis, sem báðar fjárlaganefndir Alþingis halda fast á, hvað sem ofan á verður við atkvæðagreiðslur í deildunum.

Alþingi, 11. sept. 1913.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Pjetur Jónsson, skrifari og framsm.

Kristján Jónson, Eggert Pálsson, Jóh. Jóhannesson,

Sigurður Sigurðsson.

Undirritaður er í sumum atriðum alósamþykkur áliti meðnefndarmanna minna.

Sjerstaklega kann jeg því **mjög illa**, er meiri hluti nefndarinnar leggur til, að breyta því, *sem þegar hefir samþykt verið með 19 atkvæðum í neðri deild og 8 í efri*, þ. e. ákvæðunum um fjárveitinguna til »brimbrjótsins« í Bolungarvikurverslunarstað.

Skal og í því efni bent á, að »brimbrjóturinn« á **alls** ekkert skylt við bryggjugerðir, og því eigi rjett, að um brot á ákominni reglu ræði, er eigi er þar áskilið jafn mikið framlag á móti, sem við bryggjugerðir.

»Brimbrjóturinn« er fyrirtæki, sem miðar að því, að bjarga lífi fjölda sjómanna úr lífshættu — fyrirtæki, sem því er landinu skyldara en alt annað, og þar sem **alls ekkert** tillag ætti því að áskilja, gegn landssjóðstillaginu; sbr. öll lífshætta á æ að fyrirbyggjast sem unt er.

»Brimbrjóturinn« er þá og ennfremur fyrirtæki, sem að því miðar eigi hvað síst, að afla landssjóði tekna, þ. e. að fjölga róðrardögum í Bolungarvík, einni af fjölsóttustu og fiskisælustu verstöðvum landsins.

Alþingi, 11. sept. 1913.

Skúli Thoroddsen, alþm. Norður-Ísfirðinga.

Nd. **850 Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (á þingskj. 793).

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 11. gr. B. 6. Fyrir »4500—4500«. komi 7000—7000.
2. — 13. gr. B. I. 2. Fyrir orðin í athugasemdinni: »ræktunarvatnsverkja eftir nánari — —«, til enda komi: Vatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins.
3. — 13. gr. B. III. 8. Fyrir: »29000—29000« komi 32000—32000, og í athugasemdina bætist á eftir »þar af«: Til Eskifjarðarvegar kr. 6000.
4. — 13. gr. B. XVI.—XVII. Fyrir þessa tvo liði komi nýr liður:
   XVI. Til járnbendra steinsteypubrúa á Miðfjarðará og Hölkná á Langanesströndum gegn því, að það, sem á vantar, komi frá hjeraðsbúum kr. ... ... ... ... —6000
5. — 13. gr. C. IV. 1. Fyrir: »12000—12000« komi 13500—13500.
6. Við 13. gr. D. III. 2. a. Fyrir »14760—14760« komi: 15160—15160.
7. — 13. — — VIII. Liðurinnfalli burt.
8. — 14. — B. I. c. 1. Fyrir »7200—7200« komi: 8000—8000.
9. — 14. — — I. c. 2. Fyrir »3600—3600« komi: 3800—3800.
10. — 14. — — II. a. Fyrir »21200—21200« komi: 21600—21600 og athugasemdin falli burt.
11. — 14. — — II. c. Aftan við orðin í athugasemdinni: »Húsaleigustyrkur sje« komi: venjulega.
12. — 14. — — III. a. Fyrir »9400—9400« komi: 9600—9600 og athugasemdin orðist svo:
    Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur: til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.

13. Við 14. gr. B. III. b. 1. Fyrir »2200—2200«
komi: 2000—2000.
14. — 14. — — IV. a. Fyrir »6600—6600«
komi: 7000—7000. Þar af persónuleg launaviðbót handa núverandi 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.
15. — 14. — B. XI. 1. Fyrir 1675 kr. í athugas.
komi: 1500. kr.
16. — 15. — 1. b. Fyrir »2000—2000«
komi: 1800—1800
og fyrir 500 kr. í athugasemdinni
komi: 300 kr.
17. — 15. — 1. d. Fyrir »800—800«
komi: 1000—1000
18. — 15. — 2. b. Fyrir »960—960«
komi: 1200—1200
19. — 15. — 17. Fyrir »1000—1000«
komi: 2400 — ...
20. — 15. — 18. Fyrir »1000—1000«
komi: 2400— ...
21. — 15. — 20. Fyrir »1200—1200«
komi: 2400— ..
22. — 15. — 21. Fyrir »1000—1000«
komi: 2000— ...
23. — — — 23. Fyrir: »1200—1200«
komi: 1800— ...
24. — — — 24 a. Fyrir »2400— ...
komi: ... — 2000
25. — — — 31. Liðurinn orðist svo:
Til Jóns Ólafssonar rithöfundar til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum, 1. og 2. greiðsla á 8 ára styrk. Styrkurinn er bundinn því skilyrði að höfundurinn láti af öllum öðrum launuðum störfum, enda geri hann stjórnarráðinu á hverju missiri grein fyrir því, hvað starfinu líður.
26. — 16. — 3. Liðurinn falli burt.
27. — — — 9. d. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til berklarannsóknar á kúm ... ... ... 300 — 300
Stafliðatalan breytist eftir því.
28. — 16. — 26. Fyrir »2500—2500«
komi: 3000—3000.
29. — — — 19. Fyrir »12500—12500«
komi: 14000—12500.
Þar af 1500 króna utanfararstyrkur fyrra

árið til manns, er afli sjer þekkingar á þurkunaraðferðum og þeim tækjum og útbúnaði sem notaður er til inniþurkunar.

30. Við 16. gr. 20. Liðurinn falli burt.

31. — — — 25. Liðurinn orðist svo:

Til að launa erindsreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum markaði, gegn jafn miklu tillagi annarstaðar að, þó eigi af framlagi landssjóðs til Fiskifjelags Íslands, alt að ... ... ... ... ... ... ... 4000— 4000

Ráðning hans og erindisbrjef sje með fullu samþykki stjórnarráðsins.

32. — — — 30. Fyrir »200—200«
komi: 300—100.

33. — — — 33. Fyrir »3500— »
komi: 5000— »

34. — — — 36. Liðurinn falli burt.

35. — — — 39. Fyrir orðin í athugasemdinni »eigi minni«
komi: tvöföld

36. — 21. — 5. Á eftir þeim lið komi nýr liður:

6. Rangárvallasýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 14000 kr. til að kaupa jörðina Stórólfshvol með hjáleigum fyrir læknissetur, og til þess að hafa þar sjúkraskýli. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

Ed. **851. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um sauðfjárbaðanir. (Þingskj. 805).

Háttvirt neðri deild hefir breytt frumvarpinu í tveim atriðum, sem máli skifta. Annað atriðið er, að stjórnarráðið annist útvegun baðlyfja, en hitt atriðið, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi baðeftirlitið, en eftirlitsmenn sjeu ekki skipaðir.

Þetta telur nefndin eigi stórvægilegt, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Efri deild Alþingis, 11. sept. 1913.

Þórarinn Jónsson, formaður.

Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson.

Ed. **852. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Frumvarp þetta mun eiga að nema burt allan ágreining um það, hvort dvalarsveit beri að greiða nokkuð af kostnaði við þurfaling, eftir það er hún hefir öðlast rjett til að flytja hann til framfærslusveitar, samkvæmt 69. gr. fátækralaganna, ef hann skyldi þá eigi verða fluttur sakir sjúkleika.

Nefndin álítur rjett að koma í veg fyrir þennan ágreining, en þykir frumvarpsgreinin óljóst orðuð í þessu efni. Hún leggur því til, að frumv. verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðanna »eða þurfalingur . . . . . sakir sjúkleika« komi: eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann, samkvæmt 69. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður eigi fluttur.

Alþingi 10. sept. 1913.

Steingrímur Jónsson, formaður. Einar Jónsson, skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson.

Nd. **853. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 850 (við fjárl.frv. 1914—1915).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 2. tölulið (13. gr. B. I. 2).

Á eftir »ákvörðun stjórnarráðsins« komi:

og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, þegar um ræktunarvatnsvirkjafyrirtæki er að ræða.

Nd. **854. Álit**

frá sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis.

Nefndin, sem háttv. neðri deild á fundi sínum 22. júlí skipaði til að íhuga sjávarútvegsmál landsins, hefir um þingtímann haldið með sjer allmarga

fundi, til að ræða slík mál eftir því sem tilefni hefir verið til, og hún hefir getað við komið í önnum þingsins, og leyfir sjer hjer að gera stutta grein fyrir gerðum sínum.

Til nefndarinnar var vísað til sjerstakrar athugunar þessum lagafrumvörpum, sem borin hafa verið upp:

1. Frumvarp til laga um líftrygging sjómanna.

Á Alþingi 1912 komu fram tvö frumvörp um þetta efni, sem hvort á sinn hátt vildu bæta úr þeim göllum, sem helstir hafa þótt á vera lögunum um vátrygging fyrir sjómenn frá 3. júlí 1909, þar sem annarsvegar hefir verið kvartað um, að iðgjöldin væru of há fyrir þá sem róa á opnum bátum, og hins vegar, að vátryggingin næði yfir of stuttan tíma, þar sem sjómenn þyrftu helst að vera vátrygðir allan tíma árs, er sjór er stundaður, og jafnframt að vátryggingarupphæðin ætti að vera hærri en nú er, sem þá aftur leiddi af sjer, að iðgjöld hlytu að vera hærri. Frumvörp þessi náðu þá eigi fram að ganga, en með þingsályktun var skorað á stjórnina, að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp um líftrygging sjómanna, þar sem þau aðalatriði væru einkum höfð fyrir augum, *að* gera líftrygginguna viðtækari og að gera útborgun úr sjóðnum hærri, þótt jafnframt hækkaði þá iðgjaldið. Stjórnin hefir þó ekkert slíkt frumvarp lagt fyrir Alþingi nú, er mun hafa stafað af því, að þeir menn, er hún leitaði ráða til, er var stjórn vátryggingarsjóðsins og prófessor Eiríkur Briem, rjeðu frá því að sinni, með því að nauðsynleg skilyrði, skýrslur og undirbúning skorti til þess. Fyrir því hefir nú frumvarp þetta komið fram af þingmanna hálfu að tilhlutun Fiskiþingsins, og eru aðalatriðin í því til breytinga frá því, sem nú er, hin sömu sem á ofannefndri þingályktun: viðtækari trygging, svo að helst enginn stundi sjó á neinn hátt óvátrygður og að útborgun hækki samfara hærri iðgjöldum.

Ágreiningur varð í nefndinni einkum um þá hækkun iðgjaldsins, sem frumvarpið fer fram á, og ýms fleiri atriði þess, svo að það varð niðurstaða meiri hluta nefndarinnar, sem minni hluti hennar, flutningsmenn frumvarpsins, að svo stöddu, sætta sig við, að láta málið að þessu sinni ekki fara lengra, bíða enn um hríð frekari reynslu og fullkomnari undirbúnings, til að fá glögga grein á, í hverju og á hvern hátt helst megi ráða bót á því, sem ábótavant er í núgildandi ákvæðum um vátryggingu.

Fyrir því hefir nefndin ekki komið með sjerstakt álit um þetta frumvarp, en gerir að eins þessa stuttu grein fyrir meðferð sinni á því:

2. Frumvarp til laga um skoðun á síld. Um það hefir nefndin látið uppi sjerstakt álit á þingskj. 216, og er nú málið afgreitt frá Alþingi sem lög.

3. Frumvarp til laga um síldarleifar. Mál þetta snertir í sjálfu sjer ekki sjávarútveg. Það fer fram á, að síldarbræðslumönnum sje lögð sú kvöð á herðar, að gæta þess, að sjór taki ekki út neinar úrgangsleifar frá störfum þeirra, eða að óhollusta stafi af þessum leifum. Flestum nefndarmönnum þótti annarsvegar slík kvöð geta orðið svo erfið og óframkvæmanleg, að ekki svaraði til þess tjóns, er af mætti hljótast, og hinsvegar það heyra fremur undir heilbrigðisnefnd á hverjum stað að gæta að slíku að því leyti, sem óhollusta gæti af því stafað. Samþykti nefndin því, að stuðla ekki að því, að það mál nái fram að ganga.

4. Frumvarp til laga um breyting á 16. gr. laga nr. 29, 16. nóv. 1907

(um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands). Um það mál er prentað sjerstakt álit nefndarinnar á þingskj. 608.

Þá athugaði nefndin ýmsar tillögur Fiskiþingsins 1913, sem prentaðar eru í skýrslu Fiskifjelagsins bls. 33, að hve miklu leyti þær gætu komið til kasta Alþingis til að efla sjávarútveg landsins.

Voru tillögurnar þessar hinar helstu:

1. Að alþingi og stjórnin geri sitt ýtrasta til þess, að landið taki sem fyrst í sína hönd gæslu landhelginnar, að svo miklu leyti sem hægt er.

Að svo stöddu liggur ekki fyrir, að neitt verði gert í þessu efni annað en það eftirlit úr landi, sem ræðir um mest hjer á eftir. Hins vegar hefir verið til meðferðar í þinginu frumvarp um stofnun landhelgissjóðs, sem nú er orðinn að lögum, og er sá sjóður ætlaður í þessu skyni og nær væntanlega á sínum tíma tilgangi sínum, og samdóma var nefndin Fiskiþinginu um fulla nauðsyn þessa máls, og fyr muni strandvarnir vorar eigi komast í viðunanlegt horf, en vjer sjálfir höfum þær í hendi vorri.

2. Að landið styrki, svo sem fært þykir, úthald vjelbáta til aðstoðar við gæslu landhelginnar. Nefndin hefir haft fregnir af, að talsvert mikil bót hafi reynst vera að slíku eftirliti úr landi og vörn fyrir veiðarfæri opinna báta, sem annars eru í hershöndum fyrir yfirgang útlendra og einatt því miður íslenskra botnvörpunga. Álítur nefndin sjálfsagt, að styrkja beri þetta eftirlit svo um muni og sem víðast megi koma því við, og hefir hún komið því til leiðar, og háttv. Nd. veitt 10000 kr. hvort árið í fjárlögum fyrir 1914 og 1915 í þessu skyni.

Háttv. efri deild hefir að vísu lækkað þessa upphæð í 4500 kr., væntanlega fyrir tímaskort, til að kynna sjer alla nauðsyn þessa máls, einkum fyrir alt bátfiski, sem víða er eini eða aðalbjargræðisvegur landsmanna og hið mesta skaðræði væri fyrir landið, ef fótum væri kipt undan honum, sem sumstaðar liggur við borð. Væntir nefndin og leggur það til, að fjárveiting þessi verði aftur færð til sömu eða líkrar upphæðar.

3. Að síðasti liður 4. greinar í lögum 10. nóv. 1905 um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands orðist svo: »Landsstjórnin skal leita álits Fiskifjelags Íslands um lánveitingar, styrkveitingar og verðlaunaveitingar þær, er um ræðir í 3. gr. Nefndin leit svo á, að tvímælalaust beri að gera þetta samkvæmt lögunum, er gera ráð fyrir stofnun slíks fjelags, sem þá var ekkert komið á fót, en nú, er Fiskifjelagið er stofnað, hljóti stjórnin og muni að sjálfsögðu leita álits fjelagsins um umræddar lán- og fjárveitingar, og að það yfir höfuð standi í sama hlutfalli eftirleiðis við þing og stjórn, sem Búnaðarfjelag landsins nú stendur í á svæði landbúnaðarins.

4. Þá kom fram á Fiskiþinginu sú tillaga, að lánsdeild sú, er stofnuð var með lögum 16. nóv. 1907, við Fiskiveiðasjóðinn, verði látin taka til starfa hið allra fyrsta. Tilætlunin var sú, að lánsdeild þessi skyldi starfa fyrst um sinn um 5 ár, en þó ekki veita lán úr henni lengur, fyr en það væri heimilað með lögum, og skyldi frumvarp til slíkra laga lagt fyrir alþingi árið 1913. En eins og getið er um í áliti nefndarinnar á þingskj. 608., sem að framan er nefnt, þá hefir lánsdeildin aldrei tekið til starfa, af því að örvænt hefir þótt um sölu lánsdeildarbrjefanna. Nefndin verður að álíta, að það væri til mjög mikillar eflingar sjávarútveginum, að slík lánslind gæti opnast fyrir hann, og hefir í

umræddu áliti sínu á þingskj. 608, sem að öðru leyti vísast til, eindregið lagt til, að stjórnin hlutist til um, að deildin taki til starfa.

5. Þá tillögu fiskiþingsins tók nefndin til athugunar, að Alþingi hlutist til um það, að lögin um útflutningsgjald af fiski og öðrum sjávarafurðum gangi jafnt yfir útlenda menn sem innlenda, og að gjaldið sje tekið af öllum útfluttum fiski, hvort sem hann hefir verið lagður á land eða í skip á höfnum til geymslu eða umhleðslu. Nefndin leitaði sjer upplýsinga um þetta efni, sem hnigu að því, að engir verslunarsamningar við önnur lönd sjeu því að vísu til fyrirstöðu, að slíkt gjald sje innheimt, en hins vegar muni ekki fært að heimta það af útflutningnum fyrir þá sök, að eftir aðþjóðavenju megi láta fisk, sem aflaður er utan landhelgi, í önnur skip á höfnum inni til útflutnings án þess útflutningsgjald sje greitt. Sá nefndin því ekki fært að ráða til breytinga í þessu efni frá því, sem venja hefir verið, þegar ræða er um fisk, sem af útlendingum að eins er umhlaðið í annað skip til útflutnings.

6. Um vitamál hafði Fiskiþingið rætt, en enga ályktun tekið. En þar sem það skiftir miklu fyrir allan þilskipa- og gufuskipaútveg landsmanna, sem óðum fer í vöxt, að vitum fjölgi enn, þar sem mest er þörf þeirra, telur nefndin mjög mikla þörf, að rannsakað sje, hvar brýnust er nauðsyn, og gerð föst áætlun um vitabyggingar, svo þingið renni ekki í hvert sinn blint í sjóinn með fjárveitingar til þeirra. Að þessu sinni þótti nefndinni ástæða til að taka tillit til þeirra radda, sem fram hafa komið af hálfu innlendra sjómanna, að viti á Meðallandstöngum eigi, vegna hagsmuna íslenskra sjómanna, að ganga fyrir vita á Ingólfshöfða, sem tekinn var á fjárlagafrumvarp stjórnarinnar. En nú hefir fjárveiting til þess vita verið samþykt af báðum deildum Alþingis, og má því gera ráð fyrir, að næst verði snúið sjer að vita á Meðallandstöngum.

7. Af öðrum ályktunum og óskum Fiskiþingsins skiftir sú mestu máli, að það samkvæmt fjárhagsáætlun sinni fer fram á að fá 25000 kr. styrk úr landssjóði. Telur nefndin sjálfsagt, að í líkingu við það, sem til landbúnaðar hefir verið veitt, fari styrkur til sjávarútvegarins vaxandi, eftir því sem þörf hans krefur, og beinar áætlanir liggja fyrir um ýms atriði, sem megi verða honum til viðgangs, sem verða mun því meira, sem Fiskifjelag landsins eflist betur, er vænta má að verði þessum öðrum aðalatvinnuvegi landsins til viðlíka eflingar, sem Búnaðarfjelagið er landbúnaðinum. Að þessu sinni hafa báðar deildir Alþingis samþykt ofannefnda fjárveiting, 12500 kr. hvort ár næsta fjárhagstímabils til Fiskifjelags landsins.

Af öðrum atriðum, sem við koma sjávarútvegi, hafði nefndin enn fremur til meðferðar þessi mál.

1. Erindi til stjórnarinnar frá fiskiumsjónarmanni Hjort í Bergen, þess efnis, að spyrjast fyrir um, hvort óskað kynni að vera hjeðan af landi, að skiptast á vikulegum símskeyta-upplýsingum um ýmsar fiskiafurðir. Nefndin áleit, að þetta væri bundið þeim kostnaði og örðugleikum, og ekki til þeirra hagsmuna fyrir oss, að ástæða sje til að óska þess að svo stöddu, og studdist í þessu áliti sínu einnig við ummæli frá formanni Fiskifjelags Íslands. Kemur hún því með enga tillögu í þessa átt.
2. Erindi frá vjelfræðingi Þorkeli Þ. Klemenz, þar sem hann fer fram á að nefndin styðji að því, að honum verði veittur styrkur, er hann hefir sótt um til Alþingis til utanfarar, í því skyni, að afla sjer frekari þekkingar á

þurkunaraðferðum og þeim tækjum og útbúnaði, sem notaður er til inniburkunar. Með því að nefndin áleit, að þetta mætti verða til stórmikillar nytsemdar við fiskþurkun, og maður þessi hefir álitleg meðmæli, þá beindi hún því til háttvirtrar Efri deildar, er þá hafði fengið fjárlögin til meðferðar, að taka í þau fjárveitingu, 1500 kr., árið 1914 til utanfarar nefndum vjelfræðing í þessu skyni, og hefir deildin tekið þá málaleitun til greina og samþykt fjárveitinguna.

Ennfremur var af einum nefndarmanni borin fram og íhuguð af nefndinni sú tillaga, að skipuð yrði milliþinganefnd til þess að rannsaka mannskaða og slysfarir, er á sjó verða, og alt sem að þeim lýtur og orsökum þeirra, og leggja á nokkur ráð, til að afstýra þeim og draga úr þeim, og nú hefir háttv. Efri deild komið með þingsályktun um þetta efni. Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki trú á, að milliþinganefnd að svo stöddu geti orðið að verulegu liði í þessu efni, en álítur hins vegar, að málið sje svo þýðingarmikið, að sjálfsagt sje, að Fiskifjelagið taki það til rækilegrar íhugunar og rannsóknar, þar sem slíkar slysfarir eru tiltölulega og óeðlilega miklar hjer á landi í samanburði við það sem gerist í öðrum löndum, og væntanlega þá sumar sprottnar af nokkrum þeim orsökum er ráða mætti bót á.

Fleiri mál hafði nefndin ekki til meðferðar, og um leið og hún lýkur störfum sínum, þykir henni hlýða að gera háttviriri deild þessa stuttu grein fyrir þeim.

Vegna naumleika tímans og annars annríkis, sem og þess hve sjávarútvegsmál eru lítt undirbúin, þótt sá atvinnuvegur taki nú sýnilega hröðum framförum, hefir hún ekki getað afkastað meiru eða vísað á fleiri leiðir til viðgangs og þroska sjávarútvegsins. Enda telur hún, að í öllum sjerstökum atriðum eigi Fskifjelagið að verða og muni verða aðal-lyptistöng þessa atvinnuvegar á sama hátt sem Búnaðarfjelag landsins á sínu svæði, og Fiskiþingið aðal málsvari þess fremur en Alþingi, sem jafnan mun eiga ráð á minni sjerþekkingu á þessum málum, en telja sjer hins vegar skylt, að styðja þau með fjárframlögum eftir föngum, og taka þannig til greina iðulega framkomnar raddir um, að þessi atvinnuvegur hafi allmjög setið á haka fyrir hinum öðrum aðalatvinnuvegi landsins, landbúnaðinum, sem stafað hefir þá af því einu, að hann hefir orðið fyrri til með fjelagsskap, að skipa málum sínum í framfaravænlegt horf.

Neðri deild Alþingis, 11. sept. 1913.

| | |
|---|---|
| Valtýr Guðmundsson, formaður. | Kristtnn Daníelsson, skrifari. |

H. Steinsson. M. J. Kristjánsson. Matth. Ólafsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. G. Eggerz.

Ed. **855. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

2. gr.

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn.

Öðrum en þeim, er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.

Ed. **856. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni.

Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Nd. 857. **Breytingartillaga**

við breytingartill. fjárlaganefndar á þingskj. 850.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 4. tölulið (steinsteypubrýr)
fyrir 6000 kr. í aftari dálki
komi: 6000 kr. í fremra dálki (þ. e. fyrra árið).

Nd. 858. **Þingsályktun**

um að stjórnin láti skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera áætlun um kostnað við brúargerðina.

(Samþykt í Nd. 11. september).

Alþingi skorar á stjórnina að láta verkfræðing landsins skoða og ákveða brúarstæði á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og gera nákvæma teikningu og áætlun um kostnað við brúarbygginguna, sem lagt verði fyrir Alþingi 1915.

Nd. 859. **Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 834 (við fjárl.frv. 1914—1915).

Frá Tryggva Bjarnasyni.

[Við 16. gr. 32]. Liðurinn orðist svo:
Til þess að útvega tilboð til járnbrautarlagninga hjer á landi og til frekari undirbúnings ... ... 4000— ....

Ed.

## 860. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans, til að gefa út 4. fl. (Serie) bankavaxtabrjefa.

Flutningsmenn: Steingrímur Jónsson, G. Björnsson.

1. Við 1. gr. Fyrir 5 miljónum komi: 3 miljónum.
2. Við 10. gr. Síðari málsgr. greinarinnar falli burt.
3. Við 11. gr. Önnur, þriðja og fjórða málsgrein falli burt.

Ed.

## 861. Nefndarálit

um frumv. til laga um heimild fyrir stjórnarráðið, til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

Nefndin telur þetta mál að vísu nauðsynjamál, sjerstaklega að því, er Reykjavik snertir, en frumv. þó eigi svo úr garði gert, að hún geti lagt til, að það verði samþykt óbreytt. Færir hún það sjerstaklega til, *að* eigi virðist nægilega vandað til um tryggingar fyrir því, að hinir umræddu þýðendur sje starfinu vel vaxnir og þeim trúandi fyrir því, svo vandamikið og áríðandi sem það er, *að* eigi er ákveðið í 2. gr., hver greiða skuli prófnefnd kaup það, er þar ræðir um, og *að* engin hegningarákvæði eru til nefnd í frumv.

En þar sem komið er að þinglausnum og engin von er til, að málið gangi nú fram, ef frumv. er breytt, álítur nefndin þýðingarlaust, að koma með breytingartillögur.

Alþingi, 10. sept. 1913.

| Eiríkur Briem, form. | Einar Jónsson, skrifari. | G. Björnsson. |
|---|---|---|

Ed.

## 862. Nefndarálit.

um frumvarp til laga um löggilta endurskoðendur.

Nefndin telur mál þetta talsvert þýðingarmikið. En aftur á móti telur hún ýmislegt athugavert við frumvarpið, og vill láta þess getið, er nú segir:

1. Skilyrði þau, er sett eru í 2. gr. fyrir löggilding endurskoðendanna þykir oss of rúm.

2. Það sýnist og talsvert athugavert, að endgrskoðun sú, sem 4. gr. ræðir um og umsjónarmenn opinberra sjóða, eða hlutafjelög og sameignarfjelög velja menn til eftir eigin vild, þó að lögailtir endurskoðendur sje og fullnægi skilyrð-

um 2. gr., skuli umsvifalaust gilda sem opinber endurskoðun. Ef hlutaðeigendum væri hugleikið, að endurskoðunin væri óvönduð, gætu þeir, ef til vill, valið til hennar miður heppilegan mann.

3. Í 5. gr. er dómstólum gert að skyldu, að hafa til endurskoðunar þeirrar, er þar ræðir um, löggilta endurskoðendur, ef til þeirru næst. En hver á að dæma um, hvort til þeirra næst? Eða á engan kostnað að taka þar til greina?

4. Loks þykir oss vanta, að eigi er minst á nein hegningarákvæði í frv.

En þar sem komið er að þinglausnum og enginn vegur til að koma málinu fram, ef frv. er breytt, álítum vjer þýðingarlaust að koma fram með breytingartillögur.

Alþingi, 10. seft. 1913.

| Eiríkur Briem, form. | Einar Jónsson, skrifari. | G. Björnsson. |
|---|---|---|

Nd. **863. Þingsályktun**

um úrfelling danskrar þýðingar á íslenskum lögum úr Stjórnartíðundunum.

(Samþykt í Nd. 11. september).

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fella úr stjórnartíðindunum dönsku þýðinguna á íslenskum lögum.

Nd. **864. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 á þingskj. 847 (Helgi Pjetursson).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

[15. gr. 40]. Fyrir »1500—1500« komi: 1800—1800.

Nd. **865. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Bjarna Jónssyni og Jóni Jónssyni.

Við 14. gr. B, I. c. (athugasemdina). Orðin »innanbæjarnemendur« o. s. frv. út athugasemdina falli burt.

Nd. **866. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson, Jón Magnússon og Jón Jónsson.

Við 15. gr. Á eftir tölulið 33 komi nýr liður:
Til Bjarna Jónssonar frá Vogi til ritstarfa ... ... ... 1200—1200

Nd. **867. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá Jóni Ólafssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi og Matth. Ólafssyni.

Við 16. gr. 33. lið: Fyrir »bifreiðum« komi: sjálfrenningum (orðbreyting).

Ed. **868. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Ed. 11. september (Frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884, þgskj. 761).

Deildin telur brýna þörf á að gera verulegar umbætur á ábúðarlöggjöfinni, en lítur svo á, að í frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, sje alt of skamt farið, og það í einstökum atriðum þannig vaxið að ekki sje rjett að samþykkja það. Hinsvegar beinir deildin þeirri áskorun til stjórnarinnar, að hún geri sem fyrst nauðsynlegan undirbúning til þess, að taka megi ábúðarlögin frá 12. jan. 1884 til gagngerðrar breytingar, og leggi síðan fyrir Alþingi frumvarp til laga um leiguábúð á jörðum, þar sem bætt sje úr þeim höfuðkostum ábúðarlaganna, sem bent hefir verið á, og árangurslaust reynt að bæta úr nú á síðustu þingum. Og í því trausti, að stjórnin taki þessa áskorun til greina tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Ed. **869. Lög**

um breyting á lögum 22. október 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Samþykt í Ed. 11. september).

1. gr.

Í 7. gr. laga 22. október 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands bætist aftan við 1. málsgrein: sbr. þó 8. gr.

2. gr.

Í 8. gr. sömu laga bætist við á eftir orðunum: »þó ekki lengri en 30 árum« ný málsgrein svohljóðandi: Áfallna vexti og afborganir af láni þessu eða lánum skal greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum er varið til annars.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 22 okt. 1912 um ritsíma og talsímakerfi Íslands, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Ed. **870. Hafnarlög**

fyrir Vestmannaeyjar.

(Samþykt í Ed. 11. september).

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr landssjóði alt að 62.500 — sextíu og tvö þúsund og fimm hundruð — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega, þó ekki fyr en á árinu 1916.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 187,500 — eitt hundrað áttatíu og sjö þúsund og fimm hundruð — króna lán, er sýslunefnd Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Nú vill annarhvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem umræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs komi til. Þetta nær þó ekki til mannvirkja þeirra, sem heimiluð eru með leigusamningi milli stjórnarráðsins og Arents Claessens, dags. 31. janúar 1913.

Sá, sem vill gera eitthvert slikt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til sýslunefndar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slikt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10—200 krónur, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Sýslunefnd Vestmannaeyja hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er sýslunefndin kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 sýslunefndarmenn og 2 utan sýslunefndar, annar úr tölu kaupmanna en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd sýslunefndar.

7. gr.

Sýslunefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Sýslusjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og sýslunefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Sýslunefndin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer

í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Vestmannaeyja, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er sýslunefnd Vestmanneyja semur, og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má sýslumanni Vestmannaeyja innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkvæmt 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldastofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr,. hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá sýslunefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutingsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir sýslumaður, og fær hann 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sýslunefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir sýslunefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal

það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynnna það sýslunefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða á sama hátt og sýslusjóðsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er sýslunefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Ed. **871. Lög**

um forðagæslu.

(Samþykt í Ed. 11. september).

A. Skipun forðagæslumanna.

1. gr.

Í hverjum hreppi skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi.

Sýslunefnd skal ákveða tölu forðagæslumanna í hverjum hreppi eftir

tillögu hreppsnefndar. Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefnd skift hreppnum í jafnmörg forðagæsluumdæmi, og hefir þá hver forðagæslumaður sitt svæði til umsjónar.

2. gr.

Forðagæslumenn skal kjósa 3. hvert ár til 3 ára í senn um leið og hreppsnefndarkosning fer fram og að henni aflokinni. Skulu gilda sömu reglur um kosninguna sem um hreppsnefndarkosningu og hafa þeir allir kosningarrjett, sem þann rjett hafa til hreppsnefndarkosningar.

Hver karlmaður, sem er kjörgengur til hreppsnefndar, skal vera skyldur til að takast þennan starfa á hendur.

Skorast geta menn undan þessu starfi af samskonar ástæðum, sem þá er menn skorast undan hreppsnefndarstarfi.

Ef forðagæslumaður deyr eða lætur af starfi sínu af öðrum ástæðum, áður en kjörtími hans er liðinn, skal þegar kjósa mann í hans stað til þess tíma aðeins, sem eftir var af kjörtíma hans, og fer um þá kosningu, sem um aukakosningu í hreppsnefnd.

## B. Verksvið forðagæslumanna og laun þeirra.

3. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar; í fyrra sinni snemma vetrar og aftur síðla vetrar. Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili.

Í reglugerð þeirri, sem sýslunefnd setur samkvæmt 8. gr., skal ákveða, hvenær eftirlitsferðirnar skuli farnar og hvernig forðagæslumaður skuli afla sjer að vorinu vitneskju um fyrningar og skepnuhöld.

Í hverri ferð skal hann athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda, og meðferðina á skepnunum. Hann skal ávalt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fóðurbirgðir á hverju heimili, svo og húsakynni fyrir búpening.

Þar að auki skal forðagæslumaður, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í þröng.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargerðir sínar í þar til gerða bók.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega, hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gerist á aukaskoðunum, skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða vísari, og hverrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanna, að gefa hverjum búanda holl ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu.

Á hverju vori skulu þeir veita hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir því næst senda sýslumanni upp úr fardögum aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda, og skal sýslumaður leggja skýrslurnar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar.

Á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, alt að 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð, og greiðist úr sveitarsjóði.

8. gr.

Sýslunefnd skal semja reglugerð fyrir forðagæslumenn og skal þar sagt ítarlega fyrir um öll störf og skýrslugerðir forðagæslumanna.

Þessar reglugerðir skulu sýslunefndir senda stjórnarráðinu til staðfestingar.

9. gr.

Forðagæslubækur sjeu með prentuðum dálkum og fyrirsögnum, og skulu löggiltar af sýslumanni. Bjargráðastjórn landsins útvegar bækurnar, svo og prentuð eyðublöð undir skoðunarskýrslur, eftir óskum sýslunefnda, og greiðist andvirði þeirra úr landssjóði. Forðagæslubækur eru landseign og sendast Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru eftir nánari ákvæðum bjargráðastjórnar.

C. Um skyldur þeirra, er komast í fóðurþröng o. fl.

10. gr.

Ef búandi kemst í fóðurþröng og finnur forðagæslumaður, að búpeningur hans er í slæmu standi, eða líkur til, að skepnurnar kunni að kveljast eða falla af fóðurskorti, þá skal hann hvetja búandann til þess að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða ráða honum, hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálpar von.

11. gr.

Ef búandi er í fóðurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, hvorki afla sjer fóðurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum. Getur hreppstjóri þá eftir tillögum forðagæslumanns skipað búandanum að afla sjer tiltekinna, nægilegra fóðurbirgða, ef þess er kostur, en kjósi búandinn heldur

að farga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fóðurs.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti forðagæslumanns um að kenna fóðurskorti, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, ásamt öllum málavöxtum, en hann aftur sýslumanni.

12. gr.

Sá, er sekur verður um horfelli samkvæmt 11. gr., skal sæta sektum frá 10 til 200 kr., eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. Önnur brot gegn þessum lögum, eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða sektum frá 5 til 100 kr., nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð.

Með mál, er rísa út af brotum gegn þessum lögum, skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög nr. 7, 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. eru úr gildi numin.

Ed. **872. Lög**

um bjargráðasjóð Íslands.

(Samþykt í Ed. 11. september).

1. gr.

Stofna skal allsherjar sjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfjelög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfjelag, verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að sýslufjelagið eða bæjarfjelagið megnar ekki af eigin ramleik að forða mönnum og skepnum við harðrjetti eða felli.

Sjóðurinn skal heita bjargráðasjóður.

2. gr.

Hvert sveitarfjelag og bæjarfjelag á landi hjer skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 25 aura fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 25 aurum fyrir hvern mann.

4. gr.

Þessir menn skulu vera í bjargráðastjórn, og hafa á hendi reikningshald bjargráðasjóðsins og geyma eignarskilríki hans: Forstjóri atvinnumálaskrifstofu stjórnarráðsins, formaður Búnaðarfjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á búnaðarþingi til 6 ára í senn, formaður Fiskifjelags Íslands og annar maður, sem það fjelag kýs á fiskiþingi til 6 ára í senn.

Öllum tekjum bjargráðasjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum með þeim skilyrðum, sem landsstjórnin setur því til tryggingar, að fjeð glatist ekki og taka megi til þess, hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því, að afstýra hallæri.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir bjargráðastjórnina eftir tillögum Búnaðarfjelags og Fiskifjelags Íslands.

6. gr.

Stjórnarráðið, Búnaðarfjelag Íslands og Fiskifjelag skulu hvert um sig velja einn sjóðgæslumann til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka ársreikninga bjargráðasjóðsins, reikningsbækur hans og eignaskilríki.

Stjórnarráðið setur reglur fyrir sjóðgæslumennina.

Reikninga bjargráðasjóðsins skal jafnan leggja fyrir alþingi, endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðagjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið, og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar.

8. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnum í tje manntalsskýrslur til afnota við útreikning bjargráðagjalda.

9. gr.

Alt það fje, sem rennur úr landssjóði í bjargráðasjóðinn, samkvæmt 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það alt vera sjereign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn, að vöxtum meðtöldum.

Skrifstofukostnað bjargráðastjórnar skal gjalda af sameigninni.

10. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upphaflega gjalds.

Nú á sýsla eða kaupstaður sjerstakan sjóð, sem eingöngu er ætlaður til hjálpar í hallæri, og getur þá stjórnarráðið veitt leyfi til að lækka bjargráðagjaldið, ef bjargráðastjórnin mælir með því.

11. gr.

Í hverri sýslu skal sýslunefnd, en í kaupstað bæjarstjórn, gera samþykt um hagnýtingu þeirrar sjereignar, sem sýslan eða kaupstaðurinn á í bjargráðasjóðnum. Skal sú samþykt heita bjargráðasamþykt.

Þessum bjargráðasamþyktum skal haga eftir fyrirmyndum, sem bjargráðastjórnin semur, og þarf samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær öðlist gildi, en leita skal áður álits bjargráðastjórnar um hvert frumvarp.

Í þessum bjargráðasamþyktum má skipa fyrir um alt það, sem stjórnarráðið, eftir tillögum bjargráðastjórnarinnar, telur nauðsynlegt því til tryggingar, að bjargráðasjóðurinn komi að rjettum notum og verði ekki illa varið.

12. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í bjargráðasjóðnum til útbýtingar, samkvæmt bjargráðasamþykt sinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má hjeraðið með leyfi bjargráðastjórnarinnar neyta sjereignar sinnar til að kaupa eða tryggja sjer varaforða, en það fje, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema það komi til útbýtingar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki sjereign einhvers hjeraðs til forðatryggingar eða hjálpar í hallæri, og má þá stjórnarráðið með ráði bjargráðastjórnarinnar veita því hjeraði vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfje sjóðsins, gegn veði í bjargráðagjaldi hjeraðsins.

Ef mikil óáran gengur um land alt og bjargráðasjóðurinn kemst í fjárþröng, þá má landsstjórnin, ef bjargráðastjórnin fer þess á leit, lána bjargráðasjóðnum fje úr landssjóði, eða útvega honum lán annarsstaðar, gegn veði í eigum og tekjum sjóðsins.

Ed. **873. Lög**

um breyting á lögum nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

(Samþykt í Ed. 11. september).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Sitja í henni sýslumaður eða bæjarfógeti og tveir menn, er sýslunefnd kýs eða bæjarstjórn, ef kaupstaður er kjördæmi sjer, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn frambjóðandi í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki full-

skipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.


Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sýslumaður eða bæjarfógeti er oddviti yfirkjörstjórnar. Ef hann er frambjóðandi, skal hann þó víkja sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

2. gr.

19. grein laganna orðist svo:

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (23. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir kjördæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæmi, heldur en kjósa skal, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefni eða þingmannaefni kosið eða kosin. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafn-stórir og eins í lagi og með sama lit. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ sm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 sm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ sm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðlar skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje, að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

3. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann, (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 sentimeter að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, útvega

stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 28. gr.

4. gr.

38. grein laganna orðist svo:

Engin merki má á seðilinn gera, önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

5. gr.

40. gr. laganna falli burt; í hennar stað komi svohljóðandi grein:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fleiri fram, skal enn bíða 1/4 klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 4 klukkustundir eru liðnar frá því, er byrjað var að taka við atkvæðum.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 39. gr. fyrri málsgrein, til að greiða atkvæði á meðan seðlaforðinn endist.

Ed. **874. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eins og það var samþykt í Ed. og afgreitt frá Alþingi 11. september).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903:

»Ráðherra Íslands má eigi . . . falið að veita« falli burt, en í staðinn komi:

Ráðherra Íslands má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík, en fara svo oft sem nauðsyn er á til Kaupmannahafnar, til þess að bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir, þar sem konungur ákveður.

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir hans á konungsfund.

Nú deyr ráðherra eða lætur af embætti, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherra veitir þau embætti, sem hann hingað til hefir veitt.

Tölu ráðherra má breyta með lögum.

Verði ráðherrum fjölgað, legst landritaraembættið niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í Landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært hann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það.

6. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána, og ætið skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

7. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í stað hennar komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeid. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um landið alt í einu lagi.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

9. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burtu, en í stað hennar komi:

Þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum, skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, til 12 ára, og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans, fyrir það, sem sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafn margir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.

10. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar), falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis hafa karlar og konur, sem fædd eru hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár og eru 25 ára, er kosningin fer fram; þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Ennfremur eru þau skilyrði sett, að hinir nýju kjósendur, konur, og þeir karlmenn, er ekki hafa kosningarrjett samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, fái ekki rjett þann, er hjer ræðir um, öll í einu, heldur þannig, að þegar semja á alþingiskjörskrá í næsta sinn, eftir að lög þessi eru komin í gildi, skal setja á kjörskrána þá nýja kjósendur eina, sem eru 40 ára eða eldri, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum til kosningarrjettar. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og svo framvegis, lækka aldursmarkið um eitt ár í hvert sinn, til þess er allir kjósendur, konur sem karlar, hafa náð kosningarrjetti, svo sem segir í upphafi þessarar greinar.

Nú hafa hjón óskilin fjárhag, og missir ekki konan kosningarrjett sinn fyrir því.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deid.

11. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar er hver sá, sem kosningarrjett á til þeirra; kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt þar heima skemur en eitt ár. Kjörgengur við hlutbundnar kosningar er hver sá, er kosningarrjett á til þeirra. Heimilisfesta innan lands, er skilyrði fyrir kjörgengi, bæði við hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar.

Þeir dómendur, er hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó hvorki kjörgengir til neðri nje efri deildar.

12. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur, án samþykkis konungs.

13. gr.

Á undan 20 gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

14. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

15. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

16. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

17. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breyta má þessu með lögum.

18. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

19. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

20. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sjerrjettindi, er bundin sje við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

21. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og Auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

## Akvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn 6 þingmenn til efri deildar og jafnmargir varamenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulegu Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverjir skuli fara frá eftir 6 ár, þeirra sem kosnir voru hlutbundnum kosningum.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

2. málsgrein 11. gr. tekur ekki til dómara þeirra, er nú skipa landsyfirrjettinn.

Heimilisfesta innanlands er ekki skilyrði fyrir kjörgengi þeirra manna, sem þá kunna að eiga setu á Alþingi, er stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi.

Sþ. **875. Skrá**

um erindi þau, sem Alþingi 1913 bárust og lögð voru á lestrarsal, frá því er þing hófst til þinglausna.

### A. Erindi þau er varða fjárveitingar.

1. P. O. Bernburg sækir um 400 kr. styrk handa hljóðfæraflokki sínum (Nd. 2).
2. Stefán skógvörður á Vöglum Kristjánsson sækir um 2,500 kr. styrk til að byggja íbúðarhús þar (Nd. 6).
3. Norður-Ísfirðingar sækja um styrk til gufubátsferða (Nd. 10).
4. Norður-Ísfirðingar biðja um fje til brúargerðar á Langadalsá (Nd. 11).
5. Sýslunefnd Norður-Ísfirðinga biður um 40,000 kr. styrk til lendingarbóta í Bolungarvík (Nd. 12).
6. Jakob bóndi Hagalínsson sækir um fjárstyrk eða verðlaun fyrir barneignir (Nd. 13).
7. Bænarskrá 153 sjómanna um símalagning til Aðalvíkur (Nd. 14).
8. Andrjes augnlæknir Fjeldsted biður um að veittar verði 180 kr., til þess að kaupa risasegul (Nd. 15).
9. Síldarmatsmenn á Akureyri og í Siglufirði biðja um 1000 kr. launahækkun (Nd. 20).
10. Jakob síldarmatsmaður Björnsson í Siglufirði biður um að fá endurgoldinn ferðakostnað (Nd. 21).
11. Jón kaupmaður Björnsson í Borgarnesi biður um lán úr viðlagasjóði til ullarþvottahúss (Nd. 22).
12. Benedikt Einarsson í Skógum sækir um styrk til þess að halda uppi þar gistihúsi (Nd. 24).
13. Árni Hallgrímsson sækir um 700 kr. til að kynnast lýðháskólum (Nd. 35).

14. Sýslumaður Skagfirðinga sækir um 6000 kr. styrk til bryggjugerðar á Sauðárkróki (Nd. 36).
15. Guðjón Samúelsson biður um 1000 kr. styrk til tveggja ára, til þess að halda áfram námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn (Nd. 41).
16. Sýslunefnd Gullbringusýslu sækir um 15000 kr. til vegargerðar milli Keflavíkur og Grindavíkur (Nd 42).
17. Sama sýslunefnd biður um að vegurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur verði tekinn í tölu flutningabrauta, og viðhald hans greitt úr landssjóði (Nd. 43).
18. Sama sýslunefnd og bæjarstjórn Hafnarfjarðar sækja um að landssjóður veiti 9,000 kr., til þess að gera veg frá Hafnarfjarðarvegi, um Vífilsstaði, á þjóðveginn austur í sýslur (Nd. 44).
19. Kristín Jónsdóttir sækir um 600 kr. styrk til framhalds námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn (Nd. 49).
20. Jón háskólakennari Jónsson sækir um 1,500 kr. styrk til utanfarar, til þess að rannsaka erlend skjalasöfn (Nd. 52).
21. Sigurgeir ullarmatsmaður Einarsson sækir um 2359 kr. 70 a. fjárveiting í fjáraukalögum 1912 og 1913 (Nd. 53).
22. Samþykt frá fundi á Óspakseyri um fjárveiting til þjóðvegarins frá Bitrufjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns (Ed. 23).
23. Búendur í Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellsþingi sækja um 7,000 kr. lán úr viðlagasjóði, til þess að raflýsa Vík í Mýrdal (Ed. 25).
24. Þrjátíu búandmenn í Bæjarhreppi leita þess, að stofnað sje læknishjerað í syðri hluta Strandasýslu (Ed. 33).
25. Páll Þorkelsson sækir um 1,200 kr. styrk á ári, til þess að vinna að íslenskri orðabók með frakkneskum þýðingum (Nd. 55).
26. Tuttugu og sex erindi, sem landsstjórninni hafa borist um fjárveitingar, þau er hún hafði ekki tekið til greina í fjárlagafrumvarpi (Nd. 59).
27. Guðrún J. Jóhannesdóttir biður um 600 kr. eftirlaunaviðbót á ári (Nd. 61).
28. Erindi frá háskóla Íslands til stjórnarráðsins um ónóga kenslukrafta læknadeildarinnar (Nd. 62).
29. Erindi Kvenrjettindafjelags Íslands um sending fulltrúa á alþjóða-kvenrjettindafund í Buda-Pest (Nd. 63).
30. Erindi Tryggva Gunnarssonar um Alþingishúsgarðinn (Nd. 66).
31. Gísli gerlafræðingur Guðmundsson sækir um 1,500 kr. styrk til utanfarar (Nd. 68).
32. Læknadeild háskólans biður um 5,000 kr. fjárveiting, til þess að byggja hús fyrir ókeypis lækningu deildarinnar (Nd. 71).
33. Sama deild háskólans biður um 7,000 kr. til kaupa á Röntgensáhöldum (Nd. 72).
34. Gísli Guðmundsson í Borgarnesi biður um ellistyrk (Nd. 74).
35. Stefán fyrri þingmaður Eyfirðinga Stefánsson biður um 5,000 kr. fjárveiting til framhalds brautinni frá Akureyri um Moldhaugnaháls (Nd. 75).
36. Jóhannes Sveinsson Kjarval biður um 1,800 kr. styrk til þess að halda áfram námi í málaralist (Nd. 76).
37. Ólafur myndamótari Jónsson biður um styrk úr landssjóði til þeirrar iðnar (Nd. 77).

38. Búnaðarfjelag Íslands fer fram á fjárveiting til þess, að mældir verði allir matjurtagarðar landsins (Nd. 78).
39. Áskorun frá sama fjelagi um að fjárveiting til fóðurforðabúra fái að haldast óbreytt í næstu fjárlögum (Nd. 79).
40. Sama fjelag biður um fjárveiting til rannsóknar á berklaveiki í nautgripum hjer á landi (Nd. 80).
41. Sama fjelag leitar þess, að veitt verði fje til leiðbeiningar í húsagerð (Nd. 81).
42. Sama fjelag leitar þess, að veitt verði fje handa vatnsvirkjafróðum manni (Nd. 82).
43. Sveinn Vestur-Íslendingur Oddsson biður um 5,000 kr. styrk til bifreiðarferða [rennireiða] (Nd. 87).
44. Hannes sagnaritari Þorsteinsson leitar þess, að honum verði veittur sami styrkur og hingað til, til þess að semja æfisögur lærðra manna íslenskra (Nd. 90).
45. Þingmaður Snæfellinga og Hnappdæla leitar þess, að breytt verði afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppi var veitt úr viðlagasjóði til hafnarbryggju (Nd. 93).
46. Lagadeild háskólans leitar þess, að veitt verði fje, til þess að gera efnisskrá yfir gildandi íslensk lög (Nd. 94).
47. Jóhann Fr. Kristjánsson biður um tveggja ára laun fyrir að leiðbeina bændum í húsagerð (Nd. 95).
48. Skýrsla stúdentafjelagsins í Reykjavík um alþýðufræðslu, og beiðni um styrk í þeirri grein (Nd. 96).
49. Annar þingmanna Gullbringusýslu og Kjósar, biður um fje veitt, 500 kr., til eftirlits úr landi með fiskiveiðum í Garðsjó (Nd. 97).
50. Árni yfirfiskimatsmaður Gíslason á Ísafirði biður um 400 kr. til endurgjalds á ferðakostnaði til Spánar og Ítalíu (Nd. 99).
51. Beiðni um 3,000 kr. styrk til leikfimishúss á Blönduósi (Ed. 36).
52. Hulda Matthíasdóttir sækir um 400 kr. styrk til framhalds hjúkrunarnámi (Nd. 100).
53. Sigtryggur prestur Guðlaugsson biður um styrk til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði (Nd. 101).
54. Þingmenn Húnvetninga æskja fjárveitingar til kaupstaðarvegar frá Hvammstanga (vesturenda Múlavegarins) til þjóðvegarins á Miðfjarðarhálsi (Nd. 102).
55. Sömu þingmenn æskja fjárveitingar til vegagerða í Langadal, í Svínavatnshreppi og til svifferju á Blöndu (Nd. 103).
56. Hreppsnefnd Laugardalshrepps biður um eftirgjöf á Sogsbrúarláni (Nd. 104).
57. Forseti kennarafjelagsins íslenska, biður um að bætt sjeu kjör barnakennara (Nd. 105).
58. Einar málari Jónsson sækir um 700 kr. utanfararstyrk til frama og fullnustu í málaraiðn (Nd. 108).
59. Umsjónarmaður fræðslumálanna brýnir þá þörf, að ekki sje við neglur numinn styrkur úr landssjóði til barnafræðslu (Nd. 109).
60. Þorleifur þingm. Austur-Skaftfellinga Jónsson æskir þess, að veittar sjeu 4,000 kr. til að ryðja vör við Ingólfshöfða (Nd. 110).

61. Sýslunefnd Rangæinga vill að endurgoldinn sje kostnaður við vegargerð frá Rauðalæk til Ægisíðu (Nd. 112).
62. Fyrri þingmaður Rangæinga leitar þess, að 1. liður 5. gr. í fjárlögunum fái að standa óbrjálaður í næstu fjárlögum (Nd. 113).
63. Stúdentafjelagið í Reykjavík biður um 600 kr. styrk, til þess að senda mann á 100 ára afmæli norska stúdentafjelagsins (Nd. 114).
64. Öngulsstaðahreppsbúar sækja um styrk til brúargerðar á Þverá syðri í Eyjafirði (Nd. 115).
65. Gunnar Gunnarsson sækir um 500 kr. styrk til tveggja ára til náms og ritstarfa (Nd. 116).
66. Samúel rithagi Eggertsson biður um styrk til að semja hlutfalla-uppdrátt yfir sögu Íslands (Nd. 117).
67. Nokkur skjöl frá P. A. Monnet ásamt erindi stjórnarráðsins (Nd. 118).
68. Rafljósanefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar biður um undanþágu frá því, að greiða vörutoll af vjelum, áhöldum og öðrum efnum, er hún þarf að flytja út þangað (Nd. 119).
69. Kennarafjelagið íslenska biður um að bættur sje og aukinn styrktarsjóður handa barnakennurum (Nd. 120).
70. Júlíana Sveinsdóttir biður um 500—800 kr. styrk, til þess að iðka málaralist á listaháskólanum í Kaupmannahöfn (Nd. 121).
71. Þingmaður Mýramanna sendi beiðni Davíðs bónda Stefánssonar í Fornahvammi um styrk til húsbyggingar (Nd. 122).
72. Fiskifjelag Íslands biður um 12,500 kr. styrk á ári til tveggja ára (Nd. 123).
73. Íþróttasamband Íslands sækir um 500 kr. ársstyrk, 300 kr. endurgjald á ferðakostnaði til Stokkhólms og 600 kr. utanfararstyrk handa Erlingi sundkappa Pálssyni (Nd. 125).
74. Heimilisiðnaðarfjelagið íslenska biður um 5,000 kr. styrk á næsta fjárhagstímabili, 3,000 kr. fyrra árið og 2,000 kr. síðara árið (Nd. 129).
75. Hólmfríður Árnadóttir biður um 800 kr. styrk fyrra árið og 600 kr. síðara árið (Nd. 130).
76. Hjálpræðisherinn sækir um 2,000 kr. styrk til þess að koma upp gistihæli og sjómannaheimili (Nd. 131).
77. Ásgeir efnafræðingur Torfason sækir um launahækkun (Nd. 132).
78. Hann fer og fram á, að veittar sjeu 1,000 kr. til áhaldakaupa á efnarannsóknastofu landsins (Nd. 133).
79. Jón prófastur Sveinsson og sex menn aðrir leita þess, að Arnóri presti Þorlákssyni verði veitt viðurkenning fyrir jarðabætur og húsa á Hest (Nd. 134).
80. Ásgeir Eyþórsson sækir um að Ragnari syni hans verði veittur 300 kr styrkur til tveggja ára til garðyrkjunáms (Nd. 135).
81. Einar garðyrkjumaður Helgason leitar þess, að Sigmari Guttormssyni verð veittur styrkur til garðyrkjunáms (Nd. 136).
82. Ásgeir efnafræðingur Torfason sækir um styrk til iðnskólans í Reykjavíl (Nd. 137).
83. Sýslumaður Árnesinga leitar þess í umboði sýslunefndar, að landsstjórninn verði veitt heimild til þess að lána Arnessýslu 50,000 kr. til lýð skólastofnunar (Nd. 138).
84. Hólmgeir dýralæknir Jensson biður um að fá að halda styrk sínum til dýra lækninga (Nd. 139, a).

85. Ólafur læknir Gunnarsson býðst til þess, að ganga í þjónustu landsins, þann veg að kenna starfrækslu væntanlegra Röntgensáhalda í læknadeild háskólans (Nd. 139, b).
86. Jón landsskjalavörður Þorkelsson leitar eftir launahækkun starfsmanna Landsskjalasafnsins (Nd. 140).
87. Hreppsnefndin í Selvogshreppi mótmælir grein Þorvalds verkfræðings Krabbe í Ísafold, um að járnbraut eigi ekki að liggja um Selvoginn og Krýsuvík, og skorar jafnframt á Alþingi að veita nægilegt fje til að rannsaka þá leið (Nd. 142).
88. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á Alþingi, að veita fje til að rannsaka járnbrautarstæði um Hafnarfjörð, Krýsuvík, Selvog til Ölfuss (Nd. 143).
89. Ýmsar málaleitanir frá sýslunefnd Vestmannaeyja, fjárbænir o. fl. (Nd. 144).
90. Jónatan vitavörður Jónsson í Vestmannaeyjum biður um 200 kr. launaviðbót á ári (Nd. 145).
91. Fimtíu og þrír kjósendur í Rauðasandshreppi biðja um styrk til vjelarbátsferða (Nd. 146).
92. Magnús Guðmundsson biður um styrk til þess að fullkomna sig í skipasmíði (Nd. 147).
93. Þingmenn Rangæinga leita fjárveitingar til brúargerðar á Eystri-Rangá (Nd. 150).
94. Páll kandídat Ólason biður um 1,800 kr. styrk á ári, til þess að semja skrá yfir handritasafn Landsbókasafnsins (Nd. 152).
95. Reynir Gíslason sækir um 800 kr. styrk 1914 til þess að nema hljómfræði og hljóðfæraslátt á hljómlistaskólanum í Kaupmannahöfn (Nd. 154).
96. Sambandsstjóri ungmennafjelags Íslands biður um að styrkur sá, er ungmennafjelögin hafa notið, verði hækkaður upp í 3,000 kr. (Nd. 155).
97. Hafsteinn Pjetursson sækir um 500 kr. ferðastyrk, til þess að leita sjer atvinnu hjer á landi (Nd. 166).
98. Steingrímur stud. polyt. Jónsson sækir um 2,000 kr. styrk, til þess að ljúka námi við polytekniskaskólann í Kaupmannahöfn (Nd. 167).
99. Bandalag tóbaksbindindisfjelaga Íslands biður um 300 kr. styrk á ári til tveggja ára (Nd. 169).
100. Sigríður Sigurðardóttir biður um 400 kr. utanfararstyrk, til þess að nema hjúkrunarfræði (Nd. 170).
101. Sophía Bertelsen biður um 800 kr. utanfararstyrk, til þess að verða fullnuma í yfirsetukvennafræði (Nd. 174).
102. Bjarni Jónsson frá Vogi leitar 4,000 kr. fjárveitingar til þess að gefa út á þýsku Rjettarstöðu Íslands eftir Einar prófessor Arnórsson (Nd. 175).
103. Fjárefnamálaleitanir frá Eimskipafjelagi Íslands (Nd. 178).
104. Dr. Guðmundur Finnbogason leitar þess, að Alþingi launi kennara við kennaraskólann, í stað dr. Björns Bjarnasonar, er erlendis fari, sakir sóttarfars (Nd. 187).
105. Guðmundur trjesmiður Jakobsson sækir um 2,000 kr. styrk til hljómfræðanáms sona sinna, Eggerts og Þórarins, erlendis (Nd. 110).
106. Tuttugu kaupfjelagsmenn í Húnavatnsþingi biðja um fjárveiting til aðgerðar Blönduóssbryggju (Nd. 191).
107. Taflfjelag Reykjavíkur biður um 500 kr. styrk til þess að senda mann á skákþing Norðurlanda, er háð verði 1914 (Nd. 194).

108. Sama fjelag leitar þess, að Landsbókasafninu verði veittar 200 kr. á ári til tveggja ára til skákbókakaupa (Nd. 195).
109. Þorvaldur magalæknir Pálsson biður um 2,000 kr. árlegan styrk, til þess að stunda lækningar meltingarsjúkdóma og rita um manneldi (Nd. 197).
110. Sæmundur prófessor Bjarnhjeðinsson biður um launaviðbót (Ed. 55).
111. Magnús húðsýkislæknir Júlíusson býður þjónustu sína við rannsóknir með Röntgensáhöldum (Nd. 198).
112. Ágúst bóndi í Birtingaholti Helgason sækir um 60000 kr. lán úr viðlagasjóði fyrir hönd nokkurra Árnesinga, til þess að veita Þjórsá yfir Skeiðin (Nd. 204).
113. Jón Jónsson Hjaltstad biður um alt að 1000 kr. styrk eða verðlaun fyrir sauðfjárkynbætur sínar og umbætur á búnaðarverkfærum (Nd. 222).
114. Söknarnefn Viðvíkursóknar skorar á þingmenn Skagfirðinga, að endurtaka á þingi álagskröfu Viðvíkurkirkju á hendur landssjóði (Ed. 66).
115. Brjef stjórnarráðsins um efni Þönglabakkakirkju (Ed. 67).
116. Björn alþingismaður Þorláksson sækir um 300 kr. styrk handa drengnum Einari Guðmundssyni á Seyðisfirði, til þess að leita honum læknishjálpar erlendis (Ed. 68).
117. Gísli Jónsson í Hafnarfirði sækir um 1500 kr. utanfararstyrk, til þess að framast í málaralist (Nd. 225).
118. Þorvaldur verkfræðingur Krabbe mælir með því, að nægilegt fje verði veitt til hafnargerðar í Bolungarvík, og gerir nokkura grein fyrir hafnargerð þeirri (Nd. 234).
119. Guðrún Jónsdóttir biður um 400 kr. árlegan ellistyrk, og fylgja þar með meðmæli landlæknis (Nd. 230).
120. Elísabet Jónsdóttir biður um ellistyrk (Nd. 231).
121. Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps í Vöðluþingi fer fram á alt að 25000 kr. viðlagasjóðslán gegn ábyrgð sýslunefndar (Nd. 232).
122. Þingmaður Barðstrendinga fer fram á að Vestur-Barðastrandarsýslu verði gefnar eftir eftirstöðvar af 5000 kr. viðlagasjóðsláni (Nd. 233).
123. Þorgrímur læknir Þórðarson biður um 400 kr. árlegan styrk (Nd. 237).
124. Þingmenn Sunnmýlinga sækja um 3000 kr. styrk á ári til tveggja ára til vegagerðar milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar (Nd. 238).
125. Þingmenn Gullbringusýslu og Kjósar senda erindi um veginn milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur (Nd. 239).
126. B. G. Blöndal og M. Stefánsson fara fram á, að fje sje veitt til aðgerðar á sýsluveginum í Eiðahreppi (Nd. 240).
127. Þingmenn Sunnmýlinga leita þess, að veittar verði 20000 kr. til brúargerðar á Grímsá á Völlum (Nd. 241).
128. Þingmenn Gullbringusýslu og Kjósar biðja um að veittar verði 3900 kr. til brúargerðar á Bleikdalsá á Kjalarnesi (Nd. 242).
129. Kennarar Mentaskólans leita eftir launahækkun (Nd. 243).
130. Stjórn kennaraskólans biður um að aukinn verði styrkur sá, er skólinn nú nýtur (Nd. 244).
131. Ásmundur Gestsson biður um alt að 800 kr. styrk til lýðskólans í Bergstaðastræti í Reykjavík (Nd. 245).
132. Björn fimleikakennari Jakobsson biður um að sjer verði veittur 600 kr.

styrkur árlega til þess að halda uppi fimleikakenslu í Reykjavík (Nd. 247).

133. Jón rithöfundur Ólafsson sækir um 3000 kr. styrk árlega til orðabókarsamningar (Nd. 248).

134. Ríkharður listamaður Jónsson sækir um 2000 kr. styrk á ári í næstu tvö ár, til þess að ljúka myndhöggvaranámi á listaháskólanum í Kaupmannahöfn (Nd. 249).

135. Kristinn alþingism. Daníelsson biður um að Sighvati sagnaritara Borgfirðing sje veittur 300 kr. styrkur til rannsókna á skjalasöfnum hjer (Nd. 250).

136. Framkvæmdarnefnd Stórstúku Íslands fer fram á, að styrkurinn til Goodtemplarreglunnar haldist (Nd. 251).

137. Vilhjálmur prestur Briem sækir um að Eggert syni hans sje veittur 800 kr. styrkur á ári til tveggja ára, til þess að nema rafmagnsfræði og vjela í Mittweida á Saxlandi (Nd. 252).

138. Páll Torfason fer fram á, að Guðmundi sýslumanni Björnssyni og Snæbirni hreppstjóra Kristjánssyni verði bættur skaði sá, er þeir urðu fyrir 1910, sakir ofbeldis útlends skipstjóra (Nd. 253).

139. Guðmundur Þorvaldsson á Bildsfelli biður um 1500 kr. styrk, til þess að koma upp rafaflsstöð á jörð sinni (Nd. 254).

140. Kristinn alþingism. Daníelsson leitar þess, að Guðrúnu Pjetursdóttur, ekkju Jens prófasts Pálssonar, verði árlega veitt 300 kr. eftirlaunaviðbót (Nd. 255).

141. Páll Jónsson biður um 600 kr. styrk til þess að fara á sýningu í Kristjaníu næsta sumar (Nd. 256).

142. Sýslumaður Mýramanna og Borgfirðinga leitar þess, að veitt verði fje til vegagerðar í Skilmannahreppi og Reykholtsdal (Nd. 258).

143. Höskuldur Guðmundsson fer fram á 10000 kr. styrkveitingu til veturvistar á eyjunni Jan Mayen (Nd. 263).

144. Þorkell Þ. Clementz biður um 2000 kr. utanfararstyrk, til þess að vinna sjer frekari þekking í fiskþurkunaraðferðum (Nd. 264).

145. Ólafur læknir Gunnarsson leitar þess, að fá 1500 kr. árlegan styrk til þess að veita mönnum orthopædiska læknishjálp og kenna orthopædiska chirurgi við háskóla Íslands (Nd. 265).

146. Jón hjeraðslæknir Jónsson á Blönduósi sækir um 1000 kr. utanfararstyrk (Nd. 270).

147. Sýslumaður Dalamanna leitar fyrir hönd sýslunefndar eftir ýmsum fjárveitingum til Dalasýslu (Nd. 273).

148. Axel Tulinius fer fram á að Þórarni Tulinius verði veittur 2000 kr. árlegur styrkur, til þess að halda uppi reglubundnum flutningaferðum á bifreið um Fagradalsbraut, milli Reyðarfjarðar og Hjeraðs (Nd. 275).

149. Ólafur Árnason og Guðmundur Guðmundsson biðja um styrk til vöruflutninga á bifreið um Árnessýslu og Rangárvalla (Nd. 278).

150. Jón landsbókavörður Jakobsson tjáir að nauðsyn sje á ýmsum endurbótum á Landsbókasafnshúsinu og fjárveiting til þeirra (Nd. 284).

151. Þingmaður Snæfellinga og Hnappdæla og þingmenn Dalamanna og Barðstrendinga fara fram á, að styrkur til Breiðafjarðarbátsins sje hækkaður upp í 10000 kr. á ári (Nd. 285).

152. Gufubátsfjelag Faxaflóa biður um að fá að halda styrk þeim óskertum, er það nú hafi (Nd. 286).

153. Símskeyti frá kjósendafundi á Patreksfirði, þar sem farið er fram á, að alþingi veiti »Eimskipafjelagi Íslands« sem ríflegastan styrk (Nd. 300).
154. Símskeyti frá kjósendafundi á Flateyri, þar sem skorað er á Alþingi, að veita »Eimskipafjelagi Íslands« sem ríflegastan styrk (Nd. 302).
155. Símskeyti frá almennum fundi í Bíldudal, þar sem skorað er á Alþingi, að veita »Eimskipafjelagi Íslands« eigi minni styrk en bráðabirgðarstjórn þess hefir farið fram á (Nd. 303).
156. Símskeyti frá kjósendafundum á Þingeyri, þar sem skorað er á Alþingi, að veita »Eimskipafjelagi Íslands« sem ríflegastan styrk (Nd. 305).

## B. Ýms önnur erindi.

1. Þingmálafundargerð úr Suður-Þingeyjarsýslu (Nd. 1).
2. Tvær þingmálafundargerðir úr Árnessýslu (Nd. 7—8).
3. Þingmálafundargerð Norður-Ísfirðinga (Nd. 9).
4. Fjórar þingmálafundargerðir úr Eyjafjarðarsýslu (Nd. 16—19).
5. Fimtán konur í Reykjavík tilkynna, að þær sendi alþingi veifu og óska, að hún verði notuð (Nd. 23).
6. Þingmálafundargerð úr Norður-Múlasýslu (Nd. 25).
7. Þingmálafundargerð úr Seyðisfjarðarkaupstað (Nd. 26).
8. Þingmálafundargerð úr Mýrasýslu (Nd. 29).
9. Fjórar þingmálafundargerðir úr Austur-Skaptafellssýslu (Nd. 32).
10. Þingmálafundargerð úr Vestur-Ísafjarðarkaupstað (Ed. 9).
11. Þrjár þingmálafundargerðir úr Vestur-Ísafjarðarsýslu (Nd. 37).
12. Fimm þingmálafundargerðir úr Skagafjarðarsýslu (Nd. 38).
13. Fimm þingmálafundargerðir úr Barðastrandarsýslu (Ed. 17).
14. Fimm þingmálafundargerðir úr Norður-Þingeyjarsýslu (Nd. 45).
15. Þrjár þingmálafundargerðir úr Strandasýslu (Ed. 22).
16. Tvær þingmálafundargerðir úr Vestur-Skaftafellssýslu (Ed. 24).
17. Þingmálafundargerð úr Rangárvallasýslu (Nd. 47).
18. Skýrsla um lýðháskólann á Hvítárbakka (Nd. 48).
19. Erindi frá Sumarliða Jónssyni um að fá keypta ábýlisjörð sína, Foss í Barðastrandarsýslu (Nd. 46).
20. Erindi frá Sigurgeir Einarssyni um ullarverkun (Nd. 54).
21. Þingmálafundargerð frá Akureyri (Nd. 51).
22. Fimtán skjöl frá Guðmundi Hjaltasyni um lýðfræðslustarf hans (Nd. 56).
23. Áskorun frá 31 konu um aukin rjettindi (Nd. 57).
24. Sjö þingmálafundargerðir úr Gullbringu- og Kjósarsýslu (Nd. 58).
25. Þrjár þingmálafundargerðir úr Suður-Múlasýslu (Nd. 60).
26. Stjórnarráðið sendir brjef sýslumannsins í Rangárvallasýslu um breyting á takmörkum Rangárhjeraðs (Nd. 64).
27. Fjórar skýrslur um kennaraskólann í Reykjavík 1908—1912 (Nd. 67).
28. Brjef Sögufjelagsins ásamt tveimur heftum af Lögþingisbókum Íslands (Nd. 73).
29. Skýrslur frá Stefáni Eiríkssyni um teikni- og skurðkenslu veturna 1911—1912 og 1912—1913 (Nd. 86).
30. Þingmálafundargerð úr Norður-Múlasýslu (Ed. 27).
31. Erindi um að þjóðjörðin Brekka í Fljótsdal verði lögð til sjúkrahússins þar. Frá stjórnarnefnd sjúkrahússins (Ed. 28).

32. Tvær þingmálafundargerðir úr Húnavatnssýslu (Ed. 29).
33. Beiðni frá Steinunni Friðriksdóttur um, um að fá ábýlisjörð sína, Reyki í Hrútafirði keypta (Ed. 30).
34. Erindi frá Guðm. G. Bárðarsyni og Kristmundi Jónssyni um lundaveiði (Ed. 31).
35. Erindi frá Kristmundi Jónssyni, Guðmundi Bárðarsyni á Kjörseyri og Guðm. Bárðarsyni í Bæ um eyðingu svartbaks (Ed. 32).
36. Tvær þingmálafundargerðir úr Snæfellsnessýslu (Nd. 89).
37. Erindi frá búendum í Loðmundarfirði um auknar póstferðir á milli Seyðisfjarðar, Loðmundarfjarðar og Húsavíkur í Borgarfjarðarhreppi eystra (Nd. 98).
38. Undirskriftaskjöl 4802 íslenskra kvenna til alþingis 1913 (Nd. 107).
39. Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum (Nd. 111).
40. Sjerprentuð ritgerð eftir Magnús Júlíusson lækni um ljósstofnun á Íslandi (Nd. 124).
41. Erindi frá bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, um heimildarlög til eignanáms undir hafnarbryggju og lánsheimild úr landssjóði til bryggjunnar (Ed. 41).
42. Erindi frá 27 mönnum í Norður-Ísafjarðarsýslu um breyting á símalögum (Nd. 141).
43. Þingmálafundargerð úr Reykjavík (Nd. 148).
44. Áskorun þrettán skipsstjóra um, að næsti viti sje reistur á Straumnesi á Ströndum; og þar með álit Fiskifjelags Íslands um það mál (Nd 149).
45. Þingmálafundargerð úr Borgarfjarðarsýslu (Nd. 151).
46. Brjef stjórnarráðs Íslands, ásamt brjefi frá Den Köbenhavnske Sö- Assurance Forening (Ed. 45).
47. Skýrsla um iðnskóla Akureyrar skólaárið 1912—1913 (Nd. 164).
48. Fjórir varpeigendur austan Eyjafjarðar skora á Alþingi að hlutast til um, að lög um friðun æðarfugla verði haldin betur en gert hefir verið (Nd. 168).
49. Skýrsla um húsmæðraskólann á Ísafirði (Nd. 176).
50. Andmæli og áskorun til Alþingis 1913 gegn frv. til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Frá alþingiskjósendum í Seltjarnarneshreppi o. fl. (Nd. 185).
51. Níu skjöl, um sölu á Mosfellsbringum (Nd. 179).
52. Þingmálafundargerð úr Dalasýslu (Nd. 192).
53. Erindi frá hreppsnefnd Grindavíkurhrepps um legu væntanlegrar járnbrautar (Nd. 199).
54. Símskeyti frá borgarafundi á Ísafirði, þar sem skorað er á Alþingi, að veita enga undanþágu frá gildandi lögum um aðflutningsbann á áfengi (Nd. 200).
55. Símskeyti frá sama fundi, sem skorar á Alþingi, að samþykkja ekki frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans, til að skoða veð sín á kostnað lántakanda (Nd. 203).
56. Eftirrit af brjefi frá oddvita Hvanneyrarhrepps til stjórnarráðsins um símalínuna frá Sauðárkróki til Siglufjarðar (Ed. 60).
57. Erindi frá sýslumanninum i Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir hönd sýslu-

nefndarinnar, þar sem hann skorar á Alþingi að fella frv. til laga um, að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur (Nd. 205).

58. Þingmálafundargerð úr Austur-Eyjafjallahreppi (Nd. 213).
59. Erindi frá Jóni Hannessyni, um að fá keypta ábýlisjörð sína, Undirfell í Austur-Húnavatassýslu (Ed. 65).
60. Erindi frá 50 körlum og konum í Oxnadalshreppi um skifting á dómþinghá hins forna Skriðuhrepps (Nd. 229).
61. Erindi frá Petersen, yfirlækni við ríkisspítalann danska, um að dr. Björn Bjarnason sje eigi fær um að gegna kennarastörfum næsta vetur, sökum heilsubrests (Nd. 235).
62. Brjef ráðherra Íslands til forsætisráðherra Dana um flaggtöku Fálkans á Reykjavíkurhöfn 12. júní, og þar með svar forsætisráðherrans (Nd. 246).
63. Borgarstjóri Reykjavíkur tilkynnir ályktun bæjarstjórnar um fylgi hennar við það, að borgarstjóri sje kosinn af kosningarbærum kjósendum, að því tilskyldu, að minst 25 kjósendur mæli með umsækjanda (Nd. 259).
64. Nokkrir Árnesingar beiðast einkaleyfis til jólamerkjasölu til þess, að koma upp sjúkrahúsi á Suðurlandsundirlendinu (Nd. 269).
65. Brjef frá stjórnarráðinu viðvíkjandi þjóðjarðasölu (Nd. 280).
66. Brjef frá sama, þar sem skýrt er frá að 595 skjöl, er varða sölu allra kirkjujarða, er seldar hafi verið 1911—1912 sjeu sendar Alþingi til athugunar (Nd. 279).
67. Brjef frá Carli Finsen, þar sem gefið er í skyn, að ýms brunabótafjelög muni hætta starfsemi hjer á landi, ef frumv. til laga um ábyrgðarfjelög verði gert að lögum (Nd. 287).
68. Brjef frá stjórnarráðinu, ásamt skýrslu um kvennaskólann á Blönduósi, skólaárið 1912—1913 (Nd. 288).
69. Brjef frá Guðmundi prófessor Hannessyni, ásamt eftirriti af brjefi til stjórnarráðsins, viðvíkjandi Arnarhólstúninu og opinberum byggingum þar (Nd. 293).

Ed. **876. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909 (þgskj. 855).

Frá Einari Jónssyni, þm. N.-Múl.

2. gr. frumv. skal byrja svo:
Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ed. **877. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir eina umr. í Nd.).

## I. kafli.

### Tekjur:

1. gr.

Árin 1914 og 1915 er ætlast til, að tekjur landsins verði 3,718,470 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,267,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 2. Húsaskattur | 13,500 | 13,500 | 27,000 |
| 3. Tekjuskattur | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 4. Aukatekjur | 68,000 | 68,000 | 136,000 |
| 5. Erfðafjárskattur | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 6. Vitagjald | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 8. Útflutningsgjald | 150,000 | 150,000 | 300,000 |
| 9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade) | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 10. Tóbakstollur | 205,000 | 205,000 | 410,000 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 415,000 | 415,000 | 830,000 |
| 12. Vörutollur | 300,000 | 300,000 | 600,000 |
| 13. Annað aðflutningsgjald | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 14. Árgjöld af verslun og veiting áfengis | 10,000 | ... | 10,000 |
| 15. Pósttekjur | 100,000 | 100,000 | 200,000 |
| 16. Símatekjur | 155,000 | 160,000 | 315,000 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 12,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500 | 19,500 | 19,500 | 39,000 |
| 18. Óvissar tekjur | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| Samtals | 1,636,000 | 1,631,000 | 3,267,000 |

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 58,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og öðrum útgjöldum ... ... ... ... ... ... | 16,000 | 16,000 | 32,000 |
| 2. Tekjur af kirkjum ... ... ... ... ... | 100 | 100 | 200 |
| 3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| 4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands ... ... | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| Samtals... | 29,100 | 29,100 | 58,200 |

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar kr. 264,070.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... Eftirstöðvar af láni Laugardalshrepps (til Sogsbrúar) kr. 250 falli niður. Af láni Barðastrandarsýslu frá 22. júní 1897 úr viðlagasjóði, veitist uppgjöf á 625 kr. | 49,000 | 47,000 | 96,000 |
| 2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs... | 10,675 | 10,675 | 21,350 |
| 3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar, kr. 108,000 .... ... ... ... ... ... ... ... | 4,860 | 4,860 | 9,720 |
| 4. Leigur af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909 (árin 1909 og 1912)... ... ... ... ... ... ... ... | 46,000 | 45,000 | 91,000 |
| 5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| 6. Vextir af innstæðum í bönkum ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| Samtals... | 133,535 | 130,535 | 264,070 |

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgiöld teljast 9,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum. | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna | 600 | 600 | 1,200 |
| 3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| Samtals... | 4,600 | 4,600 | 9,200 |

6. gr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | 120,000 |

## II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1914 og 1915 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 4,035,183 kr. 85 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 450,284,05.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| I. Vextir: | | | |
| 1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur, kr. 500000, tekið 1908 til 15 ára til símalagninga ... ... ... ... ... ... ... | 14,333,33 | 13,000,00 | |
| 2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1500000, til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans ... ... ... ... ... ... ... | 56,945,02 | 54,693,20 | |
| 3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannah., kr. 250000, tekið 1912 til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans... ... ... ... | 10,968,75 | 10,593,75 | |
| 4. 4½% lán hjá dönskum bönkum, kr. 500000, tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.). | 20,625,00 | 19,125,00 | |
| | 102,872,10 | 97,411,95 | 200,284,05 |
| II. Afborganir: | | | |
| 1. Af láninu frá 1908 ... ... ... ... ... | 33,333,33 | 33,333,34 | |
| 2. — — — 1909 . ... ... ... ... | 50,000,00 | 50,000,00 | |
| 3. — — — 1912 ... ... ... ... ... | 8,333,33 | 8,333,33 | |
| 4. — — — 1912 ... ... ... ... | 33,333,34 | 33,333,33 | |
| | 125,000,00 | 125,000,00 | 250,000,00 |
| Samtals... | ..... | ..... | 450,284,05 |

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 106,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Til ráðherra: | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... 8,000 | | | |
| b. Til risnu ... ... ... .. ... 2,000 | | | |
| | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 2. Til utanferða ráðherra ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 3. Laun landritara ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 4. Laun þriggja skrifstofustjóra .. ... ... ... | 10,500 | 10,500 | 21,000 |
| 5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar ... ... | 18,000 | 18,000 | 36,000 |
| 6. Til Landsbankans fyrir að gegna landsfjehirðistörfum eftir reikningi alt að ... ... | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| 7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| Samtals... | 53,000 | 53,000 | 106,000 |

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 65,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 67,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 257,130 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| A. | kr. | kr. | kr. |
| Dómgæsla og lögreglustjórn: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Til dómara og sýslumanna ... ... ... | 67,300 | 67,300 | |
| b. Til hreppstjóra ... ... ... ... ... | 8,000 | 8,000 | |
| 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ... | 1,400 | 1,400 | |
| 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður ... ... ... ... ... | 4,715 | 4,715 | |
| 4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m., alt að ... ... ... ... ... ... ... | 5,100 | 5,100 | |
| | 86,515 | 86,515 | |
| Flyt... | ..... ... | ..... | 173,030 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 173,030 |
| B. | | | |
| Ýmisleg útgjöld: | | | |
| 1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur: | | | |
| a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... ... ... .. ... 450 | | | |
| b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna .. ... ... ... ... 5,000 | | | |
| c. Til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að 3,600 | | | |
| d. Til kostnaðar við sending með póstum ... ... ... ... ... ... 1,000 | 10,050 | 10,050 | |
| 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef svo og embættissímskeyti og samtöl ... ... ... ... | 10,000 | 10,000 | |
| 3. Brunaábyrgðargjald, sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 4. Til embættiseftirlitsferða alt að ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum ... ... ... | 300 | 300 | |
| 6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... ... .. ... ... gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar. | 7,000 | 7,000 | |
| 7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ... | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar... ... ... ... ... ... ... | 200 | 200 | |
| 9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... ... ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi. | 8,000 | 8,000 | |
| | 42,050 | 42,050 | 84,100 |
| Samtals... | ..... | ..... | 257,130 |

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 365,329,80 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Laun ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 81,200 | 81,200 | 162,400 |
| 2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu, til þess að vitja læknis, til hvors hrepps 300... ... ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum og fellur niður í Árneshreppi, þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjeraði. | 600 | 600 | 1,200 |
| 3. Styrkur til hreppsbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað, og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar. ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hólshreppi. | 300 | 300 | 600 |
| 4. Styrkur til hreppsbúa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu til þess að vitja læknis. Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður í Hróarstunguhjerað. | 300 | 300 | 600 |
| 5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ... ... ... .... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi. | 300 | 300 | 600 |
| 6. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsteds í Reykjavík ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl samtals á tveim hinna fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | 600 |
| 7. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 8. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík ... ... ... ... Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði. | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 9. Holdsveikisspítalinn.. ... ... ... ... ... | 32,447,40 | 33,447,40 | 65,894,80 |
| Flyt... | 118,947,40 | 119,947,40 | 238,894,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | | Flutt... | 118,947,40 | 119,947,40 | 238,894,80 |
| | Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | | | |
| 1. | Laun ... ... ... ... Þar af kr. 300 persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis. | 5,700 | 5,700 | | |
| 2. | Viðurværi 76 m. ... | 14,147,40 | 14,147,40 | | |
| 3. | Klæðnaður.. ... ... | 1,000 | 1,000 | | |
| 4. | Meðul og sáraumbúðir | 1,500 | 1,500 | | |
| 5. | Eldsneyti ... .. ... | 3,500 | 3,500 | | |
| 6. | Ljósmeti ... ... ... | 700 | 700 | | |
| 7. | Húsbúnaður og áhöld | 1,000 | 1,000 | | |
| 8. | Viðhald á húsum ... | 1,500 | 2,500 | | |
| 9. | Þvottur og ræsting | 800 | 800 | | |
| 10. | Greftrunarkostnaður | 200 | 200 | | |
| 11. | Skemtanir... ... ... | 300 | 300 | | |
| 12. | Skattar o. fl. ... ... | 1,300 | 1,300 | | |
| 13. | Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ——— | 800 | 800 | | |
| | | 32,447,40 | 33,447,40 | | |
| 10. | Geðveikishælið á Kleppi.. ... ... ... ... | | 21,017,50 | 21,017,50 | 42,035 |
| | Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | | | |
| | A. Laun læknis ... ... ... ... | 2,700 | | | |
| | B. Önnur útgjöld: | | | | |
| | 1. Kaup starfsmanna ... ... | 3,950 | | | |
| | 2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag ... ... ... ... ... | 14,782,50 | | | |
| | 3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.). ... ... ... ... | 1,800 | | | |
| | 4. Meðul og umbúðir ... ... | 500 | | | |
| | 5. Ljós og hiti.. ... ... ... | 4,000 | | | |
| | 6. Viðhald og áhöld .. .. | 2,800 | | | |
| | 7. Þvottur og ræsting ... ... | 800 | | | |
| | 8. Skemtanir ... ... ... ... | 200 | | | |
| | 9. Skattar m. m. ... ... ... | 1,000 | | | |
| | 10. Óviss útgjöld ... ... ... | 800 | | | |
| | | 33,332,50 | | | |
| | | Flyt... 33,332,50 | 139,964,90 | 140,964,90 | 280,929,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | Flutt... | 33,332,50 | 139,964,90 | 140,964,90 | 280,929,80 |
| | Þar frá dragast tekjur: | | | | |
| | Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag... ... | 10,585 | | | |
| | Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag.. ... ... | 730 | | | |
| | Tekjur af búinu ... ... | 1,000 | 12,315 | | |
| | Mismunur .. | | 21,017,50 | | |
| 11. | Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag.. ... ... | | 28,000 | 25,000 | 53,000 |
| 12. | Önnur útgjöld: | | | | |
| | a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.. ... ... ... ... ... ... | 4,200 | | | |
| | Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 a. fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur. | | | | |
| | b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs ... ... ... | 3,000 | | | |
| | c. Bólusetningarkostnaður ... ... | 1,000 | | | |
| | d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... | 4,000 | | | |
| | e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | | |
| | Flyt... | 13,200 | 167,964,90 | 165,964,90 | 333,929,80 |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt.. | 13,200 | 167,964.90 | 165,964.90 | 333,929,80 |
| f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 150 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis. | 900 | | | |
| g. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... | 600 | | | |
| h. Til tveggja hjúkrunarkvenna til hjúkrunarnáms erlendis, 400 kr. handa hvorri fyrra árið ... .. | 800 | | | |
| i. Handa húsameistara Rögnvaldi Ólafssyni til utanfarar, með því skilyrði, að hann afli sjer þekkingar á geðveikrahúsum og geri glögga áætlun um viðbót við geðveikrahælið á Kleppi f. á. .. ... | 1,200 | 16,700 | 14,700 | 31,400 |
| Samtals... | | 184,664.90 | 180,664.90 | 365,329.80 |

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,256,200 kr.

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| A. Póstmál. | | | | |
| 1. Laun: | | | | |
| a. Póstmeistara.. ... ... ... ... ... | 4,000 | | | |
| b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík. ... ... ... ... | 7,200 | | | |
| 2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur ... ... ... ... ... | 23,700 | | | |
| c. Brjefhirðingarmanna ... ... ... | 8,100 | | | |
| | | 43,000 | 43,000 | |
| 2. Póstflutningur ... ... ... ... ... ... ... Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun. | | 64,000 | 64,000 | |
| Flyt... | | 107,000 | 107,000 | ..... |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 107,000 | 107,000 | ..... |
| 3. | Annar kostnaður: | | | | |
| | a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... ... | 6,000 | | | |
| | b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að ... | 3,000 | | | |
| | c. Húsaleiga í Reykjavík... ... ... | 2,000 | | | |
| | d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur .. ... ... ... | 2,500 | | | |
| | e. Önnur gjöld ... ... ... ... ... | 7,500 | | | |
| | f. Til pósthúsbyggingar í Reykjavík f. á. alt að ... .. ... ... ... | 35,000 | 56,000 | 21,000 | |
| | Pósthúsið í Reykjavík sje opið 10 stundir samfleytt hvern virkan dag og 4 stundir hvern helgan dag. | | | | |
| | | | 163,000 | 128,000 | 291,000 |
| | B. Vegabætur. | | | | |
| I. | Stjórn og undirbúningur vegagjörða o. fl.: | | | | |
| 1. | Verkfræðingur landsins: | | | | |
| | a. Laun ... ... ... ... | 3,600 | 3,600 | | |
| | b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings ... ... | 400 | 400 | | |
| | c. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi, alt að.. ... | 500 | 500 | | |
| 2. | Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga alt að | 4,000 | 6,700 | | |
| | Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, þegar um ræktunarvatnsvirkjafyrirtæki er að ræða. | | | | |
| | Flyt... | 8,500 | 11,200 | ..... | ..... | 291,000 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt .. | 8,500 | 11,200 | ..... ..... | ..... | 291,000 |
| 3. Skrifstofukostnaður alt að | 700 | 700 | | | |
| 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi... ... ... ... ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 9,400 | 12,100 | |
| II. Flutningabrautir: | | | | | |
| 1. Borgarfjarðarbraut... ... | 15,000 | 5,000 | | | |
| 2. Reykjadalsbraut. ... ... | 15,000 | | | | |
| 3. Eyjafjarðarbraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 4. Húnvetningabraut ... ... | 15,000 | 15,000 | | | |
| 5. Skagfirðingabraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 6. Grímsnesbraut... ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 7. Viðhald flutningabrauta.. | 11,000 | 11,000 | | | |
| | | | 86,000 | 61,000 | |
| III. Þjóðvegir: | | | | | |
| 1. Stykkishólmsvegur... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| 2. Brú á Eystri-Rangá.. ... | 18,000 | | | | |
| 3. Brú á Ljá í Dalasýslu ... | 3,000 | | | | |
| 4. Til brúar á Fáskrúð í Dalasýslu og vegar frá henni yfir á þann veg, sem nú er... ... ... ... ... | 10,000 | | | | |
| 5. Brú á Hamarsá ... ... | | 11,000 | | | |
| 6. Brú á Síká í Hrútafirði.. | | 4,000 | | | |
| 7. Brú á Langadalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... | | 8,000 | | | |
| 8. Til þjóðvegar í Austur-Skaftafellssýslu ... ... | 5,000 | | | | |
| 9. Aðrar vegabætur og viðhald ... ... ... ... ... | 32,000 | 32,000 | | | |
| Þar af: | | | | | |
| Til Eskifjarðarvegar 6000 | | | | | |
| — vegarins um Völlu í Suður-Múlas. .. 3000 | | | | | |
| — Hróarstungu-vegar ... ... 10000 | | | | | |
| — Hörgárdalsvegar 5000 | | | | | |
| — Langadalsvegar í Húnavatnss. ... 5000 | | | | | |
| — vegarins frá Bitrufirði um Krossárdal að Gilsfjarðarbotni, alt að ... ... 3000 | | | | | |
| | | | 76,000 | 63,000 | |
| IV. Fjallvegir... ... ... ... ... ... ... ... | | | 5,000 | 5,000 | |
| V. Til áhalda ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| | | Flyt ... | 178,400 | 143,100 | 291,000 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 178,400 | 143,100 | 291,000 |
| VI. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum... ... | 300 | 300 | |
| VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti ... ... | 300 | 300 | |
| VIII. Til þess að setja dragferju á Blöndu hjá Löngumýri ... ... ... .. ... ... ... | 1,300 | | |
| IX. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarstaðar frá, alt að ... ... | 2,000 | | |
| X. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi úr annari átt, alt að ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| XI. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fje því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| XII. Til Gullbringusýslu uppbót fyrir umframgreiðslu sýslufjelagsins til Keflavíkurvegarins ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,600 | | |
| XIII. Til að gera akfæran veg frá Kláffossbrú að Reykholti í Reykholtsdal, gegn tvöföldu tillagi úr annari átt ... ... ... ... ... | 2,000 | | |
| XIV. Til vegagerðar í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu . ... ... ... ... ... ... ... gegn tvöföldu tillagi annarsstaðar frá. | 1,000 | | |
| XV. Styrkur til þess að fullgera færan reiðveg yfir Flöguflóa í Þistilfirði ... ... ... ... | 500 | | |
| XVI. Til járnbendra steinsteypubrúa á Miðfjarðará og Hölkná á Langanesströndum gegn því, að það, sem á vantar, komi frá hjeraðsbúum... ... ... ... ... ... ... ... | 6,000 | | |
| XVII. Til sýsluvegar úr Grindavík á Keflavíkurveginn gegn jafnmiklu tillagi annarstaðar frá, síðara árið ... ... ... ... ... ... | | 5,000 | |
| XVIII. Til steinsteypubrúar á Þverá syðri í Eyjafirði, þó ekki yfir 1/4 byggingarkostnaðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 700 | | |
| | 193,200 | 159,600 | |
| | | | 352,800 |
| C. Samgöngumál á sjó. | | | |
| I. Til undirbúnings samgöngumála á sjó alt að | 4,000 | 4,000 | |
| II. Til strandferða... ... ... ... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | |
| III. Til Eimskipafjelags Íslands ... ... ... Styrk þennan er stjórninni einungis heimilt að veita Eimskipafjelagi Íslands, ef það kemst á fót og tekur til starfa 1915. | | 40,000 | |
| Flyt... | 64,000 | 104,000 | 643,800 |

| | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 64,000 | 104,000 | 643,800 |
| IV. | Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum: | | | |
| 1. | Til Faxaflóabáts alt að . | 13500 | 13500 | |
| 2. | Til bátaferða á Breiðafirði alt að ... ... ... | 9000 | 9000 | |
| 3. | Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa alt að | 9000 | 9000 | |
| 4. | Til Norðurlandsbáts alt að | 9000 | 9000 | |
| 5. | Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands: | | | |
| | a. Til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka alt að ... 6000—6000 | | | |
| | b. Til Rangársands alt að ... 1200—1200 | 7200 | 7200 | |
| 6. | Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði alt að. ... | 800 | 800 | |
| 7. | Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar alt að... ... | 400 | 400 | |
| 8. | Til mótorbátsferða á Lagarfljóti alt að... ... ... | 300 | 300 | |
| 9. | Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu alt að | 400 | 400 | |
| 10. | Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands . ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| | | 49,900 | 49,900 | |
| | Styrkirnir til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum veitast með þeim skilyrðum: | | | |
| | *að* bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi hlutaðeigandi hjeraðsstjórna góðir bátar og hentugir til þessara ferða og sendist vottorð um það til stjórnarráðsins; | | | |
| | *að* stjórnarráðið samþykki ferðaáætlun bátanna og sje uppkast að henni sent stjórnarráðinu innan þess tíma, sem það tiltekur; | | | |
| | *að* landssjóðsstyrkurinn nemi aldrei meiru en helmingi reksturskostnaðar bátanna; | | | |
| | *að* að útgerðarmenn bátanna sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en styrkurinn er að fullu greiddur. | | | |
| | | 113,900 | 153,900 | 267,800 |
| | Flyt... | ..... | ..... | 911,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | | | ..... | ..... | 911,600 |
| D. Hraðskeyta- og talsímasamband. | | | | | |
| I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925) ... ... ... ... ... ... | | | 35,000 | 35,000 | |
| II. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landsíminn á innanbæjarkerfi: Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Eskifirði, til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl. alt að... ... ... ... ... .. | | | 7,500 | 7,500 | |
| III. Til starfrækslu landsímanna m. m.: | | | | | |
| 1. a. Laun landsímastjóra ... | 3,500 | 3,500 | | | |
| b. Persónuleg launaviðbót | 1,500 | 1,500 | | | |
| 2. a. Ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna... ... ... | 15,160 | 15,160 | | | |
| b. Bæjarsíminn... ... ... | 7,200 | 7,200 | | | |
| 3. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu .. | 6,840 | 6,840 | | | |
| 4. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu... | 8,790 | 8,790 | | | |
| 5. Ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu ... Símasendlarnir á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði beri símskeyti um allan kaupstaðinn. | 5,260 | 5,260 | | | |
| 6. Símastöð á Borðeyri. ... | 3,240 | 3,240 | | | |
| 7. Símastöð í Hafnarfirði alt að... ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 8. Símastöð í Vestmannaeyjum alt að ... ... ... | 1,600 | 1,600 | | | |
| 9. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði. | 3,000 | 3,000 | | | |
| | | | 57,490 | 57,490 | |
| IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.... | | | 4,000 | 4,000 | |
| V. Viðbót og viðhald stöðvanna .... ..... | | | 1,000 | 1,000 | |
| Flyt... | | | 104,990 | 104,990 | 911,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 104,990 | 104,990 | 911,600 |
| VI. | Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna eftir reikningi alt að... ... ... ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| VII. | Viðhald landsímanna ... ... ... ... ... | | 10,000 | 10,000 | |
| VIII. | Til kaupa á núverandi símstöðvarhúsi á Akureyri alt að ... ... ... ... ... ... ... | | 14,000 | | |
| IX. | Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern... | | 510 | 510 | |
| | | | 131,500 | 117,500 | |
| | | | | | 249,000 |
| | E. | | | | |
| | Vitamál: | | | | |
| I. | Stjórn og undirbúningur vitamála. | | | | |
| | a. Laun verkfræðings ... ... | 3,700 3,700 | | | |
| | Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landstjórnar. | | | | |
| | b. Til aðstoðarmanns ... ... | 2,000 2,000 | | | |
| | c. skrifstofuhalds eftir reikningi alt að... ... ... ... | 1,000 500 | | | |
| | d. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... | 1,000 1,000 | | | |
| | | | 7,700 | 7,200 | |
| II. | Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna: | | | | |
| | 1. Svörtulofta- og Öndverðarnesvitar: | | | | |
| | a. Laun vitavarða . ... ... | 400—400 | | | |
| | b. Reksturskostnaður .. ... | 600—600 | | | |
| | 2. Elliðaeyjarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 400—400 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 450—450 | | | |
| | 3. Bjargtangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 250—250 | | | |
| | 4. Arnarnesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 500—500 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 500—500 | | | |
| | Flyt... | 3,300 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,160,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 3,300 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,160,600 |
| 5. | Kálfshamarsviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 100—100 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 200—200 | | | |
| 6. | Skagatáarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 150—150 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | |
| 7. | Siglunesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 900—900 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 600—600 | | | |
| 8. | Flateyjarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 150—150 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | |
| 9. | Rifstangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | |
| 10. | Langanesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 250—250 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 200—200 | | | |
| 11. | Dalatangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 600—600 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 600—600 | | | |
| 12. | Vattarnesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 100—100 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 200—200 | | | |
| 13. | Dyrhólaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 400—400 | | | |
| 14. | Vestmannaeyjaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 700—700 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... ... | 500—500 | | | |
| 15. | Reykjanesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ...1500—1500 | | | |
| | b. Reksturskostnaður ... | ...1600—1600 | | | |
| | c. Til að kaupa vitajörðina | 1750 | | | |
| | Flutt... | 15,400 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,160,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 15,400 | 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,160,600 |
| 16. Garðskagaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 600—600 | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 750—750 | | | |
| 17. Gróttuviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 500—500 | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 450—450 | | | |
| 18. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir ferðam.: | | | | | |
| a. Á Skipaskaga... ... ... | | 75— 75 | | | |
| b. Á Gerðatanga... ... ... | | 100—100 | | | |
| c. Á Svartatanga við Stykkishólm ... ... ... ... | | 100—100 | | | |
| | | | 17,975 | 16,225 | |
| III. Bygging nýrra vita m. m. | | | | | |
| a. Svörtuloftaviti og breyting á Öndverðarnesvita ... ... | 18,000 | | | | |
| b. Nýtt hús um Langanesvita | 2,500 | | | | |
| c. Ingólfshöfðaviti... ... ... | | 16,000 | | | |
| d. Bygging húss um Reykjanesvita og rauð horn á Reykjanes-aðalvita og Garðskagavita ... ... ... ... | 3,000 | | | | |
| | | | 23,500 | 16,000 | |
| IV. Sjómerki ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| V. Ýmislegt .. ... ... ... ... ... ... ... | | | 1,500 | 1,500 | |
| | | | 52,675 | 42,925 | |
| | | | | | 95,600 |
| | | Samtals... | ..... ..... | ... ..... | 1,256,200 |

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 785,150 kr.

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| A. | | | | | |
| Andlega stjettin: | | | | | |
| a. 1. Laun biskups ... ... ... ... ... | | 5,000 | | | |
| 2. Skrifstofukostnaður... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| | | | 6,000 | 6,000 | |
| | | Flyt ... | 6,000 | 6,000 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 6,000 | 6,000 | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| 2. Til bráðabirgðauppbótar brauðum.. ... | | | 4,000 | 3,500 | |
| 3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 5,000 | 5,000 | |
| 4. Framlag til prestlaunasjóðs ... ... ... | | | 50,000 | 50,000 | |
| 5. Til þess að mála að utan og pappaleggja Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkjur | | | 1,000 | | |
| 6. Álag á Þönglabakkakirkju ... ... ... ... | | | 1,000 | | |
| 7. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju frá 1861 | | | 400 | | |
| | | | 69,900 | 67,000 | 136,900 |
| B. Kenslumál: | | | | | |
| I. Til háskólans: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 36,000 | 37,200 | |
| b. Aukakensla | | | | | |
| 1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... ... ... | 800 | 800 | | | |
| 2. Til kennarans í efnafræði ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| 3. Til kennarans í lagal. læknisfræði... ... ... | 300 | 300 | | | |
| 4. Þóknun til frakknesks kennara í frönsku ... | 720 | 720 | | | |
| | | | 2,420 | 2,420 | |
| c. Styrktarfje: | | | | | |
| 1. Námsstyrkur ... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| 2. Húsaleigustyrkur.. ... | 3,800 | 3,800 | | | |
| 3. Utanfararstyrkur læknaefna ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| | | | 12,100 | 12,100 | |
| | | Flyt... | 50,520 | 51,720 | 136,900 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | | | 50,520 | 51,720 | 136,900 |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 100 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 320 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega aðeins veita utanbæjarnemendum. | | | | | |
| d. Til bókakaupa m. m. | | | | | |
| 1. Bókakaup ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| 2. Til kaupa á tímaritum og öðrum bókum handa læknadeild ... ... ... | 4,000 | | | | |
| 3. Til bókakaupa handa heimspekisdeild ... ... | 1,500 | | | | |
| 4. Til kensluáhalda handa læknadeild ... ... ... | 500 | 500 | | | |
| 5. Umbúðir m. m. við ókeypis læknishjálp ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 8,000 | 2,500 | |
| e. Til útgáfu kenslubóka alt að... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka. | | | | | |
| f. Til að undirbúa efnisskrá yfir íslensk lög að fornu og nýju ... ... ... ... | | | 500 | 500 | |
| g. Til starfrækslu væntanlegra Röntgensáhalda m. m. alt að .. ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| h. Til að kaupa risasegul ... ... ... | | | 180 | | |
| i. Eldiviður, ljós og ræsting ... ... ... | | | 1,300 | 1,300 | |
| k. Önnur gjöld: | | | | | |
| 1. Laun ritara ... ... ... ... | | 800 | | | |
| 2. Laun dyravarðar, gæsla hitunarvjelar m. m. ... ... ... | | 1,600 | | | |
| 3. Ýmisleg útgjöld ... ... ... | | 1,500 | 3,900 | 3,900 | |
| | | | 67,400 | 62,920 | |
| II. Mentaskólinn almenni: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 21,600 | 21,600 | 130,320 |
| b. Aðstoðarfje: | | | | | |
| Til söngkennara ... ... ..... | | 600 | | | |
| Handa fimleikakennaranum. ... | | 700 | | | |
| Til dyravarðar ... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| Fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans.. ... ... ... | | 200 | 2,500 | 2,500 | |
| Flyt... | | | 24,100 | 24,100 | 267,220 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 24,100 | 24,100 | 267,220 |
| c. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til bókasafns skólans. | 400 | 400 | | | |
| 2. Til eldiviðar, ljósa og vatns ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Til skólahússins utan og innan ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 4. Til tveggja fastra aukakennara.. ... ... ... | 4,000 | 4,000 | | | |
| 5. Til tímakenslu og til prófdómenda alt að ... | 4,500 | 4,500 | | | |
| 6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum | 720 | 720 | | | |
| 7. Námsstyrkur.. ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 8. Læknisþóknun ... ... | 100 | 100 | | | |
| 9. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,200 | 1,200 | | | |
| 10. Til vísindalegra áhalda við kensluna. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 12. Til áhalda við fimleikakenslu .. ... ... | 100 | 100 | | | |
| 13. Til verðlaunabóka ... | 100 | 100 | | | |
| | | | 17,220 | 17,220 | |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarnemendum og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. | | | | | |
| | | | 41,320 | 41,320 | |
| | | | | | 82,640 |
| III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 9,600 | 9,600 | |
| Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur: til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr. | | | | | |
| | | Flyt ... | 9,600 | 9,600 | 349,860 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 9,600 | 9,600 | 349,860 |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til aukakennara þriggja | 2,000 | 2,000 | | | |
| 2. Tímakensla ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| 3. Til bóka- og kensluáhalda ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| 4. Til eldiviðar og ljósa... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 5. Námsstyrkur... ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 800 | 800 | | | |
| 6. Til dyravörslu ... ... | 500 | 500 | | | |
| 7. Til skólahússins utan og innan ... ... ... ... | 8,000 | 1,000 | | | |
| 8. Til ýmislegra útgjalda | 700 | 700 | | | |
| | | | 15,100 | 8,100 | |
| | | | 24,700 | 17,700 | |
| IV. Kennaraskólinn: | | | | | 42,400 |
| a. Laun... ... ... ... ... Þar af persónuleg launaviðbót handa núverandi 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors. | 7,000 | 7,000 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Tímakensla .. ... ... | 2,000 | 1,200 | | | |
| 2. Til aukakennara. ... Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara. | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Eldiviður og ljós ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 4. Bókakaup og áhöld... | 300 | 300 | | | |
| 5. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 1,500 | 1,500 | | | |
| 6. Til viðhalds.. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 7. Ymisleg útgjöld... ... | 1,300 | 1,300 | | | |
| | | | 14,800 | 14,000 | 28,800 |
| V. Stýrimannaskólinn: | | | | | |
| a. Laun .. ... ... ... ... | 4,400 | 4,400 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til tímakenslu ... ... | 1,900 | 1,900 | | | |
| 2. Til áhaldakaupa o. fl. | 600 | 400 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa.. | 500 | 500 | | | |
| 4. Ýmisleg útgjöld... ... | 800 | 800 | | | |
| | | | 8,200 | 8,000 | 16,200 |
| | | Flyt... | . ..... | ..... | 437,260 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| VI. Til bændakenslu: | Flutt ... | | ..... | ..... ..... | 437,260 |
| 1. Til bændaskólans á Hólum: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkennara ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíðakennara.. ... | 600 | 600 | | | |
| d. Til aðgerðar á gamla skólahúsinu og til skúrbyggingar ... ... ... | 5,150 | | | | |
| e. Til að setja ofn í leikfimishúsið ... ... ... | 300 | | | | |
| f. Til að reisa peningshús (fjós, hlöðu og haughús) alt að ... ... ... ... | 12,000 | | | | |
| g. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegs náms ... | 700 | 700 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári. | 400 | 400 | | | |
| 5. Til járnsmíðaáhalda og smiðjubyggingar.. | 1,000 | | | | |
| 6. Ýmisleg útgjöld ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| | | | 26,250 | 7,800 | |
| 2. Til bændaskólans á Hvanneyri: | | | | | |
| a. Laun ... .. ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkenslu ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíða og leikfimiskenslu .. ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| d. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegs náms ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári. | 400 | 400 | | | |
| 5. Ýmisleg útgjöld ... | 800 | 800 | | | |
| | Flyt ... | 7,900 | 7,900 | 26,250 | 7,800 | 437,260 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 7,900 | 7,900 | 26,250 | 7,800 | 437,260 |
| 6. Til símalagninga ... | 1,200 | | | | |
| 7. Til þess að byggja anddyri við íbúðarhúsið ... .. ... | 850 | | | | |
| | | | 9,950 | 7,900 | |
| Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi eigi skemur en 6 vikur á ári, og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 6 kr. fyrir hverja viku námstímans. | | | | | |
| 3. Til skólahalds á Eiðum... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| VII. Til iðnfræðslu: | | | 38,700 | 18,200 | |
| a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík ... | 5,000 | 5,000 | | | 56,900 |
| b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds . ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds.. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds . ... ... ... | 600 | 600 | 7,600 | 7,600 | |
| Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 reksturskostnaðar. | | | | | 15,200 |
| VIII. Til verslunarskóla: Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar... ... ... ... ... ... ... . . ... | | | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| IX. Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi annarstaðar að ... ... ... | | | 1,200 | 1,200 | 2,400 |
| Flyt .. | | | ..... | ..... | 521,760 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| X. Yfirsetukvennaskólinn: | | Flutt... | ..... | ..... | 521,760 |
| 1. Laun forstöðumanns ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til verklegrar kenslu: | | | | | |
| a. Laun 3 yfirsetukvenna í Reykjavík ... ... | 300 | 300 | | | |
| b. Annar kostnaður alt að | 400 | 400 | | | |
| 3. Styrkur til námskvenna... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting ... ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| XI. Til kvennaskóla: | | | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 1. Til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði | 6,700 | 6,700 | | | |
| 2. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 2,000 | 2,000 | | | |
| 3. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla | 600 | 600 | | | |
| 4. Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 900 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði .. .. ... ... | 3,600 | 3,600 | | | |
| 5. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 1,400 | 1,400 | | | |
| | | | 14,300 | 14,300 | 28,600 |
| XII. Til almennrar barnafræðslu: | | | | | |
| 1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 10,000 kr. hvort árið | | | 30,000 | 30,000 | |
| Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði. | | | | | |
| 2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers og til eftirlits með heimafræðslu alt að 100 kr. til hrepps ... ... ... ... | | | 20,000 | 20,000 | |
| Farskólastyrkur veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum. | | | | | |
| 3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ... ... | | | 18,000 | 18,000 | |
| 4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum .. ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| 5. Til prófdómara við barnapróf ... | | | 4,000 | 4,000 | |
| 6. Til framhaldskenslu handa kennurum | | | 2,500 | 2,500 | |
| | | Flyt... | 75,500 | 75,500 | 558,360 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 75,500 | 75,500 | 558,360 |
| 7. a. | Laun umsjónarmanns fræðslumálanna .. ... | 3600 3600 | | | |
| | Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr. | | | | |
| b. | Til eftirlitsferða eftir reikningi ... ... ... | 600 600 | | | |
| c. | Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi ... ... ... ... | 200 200 | | | |
| | | | 4,400 | 4,400 | |
| | | | 79,900 | 79,900 | 159,800 |
| XIII. a. | Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar ... ... ... ... ... ... ... | | 14,000 | 14,000 | |
| | Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Lýðskólanum á Hvítárbakka má auk þess veita 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er að minsta kosti 6 mánuði á skólanum, þó ekki yfir 600 kr. | | | | |
| b. | Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.. ... ... ... ... ... ... | | 7,000 | 7,000 | |
| | | | 21,000 | 21,000 | 42,000 |
| XIV. | Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... ... ... ... | | 800 | 800 | 1,600 |
| XV. | Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... ... ... ... ... ... ... | | 7,000 | 7,000 | 14,000 |
| XVI. | Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá ... ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| | | Flyt... | ..... | ..... | 777,760 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 777,760 |
| XVII. Til sundkenslu og leikfimi: | | | |
| a. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis. | 300 | 300 | |
| b. Til sundkenslu o. fl. annarstaðar.. ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur. | 1,500 | 1,500 | |
| c. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara, til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| d. Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| | 2,700 | 2,700 | 5,400 |
| XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík ... ... ... .. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Samtals... | ..... | ..... ..... | 785,160 |

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista veitast 187,770 kr.

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Landsbókasafnið: | | | kr. | kr. | kr. |
| a. Laun landsbókavarðar .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| b. — 1. bókavarðar ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. bókavarðar. | | | | | |
| c. Laun 2. bókavarðar ... ... | 1,200 | 1,200 | | | |
| Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar. | | | | | |
| d. Til aðstoðar á lestrarsal ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| e. Til að kaupa bækur og handrit ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | | | |
| f. Til bókbands .. ... .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| g. Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| h. Fyrir afskriftir (eftir reikningi) .. ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| i. Til að prenta ritaukaskrár... | 200 | 200 | | | |
| j. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... ... ... ... ... | 360 | 360 | | | |
| k. Ýmisleg gjöld .. ... ... ... | 400 | 400 | | | |
| | | | 19,960 | 19,960 | |
| 2. Landsskjalasafnið: | | | | | |
| a. Laun skjalavarðar . ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Laun aðstoðarskjalavarðar .. | 1,200 | 1,200 | | | |
| c. Til að binda inn og búa um skjöl o. fl. ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ... ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| e. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið .. ... ... ... | 250 | 250 | | | |
| f. Til þess að láta afskrifa og ljósmynda skjöl í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum, er snerta Ísland ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| | | | 5,850 | 5,850 | |
| 3. Þjóðmenjasafnið: | | | | | |
| a. Laun þjóðmenjavarðar (formenjavarðar) .. ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Til aðstoðar eftir reikningi, alt að ... ... ... ... ... | 800 | 800 | | | |
| Flyt... | 2,600 | 2,600 | 25,810 | 25,810 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls. |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 2,600 | 2,600 | 25,810 | 25,810 | |
| c. Til að útvega forngripi og til áhalda, alt að. ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| d. Til að gefa út skýrslur um safnið frá 1876 ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| e. Til að raða myntasafninu... | 500 | | | | |
| f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| g. Til Skúla Guðmundssonar til verndunar hins forna skála á Keldum í Rangárvallasýslu | 300 | | | | |
| | | | 6,200 | 5,400 | |
| Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. | | | | | |
| 4. Náttúrufræðisfjelagið. ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári. | | | | | |
| Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku. | | | | | |
| 5. Landsbókasafnshúsið: | | | | | |
| a. Til eldiviðar, ljósa o. fl... | 3,200 | 3,200 | | | |
| b. Til dyravarðar... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| c. Til viðhalds og áhalda... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Upp í girðingarkostnað um Landsbókasafnshúsið og til þess að flísleggja gólf í fordyri hússins ... ... | 2,550 | | | | |
| | | | 8,150 | 5,600 | |
| 6. Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| 7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði.. ... ... ... ... ... ... | | | 1,500 | 1,500 | |
| 8. Til hins íslenzka bókmentafjelags ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| 9. Til Þjóðvinafjelagsins... ... ... ... ... | | | 750 | 750 | |
| Flyt. . | | | 47,410 | 44,060 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 47,410 | 44,060 | |
| 10. Til Fornleifafjelagsins ... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið. | 400 | 400 | |
| 11. Til sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... | 750 | 750 | |
| 12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu. | 800 | 800 | |
| 13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 14. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk ... ... ... | 150 | 150 | |
| 15. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 16. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvikur, alt að ... | 2,000 | 2,000 | |
| 17. Til Einars skálds Hjörleifssonar ... ... | 2,400 | | |
| 18. Til Þorsteins Erlingssonar skálds. ... ... | 2,400 | | |
| 19. Til síra Valdimars Briem's. ... ... ... | 1,600 | | |
| 20. Til Guðm. skálds Magnússonar ... ... ... | 2,400 | | |
| 21. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ... | 2,000 | | |
| 22. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds .. ... | 1,200 | | |
| 23. Til Einars Jónssonar myndasmiðs ... ... | 1,800 | | |
| 24. a. Til þess að kaupa listaverk eftir íslenska myndhöggvara ... ... ... .. ... 2,000 b. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara ... 2,000 | | 4,000 | |
| 25. Styrkur til Jóh. S. Kjarval málara ... ... | 1,000 | ... | |
| 26. Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til þess að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... | 600 | 600 | |
| 27. a. Styrkur til Ríkharðs Jónssonar, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... 1000 » b. Til Rómferðar ... ... ... » 1000 | 1,000 | 1,000 | |
| Flyt... | 69,510 | 55,360 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 69,510 | 55,360 | |
| 28. Til Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn | 400 | 400 | |
| 29. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hér á landi ... ... ... ... | 1,100 | 1,100 | |
| 30. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri ... ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| 31. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum, 1. og 2. greiðsla á 8 ára styrk ... ... ... .. ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn láti af öllum öðrum launuðum störfum, enda geri hann stjórnarráðinu á hverju missiri grein fyrir því, hvað starfinu líður. | 3,000 | 3,000 | |
| 32. Ferðastyrkur til Jóns Jónssonar docents til sögulegra rannsókna í erlendum skjalasöfnum | 1,200 | ... | |
| 33. Til þess að gefa út á þýsku bók Einars háskólakennara Arnórssonar er kallast »Rjettarstaða Íslands« alt að... ... ... ... ... | 4,000 | ... | |
| 34. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi til ritstarfa. | 1,200 | 1,200 | |
| 35. Til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum . ... ... ... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| 36. Til Boga Th. Melsteð til að rita Íslendingasögu ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 800 | 800 | |
| 37. Til dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar til ritstarfa um heimspekileg efni, 50 kr. fyrir örkina alt að ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 38. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár ... ... ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 39. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsókna... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 40. Til dr. phil. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 41. Til dr. phil. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna... ... ... ... ... ... ... ... | 1,800 | 1,800 | |
| 42. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands ... ... | 600 | 600 | |
| 43. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ... | 600 | 600 | |
| 44. Til Þórarins Guðmundssonar til þess að fullnuma sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði | 800 | ... | |
| 45. Til landmælinga á Íslandi . ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 46. Til jarðskjálftarannsókna .. ... ... ... | 550 | 550 | |
| 47. Til veðursímskeyta innanlands ... ... ... | 4,800 | 4,800 | |
| Flyt ... | 100,760 | 80,610 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 100,760 | 80,610 | |
| 48. Til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins ... | 500 | 500 | |
| 49. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur ... ... | 600 | 600 | |
| 50. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi ... ... ... ... ... ... Fjelagið gefi stjórnarráðinu reikning fyrir því, hvernig fjenu er varið. | 2,000 | | |
| 51. Til Íþróttasambands Íslands... ... ... ... | 1,000 | 500 | |
| 52. Til Sighvatar Gr. Borgfirðings, til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík ... | 300 | | |
| 53. Til Taflfjelags Reykjavíkur til að senda mann á skákþing Norðurlanda 1914 .. ... | 400 | | |
| | 105,560 | 82,210 | |
| | | | 187,770 |
| Samtals... | ..... | ..... | 187,770 |

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 372,920.

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. a. Til Búnaðarfjelags Íslands ... ... ... | 54,000 | 54,000 | |
| b. Til nýrra rannsókna til undirbúnings áveitu á Skeið og Flóa, gegn því, að sýslan leggi til það, sem umfram þarf, alt að | 5,000 | | |
| c. Til endurbyggingar á mjólkurskálanum við mjólkurskólann á Hvítárvöllum, alt að | 1,000 | | |
| 2. Til búnaðarfjelaga ... ... ... ... ... ... | 22,000 | 22,000 | |
| 3. Til fyrirhleðslu fyrir Holtsá... ... ... ... | 3,700 | | |
| 4. Til fyrirhleðslu við ána Skálm í Álftaveri til varnar skemdum á engi nokkurra þjóðjarða, þó eigi yfir helming kostnaðarins, alt að | 1,000 | | |
| 5. Til skógræktar: | | | |
| a. Laun skógræktarstjóra... 3,000 | 3,000 | | |
| b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu.. ... ... ... 14,000 | 10,000 | | |
| | 17,000 | 13,000 | |
| Flyt... | 103,700 | 89,000 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 103,700 | 89,000 | |
| 6. | Til húsabóta á skógræktarjörðinni Vöglum | | 2,500 | | |
| 7. | Til sandgræðslu. ... ... ... ... ... ... | | 5,000 | 5,000 | |
| 8. | Til dýralækninga: | | | | |
| | a. Laun handa 2 dýralæknum | 2,400 2,400 | | | |
| | b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík | 400 400 | | | |
| | c. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna ... ... ... ... ... | 300 300 | | | |
| | d. Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis 1,200 1,200<br>Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun. | | | | |
| | e. Til berklarannsóknar á kúm | 300 300 | | | |
| | f. Hálfs árs styrkur fyrir 1 dýralæknisnemanda erlendis | 300 | | | |
| | g. Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk alt að ... ... ... ... | 900 | | | |
| | | | 5,800 | 4,600 | |
| 9. | Til eftirlits með útflutningi á hrossum. ... | | 600 | 600 | |
| 10. | Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík: | | | | |
| | a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar ... ... ... ... | 2,400 2,400 | | | |
| | Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forstöðumanns. | | | | |
| | b. Til húsaleigu ... ... ... | 700 700 | | | |
| | Flyt... | 3,100 3,100 | 117,600 | 99,200 | |

| | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... 3,100 3,100 | 117,600 | 99,200 | |
| | c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar ... ... ... ... ... 500 500 | | | |
| | d. Til áhaldakaupa... ... ... 1,000 | 4,600 | 3,600 | |
| 11. | Til Gísla Guðmundssonar til gerlarannsókna erlendis ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,500 | | |
| 12. | Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við opinberar byggingar..... ... ... | 2,500 | 2,500 | |
| 13. | Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum alt að ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 14. | Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 15. | Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis ... ... ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | |
| 16. | Til »Sambands íslenskra samvinnufjelaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfjelagsskap og öðrum samvinnufjelagsskap... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að. | 500 | 500 | |
| 17. | Til Fiskiveiðasjóðs Íslands ... ... ... | 6,000 | 6,000 | |
| 18. | Til Fiskifjelagsins ... ... ... ... ... ... Þar af 1500 króna utanfararstyrkur fyrra árið til manns, er afli sjer þekkingar á þurkunaraðferðum og þeim tækjum og útbúnaði, sem notaður er til innlþurkunar. | 14,000 | 12,500 | |
| 19. | Styrkur til Samábyrgðarinnar ... ... ... | 5,000 | | |
| 20. | a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum... ... ... ... ... 8,000 8,000 | | | |
| | b. Til ferðakostnaðar.. ... ... 400 400 | 8,400 | 8,400 | |
| 21. | a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar... ... ... 2,000 2,000 | | | |
| | b. Ferðakostnaður m. m... ... 400 400 | 2,400 | 2,400 | |
| 22. | Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga og Sláturfjelags Suðurlands, til þess að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum landafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, | | | |
| | Flyt... | 166,900 | 139,500 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 166,900 | 139,500 | |
| enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að. ... | 4,000 | 4,000 | |
| 23. Til að launa erindsreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum markaði, gegn jafn miklu tillagi annarstaðar að, þó eigi af framlagi landssjóðs til Fiskifjelags Íslands, alt að .. ... ... ... ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| Ráðning hans og erindisbrjef sje með fullu samþykki stjórnarráðsins. | | | |
| 24. a. Til leiðbeiningar í ullarverkun 1,200 1,200 | | | |
| b. Ferðakostnaður alt að... ... 400 400 | | | |
| | 1,600 | 1,600 | |
| 25. Til Heimilisiðnaðarfjelags Íslands. ... ... | 500 | 500 | |
| 26. Þóknun til vörumerkjaskráritara... ... ... | 360 | 360 | |
| 27. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 28. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd... ... ... ... ... ... ... .. | 300 | 300 | |
| 29. Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina. | 300 | 100 | |
| 30. Eftirlit með áfengiskaupum: | | | |
| a. Laun umsjónarmanns. ... 600 600 | | | |
| b. Önnur útgjöld ... ... ... 800 800 | | | |
| | 1,400 | 1,400 | |
| 31. Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 32. Styrkur til Sveins Oddssonar, til þess að halda uppi vöru- og mannflutningum á sjálfrenningum til og frá Reykjavík og Eyrarbakka | 5,000 | | |
| Flutningaferðirnar sjeu reglubundnar og samkvæmt áætlun, er stjórnarráðið samþykkir. | | | |
| 33. Styrkur til Hjálpræðishersins, til þess að koma upp gistihæli og sjómannahæli í Reykjavík... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 34. Styrkur til Steingríms Jónssonar, til þess að halda áfram námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... | | 800 | |
| 35. Til Eggerts Briems til að nema rafmagns- og vjelafræði á Þýskalandi ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| Flyt... | 188,460 | 155,660 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 188,460 | 155,660 | |
| 36. Til Guðmundar sýslumanns Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar í viðurkenningarskyni fyrir góða framgöngu við tilraun til að hefta botnvörpung, 500 kr. handa hvorum... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 37. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... ... ... Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota. | | 6,000 | |
| 38. Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje og fram eigi minni upphæð annars staðar frá. | 10,000 | 10,000 | |
| 39. Til að gera bátauppsátur við bryggjuna á Blönduósi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að | 1,000 | | |
| 40. Til þess að rannsaka og gera áætlun um kostnað við að gera bátalending við Ingólfshöfða í Öræfum, alt að ... ... ... ... | 800 | | |
| | 201,260 | 171,660 | 372,920 |
| Samtals... | ..... | ..... | 372,920 |

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna, styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 163,800 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.;

viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobinu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.; til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur (frá Holti undir Eyjafjöllum) 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Torfadóttur frá Hólmum 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Kráksonar pósts 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.; til Sigurðar regluboða og dannedrogsmanns Eiríkssonar 300 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 18,000 kr. Af þessum gjaldlið má endurgreiða vörutoll af þeim kolum, sem Hið sameinaða gufuskipafjelag sannar að það hafi tekið í skip hjer á landi á fjárhagstímabilinu, til notkunar þeim skipum þess, sem samkvæmt samningi dags. 7. ágúst 1909 halda uppi millilandaferðum milli Íslands og Kaupmannahafnar um Leith og Færeyjar. Af þessari upphæð má ennfremur greiða 700 kr. til nokkurra manna á Langanesi upp í kostnað við björgun og greftrun 15 líka frá strandi norsks gufuskips »Fridtjof« 10. október 1907.

Þá má ennfremur greiða af þessari upphæð Sigurði sýslumanni Eggerz til endurgjalds aukakostnaðar (vegna Skeiðarárhlaups) við manntals þingaferð vorið 1913 eftir reikningi alt að 330 kr. 50 a.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 316,713,85 greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

1. Reykjavíkurdómkirkju má lána alt að 20,000 kr. Lán þetta ávaxtast og endurgreiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum landbúnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

3. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 25,000 kr.

5. Alt að 5,000 kr. til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita- eða sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Rangárvallasýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 14000 kr. til að kaupa jörðina Stórólfshvol með hjáleigum fyrir læknissetur, og til þess að hafa þar sjúkraskýli. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

7. Sýslufjelögum má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr. hvort árið, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðist á 15 árum.

8. Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu má, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, lána alt að 20 þús. kr. úr viðlagasjóði, til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað.

Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

9. Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 5000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelagsins, til að raflýsa Vík í Mýrdal. Lánið ávaxtist með 4½% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

10. Hvanneyrarhreppi í Eyjafjarðarsýslu má lána úr viðlagasjóði 18000 kr., til þess að raflýsa Siglufjarðarkauptún. Lánið ávaxtist með 4½% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

11. Úr viðlagasjóði má lána Jóni Björnssyni & Co. í Borgarnesi 7000 kr. til byggingar ullarþvottahúss. Full trygging sje sett fyrir láninu og greiðist af því 4½% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 14 árum.

12. Stjórninni veitist heimild til að breyta afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppur fjekk úr viðlagasjóði 1908, að upphæð 10000 kr., þannig að lánið borgist á 25 árum í stað 15, enda rýrni eigi tryggingin fyrir láninu.

13. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi, alt að 25,000 kr., til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með 4½%, er afborgunarlaust fyrstu árin tvö, og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1913 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, sbr. 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Sþ. **878. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

2. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn.

Öðrum en þeim, er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.

Sþ. 879. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909 (þingskj. 878).

Flutningsm.: Jósef Björnsson, G. Björnsson og Björn Þorláksson.

Við 2. gr.

Aftan við orðin »ár í senn« bætist: þó ekki yfir 800 lítra á ári hverjum þeirra.

Sþ. **880. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa, alt að 5 miliónum króna. Fyrstu 4 árin, eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn, veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir veðdeildinni vera:

1. Varasjóður veðdeildarinnar.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð landssjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugjörð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs, og skulu gjaldheimtumenn landssjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í landssjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum

og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargjörð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarinnar skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarinnar, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar; skal í reglugjörð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi hærri vera en 50 þúsund krónur, og minsta lán sem veðdeildin veitir, skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign, alt að 35 árum, sje veðið vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 25 árum, sje veðið timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer lán til veðdeildarinnar, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar eða gjald við sölu (sbr. 11. gr.) eigi er greitt, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því að eins, að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

16. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

18. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

20. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

22. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó

eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

23. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 5000 krónur. Til endurskoðenda má verja 300 kr. til hvors.

Ed. **881. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

63. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann, samkvæmt 69. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður eigi fluttur. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á, að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

Sþ. **882. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimild fyrir Veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. fl. (Serie) bankavaxtabrjefa.

Frá nefndinni í bankamálum.

1. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist:
Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í pen-

iugum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa deildarinnar fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið.

2. Við 11. gr. Aftan við 1. málsgrein komi 3 nýjar málsgreinar svo hljóðandi: Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er deildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin og greiða í varasjóð 1% af þeirri upphæð, sem þá hvílir á eigninni til veðdeildarinnar. Vanræki einhver að tilkynna veðdeildinni söluna, og að greiða gjaldið með næsta pósti eftir að salan fór fram, skal hann greiða tvöfalt gjald.

Bæði kaupandi og seljandi skulu bera sameiginlega ábyrgð á því, að gjald þetta sje skilvíslega greitt. Og stendur hin selda eign einnig að veði með 1. veðrjetti fyrir þessu gjaldi.

Undanþegnir þessu gjaldi skulu þó lífserfingjar, er fá fasteign í arf, ef þeir tilkynna eigendaskiftin samkvæmt þessari grein.

Ed. **883. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 (á þingskj. 877).

Háttvirt neðri deild hefir gert margar og ekki óverulegar breytingar við frumvarpið, sem flestar hækka gjöldin. Nema þessar hækkanir að frádregnum nokkrum lítilfjörlegum lækkunum, samtals kr. 39,930, svo tekjuhallinn er nú kr. 316,723,95.

Eins og getið var um við 2. umræðu fjárlaganna hjer í deildinni, hafði neðri deild áður hækkað gjöldin um fullar 352 þús. kr. og við meðferð málsins hjer í deildinni hækkuðu þau ennfremur um kr. 11.515. Samkvæmt þessu verða gjöldin kr. 4,035,193,85 eða hækka um kr. 403,310 frá því, sem þau voru áætluð í frumvarpi stjórnarinnar.

Nefndinni getur nú alls eigi blandast hugur um, að þessi gífurlega hækkun gjaldanna sje mjög athugaverð og geti stofnað til vandræða. En við að athuga hin einstöku ágreiningsatriði milli deildanna, hefir hún þá komist að þeirri niðurstöðu, að þeim að minsta kosti flestum sje þannig varið, að ekki sje rjett að skjóta ágreiningnum til sameinaðs Alþingis.

Ráðum vjer því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 12. sept. 1913.

Sigurður Stefánsson, (formaður). Steingrímur Jónsson, (skrifari og framsögumaður).

Björn Þorláksson. Jósef Björnsson. Þórarinn Jónsson.

Ed. **884. Þingsályktun**

til þingsályktunar um það, að stjórnin leggi fyrir næsta þing, frumvarp til laga um rafmagnsveitu.

(Samþykt í Ed. 11. september).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til nýrra laga um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Ed. **885. Lög**

um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

(Samþykt í Ed. 10. september).

1. gr.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi, eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

Orðið sveitarfjelag táknar í lögum þessum kaupstað eða hrepp, sem kauptún er í; sveitarfjelagsstjórn og sveitarfjelagsumdæmi táknar stjórn eða umdæmi slíks sveitarfjelags.

2. gr.

Hver sveitarfjelagsstjórn hefir einkaleyfi til að veita rafmagni um sveitarfjelagsumdæmið, hvort sem er með rafmagnstaugum ofan jarðar eða neðan, (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905). Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarfjelagsstjórnin ákveður, að rafmagnsveitan skuli ná til, skulu skyldir að þola hvers konar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði biði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarfjelagsstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarfjelagssjóður.

3. gr.

Nú er rafmagnsveita á komin, og skal þá sveitarfjelagsstjórnin hafa einkarjett til að selja rafmagn í umdæmi sveitarfjelagsins. Hún getur og áskilið sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum í umdæminu.

4. gr.

Sveitarfjelagið kostar lagning inn fyrir húsvegg, eða að mæli í húsi

en húseigandi eða húsráðandi kosta, eftir því sem þeim um semur, lagning tauganna innan húss og lýsingar-áhöld, ef þeir vilja raflýsingu nota.

5. gr.

Gjald fyrir notkun rafmagnsins skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarfjelags-stjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og skal hana endurskoða eigi sjaldnar en 5. hvert ár. Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar, samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem ávantar úr sveitarfjelagssjóði.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitarfjelagsgjöld.

6. gr.

Heimilt er sveitarfjelagsstjórn að heimta gjald, samkvæmt gjaldskránni, af hverjum húsráðanda, eftir að rafmagnstaug hefir lögð verið inn í hús hans. Þetta afgjald af hústaug skal vera jafnt fyrir alla húsráðendur.

7. gr.

Sveitarfjelagsstjórnin ein hefir rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, sem sveitarfjelagsstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarfjelagsstjórnin setur. Þeir einir sem þannig eru löggiltir mega fást við lagning rafmagnstauga eða önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitu lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

8. gr.

Hver sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarfjelagsins eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsisrefsingu eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæti auk þess skaðann að fullu.

9. gr.

Sveitarfjelagið getur sett reglugerð um notkun rafmagnsins, meðferð á rafmagnsstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir hana.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stað í og gilda til 1. jan. 1916.

Ed.

# 886. Lög

um sauðfjárbaðanir.

(Samþykt í Ed. 11. september).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfje á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að framkvæma böðun á öllu því sauðfje, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því, sem getur um í 6. gr.

3. gr.

Stjórnarráðið annast um árlega pöntun á nægilegum baðlyfjum fyrir landið, og skal það ákveða, hvaða baðlyf nota skuli, og jafnframt gefa út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun þeirra. Stjórnarráðið annast jafnframt um, að baðlyfin verði flutt á þær hafnir, sem hreppsnefndir óska þegar þær senda pöntun.

4. gr.

Stjórnarráðið auglýsir í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar, hvaða verð sje á baðlyfjum þeim, sem panta á hvert ár, svo snemma, að nægur tími sje fyrir hreppsnefndir til undirbúnings.

5. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu hver í sínu umdæmi annast útvegun baðlyfja og sjá um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf á sauðfje sitt svo snemma, að pöntun þeirra geti komist til stjórnarráðsins fyrir 1. júlí ár hvert. Skulu sauðfjáreigendur jafnframt borga baðlyfin og þeir gera pöntun. En farist það fyrir, að einhver greiði andvirði baðlyfjanna til sveitarstjórnar, skal hún greiða það úr sveitarsjóði til bráðabirgða. En innheimta skal það hið allra fyrsta og fylgir því lögtaksrjettur.

6. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með að allir baði. Að öðru leyti gefur stjórnarráðið út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sje fylgt.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfje til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 40, frá 8. nóvbr. 1901, og

skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn 2. og 5. gr. varða sektum, frá 10—100 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

Ed. **887. Lög**

um breyting á og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Samþykt í Ed. 12. september).

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kjörskrá sú, er um ræðir í 7. gr. laga 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, skal samin fyrir árslok og gilda fyrir almanaksárið næst eftir, þótt aukakosning í bæjarstjórn fari fram á því ári. Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, eða henni er full vitanlegt, að fullnægt hefir skilyrðum fyrir kosningarrjetti síðan kjörskrá var samin.

2. gr.

Aukaniðurjöfnun þá, sem eftir 22. gr. sömu laga á að fara fram í júní, má bæjarstjórn láta fara fram í maí.

3. gr.

Gjalddagi bæjargjaldanna skal vera einn á ári hverju, hinn 1. dag júlímánaðar.

Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann flutti sig til kaupstaðarins, nema hann fyrir nokkuð af þeim tíma hafi greitt útsvar annarstaðar.

Ed. **888. Lög**

um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

(Samþykt í Ed. 12. september).

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á

lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni.

Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbryggjugerðarinnar.

Nd. **889. Frumvarp**

til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

63. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann, samkvæmt 69. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður eigi fluttur. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á, að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

Nd. **890. Lög**

um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

(Samþykt í Nd. 13. september).

63. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann veittur honum af dvalarsveit. jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann, samkvæmt 69. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður eigi fluttur. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á, að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

Sþ. **891. Lög**

um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

(Afgreidd frá sameinuðu Alþingi 13. september).

1. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

2. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna um eitt ár í senn, þó ekki yfir 800 lítra á ári hverjum þeirra.

Öðrum en þeim, er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.

Sþ. **892. Lög**

um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa.

(Afgreidd frá sameinuðu Alþingi 13. september).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út 4. flokk (Serie) bankavaxtabrjefa, alt að 5 miliónum króna. Fyrstu 4 árin, eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn, veitist tillag til hans úr landssjóði 5000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Ráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir veðdeildinni vera:

1. Varasjóður veðdeildarinnar.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð landssjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugjörð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefunum

og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs, og skulu gjaldheimtumenn landssjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í landssjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verslunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargjörð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarinnar skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarinnar, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar; skal í reglugjörð deildarinnar ákveða, hvenær gripa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar, og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi hærri vera en 50 þúsund krónur, og minsta lán sem veðdeildin veitir, skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign, alt að 35 árum, sje veðið vandað steinsteypuhús eða steinhús, og alt að 25 árum, sje veðið

timburhús. Sje lánið bæjarlán, sýslulán, eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa deildarinnar fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigandaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin og greiða í varasjóð 1% af þeirri upphæð, sem þá hvílir á eigninni til veðdeildarinnar. Vanræki einhver að tilkynna veðdeildinni söluna og að greiða gjaldið með næsta pósti eftir að salan fór fram, skal hann greiða tvöfalt gjald.

Bæði kaupandi og seljandi skulu bera sameiginlega ábyrgð á því, að gjald þetta sje skilvíslega greitt. Og stendur hin selda eign einnig að veði með 1. veðrjetti fyrir þessu gjaldi.

Undanþegnir þessu gjaldi skulu þó lífserfingjar, er fá fasteign í arf, ef þeir tilkynna eigendaskiftin samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer lán til veðdeildarinnar, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í

matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar eða gjald við sölu (sbr. 11. gr.) eigi er greitt, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því að eins, að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærra stíl.

16. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

18. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á

Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

20. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

22. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

23. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 5000 krónur. Til endurskoðenda má verja 300 kr. til hvors.

Nd. **893. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 13. september (Till. til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum, þingskj. 839).

Í því trausti að landsstjórnin afli sjer þeirra skýrslna og gagna í þessu máli, sem ætlast er til að milliþinganefnd safni, og leggi þau í samráði við Fiskifjelag Íslands fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed.

# 894. Fjárlög

fyrir árin 1914 og 1915.

(Eins og þau voru að lyktum samþykt í Ed. 13. september).

## I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1914 og 1915 er ætlast til, að tekjur landsins verði 3,718,470 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,267,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Ábúðar- og lausafjárskattur | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 2. Húsaskattur | 13,500 | 13,500 | 27,000 |
| 3. Tekjuskattur | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 4. Aukatekjur | 68,000 | 68,000 | 136,000 |
| 5. Erfðafjárskattur | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 6. Vitagjald | 50,000 | 50,000 | 100,000 |
| 7. Leyfisbrjefagjöld | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 8. Útflutningsgjald | 150,000 | 150,000 | 300,000 |
| 9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade) | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 10. Tóbakstollur | 205,000 | 205,000 | 410,000 |
| 11. Kaffi- og sykurtollur | 415,000 | 415,000 | 830,000 |
| 12. Vörutollur | 300,000 | 300,000 | 600,000 |
| 13. Annað aðflutningsgjald | 30,000 | 30,000 | 60,000 |
| 14. Árgjöld af verslun og veiting áfengis | 10,000 | ... | 10,000 |
| 15. Pósttekjur | 100,000 | 100,000 | 200,000 |
| 16. Símatekjur | 155,000 | 160,000 | 315,000 |
| 17. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 12,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500 | 19,500 | 19,500 | 39,000 |
| 18. Óvissar tekjur | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| Samtals | 1,636,000 | 1,631,000 | 3,267,000 |

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 58,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og öðrum útgjöldum ... ... ... ... ... ... | 16,000 | 16,000 | 32,000 |
| 2. Tekjur af kirkjum ... ... ... ... ... | 100 | 100 | 200 |
| 3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| 4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands ... ... | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| Samtals... | 29,100 | 29,100 | 58,200 |

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 264,070 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs ... ... Eftirstöðvar af láni Laugardalshrepps (til Sogsbrúar) kr. 250 falli niður. Af láni Barðastrandarsýslu frá 22. júní 1897 úr viðlagasjóði, veitist uppgjöf á 625 kr. | 49,000 | 47,000 | 96,000 |
| 2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs... | 10,675 | 10,675 | 21,350 |
| 3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar, kr. 108,000 .... ... ... ... ... ... ... | 4,860 | 4,860 | 9,720 |
| 4. Leigur af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909 (árin 1909 og 1912)... ... ... ... ... ... ... | 46,000 | 45,000 | 91,000 |
| 5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks | 20,000 | 20,000 | 40,000 |
| 6. Vextir af innstæðum í bönkum ... ... | 3,000 | 3,000 | 6,000 |
| Samtals... | 133,535 | 130,535 | 264,070 |

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgiöld teljast 9,200 kr.:

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 ... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum. | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna | 600 | 600 | 1,200 |
| 3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| Samtals... | 4,600 | 4,600 | 9,200 |

6. gr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | 120,000 |

## II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1914 og 1915 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 4,035,193,85 kr.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast 450,284,05 kr.

| | 1914. | | 1915. | | Alls | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | kr. | a. | kr. | a. | kr. | a. |
| I. Vextir: | | | | | | |
| 1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur, kr. 500,000, tekið 1908 til 15 ára til símalagninga ... ... ... ... ... ... ... | 14,333,33 | | 13,000,00 | | | |
| 2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, kr. 1,500,000, til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans ... ... ... ... ... ... ... | 56,945,02 | | 54,693,20 | | | |
| 3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannah., kr. 250,000, tekið 1912 til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans... ... ... ... | 10,968,75 | | 10,593,75 | | | |
| 4. 4½% lán hjá dönskum bönkum, kr. 500,000, tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.). | 20,625,00 | | 19,125,00 | | | |
| | 102,872,10 | | 97,411,95 | | 200,284,05 | |
| II. Afborganir: | | | | | | |
| 1. Af láninu frá 1908 ... ... ... ... ... | 33,333,33 | | 33,333,34 | | | |
| 2. — — — 1909 . ... ... ... ... | 50,000,00 | | 50,000,00 | | | |
| 3. — — — 1912 ... ... ... ... ... | 8,333,33 | | 8,333,33 | | | |
| 4. — — — 1912 ... ... ... .. | 33,333,34 | | 33,333,33 | | | |
| | 125,000,00 | | 125,000,00 | | 250,000,00 | |
| Samtals... | ..... | | ..... | | 450,284,05 | |

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 106,000 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Til ráðherra: | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... 8,000 | | | |
| b. Til risnu ... ... ... .. ... 2,000 | | | |
| | 10,000 | 10,000 | 20,000 |
| 2. Til utanferða ráðherra ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | 4,000 |
| 3. Laun landritara ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | 12,000 |
| 4. Laun þriggja skrifstofustjóra .. ... ... ... | 10,500 | 10,500 | 21,000 |
| 5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar ... ... | 18,000 | 18,000 | 36,000 |
| 6. Til Landsbankans fyrir að gegna landsfjehirðistörfum eftir reikningi alt að ... ... | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| 7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| Samtals... | 53,000 | 53,000 | 106,000 |

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 65,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 67,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 257,130 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| A. Dómgæsla og lögreglustjórn: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Til dómara og sýslumanna ... ... ... | 67,300 | 67,300 | |
| b. Til hreppstjóra ... ... ... ... ... | 8,000 | 8,000 | |
| 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ... | 1,400 | 1,400 | |
| 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður ... ... ... ... ... | 4,715 | 4,715 | |
| 4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m., alt að ... ... ... ... ... ... ... | 5,100 | 5,100 | |
| | 86,515 | 86,515 | |
| Flyt... | ..... ... | ..... | 173,030 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 173,030 |
| B. | | | |
| Ýmisleg útgjöld: | | | |
| 1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur: | | | |
| a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... ... ... .. ... 450 | | | |
| b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna .. ... ... ... ... 5,000 | | | |
| c. Til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að 3,600 | | | |
| d. Til kostnaðar við sending með póstum ... ... ... ... ... ... 1,000 | 10,050 | 10,050 | |
| 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef, svo og embættissímskeyti og samtöl ... ... ... ... | 10,000 | 10,000 | |
| 3. Brunaábyrgðargjald, sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| 4. Til embættiseftirlitsferða alt að ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum ... ... ... | 300 | 300 | |
| 6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... ... .. ... ... gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar. | 7,000 | 7,000 | |
| 7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ... | 1,000 | 1,000 | |
| 8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar... ... ... ... ... ... ... | 200 | 200 | |
| 9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... ... ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi. | 8,000 | 8,000 | |
| | 42,050 | 42,050 | 84,100 |
| Samtals... | ..... | ..... | 257,130 |

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 365,329,80 kr.

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. Laun ... ... ... ... .. ... ... ... ... | 81,200 | 81,200 | 162,400 |
| 2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og Árneshreppi í Strandasýslu, til þess að vitja læknis, til hvors hrepps 300... ... ... ... | 600 | 600 | 1,200 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum og fellur niður í Árneshreppi, þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjeraði. | | | |
| 3. Styrkur til hreppsbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar. ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | 600 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hólshreppi. | | | |
| 4. Styrkur til hreppsbúa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu, til þess að vitja læknis . | 300 | 300 | 600 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður í Hróarstunguhjerað. | | | |
| 5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | 600 |
| Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi. | | | |
| 6. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsteds í Reykjavík ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | 3,000 |
| b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl samtals á tveim hinna fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 300 | 300 | 600 |
| 7. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| 8. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði. | | | |
| 9. Holdsveikisspítalinn.. ... ... ... ... ... | 32,447,40 | 33,447,40 | 65,894,80 |
| Flyt... | 118,947,40 | 119,947,40 | 238,894,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | | Flutt... | 118,947,40 | 119,947,40 | 238,894,80 |
| | Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | | | |
| 1. | Laun ... ... ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis. | 5,700 5,700 | | | |
| 2. | Viðurværi 76 m. ... | 14,147,40 14,147,40 | | | |
| 3. | Klæðnaður.. ... ... | 1,000 1,000 | | | |
| 4. | Meðul og sáraumbúðir | 1,500 1,500 | | | |
| 5. | Eldsneyti ... .. ... | 3,500 3,500 | | | |
| 6. | Ljósmeti ... ... ... | 700 700 | | | |
| 7. | Húsbúnaður og áhöld | 1,000 1,000 | | | |
| 8. | Viðhald á húsum ... | 1,500 2,500 | | | |
| 9. | Þvottur og ræsting | 800 800 | | | |
| 10. | Greftrunarkostnaður | 200 200 | | | |
| 11. | Skemtanir... ... ... | 300 300 | | | |
| 12. | Skattar o. fl. ... ... | 1,300 1,300 | | | |
| 13. | Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... | 800 800 | | | |
| | | 32,447,40 33,447,40 | | | |
| 10. | Geðveikishælið á Kleppi.. ... ... ... ... | | 21,017,50 | 21,017,50 | 42,035 |
| | Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: | | | | |
| | A. Laun læknis ... ... ... ... | 2,700 | | | |
| | B. Önnur útgjöld: | | | | |
| | 1. Kaup starfsmanna ... ... | 3,950 | | | |
| | 2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag ... ... ... ... ... | 14,782,50 | | | |
| | 3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.). ... ... ... ... | 1,800 | | | |
| | 4. Meðul og umbúðir ... ... | 500 | | | |
| | 5. Ljós og hiti.. ... ... ... | 4,000 | | | |
| | 6. Viðhald og áhöld .. ... | 2,800 | | | |
| | 7. Þvottur og ræsting ... ... | 800 | | | |
| | 8. Skemtanir ... ... ... ... | 200 | | | |
| | 9. Skattar m. m. ... ... ... | 1,000 | | | |
| | 10. Óviss útgjöld ... ... ... | 800 | | | |
| | | 33,332,50 | | | |
| | | Flyt... 33,332,50 | 139,964,90 | 140,964,90 | 280,929,80 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
| | Flutt... | 33,332,50 | 139,964,90 | 140,964,90 | 280,929,80 |
| | Þar frá dragast tekjur: | | | | |
| | Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag... ... | 10,585 | | | |
| | Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag.. ... ... | 730 | | | |
| | Tekjur af búinu ... ... | 1,000 | 12,315 | | |
| | Mismunur .. | | 21,017,50 | | |
| 11. | Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag.. ... ... | | 28,000 | 25,000 | 53,000 |
| 12. | Önnur útgjöld: | | | | |
| | a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla.. ... ... ... ... ... ... | 4,200 | | | |
| | Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 a. fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur. | | | | |
| | b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs ... ... ... | 3,000 | | | |
| | c. Bólusetningarkostnaður ... ... | 1,000 | | | |
| | d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... | 4,000 | | | |
| | e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | | |
| | Flyt... | 13,200 | 167,964,90 | 165,964,90 | 333,929,80 |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt.. | 13,200 | 167,964.90 | 165,964.90 | 333,929,80 |
| f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 150 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis. | 900 | | | |
| g. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... | 600 | | | |
| h. Til tveggja hjúkrunarkvenna til hjúkrunarnáms erlendis, 400 kr. handa hvorri fyrra árið ... .. | 800 | | | |
| i. Handa húsameistara Rögnvaldi Ólafssyni til utanfarar, með því skilyrði, að hann afli sjer þekkingar á geðveikrahúsum og geri glögga áætlun um viðbót við geðveikrahælið á Kleppi f. á. .. ... | 1,200 | 16,700 | 14,700 | 31,400 |
| Samtals... | | 184,664.90 | 180,664.90 | 365,329,80 |

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,256,200 kr.

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| A. Póstmál. | | | | |
| 1. Laun: | | | | |
| a. Póstmeistara.. ... ... ... ... | 4,000 | | | |
| b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík. ... ... ... ... | 7,200 | | | |
| 2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur ... ... ... ... ... | 23,700 | | | |
| c. Brjefhirðingarmanna ... ... ... | 8,100 | | | |
| | | 43,000 | 43,000 | |
| 2. Póstflutningur ... ... ... ... ... ... ... Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun. | | 64,000 | 64,000 | |
| Flyt... | | 107,000 | 107,000 | ..... |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 107,000 | 107,000 | ..... |
| 3. | Annar kostnaður: | | | | |
| | a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... ... | 6,000 | | | |
| | b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að ... | 3,000 | | | |
| | c. Húsaleiga í Reykjavík... ... ... | 2,000 | | | |
| | d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur .. ... ... ... | 2,500 | | | |
| | e. Önnur gjöld ... ... ... ... ... | 7,500 | | | |
| | f. Til pósthúsbyggingar í Reykjavík f. á. alt að ... .. ... ... ... | 35,000 | 56,000 | 21,000 | |
| | Pósthúsið í Reykjavík sje opið 10 stundir samfleytt hvern virkan dag og 4 stundir hvern helgan dag. | | | | |
| | | | 163,000 | 128,000 | 291,000 |
| | B. Vegabætur. | | | | |
| I. | Stjórn og undirbúningur vegagjörða o. fl.: | | | | |
| | 1. Verkfræðingur landsins: | | | | |
| | a. Laun ... ... ... ... | 3,600 | 3,600 | | |
| | b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings ... ... | 400 | 400 | | |
| | c. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi, alt að.. ... | 500 | 500 | | |
| | 2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga alt að | 4,000 | 6,700 | | |
| | Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og eftir tillögum Búnaðarfjelagsíslands, þegar um ræktunarvatnsvirkjafyrirtæki er að ræða. | | | | |
| | | Flyt... | 8,500 | 11,200 | ..... | ..... | 291,000 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt .. | 8,500 | 11,200 | ..... ..... | ..... | 291,000 |
| 3. Skrifstofukostnaður alt að | 700 | 700 | | | |
| 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi ... ... ... ... ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 9,400 | 12,100 | |
| II. Flutningabrautir: | | | | | |
| 1. Borgarfjarðarbraut ... ... | 15,000 | 5,000 | | | |
| 2. Reykjadalsbraut. ... ... | 15,000 | | | | |
| 3. Eyjafjarðarbraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 4. Húnvetningabraut ... ... | 15,000 | 15,000 | | | |
| 5. Skagfirðingabraut ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 6. Grímsnesbraut ... ... ... | 10,000 | 10,000 | | | |
| 7. Viðhald flutningabrauta.. | 11,000 | 11,000 | | | |
| | | | 86,000 | 61,000 | |
| III. Þjóðvegir: | | | | | |
| 1. Stykkishólmsvegur ... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| 2. Brú á Eystri-Rangá.. ... | 18,000 | | | | |
| 3. Brú á Ljá í Dalasýslu ... | 3,000 | | | | |
| 4. Til brúar á Fáskrúð í Dalasýslu og vegar frá henni yfir á þann veg, sem nú er ... ... ... ... ... | 10,000 | | | | |
| 5. Brú á Hamarsá ... ... | | 11,000 | | | |
| 6. Brú á Síká í Hrútafirði.. | | 4,000 | | | |
| 7. Brú á Langadalsá í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... | | 8,000 | | | |
| 8. Til þjóðvegar í Austur-Skaftafellssýslu ... ... | 5,000 | | | | |
| 9. Aðrar vegabætur og viðhald ... ... ... ... ... | 32,000 | 32,000 | | | |
| Þar af: | | | | | |
| Til Eskifjarðarvegar 6000 | | | | | |
| — vegarins um Völlu í Suður-Múlas. .. 3000 | | | | | |
| — Hróarstungu-vegar ... ... 10000 | | | | | |
| — Hörgárdalsvegar 5000 | | | | | |
| — Langadalsvegar í Húnavatnss. ... 5000 | | | | | |
| — vegarins frá Bitrufirði um Krossárdal að Gilsfjarðarbotni, alt að ... ... 3000 | | | | | |
| | | | 76,000 | 63,000 | |
| IV. Fjallvegir ... ... ... ... ... ... ... .. | | | 5,000 | 5,000 | |
| V. Til áhalda ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| | | Flyt ... | 178,400 | 143,100 | 291,000 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 178,400 | 143,100 | 291,000 |
| VI. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum... ... | 300 | 300 | |
| VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti ... ... | 300 | 300 | |
| VIII. Til þess að setja dragferju á Blöndu hjá Löngumýri ... ... ... .. ... ... ... | 1,300 | | |
| IX. Til að koma Hvammstangavéginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarstaðar frá, alt að ... ... | 2,000 | | |
| X. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópaskersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi úr annari átt, alt að ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| XI. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fje því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| XII. Til Gullbringusýslu uppbót fyrir umframgreiðslu sýslufjelagsins til Keflavíkurvegarins ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5,600 | | |
| XIII. Til að gera akfæran veg frá Kláffossbrú að Reykholti í Reykholtsdal, gegn tvöföldu tillagi úr annari átt ... ... ... ... ... | 2,000 | | |
| XIV. Til vegagerðar í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu . ... ... ... ... ... ... ... gegn tvöföldu tillagi annarsstaðar frá. | 1,000 | | |
| XV. Styrkur til þess að fullgera færan reiðveg yfir Flöguflóa í Þistilfirði ... ... ... ... | 500 | | |
| XVI. Til járnbendra steinsteypubrúa á Miðfjarðará og Hölkná á Langanesströndum gegn því, að það, sem á vantar, komi frá hjeraðsbúum... ... ... ... ... ... ... ... ... | 6,000 | | |
| XVII. Til sýsluvegar úr Grindavík á Keflavíkurveginn gegn jafnmiklu tillagi annarstaðar frá ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 5,000 | |
| XVIII. Til steinsteypubrúar á Þverá syðri í Eyjafirði, þó ekki yfir 1/4 byggingarkostnaðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 700 | | |
| | 193,200 | 159,600 | |
| | | | 352,800 |
| C. Samgöngumál á sjó. | | | |
| I. Til undirbúnings samgöngumála á sjó alt að | 4,000 | 4,000 | |
| II. Til strandferða... ... ... ... ... ... ... | 60,000 | 60,000 | |
| III. Til Eimskipafjelags Íslands ... ... ... Styrk þennan er stjórninni einungis heimilt að veita Eimskipafjelagi Íslands, ef það kemst á fót og tekur til starfa 1915. | | 40,000 | |
| Flyt... | 64,000 | 104,000 | 643,800 |

| | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 64,000 | 104,000 | 643,800 |
| IV. | Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum: | | | |
| 1. | Til Faxaflóabáts alt að . | 13500 | 13500 | |
| 2. | Til bátaferða á Breiðafirði alt að ... ... ... | 9000 | 9000 | |
| 3. | Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa alt að | 9000 | 9000 | |
| 4. | Til Norðurlandsbáts alt að | 9000 | 9000 | |
| 5. | Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands: | | | |
| | a. Til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka alt að ... 6000—6000 | | | |
| | b. Til Rangársands alt að ... 1200—1200 | 7200 | 7200 | |
| 6. | Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði alt að. ... | 800 | 800 | |
| 7. | Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar alt að... ... | 400 | 400 | |
| 8. | Til mótorbátsferða á Lagarfljóti alt að... ... ... | 300 | 300 | |
| 9. | Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu alt að | 400 | 400 | |
| 10. | Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands . ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| | | | 49,900 | 49,900 | |

Styrkirnir til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum veitast með þeim skilyrðum:

*að* bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi hlutaðeigandi hjeraðsstjórna góðir bátar og hentugir til þessara ferða og sendist vottorð um það til stjórnarráðsins;

*að* stjórnarráðið samþykki ferðaáætlun bátanna og sje uppkast að henni sent stjórnarráðinu innan þess tíma, sem það tiltekur;

*að* landssjóðsstyrkurinn nemi aldrei meiru en helmingi reksturskostnaðar bátanna;

*að* að útgerðarmenn bátanna sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en styrkurinn er að fullu greiddur.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | 113,900 | 153,900 | 267,800 |
| | Flyt... | ..... | ..... | 911,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | | | ..... | ..... | 911,600 |
| D. Hraðskeyta- og talsímasamband. | | | | | |
| I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925) ... ... ... ... ... ... | | | 35,000 | 35,000 | |
| II. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landsíminn á innanbæjarkerfi: Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Eskifirði, til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl. alt að... ... ... ... ... .. | | | 7,500 | 7,500 | |
| III. Til starfrækslu landsímanna m. m.: | | | | | |
| 1. a. Laun landsímastjóra ... | 3,500 | 3,500 | | | |
| b. Persónuleg launaviðbót | 1,500 | 1,500 | | | |
| 2. a. Ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna... ... ... | 15,160 | 15,160 | | | |
| b. Bæjarsíminn... ... ... | 7,200 | 7,200 | | | |
| 3. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu .. | 6,840 | 6,840 | | | |
| 4. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu... | 8,790 | 8,790 | | | |
| 5. Ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu ... Símasendlarnir á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði beri símskeyti um allan kaupstaðinn. | 5,260 | 5,260 | | | |
| 6. Símastöð á Borðeyri. ... | 3,240 | 3,240 | | | |
| 7. Símastöð í Hafnarfirði alt að... ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 8. Símastöð í Vestmannaeyjum alt að ... ... ... | 1,600 | 1,600 | | | |
| 9. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði. | 3,000 | 3,000 | | | |
| | | | 57,490 | 57,490 | |
| IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.... | | | 4,000 | 4,000 | |
| V. Viðbót og viðhald stöðvanna ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| Flyt... | | | 104,990 | 104,990 | 911,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 104,990 | 104,990 | 911,600 |
| VI. | Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna eftir reikningi alt að... ... ... ... ... | | 2,000 | 2,000 | |
| VII. | Viðhald landsímanna ... ... ... ... ... | | 10,000 | 10,000 | |
| VIII. | Til kaupa á núverandi símstöðvarhúsi á Akureyri alt að ... ... ... ... ... ... ... | | 14,000 | | |
| IX. | Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern... | | 510 | 510 | |
| | | | 131,500 | 117,500 | |
| | | | | | 249,000 |
| | E. | | | | |
| | Vitamál: | | | | |
| I. | Stjórn og undirbúningur vitamála. | | | | |
| | a. Laun verkfræðings ... ... | 3,700 3,700 | | | |
| | Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landstjórnar. | | | | |
| | b. Til aðstoðarmanns ... ... | 2,000 2,000 | | | |
| | c. skrifstofuhalds eftir reikningi alt að... ... ... ... | 1,000 500 | | | |
| | d. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að ... ... ... ... ... | 1,000 1,000 | | | |
| | | | 7,700 | 7,200 | |
| II. | Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna: | | | | |
| | 1. Svörtulofta- og Öndverðarnesvitar: | | | | |
| | a. Laun vitavarða . ... ... | 400—400 | | | |
| | b. Reksturskostnaður .. ... | 600—600 | | | |
| | 2. Elliðaeyjarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 400—400 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 450—450 | | | |
| | 3. Bjargtangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 250—250 | | | |
| | 4. Arnarnesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... ... | 500—500 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... ... | 500—500 | | | |
| | Flyt... | 3,300 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,160,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 3,300 3,300 | 7,700 | 7,200 | 1,160,600 |
| 5. | Kálfshamarsviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 100—100 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 200—200 | | | |
| 6. | Skagatáarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 150—150 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 400—400 | | | |
| 7. | Siglunesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 900—900 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 600—600 | | | |
| 8. | Flateyjarviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 150—150 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 400—400 | | | |
| 9. | Rifstangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 400—400 | | | |
| 10. | Langanesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 250—250 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 200—200 | | | |
| 11. | Dalatangaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 600—600 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 600—600 | | | |
| 12. | Vattarnesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 100—100 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 200—200 | | | |
| 13. | Dyrhólaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 200—200 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 400—400 | | | |
| 14. | Vestmannaeyjaviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ... 700—700 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ... 500—500 | | | |
| 15. | Reykjanesviti: | | | | |
| | a. Laun vitavarðar ... | ...1500—1500 | | | |
| | b. Reksturskostnaður... | ...1600—1600 | | | |
| | c. Til að kaupa vitajörðina | 1750 | | | |
| | Flutt... | 15,400 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,160,600 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 15,400 | 13,650 | 7,700 | 7,200 | 1,160,600 |
| 16. Garðskagaviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 600—600 | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 750—750 | | | |
| 17. Gróttuviti: | | | | | |
| a. Laun vitavarðar ... ... | | 500—500 | | | |
| b. Reksturskostnaður... ... | | 450—450 | | | |
| 18. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir ferðam.: | | | | | |
| a. Á Skipaskaga... ... ... | | 75— 75 | | | |
| b. Á Gerðatanga... ... ... | | 100—100 | | | |
| c. Á Svartatanga við Stykkishólm ... ... ... ... | | 100—100 | | | |
| | | | 17,975 | 16,225 | |
| III. Bygging nýrra vita m. m. | | | | | |
| a. Svörtuloftaviti og breyting á Öndverðarnesvita ... ... | 18,000 | | | | |
| b. Nýtt hús um Langanesvita | 2,500 | | | | |
| c. Ingólfshöfðaviti... ... ... | | 16,000 | | | |
| d. Bygging húss um Reykjanesvita og rauð horn á Reykjanes-aðalvita og Garðskagavita ... ... ... ... | 3,000 | | | | |
| | | | 23,500 | 16,000 | |
| IV. Sjómerki ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| V. Ýmislegt .. ... ... ... ... ... .. ... ... | | | 1,500 | 1,500 | |
| | | | 52,675 | 42,925 | |
| | | | | | 95,600 |
| Samtals... | | | ..... | ... ..... | 1,256,200 |

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 785,160 kr.

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| A. Andlega stjettin: | | | | | |
| a. 1. Laun biskups ... ... ... ... ... | | 5,000 | | | |
| 2. Skrifstofukostnaður... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| | | | 6,000 | 6,000 | |
| Flyt ... | | | 6,000 | 6,000 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 6,000 | 6,000 | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. ... ... ... ... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| 2. Til bráðabirgðauppbótar brauðum.. ... | | | 4,000 | 3,500 | |
| 3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 5,000 | 5,000 | |
| 4. Framlag til prestlaunasjóðs ... ... ... | | | 50,000 | 50,000 | |
| 5. Til þess að mála að utan og pappaleggja Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkjur | | | 1,000 | | |
| 6. Álag á Þönglabakkakirkju ... ... ... ... ... | | | 1,000 | | |
| 7. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju frá 1861 | | | 400 | | |
| | | | 69,900 | 67,000 | 136,900 |
| B. Kenslumál: | | | | | |
| I. Til háskólans: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 36,000 | 37,200 | |
| b. Aukakensla | | | | | |
| 1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ... ... ... | 800 | 800 | | | |
| 2. Til kennarans í efnafræði ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| 3. Til kennarans í lagal. læknisfræði... ... ... | 300 | 300 | | | |
| 4. Þóknun til frakknesks kennara í frönsku ... | 720 | 720 | | | |
| | | | 2,420 | 2,420 | |
| c. Styrktarfje: | | | | | |
| 1. Námsstyrkur ... ... | 8,000 | 8,000 | | | |
| 2. Húsaleigustyrkur.. ... | 3,800 | 3,800 | | | |
| 3. Utanfararstyrkur læknaefna ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| | | | 12,100 | 12,100 | |
| | | Flyt... | 50,520 | 51,720 | 136,900 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | | | 50,520 | 51,720 | 136,900 |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 100 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 320 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega aðeins veita utanbæjarnemendum. | | | | | |
| d. Til bókakaupa m. m. | | | | | |
| 1. Bókakaup ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| 2. Til kaupa á tímaritum og öðrum bókum handa læknadeild ... ... ... | 4,000 | | | | |
| 3. Til bókakaupa handa heimspekisdeild ... ... | 1,500 | | | | |
| 4. Til kensluáhalda handa læknadeild ... ... ... | 500 | 500 | | | |
| 5. Umbúðir m. m. við ókeypis læknishjálp ... | 200 | 200 | | | |
| | | | 8,000 | 2,500 | |
| e. Til útgáfu kenslubóka alt að... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka. | | | | | |
| f. Til að undirbúa efnisskrá yfir íslensk lög að fornu og nýju ... ... ... ... | | | 500 | 500 | |
| g. Til starfrækslu væntanlegra Röntgensáhalda m. m. alt að .. ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| h. Til að kaupa risasegul ... ... ... | | | 180 | | |
| i. Eldiviður, ljós og ræsting ... ... ... | | | 1,300 | 1,300 | |
| k. Önnur gjöld: | | | | | |
| 1. Laun ritara ... ... ... ... | | 800 | | | |
| 2. Laun dyravarðar, gæsla hitunarvjelar m. m. ... ... ... | | 1,600 | | | |
| 3. Ýmisleg útgjöld ... ... ... | | 1,500 | 3,900 | 3,900 | |
| | | | 67,400 | 62,920 | |
| II. Mentaskólinn almenni: | | | | | 130,320 |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 21,600 | 21,600 | |
| b. Aðstoðarfje: | | | | | |
| Til söngkennara ... ... ..... | | 600 | | | |
| Handa fimleikakennaranum. ... | | 700 | | | |
| Til dyravarðar ... ... ... ... | | 1,000 | | | |
| Fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans.. ... ... ... | | 200 | 2,500 | 2,500 | |
| | Flyt... | | 24,100 | 24,100 | 267,220 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 24,100 | 24,100 | 267,220 |
| c. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til bókasafns skólans. | 400 | 400 | | | |
| 2. Til eldiviðar, ljósa og vatns ... ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Til skólahússins utan og innan ... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| 4. Til tveggja fastra aukakennara.. ... ... ... | 4,000 | 4,000 | | | |
| 5. Til tímakenslu og til prófdómenda alt að ... | 4,500 | 4,500 | | | |
| 6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum | 720 | 720 | | | |
| 7. Námsstyrkur.. ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 8. Læknisþóknun ... ... | 100 | 100 | | | |
| 9. Ýmisleg útgjöld... ... | 1,200 | 1,200 | | | |
| 10. Til vísindalegra áhalda við kensluna. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 12. Til áhalda við fimleikakenslu .. ... ... | 100 | 100 | | | |
| 13. Til verðlaunabóka ... | 100 | 100 | | | |
| | | | 17,220 | 17,220 | |
| Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarnemendum og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu. | | | | | |
| | | | 41,320 | 41,320 | 82,640 |
| III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 9,600 | 9,600 | |
| Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur: til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr. | | | | | |
| | | Flyt ... | 9,600 | 9,600 | 349,860 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 9,600 | 9,600 | 349,860 |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til aukakennara þriggja | 2,000 | 2,000 | | | |
| 2. Tímakensla ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| 3. Til bóka- og kensluáhalda ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| 4. Til eldiviðar og ljósa... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 5. Námsstyrkur... ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 800 | 800 | | | |
| 6. Til dyravörslu ... ... | 500 | 500 | | | |
| 7. Til skólahússins utan og innan ... ... ... ... | 8,000 | 1,000 | | | |
| 8. Til ýmislegra útgjalda | 700 | 700 | | | |
| | | | 15,100 | 8,100 | |
| | | | 24,700 | 17,700 | |
| IV. Kennaraskólinn: | | | | | 42,400 |
| a. Laun... ... ... ... ... Þar af persónuleg launaviðbót handa núverandi 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors. | 7,000 | 7,000 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Tímakensla .. ... ... | 2,000 | 1,200 | | | |
| 2. Til aukakennara. ... Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara. | 1,400 | 1,400 | | | |
| 3. Eldiviður og ljós ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 4. Bókakaup og áhöld... | 300 | 300 | | | |
| 5. Námsstyrkur ... ... Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu. | 1,500 | 1,500 | | | |
| 6. Til viðhalds.. ... ... | 300 | 300 | | | |
| 7. Ymisleg útgjöld... ... | 1,300 | 1,300 | | | |
| | | | 14,800 | 14,000 | 28,800 |
| V. Stýrimannaskólinn: | | | | | |
| a. Laun .. ... ... ... ... | 4,400 | 4,400 | | | |
| b. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til tímakenslu ... ... | 1,900 | 1,900 | | | |
| 2. Til áhaldakaupa o. fl. | 600 | 400 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa.. | 500 | 500 | | | |
| 4. Ýmisleg útgjöld... ... | 800 | 800 | | | |
| | | | 8,200 | 8,000 | 16,200 |
| | | Flyt... | ..... | ..... | 437,260 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| VI. Til bændakenslu: | Flutt ... | | ..... | ..... ..... | 437,260 |
| 1. Til bændaskólans á Hólum: | | | | | |
| a. Laun ... ... ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkennara ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíðakennara.. ... | 600 | 600 | | | |
| d. Til aðgerðar á gamla skólahúsinu og til skúrbyggingar ... ... ... | 5,150 | | | | |
| e. Til að setja ofn í leikfimishúsið ... ... ... | 300 | | | | |
| f. Til að reisa peningshús (fjós, hlöðu og haughús) alt að ... ... ... ... | 12,000 | | | | |
| g. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegs náms ... | 700 | 700 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári. | 400 | 400 | | | |
| 5. Til járnsmíðaáhalda og smiðjubyggingar.. | 1,000 | | | | |
| 6. Ýmisleg útgjöld ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| | | | 26,250 | 7,800 | |
| 2. Til bændaskólans á Hvanneyri: | | | | | |
| a. Laun ... .. ... ... | 2,700 | 2,700 | | | |
| b. Til aðstoðarkenslu ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til smíða og leikfimiskenslu .. ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| d. Önnur útgjöld: | | | | | |
| 1. Til verklegs náms ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til kensluáhalda ... | 500 | 500 | | | |
| 3. Til eldiviðar og ljósa | 900 | 900 | | | |
| 4. Til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári. | 400 | 400 | | | |
| 5. Ýmisleg útgjöld ... | 800 | 800 | | | |
| | Flyt ... | 7,900 | 7,900 | 26,250 | 7,800 | 437,260 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 7,900 | 7,900 | 26,250 | 7,800 | 437,260 |
| 6. Til símalagningar ... | 1,200 | | | | |
| 7. Til þess að byggja anddyri við íbúðarhúsið ... .. ... | 850 | | | | |
| | | | 9,950 | 7,900 | |
| Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi eigi skemur en 6 vikur á ári, og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 6 kr. fyrir hverja viku námstímans. | | | | | |
| 3. Til skólahalds á Eiðum... ... ... ... | | | 2,500 | 2,500 | |
| VII. Til iðnfræðslu: | | | 38,700 | 18,200 | |
| a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík ... | 5,000 | 5,000 | | | 56,900 |
| b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds . ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds.. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds . ... ... ... | 600 | 600 | 7,600 | 7,600 | |
| Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 reksturskostnaðar. | | | | | 15,200 |
| VIII. Til verslunarskóla: Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar... ... ... ... ... ... ... . . ... | | | 5,000 | 5,000 | 10,000 |
| IX. Til húsmæðrafræðslu: Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi annarstaðar að ... ... ... | | | 1,200 | 1,200 | 2,400 |
| Flyt .. | | | ..... | ..... | 521,760 |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| X. Yfirsetukvennaskólinn: | | Flutt... | ..... | ..... | 521,760 |
| 1. Laun forstöðumanns ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| 2. Til verklegrar kenslu: | | | | | |
| a. Laun 3 yfirsetukvenna í Reykjavík ... ... | 300 | 300 | | | |
| b. Annar kostnaður alt að | 400 | 400 | | | |
| 3. Styrkur til námskvenna... | 2,000 | 2,000 | | | |
| 4. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting ... ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| XI. Til kvennaskóla: | | | 4,000 | 4,000 | 8,000 |
| 1. Til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði | 6,700 | 6,700 | | | |
| 2. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 2,000 | 2,000 | | | |
| 3. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla | 600 | 600 | | | |
| 4. Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 900 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði .. .. ... ... | 3,600 | 3,600 | | | |
| 5. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að | 1,400 | 1,400 | | | |
| | | | 14,300 | 14,300 | 28,600 |
| XII. Til almennrar barnafræðslu: | | | | | |
| 1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 10,000 kr. hvort árið | | | 30,000 | 30,000 | |
| Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði. | | | | | |
| 2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers og til eftirlits með heimafræðslu alt að 100 kr. til hrepps ... ... ... ... | | | 20,000 | 20,000 | |
| Farskólastyrkur veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum. | | | | | |
| 3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ... ... | | | 18,000 | 18,000 | |
| 4. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum .. ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| 5. Til prófdómara við barnapróf ... | | | 4,000 | 4,000 | |
| 6. Til framhaldskenslu handa kennurum | | | 2,500 | 2,500 | |
| | | Flyt... | 75,500 | 75,500 | 55 360 |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 75,500 | 75,500 | 558,360 |
| 7. a. | Laun umsjónarmanns fræðslumálanna .. ... | 3600 3600 | | | |
| | Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr. | | | | |
| b. | Til eftirlitsferða eftir reikningi ... ... ... | 600 600 | | | |
| c. | Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi ... ... ... ... | 200 200 | | | |
| | | | 4,400 | 4,400 | |
| | | | 79,900 | 79,900 | 159,800 |
| XIII. a. | Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar .. ... ... ... ... ... ... | | 14,000 | 14,000 | |
| | Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Lýðskólanum á Hvítárbakka má auk þess veita 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er að minsta kosti 6 mánuði á skólanum, þó ekki yfir 600 kr. | | | | |
| b. | Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.. ... ... ... ... ... ... | | 7,000 | 7,000 | |
| | | | 21,000 | 21,000 | 42,000 |
| XIV. | Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... ... ... ... | | 800 | 800 | 1,600 |
| XV. | Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. ... ... ... ... ... ... ... ... | | 7,000 | 7,000 | 14,000 |
| XVI. | Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá ... ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| | | Flyt... | ..... | ..... | 777,760 |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | ..... | ..... | 777,760 |
| XVII. Til sundkenslu og leikfimi: | | | |
| a. Til sundkenslu í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis. | 300 | 300 | |
| b. Til sundkenslu o. fl. annarstaðar.. ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur. | 1,500 | 1,500 | |
| c. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara, til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| d. Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi ... ... ... ... ... ... ... | 450 | 450 | |
| | 2,700 | 2,700 | 5,400 |
| XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík ... ... ... .. ... ... ... | 1,000 | 1,000 | 2,000 |
| Samtals... | ..... | ..... ..... | 785,160 |

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista veitast 187,770 kr.

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Landsbókasafnið: | | | kr. | kr. | kr. |
| a. Laun landsbókavarðar .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| b. — 1. bókavarðar ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. bókavarðar. | | | | | |
| c. Laun 2. bókavarðar ... ... | 1,200 | 1,200 | | | |
| Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar. | | | | | |
| d. Til aðstoðar á lestrarsal ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| e. Til að kaupa bækur og handrit ... ... ... ... ... ... | 6,000 | 6,000 | | | |
| f. Til bókbands .. ... .. ... | 3,000 | 3,000 | | | |
| g. Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár ... ... | 2,000 | 2,000 | | | |
| h. Fyrir afskriftir (eftir reikningi) .. ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| i. Til að prenta ritaukaskrár... | 200 | 200 | | | |
| j. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... ... ... ... ... | 360 | 360 | | | |
| k. Ýmisleg gjöld .. ... ... ... | 400 | 400 | | | |
| | | | 19,960 | 19,960 | |
| 2. Landsskjalasafnið: | | | | | |
| a. Laun skjalavarðar . ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Laun aðstoðarskjalavarðar .. | 1,200 | 1,200 | | | |
| c. Til að binda inn og búa um skjöl o. fl. ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ... ... ... ... ... | 600 | 600 | | | |
| e. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið .. ... ... ... | 250 | 250 | | | |
| f. Til þess að láta afskrifa og ljósmynda skjöl í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum, er snerta Ísland ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| | | | 5,850 | 5,850 | |
| 3. Þjóðmenjasafnið: | | | | | |
| a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar) .. ... ... ... | 1,800 | 1,800 | | | |
| b. Til aðstoðar eftir reikningi, alt að ... ... ... ... ... | 800 | 800 | | | |
| Flyt... | 2,600 | 2,600 | 25,810 | 25,810 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls. |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 2,600 | 2,600 | 25,810 | 25,810 | |
| c. Til að útvega forngripi og til áhalda, alt að ... ... ... | 1,500 | 1,500 | | | |
| d. Til að gefa út skýrslur um safnið frá 1876 ... ... ... | 300 | 300 | | | |
| e. Til að raða myntasafninu... | 500 | | | | |
| f. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | | | |
| g. Til Skúla Guðmundssonar til verndunar hins forna skála á Keldum í Rangárvallasýslu | 300 | | | | |
| | | | 6,200 | 5,400 | |
| Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. | | | | | |
| 4. Náttúrufræðisfjelagið. ... ... ... ... ... | | | 1,000 | 1,000 | |
| Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári. | | | | | |
| Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku. | | | | | |
| 5. Landsbókasafnshúsið: | | | | | |
| a. Til eldiviðar, ljósa o. fl... | 3,200 | 3,200 | | | |
| b. Til dyravarðar... ... ... | 1,400 | 1,400 | | | |
| c. Til viðhalds og áhalda... | 1,000 | 1,000 | | | |
| d. Upp í girðingarkostnað um Landsbókasafnshúsið og til þess að flísleggja gólf í fordyri hússins ... ... | 2,550 | | | | |
| | | | 8,150 | 5,600 | |
| 6. Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði ... ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| 7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði.. ... ... ... ... ... ... | | | 1,500 | 1,500 | |
| 8. Til hins íslenzka bókmentafjelags ... ... | | | 2,000 | 2,000 | |
| 9. Til Þjóðvinafjelagsins... ... ... ... ... | | | 750 | 750 | |
| Flyt. . | | | 47,410 | 44,060 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 47,410 | 44,060 | |
| 10. Til Fornleifafjelagsins ... ... ... ... ... Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið. | 400 | 400 | |
| 11. Til sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að... ... ... ... ... ... ... ... ... | 750 | 750 | |
| 12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni... ... ... ... ... ... ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu. | 800 | 800 | |
| 13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 14. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk .:. ... ... | 150 | 150 | |
| 15. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 16. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að ... | 2,000 | 2,000 | |
| 17. Til Einars skálds Hjörleifssonar ... ... | 2,400 | | |
| 18. Til Þorsteins Erlingssonar skálds. ... ... | 2,400 | | |
| 19. Til síra Valdimars Briem's. ... ... ... | 1,600 | | |
| 20. Til Guðm. skálds Magnússonar ... ... ... | 2,400 | | |
| 21. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ... | 2,000 | | |
| 22. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds .. ... | 1,200 | | |
| 23. Til Einars Jónssonar myndasmiðs ... ... | 1,800 | | |
| 24. a. Til þess að kaupa listaverk eftir íslenska myndhöggvara ... ... ... .. ... 2,000 | | | |
| b. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara ... 2,000 | | 4,000 | |
| 25. Styrkur til Jóh. S. Kjarval málara ... ... | 1,000 | ... | |
| 26. Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til þess að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... | 600 | 600 | |
| 27. a. Styrkur til Ríkharðs Jónssonar, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... 1000 » | | | |
| b. Til Rómferðar ... ... ... » 1000 | 1,000 | 1,000 | |
| Flyt... | 69,510 | 55,360 | |

| | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt ... | 69,510 | 55,360 | |
| 28. | Til Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaháskólann í Kaupmannahöfn | 400 | 400 | |
| 29. | Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hér á landi ... ... ... ... | 1,100 | 1,100 | |
| 30. | Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri ... ... ... ... ... | 300 | 300 | |
| 31. | Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum, 1. og 2. greiðsla á 8 ára styrk ... ... ... .. ... | 3,000 | 3,000 | |
| | Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn láti af öllum öðrum launuðum störfum, enda geri hann stjórnarráðinu á hverju missiri grein fyrir því, hvað starfinu líður. | | | |
| 32. | Ferðastyrkur til Jóns Jónssonar docents til sögulegra rannsókna í erlendum skjalasöfnum | 1,200 | ... | |
| 33. | Til þess að gefa út á þýsku bók Einars háskólakennara Arnórssonar; er kallast »Rjettarstaða Íslands«, alt að... ... ... ... ... | 4,000 | ... | |
| 34. | Til Bjarna Jónssonar frá Vogi til ritstarfa. | 1,200 | 1,200 | |
| 35. | Til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum . ... ... ... ... ... ... ... ... | 2,000 | 2,000 | |
| 36. | Til Boga Th. Melsteð til að rita Íslendingasögu ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 800 | 800 | |
| 37. | Til dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar til ritstarfa um heimspekileg efni, 50 kr. fyrir örkina, alt að ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 38. | Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár ... ... ... ... ... ... ... | 400 | 400 | |
| 39. | Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsókna ... ... ... ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| 40. | Til dr. phil. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna ... ... ... ... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 41. | Til dr. phil. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna... ... ... ... ... ... ... ... | 1,800 | 1,800 | |
| 42. | Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands ... ... | 600 | 600 | |
| 43. | Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ... | 600 | 600 | |
| 44. | Til Þórarins Guðmundssonar, til þess að fullnuma sig í hljóðfæraslætti og hljómfræði | 800 | ... | |
| 45. | Til landmælinga á Íslandi . ... ... ... | 5,000 | 5,000 | |
| 46. | Til jarðskjálftarannsókna .. ... ... ... | 550 | 550 | |
| 47. | Til veðursímskeyta innanlands ... ... ... | 4,800 | 4,800 | |
| | Flyt ... | 100,760 | 80,610 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 100,760 | 80,610 | |
| 48. Til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins ... | 500 | 500 | |
| 49. Til Guðmundar Hjaltasonar, til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur ... ... | 600 | 600 | |
| 50. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi ... ... ... ... ... ... Fjelagið gefi stjórnarráðinu reikning fyrir því, hvernig fjenu er varið. | 2,000 | | |
| 51. Til Íþróttasambands Íslands... ... ... ... | 1,000 | 500 | |
| 52. Til Sighvats Gr. Borgfirðings, til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík ... | 300 | | |
| 53. Til Taflfjelags Reykjavíkur til að senda mann á skákþing Norðurlanda 1914 .. ... | 400 | | |
| | 105,560 | 82,210 | |
| | | | 187,770 |
| Samtals... | ..... | ..... | 187,770 |

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast 372,920 kr.

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| 1. a. Til Búnaðarfjelags Íslands ... ... ... | 54,000 | 54,000 | |
| b. Til nýrra rannsókna til undirbúnings áveitu á Skeið og Flóa, gegn því, að sýslan leggi til það, sem umfram þarf, alt að | 5,000 | | |
| c. Til endurbyggingar á mjólkurskálanum við mjólkurskólann á Hvítárvöllum, alt að | 1,000 | | |
| 2. Til búnaðarfjelaga ... ... ... ... ... ... | 22,000 | 22,000 | |
| 3. Til fyrirhleðslu fyrir Holtsá... ... ... ... | 3,700 | | |
| 4. Til fyrirhleðslu við ána Skálm í Álftaveri til varnar skemdum á engi nokkurra þjóðjarða, þó eigi yfir helming kostnaðarins, alt að | 1,000 | | |
| 5. Til skógræktar: | | | |
| a. Laun skógræktarstjóra... 3,000 | 3,000 | | |
| b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu.. ... ... ... 14,000 | 10,000 | | |
| | 17,000 | 13,000 | |
| Flyt... | 103,700 | 89,000 | |

| | | | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | | Flutt... | 103,700 | 89,000 | |
| 6. | Til húsabóta á skógræktarjörðinni Vöglum | | 2,500 | | |
| 7. | Til sandgræðslu. ... ... ... ... ... ... | | 5,000 | 5,000 | |
| 8. | Til dýralækninga: | | | | |
| | a. Laun handa 2 dýralæknum | 2,400 2,400 | | | |
| | b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík | 400 400 | | | |
| | c. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna ... ... ... ... ... | 300 300 | | | |
| | d. Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis. Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun. | 1,200 1,200 | | | |
| | e. Til berklarannsóknar á kúm | 300 300 | | | |
| | f. Hálfs árs styrkur fyrir 1 dýralæknisnemanda erlendis | 300 | | | |
| | g. Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók, 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk, alt að ... ... ... ... | 900 | | | |
| | | | 5,800 | 4,600 | |
| 9. | Til eftirlits með útflutningi á hrossum. ... | | 600 | 600 | |
| 10. | Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík: | | | | |
| | a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar ... ... ... ... | 2,400 2,400 | | | |
| | Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forsöðumanns. | | | | |
| | b. Til húsaleigu ... ... ... | 700 700 | | | |
| | | Flyt... 3,100 3,100 | 117,600 | 99,200 | |

| | | | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. |
| | Flutt... | 3,100 3,100 | 117,600 | 99,200 | |
| | c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar ... ... ... ... ... | 500 500 | | | |
| | d. Til áhaldakaupa... ... ... | 1,000 | | | |
| | | | 4,600 | 3,600 | |
| 11. | Til Gísla Guðmundssonar til gerlarannsókna erlendis ... ... ... ... ... ... ... ... | | 1,500 | | |
| 12. | Til byggingarfróðs manns, til þess að leiðbeina við opinberar byggingar..... ... ... | | 2,500 | 2,500 | |
| 13. | Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að ... ... ... ... ... | | 400 | 400 | |
| 14. | Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita ... ... ... ... ... ... ... | | 1,000 | 1,000 | |
| 15. | Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis ... ... ... ... ... ... | | 3,000 | 3,000 | |
| 16. | Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga, til þess að útbreiða þekkingu á kaupfjelagsskap og öðrum samvinnufjelagsskap... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að. | | 500 | 500 | |
| 17. | Til Fiskiveiðasjóðs Íslands ... ... ... | | 6,000 | 6,000 | |
| 18. | Til Fiskifjelagsins ... ... ... ... ... ... Þar af 1,500 króna utanfararstyrkur fyrra árið til manns, er afli sjer þekkingar á þurkunaraðferðum og þeim tækjum og útbúnaði, sem notaður er til innþurkunar. | | 14,000 | 12,500 | |
| 19. | Styrkur til Samábyrgðarinnar... ... ... | | 5,000 | | |
| 20. | a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum... ... ... ... ... | 8,000 8,000 | | | |
| | b. Til ferðakostnaðar.. ... ... | 400 400 | | | |
| | | | 8,400 | 8,400 | |
| 21. | a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar... ... ... | 2,000 2,000 | | | |
| | b. Ferðakostnaður m. m... ... | 400 400 | | | |
| | | | 2,400 | 2,400 | |
| 22. | Til Sambands íslenskra samvinnufjelaga og Sláturfjelags Suðurlands, til þess að launa erindreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum landafurðum á erlendum markaði, þó eigi yfir helming af launum erindrekans og ferðakostnaði, | | | | |
| | Flyt... | | 166,900 | 139,500 | |

| | 1914. | 1915. | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt... | 166,900 | 139,500 | |
| enda sje ráðning hans og erindisbrjef með fullu samþykki stjórnarráðsins, alt að. ... | 4,000 | 4,000 | |
| 23. Til að launa erindsreka erlendis, er hefir með höndum sölu og útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum markaði, gegn jafn miklu tillagi annarstaðar að, þó eigi af framlagi landssjóðs til Fiskifjelags Íslands, alt að .. ... ... ... ... ... ... | 4,000 | 4,000 | |
| Ráðning hans og erindisbrjef sje með fullu samþykki stjórnarráðsins. | | | |
| 24. a. Til leiðbeiningar í ullarverkun 1,200 1,200 | | | |
| b. Ferðakostnaður alt að... ... 400 400 | | | |
| | 1,600 | 1,600 | |
| 25. Til Heimilisiðnaðarfjelags Íslands. ... ... | 500 | 500 | |
| 26. Þóknun til vörumerkjaskráritara... ... ... | 360 | 360 | |
| 27. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ... | 1,500 | 1,500 | |
| 28. Styrkur til ábúandans á Tviskerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd... ... ... ... ... ... ... .. | 300 | 300 | |
| 29. Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina. | 300 | 100 | |
| 30. Eftirlit með áfengiskaupum: | | | |
| a. Laun umsjónarmanns. ... 600 600 | | | |
| b. Önnur útgjöld ... ... ... 800 800 | | | |
| | 1,400 | 1,400 | |
| 31. Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að... ... | 1,000 | 1,000 | |
| 32. Styrkur til Sveins Oddssonar, til þess að halda uppi vöru- og mannflutningum á sjálfrenningum til og frá Reykjavík og Eyrarbakka | 5,000 | | |
| Flutningaferðirnar sjeu reglubundnar og samkvæmt áætlun, er stjórnarráðið samþykkir. | | | |
| 33. Styrkur til Hjálpræðishersins, til þess að koma upp gistihæli og sjómannahæli í Reykjavík... ... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 34. Styrkur til Steingríms Jónssonar, til þess að halda áfram námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... ... ... ... ... ... | | 800 | |
| 35. Til Eggerts Briems til að nema rafmagns- og vjelafræði á Þýskalandi ... ... ... ... | 600 | 600 | |
| Flyt... | 188,460 | 155,660 | |

| | 1914 | 1915 | Alls |
|---|---|---|---|
| | kr. | kr. | kr. |
| Flutt ... | 188,460 | 155,660 | |
| 36. Til Guðmundar sýslumanns Björnssonar og Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar í viðurkenningarskyni fyrir góða framgöngu við tilraun til að hefta botnvörpung, 500 kr. handa hvorum... ... ... ... ... ... ... | 1,000 | | |
| 37. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... ... ... Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota. | | 6,000 | |
| 38. Styrkur til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu ... ... ... ... ... ... ... ... Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje og fram eigi minni upphæð annars staðar frá. | 10,000 | 10,000 | |
| 39. Til að gera bátauppsátur við bryggjuna á Blönduósi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að | 1,000 | | |
| 40. Til þess að rannsaka og gera áætlun um kostnað við að gera bátalending við Ingólfshöfða í Öræfum, alt að ... ... ... ... | 800 | | |
| | 201,260 | 171,660 | 372,920 |
| Samtals... | ..... | ..... | 372,920 |

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna, styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 163,800 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.

viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobinu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.; til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur (frá Holti undir Eyjafjöllum) 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Torfadóttur frá Hólmum 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Kráksonar pósts 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.; til Sigurðar regluboða og dannedrogsmanns Eiríkssonar 300 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 18,000 kr. Af þessum gjaldlið má endurgreiða vörutoll af þeim kolum, sem Hið sameinaða gufuskipafjelag sannar að það hafi tekið í skip hjer á landi á fjárhagstímabilinu, til notkunar þeim skipum þess, sem samkvæmt samningi dags. 7. ágúst 1909 halda uppi millilandaferðum milli Íslands og Kaupmannahafnar um Leith og Færeyjar. Af þessari upphæð má ennfremur greiða 700 kr. til nokkurra manna á Langanesi upp í kostnað við björgun og greftrun 15 líka frá strandi norsks gufuskips »Fridtjof« 10. október 1907.

Þá má ennfremur greiða af þessari upphæð Sigurði sýslumanni Eggerz til endurgjalds aukakostnaðar (vegna Skeiðarárhlaups) við manntals þingaferð vorið 1913 eftir reikningi alt að 330 kr. 50 a.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 316,723,85 kr. greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

1. Reykjavíkurdómkirkju má lána alt að 20,000 kr. Lán þetta ávaxtast og endurgreiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum landbúnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

3. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 25,000 kr.

5. Alt að 5,000 kr. til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita- eða sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Rangárvallasýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 14,000 kr. til að kaupa jörðina Stórólfshvol með hjáleigum fyrir læknissetur, og til þess að hafa þar sjúkraskýli. Höfuðstóll og vextir lánsins greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

7. Sýslufjelögum má lána úr viðlagasjóði alt að 5,000 kr. hvort árið, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðist á 15 árum.

8. Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu má, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, lána alt að 20 þús. kr. úr viðlagasjóði, til framhalds brimbrjótinum í Bolungarvíkurverslunarstað.

Höfuðstóll og vextir greiðist með 6% árgjaldi í 28 ár.

9. Hvammshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu má lána úr viðlagasjóði alt að 5,000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelagsins, til að raflýsa Vík í Mýrdal. Lánið ávaxtist með 4½% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

10. Hvanneyrarhreppi í Eyjafjarðarsýslu má lána úr viðlagasjóði 18,000 kr., til þess að raflýsa Siglufjarðarkauptún. Lánið ávaxtist með 4½% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

11. Úr viðlagasjóði má lána Jóni Björnssyni & Co. í Borgarnesi 7,000 kr. til byggingar ullarþvottahúss. Full trygging sje sett fyrir láninu og greiðist af því 4½% í ársvexti, afborgunarlaust fyrsta árið, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 14 árum.

12. Stjórninni veitist heimild til að breyta afborgunarkjörum á láni því, er Stykkishólmshreppur fjekk úr viðlagasjóði 1908, að upphæð 10,000 kr., þannig að lánið borgist á 25 árum í stað 15, enda rýrni eigi tryggingin fyrir láninu.

13. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi, alt að 25,000 kr., til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með 4½%, er afborgunarlaust fyrstu árin tvö, og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1913 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, sbr. 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.